Lagafrumvörp feld.

1. Einkasala á saltfiski.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 47).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg get verið stuttorður og þarf eigi langrar framsögu við í þessu máli, vegna þess að þær almennu ástæður, sem eru um einkasölu síldar, gilda einnig fyrir þetta mál. En um þetta frv. er það að segja, að það er því mikilsverðara en málið, sem til umr. var næst á undan (um einkasölu á útfluttri síld), sem fiskiveiðarnar og saltfisksverslunin er stærri atvinnuvegur heldur en síldveiðarnar. Það hefir ekki fengist á undanfarandi þingum, að máli þessu væri leyft að fara til nefndar; menn hafa ekki viljað, að mál þetta fengi þá athugun, sem sjálfsögð er um jafn-mikilsvarðandi mál. Jeg geri mjer vonir um, að svo muni þó eigi fara í þetta sinn, þar eð útlitið fyrir þessum atvinnuvegi er, að sögn, eigi eins gott og undanfarið hefir verið, og vona jeg því, að frv. fái að lifa það að koma fyrir nefnd og fá þar þá athugun, sem slíkt mál sem þetta er, á skilið að fá. Það er því tillaga mín, að þessu máli verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 14 : 8 atkv.

2. Lokunartími sölubúða.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 13. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Það er í þriðja skiftið, sem þetta frv. er hjer á ferðinni í þessari háttv. deild. Tvisvar hefir það verið samþykt hjer, en tvisvar hefir það jafnharðan verði felt í Ed., og ef svo fer einnig nú í þetta sinn, finnst mjer vera tími til kominn að athuga, hvort eigi sje gerlegt að takmarka eitthvað neitunarrjett Ed. Því það er sýnilegt,

að það er eigi til almenningsheilla, ef fámenn þingdeild, sem eigi er nema lítill hluti alls þingsins, má ótakmarkað hindra framgang þýðingarmikilla mála. Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er að vísu eigi stórmál í sjálfu sjer, en þó mættu margir ætla, að þetta væri eitt hið viðsjárverðasta stórmál, svo mikið hefir verið um þetta deilt á undanförnum þingum, og svo mikið kapp hefir Ed. lagt á að drepa það. En hvort þetta er nú stórmál eða smávægilegt mál, þá er það þó góður prófsteinn á frjálslyndi þingsins. Nú á þessum tímum vilja allir menn teljast meðal frjálslyndra manna, og nú geta háttv. þm. sýnt það í verkinu, hvort þeir eru í rauninni frjálslyndir eða eigi, því að þetta er mál frjálslyndisins; þetta er og sanngirnismál, sem fjallar um að vernda rjett almennings, — rjett heildarinnar gagnvart hagsmunum einstaklingsins. Í þessu máli kemur hið sanna frjálslyndi til greina og annað ekki.

Mál þetta er orðið svo þaulrætt hjer í þessari háttv. deild, að óþarfi er að ræða það frekar í þetta sinn, en í stað þess ætla jeg að víkja örfáum orðum að helstu mótbárunum, sem bornar hafa verið fram gegn því í Ed.

Jeg hefi hjer fyrir framan mig ræðu frsm. meiri hl. allshn. (EP) við 2. umr. málsins í Ed. á síðasta þingi. Í fyrsta lagi talar hann um sælgætis(konfekt)-búðirnar. Það er vitanlega í frv. talað um fleiri búðir en sælgætisbúðirnar. Hann segir þar, að sælgætissalarnir g æ t u beðið eitthvert tjón af því, ef sölutími þeirra yrði takmarkaður. Þetta er nú nákvæmlega hið sama og haldið var fram gegn lögunum um lokunartíma sölubúða, — að smásalarnir kynnu ef til vill að hafa einhvern óhag af þessum lögum. Þetta hefir því enga þýðingu sem mótbára gegn þessu frv. Enda er þetta eigi einu sinni fullyrðing, þessu er slegið fram sem möguleika. Það er sagt, að þetta g æ t i komið fyrir. En nú hefir reynslan þegar sýnt, að þetta var á engu bygt. Ekki einn einasti smásali hefir kvartað yfir því, að hann hafi beðið tjón af stytting sölutímans. Í öðru lagi segir hann, að hann í sjálfu sjer hafi ekkert á móti þessari stytting sölutímans, ef með því væri hægt að fá almenning til þess að spara kaup á óþarfa varningi. En hann segir, að þetta frv. yrði að eins til þess, að sælgætisvörur yrðu seldar í brauðsölubúðum, og færi því hagnaðurinn af sælgætisversluninni þangað yfir um, en af því má hann eigi vita. En hann gleymir því alveg, að brauðsölubúðirnar eru eigi lengur opnar en til kl. 9 á kvöldin, en sælgætisbúðirnar til kl. 12 á miðnætti, svo hjer væri því í raun og veru um þriggja tíma stytting á sölutímanum að ræða. Þetta er því í mínum augum harla veigalítil ástæða.

Um rakarana segir hann, að það sjeu í engu hagsmunir þeirra, sem hann hafi fyrir augum, er hann vill fella frv., heldur hagur almennings. Hann segir, að rakararnir skiftist í tvo flokka. Í fyrsta flokki sjeu þeir, sem reki þessa atvinnu í stórum stíl og haldi marga menn til vinnu, þeir hafi annara hagsmuna að gæta en þeir, sem teljist til hins flokksins, er í sjeu menn, er nær eingöngu starfi að þessu sjálfir, en haldi ekki menn til þessa atvinnurekstrar. Hjer kemur aftur að því sama, sem haldið var fram gegn lögunum um lokunartíma sölubúða, enda var mótstaðan gegn þeim aðallega frá þeim, sem sjálfir unnu að verslunarstörfum, en hjeldu eigi menn

í þjónustu sinni. En samt setti þingið þessi lög, því að það áleit, að það væri þýðingarmeira að vernda hagsmuni starfsmannanna en einstakra smákaupmanna, enda er margt af því kvenfólk og unglingar og jafnvel börn, sem starfa við hinar stærri verslanir, og það var hagur þeirra, sem mest þurfti verndar við. Það er og mjög erfitt að aðgreina þarna hagsmuni nefndra aðilja eða hag alls almennings, sem þetta tekur og til. Það er því ekki hægt að gera neitt í þessu annað en þá að afnema lögin um lokunartíma sölubúða, ef það kynni að hafa sýnt sig, að þau hefðu e i g i orðið almenningi til góðs. En jeg fullyrði, að reynslan hafi sýnt, að þessi lög hafa orðið almenningi til góðs. Það var líka borið fram gegn lögunum um lokunartíma sölubúða, þegar þau voru í smíðum í þinginu, að það væri almenningi mjög svo óhagstætt að geta eigi komist í búðir eftir þann tíma, sem þau ákveða, að búðum skuli lokað, en þingið samþykti þau þó, þrátt fyrir þetta, og var þó um meiri þörf almennings að ræða en þar sem eru rakarabúðirnar, eða þó lokað yrði sölubúðum á öðrum eins óþarfa og þessar sælgætisvörur eru.

Þá sagði hann (frsm. allshn. Ed.), að þetta væri svo óþægilegt fyrir aðkomumenn, að geta eigi fengið sjer rakstur á síðkvöldum, — hann ber mjög svo fyrir brjósti þessa aðkomumenn hjer í bænum, en hann játar fyrir sjálfan sig, að hann noti þetta aldrei sjálfur, — hann veiti sjer sjálfur þessa þjónustu. Nei, það er áreiðanlega eitthvað annað en umhyggjan fyrir hagsmunum almennings, sem liggur á bak við mótstöðu háttv. Ed. gegn þessu frv. Jeg tel svo óþarfa að fara fleiri orðum um frv. og álít, þar sem það er svo gjörkunnugt háttv. deildarmönnum, alveg óþarft að vísa því til nefndar, enda þótt það mætti mín vegna gjarna fara til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 22).

Enginn kvaddi sjer hljóðs.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 14 : 3 atkv.
2. gr. — — — 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. febr. var frv. aftur tekið til 3. umr. (A., 22, 44).

Jakob Möller: Út af brtt., sem fram hafa komið við frv. þetta, frá háttv. þm. V.-Sk. (JK) og háttv. þm. Ak. (BL), skal jeg fyrst benda á, að jeg er sannfærður um, að það er sama og fella frv. að samþykkja þær. Er það því krókaleið, sem hjer á að fara, í stað þess að fella frv. strax, því að þannig er ástatt, að jeg tel ekki geta komið til mála, að sett verði reglugerð um þetta efni, ef frv. verður breytt þannig.

Háttv. þm. V.-Sk. (JK) er sjálfum kunnugt um, að það var allsherjarnefnd Nd. 1924, sem hann átti sjálfur sæti í,

er setti ákvörðun um konfektbúðirnar inn í frumvarpið eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar. Og það var sjerstaklega tekið fram, að það atriði væri aðalþungamiðja frv. að skoðun bæjarstjórnar. Annars skal jeg ekki fara mikið út í þá sálma, hver nauðsyn sje að loka þessum konfektbúðum, en það er mjer ekki skiljanlegt, að nein nauðsyn sje að hafa þær opnar til miðnættis, heldur en t. d. matsölubúðir.

Það mun þá best að tala hreinskilnislega um það atriði þessa máls, er snertir rakarana. Það hefir tvisvar orðið málinu að falli í Ed., og verður því ef til vill að falli í þriðja sinn, og það er alkunnugt, að það eru hagsmunir eins manns, sem stundar rakaraiðn í þessum bæ, sem valda því, að svo hefir verið að farið. Því hefir sem sje verið haldið fram, að maður þessi gæti ekki haft ofan af fyrir sjer, ef vinnutíminn væri takmarkaður. En hjer ber þess að gæta, að frv. ákveður ekkert um vinnutímann, heldur er það bæjarstjórnarinnar að setja ákvæði um hann, ef frumvarpið verður samþykt, og ennþá er óvíst, hver ákvæði hún myndi setja. Frv. fer aðeins fram á heimild handa bæjarstjórn til að ákveða vinnutímann eins fyrir alla.

Annars er eitt atriði í þessu máli, sem vert er að athuga, og þá sjerstaklega fyrir þá, sem bera hag þessa eina manns fyrir brjósti, og það er, hvort ekki mundi hollara fyrir mann þenna, að vera knúinn til að rækja starf sitt með meiri ástundun en hann hefir gert hingað til, heldur en láta það ganga á sama hátt og áður, aðeins í skjóli þess, að þurfa ekki að óttast neina samkepni.

Jeg efast ekki um, að það væri honum hollara. Það er því fyllilega misskilin umhyggja, sem hjer kemur fram fyrir hag þessa manns.

Í b-lið brtt. á þskj. 44 er svo fyrir mælt, að ákvæði frv. gildi þó ekki um vinnustofur, þegar eigandi sjálfur eða fjölskylda hans annast alla afgreiðslu. Í þessu sambandi verður að geta þess, að orðið „fjölskylda“ getur verið nokkuð teygjanlegt, og börn eða unglingar áhangandi fjölskyldunni, sem kunna að vinna í þessum vinnustofum, njóta þá engrar varnar gegn of löngum vinnutíma, en oft getur verið brýn nauðsyn á slíkri vernd.

Að endingu vil jeg svo undirstrika það við háttv. deildarmenn, sem jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, að það er sama og að fella frv., að samþykkja brtt. þessar, því að verði þær samþyktar, er víst, að engin reglugerð verður sett.

Jón Kjartansson: Það er rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að fyrri brtt. okkar á þskj. 44 er sett inn af allshn. Nd. 1924, og þá eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar. En síðan hafa komið kvartanir frá þeim mönnum, sem stunda sætindagerð, þar sem þeir hafa sýnt fram á, að með ákvæði frv. um konfektbúðir væri þeim með öllu bægt frá þessari iðn. Menn geta haft hvaða álit sem þeir vilja um sætindagerð. En það er vitanlegt, að hjer er mikið selt af erlendum sætindum, og myndi sú sala síst minka, ef hin innlenda framleiðsla á þessari vörutegund væri mjög takmörkuð. Jeg fyrir mitt leyti tel því rjettara að leyfa hina innlendu sætindagerð en flytja inn ósköpin öll af þessari vörutegund, því að eins og kunnugt er, er sala þessarar vöru mest á kvöldin frá kl. 7—10, og að banna hana þá, væri sama og að banna framleiðslu hennar.

Mjer skilst helst á hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hann hefði upphaflega flutt frv. þetta, til þess að koma í veg fyrir of langan vinnutíma í þessum vinnustofum. Þetta er eftir minni skoðun eina frambærilega ástæðan fyrir frv., ef verið getur að ræða um misnotkun á vinnukrafti fólks. En mjer finst hart aðgöngu að meina heiðvirðum borgurum að hafa ofan af fyrir sjer með sinni eigin handavinnu. Það var einmitt þessi harðneskja, sem vakti fyrir okkur flutningsmönnum breytingartillögunnar.

Þá sagði þessi háttv. þm., að með þeim væri gengið inn á, að menn þessir gætu misnotað vinnukraft barna sinna. En jeg vil spyrja, hvaða lög eru eiginlega til, sem hindra það, að foreldrar geti misnotað vinnukraft barna sinna, og er ekki hægt að misbeita vinnuþoli barna á mörgum öðrum sviðum en þeim, er hjer er um að ræða? Jeg þekki engin slík lög, og það er víst, að þau eru ekki til. Hví skyldi þá þurfa að setja ákvæði um þetta gagnvart þessum mönnum frekar en öðrum. Jeg skil það ekki.

Annars var það og mesti misskilningur hjá þessum háttv. þm., að brtt. okkar væru aðeins fram komnar vegna eins manns. Að svo er ekki, sjest best á því, að það eru fleiri vinnustofur en rakaravinnustofur, sem hafa viðskifti við almenning og selja engan varning. Má þar t. d. nefna straustofur. Væri það óneitanlega hart, að meina straukonum að vinna fram eftir á kvöldin.

Það, sem því vakir fyrir okkur flm. tillögunnar, er, að okkur finst ósanngjarnt að meina mönnum að stunda atvinnu sína, en frumvarpið stefnir óneitanlega í þá átt.

Jeg vona nú, að háttv. flm. leyfi brtt. okkar fram að ganga, því að aðaltilgangi hans er náð eigi að síður.

Jakob Möller: Jeg skal athuga aðalatriðin í ræðu háttv. þm. V.-Sk. (JK) í sömu röð og hann flutti þau.

Hann byrjaði að tala um lokunartíma konfektsölubúða, og viðurkendi, að ákvæði þau í frumvarpinu, sem snerta þær, væru komin frá allshn. Nd. 1924, og þá sett inn eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar. Þá hafði hann það eftir mönnum þeim, er stunda sætindagerð, að þeir teldu það sama og bægja þeim frá þessari iðn, að samþykkja frumvarpið. En þetta skil jeg ofur vel, það eru nefnilega alveg sömu fullyrðingarnar og hljómuðu í eyrum manna, þegar ákvæðin um lokunartíma sölubúða allment voru sett, en jeg veit ekki betur en verslanirnar hafi þrifist alveg eins eftir sem áður.

Þá talaði þessi háttv. þm. um, að rjett væri að styðja innlendan iðnað. Þetta er rjett, þótt altaf sje nokkur munur á, hver iðnaðurinn er. En jeg vil nú spyrja þennan háttv. þm., hvort það sje nú ávalt innlendur iðnaður, sem þessar búðir versla með? (**JK:** Það á að vera það). Já, „það á að vera það," en mjer er kunnugt um, að í mörgum tilfellum er þetta hreinasta skálkaskjól. Konfektbúðirnar versla með ýmiskonar erlendan varning. Annars er ekki farið hjer fram á, að búðir þessar sjeu lokaðar á sama tíma og aðrar búðir, heldur að þær sjeu aðeins opnar einhvern ákveðinn tíma. Mjer virðist, að það væru töluverð hlunnindi fyrir þær, þó að þær fengju ekki að vera opnar lengur en til kl. 9 á kvöldin eins og brauðsölubúðir. En lengur sje jeg enga ástæðu til að leyfa þeim að vera opnum.

Það var rjett skilið hjá þessum háttv. þm., að aðalatriðið, sem liggur bak við frumvarp þetta, væri að vernda fólk, sem vinnur á þessum vinnustofum, frá of löngum vinnutíma. En hann heldur því fram, að frv. væri til að meina heiðvirðum borgurum að stunda atvinnu sína. En fyrir því færði hann engin rök, er það því engin ástæða gegn því. Hann hefði þurft að færa skynsamleg rök fyrir því, að maður þessi eða menn, sem hann ber fyrir brjósti, gætu ekki haft ofan af fyrir sjer með sama vinnutíma og aðrir, sem stunda þessa sömu iðn.

Það er kunnugt, að meðal þeirra rakara, sem fara fram á að fá frv. þetta að lögum, eru einstaklingar, sem vinna einir á rakarstofum sínum. Hver skyldi kannske vera munurinn á þeim og einstaklingnum, sem frumvarpið hefir verið felt fyrir? Jeg býst við, að hann sje lítill. Og það er augljóst, að það er ekki af umhyggju fyrir því, að heiðvirðir borgarar fái alment að stunda iðn sína óáreittir, sem barist er hjer á móti þessu frv. Það er víst, að það er aðeins gert fyrir einn mann, og það er vissulega misskilin umhyggjusemi fyrir honum.

Þá játaði þessi háttv. þm., að engin trygging værir fyrir því, að vinna barna væri ekki misnotuð. Jeg vil því spyrja: Væri ekki æskilegt að setja tryggingu fyrir því, þar sem það er hægt? Jeg tel það sjálfsagt. Og hjer er það hægt með góðu móti, og því sjálfsagt að gera það.

Hvað snertir vinnutímann á straustofunum, skal jeg taka það fram, að mjög líklegt er, að þörf væri á að takmarka hann líka, en jeg tel, að frv. þetta nái ekki til þeirra. Þær þurfa ekki að vera opnar fyrir almenning nema stuttan tíma á degi hverjum, þar sem þær fá verkefni afhent til langs tíma og geta svo unnið úr því allan sólarhringinn, ef þeim sýnist svo, án þess að stofurnar sjeu opnar til viðskifta við almenning.

Jón Kjartansson: Jeg vil benda hv. flm. (JakM) á það, að það hefði verið ólíkt rjettara af honum að orða þetta frv. sitt svo, að það hefði virkilega sjest, að það væri einhver skynsamleg ástæða til þess að banna mönnum að vinna að iðn sinni, svo sem gert er ráð fyrir hjer. En það get jeg ekki fundið, að hann hafi gert. Í stað þess er hann að heimta skynsamlegar ástæður til þess að mæla á móti frv. En mjer finst frá mínu sjónarmiði, að það sje fullkomlega skynsamleg ástæða gegn frv., að hjer er alls ekki að ræða um neitt, sem komi í bága við hagsmuni almennings, og því ástæðulaust af löggjafarvaldinu að vera að grípa í taumana og banna mönnunm að stunda iðn sína. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að hjer sje að ræða um óheiðarlega samkepni, sem þurfi að útiloka. Það er vitanlegt, að til er fjöldi manna, sem ekki getur komið á rakarastofur á þeim tíma, sem mjer skilst, að hv. flm. (JakM) ætlist til að þær sje opnar, sem sje til kl. 7 e. m. Hefði nú staðið í frv., að þessar vinnustofur skyldu vera opnar til 9 eða 10 e. m., þá mundi málið horfa öðruvísi við, og þá hefði jeg getað felt mig við það, að sama tímatakmark væri látið gilda um sælgætisbúðir og rakarastofur. Þá væri því marki náð, að styrkja þá menn, sem vilja vinna nokkuð lengi, og eins væri þá þeim mönnum, sem ekki geta komið fyrir kl. 7 á rakarastofur, leyft að nota þær. En jeg verð að segja það, að jeg treysti ekki bæjarstjórn, eins og hún hefir komið fram undanfarið í þessum málum, til þess að leyfa þess-

um stöðum að vera opnum til kl. 9 eða 10. Bæjarstjórn hefir oft sýnt það, að hún vill banna alla skapaða hluti, og mun hún því áreiðanlega taka hjer stysta tímann, sem sje ekki leyfa að hafa opið nema til kl. 7 e. m.

Jeg vona því, að hv. þdm. lofi brtt. að ganga fram. Þær eru að mínu áliti bæði sanngjarnar og rjettlátar.

Björn Líndal: Hv. flm. frv. (JakM) vildi fá skynsamlega ástæðu fyrir því, að þessum mönnum, sem hjer er um að ræða, sje leyft að vinna lengur en öðrum. Til þess er fyrst og fremst sú skynsamlega ástæða, sem ætti að vera öllum ljós, að öllum á að vera leyfilegt að vinna heiðarlega vinnu eins lengi daglega og þeim sjálfum sýnist, án þess að þeir, sem latari eru og áhugaminni, geti bannað það. Slíkt má aðeins banna, þegar færð eru óhrekjandi rök fyrir því, að almenningsheill krefjist þess. Sumir menn verða að leggja meira á sig en aðrir, til þess að geta sjeð fyrir sjer og sínum, og væri hróplegt ranglæti, að meina þeim það, þegar almenningi er það hvorki til tjóns nje óþæginda. Og hjer er ekki um neitt slíkt að ræða.

Hvað snertir tryggingu gegn því, að börn sje látin vinna of lengi, þá mætti vitanlega setja lög um slíkt. En það er ekki rjetta leiðin til þess að tryggja börn gegn oflangri vinnu, að banna fullorðnu og fullhraustu fólki að vinna. Þeir háttv. þm., sem bera það mest fyrir brjóstinu, að vernda börn og unglinga fyrir oflangri vinnu, ættu að flytja sjerstakt frumv. um það efni. Að minsta kosti ættu þeir að fá þetta mál tekið út af dagskrá í dag til þess að flytja við það brtt. í þá átt að banna börnum og unglingum að vinna í rakarastofum lengur en góðu hófi gegnir.

Jakob Möller: Hv. flm. brtt. (JK og BL) segja báðir, að jeg hafi ekki komið með neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að það beri að samþ. frv., en ekki brtt. En þó játa þeir báðir jafnframt, að jeg hafi komið með ástæðu, sem sje skynsamleg og sjálfsagt að taka til greina, sem sje tryggingu gegn ofmikilli vinnu barna. Þetta er nú svo og svo.

En jeg hefi líka aðrar ástæður til þess að vera á móti brtt. hv. þm. (JK og BL). Þær gera sem sje ekki annað en spilla málinu og eyða því, svo það nær ekki tilgangi sínum. Því dettur hv. flm. brtt. í hug, að ef þær ná samþykki, þá verði farið að setja reglugerð um 2—3 rakarbúðir, en svo væru ef til vill 6—8 aðrar rakarabúðir og vinnustofur, sem engin reglugerð nær yfir? Það kemur vitanlega til engra mála, og af því leiðir, að engar hömlur verða settar fyrir vinnu á þessum stöðum. Nei. Til þess að frv. nái tilgangi sínum, verður að samþykkja það óbreytt.

En setjum nú svo, að brtt. yrðu samþ. og reglugerð sett samkvæmt því — hverjar yrðu afleiðingarnar? Auðvitað þær, að þessar holur einstakra manna, sem stæðu utan við lög og rjett, boluðu hinum út, og lokin yrðu þau, að ekki yrði til ein einasta fullkomin rakarastofa í bænum, og jafnvel engin rakarastofa, sem menn teldu sjer fyllilega óhætt að hætta sjer inn í.

Magnús Torfason: Jeg get látið mig litlu skifta, hverju fram fer í þessu máli, og skal því ekki víkja neitt að einstökum atriðum þess. En þó er eitt atriði,

sem telja má þó nokkurs um vert og hv. flm. (JakM) benti á, er hann bar frv. fram fyrst. En það er þetta: Ef þingið fellir þetta mál, sem aðeins er heimild til bæjarstjórnar að setja reglugerð um þessi efni, þá er þingið þar með að ganga á sjálfsákvörðunarrjett bæja og sveitastjórna yfirleitt. En hvað snertir málið sjálft, þá virðist mjer það vera of lítið til þess, að Alþingi sje hjer að keppa um völd við bæjarstjórn. Enda virðist mjer, að með því að fella þetta frv., þá sje þingið beinlínis að svívirða bæjarstjórn Reykjavíkur. En það virðist mjer ástæðulaust og rangt að fara svo með bæjarstjórn höfuðstaðarins, þar sem eiga sæti aðrir eins menn eins og Pjetur Magnússon, Ólafur Friðriksson, Jón Ásbjörnsson og Haraldur Guðmundsson — svo jeg nefni aðeins nokkra. Jeg verð að segja það, að jeg er talsvert hlessa á því, ef slíkum mönnum er ekki treyst til þess að ráða fram úr slíku smámáli sem þessu, og það því fremur sem í frv. er verið að setja inn ákvæði, sem bæjarstjórn er best treystandi til að bera skyn á, sem sje um vinnustofur, sem menn reka sjálfir án aðkeyptrar þjónustu. Jeg verð að telja það miklu rjettara og sæmilegra að vísa deilunum um slíkt mál niður á bæjarstjórn, en tefja ekki þingið á slíkum umr.

ATKVGR.
Brtt. 44a feld með 16 : 3 atkv.
— 44b — — 13 : 4 —
Frv. sjálft samþ. með 16 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 12. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 22).

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Eggerz: Þetta frv. mun nú hafa verið samþ. 3 sinnum í háttv. Nd., en hinsvegar hefir það víst tvisvar verið felt hjer í þessari háttv. deild. Nú víkur þessu máli dálítið öðruvísi við en áður, er nú hafa tveir nýir menn tekið sæti í þessari háttv. deild, svo að hún er nú dálítið á annan veg skipuð en áður. Þá ber og að íhuga það, að þetta mál er sýnilega mikið áhugamál í háttv. Nd., er hún fylgir því fram með jafnmiklu kappi og raun ber vitni. Það er því sjálfsagt, að þessu máli verði hjer sýnd sú athygli, að það fái að ganga til nefndar og verða þar rækilega athugað, til þess að það verði ljóst, hvað liggur á bak við þetta mál, sem háttv. Nd. leggur svo mikinn áhuga á. Jeg hefi heldur aldrei getað skilið, hvernig á þeirri mótstöðu stendur, sem þetta mál hefir mætt hjer undanfarið í þessari háttv. deild. Jeg hefi talið þessa kröfu rakaranna mjög eðlilega, og jeg hefi talið það sjálfsagt og eðlilegt, að bæjarstjórnin hefði heimild til að setja reglur um lokunartíma þessara búða eins og annara, enda er og fordæmið til um þetta, þar sem eru hinar almennu sölubúðir.

Mjer finst sjálfsagt, að tillit sje tekið til þessarar kröfu rakaranna, sem hefir komið fram með svo miklum krafti, að það er augljóst, að þar hlýtur eitthvað það að liggja á bak við, sem skiftir máli fyrir þessa stjett. Hinar stærri rakarabúðir, þar sem margir menn eru í vinnu, geta ekki haldið áfram starfsemi sinni, vegna þess að menn munu eigi fást til að vinna þar, ef vinnutíminn er óhóflega langur. En það skiftir mjög miklu máli, að þar sje alt í góðu

lagi, ekki síst hvað hreinlæti snertir og annað, sem almenning varðar, á þessum stöðum, sem hafa mikil viðskifti við almenning. Jeg legg því áherslu á, að þessu máli verði veitt viðeigandi athygli, og tel það sjálfsagða kurteisisskyldu gagnvart háttv. Nd. að láta þetta mál ganga til nefndar og að það verði þar athugað vel.

Jónas Jónsson: Jeg stend aðeins upp til að ítreka þau rök fyrir þessu máli, sem háttv. 1. landsk. (SE) bar fram, og mjer þykir ólíklegt, er þjóðkirkja landsins á hjer fulltrúa í deildinni, að eigi komi þessu máli stuðningur úr þeirri átt, þar sem um er að ræða að virða helgi hvíldardagsins. Það hafa komið fram mjög sterkar raddir hjer í bæ og víðar að, um að helgi hvíldardagsins skuli í heiðri höfð, og fjölmennir fundir hafa verið haldnir hjer í bæ um það mál, undir umsjón beggja stærstu safnaðanna hjer, fríkirkju- og þjóðkirkjusafnaðanna, og það hefir verið samþ. þar að skora á þingið að vernda helgi hvíldardagsins betur en að undanförnu, og beini jeg því þessu atriði til þessa háttv. fulltrúa þjóðkirkjunnar hjer í deildinni, að láta þetta mál til sín taka, því að frv. miðar að því að takmarka vinnutíma á helgum dögum.

Eggert Pálsson: Þessi tillaga háttv. 1. landsk. þm. (SE), um að vísa málinu til nefndar, hefir eigi við mikið að styðjast, þar sem málið hefir áður verið hjer í nefnd og þá allrækilega athugað. Verði málinu vísað til nefndar, geri jeg ráð fyrir, að það yrði allshn., þar sem það hefir verið áður, og jeg býst við, að niðurstaða nefndarinnar verði nú í engu frábrugðin þeirri niðurstöðu, sem hún hefir komist að áður. Meiri hl. allshn. er hinn sami nú og hann var á síðasta þingi. Þriðji nefndarmaðurinn er að vísu nýr maður og síst lakari eða ósamvinnuþýðari en sá, sem á undan honum var í allshn. En þótt hann kynni að hafa tilhneigingu til að fylgja þessu frumvarpi, þykist jeg vita, að hann muni ekki geta breytt skoðun okkar hinna nefndarmannanna á því.

Jeg þykist fyrir mitt leyti hafa athugað þetta mál svo vel áður, að jeg sje enga ástæðu til þess að fara að eyða tíma í það enn að nýju. Háttv. 3. landsk. (JJ) er vitanlega líka sá hinn sami nú og hann var á síðasta þingi. Hann vill nú ganga á lagið og vonast eftir að fá nú tækifæri til að leika sama leikinn upp aftur og hann ljek á síðasta þingi, er mál þetta var til umræðu. Hann er þegar byrjaður á að endurtaka sömu ræðurnar nú, sem hann hjelt þá. En jeg hefi aftur á móti enga tilhneigingu til þeirra hluta. Mig langar ekkert til að fylla þingtíðindin tvisvar með sömu ræðunni eftir mig í sama málinu. Þessvegna er jeg á móti því, að málið gangi til nefndar. Rök mín í þessu máli eru hin sömu og áður. — Jeg tel alls eigi rjett að leggja höft á þá menn, sem vilja hafa ofan af fyrir sjer og skylduliði sínu með heiðarlegri vinnu. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem halda daglaunamenn til þessa eða annars atvinnurekstrar, verði að hlíta ákveðnum vinnutíma, en hitt þykir mjer hart og óviðfeldið, ef þeir, sem einir starfa að þessu eða öðru verki og enga daglaunamenn hafa í sinni þjónustu, verði endilega að hætta allri vinnu á sama tíma og hinir.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja um þetta að sinni, en fari málið til nefnd-

ar, kemst jeg auðvitað ekki hjá því að tala eitthvað um það aftur, enda þótt það þá hljóti að verða í svipaða átt og jeg hefi áður talað um það.

Sigurður Eggerz: Það, sem jeg átti við í ræðu minni áðan, var það, að háttv. Nd. hefir fylgt þessu máli með svo miklum áhuga og lagt svo mikla áherslu á það, er það hefir verið samþykt þar þrisvar sinnum í röð, að það er fylsta ástæða fyrir þessa háttv. deild að athuga málið miklu ítarlegar að þessu sinni en áður, að íhuga hvað liggur bak við þetta mál. Því að það er ekki hægt að neita því, að háttv. Nd. hefir mikið að þýða fyrir þingið í heild sinni. Jeg veit heldur ekki, hvort það er hægt að kalla mál eins og þetta þýðingarlítið mál. Mál, sem hefir mikla þýðingu fyrir eina stjett í landinu. Þótt stjettin sje ekki fjölmenn, er hún þó altaf að færast í aukana og verða stærri og öflugri. Það er ekki þýðingarlaust fyrir neina stjett að hafa engan ákveðinn vinnutíma. Það er því stórt „princip", sem liggur á bak við þetta mál, hjá háttv. Nd., og er því full ástæða til að athuga málið vel. Auk þess höfum við fordæmin fyrir okkur, þar sem búið er að leyfa takmörkun á vinnutíma ýmsra annara stjetta í landinu. Þá hafa og nokkrir nýtir menn tekið sæti í þessari háttv. deild síðan síðasta þingi sleit, og er því rjett, að þeir fái tækifæri til að athuga þetta mál nánar og láta uppi álit sitt um það.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að það geti orðið að kappsmáli hjer í deildinni, að sporna á móti því, að þetta mál fái að ganga til nefndar, hvernig sem atkvæði kunna að falla um það að síðustu.

Jeg vænti og stuðnings frá hæstv. stjórn, þar sem er hæstv. forsrh. (JM), til þess að sporna við því, að óþarfa kritur komi upp í þinginu milli deildanna. En jeg verð að líta svo á, ef þessi hv. deild leggur strax á höggstokkinn mál, sem neðri málstofa þingsins hefir samþykt þrisvar sinnum, að það sje óviðeigandi aðferð og ekki löguð til að efla góða samvinnu milli deilda þingsins.

Guðmundur Ólafsson: Þar sem svo mikið hefir verið rætt um þetta mál, bæði á þessu þingi og fyrri þingum, og málið er af ýmsum talið vera mjög mikilsvert, verð jeg að leggja það til, að skipuð verði sjerstök nefnd í málið að þessu sinni, ekki síst af því að það hefir tvisvar áður komið fyrir allshn., og þeirri hv. nefnd kynni ef til vill að falla það miður, að verða nú í þetta sinn að komast að annari niðurstöðu um málið en áður.

Jeg sje því ekkert athugavert við, að skipuð sje nefnd í málið, þar sem hv. Nd. leggur svo mikla áherslu á það, og svo af því, að allar þær nefndir aðrar, sem til eru í þinginu, hafa svo rígbundin starfssvið. (**EÁ:** Hvað um að vísa því til samgöngumálanefndar?) (hlátur). Jeg sje ekkert hlægilegt við þetta mál og enga ástæðu til að gera gys að því. Jeg tel rjett, að skipuð sje sjerstök nefnd í málið, þar sem allshn. hefir ærið að starfa, og af því að ástæða er til að vantreysta þeirri háttv. nefnd til að athuga þetta mál eins og það er vert.

Jónas Jónsson: Af því að jeg er ekki viss um, að mál þetta komi nokkurntíma til 2. umr. og háttv. 1. þm. Rang. (EP) fái þá tækifæri til að skýra betur afstöðu sína í þessu máli, vil jeg nú segja aftur fáein orð.

Hann heldur því fram, að þetta frv. sje því til fyrirstöðu, að menn eigi kost á að vinna fyrir sjer á heiðarlegan hátt. En jeg hjelt þó, að háttv. þm., sem er prestur þjóðkirkjunnar og hefir verið vígður til að reka hennar erindi, mundi vita af því, að til er í boðum kirkjunnar setning, sem hljóðar á þessa leið: „Halda skaltu hvíldardaginn heilagan," og það samræmist ærið illa við stöðu þessa hv. þm. í þjóðfjelaginu, að hlynna að því, að helgi hvíldardagsins sje brotin og lítilsvirt. (**EP:** Jeg er alls ekki hingað kominn til að læra guðfræði af þessum hv. þm.). Þessa þyrfti þó þessi hv. þm. mjög við, það er sýnilegt, því að hann er kominn í beina mótsögn við það starf, sem kirkjan hefir falið honum að vinna, og jeg skora á hann að færa fram rök fyrir því, að hann hafi umboð og hvaðan, til þess að stuðla að því, að Alþingi eigi sök á, að helgi hvíldardagsins sje brotin. Hann verður og að skýra frá því, hvort það sje eigi rjett, að vinna sje bönnuð að kirkjunnar lögum á helgidögum þjóðkirkjunnar. En hitt þykist jeg skilja, að hann vilji sporna við því, að þetta mál fari í nefnd, því að hann mun vilja losna við að þurfa enn á ný að standa hjer frammi fyrir deildinni verjandi rangt mál. En hann sýnir kirkjunni litla ræktarsemi með því að berjast gegn þessu máli; kirkjan er þó atvinnuveitandi hans, og hann fótum treður lög hennar með framkomu sinni í þessu máli.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hafði alls ekki ætlað mjer að tala í þessu máli, sem eigi snertir mig sjerstaklega eða mitt embætti. Jeg sje ekki, að það sje rjett hjá hv. 1. landsk. þm. (SE), að rjettur Ed. sje annar eða minni en Nd. Það vita allir, sjerstaklega við hinir eldri þingmenn, að það hefir oft og þráfaldlega komið fyrir, að deildirnar hafa felt mál hvor fyrir annari og það oftar en einu sinni hvert mál. Jeg veit alls eigi, hversu mörg atkvæði hafa fylgt þessu máli út úr háttv. Nd. að þessu sinni, en jeg hefi heyrt, að þau hafi verið eitthvað um 14 alls. Ef það er rjett, er það ekki nema helmingur deildarinnar, og ber það ekki vott um, að máli þessu hafi þar verið fylgt af miklu kappi. En jeg veit sem sagt ekki, hvort þetta er rjett, það getur verið, að atkv. hafi verið 15 eða 16, en mikið kappsmál sýnist það þó ekki hafa verið þar. Um frv. sjálft ætla jeg lítið að tala. Samkvæmt frv. eru það fleiri en rakararnir, sem hjer koma til greina, og er því naumast rjett að miða þetta mál eingöngu við þá, og um fordæmi er víst heldur ekki að ræða, þar sem jeg veit ekki til, að settar hafi verið slíkar reglur um vinnustofur, heldur aðeins um sölubúðir og þesskonar.

Eggert Pálsson: Jeg vil aðeins segja háttv. 3. landsk. þm. (JJ) það, að jeg hefi svo mikinn siðferðisþrótt eða stillingu til að bera, að jeg get vel staðið af mjer áskoranir hans og látið vera að svara honum. Jeg hefi líka aðrar fullgildar ástæður til að svara honum engu. Þessi þm. hefir nýlega fengið þann vitnisburð frá mikilsmetnum og reyndum þingmanni hjer í deildinni, 1. landsk., að alt starf og framferði hans (JJ) á þingi væri og hefði verið aðeins þingi og þjóð til svívirðu. Framkoma hans væri og hefði verið svo, að hálfur þingtíminn gengi fyrir öðrum í það að hirta hann fyrir klæki hans. Þegar þessi háttv. þm. hefir fengið svo þungan dóm og

öllum vitanlega ekki óverðskuldað, fyrirverð jeg mig síður en svo fyrir það að sitja hjá og láta honum ósvarað.

Sigurður Eggerz: Nei, það er eðlileg krafa, að hæstv. forsrh. (JM) láti þetta mál til sín taka, þar sem ljóst er orðið, að hjer er um „takt“ einn að ræða í viðskiftum milli deildanna. Það er „takt“-atriði að fella eigi hvert mál fyrir háttv. Nd. athugunarlítið.

Viðvíkjandi ástæðum hæstv. forsrh. (JM) um jafnan rjett deildanna vil jeg taka það fram, að háttv. Nd. er þó skipað hærra sæti í ýmsum málum en Ed. og hefir meiri virðingu þar af leiðandi í augum þjóðarinnar. Það eru t. d. ekki svo lítil forrjettindi fram yfir Ed., að fjárlögin skuli fyrst lögð fyrir neðri málstofu þingsins. Jeg endurtek það svo, að jeg tel rjett og viðeigandi aðferð, að þessu máli sje vísað til nefndar.

† **Jónas Jónsson:** Mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, að háttv. 1. þm. Rang. (EP), sem er prestur þjóðkirkjunnar, skuli vera fastur mótgangsmaður eins hins elsta og þektasta af boðum kirkjunnar, þ. e. um helgi hvíldardagsins, og láta það viðgangast, að löggjöfin skifti sjer ekki af því, að helgidagsbrot sjeu framin átölulaust.

Hann veit vel, hv. 1. þm. Rang., að sje hægt að sanna á hann helgidagsbrot með orði kirkjunnar, þá er hann að rjettum lögum rækur úr kirkjunni. Jeg hefi áður lýst því hjer í hv. deild, hve mikil jarðafríðindi kirkjan ber til hans, og þeim mun hann alls eigi vilja sleppa. Það er sjálfsagt mannlegt, en prestlegt er það ekki, að seilast svo mjög til Mammons, eins og þessi háttv. þm. gerir, en hart er, að hann skuli vilja löghelga brot á lögum þeirrar stofnunar, sem árum saman hefir veitt honum 20 klyfjar af smjöri að launum fyrir þá þjónustu, sem hann hefir verið fær um að veita guðsríki á jörðunni.

Þessi háttv. þm. var að tala um, að einn af andstæðingum mínum hefði haft um mig nokkur gremjuyrði, er jeg hafði hrakið hann af hólmi í röksemdaþraut. Á slíkum dómum er ekki mikið hægt að byggja. Hv. 1. þm. Rang. hefir sjálfsagt heyrt gamla vísu eftir eitt af þjóðskáldum landsins um gáfnatregan mann, sem sífelt bauð sig til þingsetu:

„Kjósið þið hverja Hlíðarkú
heldur en svarta nautið.“

Vill háttv. þm. kannast við, að þessi dómur þjóðskáldsins sje rjettur?

† **Forsætisráðherra (JM):** Jeg fæ ekki skilið, hvaða erindi mál þetta ætti til nefndar. Það hefir tvívegis verið athugað í nefnd hjer áður, og því álít jeg málið undir það búið að koma hjer til úrslitaatkvæða.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJ, SE, ÁH, EÁ, GuðmÓ, IP, JJós.

nei: BK, EP, GunnÓ, IHB, JóhJóh, JM, HSteins.

3. Bæjarstjórn á Norðfirði.

Á 7. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (þmfrv., A. 27).

Á 9. fundi í Ed., föstudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta, sem hjer er til umr., er borið fram vegna ítrekaðra óska, sem komið hafa fram á almennum borgarafundum í Norðfjarðarkauptúni, er samið af hreppsnefnd Neshrepps og flutt hjer fram að beiðni hennar.

Jeg gæti að miklu leyti látið mjer nægja, við þessa fyrstu umrræðu um frv., að vísa til greinargerðar frv. sjálfs, um ástæðurnar fyrir því, að það er hjer fram komið. Þó vil jeg samt bæta nokkrum orðum við það, sem þar er sagt, til skýringar.

Því hefir verið haldið fram, og það með rjettu, að kauptúnum hjer á landi væri mjög ábótavant um alt menningarsnið, svo sem skipulag bygginga, vegi, þrifnað og annað því um líkt. Þetta er all-alment álit, sem oft hefir komið fram opinberlega, og svo lítur út, sem hið háa Alþingi hafi fallist á það, að svo mundi vera, — í þá átt bendir til dæmis útnefning skipulagsnefndarinnar og fjárhæðir þær, sem veittar hafa verið á fjárlögum undanfarandi ára og veittar munu verða framvegis, til þess að standast kostnað þann, sem leiðir af störfum nefndarinnar. Þetta sýnir ótvírætt, að þing og stjórn hefir talið sjer skylt að láta slík mál til sín taka og hafa álitið rjettmætt að verja fje úr ríkissjóði, til þess að vinna að því að minta kosti, að skipulag kauptúnanna batnaði í framtíðinni.

Þessi ráðstöfun hins háa Alþingis er sjálfsagt góðra gjalda verð, þótt seinvirk sje og um hana megi segja eitthvað líkt og stendur í gamla orðtækinu, að seint sje að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Því verður ekki neitað, eins og nú er ástatt um mörg kauptún á landinu, að þau hafa verið látin vaxa upp eins og óhirtir unglingar undir slæmum og óviðeigandi skilyrðum. Hlýtur því að taka mannsaldra að bæta úr þeim ágöllum, sem hirðuleysið hefir valdið í þessum efnum, þó að nú yrði tekið röggsamlega í taumana, sem raunar er þó lítið útlit fyrir, að verði gert. Því þó að skipulagsuppdrættir að öllum kauptúnum á landinu yrðu einhverntíma fullgerðir, — sem ekkert útlit er fyrir nú, að verði fyrst um sinn, — kemur það að litlu haldi, ef afstaða kauptúnanna er ekki bætt, þannig að þeim verði kleift að framfylgja þeim ráðleggingum, sem skipulagsnefndin kann að gefa þeim.

Jeg hefi drepið á þetta hjer, til þess að benda á, að Alþingi hefir fundið, að ýmislegt er öðru vísi en það ætti og þyrfti að vera í kauptúnunum hjer á landi, og að það hefir sjeð, að nauðsyn bar til, að tilraun yrði gerð til að bæta úr því, sem ábótavant var.

Hitt er annað mál, hvort þær ráðstafanir, einar út af fyrir sig, sem gerðar hafa verið, megna að bæta úr ástandinu; en spor í rjetta átt geta þær þó verið.

Mjer vitanlega hefir það lítið verið rannsakað, hverjar orsakir liggja til þess, að íslensk kauptún hafa á sjer að meira eða minna leyti ómenningarbrag; virðist það þó vera nauðsynlegt, ef varanlegar umbætur eiga að fást. Að sjálfsögðu eru orsakirnar margar, en ein aðalorsökin, og að mínum dómi sú áhrifamesta, er sú, að kauptúnin hafa vaxið upp undir ófullkomnu og óviðeigandi sveitarstjórnarfyrirkomulagi. Þau sveitarstjórnarlög, er að öllu leyti hafa átt við og samsvarað kröfum og atvinnu-

háttum landbúnaðarsveitanna, hafa reynst ónóg og ekki viðeigandi í kauptúnunum, sem hafa miklu fjölbreytilegri atvinnuhætti og betri skilyrði til örari vaxtar og fólksfjölgunar. Þessvegna hefir og reynslan orðið sú, að breytt hefir verið til um fyrirkomulag sveitarmálefna kauptúnanna, þegar þau hafa stækkað, en oftast nær miklu seinna en átt hefði að vera og oft með nokkurri tregðu af hálfu löggjafarvaldsins, má þar til nefna t. d. Siglufjörð. En ætíð hafa þó úrslitin að síðustu orðið þau, að horfið hefir verið að bæjarstjórnarfyrirkomulaginu. Þessi tregða, sem stundum hefir komið fram af hálfu löggjafarvaldsins, um að verða við kröfum kauptúnanna um bætt stjórnarfyrirkomulag, hefir aldrei og getur aldrei leitt af sjer annað en óþægindi fyrir viðkomandi kauptún. Þess eru engin dæmi, að kauptún hjer á landi, sem einu sinni hefir farið fram á, að sjer yrðu veitt bæjarrjettindi, hafi fallið frá þeirri kröfu síðar, og þess þarf eigi heldur að vænta um Norðfjarðarkauptún. Kröfunni verður af þess hálfu haldið áfram, þar til henni verður fullnægt. Að skjóta þessu máli á frest getur ekki haft aðrar afleiðingar en þær, að eyða fje og tíma Alþingis að óþörfu og valda kauptúninu óþæginda á ýmsan hátt.

Í greinargerð fyrir frv. eru all-ítarlega færð fram rök fyrir frv. og sýnt fram á þörfina fyrir það, að Norðfjörður fái kaupstaðarrjettindi, bæði frá þeirri hlið málsins, er snýr að kauptúninu sjálfu, að því er snertir stjórn málefna þess, og einnig frá þeirri hlið, er segja má, að sjerstaklega varði ríkissjóð og hið opinbera, svo sem tollgæslu, lögreglustjórn og dómsvald, og tel jeg við framsögu þessa máls eigi ástæðu til að bæta þar miklu við. Þó vil jeg til skýringar gefa nokkru nánari upplýsingar.

Á hverju ári, í júlí og í fyrri hluta ágústmánaðar, sigla inn á Norðfjörð um 70—80 færeysk fiskiskip, auk þeirra, er þar koma oft til þess að selja afla sinn. Þessi færeysku fiskiskip umhlaða afla sínum í flutningaskip, sem koma þangað frá Færeyjum, og taka aftur úr þeim salt, kol, matvöru og aðrar nauðsynjar, er fiskiskipin þurfa með. Þessi umhleðsla á vörum á Norðfirði skiftir árlega tugum þúsunda smálesta. Af miklu af þeim vörum, sem þannig er umskipað, ber að greiða inn- og útflutningsgjald, og nemur það alls eigi svo litlum upphæðum. Alla þvílíka innheimtu, verður hreppstjórinn í Neshreppi að annast eins og nú er ástatt, og fylgir henni meiri ábyrgð og fyrirhöfn en telja má sanngjarnt að krefjast af launalitlum hreppstjóra. Enda er nú svo komið, að þeir, sem færir eru um að hafa hreppsstjórnina á hendi, vilja vera lausir við hana. Í þessu sambandi vil jeg taka það fram, að Norðfjörður er eina höfnin á öllu Austurlandi, er Færeyingar umskipa á fiski sínum, á þann hátt, er jeg þegar hefi lýst. Veldur þessu lega fjarðarins og hin stutta og hreina innsigling, sem þar er. Til skýringar því, hversu afar óhagstætt það er fyrir Norðfirðinga, að yfirvald þeirra situr á Eskifirði, vil jeg nefna eitt dæmi.

Fyrir skömmu kom það fyrir, að tveir hásetar af útlendu flutningaskipi, sem lá á Norðfirði, voru kærðir fyrir lagabrot, sem þeir höfðu framið í landi.

Málið þurfti skjótrar rannsóknar við, en sýslumaðurinn gat eigi komist til Norðfjarðar. Varð því að fá vjelbát til þess að flytja hina ákærðu til Eskifjarð-

ar til þess að málið fengist þegar rannsakað. Er það um 5 klukkutíma ferð, ef veður er gott, en úti fyrir landinu er yfir tvær vondar straumrastir að fara. Um landleiðina til Eskifjarðar þarf jeg eigi að vera fjölorður, því að jeg hygg, að sumir háttv. deildarmenn muni vera henni kunnugir, en jeg vil aðeins geta þess, að jeg tel fáar verri. Vegurinn liggur yfir fjallgarð, sem er um 2000 fet yfir sjávarmál og er eigi fær nema fáa mánuði á sumrinu. Í fyrra þurfti jeg að fara þessa leið í byrjun júlí, og varð jeg þá að vaða snjó á um 11 km. löngu svæði. Var þetta þó eftir tiltölulega mildan vetur og gott vor.

Þetta dæmi læt jeg nægja til að sýna, við hverja örðugleika er að etja, er sækja skal til yfirvalda til Eskifjarðar úr jafn-fjölmennu kauptúni og Norðfjörður er, og hinar tíðu siglingar þangað gera það ósjaldan nauðsynlegt.

Þá vil jeg geta þess, að Norðfjörður er yngstur af hinum stærri kauptúnum á Austurlandi. Á síldarárunum þar eystra, 1885—95, fjölgaði íbúum Seyðisfjarðar, Eskifjarðar og Fáskrúðsfjarðar töluvert vegna síldveiðanna á þeim stöðvum, en á Norðfirði fjölgaði íbúunum ekki á þeim árum, því að síldarveiðimenn settust þar lítið að eða fluttu sig fljótlega burtu aftur, vegna þess að síldveiðin reyndist þar miklu stopulli en á hinum fjörðunum. Norðfjörður er svo stuttur, að síld staðnæmist þar ekki til langframa.

Árið 1895 var Norðfjörður löggiltur verslunarstaður. Voru íbúarnir þar þá, á því svæði, sem kauptúnið nú stendur á, innan við 100 manns. Það er fyrst eftir aldamótin, um 1904—1905, að kauptúnið fer að vaxa, en þó ekki mjög ört framan af. Árið 1913 var kauptúnið, samkvæmt heimild sveitarstjórnarlaganna, gert að sjerstökum hreppi, sem síðan hefir verið kallaður Neshreppur; var íbúatalan þá orðin 800. Síðan hefir kauptúnið stöðugt farið vaxandi, enda þótt vöxturinn væri nokkru minni á kreppuárunum, en mest hefir það þó vaxið tvö síðustu árin, og alt útlit er fyrir, að það muni halda áfram næstu ár. Til merkis um það, að vöxtur Norðfjarðar sje meira en höfðatalan ein, vil jeg benda á það, að síðastliðið ár var tekju- og eignaskattur til ríkissjóðs úr Neshreppi 42 þús. kr., er það sem næst ⅔ hlutum alls tekju- og eignaskatts úr Suður-Múlasýslu það ár, og er hún þó ein af fjölmennari sýslum landsins. Auðvitað ber þess að gæta, að árið 1924, sem skatturinn er miðaður við og reiknaður af, var með afbrigðum hagstætt og tekjudrjúgt ár fyrir Norðfirðinga eins og flesta aðra hreppa landsins.

Með þessum skýringum og rökstuðningi, sem fram er fluttur í greinargerð frv. og þessari framsögu minni, vænti jeg, að háttv. deild verði ljett að sannfærast um rjettmæti þessa frv., og að málið fái fljóta og góða afgreiðslu deildarinnar. Um einstök atriði frv. ætla jeg ekki að ræða að þessu sinni, tel jeg, að það heyri frekar undir 2. umr. Sjálfsagt er þetta frv., eins og önnur mannanna verk, þannig úr garði gert, að sitthvað megi að því finna og einstökum greinum þess, en alt slíkt ætti að mega lagfæra í nefnd. Vil jeg svo að lokum leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj.

atkv. og til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 27, n. 189).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þetta frv. er, eins og hv. þm. er kunnugt, flutt af hv. 2. þm. S.-M. (IP), eftir ósk íbúanna í Neskaupstað í Norðfirði, og var því að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Allsherjarnefnd hefir nú athuagð frv. þetta eins vel og kostur var á, bæði hvað snertir íbúatölu, staðhætti og kringumstæður á þessum stað og öðrum, sem líkt stendur á fyrir. Og hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að það sje ekki gerlegt að láta frv. þetta ná fram að ganga eins og sakir nú standa.

Eins og kunnugt er, þá er það vanþakklátt verk að mæla á móti málum, sem flutt eru af einstökum þingmönnum, eftir áskorunum frá kjósendum. En hinsvegar hefir nefndin skyldu til þess að athuga slík mál sem þetta frá fleiri en einu sjónarmiði. Nefndin leit á málið frá sjónarmiði Neshrepps, og virtist það óneitanlega mundu vera til allmikilla þæginda fyrir þá sveit, ef málið gengi fram, sem og hagsmuna, ef vel tækist til með skipum þessa bæjarfógeta, sem jafnframt á að vera bæjarstjóri.

En hjer er um fleira að ræða. Hjer ber líka að athuga, hver áhrif þessi breyting hefði á hag allrar Suður-Múlasýslu og ennfremur á landið í heild.

Suður-Múlasýsla mun, eins og gefur að skilja, ekki telja sjer hag í því, að frv. gangi fram. En það var vitanlega ekki það, sem einkum kom til orða í nefndinni, heldur hitt, hver áhrif það mundi hafa á hag landsins í heild sinni.

Nefndin leitaði upplýsinga hjá Hagstofunni um fólksfjölda í þessu umrædda kauptúni og fjekk það svar, að 1924 hefði verið í Neskauptúni 876 íbúar. En af manntali þess árs sjest, að sumstaðar annarsstaðar er mannfjöldi miklu meiri í kauptúnum, t. d. á Akranesi. Þar voru t. d. 1087 íbúar. Og ef ganga skal inn á þá stefnu, sem í frv. felst, þá er vafalaust, að Skipaskagakauptún mundi líka rísa upp og heimta sinn sjerstaka lögreglustjóra. Og svo mundu fleiri á eftir koma. Jeg get t. d. bent á annað kauptún í S.-Múlasslu, sem ekki hefir lögreglustjóra sjerstakan, sem sje Búðir í Fáskrúðsfirði. Þar voru 578 íbúar 1924, svo ekki þyrfti að koma nema lítill fjörkippur í atvinnurekstur þar, til þess að íbúatalan færi upp í 876, og þá mundi þetta kauptún rísa upp og heimta bæjarfógeta hjá sjer, líkt og Neshreppur nú, því að líklegt má þykja, að erfiðleikarnir á því að ná til sýslumanns á Eskifirði sje líkir á Búðum og í Nesi.

Í frv. er farið mjög vægilega í það að auka ríkissjóði útgjöld, þar sem ráðgert er, að væntanlegur bæjarfógeti í Nesi verði aðeins að hálfu launaður af ríkinu, en að hálfu af kaupstaðnum. En nefndin var hrædd um, að slík ráðstöfun mundi ekki haldast til lengdar. Auk þess getur hjer komið fleira til greina, enda gefið í skyn í frv., að eitthvert fje muni þurfa til skrifstofuhalds, en þess ekki getið, hvaðan það fje eigi að taka. En hætt er við, að það yrði að koma úr ríkissjóði.

Af undanfarinni reynslu eða dæmum má sjá, að það hefir stundum hepnast

að koma málum eins og þessu í gegn í þinginu með því að láta í veðri vaka, að kostnaðurinn mundi verða svo lítill. Skal jeg í því sambandi nefna Siglufjörð. Þegar rætt var um það, að gera hann að kaupstað, þá var það notað sem ástæða til að knýja málið gegnum þingið, hvað það væri kostnaðarlítið fyrir landið. Mig minnir, að nefndar væru 2500 kr. En þegar til kom, þá voru þessum lögreglustjóra ætluð sömu laun og hverjum öðrum lögreglustjóra, að vísu í lægsta launaflokki.

Eins og jeg hefi nú tekið fram, þá neitar nefndin því ekki, að Neskauptún eigi við örðugleika að etja um að ná til sýslumanns. En það er heldur enginn efi á, að svo er víðar ástatt. Skal jeg þar nefna t. d. Akranes. Þar munu örðugleikarnir í þessu efni vera engu minni, jafnvel meiri. Og fleiri staði má nefna, svo sem Sand og Ólafsvík, þar sem nú munu vera samtals 1000 íbúar. Ekki eiga þeir hægra með að ná til sýslumanns en Nesmenn. Með því að líta þannig ekki aðeins á þá einu hlið, sem að kauptúninu snýr, heldur líka á hina, sem veit að ríkissjóði og S.-Múlasýslu, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. ætti ekki fram að ganga, a. m. k. ekki að svo komnu. Seinna kann svo að fara, að Neskauptún vaxi svo mikið, að ekki verði hjá því komist, að þar verði kaupstaður. En eins og nú stendur, þá eru svo líkar ástæður víða annarsstaðar, að ef Nes fengi kaupstaðarrjettindi, þá yrði ekki komist hjá því að veita fleiri kauptúnum sömu rjettindi.

Ingvar Pálmason: Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka neitt af þeim rökum, sem jeg hefi áður fært fram til stuðnings þessu máli, bæði í greinargerð fyrir frv. og við 1. umr. hjer í þessari hv. deild, úr því hv. allshn. hefir játað, að Norðfirði mundi til hagsbóta, að frv. þetta gengi fram, þó hún að þessu sinni leggi á móti því. En þó get jeg vitnað til þess í sambandi við samanburð nefndarinnar á Neskauptúni og ýmsum kauptúnum öðrum.

Eftir að nefndin hefir játað, að Nes hafi ástæðu til þess að óska eftir kaupstaðarrjettindum, gerir nefndin tilraun til þess að færa fram ástæður á móti þessu. Skal jeg nú að nokkru brjóta þessar ástæður nefndarinnar til mergjar.

Fyrst er það, að sýslunefnd S-Múlasýslu sje málinu mótfallin. Þetta má vel vera að sje rjett, enda þótt fundargerð sýslunefndar um þetta atriði beri það ekki ljóslega með sjer. Þar er málinu vísað á bug vegna þess, að það sje ekki nægilega vel undirbúið. Jeg skil þetta svo, að sýslunefnd vilji koma sjer hjá því að segja nokkuð ákveðið um málið. En viðvíkjandi undirbúningi þessa máls fæ jeg ekki annað sjeð en að hann sje nægur, og að það, sem sýslunefnd á við í þessum tilvitnuðu ummælum, sje fjárskiftin milli kauptúnsins og sýslunnar, ef til skilnaðar kæmi. En mjer skilst, að fjárskiftin sje fremur lokaatriði í málinu heldur en undirbúningsatriði. Hitt þarf engan að undra, þegar um það er að ræða, að losa Neshrepp úr sýslufjelaginu, þó sýslunefnd sje ekkert áfjáð um það, að slíkt gangi fram, enda hefir það sýnt sig alstaðar, þar sem líkt hefir staðið á. Nefndin hefir heldur ekki gert mikið úr þessari ástæðu.

Þá er önnur ástæðan, sem nefndin gerir að aðalástæðu gegn frv., en það er kostnaðurinn. Nefndin gerir ráð fyrir því, að hann verði meiri en farið er fram

á í frv. Jeg er ekkert að finna að því, þótt hv. nefnd vilji launa væntanlegan bæjarfógeta í Nesi vel. En hinsvegar höfum við Norðfirðingar búist við því, að geta fengið sæmilegt yfirvald fyrir þau laun, sem frv. gerir ráð fyrir. Jeg býst heldur ekki við því, að þetta sje í raun rjettri aðalástæða hjá nefndinni, heldur hitt, sem hv. frsm. (EP) talaði svo mikið um, nefnilega að ef þetta frv. yrði samþ., þá mundu fleiri á eftir koma. En sú ástæða er svo ófullkomin, að jeg er alveg hissa á því, að nefndin skuli leggja nokkra áherslu á hana. Því að það liggur í augum uppi, að þegar fleiri kauptún fá þörf fyrir kaupstaðarrjettindi vegna fólksfjölda og af öðrum ástæðum, þá ætti að sjálfsögðu að veita þeim þau. Aðalspurningin í slíkum málum er þetta: Er viðkomandi sveitarfjelagi nauðsynleg slík rjettarbót? Og reynist það svo, þá á að sjálfsögðu að veita rjettindin, enda þótt 10 eða 20 kauptún kæmu á eftir með sömu ósk, jafn-vel rökstudda. Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að því er snertir þau kauptún, sem hv. frsm. (EP) nefndi, að Skipaskagi er að vísu nokkru mannfleiri en Neskauptún, og sennilega líður ekki á löngu þangað til hann fer fram á það að fá kaupstaðarrjettindi. En jafnframt vil jeg taka það fram, að aðalástæðan fyrir þessu frv. er ekki það, hve mannfjöldinn sje mikill í Neskauptúni, heldur hitt, hve miklar siglingar eru orðnar til Norðfjarðar, sjerstaklega af útlendum fiskiskipum. Slíkar siglingar eru alls ekki á Akranesi. Þó skal enginn skilja orð mín svo, að jeg sje að mæla á móti Skipaskaga, að hann fái kaupstaðarrjettindi, þegar hans tími er kominn.

Jeg geri ráð fyrir, að nefndin sje ekki kunnug staðháttum. En jeg lýsti þeim svo vel við 1. umr., að nefndinni var vorkunnarlaust að skilja það, að á stað, sem hefir engar samgöngur nema á sjó, og þegar það er aðgætt, að til Norðfjarðar koma um 500 skip árlega, þá gerir slíkt ekki lítinn mun í samanburði við Akranes.

Á einum stað í nál. getur hv. nefnd þess, að hún viti ekki annað en að innheimta og reikningsskil sje í góðu lagi hjá sýslumanni S.-Múlasýslu. Jeg hefi aldrei gefið annað í skyn og get lýst yfir því hjer til að fyrirbyggja allan misskilning, að sá sýslumaður, sem þar er nú, er að mínu áliti einhver duglegasti og reglusamasti sýslumaður landsins. En hann getur af eðlilegum ástæðum ekki annast innheimtu fyrir ríkissjóð í Neskauptúni nema að nokkru leyti, og verður því að fela það hreppstjóranum í Neshreppi. Og þegar tekið er tillit til þess, hvaða upphæðir hjer er um að ræða, bæði í skipagjöldum og tollum, þá liggur í augum uppi, að hjer eru um meira og ábyrgðarþyngra starf að ræða en sanngjarnt má kallast að heimta af launalítlum hreppstjóra. Þannig var t. d. innheimt af hreppstjóra á annað hundrað þús. kr. í fyrra á Norðfirði. Þetta virðist mjer vera ein aðalástæðan fyrir frv. En mjer virðist nefndin hafa gengið fram hjá þessu, a. m. k. gekk hv. frsm. (EP) fram hjá því í ræðu sinni, en lagði aðaláhersluna á fólksfjöldann. Í sambandi við það skal jeg benda á, að Seyðisfjörður, sem er litlu mannfleiri en Neskauptún, hefir nú haft kaupstaðarrjettindi í 30 ár, og jeg býst við því, að þeir mundu ekki taka því vel þar, ef fara ætti fram á það að taka af þeim þann rjett.

Það eru engin rök að halda því fram,

að það sveitarstjórnarfyrirkomulag, sem kauptúnin eiga nú við að búa, hafi fyrir 20 árum verið fullnægjandi, því sje óþarft að leggja ný útgjöld á ríkissjóð með breyttu fyrirkomulagi í hinum stærri kauptúnum. Það er bara að berja höfðinu við steininn að halda slíku fram. Rás viðburðanna ræður því, að útgjöldin, bæði hvað þetta snertir og annað, eru miklu meiri nú en þau voru þá.

Jeg verð nú að líta svo á, að þrátt fyrir þessar mótbárur hv. allshn. sje full ástæða til að vænta þess, að hv. deild láti frv. þetta ná fram að ganga, því að jeg hefi nú reynt að gera þeim ástæðum, sem færðar hafa verið fram gegn því, þau skil, sem þær áttu skilið.

Jeg get vel skilið, að háttv. frsm. (E P), sem allan sinn aldur hefir dvalið langt uppi í sveit, eigi bágt með að átta sig á þeim öra vexti kauptúnanna á síðari tímum, og þar af leiðandi þeim kröfum, sem þau þurfa að gera um aukna sjálfstjórn og bætta tollgæslu og lögreglustjórn. En hitt á jeg aftur bágt með að skilja, að form. allshn., sem mestan sinn aldur hefir verið bæjarfógeti í einu slíku kauptúni, skuli ekki geta skilið þetta, því að jeg er sannfærður um, að hann getur ekki hugsað, að það komi til mála, að sá kaupstaður afsali sjer þeim rjettindum, sem hann hefir fengið. Auk þess sem hann er sá eini í allshn., sem komið hefir til Norðfjarðar, og veit, að þangað sigla 4—500 skip á ári, sem þarf að taka gjöld af, að viðbættum þeim tollum og sköttum, sem þarf þar að innheimta. Hann átti því að geta skilið, að slíkt starf er ábyrgðarríkara en svo, að sanngjarnt sje að heimta það af launalitlum og valdalausum hreppstjóra. Ef háttv. allshn. hefði athugað þetta, myndi hún sannarlega hafa komið með brtt. í þá átt, að gefa hreppstjóranum í Norðfirði meira vald og gjalda honum meira kaup en hreppstjórar hafa alment. Það hefði verið tilraun til að leysa vandræðin, þó ófullnægjandi sje. En ekkert slíkt dettur hv. nefnd í hug.

Þá skaust það upp hjá hv. frsm. (E P), að frv. þetta mundi ná fram að ganga síðar, þó það ekki gangi fram að svo komnu. Það væri því tímaspurning, hvenær það næði fram að ganga. Þetta er alveg rjett. Því út úr þessu máli er engin önnur leið. Og þess mun háttv. frsm. líka vera fullkomlega meðvitandi, enda þótt hann vilji ekki fyllilega viðurkenna það nú.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa þessi andmæli mín lengri. Jeg þykist vera búinn að færa fram rök fyrir því, að frv. þetta er bygt á sanngjörnum kröfum manna í Norðfirði. Jafnframt hefi jeg sýnt fram á, að rök allshn. gegn frv. eru einskis virði. Niðurstaðan verður því sú, að ef frv. verður felt, þá stafi það af venjulegri tregðu löggjafarvaldsins um að verða við rjettmætum kröfum um þetta efni, sem oft hefir komið í ljós áður undir svipuðum kringumstæðum. Við því er ekki mikið að segja fyrir mig, jeg mun verða að hafa það eins og annað hundsbit, en þess er jeg fullviss, að þetta mál gengur fram á Alþingi áður langt líður.

† **Frsm. (Eggert Pálsson):** Háttv. flm. þessa frv. (IP) byrjaði ræðu sína á því, að láta í ljós hneykslun sína yfir því, að nefndin skyldi játa í upphafi nál., að það gæti orðið til aukinna þæginda og jafnframt nokkurra hagsmuna fyrir Norðfjörð, að fá sjerstök kaupstaðarrjettindi. En jeg sje enga ástæðu til að

hneykslast yfir því, þó að nefndin sje sanngjörn, því að það er vitanlegt, að það væru óneitanlega aukin þægindi fyrir mörg kauptún fleiri en Norðfjörð, ef ríkisstjórnin vildi leggja þeim til launaðan lögreglustjóra. En jeg verð að taka það fram, eins og gert er í nál. og háttv. flm. hefði átt að lesa, að þessi auknu þægindi og hagsmunir eru skilyrðisbundin, nfl. því skilyrði, að sá maður, sem fengist, yrði til einhvers gagns. Því að ef þeir yrðu óhepnir með manninn, gæti svo farið, að slík rjettarbót yrði þeim aðeins til ógagns. Gæti þá svo farið, að ekki liði á löngu áður en þeir færu að telja eftir það fje, sem þeir yrðu að leggja fram til þess að launa honum, því að ógagn það, sem af slíkum manni leiddi, væri hann óheppilega valinn, gæti verið margvíslegt, því að sennilega myndi starf hans verða meira bæjarstjórastarf en lögreglustjóra.

Þá benti hv. flm. (IP) á, að móti þessu frv. mætti ekki hafa sakir þess, að hjá Neshreppsbúum væri svo brýn þörf fyrir sjerstakan bæjarfógeta. Hann viðurkendi jafnframt, að víðar gæti verið þörf fyrir slíkan mann, og þá ætti Alþingi umsvifalaust að ganga inn á allar slíkar kröfur. En yrði það ofan á, þá verð jeg að segja, að töluvert væri farið að víkja frá þeirri stefnu, sem verið hefir í þessum málum, því að ekki er langt síðan, að því var haldið fram, að fækka sýslumönnum ekki svo all-lítið, og meðal annars að slengja saman Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu.

Þungamiðjan í öllum röksemdum háttv. flm. með frv. var sú, að á Norðfjörð væri svo mikil skipakoma, og þar af leiðandi svo mikil gjöld að innkalla, að óviðkunnanlegt væri að láta ábyrgðarlausan hreppstjóra innkalla þau öll, og því væri nauðsyn á að fá sjerstakan bæjarfógeta þangað. En hinsvegar viðurkendi hann, að engin óregla hefði átt sjer stað á innköllun gjaldanna, og það er ríkissjóði altaf fyrir mestu. Og úr því nú svo er, að engin óregla hefir átt sjer stað að þessu leyti, þá er mjer alveg sama, hvort gjöldin eru innkölluð af hreppstjórum eða sýslumönnum, hvort heldur er þarna eða annarsstaðar. Og nú hefir ekki legið fyrir, að ekki fengjust góðir menn til að vera hreppstjórar á Norðfirði, heldur hið gagnstæða, og jafnframt hefir það verið upplýst, að þeir fái sjerstakar aukatekjur fyrir að fara út í hvert skip. Sýnist því engin ástæða vera til að breyta til um þetta nú.

Þá mintist hv. flm. á Seyðisfjörð og hvernig hann hefði fengið kaupstaðarrjettindi, og hefði hann þó síst verið meiri kaupstaður þá en Norðfjörður er nú. En hann athugaði ekki, hvernig þá var ástatt þar. Sýslumaðurinn var þá búsettur þar, og því var það ekki nema 500 kr. kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að veita kauptúninu þessi rjettindi. Auk þess var þá uppgangs og blómatími Seyðisfjarðar. En hefði hann ekki fengið þessi rjettindi þá, og færi fram á að fá þau nú, myndi hin sama mótstaða vera gegn því að veita honum þau og nú eru gegn því að veita Norðfirði þau.

Annars er það tilfellið með þessi kauptún, að þau blómgast um tíma, en svo fer þeim aftur, þegar minstum vonum varir. Þannig má vel vera, að uppgangur Norðfjarðar verði svo mikill, að jeg gæti verið með því, að veita honum sjerstaka bæjarstjórn. En hitt getur eins orðið, að uppgangstími hans sje nú á enda, og því sje það misstigið spor að veita honum þessi rjettindi nú. Þess-

vegna er það, að nefndinni finst rjett að láta þetta bíða og sjá hvernig fer.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi gert glögga grein fyrir aðstöðu nefndarinnar til þessa máls, og ætti því öllum að skiljast, að það getur verið varhugavert að hlaupa eftir öllum slíkum tilmælum sem þessum.

Ingvar Pálmason: Jeg verð nú að segja, að mjer fundust þessar síðari röksemdir hv. frsm. (EP) lítið taka hinum þeim fyrri fram. (**EP:** Þetta má altaf segja). Hv. frsm. (EP) byrjaði á því að víta mig fyrir, að jeg hefði ekki lesið alt nál., og dró það af því, að jeg hefði ekki minst á mikilvægt atriði í því. Þetta mikilvæga atriði, sem hann kallar, mun vera það, sem drepið er á í nál., að það geti verið til hagsmuna og nokkurra þæginda fyrir Norðfirðinga að fá kaupstaðarrjettindi, ef þeir reyndust hepnir með bæjarfógeta. Að jeg ekki drap á þetta atriði áður, var beinlínis af hlífð við nefndina, því að það er ótvírætt gefið í skyn, fyrst og fremst með þessum ummælum í nál., og jafnframt hefir háttv. frsm. látið ótvíræð ummæli falla í þá átt, að í lögfræðingastjett væri það úrhrak, að hending ein væri að fá almennilegan mann í þetta embætti. Mjer fanst ástæða til að láta þetta liggja á milli hluta, en hv. frsm. (EP) virðist ekki með nokkru móti vilja það, og þá er mjer sama, en jeg ber það traust til lögfræðingastjettarinnar, að þar megi finna mjög marga nýta menn, og sje því engin tilviljun að fá hæfan mann í þessa stöðu.

Þá kom háttv. frsm. að tekjunum og taldi það aðalatriði frá hálfu ríkissjóðs, að þær innheimtust og fengjust með skilum. Hitt kæmi málinu ekkert við, hver eða hverjir innheimtu. Þetta verð jeg að telja vafasama fullyrðingu. Löggjafarvaldið getur ekki látið sjer standa á sama um, hvort sá vinnur störf sín, sem ber að gera það og tekur laun fyrir, eða annar verður að inna þau af hendi endurgjaldslaust. Nei, þegar við Norðfirðingar gjöldum til ríkissjóðs 300 þús. kr., þá eigum við heimtingu á skyldum frá honum, svo sem nægilegri lögreglustjórn. Annars væri gaman, ef háttv. nefnd vildi leggja fram skýrslur um tekjur ríkissjóðs frá Akranesi, svona bara til samanburðar. Jeg hygg, að þær þyldu lítinn samanburð við Norðfjörð. Nei, því verður tæplega neitað, að Norðfjörður er drýgsta mjólkurkýrin fyrir ríkissjóð, af öllum hreppum landsins, fyrir utan kaupstaðina.

Þessar röksemdir, sem fram hafa verið bornar nú að nýju gegn frv., eru síst betri en hinar fyrri. Þær hefðu áreiðanlega mátt vera ófærðar.

Þá hjelt hv. frsm. því fram, að þar sem Norðfjörður hefði verið í uppgangi hin síðustu ár, þá hefði það ekki staðið honum fyrir þrifum, að hafa ekki kaupstaðarrjettindi. Þetta held jeg, að sje erfitt að sanna, en hitt má fullyrða, að þrátt fyrir það, að hann hafði ekki þau rjettindi, þá hafi hann getað blómgast. En hann hefði áreiðanlega blómgast betur, hefði hann haft rjettindin. Það var gott, að hv. frsm. (EP) tók dæmi af Seyðisfirði. Það getur enginn mótmælt því, að ef Seyðisfjörður hefði ekki fengið kaupstaðarrjettindi á þeim tíma, er hann hlaut þau, þá væri hann ver staddur en hann er nú. Jeg sje nú ekki annað en að miklar líkur sjeu til þess, að hið sama gildi einnig um Norðfjörð.

Endaði svo hv. frsm. ræðu sína með

svipuðum orðum og fyrri ræðuna, að hann hefði það á tilfinningunni, að Norðfjörður fengi síðar þessi rjettindi. Jeg vil sjá, sagði hann, hvort kaupstaðurinn muni ekki halda áfram að vaxa í framtíðinni, og þá verður ekki hægt að spyrna broddunum móti kaupstaðarrjettindum hans.

Jeg sje nú ekki annað en að við sjeum í þessari hv. deild annarsvegar að viðurkenna sanngjarna rjettarbót, en svo hinsvegar að neita henni. Hv. frsm. (EP) komst um eitt skeið í ræðu sinni inn á samfærslu embætta. Það getur vel verið, að eitthvað megi færa saman, en það hefir gengið illa hingað til. Jeg held, þótt jeg hafi ekki vit á því, að það gangi illa, með þeirri stefnu, sem nú er í tollmálum þjóðarinnar, að fækka tollþjónum og minka lögregluefirlitið. Hinsvegar gæti komið til mála, ef lögregluvald og dómsvald yrði aðskilið, að fækka mætti dómurum, en lögregluefirlit og tollgæsla mun tæplega mega minka frá því sem er, þarf miklu fremur að aukast, ef tollskipunin verður framvegis í því horfi, sem hún nú er.

Jeg læt nú sitja við það, sem jeg hefi þegar sagt í þessu máli, og vona, að hv. deild líti sanngjarnari augum á þetta mál en hv. allshn.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg skal ekki fara að þræta um þetta mál frekar, en það er aðeins ein athugasemd við það, sem hv. þm. (IP) sagði. Hann virtist hneykslast á því, að jeg sagði, að ef Norðfjörður hjeldi áfram að vaxa, þá yrði ekki hægt að spyrna á móti broddunum eða neita honum um kaupstaðarrjettindi, og setti það í samband við Seyðisfjörð.

Jeg vil nú segja það, að við sjeum ekki færir um að sjá fram í tímann, hvernig þetta muni ráðast. En jeg geri ráð fyrir því, að ef svipaðar aðstæður verða á Austurlandi framvegis, og verið hafa, þá geti farið svo, að kaupstaður þessi stækki, en það byggist þó vitanlega aldrei á öðru en sjónum eða sjávaraflanum. En það er engin áreiðanleg vissa fyrir því, að afli geti ekki brugðist þar. En fari svo, að aflinn bregðist, verður vitanlega Norðfjörður að draga saman seglin eins og sjerhvert sjávarþorp annað, sem svo fer fyrir.

Háttv. flm. (IP) hjelt því fram, að kaupstaðarrjettindin myndu hafa í för með sjer blómgun og þróun Norðfjarðar, hverjar sem ytri aðstæðurnar yrðu. Þetta held jeg að sje ekki allskostarrjett, enda má sýna fram á með skýru dæmi, að svo er ekki, því að eftir að Siglufjörður fjekk þessi rjettindi, hætti honum að fara fram. En áður en hann fjekk þessi rjettindi, hafði hann blómgast, vitanlega af því, að hinar ytri kringumstæður voru þá góðar. En svo, nokkru eftir að hann fjekk rjettindin, kom aflahnekkir, og þá hætti hann að blómgast. Það getur vel farið svo, að Norðfjörður blómgist, en hann getur líka rýrnað.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að þræta meir um þetta. Nefndin hefir lagt fram í nál. sínu skoðun sína og leggur þetta mál annars á vald þessarar hv. deildar. Vitanlega ber nefndin ekki ábyrgð á því, sem jeg hefi hjer sagt, þótt jeg hinsvegar voni, að orð mín hafi ekki komið að neinu leyti í bága við skoðun hennar á þessu máli. Legg jeg því málið í hendur hv. deildar, og verður hún sjálf að bera ábyrgð á því, hvernig fer um það.

ATKVGR.
1. gr. frv. feld með 7 : 4 atkv.
Forseti lýsti frv. fallið.

4. Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Á 19 fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 88).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg geri það að tillögu minni, að frv. fái, að þessari umr. lokinni, að ganga til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 165 og 195).

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Eftir frv. þessu, þegar það kom hjer inn á þing á þskj. 88, er gert ráð fyrir því, að hafnarsjóður Reykjavíkur skuli hafa lögveð fyrir öllum gjöldum, sem um ræðir í 10. gr. hafnarlaganna, og sektum samkvæmt 17. gr., og fyrir skaðabótum, sem skipum kann að vera gert að greiða fyrir skemdir á hafnarvirkjunum. Meiri hl. allshn. vildi ekki ganga inn á frv., ekki síst vegna ákvæðisins um skaðabæturnar. Þær geta numið stórfje, og ef svona er ákveðið skilyrðislaust, er að áliti meiri hl. veðunum stofnað í of mikla óvissu. En nú er einmitt svo mikið undir því komið, að veð í skipum sjeu ekki sett í óvissu, því þau eru svo þýðingarmikil fyrir viðskiftin. Meiri hl. allshn. leggur því til, að frv. verði felt.

Jeg vil geta þess, að meðan allshn. var að afgreiða þetta mál, var hafnarstjóri Reykjavíkur ekki í bænum. Nú er hann nýlega kominn heim, og þegar hann sá, hverja afgreiðslu þetta mál hafði fengið, kom hann til viðtals við nefndina, og tjáði hún honum ástæðurnar fyrir því, að svona hefði farið. Þá sagði hann, að fyrir sjer væri það aukaatriði, sem nefndin hefði út á frv. að setja, og hefði hann tekið það inn í frv. eiginlega í gáleysi, og væri sjer ekkert kappsmál að fá þessi gjöld inn í lögin, heldur aðeins hin beinu hafnargjöld. Ef frv. hefði komið svo úr garði gert til allshn., hefði jeg getað verið hlyntur því, og hygg jeg, að það mundu fleiri hafa verið.

Minni hl. allshn. (JBald) hefir fært frv. í það horf, sem hafnarstjóri vill vera láta, og er það á þskj. 195, og get jeg lýst því yfir, að um þá till. eru atkv. meiri hl. óbundin.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. meiri hl. (JK) hefir nú skýrt, hvernig í því liggur, að brtt. mín á þskj. 195 er fram komin. Þegar frv. var samið, voru tekin upp í það öll þau gjöld, sem hugsanlegt er, að Reykjavík þyrfti að innheimta hjá skipum, meðal annars

fyrir skemdir á hafnarvirkjunum, en eins og hv. frsm. meiri hl. (JK) tók fram, taldi hafnarstjóri það aukaatriði fyrir sjer, því að venjan er sú, að þau skip, sem gera skemdirnar, hafa vátryggingafjelög á bak við sig, sem greiða skaðabætur. Hitt álítur hafnarstjóri að sje mikilsvert, að hafnarsjóður fái lögveð fyrir hinum beinu hafnargjöldum, því að komið hefir það fyrir, að Reykjavíkurhöfn hefir tapað á því að láta hjá líða að innheimta gjöldin, þ. e. a. s. kyrsetja skipin þangað til gjöldin væru greidd. Þetta er ekki eingöngu fyrir hafnarsjóð gert, heldur er það líka til hægðarauka fyrir útgerðarmenn.

Brtt. mín á þskj. 195 færir nú frv. í það horf, sem mjer skilst, að meiri hl. allshn. hafi fallist á. Vil jeg þá vænta þess, að hv. deild samþykki hana. Jeg hefi að vísu ekki borið mig saman við hv. meðflutningsmenn mína (JakM og MJ), en jeg hugsa, að þeir vilji fara eftir áliti hafnarstjóra um þetta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki bregða fæti fyrir þetta mál að sinni, en jeg vil mælast til þess, að hv. allshn. athugi fyrir 3. umr., hvort ekki muni athugavert að veita það lögveð, sem um er að ræða í frv., einkum vegna þess, að löggjöfin um sjóveð í skipum er eins á öllum Norðurlöndum, og stefnan er sú, að þannig verði meðal allra þjóða.

Út af þeirri skoðun hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að betra gæti verið að lofa skipunum að fara út, gegn því að hafnarsjóður eigi lögveð í skipunum, vil jeg geta þess, að jeg tel mjög athugavert að hrúga á skip lögveðum, enda hefir þetta aðeins þýðingu fyrir íslensk skip, því að ef erlendum skipum er slept, verður að sækja þau erlendis, og þá er sjóveðið lítils virði, en jeg vil, að það komi greinilega fram, að ekki sje meiningin, að skip sjeu liðin um hafnargjöld í því trausti, að lögveð sje fyrir þeim. Slíkt mundi spilla fyrir lánum út á skip, og stefnan gengur í alla staði í þá átt, að takmarka þessi lögveð. Þetta vildi jeg biðja hv. allshn. að athuga fyrir 3. umr. og eins hvort samskonar lögveð og frv. ráðgerir muni þekkjast á Norðurlöndum. Jeg hygg, að svo muni ekki vera.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg tel sjálfsagt, að allshn. athugi fyrir 3. umr. löggjöfina um sjóveð í skipum, eins og hæstv. atvrh. (MG) hefir farið fram á. En út af því, sem hann sagði, vil jeg geta þess, að aldrei verða lögveð látin hrúgast á skipin. Það er aðeins þegar skipin þurfa að fá afgreiðslu á þeim tíma, þegar erfitt er að ná inn gjöldum hjá þeim, að þessu ákvæði er beitt. Jeg held ekki, að þetta sje neitt hættulegt, enda kemur það alls ekki til mála með stærri skip, t. d. togara. Þeir hafa skrifstofur í landi, og gjöldin eru greidd jöfnum höndum. Um erlend skip er það að segja, að þau yrðu látin greiða sín gjöld áður en þau færu. Það liggur í hlutarins eðli, að það er skipunum til mikilla hlunninda að kyrsetja þau ekki, hvernig sem á stendur, en gjöldin verða innheimt jöfnum höndum, þegar það er hægt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil biðja hv. þdm. að athuga, að hjer er verið að fjölga lögveðum á skipum, en nú er svo komið, að þau eru fleiri en þau mega vera. Vegna allra þessara lög- og sjóveða er nú nær því ómögulegt fyrir banka að lána út á skip.

Þetta, að bankarnir geta varla skoðað skipsveð sem tryggingu lengur, þrengir mjög að útgerðarmönnum og gerir þeim allar lántökur til rekstrar útgerðinni mun erfiðari en áður var.

Legg jeg því á móti þessu frv.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil aðeins benda á, að um leið og við göngum inn á þessa braut, að veita Reykjavík þessi rjettindi, þá getum við ekki neitað öðrum kaupstöðum, sem hafa hafnarreglugerðir og hafnargjöld, um þenna sama rjett til sjóveðs í skipum. Slík tilmæli mundu áreiðanlega koma fyrir næsta þing. Vil jeg biðja hv. þdm. að athuga þetta.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil segja hv. þm. N-Ísf. (JAJ), að þótt þetta frv. verði ekki samþ., verður það ekki til neins ljettis fyrir útgerðina, því að hún verður að borga þessi gjöld hvort sem er. — Hv. þm. sagði, að eftir því, sem lögveðum fjölgaði, yrðu skipin óveðhæfari. Það er auðvitað rjett, en hjer er um sáralitlar fjárhæðir að ræða, að eins nokkra tugi króna, sem varla geta spilt fyrir veðhæfinu. En það, sem mest eykur óvissuna í þessum efnum og gerir það að verkum, að nær ómögulegt er að fá lán gegn veði í mótorbátum, er það, að á hvaða tíma sem er getur komið fram krafa frá sjómönnum á skipinu, jafnhá eða hærri en skipið er vert. — En það gæti komið sjer mjög illa fyrir skipin, ef Reykjavíkurhöfn gerði það, sem hún hefir rjett til, og gengi hart eftir, því að eftir gildandi lögum hefir hún haldsrjett í skipunum. Er það því alveg eins þeim til ljettis eins og byrðar, að láta lögveð í skipunum.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sagði, að það gæti vel komið fyrir, að aðrir kaupstaðir kæmu á eftir og heimtuðu þessi sömu rjettindi, en það er alls ekki sambærilegt, þegar það er athugað, hve mikið fje hefir verið lagt í höfnina hjerna og hve hún er mikið fullkomnari en allar aðrar.

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson: Jeg vil fara fram á það við hv. þingdeild, að hún vildi lofa þessu máli að fara til 3. umr., svo að nefndinni gefist kostur á að athuga það betur.

Það er ekki rjett, að þetta geti kallast rjettarbót fyrir Reykjavík, því að ef höfnin vill beita þeim rjetti, sem hún hefir, þá á hún haldsrjett á skipunum. En það væri óneitanlega nokkuð hart að gengið að kyrsetja skip, ef skipstjóri getur ekki greitt hafnargjöldin þegar í stað. Þetta er því einungis trygging fyrir hafnarsjóð, ef hann sleppir bát út án þess að fá greidd sín gjöld. Annars vil jeg aðeins mælast til þess, að frv. verði gefinn kostur á að komast til 3. umr.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil upplýsa það, að eins og nú er ástatt, eru gjöldin til annara hafna en Reykjavíkur jafnrjetthá og til hennar. T. d. hefi jeg hjer fyrir mjer reglugerð fyrir Ísafjarðarhöfn, þar sem ákveðið er, að hún hafi haldsrjett í skipum fyrir gjöldum sínum. En þegar ein höfn fær lögveð í skipunum, er óhjákvæmilegt, að aðrar hafnir fái það einnig. Jeg vil aðeins benda á þetta til athugunar, en hefi annars ekki ákveðið, hvernig jeg nota atkvæði mitt í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 195 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 12 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 31. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 244, 256).

† **Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson):** Jeg á breytingartillögu á þingskjali 256, sem fer fram á það, að frv. þetta nái ekki til sekta samkv. 17. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað. Það er óeðlilegt að láta lögveð ná til sekta og tíðkast hvergi. Annars vil jeg lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún er klofin um þetta mál. Sumir vilja, að frv. gangi fram eins og það er nú, aðrir vilja fella það. En jeg hugsa, að þeir sjeu fleiri, sem vilja samþykkja frv. með þessari brtt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hreyfði því við 2. umr. þessa máls, hvort hv. nefnd vildi ekki athuga, hvort samskonar ákvæði og þessi ættu sjer stað í öðrum löndum. Jeg hefi lítinn tíma haft til þess að grenslast eftir þessu sjálfur, en þó hefi jeg komist að raun um, að ekki muni vera hliðstæð dæmi annarsstaðar. Tel jeg því mjög vafasamt að samþykkja þetta, þar sem reglur um lögveð í skipum eru alþjóðlegar og í okkar sjólögum eru nákvæmar reglur settar, þær sömu og eru fyrir öll Norðurlönd. En ef sú venja verður tekin upp að safna saman þessum gjöldum, verður það til þess að rýra veð í skipum, og bankarnir mundu þá síður vilja lána út á þau. Í frv. er ekkert tekið fram um, hvar í röðinni þetta lögveð eigi að vera. Þau ganga eftir vissum reglum, t. d. gengur mannakaup á undan öðrum lögveðum. En það er sem sagt ekkert tekið fram um þetta í frv.

† **Pjetur Ottesen:** Jeg get að miklu leyti skírskotað til orða hæstv. atvrh. (MG). Meirihl. allshn. er á móti frv., eins og nál. ber með sjer. Frv. hefir að vísu breytst dálítið, en þó stendur enn það ákvæði, sem margir nefndarmenn voru sjerstaklega á móti að yrði samþykt. Það hefir verið bent á, að sjálfsögð afleiðing af, að Reykjavík fengi þessa heimild, yrði sú, að aðrir kaupstaðir vildu fá hana líka, og eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram, yrði þetta til þess, að bankarnir vildu síður lána út á skip. Kaupstaðirnir mundu ekki vera eins á verði með að innheimta gjöldin, og þau mundu safnast saman. Mín aðstaða í málinu er því óbreytt eftir sem áður.

† **Frsm minni hl. (Jón Baldvinsson):** Eins og hæstv. atvinnumálaráðherra (MG) mintist á, skaut hann því til nefndarinnar að athuga, hvort ákvæðin í frv. þessu væru samkvæmt því, sem tíðkast á Norðurlöndum. Nefndin hefir ekki haft tök á að rannsaka þetta, en eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi leitað mjer, mun þetta ekki vera í lögum í Danmörku, en þrátt fyrir það, þarf ekkert að vera því til fyrirstöðu, að þetta frv. verði samþykt. Þó gott geti verið að „dependera“ af Dönum í ýmsu, getum við vel verið án þess hvað þetta snertir. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hann teldi varasamt að samþ. frv. Jeg

get ekki sjeð, að svo sje, þegar búið er að sníða af þá ágalla, sem í því voru. Annars skilst mjer, að það geti ekki verið neitt sjerstakt kappsmál fyrir Reykjavíkurhöfn að fá þetta, því að höfnin hefir strangar reglur til innheimtu að fara eftir, ef hún vill beita þeim. En mjer þykir undarlegt, þegar hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og hv. þm. Borgf. (PO) eru að leggja á móti þessu frv., því að einmitt bátar úr þeirra hjeruðum hafa hagnað af, að það verði samþykt. Einmitt væri þetta þægilegt fyrir mótorbáta. Þeir koma hingað á öllum tímum sólarhrings, og höfnin getur haldið bátunum, þangað til gjaldið er greitt, en þá þarf oft að bíða, þar til búið er að opna banka eða síma á daginn. Ef höfnin notar sinn strangasta rjett, sje jeg ekki annað en að það komi harðast niður á bátunum. Þess vegna er frv. fram borið, að hafnarstjóri álítur, að ef það yrði samþykt, mundi vera fengin liðlegri afgreiðsla fyrir bátana. Auk þess er hjer ekki um neina verulega fjárhæð að ræða, sem gæti rýrt veð í skipunum. Þessi gjöld eru mjög lág og mundu aldrei fara fram úr 25 krónum.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ekkert væri tekið fram um það í frv., hvar í röðinni þetta lögveð ætti að vera. Auðvitað kæmi það næst á eftir hinum, sem búið er að ákveða. Hv. þm. Borgf. (PO) lagði áherslu á, að allshn. hefði verið á móti frv. í upphafi. Það er rjett, en hv. þm. (PO) veit, að eftir að frv. hefir verið svona breytt, hefir breytst afstaða nokkurra manna. Það er því ákaflega hæpið hjá hv. þm. Borgf. (PO), að meiri hluti nefndarinnar sje á móti því nú.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, mundi ekki vera hjer um nein stór skip að ræða. Togararnir hafa skrifstofur í landi og mundu greiða gjöldin jöfnum höndum. Hvað viðvíkur erlendum skipum, fá þau ekki sína pappíra hjá lögreglustjóra, fyr en þau hafa sýnt kvittun frá hafnargjaldkera. Verði frv. felt, hlýtur höfnin að beita sínum ströngustu reglum viðvíkjandi greiðslu, og getur hún þá ekki sett fyrir sig, þó að skip eða bátar verði fyrir tapi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ágætt að heyra það af vörum hv. frsm. og hv. flm., að ekki þarf að samþykkja þetta frv. vegna Reykjavíkurhafnar, því að hún hefði annan betri rjett. En nú hafa þeir, sem tala máli mótorbátaeigendanna, verið á móti frv., og þess vegna þarf ekki að samþykkja það þeirra vegna. Hverra vegna á þá eiginlega að samþykkja það? Hv. flm. (JBald) segir, að gjöldin mundu aldrei fara fram úr 25 krónum. Á þá að stofna lögveð fyrir þetta? Þá er orðið lítið verkefni þessa frv. og betra að láta það ekki fara lengra en komið er. Þessi gjöld mótorbátanna eru svo lág, að svo að segja engum er ofvaxið að útvega þá upphæð á svipstundu. Mótorbátaeigendur hafa ekki óskað eftir þessu, enda er frv. ekki eingöngu bundið við mótorbáta. Viðvíkjandi því, hvar í röðinni þetta lögveð ætti að vera, gaf hv. flm. (JBald) ekki neitt ákveðið svar. Lögveðunum er skift í flokka þannig, að ekkert kemur í 2. flokki, ef 1. flokkur er ekki greiddur að fullu, o. s. frv.

Pjetur Ottesen: Jeg tel óþarfa að karpa meira um þetta. Jeg lít svo á, að sje þetta ekki athugunarvert gagnvart útlendum skipum, þá sje það líka einskisvirði fyrir Reykjavík. Út frá því, sem

hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að þetta kæmi hart niður á bátunnm, vil jeg taka það fram, að það kemur aðeins hart niður á bátum, sem ekki borga. Það stendur í greinargerð frv., að Reykjavík hafi tapað vegna þess, að hún hafi ekki beitt haldsrjetti sínum. Jeg hefi nú við höndina yfirlýsingu frá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), sem um eitt skeið var gjaldkeri hafnarinnar hjer, að engin töp hafi orðið í hans tíð á hafnargjöldum. Og núverandi gjaldkeri, Sigurður Þorsteinsson, segir, að það sje rangt, að höfnin hafi tapað vegna þess, að fallið hafi niður greiðslur fyrir báta. Hefir því ekki þurft á haldsrjettinum að halda, og jeg er ekki hræddur um, að þess muni þurfa, því að bátunum hefir ekkert farið aftur með að standa í skilum með gjöld sín, og jeg álít, að óhætt sje með báta, sem hjer eru daglegir gestir, þótt greiðsla fjelli niður eitt skifti, því að það mætti innheimta hana daginn eftir.

†**Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson):** Það er alveg óþarfi að vera að þrátta meira um þetta mál, en jeg vil þó enn leiðrjetta þann misskilning, sem fram hefir komið, að óþarft sje að samþykkja frv. vegna þess, að hafnarsjóður hafi ekki tapað enn neinu. Hann hefir einmitt nýlega tapað gjaldi af 2 bátum, að mig minnir, sem urðu gjaldþrota. Og þetta tap var því að kenna, að hann neytti ekki haldsrjettarins. Þess vegna held jeg, að ef Reykjavík yrði synjað um þessa rjettarbót, þá yrði hafnarstjórn strangari í þessum efnum og mundi leita haldsrjettarins. Annars legg jeg ekki kapp á, að þetta frv. verði að lögum. Hafnarstjóri hefir líka sagt, að fáist ekki þessi rjettarbót tekin í lög, þá verði hann að neyta þess rjettar, sem hafnarsjóður nú hefir, en hvort það yrði affarasælla fyrir viðskiftamenn hafnarinnr, skal ósagt látið.

†**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):** Hæstv. atvinnumálaráðh. (MG) sagði, að af minni ræðu væri það ljóst, að ekki þyrfti að samþykkja frv. vegna neinna aðilja. Þetta er útúrsnúningur, því að þótt jeg segði, að hafnarstjóri og hafnarnefnd gætu á annan hátt náð þessu gjaldi en með haldsrjetti, þá er vitanlegt, að þeir vilja haga sjer sem viturlegast og lipurlegast, til þess að sú innheimta geti farið sem best úr hendi. Þess vegna eru það þægindi fyrir höfnina að fá þessi lög. En þau eru ekki sett til þess að fyrirbyggja, að höfnin tapi gjöldum, þess þarf ekki, því að hafnarstjóri getur beitt lögum til þess að ná þeim inn. En það er hins vegar gert vegna viðskiftamannanna, að fá þennan viðauka tekinn í lög.

Jeg er á sama máli og hæstv. atvrh. (MG) um það, að þessi gjöld sjeu vanalega lítil og þess vegna ekki vont að ná þeim inn, en það getur staðið svo á, að menn eigi erfitt með að ná í þessar krónur. (**MJ:** Um miðja nótt t. d.). Jeg býst við því, að ef t. d. bátur frá Sauðárkróki væri hjer og þyrfti nauðsynlega að sigla fyrir fótaferðatímann, að formaðurinn myndi kinoka sjer við að fara að lemja upp á hjá ráðherranum, til þess að fá einar 25 kr. (**MG:** Nei, nei). Jeg býst við, að hann vildi bíða til kl. 10 að morgni, að ráðh. væri kominn í Stjórnarráðið (**MJ:** Þeir hafa misskilið frv. Lofum þeim að drepa það). Mjer skildist, að hv. þm. Borgf. (P. O.) hafi neitað því, að bærinn hafi tapað. Það er nú áreiðanlega víst, að höfnin hefir tapað, en hafnarstjórn vill koma í veg

fyrir, að höfnin tapi, einmitt með þessum lögum, og hann vill láta vera að gera viðskiftamönnum sínum harðræði samkvæmt núgildandi lögum. Annars var hv. þm. Borgf. (PO) að linast; hann sagði, að það mætti innheimta daginn eftir, ef bátar hefðu farið án þess að borga. Það er nú alls ekki víst, að hann komi daginn eftir, a. m. k. er ólíklegt, að bátur, sem kemur að næturlagi, komi næsta dag. Auk þess getur það komið fyrir, að bátur verði gjaldþrota, skipverjar eigi lögveð í honum, svo að gjöld hans til hafnarinnar komist alls ekki að.

Pjetur Ottesen: Það er aðeins ein setning. Jeg vil benda hv. þm. á það, út frá því, sem sagt var um töp hafnarinnar, að komnar eru upplýsingar frá hv. þm. V.-Sk. (JK) um það, að í 11 ár hafi einungis tapast gjöld af 2 bátum. Þetta sýnir ljóslega, hversu gersamlega óþörf þessi lagasetning er. (**JK:** Jeg sagði, að það hefði n ý l e g a tapast af 2 bátum).

ATKVGR.
Brtt. 256 samþ. með 12 : 1 atkv.
Frv., svo breytt, felt með 14 : 6 atkv.

5. Verslunarbækur.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslunarbækur (þmfrv., A. 30).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru teknar fram í greinargerðinni, og sje jeg ekki ástæðu til, á þessu stigi málsins, að endurtaka þær eða bæta neinu við það, sem þar er sagt. Jeg vænti þess, að málið fái að ganga til 2. umr., og legg til, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst hálfpartinn á þessu frv., eins og hv. flm. (HStef) gangi út frá því, að það sje ósamrýmanlegt lögunum frá 1911, að hafa þessar sjerstöku viðskiftabækur, sem frv. ræðir um og alment eru kallaðar „kontrabækur". En mjer skilst af annari grein þeirra laga, að það sje ekkert því til fyrirstöðu, að samrit í slíkar bækur sje látið í tje, og jeg skal taka það fram, að mjer er kunnugt um, að ýmsar verslanir hafa slíkar viðskiftabækur. Jeg man eftir því, að jeg hafði sjálfur eina slíka viðskiftabók meðan jeg var á Norðurlandi, og jeg hefi til skamms tíma haft slíka bók frá verslun hjer í bænum. Mjer skilst því, að tæpast muni vera þörf á þessu frv., svo framarlega sem kaupmenn vilja láta viðskiftamönnum sínum þær í tje, en að flestir aftur á móti nota svonefndar tvíritunarbækur, kemur til af því, að það er minni fyrirhöfn. Jeg vildi aðeins skjóta þessu fram, án þess að jeg vilji á nokkurn hátt mótmæla þessu frv., en jeg lít svo á, að lögin frá 1911 sjeu því ekki til fyrirstöðu, að „kontrabækur" sjeu notaðar.

Flm. (Halldór Stefánsson): Út af ræðu hæstv. atvrh. (MG) vil jeg taka það fram, að jeg hygg, að verslanir telji sjer ekki skylt að láta slíkar viðskiftabækur í tje. Jeg kannast við það, að sumir hafa með frjálsu samkomulagi

getað fengið þessar bækur, en ekki allir. En ef svo er, að eftir lögunum frá 1911 sje skylt að láta þessar bækur í tje, þá er frv. óþarft. Væntanleg nefnd mun taka það til athugunar, hvort um skýlaus fyrirmæli er að ræða eða ekki, og sker þá úr um skilning á þessu atriði. Og ef álitið verður, að um skyldu sje að ræða, þá hefir náðst það, sem ætlað var með þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 73).

† **Frsm. (Árni Jónsson):** Nefndin hefir athugað frv. þetta, og eins og nál. ber með sjer, hefir meiri hl. hennar komist að þeirri niðurstöðu, að það sje fremur til bóta, að það fái fram að ganga. Í sjálfu sjer er þetta smámál og því litlu við það að bæta, sem um það er sagt í greinargerð frv. og nál.

Eins og kunnugt er, þá eru viðskifti manna út um land að mestu reikningsviðskifti. Þessvegna er það nauðsynlegt, að þeim sje hagað á þann hátt, að viðskiftamennirnir geti með hægu móti haft eftirlit með þeim og sjeð sem oftast, hvernig þau standa. En á þessu hefir tíðum orðið misbrestur; frumbókarafritin, sem viðskiftamennirnir fá, vilja stundum glatast eða velkjast svo, að þau verða ólæsileg með öllu. Aftur á móti hafa hinar svonefndu „kontrabækur" sífelt tíðkast, en enginn lagastafur fyrir því, að þær hafi sama rjett og frumbókarafritin. Víðast hvar hefir engin tregða verið á því, að verslanir tækju upp þessar „kontrabækur", þegar viðskiftamenn óskuðu þess, án þess þó að þeir ættu heimting á því. En verði frv. þetta að lögum, þá eiga viðskiftamennirnir heimting á því. Að vísu skal það játað, að þetta fyrirkomulag hefir aukið starf í för með sjer fyrir verslanirnar, en ætlast er til, að á móti því komi sú trygging viðskiftamönnunum til handa, sem frv. gerir ráð fyrir.

Einn nefndarmaður, hv. þm. V.-Sk. (JK), hefir ekki getað orðið okkur hinum samferða, og mun hann gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

†**Jón Kjatansson:** Eins og drepið er á í nál. hefi jeg ekki getað átt samleið með þeim meðnefndarmönnum mínum, sem leggja til, að frv. fái fram að ganga, og er aðalástæðan sú, að verði frv. þetta að lögum, eykur það mjög störf hjá verslunum útum landið. Lögin um verslunarbækur frá 1911 hafa fengið allmikla reynslu og gefist vel. Þar sem jeg þekki til sveitaverslana, hefir aðferðin verið sú, að öll viðskifti hafa verið skráð í frumbók. Frumbókin er þannig útbúin, að hvert blað er tvöfalt, og þegar skráð er í hana, er settur „kalkerpappír" á milli, svo nákvæmlega sama kemur út á öðru blaðinu, sem skráð var á hið fyrra. Fær viðskiftamaðurinn svo annað blaðið. Í höfuðbók er fært einungis númer frumbókar og upphæð viðskiftanna.

Nú er gert ráð fyrir því í 10. gr. laga um verslunarbækur, að frumbókin ein hafi sönnunargildi, og skilst mjer því, að með frv., þótt það verði samþ., verði ekki hægt að losna við frumbókina. Hjer er því um mikið aukastarf að ræða,

ef innfæra á öll viðskiftin einnig í viðskiftabók.

Hins vegar vil jeg undirstrika það, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði við 1. umr. þessa máls, að alstaðar væri um þá sanngirni að ræða meðal verslunarmanna, að ef einhver viðskiftamanna þeirra óski eftir að fá viðskifti sín færð í „kontrabók", þá muni engin fyrirstaða á því, enda banna lögin það ekki. En með því að skylda þetta með lögum, getur það valdið ýmiskonar rugli ngi og stórum aukið vinnu hjá verslunarmönnum að nauðsynjalausu, en það er fyrir mjer aðalatriðið.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en leyfi mjer að skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), hvort hann lítur ekki svo á, að frumbókarinnar sje þörf eftir sem áður, þó að frv. verði að lögum. Mjer skilst, að það sje mótsögn í frv., sem naumast geti staðist, þegar sagt er, að viðskiftabókin eigi að hafa sönnunargildi. Eftir lögunum að dæma er það aðeins frumbókin, sem kemur til greina í því efni.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 15 : 1 atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A 30).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 30).

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 262).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta litla frv. er borið fram í hv. Nd. og gekk þar fram breytingalaust. Nefndin hefir nú athugað það, og eftir hennar áliti á frv. að ganga fram óbreytt og verða að lögum. Það er ekki hægt að neita því, að frv. þetta gerir nokkra bót á því ástandi, sem nú er, samkv. lögum frá 1911. Því að það hefir nú reynst svo, að þótt þau ættu að bæta úr því fyrirkomulagi, sem var þar á undan, hefir það verið að ýmissa áliti erfitt fyrir viðskiftamenn síðan að hafa eftirlit með því, hvernig viðskiftin standa í þann og þann tíma, því eftir núgildandi lögum fær viðskiftamaðurinn samrit af frumbókinni á lausum blöðum, einu eða fleirum, eftir því hve mikið er verslað í hvert skifti. Mun reynslan verða sú hjá mjög mörgum, að þeir eru ekki nógu passasamir um að halda þessum blöðum saman. Svo þegar menn fá reikninginn, sem ekki mun vera nema á árs fresti, víða á landinu, þá er meira og minna týnt af þessum samritum. Það er því óhægt að glöggva sig á því, hvort reikningurinn sje rjettur eða ekki.

Verði nú þetta frv. samþ., þá er miklu hægra að sjá viðskiftin á hverjum tíma. Og þess vegna lítur nefndin svo á, að frv. sje til bóta. En fyrirkomulagið verður þó auðvitað mjög líkt og það var áður en lögin frá 1911 voru samþykt.

Jeg hygg jeg þurfi ekki að taka fleira fram, en vísa að öðru leyti til greinargerðar hv. flm. með frv., er háttv. deildarmenn munu hafa kynt sjer.

Einar Árnason: Það getur verið, að þetta frv. sje ekki sjerlega viðsjárvert. En að minsta kosti er það ekkert nauðsynjamál. Mjer er ekki alveg ljóst, hvort þessar viðskiftabækur, sem hjer er talað um, eigi að vera tvíritunarbækur, eða eins og gömlu „kontrabækurnar" áður fyr. Mjer skilst, að ef þetta verður í því formi, þá þurfi að bókfæra úttektina í höfuðbókina jafnframt, alt, smátt og stórt. Og þá skilst mjer þetta vera nokkuð aukin vinna við verslanir, sem færi fram jafnframt viðskiftum, og hljóti að tefja bagalega fyrir allri afgreiðslu.

Það er aðeins þessi litla athugasemd, sem jeg vildi gera viðvíkjandi þessu óljósa og þarflitla frumv.

Björn Kristjánsson: Jeg er sammála hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að það geti orðið miklu meira verk að framkvæma viðskifti, ef frv. þetta verður að lögum.

En jeg stóð upp aðallega til þess að spyrja hv. nefnd, hvort það sje meiningin, að frv. eigi aðeins að ná til kaupmannaverslana, en ekki til kaupfjelaga, eða hvorstveggja. Í frv. stendur aðeins verslana.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Út af því, sem þessir tveir hv. deildarmenn hafa tekið fram, vil jeg taka það fram, að nefndin lítur svo á, að þetta eigi ekki að vera tvíritunarbækur, heldur samskonar bækur og gömlu „kontrabækurnar" voru. Náttúrlega er ekki hægt að neita því, að þetta þýðir aukna fyrirhöfn fyrir verslanir. En því síður er hægt að neita hinu, að það sje tryggilegra gagnvart viðskiftamönnunum og betra en nú er.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. G.-K. (BK) spurði um, hvort þetta ætti aðeins að gilda fyrir verslanir, en ekki kaupfjelög, þá lítur nefndin svo á, að þetta gildi að sjálfsögðu fyrir kaupfjelög líka. Því að þau eru líka verslanir, ef þau hafa opna sölubúð (**BK:** Hvort sem er). Já, að vísu, en það er þó nokkuð annað. En sannast að segja töluðum við ekki um þetta sjerstaklega í nefndinni. En þetta er mín skoðun, og tel jeg alveg víst, að nefndin geri ekki ráð fyrir öðru en að telja það sjálfsagt, að lögin nái einnig til kaupfjelaga.

Þó að þetta sje nú dálítil fyrirhöfn, held jeg, að ekki sje sjerstök ástæða til að setja það fyrir sig. Og þeir, sem eru ánægðir með það fyrirkomulag, sem er, gera að öllum líkindum ekki verslunum þeim, sem þeir skifta við, neina erfiðleika með þessu.

Það verður ekki hægt að neita því, að þegar menn fá þessi samrit á mörgum lausum blöðum, sem verða mesti fjöldi yfir árið, þá eru menn yfirleitt ekki svo reglusamir að hafa alt víst, þegar reikningurinn kemur. Og fyrir mitt leyti held jeg, að lögin frá 1911 hafi verið síður en svo framför í þessum efnum.

ATKVGR.:
Frvgr. samþ. með 8 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IHB, IP, JóhJóh, JM, JJ, SE, EP, GuðmÓ.

nei: JJós, BK, EÁ, GunnÓ, HSteins.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

†**Jóhann Jósefsson:** Jeg greiddi atkv. á móti því, að þetta mál færi til 3. umr., og ætla jeg að gera grein fyrir ástæðum fyrir því, að jeg álít það ekki þannig vaxið, að nauðsynlegt eða heppilegt sje, að það verði gert að lögum.

Með lögunum um verslunarbækur frá 1911 var fyrirskipað það fyrirkomulag á frumbókarfærslunni, sem þótti og sýnist vera það rjettasta, að það, sem væri innfært og úttekið, væri þannig fært, að bæði kaupmaðurinn og viðskiftamennirnir hefðu hvor sitt samrit. Svo er og gert, þegar ritaðar eru tvíritunarbækur, að þá hefir viðskiftamaðurinn frumritið, en verslunin hefir samritið. Þetta fyrirkomulag nýtur líka lagaverndar eftir 10. gr. laganna, þar sem tekið er fram, að sje skuldar krafist, skuli það, sem skrifað er í frumbókina, hafa sönnunargildi, ef engin sjerstök atvik gera bókunina grunsamlega.

Það er alkunna, að ekki halda allir vel saman nótum sínum eða samriti, og er eðlilegt, að þar fari eitthvað forgörðum, en margir halda þeim þó saman, og þótt nóta hafi tapast, á viðskiftamaðurinn aðgang að versluninni til þess að yfirlíta reikning sinn og fá að vita um þau atriði, sem vanta, og er mjög fljótlegt að sjá það, þótt nótan sje töpuð.

Í ástæðunum fyrir frv. er sagt, að reynslan hafi ekki svarað til tilætlunarinnar með lögunum, að gera viðskiftin trygg. Það er nú alt af svo, að þótt eitthvert fyrirkomulag sje innleitt, þá kann reynslan að verða sú, að það svari ekki altaf alveg til þess, sem til var ætlast. En þó hygg jeg, að reynslan hafi hjer svarað vel til þess, sem var til vænst, enda þótt menn geti trassað að halda í samritin. Með frv. er farið fram á það, að fastir viðskiftamenn geti krafist þess, að fá sundurliðuð viðskifti sín í „kontrabækur". Í hinu daglega lífi er það svo, að einstöku menn vilja jafnframt hafa þessar bækur, og þekki jeg engin dæmi til þess, að viðskiftamönnum sje neitað um þær, þekki engin dæmi til þess, að nokkur verslun vilji ekki láta í tje þessar bækur, ef viðskiftamaðurinn óskar þess. Og mjer skilst, að það atriði verði eftir sem áður að standa, að skrifuð sje frumbók og gefið samrit. En eftir frv. yrði algengt að hafa viðskiftabækur. Yrði þá að tvírita þær, og væri mikil verkatöf fyrir verslanir að skylda þær til þess. Jeg er viss um, að engan lagastaf þarf að hafa um þetta, viðskiftin byggjast á beggja gagni, og þeir, sem vilja hafa „kontrabækur" geta auðveldlega fengið þær. Sje nú skrifuð frumbók samkvæmt lögunum frá 1911 og ennfremur „kontrabók" eins og frv. ætlast til, þá er alls ekki útilokað, að eitthvað geti misritast í aðra hvora, að viðskiftabók og frumbók beri ekki saman. En eftir lögunum á frumbókin meiri rjett á sjer. En hjer gæti komið til álita, hvort nokkur af þessum bókum ætti fullkominn rjett á sjer. Sje jeg því eigi, að það hafi nokkra þýðingu að samþ. þetta frv., sem þó verður að játa, að er meinlaust og gagnslaust. Jeg álít ennfremur enga þörf fyrir það, að

lögfesta þetta fyrirkomulag, því að þótt því sje haldið fram í greinargerð frv., að það eigi að tryggja betur rjett viðskiftamannanna, þá er reynslan sú hjá þeim, sem þekkja lánsverslanir, að ekki sje fremur hægt að fyrirbyggja villur með viðskiftabók en frumbók. Hjer er því aðeins um það að ræða, að lögbjóða aukaskriffinsku, sem tryggir á engan hátt betur rjett viðskiftamannanna en það fyrirkomulag, sem nú er. Sje jeg því ekki, að frv. sem þetta hafi átt nokkurt erindi inn í þingið, og sje ekki neina ástæðu til þess, að það setji svona lög. Að vísu eru á einstaka stað menn, sem vilja hafa viðskiftabækur, og þeir fá þær, en víðast hvar, sem jeg þekki til, er það svo, að þótt menn hafi fengið viðskiftabækur, þá hefir stundum gleymst að hafa þær með, þegar fram í sótti, og hafa þær þá ekki trygt betur rjett viðskiftamanna en hin lögleidda frumbókarfærsla. Greiði jeg því atkv. á móti þessu frv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. Vestm. (JJós) hefði ekki þurft að segja seinustu orðin, því að hann greiddi atkv. móti þessu frv. við 2. umr. En þessi ræða hv. þm. hefir ekki getað sannfært mig um það, að þetta frv. sje fráleitt. **(JJós:** Jeg sagði, að það væri gagnslaust). **(GunnÓ:** Og eiginlega óhafandi). Þessu bætir nú þessi hv. þm. við. Jú, hann kallaði frv. óheppilegt og til einskis nýtt.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að hver hefði sitt samrit og ekki væri nauðsynlegt að glata þeim. En ástæða mín er sú, að samritin tapast oft af lausum blöðum. Og jeg held því fram, að fleiri geti týnt samritinu en verstu trassar. Þá sagði hv. þm., að frv. væri óþarft, vegna þess að hægt væri að fá „kontrabækur" hjá verslunum, ef aðeins væri beðið um þær. Þá játar hann líka, að frv. sje nauðsynlegt. En er það víst, að verslanirnar vilji gera það? Það hefir ekkert komið ennþá fram frá háttv. þm., sem sýni, að þær myndu láta þessar bækur í tje, þótt þess væri óskað. Það sýnir sig nú, að þeir, sem andmæla frv., vilja vegna fyrirhafnarinnar, sem af frv. myndi leiða, vera lausir við það. Og þótt smámenni færu að ympra á því, að fá bækur yfir viðskifti sín, þá býst jeg við því, að þeir sjeu ekki sumir neitt keppikefli fyrir kaupmenn vegna viðskiftanna, svo að ekki væri alveg víst, að þeir fengju rétt sinn. **(JJós:** Því þá?). Þá sagði þessi sami hv. þm., að oft gæti farið svo, að „kontrabækur" gleymdust heima og viðskiftamaðurinn væri ekki með þær, þegar hann tæki út, og gæti þá orðið lítið gagn að þeim. Út af þessu vil jeg segja það, að þótt svona gæti farið í eitt skifti, myndi maðurinn líta eftir því, ef bókina vantaði, hvað í reikning hans hefði verið skrifað, og setja á sig, hvað hann tæki út, og sjá um, að það kæmi ekki fyrir oftar, að bókina vantaði. En það er leiðinlegt að vera að þrátta um það við fullorðna menn, hvort betra sje að halda vísri einni bók heldur en mörgum smásneplum. Eftir allan mótblásturinn á móti, vegna fyrirhafnarinnar, sem leiða myndi af frv., segir hv. þm., að ekki megi samþ. það vegna rjettar viðskiftamannanna. En nú er frv. einmitt mikil rjettarbót fyrir þá, eins og sýnt hefir verið. Jeg býst við því, að frumbækurnar sjeu ekki altaf gott sönnunargagn hjá einstökum verslunum og eiga heldur ekki að vera það, nema þær sjeu vel færðar. Og ef nóturnar tapast, þá er ekki gott að hafa

eftirlit með því, hvað skrifað hefir verið í þær. Það er auðsjeð, að viðskiftamenn þessa hv. þm. eru kaupstaðarbúar, en ekki sveitamenn, því að þá myndi hann ekki vera á móti þessu sjálfsagða frv.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) heldur, að jeg andmæli frv. af því, að jeg sje verslunarmaður. Það er aðeins af almennum ástæðum, að jeg er á móti því, nfl. þeim, að jeg álít það eintóman hjegóma. Jeg vil ekki þreyta hv. deild með því að fara að koma með dæmi frá verslunum og úr daglega lífinu, eins og jeg gæti, til þess að sýna, að villur leiðrjettast frekar með frumbók en viðskiftabók. Dæmin eru deginum ljósari, því að í frumbók, eins og hún er haldin, er skrifað eins og fyrirskipað er, ekki aðeins nafn viðskiftamannsins, heldur líka nafn mannsins, sem tekur út. (**GuðmÓ:** Jeg er hissa á því, að hv. þm. er altaf að líta í lögin). Það getur þá í vissum tilfellum verið leiðarvísir í því, að líka er skrifað nafn mannsins, sem veitt hefir vörunum móttöku. Felst því minni trygging í fyrirkomulagi því, sem hv. þm. vill innleiða, en í því, sem lögboðið er.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. Vestm. (JJós) segir, að þetta fyrirkomulag leiðrjetti villur, sem kæmust inn í frumbókina! Mjer líst nú ekki á það, ef villur eru í henni! En eiga nokkrar villur þar að vera? Er hv. þm. ekki kaupmaður? Mjer finst það hálfskrítið, að hann lítur altaf í lögin við alt, sem hann svarar mjer, svo að hann er eftir því ekki neitt sjerlega vel að sjer í þeim, þótt kaupmaður sje.

Jeg geri lítið úr leiðrjettingum, sem fást með þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Jeg hygg, að þær muni verða þjettar fyrir þær villur í frumbókinni, sem leiðrjetta á. Þá hjelt hv. þm. því fram, að það væri ekki hægt að skrifa nafn þess, sem við tæki, í „kontrabækurnar", en það er vel hægt, þótt samritið sje í sjerstakri bók. Jeg vænti þess, af því að hv. þm. Vestm. (JJós) er kaupmaður og er svona ókunnugur þessum lögum, þá sjáist, að ekki muni miklu góðu slept, hvað hann og líklega fleiri stjettarbræður hans snertir, þó fyrirkomulaginu sje breytt.

Jóhann Jósefsson: Jeg verð að halda fast við það, sem jeg hefi áður sagt, að frv. þetta sje með öllu gagnslaust, þótt segja megi kannske líka, að það sje meinlaust. En jeg álít, að það sje hlutverk þessarar hv. deildar að sía úr það óþarfasta af því frumvarpavastri, sem fyrir Alþingi kemur, og í þeirra tölu tel jeg þetta frv.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir leitt, að stjórnin skuli ekki vera hjer viðstödd, því að jeg hafði hugsað mjer að spyrja hæstv. atvrh. (MG) að því, hvort stjórnin mundi gera það að fráfararatriði, ef þetta frv. yrði ekki samþykt, því að mjer virðist þetta vera eitt af stórmálum þeim, sem hjer liggja fyrir. Jeg vil samt gera grein fyrir aðstöðu minni í þessu máli. Mjer finst hjer kenna nokkuð mikillar skriffinsku. Jeg greiddi atkv. með frv., en tók það fram, að jeg gerði það til 3. umr., því að jeg vildi gefa hv. deild kost á að kynna sjer málið. En nú mun jeg greiða atkvæði á móti því. Jeg held, að hjer sje aðeins að ræða um aukna skriffinsku,

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hefði nú ekki þráttað lengur við hv. þm. Vestm. (JJós) um þetta mál, ef hann hefði ekki endað ræðu sína svo fagurlega sem hann gerði. Hann talar um, að hlutverk þessarar hv. deildar sje að sía frv. Nd. Hjer var frv. vísað til allshn., og jeg held, að hún hafi athugað það fult eins vel og hv. þm. Vestm. Jeg held því, að frv. þetta hafi gengið í gegnum venjulega síu hjer í deildinni, en það hefði kannske átt betur við að nota hv. þm. Vestm. fyrir síu, en ekki allshn.

Hv. 1. landsk. (SE) leit til mín, er hann hjelt sína merkilegu ræðu, því verð jeg að geta hennar. Hann stóð upp til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu, slíkar ræður eru venjulega hjegómi. Ræða þessa hv. þm. var engin undantekning frá því. Hún var einber hjegómi.

ATKVGR.
Frv. felt með 8 : 5 atkv.

6. Skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36, 14. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (þmfrv., A. 292).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Eggert Pálsson): Eins og tekið er fram í greinargerð frv., er það borið fram eftir ósk stjórnar Prestafjelagsins. Ástæðan er sú, að á Prestafjelagsfundinum síðasta kom fram till., sem var samþ., um að borin yrði fram slík breyting, sem hjer er farið fram á. Lög þessi eru orðin mjög gömul, nær 20 ára. Þar er svo ákveðið, að dagpeningar safnaðarfulltrúa, sem sækja hjeraðsfundi, sjeu 3 kr. Þegar þetta ákvæði var sett 1907, þá býst jeg við, að það hafi þótt sæmileg þóknun fyrir þetta starf. Nú svara þesar 3 kr. varla nema til 50—70 aura þá, svo hefir gildi peninga breytst mikið. Og þó býst jeg við, að ef stungið hefði verið upp á 1 kr. 1907, hefði það þótt smánarboð. Það liggur því í hlutarins eðli, að ef menn álíta, að þetta verk eigi að borga á annað borð, þá hljóti að eiga að hækka borgunina að auratali frá því, sem var áður, eins í þessu tilfelli og í öllum öðrum. En það verður ekki hægt að telja annað en sjálfsagt, að borgað sje eitthvað fyrir þessi störf sem hver önnur nefndarstörf, úr því að starfið er lögskipað. Væri starfið ekki lögskipað, en hjeraðsfundir haldnir af eigin hvöt safnaðanna sjálfra, þá kæmi náttúrlega ekki til mála að vera að ákveða með lögum sjerstakt gjald. En þar sem löggjafarvaldið hefir einu sinni skipað þannig fyrir, að hver sókn skuli senda safnaðarfulltrúa á hjeraðsfund, þá ber því líka skylda til þess að sjá um, að þeir fái sómasamlega þóknun fyrir þetta starf sitt.

Jeg hefi hækkað þessa þóknun um helming, í 6 kr., með það fyrir augum, að sýslunefndarmönnum er greitt það kaup nú. Og það má segja, að þetta starf sje mjög hliðstætt, því að ferða-

lög á hjeraðsfundi og sýslufundi eru í sjálfu sjer nokkuð svipuð, því að það er nú einu sinni þannig, að það mun í flestum tilfellum saman fara, sýsluskifting og prófastsdæma. Hitt er auðvitað, að störf hjeraðsfundamanna taka ekki eins langan tíma eins og sýslunefndarmanna.

Það er dálítið vikið við orðum í seinni hluta málsgreinarinnar frá því, sem var í lögunum. Hjer er það tekið fram, að söknarnefndir jafni niður á atkvæðisbæra menn í sókninni þessu gjaldi, þar sem söfnuðurinn hefir ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar. Þar sem aftur á móti er svo ástatt, þarf ekki að koma með ný ákvæði, því að það er skýrt tekið fram í lögunum frá 1907, að þetta greiðist úr kirkjusjóði. Annars er þetta mál svo einfalt, að jeg geri ráð fyrir, að hver einasti hv. þm. hafi áttað sig fullkomlega á því. Það veltur ekki á öðru en því, hvort menn vilja hækka þessa þóknun um 3 kr. eða ekki. Þessvegna finst mjer málið þannig vaxið, að það geti ekkert grætt við það að fara til nefndar. En þar sem nú er áliðið þingtímans, þá álít jeg fyrir mitt leyti rjettast, að þessu máli verði vísað nefndarlaust áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Forseti (HSteins): Flm. hefir ekki talið þörf á, að málið færi til nefndar; og ef ekki kemur fram ósk um það frá öðrum hv. þdm., þá mun jeg ekki bera það undir atkv.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., fimtudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 292).

Á 56 fundi í Nd., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 292, n. 395).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg býst ekki við því, að það taki langan tíma að ræða þetta mál, því að það er tiltölulega einfalt og ræðir aðallega um laun þau, sem safnaðarfulltrúar eiga að fá, þegar þeir eru utan heimilis síns vegna hjeraðsfunda.

Jeg vil benda hv. deild á það, að á þskj. 292 er frv. eins og það var borið fram í hv. Ed., ásamt greinargerð, sem gerir glegst skil á þessu máli,

Allshn., sem hefir haft málið til meðferðar, er því ekki öll fylgjandi, eins og sjest, ef athugað er þskj. 395, en meiri hl. hennar hefir þó ekki sjeð ástæðu til þess að synja málinu um framgang, og leggur hann til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hefi jeg svo ekki meira um þetta að segja, vildi aðeins skýra frá vilja meiri hluta.

Umr. frestað, þar eð deildin var ekki ályktunarfær.

Á 64 fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. felt með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BL, HK, JakM, JAJ, JK, JörB, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: ÁJ, ÁÁ, HStef, IngB, JBald, JS, JÞ, KlJ, MG, MT, ÓTh, SvÓ.

Fjórir þm. (BSt, BJ, ÞórJ, BSv) fjarstaddir.

7. Tilbúinn áburður.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um tilbúinn áburð (þmfrv., A. 98).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. nú, þótt málið sje merkilegt. Jeg bar þetta frv. fram í fyrra, og fylgdi því þá rækileg greinargerð, og get jeg látið mjer nægja að vísa til þess. Jeg vil aðeins minna á, að á búnaðarþingi, sem þá var nýafstaðið, var þessu vel tekið, og á þingmálafundum víðsvegar um land hafa verið gerðar ályktanir um þetta efni. Jeg skal ekki orðlengja um það, hve nauðsynlegt er, að bændur hafi greiðan aðgang að því að nota þennan áburð og fái hann ódýran, nje heldur um það, hversu sjálfsagt það er, að hið opinbera veiti sinn styrk til þess og greiði fyrir því. Jeg álít, að hjer standi mjög svipað á og þegar gaddavírslögin voru fyrst sett. Við getum allir verið sammála um, að það er gott og gagnlegt að geta á einhvern hátt bætt úr áburðarskortinum. Jeg hefi breytt dálítið fyrirkomulaginu frá því, sem það var í fyrra, eftir bendingu frá hv. 2. þm. Skagf. (JS). En jeg get lýst yfir því, að ef menn geta bent á heppilegri leiðir en hjer er farið fram á, þá er jeg fús á að fylgja því, því að fyrir mjer vakir ekkert annað en ráða fram úr þessu á einhvern heppilegan hátt, og að bændur geti fengið hagkvæm kjör á þessum áburði, sem er eitt af undirstöðuatriðum í ræktun landsins. Jeg skal geta þess hjer, að jeg mun gefa nefndinni upplýsingar um það, að aðstaðan með áburðinn hefir breytst frá því í fyrra, með því að ein þýðingarmesta áburðartegundin er komin í hendur einkaverslunar hjer í bænum, og það meðal annars rekur á eftir því, að nú sje eitthvað gert í málinu. Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til landbúnaðarnefndar.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki tefja tímann lengi. Jeg vildi aðeins geta þess,

að þetta frv. reynir að ráða bót á ástandi því, sem nú er, og er tilraun til að tryggja notendum lægra verð á áburðinum en nú er. En jeg verð því miður að játa það, að þetta frv. ræður ekki nema að litlu leyti bót á því öngþveiti, sem þetta mál er komið í í höndum Búnaðarfjelagsins. Það er alkunna, enda drap hv. flm. (TrÞ) á það í ræðu sinni, að ein besta áburðartegundin er í höndum einkaverslunar hjer í bænum og komst þangað með svo undarlegum hætti, að fá eru dæmi til slíks. Það var talsvert talað um þetta í fyrra, og þá upplýstist, að Búnaðarfjelagið hefir hingað til haft umboðið, en svo kemur það á daginn, að framkvæmdastjóri þess hefir afsalað þessum rjetti í hendur einkaverslunar, þvert ofan í vilja Búnaðarþingsins og án vitundar Búnaðarfjelagsstjórnarinnar. Það er full ástæða til þess að taka þetta mál til ítarlegrar athugunar, því að jeg álít, að hjer sje um stórfelt brot að ræða. Það má undarlegt heita, ef ekki er hægt að ná aftur einkaumboðinu frá þessu firma, þegar það er fengið með slíkum hætti. Búnaðarfjelagið átti að hafa það, og það þarf ekki að lýsa því, hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir landbúnaðinn, þegar þess er gætt, að þetta sama verslunarhús er einnig búið að ná einkasöluumboði fyrir Ísland á flestum hinum áburðartegundunum líka. Missir umboðsins fyrir Norsk hydro er því háskalegt atriði, því að meðan umboðið var í höndum slíkrar stofnunar, gat hún ráðið verðinu og verndað notendur fyrir okri.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get þakkað hv. 2. þm. Skagf. (JS), hversu vel hann hefir tekið þessu máli nú eins og í fyrra. Það gæti verið ástæða að fara langt út í mál það, sem hann minntist á, en jeg vil ekki að svo stöddu draga það inn í þingið, en mun gefa nefndinni skýrslu um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj atkv.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var málið aftur tekið til 2. umr. (A. 98, n. 365).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Nefndin hefir nú haft þetta mál með höndum alllengi, og stafar það mjög af því, að hún hefir leitast við að afla sjer góðra gagna um málið. Bæði hefir hún fengið munnlegar skýrslur frá stjórn Búnaðarfjelagsins og framkvæmdastjórum þess og frá þeim mönnum, sem um þessi mál hafa fjallað. Ennfremur hefir stjórn Búnaðarfjelagsins afhent nefndinni ýms skjöl, sem snerta málið. Hefir nefndin gert sjer far um að rannsaka alt þetta sem best, og er nefndarálitið einskonar niðurstaða af þeirri rannsókn. Get jeg því að mestu vísað til þess og skjalanna, og skal jeg aðeins drepa á örfá atriði til skýringar.

Það er nú svo komið, að víða úti um land er vaknaður áhugi fyrir túnasléttum og nýræktun. Ber fyrst og fremst tvent til þess, hin mikla fólksekla í sveitinni og hið háa kaupgjald. Hefir það opnað augu manna fyrir nauðsyn

túnræktunarinnar. Það berst oft í tal meðal bænda, að það þurfi að sljetta meira og auka heyskapinn. Þegar jeg hefi hlustað á þessar viðræður, hefir vanalega komið eitt svar: Jeg gat ekki meira, af því að mig vantaði áburð. Það er áburðarskorturinn, sem er mestur þrándur í götu ræktunarinnar. Auðvitað eru til ýmsar leiðir til að bæta úr þessu, en hjer á ekki við að tala um nema eina. — Þessar aðrar leiðir eru t. d. að hirða vel áburðinn, nota kol til eldsneytis o. fl. En svo er ein leið, sem altaf verður að fara áður en lýkur, að nota tilbúinn áburð. Það er varla hægt að segja, að hann hafi verið notaður hjer fyr en á allra síðustu árum. Árin 1921 og 1922 voru ekki fluttar inn nema örfáar smálestir af tilbúnum áburði, en árið sem leið var það nálægt 500 smálestum. Þessi hraðfara vöxtur bendir á, hverja þýðingu þetta muni hafa fyrir grasræktina. Þessi áburður mun mest hafa verið notaður í kringum kaupstaðina, sakir þess að þar er hægast um flutninga og verðið hæst fyrir afurðirnar. Þar munu menn og fyrst hafa komist upp á að nota tilbúinn áburð, sakir þess að þar voru fyrst notaðir til fulls allir aðrir möguleikar.

Eins og menn geta sjeð, er útlit fyrir, að tilbúinn áburður muni hafa stórmikla þýðingu hjer á landi. Þessvegna er mikil þörf á því að gera áburðinn ódýrari og sjá fyrir því, að ekki sje lagt á hann um skör fram. Til þess eru aðallega tvær leiðir: Í fyrsta lagi að lækka flutningsgjöldin, og í öðru lagi að sjá um, að hæfilega sje lagt á áburðinn. Flutningsgjöldin hafa verið afarhá undanfarið, 60 kr. — danskar held jeg — fyrir smálestina, en lækkuðu síðasta ár niður í 25 kr.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að ríkissjóður taki á sig að greiða flutningsgjöldin. Nefndin hefir eigi sjeð ástæðu til þess, af því að þau eru nú orðin svo lág, að þau gera áburðinn lítið dýrari. Auk þess fanst okkur sumum, að það væri einskonar ölmusubeiðni frá okkur bændum, að fara þess á leit. Hitt leggjum við áherslu á og beinum því til hæstv. atvrh. og stjórnar Búnaðarfjelagsins, að alt sje gert, sem hægt er, til að fá flutningsgjöldin sem lægst, svo að áburðurinn verði sem minst dýrari á þeim höfnum, þar sem millilandaskipin koma ekki. Jeg geri ráð fyrir, að Eimskipafjelag Íslands muni sýna fullan skilning á þessu, þar sem það er undirstaðan undir ræktun landsins.

Þá kem jeg að hinu höfuðatriðinu, að álagningin sje hæfileg. Á undanförnum árum hefir Búnaðarfjelag Íslands haft á hendi einkasölu á Noregssaltpjetri og jafnan falið öðrum að fara með hana. Þetta telur nefndin vera hið ákjósanlegasta skipulag. Með þessu móti getur stjórn Búnaðarfjelagsins alveg ráðið verðinu, en fjelagið þarf ekki að binda sjer neina bagga með því að eiga sjálft við verslunina. En það hefir nú því miður farið svo, að þessu er ekki lengur til að dreifa. Fyrir atvik, sem nánar er skýrt frá í nál. landbn., og jeg hirði eigi að telja hjer upp, hefir Búnaðarfjelagið mist úr hendi sjer þessi yfirráð, og er nú svo komið, að firmað Nathan & Olsen hefir náð í alla verslun með Noregssaltpjetur og annan kalksaltpjetur hjer á landi, og ræður það nú alveg verðinu. Því fremur er ástæða til að harma þetta, sem þessi saltpjetur hefir ýmsa kosti fram yfir annan tilbúinn köfnunarefnisáburð. Því virtist

nefndinni komið í óvænt efni, og sá hún eigi annað ráð vænna til að tryggja notendum áburðarins, að eigi verði okrað á honum, heldur en heimila stjórninni einkasölu. Þó sá nefndin ekki ástæðu til að láta heimildina ná til nema köfnunarefnisáburðar, því að verslunin með aðrar tegundir er á fleiri höndum, og má þar vænta heilbrigðrar samkepni. M. a. hefir Mjólkurfjelag Reykjavíkur mikla sölu á áburði, og mun óhætt að treysta því, að það leggi ekki á hann um skör fram. En jafnframt því, sem nefndin leggur til, að þessi heimild sje veitt, skorar hún á stjórn Búnaðarfjelagsins og atvrh. að gera alt til þess að ná aftur umboði frá þeim verksmiðjum, sem framleiða þennan saltpjetur, eða öðrum, sem kunna að vera í uppsiglingu. Því að eins og brtt. okkar bera með sjer, kemur heimildin aðeins til greina, ef slíkt skipulag kemst ekki á. Það er engan veginn óhugsandi, að þetta megi takast, eða að atvrh. geti komist að þeim samningum við Nathan & Olsen, sem telja megi aðgengilega. Engu að síður vill nefndin halda fast við sínar tillögur til öryggis, ef alt samkomulag færi út um þúfur og enginn árangur yrði af tilraun Búnaðarfjelagsins til að ná aftur umboðinu. Um önnur atriði sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða, en vísa aðeins til nál., enda mun það vera nægilega skýrt.

✕ **Tryggvi Þórhallsson:** Mjer þykir að öllu athuguðu rjett að þakka hv. nefnd að nokkru leyti fyrir afgreiðslu málsins, þótt jeg hefði kosið hana mjög á annan veg. Hún er þó að minsta kosti betri en í fyrra, því að þá dagaði frv. uppi hjá nefndinni. Að vísu verður varla sagt, að afgreiðslan hafi verið mjög fljót nú, því að nú eru 40 dagar síðan frv. fór til nefndar. Þess skal þó getið, að hún hefir afgreitt það frá sjer fyrir nokkrum dögum, enda þótt það hafi eigi komist fyr á dagskrá. En það verður varla sagt, að hv. nefnd hafi verið mjög mjúkhent við frv. mitt, því að nú er víst ekkert orðið eftir nema ein grein og orðið „áburður“, og þó er búið að takmarka það nokkuð.

Hv. landbn. hefir gengið að einu leyti lengra, en um tvent skemra, en jeg. Lengra að því leyti, að hún vill, að með þann áburð, sem á annað borð lendir undir opinberri verslun, verði einkasala. Því fer fjarri, að jeg hafi nokkuð við þetta að athuga, en jeg vildi ekki bera það fram, sakir þess að jeg hjelt, að fyrir meiri hl. þessarar hv. deildar væri það frum-boðorð að vera á móti einkasölu, hverju nafni sem nefnist. Jeg er ekki í þeim hóp, sem ekki þolir að heyra einkasölu nefnda, og get um þetta verið sammála nefndinni. Um þetta hefir nefndin farið lengra en jeg. Jeg hugði raunar, að svona marki mætti ná með öðru móti, en geri það þó ekki að ágreiningsatriði.

Þá hefir nefndin í tvennu farið skemra en jeg vildi. Jeg lagði til í fyrra og nú aftur, að ríkið gerði ráðstafanir til, að áburðurinn yrði með sama verði á öllum höfnum landsins, og álít tiltækilegast að gera það svo, að ríkið sæi fyrir flutningnum. Það, sem lá til grundvallar fyrir þessu, var nauðsyn á því, að bændur lærðu að nota áburðinn, eða það sama eins og þeim gekk til, sem fluttu gaddavírslögin forðum. Sá jeg, að fullur skilningur á þessu kom fram í hv. nefnd. En það get jeg alls eigi viðurkent, sem fram kom í orðum háttv. frsm. (JS), að þetta eigi skylt við

ölmusugjafir. Þetta er eigi annað en kensla og auglýsing, til þess að koma af stað stórfeldum framförum í ræktun landsins, og er eins fjarskylt betli eins og allar slíkar ráðstafanir. Mjer þykir mjög leitt, að hv. landbn. hefir eigi getað fallist á þessa till. mína. Því að eins og jeg er sannfærður um, að það er gaddavírslögunum mjög að þakka, hve mikið nú er búið að girða af túnum og öðru landi hjerlendis, eins er jeg viss um, að þetta frv., ef að lögum yrði, mundi auka stórkostlega ræktun landsins.

Þá er það og á öðru sviði, sem nefndin fer mjög mikið skemra en jeg gerði í frv. mínu. Jeg vildi, að skipulagið næði til alls áburðar, útlends og innlends, en hv. nefnd vill einskorða það við eina tegund, — að vísu þá þýðingarmestu, — köfnunarefnisáburð. Þarna fer nefndin mun skemra, og þykir mjer það leitt, því að þar með þrengist enn gagnið, sem að þessu hefð orðið. Hygg jeg þessa þrengingu að mörgu leyti óviturlega. Afleiðingin af því, að Búnaðarfjelag Íslands eða hæstv. landstjórn tæki að sjer söluna, yrði eflaust sú, að lestuð yrðu sjerstök skip til að flytja áburðinn hingað. Þá er ljóst, að best hefði verið að geta flutt aðrar tegundir tilbúins áburðar á hina sömu staði um leið. Annars gæti komið fyrir, að menn næðu ekki í nema þessa einu tegund. Og það hygg jeg, að bæði hv. frsm. (JS) og aðrir viti, að getur verið stórhættulegt. Þetta er að vísu besta áburðartegundin, en sje hún notuð einsömul, getur það orðið til þess, að tappa úr jarðveginum ýms efni, sem nauðsynleg eru, og að endingu eyðilagt hann mjög. Getur þá farið svo eftir nokkur ár, að uppskera bregðist gjörsamlega. Þó má vera, að þessi uggur minn sje ástæðulítill.

Um þessi tvö atriði þykir mjer nefndin hafa gengið of skamt, og vildi jeg auðvitað heldur halda fast við mínar till. En mjer er það fullljóst, að hjer á jeg ekki völina milli þess, hvort jeg fái mitt frv. eða hv. nefndar, heldur hvort jeg vil frv. nefndarinnar eða ekki neitt. Þar sem það er þó spor í áttina, mun jeg greiða till. hv. landbn. atkv., því betri er ein kráka í hendi en tvær í skógi.

Geri jeg ekki ráð fyrir að þurfa að segja mikið meira um þetta mál, en vil að lokum geta þess, að hv. landbn. sneri sjer til stjórnar Búnaðarfjelagsins um upplýsingar í þessu máli. Gaf hún hv. nefnd skýrslu í þessu máli, og ennfremur fjekk hún rækilega skýrslu frá einum starfsmanni fjelagsins, sem hefir kynt sjer þetta mál mjög rækilega erlendis, af hálfu stjórnar Búnaðarfjelagsins.

Stjórn Búnaðarfjelagsins taldi sjer skylt að láta í tje þær upplýsingar, sem henni var unt, og gerði sjer far um að segja sem hutlausast frá. Hefir háttv. nefnd fengið þær upplýsingar, sem hún óskaði, og tel jeg víst, að hún muni standa fyrir svörum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki hafa á móti frv. hv. landbn., því að jeg lít svo á, að það sje alveg nýtt frv. Skilst mjer, að ástæðan til þess, að hv. nefnd hefir nú komist að þessari niðurstöðu, sem er gagnstæð niðurstöðu hennar í fyrra, muni vera sú, að breyting hefir orðið á áburðarverslun inni. Nú er verslunin á Noregssaltpjetri sem segt komin í hendur eins firma, í stað þess að í fyrra hafði Búnaðarfjelagið umsjón yfir versluninni.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hv. landbn., hvort það sje hennar vilji, að stjórnin taki að sjer einkasölu á þessum áburði, þótt hægt verði að fá hann með kjörum, sem landstjórn og stjórn Búnaðarfjelagsins telja aðgengileg. Þessari spurningu vonast jeg til að hv. frsm. (JS) svari.

Þá langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Str. (TrÞ), sem jafnframt er formaður stjórnar Búnaðarfjelagsins, hvað stjórn þess fjelags hafi gert í málinu frá því búnaðarþingi sleit, þar til breytingin varð á versluninni með Noregssaltpjetur.

Jeg sje það af nál., og af fundargerð búnaðarþingsins í fyrra, að það hefir þá samþykt svohljóðandi ályktun:

„Búnaðarþingið beinir því til stjórnar Búnaðarfjelagsins, að hún hlutist til um, að Búnaðarfjelagið hafi á hendi umboð framvegis, um kaup á erlendum áburði."

Nú vil jeg spyrja hv. þm. Str. (TrÞ), með tilvísun til laga Búnaðarfjelagsins, sem segja, að formaður stjórnar Búnaðarfjelagsins beri ábyrgð á því, að ályktunum búnaðarþingsins sje framfylgt, hvað hann hafi gert til þess að framkvæma þessa ályktun búnaðarþingsins.

× **Klemens Jónsson:** Jeg ætla að feta í fótspor hæstv. atvrh. (MG) og beina nokkrum fyrirspurnum til hv. landbn. Jeg hefi nú verið nokkuð riðinn við Alþingi síðustu 30 árin full, en minnist þess ekki að hafa sjeð nál. svipað því, sem hjer er fram komið frá háttv. landbn. Þar eru bornar sakir á utanþingsmann, framkvæmdastjóra Búnaðarfjelags Íslands, er telja má trúnaðarmann fyrst og fremst fjelagsins og þar næst Alþingis og stjórnarinnar í búnaðarmálum. Það er sagt um hann, að hann hafi „af ástæðum, sem ekki eru kunnar, slept, að því er virðist viljandi, þvert ofan í samþykt búnaðarþingsins, einkasölu þeirri, er Búnaðarfjelagið hefir haft á Noregssaltpjetri." Ennfremur er sagt, að hann hafi dulið fjelagsstjórnina þess nær hálft annað misseri. Nú vil jeg spyrja hv. frsm. landbn. (JS) að því, hvort ekki er hægt að fá að vita ástæðurnar, sem voru þess valdandi, að framkvæmdarstjórinn slepti þessari einkasölu úr höndum Búnaðarfjelagsins. Þetta hefir mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn íslenska. Það er ekki sama, hvort Búnaðarfjelagið eða kaupmaður hefir áburðinn í einkasölu. Það má gera ráð fyrir því, að Búnaðarfjelagið útvegi áburðarnotendum besta fáanlegt verð á áburðinum, en því sama er ekki hægt að búast við af kaupsýslumanni eða firma, og er heldur ekkert við því að segja. Það er ekki nema eðlilegt, þó það reyni að hafa einhvern hag af sölunni. Með því að jeg er fulltrúi fyrir landbúnaðarkjördæmi, þá finst mjer jeg eiga heimting á að vita, hvað gerst hefir í þessu máli, til þess að geta svarað spurningum frá kjósendum mínum um þetta efni, er jeg kem til fundar við þá. Jeg álít hjer komnar fram svo alvarlegar kærur á hendur framkvæmdastjóranum, að hann eigi að sæta viðurlögum, ef þær eru sannar, t. d. víkja honum frá. Jeg veit ekki, hvort orðin í nál. benda til þess, að slíkt sje í ráði, þar sem sagt er, að nefndin gangi út frá því, að Búnaðarfjelagið hafi fleiri framkvæmdastjórum á að skipa, er treysta megi. Sem sagt, ef hann er sannur að sök, þá á hann að bæta fyrir, en ef hann er saklaus, þá á hann

að fá að koma vörnum fram og fá upprreist, og nefndin er þá skyld að veita honum hana. Jeg vil fá að vita eitthvað um þetta, og jeg hugsa, að það sjeu fleiri þm. hjer en jeg, sem hafa furðað sig á þessu og þyki þetta nokkuð illa upplýst. Jeg vil því mælast til þess, að hv. frsm. landbn. (JS) gefi þær upplýsingar hjer, sem honum þykir fært, en ef þær eru þess eðlis, að honum þyki ekki hlýða að koma með þær hjer opinberlega, þá fái þm. þó að minsta kosti að heyra þær af vörum nefndarinnar.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal byrja á því að svara hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Honum þótti hörð orð sögð í nál. En alt, sem þar stendur, er bygt á skýrslu Búnaðarfjelagsins og skjölum, sem lágu fyrir nefndinni. Jeg skal ekki neita því, að þetta eru hörð orð, en því miður held jeg, að þar sje ekkert of mælt. Það er talað um í nál., að framkvæmdastjórinn hafi líklega gert þetta viljandi. Það þori jeg óhræddur að standa við. Þá er þess og getið, að hann hafi dulið Búnaðarfjelagsstjórnina þessa nær hálft annað misseri. Því viðvíkjandi get jeg vísað til þeirra upplýsinga, sem nefndin hefir fengið. Umboðinu var slept 7. mars 1925, en Búnaðarfjelagsstjórnin fær ekkert að vita um það fyr en 15. desember sama ár. Hún er látin skifta áburðinum milli notendanna og veit ekki annað en Búnaðarfjelagið hafi umboðið. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta hjer, en er fús á að gefa einstöku þm. upplýsingar um þetta, og þeir geta að sjálfsögðu fengið að sjá skjöl þau og skilríki, sem fyrir nefndinni hafa legið. Að því er snertir orðin í nál., að nefndin gangi út frá því, að Búnaðarfjelagið hafi þeirri framkvæmdastjórn á að skipa, sem treysta megi, hvort beri að skilja þau svo, að þessum manni skuli vikið frá, þá skal jeg geta þess, að nefndin hefir hvorki vald til þess að halda manninum nje reka hann. Það atriði er á valdi stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, hún er þar rjettur aðili, og vísast um þetta efni til hennar. Formaður hennar getur svarað því. Jeg skal aðeins geta þess fyrir mína hönd persónulega, að jeg álít, að það geti ekki komið til mála að fela manni, sem slíkt hefir orðið á, framkvæmdastjórn áburðarsölunnar. Aðra framkvæmdastjórn skal jeg ekkert tala um.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að háttv. flm. frv. (TrÞ), þótt þess gerist varla þörf, því að við erum í raun og veru sammála. Hann hefði þó viljað, að nefndin hefði sjeð sjer fært að ganga lengra, aðallega á þann hátt, að ríkissjóður greiddi allan flutningskostnað áburðarins. Hann sagði, að þetta væri bæði kensla og auglýsing. En jeg hygg, að koma mætti þeirri kenslu fyrir á margfalt ódýrari hátt fyrir ríkissjóð. Ef t. d. Búnaðarfjelagið hefði á hendi verklegar leiðbeiningar með að nota tilbúinn áburð. Það gæti og komið til mála, að í afskektari hjeruðum, þar sem tilbúinn áburður er lítið notaður, væri heitið verðlaunum fyrir góða framgöngu í þessum efnum, eða ýta á einhvern annan hátt undir menn að nota hann. Þetta mundi verða ódýrara heldur en ef ríkisjóður greiddi allan flutningskostnaðinn. Auk þess er aðstaðan svo góð í Reykjavík og grend, bæði um verð afurða og margt annað, að það er með öllu ástæðulaust, að ríkissjóður borgi flutningskostnað fyrir búendur þar.

Hæstv. atvrh. (MG) spurðist fyrir um skoðun nefndarinnar, ef tilboð fengist um hæfilegt verð á áburðinum, sem stjórn Búnaðarfjelagsins og atvinnumálaráðuneytið vildi ganga að. Jeg hefi ekki átt tal um þetta við nefndina, en jeg get svarað fyrir mína hönd, að jeg get ekki gert mig ánægðan með það, þótt sæmilegt verð næðist í bili, ef ekki er trygging fyrir því, að það haldist í framtíðinni. Það væri hugsanlegt, að sæmilegt verð næðist fyrir eitt ár eða svo, meðan verið er að losna við ákvæði þessa frv., en svo mundi verða hugsað til að færa sig upp á skaftið á eftir. Jeg álít, að æskilegast sje að ná fulltryggu umboði, svo hægt sje að ráða verði áburðarins og sjá um, að ekki sje okrað á honum.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst ekki við því, að þurfa að taka aftur til máls í þessu máli. Jeg gat að vísu búist við, að eitthvað mundu verða dregin inn í umræðurnar þau tíðindi, sem gerst hafa í máli þessu og á er drepið í nál., en jeg bjóst ekki við að þurfa að tala. Jeg á ekki sæti hjer sem formaður stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, heldur sem þingmaður Strandamanna. Jeg lít svo á, að jeg eigi að standa reikningsskap gerða minna sem formaður Búnaðarfjelags Íslands við hv. landbúnaðarn. Það hefi jeg gert. Landbúnaðarn. hefir óskað eftir skýrslu frá mjer og meðstjórnendum mínum. Jeg hefi komið á fundi hjá landbúnaðarn. beggja deilda og látið í tje allar þær skýrslur, sem um hefir verið beðið. Jeg veit ekki til þess, að af hálfu nefndanna hafi verið gerðar nokkrar athugasemdir við skýrslur mínar nje meðstjórnenda minna, enda hefir þeim borið saman í einu og öllu. En nú hefir hæstv. atvrh. (MG) beint til mín fyrirspurn út af þessu. Jeg er satt að segja ennþá í vafa um, hvernig jeg á að svara. Formlega er það landbn., sem jeg á að gefa skýrslu, en ekki hjer. En af því að það er atvinnumálaráðherra, sem spyr, og jeg, sem formaður Búnaðarfjelags Íslands, vil hafa góða samvinnu við hann á því sviði, þá skal jeg gjarnan svara honum, ef hann æskir þess, þó að jeg hafi nú engin gögn í höndum til þess. (**Atvrh. MG:** Þm. hefir heyrt fyrirspurn mína). Hæstv. atvrh. spurði, hvað jeg hefði gert til þess að framfylgja ályktun Búnaðarþingsins frá því í fyrra, eftir að jeg varð formaður. Nú geri jeg ráð fyrir því, að hæstv. atvrh. hafi veitt því eftirtekt, að þessi tíðindi gerðust rjett um sama leyti og Búnaðarþingið stóð yfir í fyrra, sem sje í febrúar og byrjun mars 1925. En jeg man nú ekki, hvaða dag jeg var kosinn formaður, því að jeg hefi ekki gögn um það við höndina, en áreiðanlega hafa a. m. k. fyrstu sporin, ef ekki öll, til þess að afsala umboðinu, verið stigin áður en jeg varð formaður. Og það var, eins og margtekið hefir verið fram, gert algerlega á bak við Búnaðarfjelagsstjórnina. Rjett eftir búnaðarþing kemur að því að ráðstafa Noregssaltpjetrinum fyrir vorið 1925, þá komu á fund með Búnaðarfjelagsstjórninni stjórn Mjólkurfjelags Reykjavíkur og maður frá firmanu Nathan & Olsen. Stjórnin leit svo á, að stjórn Mjólkurfjelagsins væri rjettur aðili af hálfu notenda og vildi því, að þessi tvö firmu töluðust við um skipulag áburðarsölunnar um vorið. — Árangurinn af þessu varð sá, að stjórn Mjólkurfjelagsins varð ásátt um það við firmað Nathan & Olsen, hvernig þessu ætti að ráðstafa, og því litum við svo

á, að vel væri fyrir sjeð. Stjórn Búnaðarfjelagsins vissi þá ekki annað en að hún hefði fullan ráðstöfunarrjett yfir áburðinum eins og að undanförnu. Hygg jeg, að það muni koma fram í fundargerðum fjelagsins.

Svo kom þetta ekki til aftur, fyr en átti að fara að kaupa áburð fyrir vorið 1926. — Jeg get þess nú um leið, að jeg átti oftar en einu sinni tal um þetta við búnaðarmálastjóra sumarið 1925, að við yrðum að skipa þessu máli forsvaranlega á þeim grundvelli, sem Búnaðarþingið hefði ætlast til, og ljet hann þess þá aldrei getið, að nokkur breyting hefði orðið frá því, sem áður var með þetta. — Svo var í haust seint fundur haldinn á skrifstofu Búnaðarfjelagsins, með stjórn Mjólkurfjelags Reykjavíkur, og gengum við þá út frá því, að við gætum haft öll umráð yfir sölu Noregssaltpjeturs hjer, eins og við þóttumst hafa haft 1925. Þá fyrst lætur búnaðarmálastjóri þess getið, að vafasamt sje, að við getum haft íhlutun um áburðarverslunina. Símaði jeg þá þegar, sem formaður stjórnarnefndarinnar, til Norsk hydro, og óskaði að fá pantað það af saltpjetri, sem við gerðum ráð fyrir að þyrfti. Fjekk jeg svar um hæl, að það gæti ekki tekist, því að Nathan & Olsen væru búnir að fá einkaumboð fyrir fjelagið. Sáum við þá, hvernig komið var. Kom það mjög til orða, að einn stjórnarnefndarmaðurinn, Vigfús Einarsson, sem er varamaður skrifstofustjórans í atvinnumálaráðuneytinu, yrði sendur út, til þess að reyna að kippa þessu í lag. En vegna veikinda skrifstofustjórans gat hann ekki farið, og aðrir stjórnarnefndarmenn gátu heldur ekki farið. Í stað þess var Norsk hydro enn símað um málið, og meðal annars svaraði það, að umboðið hefði gengið úr greipum Búnaðarfjelags Íslands í febrúar 1925. Með fyrstu ferð ritaði jeg Norsk hydro mjög rækilega um málið, og síðan var einn af ráðunautum Búnaðarfjelagsins, sem samhliða átti ferð fyrir höndum til útlanda, sendur til þess að túlka málið, og með umboð til þess að reyna að kippa því í lag. Síðan hefir þessi maður rannsakað málið ítarlega og sent ítarlega skýrslu um það, sem kom hingað í síðastliðnum marsmánuði og var afhent landbúnaðarnefnd, og síðan kom önnur skýrsla frá þessum manni, sem líka var afhent þeirri nefnd. Jeg ritaði öllum búnaðarþingmönnum um málið og óskaði að fá að heyra álit þeirra um það, hvað gera skyldi í þessu máli, en þessi svör frá búnaðarfjelögunum voru ekki komin í hendur stjórnar Búnaðarfjelags Íslands fyr en í marsmánuði, og þá leit jeg svo á, að það mundi geta komið til mála, að landbn. Alþingis ætti að kjósa menn í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og vildi jeg að minsta kosti ekki, að neitt stæði í vegi fyrir því. Þess vegna var það ákveðið að leggja það í vald landbn. beggja deilda, hvort þær vildu kjósa nýja menn í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og það hafa þær ekki gert enn. Sem sagt, skýrslurnar eru ekki komnar til mín fyr en á að ákveða það, hvort landbn. eigi að kjósa menn í stjórn fjelagsins, og jeg vildi ekki gera neitt, sem varðaði framtíð fjelagsins, áður en það væri ákveðið, hvort jeg sæti í stjórn fjelagsins eða ekki. Jeg gerði ekki ráð fyrir því að fara að ræða þetta mál, af því að jeg taldi, að landbn. Alþingis hefði tekið á móti skýrslum í þessu máli, en mjer fanst það ekki rjett, þegar hæstv. atvrh. (MG) óskaði sjer-

staklega eftir, að jeg skýrði frá því, hvað jeg hefði gert í þessu máli, að skorast undan að gera það. Vona jeg, að jeg geti haft fyllri gögn við 3. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get verið hv. þm. Str. (TrÞ) þakklátur fyrir, að hann hefir svarað þessari fyrirspurn minni. Mjer skilst af svari hv. þm. (TrÞ), að hann taki að öllu leyti undir það, sem í nál. stendur, og hefir hann þó, að mjer skilst, farið þó nokkuð lengra. Hv. þm. (TrÞ) kvaðst vera í vafa um, hvort hann ætti að svara þessari fyrirspurn. Jeg veit ekki hvers vegna. Jeg spurði, hvað hann hefði gert, og jeg skil ekki annað en að hverjum manni sje ljúft að skýra frá því, hvað hann gerir sem opinber starfsmaður, og það er rjett að gefa skýrslu um slíkt hjer á Alþingi, þar sem Búnaðarfjelagið hefir mikið fje til umráða, sem veitt er úr ríkissjóði. En jeg verð að segja það, að mjer fanst innihaldið í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ) vera það, að bera sakir á búnaðarmálastjóra, en af sjer. Það, sem jeg vildi vita, var aðallega það, hversu skjótt hann hefði brugðið við, eftir að búnaðarþinginu í fyrra sleit, um að halda þessu sambandi við Norsk hydro. Mjer er kunnugt um það, að síðasta dag Búnaðarþingsins kom fram ágreiningur um það á fundinum, hvort Búnaðarfjelag Íslands hefði í rauninni þetta umboð eða ekki, og mjer er kunnugt um það, að búnaðarmálastjóri hjelt því þá fram, að Búnaðarfjelagið hefði það ekki, en aftur á móti mun hafa komið símskeyti frá Norsk hydro, þar sem það segir, — jeg man ekki orðin nákvæmlega —: „Intet Agenturforhold", en búnaðarmálastjóri hafi eingöngu selt fyrir Norsk hydro undanfarið. Að svo vöxnu máli sje jeg ekki annað en að full ástæða hefði verið til að síma þegar í stað til Norsk hydro og biðja um, að fjelagið fengi að halda þessu sambandi áfram. Jeg man nú ekki upp á hár, hvaða dag Búnaðarþinginu var slitið, en mig minnir, að það væri 21. febr., og það hefði sennilega verið nægilegt að skrifa þá strax, en undir öllum kringumstæðum hefði verið nóg að senda símskeyti. Hv. þm. Str. (TrÞ) segir, að það hafi verið 7. mars, sem umboðið var látið af hendi til firmans Nathan & Olsen; jeg þori ekki að fullyrða neitt um það, því að jeg hefi ekki sjeð þessi skjöl, en mjer hefir verið tjáð, að þann dag hafi verið dagsett brjef til Búnaðarfjelags Íslands, frá Norsk hydro, um það, hvort Búnaðarfjelagið óskaði að halda áfram þessu umboði, en brjef hefi jeg sjeð frá Norsk hydro, dags. 7. mars, þar sem það segir, að firmað Nathan & Olsen hafi fengið þetta umboð, og 21. mars svarar það fyrirspurn hjeðan að heiman, með því að vísa til Nathan & Olsen, svo að þetta hefir þá gerst á tímabilinu frá 7.—21. mars. Jeg man ekki, hvenær hv. þm. Str. (TrÞ) var kosinn formaður Búnaðarfjelagsins, og það má vel vera, að það hafi ekki verið fyr en eftir þann tíma. En þar sem hv. þm. (TrÞ) átti sæti á Búnaðarþinginu, vissi hann auðvitað vel um alt, sem þar fór fram, og einmitt þetta, að hv. þm. Str. segir, að stjórn fjelagsins hafi, jafnvel í desember 1925, — tíu mánuðum eftir að Búnaðarþingið samþykti ályktun sína, — haldið, að alt stæði við það sama. Það sýnir einmitt, að hv. þm. (TrÞ) hefir aldrei skrifað Norsk hydro á þessum

10 mánuðum. Já, jeg veit það, að ef jeg hefði í mínu embættisstarfi dregið svo að framkvæma yfirlýstan vilja Alþingis, þá hefði hv. þm. Str. stokkið hátt. Enn fremur sagði hv. þm. (TrÞ), að vorið 1925 hefði stjórn Búnaðarfjelagsins staðið fyrir skiftum á áburði frá Noregi, og mjer skildist, að þar hefði alt fallið í ljúfa löð, en eftir því, sem mjer hefir sagt maður, sem er í stjórn Mjólkurfjelagsins, þá var hann mjög óánægður yfir því, hvað lítið Mjólkurfjelagið fjekk af áburði. Mjer finst þess vegna, sem hv. þm. (TrÞ) hafi sýnt, þangað til í desember, vítavert tómlæti í þessu máli. En það má vel vera, að eftir þann tíma hafi hann gert alt, sem unt var, en þó var það eitt atriði, sem hann hefði getað gert frekar en hann gerði: farið sjálfur utan til þess að leiðrjetta þetta, í staðinn fyrir að láta það bíða þar til ráðunautur frá Búnaðarfjelaginu átti erindi utan hvort sem var. Þetta varð til þess, að maður frá firmanu Nathan & Olsen fór utan á meðan á þessu stóð og gat á undan samið við Norsk hydro.

Út af kosningu í stjórn Búnaðarfjelags Íslands vil jeg segja það, að jeg lít svo á, að þessir tveir menn, sem kosnir voru af þinginu 1924, hafi verið kosnir til fjögra ára, og að breyting á lögum Búnaðarfjelagsins í fyrra geti ekki haft áhrif á þetta, en úr því að þeir menn, sem kosnir voru 1924, lýsa yfir því, að þeir sjeu fúsir til þess að samþykkja, að ný kosning fari fram, þá er náttúrlega ekkert við það að athuga, þótt kosið verði á þessu þingi, en mín fyrirspurn til hv. þm. Str. (TrÞ) átti ekkert skylt við það.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að taka undir það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að þetta nál. er eitt af þeim undarlegustu þskj., sem jeg hefi sjeð, og þá einnig brtt. landbn. Mjer virðist það koma dálítið í bága hvað við annað, að nefndin skýrir frá því, að Búnaðarfjelag Íslands hafi mist umboð, sem það hafði á áburðarefnum, en getur ekki gefið neinar skýringar á, af hvaða orsökum það er, ef það þá nokkurn tíma hefir verið umboð. Jeg hjelt það væri skylda landbn., þegar hún kemur með mjög miklar ásakanir á hendur búnaðarmálastjóra, að skýra frá því, af hvaða ástæðum þessu umboði hefir verið slept, ef það hefir átt sjer stað. Eftir því sem hæstv. atvrh. (MG) segir um skeyti frá Norsk hydro, hefir, að því er virðist, ekki verið um aðalumboð að ræða, eftir því sem hæstv. atvrh. (MG) sagði að sig minti, þá hefir ekki verið um neitt „Agenturforhold" að ræða, en hins vegar hefir þó Búnaðarfjelagið verið einka-innflytjandi að þessum áburði um nokkur ár, og það getur stafað af því, að aðrir hafi ekki reynt til þess að flytja inn áburðarefni frá Norsk hydro. Það þarf ekki að hafa verið neitt umboð fyrir Búnaðarfjelagið, þó að svo hafi verið sem hjer er sagt. Þá er næst að athuga, hvað tapast hefir fyrir notendurna við það, að Búnaðarfjelag Íslands hefir ekki þetta umboð, sem það hefir álitið sig hafa, hvort áburðarefnin hafa orðið dýrari; á það er ekki minst hjer í þessu nál., sem þó ætti einmitt að vera fylsta ástæða til. Mjer skilst svo, að verð áburðarefnanna hafi verið sett í samræmi við Búnaðarfjelagið nú tvö seinustu árin, og á síðastliðnu ári, eins og áður, hafi Búnaðarfjelag Íslands ráðið því, við hvaða verði þessi vara var seld. Vil jeg biðja hv. frsm. nefndar-

innar (JS) að skýra frá því, ef þetta er ekki rjett, því að þessa sögusögn hefi jeg eftir manni, sem þessu er vel kunnugur. Sje þessu þannig varið, að Búnaðarfjelag Íslands ráði verðinu, getur vel verið, að það sje enginn óhagur fyrir notendurna, þó að umboðið sje í höndum annara en Búnaðarfjelags Íslands, því að það er alls ekki víst, að umboðslaunin, sem Norsk hydro hefir gefið, hafi verið svo mikil, að það borgi sig fyrir Búnaðarfjelagið að halda mann, sem annast allar brjefaskriftir, og leigja sjer húsnæði og annað, sem þarf til verslunar með þessa vöru, þó í heildsölu sje, og það er heldur ekki alt af sjálfsagt, að það sje tap fyrir notendurna, þótt eitthvert verslunarfirma sjái um sölu á vörunni. Jeg fæ nú illa skilið það, sem sagt er hjer í nál., en sem þó er upplýst með svari hv. þm. Str., að stjórn fjelagsins geti verið dulin þess, hvað fjelagið framkvæmir í 1½ missiri. Jeg er hræddur um, að það þætti ónýt stjórn hjá litlu útgerðarfjelagi, ef framkvæmdastjórinn hefði getað framkvæmt nokkuð verulegt, sem stjórnin ekki vissi um, og hjer er um að ræða fjelag, sem fer með fje ríkissjóðs, um 200.000 króna árlegan styrk frá ríkissjóði

Nefndin segir á einum stað, að hún telji eðlilegast, að Búnaðarfjelag Íslands hafi þessa einkasölu, en gengur þá jafnframt út frá því, að það hafi þá jafnframt á að skipa þeirri framkvæmdastjórn, er treysta megi til að sjá um, að einkasalan fari sæmilega úr hendi. Jeg veit ekki, við hvað er átt, nema svo sje, að landbúnaðarn. treysti hvorki stjórn Búnaðarfjelags Íslands nje þeim mönnum, sem fjelagið þá hefir á að skipa. Og ennfremur segir nefndin, að hún sje yfirleitt andvíg einkasölu-fyrirkomulagi, en telur að þeir atburðir, sem hafi gerst í þessu máli, að Búnaðarfjelagið hafi slept þessu umboði, rjettlæti þær till. nefndarinnar, að tekin sje einkasala á þessum vörutegundum. Nú skyldi maður ætla, að með þessu móti yrði eitthvað sjerstaklega unnið, en ef eitthvert firma, eitt eða fleiri, hafa umboð fyrir Norsk hydro, Dansk Gödnings-Kompagni, og fleiri áburðarefna-fjelög, hvað er þá unnið fyrir Búnaðarfjelag Íslands að taka að sjer söluna hjer á landi? Umboðsmennirnir halda að sjálfsögðu sínum umboðslaunum, hvort sem tekin er einkasala á þessum vörum hjer innanlands eða ekki. Jeg hefi aldrei sjeð sett í lög annað eins og það, sem stendur í 2. gr. þessara laga: „Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum.“ — Jeg tel þetta svo ólíkt því, sem á að vera í lagasetningu, og svo hjákátegt, að jeg get ekki með nokkru móti trúað, að hv. þdm. greiði því atkv. Nú skulum við setja sem svo, að þýsk áburðarefni reynist hjer betur en þau norsku, og að þau, eins og sumir álíta, útiloki sölu á áburðarefnum frá Norsk hydro, hvaða gagn er þá að því að hafa fengið einkasölu fyrir Norsk hydro, ef þau verða lítið notuð? Og að setja þetta í lög, finst mjer einkennilega hjákátlegt. Jeg skal ekki lengja umr. um þetta meira, skal aðeins láta það álit mitt í ljós, að jeg tel ekki, að þessar brtt. hv. nefndar, sem alveg kollvarpa grundvelli þess frv., sem hjer lá fyrir, eigi að samþykkja. Jeg hefði getað verið með frv. á þskj. 98, með lítilli breytingu.

↖ **Frsm. (Jón Sigurðsson):** Jeg bjóst við, að jeg þyrfti ekki að standa upp í þriðja skiftið, en þar sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) rjeðst á brtt. nefndarinnar, skal jeg segja fáein orð. Hv. þm. (JAJ) dró þá fyrst fram nál., eins og fleiri, og talaði um, að hjer hefði ekki verið um neitt umboð að ræða. Jeg skal ekki segja um, hvernig menn vilja leggja út símskeyti, sem jeg hefi sjeð, er hljóðaði um það, hvort það væri Sigurður Sigurðsson eða Búnaðarfjelag Íslands, sem annaðist söluna. Þar stendur, að Búnaðarfjelag Íslands sje „eneforhandler". Hvernig menn vilja leggja það út á íslensku, skal jeg ekki segja, en jeg býst við, að flestir skilji meininguna í því máli. Þá spurðist hv. þm. (JAJ) fyrir um það, hvort notendur hefðu orðið fyrir þungum búsifjum síðastliðið ár. Þar til er því að svara, að það mun ekki hafa orðið, og það af þeim ástæðum, að það lítur út fyrir, að það hafi verið samantekin ráð hjá firmanu Nathan & Olsen og framkvæmdastjóra Búnaðarfjelagsins, að það yrði ekki upplýst, hver í raun og veru hefði þarna ráðin. Firmað mun hafa verið þarna til viðtals við stjórn Búnaðarfjelagsins og ekki hafa gefið upp með einu orði, að það hefði umboðið. Auk þess vil jeg bæta því við, að í brjefi, sem fyrir liggur, hefir firmað Nathan & Olsen lofað að tala við stjórn Búanðarfjelagsins, en hún þvertekur fyrir, að firmað Nathan & Olsen hafi nokurn tíma gert það, eða ekki við stjórnina sjálfa, heldur kannske búnaðarmálastjóra, það veit jeg ekki um, en þegar þannig er ástatt, tek jeg ekki svo mjög mikið mark á því, þó að verðið hækkaði ekki mikið síðastliðið ár; en hvað því viðvíkur, að þetta geti ekki orðið neinn óhagur fyrir notendur, þó að Noregssaltpjetur væri á hendi einu firma, þá vil jeg benda á, að hv. þm. (JAJ) sleppir bara því atriði, að það er ekki einasta Noregssaltpjetur, heldur allur annar kalksaltpjetur, sem þetta firma selur, og að minsta kosti eigum við ekki á annan hátt aðgang að þeim áburðarefnum, sem eru heppilegust fyrir okkur.

Jeg hefi ekkert staðhæft um, að þeir hafi tilhneigingar eða löngun til þess að okra á áburðarsölunni. Hinsvegar verður því ekki neitað, að aðstaðan til þess er góð, eins og stendur, og jafnvel eftir frv. líka. Og það, sem við óskum að ná með brtt. okkar, er það, að þessi aðstaða breytist eða hverfi úr sögunni.

Þá spurði sami hv. þm. (JAJ), hvað unnið væri í þessu efni, ef verslunarhúsið hjeldi sínu hundraðsgjaldi. Jeg held, að hann hafi spurt um það, sem hann vissi, jafn-verslunarfróður maður og hann er. En svarað get jeg þó honum með því, að benda á, að með einkasölu væri þó hægt í bili að útiloka þetta. Honum fanst skilyrðið hjákátlegt, við það nenni jeg ekki að vera að elta ólar, enda lítur helst út fyrir, að þessi háttv. þm. (JAJ) hafi alls ekki lesið frv., að minsta kosti er hann lítið vitandi um sum fyrirmæli þess.

↖ **Tryggvi Þórhallsson:** Jeg ætla ekki að lengja umr. mikið úr þessu, og mun jeg því halda mjer á sama grundvelli og áður, enda þótt hæstv. atvrh. (MG) hefði undir öðrum kringumstæðum gefið mjer ástæðu til harðari deilu frá minni hendi.

Hann sagði, að jeg hefði átt að gefa skýrslu um málið. Það er einmitt það, sem jeg hefi gert, eða öllu heldur öll stjórn Búnaðarfjelags Íslands. Við gáf-

um landbúnaðarnefnd þingsins allar þær upplýsingar og skýrslur, eins og við vissum þær sannastar og rjettastar, og jeg álít, að þar sje hinn rjetti vettvangur. Hinsvegar tel jeg mjer ekki skylt að svara fyrirspurnum hjer í hv. deild, nema því aðeins að þær komi frá ráðherrastóli. Hæstv. atvrh. getur heldur ekki neitað því, að jeg hafi svarað honum, eins og jeg líka tel mjer skylt, þar sem jeg er form. Búnaðarfjelags Íslands.

Hann sagði líka, hæstv. ráðh. M. G., að jeg hefði viljað bera af sjálfum mjer sakir. En fyrir hvað? Jeg er ekki mjer þess meðvitandi, að jeg hafi nokkuð það gert, er jeg þurfi að biðja afsökunr á.

En væri nú um einhverja sök að ræða frá minni hendi í starfsemi minni, þá eru háttv. landbúnaðarnefndir Alþingis sá rjetti aðili, sem dæma á um slíkt. Og þeim hefi jeg nú gefið skýrslu mína, sem þær hafa athugað, og ekki fengið neitt frá þeim að heyra, er þær telja saknæmt eða aðfinningavert í starfsemi minni sem trúnaðarmanns þeirra í stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Hæstv. atvrh. (M. G.) telur það sjerstaklega ásökunarvert í minni framkomu, að jeg skuli ekki hafa þegar í stað, er búnaðarþingi sleit, símað til Norsk hydro, eða að minsta kosti skrifað. En jeg var ekki formaður þá, og varð það ekki fyr en nokkru seinna. Og þessa ásökun í minn garð vildi hæstv. atvrh. (MG) styðja með till., er síðasta búnaðarþing samþykti. Hann las þessa till. upp, og jeg ætla líka að gera það. Hún hljóðar svo:

„Búnaðarþingið beinir því til stjórnar Búnaðarfjelagsins, að hún hlutist til um, að Búnaðarfjelagið hafi á hendi umboð framvegis um kaup á erlendum áburði.“

Mjer ætti nú að vera kunnugt um, engu síður en hæstv. ráðh. (MG), hvað lá á bak við þessa till.: að Búnaðarfjelagið hefði ástæðu til að ráða að miklu eða öllu leyti verðinu á áburðinum. Annað lá ekki á bak við till., eins og mjer mundi hafa veitst auðvelt að svara, hefði jeg gerðabók Búnaðarfjelagsins hjer við höndina.

En allar þessar umr. komu mjer að óvörum, svo jeg er ver undir það búinn að svara ýmsu því, sem til mín er beint. Þó reyndi jeg að síma eftir ýmsum gögnum, en hefi ekki fengið svar. Vegna þessa ónóga undirbúnings geta svör mín ekki miðast við nákvæmar dagsetningar.

Við töluðum um það á einhverjum fyrsta fundi búnaðarfjelagsstjórnarinnar — man ekki upp á dag, hvenær það var — að Búnaðarfjelagið hefði áhrif á verðlag það, sem yrði á áburðinum. Þetta tókst, og Mjólkurfjelag Reykjavíkur var fullkomlega ánægt með ráðstöfun Búnaðarfjelagsins. Við ljetum okkur þá ekki gruna, að nein breyting hefði orðið um þetta mál, og þetta því gert í anda Búnaðarþingsins, eins og vitanlega alt, sem gert var af okkar hálfu í máli þessu. Þessvegna er ekki um neinar ásakanir að ræða í garð þess heiðursmanns, sem þá var formaður Búnaðarfjelagsins, nje annara í stjórn þess.

Hæstv. atvrh. (MG) færði mjer helst að sök, að jeg hefði ekki þegar brugðið við og farið utan með fyrstu ferð, eftir að uppvíst var, hvernig komið var þessu máli. En jeg átti ekki heimangengt og gat ekki farið. Við vildum líka, að færasti maðurinn færi för þessa, en hann gat það heldur ekki. Þetta kom heldur ekki að neinni sök, enda skrifaði jeg

Norsk hydro þá með næstu ferð, sem fjell. En þó að jeg hefði getað farið, sem mjer var óljúft og ómögulegt, þá játa jeg, að mig skorti alla sjerþekkingu til þess að semja um þessi mál í öðru ríki. En sem sagt, við bæði símuðum og skrifuðum strax og sendum síðan mann, sem enginn neitar, að væri vel hæfur til slíkrar farar.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að þessu sinni. En við 3. umr. býst jeg við að hafa betri gögn í höndum og nákvæmari dagsetningar en nú.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi nú í raun og veru ekki mikið að segja við hv. þm. Str. (TrÞ). Hann er hróðugur og kveðst ekki á neinn hátt vita, að hann verði að bera af sjer sakir. En þegar hann er mintur á, að 10 mánuðum eftir að búnaðarþingið gerir ályktun um áburðarsöluna, fær hann að vita, að fjelagið hefir tapað umboðinu fyrir 9 mánuðum, þá verð jeg að segja, að slælega sje fylgst með störfum Búnaðarfjelagsins og að saka megi formanninn um frámunalegt eftirlitsleysi og vanrækslu í starfi sínu. Hvort hann gefur landbn. eða Alþ. skýrslu, skiftir ekki máli, því að hvernig sem á það er litið, er það formaður þess, sem á sökina á því, hvernig komið er um þessa áburðarverslun.

Og þó að hv. þm. Str. (TrÞ) vilji afsaka sig með því, að hann hafi ekki verið formaður, þá er það engin gild ástæða. Því sannleikurinn mun sá, að þá var enginn formaður. Guðjón Guðlaugsson ljet af formannsstörfum sama daginn og till. var samþykt, og svo liðu nokkrir dagar þangað til fundur var haldinn og hv. þm. Str. (TrÞ) kosinn formaður. En þessi till. er samþykt búnaðarþings, þar sem það beinir máli sínu til stjórnar Búnaðarfjelagsins, svo hv. þm. Str. (TrÞ) getur ekki sagt, að það sje sjer óviðkomandi, þar sem hann þá var og er í stjón fjelagsins. Hann getur heldur ekki neitað því, að ef hann hefði símað strax eða skrifað, þá hefði þetta aldrei þurft að koma fyrir, að fjelagið tapaði umboðinu.

Það er um þetta, sem jeg saka hann mest allra manna, af því að hann vissi um allan aðdraganda málsins og vissi í hvaða skyni till. var gerð, en það vissi jeg ekki fyr en löngu síðar.

Hann sagði líka, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur væri ánægt með þessi áburðarviðskifti. En jeg hefi annars heyrt, og mjer hefir sagt maður úr fjelaginu, að hann hefði lengi verið að þjarka við firmað Nathan & Olsen um kaup á áburði, en þótti verðið ekki aðgengilegt og keypti þá heldur Chilesaltpjetur en kaupa Noregssaltpjetur hjá Nathan & Olsen. (**ÞórJ:** Selur ekki Nathan & Olsen dýrara en Mjólkurfjelagið?). Mjer er ekki kunnugt um það, en það má vel vera, að svo sje.

Jeg get vel trúað því, að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi einhverra hluta vegna ekki átt heimangengt og þess vegna ekki farið á fund Norsk hydro, en hinu á jeg verra með að trúa, að hann sje svo aumur, að hann finni sig engan mann til þess að semja um slík mál sem þetta. Það er vissulega ekki svo mikill vandi að semja við firma um sölu á vöru til ákveðins lands, að hv. þm. Str. (TrÞ) geti talið mjer trú um, að hann hafi ekki vit á því. Hitt er óafsakanlegt, að eftir 10 mánuði hefir hann ekkert gert til þess að varðveita þann rjett, sem búnaðarþingið sagði honum að varðveita. Fyrir þetta á hann óþökk skilið.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að lengja umr., sem þegar eru orðnar nógu langar að minni hyggju.

Aðeins vildi jeg taka það fram út af þeim ummælum hv. þm. Str. (TrÞ), að nefndin hefði hneigst að einkasölu, þá er það eingöngu fyrir þá sök, að framkvæmdastjórn Búnaðarfjelagsins hafði mist tökin á þessu máli fyrir fjelagið, að nefndin leggur til, að horfið sje að þessu ráði. Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) spurði um, hvort nefndin mundi halda fram einkasölu, ef samkomulag næðist um, að áburðurinn yrði seldur við vægu verði, þá veit jeg ekki um skoðun nefndarinnar í því efni, en býst þó eins við, að mjer muni óhætt að svara spurningunni neitandi. Nefndin tók þessa leið til þess að bjarga málinu í bili, svo að næst liggur við að skoða þetta sem bráðabirgðaráðstöfun. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er ekki sagt af virðingarleysi fyrir málstað okkar, það sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, því að ef alt hefði verið óbreytt frá í fyrra, þá hefði hann ekki komið fram með frv. og afstaða nefndarinnar þá verið óbreytt.

Annars sje jeg ekkert á móti því, að allar upplýsingar, sem nokkru máli skifta, komi fram hjer í háttv. deild.

Hverjir hjer eiga mesta sök á, að komið er þessu máli í það óefni, sem kunnugt er, skal jeg ekki leiða neinum getum að, þótt jeg hinsvegar álíti, að stjórn Búnaðarfjelagsins hafi ekki beitt valdi sínu sem skyldi, en hv. þm. Str. (TrÞ) hefir nú gert grein fyrir því og á eftir að árjetta það betur við 3. umr., svo jeg ætla ekki að fara frekar út í það nú.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. atvrh. leggur aftur mesta áherslu á það, að ekkert hafi verið gert til þess á 10 mánuðum að varðveita rjett Búnaðarfjelagsins til áburðarsölunnar. Þetta lítur náttúrlega vel út fyrir málstað hans, þegar málið er flutt og sótt á þeim grundvelli. En því er bara til að svara, að stjórn Búnaðarfjelagsins hafði enga ástæðu til að ætla, að gera þyrfti neinar breytingar í þessu efni. Jeg spurðist fyrir um, hvort aðstaðan yrði ekki sama og áður, og því var svarað játandi, og jeg talaði við búnaðarmálastjóra um sumarið og gat ekki annað skilist en að alt stæði við það sama eins og verið hafði. Og meira að segja get jeg fullyrt, að engum á búnaðarþinginu flaug í hug, að gera þyrfti neinar nýjar ráðstafanir.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að Mjólkurfjelagið hefði verið óánægt. Jeg skal við 3. umr. láta gerðabók Búnaðarfjelagsins bera vitni um það, að svo sje ekki, en læt mjer nægja að þessu sinni að geta þess, að jeg setti sem skilyrði, að áburðarsölunni yrði ekki komið fyrir öðruvísi en Mjólkurfjelag Reykjavíkur vildi ganga að skilmálunum.

Um það, að jeg hefði ekki farið utan, er það sama að segja og áður, að það var fullgild ástæða, að jeg gat ekki farið, en í þess stað var bæði símað og skrifað, svo það kom ekki að sök.

Hæstv. atvrh. (MG) vill láta líta svo út, að hann sje að gæta hagsmuna þeirra bænda, sem þurfa að kaupa áburð, en jeg gangi erinda fyrir firmað Nathan & Olsen. Hann má leika þann skrípaleik fyrir mjer eins og honum sýnist, það trúir þessu enginn um mig.

Hitt er mjer óhætt að fullyrða, að jeg hefi gert alt, sem jeg gat, og mitt verk er það, að frv. þetta er fram komið. Og það er vegna bændanna, sem áburð

þurfa að kaupa, að jeg hefi hleypt þessu máli af stað.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er vissulega rjett hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að hann hefir hleypt þessu máli af stað og á því óskiftan heiðurinn af því, en það býr hann til sjálfur, að jeg hafi sagt, að hann væri talsmaður firmans Nathan & Olsen. Það hefi jeg ekki sagt, en hinsvegar virðist það kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. Str. (TrÞ) skuli hafa spilað þessu máli úr höndum Búnaðarfjelagsins og í hendur Nathan & Olsen, eins og blað hans hefir um það firma skrifað fyr og síðar. Og eftir því, sem honum hafa farist orð, hefði mátt búast við svo mikilli árvekni af hans hálfu í garð bænda, að hann hefði ekki steinsofið á málinu í 10 mánuði og látið útlenda kaupmenn, meðan hann svaf, ná undir sig rjettindum bænda, sem honum var falið að gæta.

Jeg ber ekki á móti því, að bæði hafi verið símað og skrifað til Norsk hydro, en það var ekki gert fyr en eftir 10 mánuði, og þá var það gagnslaust.

Um óánægju Mjólkufjelags Reykjavíkur hefi jeg ekkert frekar að segja. Þetta, sem jeg sagði, hafði jeg eftir einum manni úr stjórninni, og þar er rjett frá skýrt eins og orðin fjellu.

En að afsökun fyrir 10 mánaða drætti í framkvæmdum þessa máls sje sú, að ekki hafi verið ástæða til að gera neitt, virðist mjer ljett á metunum, þegar þess er gætt, að á búnaðarþingi lá fyrir áskorun til stjórnar Búnaðarfjelagsins um að hafa gát á þessu máli.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagðist hvað eftir ilja hálfu, nje neitt tekið fram, sem beint aðarmálastjóra og að sjer hafi skilist á honum, að engin breyting væri á orðin málinu. Þessu trúi jeg vel, en þess ber að gæta, að búnaðarmálastjóri hefir altaf haldið því fram, að um ekkert umboð hafi nokkru sinni verið að ræða. Þetta var hv. þm. Str. (TrÞ) kunnugt um á búnaðarþinginu, og þess vegna átti hann ekki að geta látið sjer nægja þetta svar, og sýnir þetta berlega hina óforsvaranlegu vanrækslu hans í málinu.

Þessvegna er það fyrir reikning hv. þm. Str. (TrÞ) sagt, að búnaðarþingið bæri ekki ábyrgð á þessu máli. Því sje svo, bendir till. að minsta kosti í öfuga átt.

Skal jeg svo ekki lengja umr. frekar að þessu sinni en orðið er.

ATKVGR.

Brtt. 365, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 15 : 5 atkv.

— 365, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 14 : 1 atkv.

3 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 365, 3. (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 365, 4. (5. gr. falli burt) samþ. með 14 shlj. atkv.

— 365, 5. samþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 365, 6. (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 365, 7. (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. þar með orðin: **Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.**

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JBald, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, BSv.

nei: JAJ, JK, MJ, ÞórJ.

Einn þm. (JakM) greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÓTh, SigurjJ, BJ, BL) fjarstaddir.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415).

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. atvrh. (MG) greip tækifærið við 2. umr. til þess að beina nokkrum orðum til mín sem formanns Búnaðarfjelags Íslands, og lagði fyrir mig spurningar um rekstur þessa máls árið sem leið. Þá hafði jeg ekki aðstöðu til þess að koma með „data" í málinu og gat ekki náð í nein plögg. En nú hefi jeg þau við höndina og get gefið hjer nánari skýrslu.

Hæstv. atvrh. (MG) spurði mig, hvað jeg hefði gert í þessu máli, frá því Búnaðarþingið samþ. ályktunina og þangað til þetta kom fyrir, að Búnaðarfjelagið misti umboðið.

Ályktun þessi var samþykt seint í febrúar, þ. 24., en ekki 21., eins og hæstv. atvrh. (MG) sagði. En af gögnum, sem jeg hefi í höndunum, er ljóst, að Búnaðarfjelagið misti umboðið 5. febrúar. Í skýrslu, sem einn ráðunautur fjelagsins hefir samið, sá, er hefir rannsakað þetta mál, segir meðal annars: „Norsk hydro hefir á árunum 1923, 1924, og fram til ½ 1925 skoðað Búnaðarfjelag Íslands sem einksala sinn á Íslandi. Engir bindandi samningar finnast þó um þetta atriði ritaðir í brjefasafni fjelagsins, sem undirritaðir sjeu af beggja aðilja hálfu, nje neitt tekið fram, sem beint er um þessi atriði, hvorki áður eða eftir að viðskiftin komu í gang."

Þetta kemur enn skýrar fram síðar í skýrslunni og í plöggum ráðunautsins, þar sem fjelagið gerir grein fyrir málinu í heild sinni. Segir þar, að Búnaðarfjelag Íslands hafi með brjefi dagsettu 29. jan. 1925 sagt, að maður frá firmanu Nathan & Olsen mundi koma til tals við Norsk hydro. Jeg var ekki formaður um það leyti, en átti þá sæti í stjórninni. En jeg hafði enga hugmynd um þetta brjef, og jeg þori að fullyrða, að þáverandi formaður fjelagsins, Guðjón Guðlaugsson, hafði heldur enga hugmynd um, að það hefði nokkurntíma verið sent.

Þar segir svo: „Med brev av $^{29}/_{1}$ 1925 bebudes Bunadarfjelag Islands besöket av direktör Olsen i firmaet Nathan & Olsen, der opgis at ha været Bunadarfjelaget behjælpelig med salg av Norgesaltpeter og anden kunstgödning. — Vi blev i denne forbindelse anmodet om at vente noget med afgörelsen vedrörende et eventuelt kjöp av bebudede 200 tons. Denne konference med konsul Carl Olsen i firmaet Nathan og Olsen fandt sted den ½ 1925, hvorunder vi, under visse vilkaar indrömmet dette firma enesalget av Norge-saltpeter paa det islandske marked i sæsongen 1925—1926, likesom vi fra konferances dato til utgangen av februar 1926 forpliktet til ikke at sælge Norge-saltpeter paa Island direkte eller indirekte gjennem andre end Nathan og Olsen, likesom vi bekræftet at vi heller ikke vil træffe nogen avtale med andet firma for 1926—'27, för vi har havt anledning til mundtlig eller skriftlig at overveie med Nathan og Olsen en lignende forretning for denne sæsong."

Á þessu sjá menn, að þetta er afgert

þegar 5. febrúar 1925. En svo bæta þeir við: „.... alt under forudsætning av, at Bunaðarfjelag Islands, resp. dette landbruksselskabs daværende præsident, herr Sigurðsson, ikke har noget at indvende mot en saadan ordning.“ En stjórn Búnaðarfjelagsins barst ekkert um þetta mál, og eins og menn sjá, stendur Norsk hydro enn í þeirri meiningu, að Sigurður Sigurðsson sje „præsident“ fjelagsins.

Þetta gerðist 5. febrúar, en Búnaðarþingið kom saman 21. sama mánaðar. En samkvæmt gerðabók Búnaðarfjelgsins er það ekki fyr en 10. mars, að jeg er kosinn formaður þess. Það getur því ekki komið til nokkurra mála, að jeg hafi vanrækt nokkuð í þessu efni. Og jeg fullyrði, að Guðjón Guðlaugsson hefir hjer heldur ekkert vanrækt.

Hæstv. atvrh. (MG) hjelt því fram, að við stjórnarnefndarmenn hefðum gengið slælega fram í ráðstöfunum út af þessu máli. Á þessum sama búnaðarþingsfundi og jeg nefndi áðan var Oddur Hermannsson skrifstofustjóri kosinn meðstjórnandi í fjelaginu. En það var ekki hægt að halda stjórnarnefndarfund þegar, sökum þess að hann var veikur. Samt sem áður hjeldum við þó tveir fund út af þessu máli. Þetta var 5. mars, og hjeldum við, jeg og Valtýr Stefánsson ritstjóri, þann dag tvo fundi til þess að ráðstafa málinu. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr gerðabók fyrri fundarins: „Rætt allmikið um ráðstöfun á sölu á Noregssaltpjetri frá Norsk hydro. Kom á fundinn Carl Olsen, stórkaupm., frá firmanu Nathan & Olsen, til viðræðu um málið, og ennfremur Eyjólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Mjólkurfjelags Reykjavíkur, og Magnús Þorláksson á Blikastöðum. Engin ákvörðun tekin.“

Þessi fundur var haldinn fyrri part dagsins, og voru þarna saman komnir báðir aðiljar, sem reyndu að koma sjer saman um, hvernig skipa skyldi máli þessu. Og jeg veit, að þeir munu bera það, að í þessu máli lagði jeg aðaláherslluna á, að það fengist fram, sem Mjólkurfjelagið gat við unað.

Þá var aftur haldinn stjórnarfundur kl. 8 um kvöldið, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, einnig lesa upp þá fundargerð. Þar stendur: „Oddur Hermannsson var fjarstaddur sökum veikinda. Á fundi voru staddir aftur: Carl Olsen stórkaupm., Magnús bóndi Þorláksson á Blikastöðum og Eyjólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri Mjólkurfjelagsins. — Rætt aftur um áburðarmálið. Hafði orðið samkomulag milli Olsens og Mjólkurfjelagsins um ráðstöfun málsins á þessum grundvelli: Búnaðarfjelag Íslands geri ráðstöfun til þess, að af þeim 200 smálestum, sem það á kost á að fá frá Norsk hydro, verði 140 smálestir sendar til Nathan & Olsen, til sölu og ráðstöfunar, en 60 til Mjólkurfjelags Reykjavíkur. Skuldbundu báðir sig til að selja áburðinn á hafnarbakkanum fyrir 36 kr. pr. 100 kg. þeim, sem panta hann og borga fyrirfram og taka við skipshlið. Fyrir aðra hjer á staðnum verði útsöluverðið 38 kr. gegn staðgreiðslu á vori komanda. Loks skuldbinda Nathan & Olsen sig til að hafa áburðinn til sölu á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, með sömu skilmálum, í viðlíka stórum mæli og seldist þar í fyrra. — Báðir skuldbinda sig til þess að greiða verð áburðarins til Norsk hydro, gegn farmskír-

teini, samkvæmt gerðum samningi við Norsk hydro".

Með öðrum orðum, á fyrsta fundi stjórnarinnar, jafnvel áður en einn meðlimur hennar getur sótt fund, er þetta gert. Mjer finst því langt frá því, að hægt sje að ásaka okkur um deyfð í þessu máli. Jeg vil bæta því við, að þegar maður skoðar dýpra, þá er þessari ásökun ekki beint til okkar, sem í stjórnarnefndinni sitjum, heldur er þetta árás á búnaðarmálastjóra, ásökun um, að við hefðum ekki sýnt honum nógu mikla tortrygni. En jeg vil halda því fram, að þá hafi engin ástæða verið til tortrygni. En úr því að fjekst nú sú ráðstöfun í þessu máli, sem Mjólkurfjelagið sætti sig við, ætla jeg ekki að ræða meira um þetta. Jeg vil þó geta þess, út af umtali, að þó að jeg áliti, að búnaðarmálastjóri hafi ekki hegðað sjer hjer eins og vera bar, vil jeg samt ekki láta líta svo út, sem þetta sje hið eina, er um hann verði sagt. Því enda þótt honum hafi yfirsjest hjer, hefir hann þó unnið svo stórt og ágætt verk í þarfir hins íslenska landbúnaðar, að því má ekki gleyma við hliðina á þessu.

Jeg ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að víkja að öðru máli hliðstæðu þessu, einkum þar sem við 3. umr. er leyfilegt að tala nokkuð alment um málin.

Hæstv. atvrh. (MG) spurði mig við 2. umr. málsins. Nú ætla jeg að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. atvrh. (MG). Vil jeg fyrst rekja nokkuð drög til þessara fyrirspurna. Það er upphaf þessa máls, að áður en núverandi landsverkfræðingur tók við embætti sínu, var hjer annar maður landsverkfræðingur um all-langan tíma. En nokkru síðar, ætla jeg, setti hann upp stóra verslun með þau efni, er þarf til húsa- og brúagerða, t. d. sement, annað byggingarefni, járnpípur og fleira. Jeg vil nú spyrja hæstv. atvrh. (MG) og vona að hann svari: Getur hæstv. atvrh. (MG) frætt um það, hvort þessi maður hefir byrjað nokkuð á þessari verslun meðan hann var landsverkfræðingur? Þar sem hann stofnaði verslunina stuttu eftir, gæti einhverjum dottið í hug, að hann hefði verið byrjaður eitthvað áður. Hvern dóm myndi hæstv. atvrh. (MG) leggja á, ef svo hefði verið? Þar sem hann, sem landsverkfræðingur, annaðist innkaup til opinberra framkvæmda, hefði það þá verið heppilegt, að verslað væri þannig. Þar sem gera má ráð fyrir, að slík verslun sje rekin sem hver önnur, telur hæstv. ráðh. (MG) heppilegt, að slík verslun sje rekin?

Jeg fæ einmitt í þessu upp í hendurnar plögg, sem jeg var að bíða eftir. Það er símskeyti til skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og hljóðar svo: „Kun Bunadarfjelag Islands indehadde vor eneforhandling indtil Nathan & Olsen overtok agenturen i februar 1925." En jeg varð ekki formaður fyr en 10. mars 1925.

Nú horfir þetta við nokkuð á annan veg. Nú er landsverkfræðingurinn orðinn fjármálaráðherra, og enn rekur hann, að því er jeg best veit, stóra verslun með byggingarefni. Er sagt, að það sje blómleg verslun. Jeg vil enn spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvort hæstv. fjrh. (JÞ), sem er eigandi verslunarinnar, að minni ætlan, selji hinu opnbera byggingarefni? Ef slík verslun fer fram milli þessa firma og ríkisins, þá verður mjer að spyrja, hvort er það þá heldur firmað Jón Þorláksson og Norðmann, sem hefir hag af því, eða fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs eða hvorttveggja?

Jeg hefi reynt að gera mjer grein fyr-

ir því, um hvað mikið er að ræða í þessu efni, og jeg tek nú t. d. aðeins einn lið þessarar verslunar, vörutegund, sem nefnt firma verslar einna mest með, það er sementið. Jeg hefi fengið upplýsingar frá ábyggilegum mönnum, í fyrsta lagi um, hve mörg prósent sementsverðið sje af venjulegum byggingarkostnaði, í öðru lagi um það, hver sje venjuleg álagning á þessa vöru, þ. e. sementið, og í þriðja lagi dreg jeg þetta saman til að fá betra yfirlit, þannig að jeg hugsa mjer, að einn og sami sementskaupmaður selji þessa vöru til allra opinberra bygginga, sem bygðar hafa verið, og geri ágiskun um, hvaða hag hann muni hafa haft af því.

Um 1. atriði segja mjer múrsmiðir, að í Reykjavík sje sementsverðið ca. 10% af verði vandaðra steinhúsa, en upp til sveita, þar sem hús eru að jafnaði eigi eins vönduð og minna borið í þau að ýmsu leyti, er mjer sagt, að andvirði sementsins til bygginga þar geti orðið alt að 15—18% af verði húsanna, og þar sem yfir höfuð sje um stórbyggingar að ræða, fari sementsverðið oftast nær, eða megi búast við því, að það verði um 15% af byggingarkostnaðinum. Um normal-álagningu hjá kaupmönnum á sementið ber mönnum ekki saman, hver muni vera; flestir ætla, að um 8—10% sje að ræða; jeg geri ráð fyrir, að álagningin muni oftast vera um 6—8% af verðinu.

Þá skal jeg nefna nokkrar opinberar byggingar, sem á að reisa á næstunni: Landsspítali, Kleppsspítali og heilsuhælið í Kristnesi. Af skólum skal jeg nefna t. d. Eiðaskólann og þá skóla, sem að nokkru leyti (þ. e. með opinberum styrk) eru bygðir fyrir almannafje, t. d. skólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu, hinn fyrirhugaði skóli í Árnessýslu, o. fl. Þá eru ótaldar ýmsar brúargerðir, landtökuvitinn o. fl., sem sement þarf til. En alls hefi jeg talið upp áætlaðan byggingakostnað um 3 milj. og 147 þús. kr. Þá er að finna út, hve mikið af þessum kostnaði er falið í verði sementsins. Ef gert er ráð fyrir, að það sje 15%, verður þetta 470 þús. kr., og ef kaupmaðurinn selur með 6% álagningu, verður hagnaðurinn um 28. þús. kr., en ef miðað er við 8%, verður það um 38 þús. kr., en við 10% álagningu verður þetta ca. 47 þús. kr., og jeg geri ráð fyrir, að hver sæmilega góður og duglegur kaupmaður mundi vilja ná í 10% af þessu, ef hann gæti, og er auðvitað ekkert við það að athuga. En mjer þykir þetta þó allgóður skildingur, sem þannig er hægt að græða aðeins á þessari einu vörutegund, en þó er ótalið alt annað efni, sem þarf að kaupa til þessara bygginga, svo sem timbur, saumur, járn og pípur o. fl. Nú hefi jeg það fyrir satt, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje meðeigandi verslunar, sem hefir ýmsar vörur á boðstólum og meðal annars sement. Jeg veit ekkert um, hvort ríkið á kaup við þessa verslun um efni til opinberra bygginga, en jeg spyr, ef það hefði átt sjer stað, hvort það hefði þá verið rjett eða eðlilegt, að ríkið verslaði við firma, sem fjrh. væri meðeigandi í?

Úr því að jeg og hæstv. atvrh. (MG) höfum orðið sammála um, að sjerstök ástæða hafi verið til að vernda bændur gegn þeim atburðum, sem gerst hafa í áburðarversluninni, þá vil jeg spyrja: Er þá ekki líka full ástæða til að vernda þá er byggja og hið opinbera gegn því, að of mikið sje lagt á þær vörur, sem nauðsynlegar eru til bygginga? — Firmað Nathan & Olsen hefir náð í marg-

umtalað umboð, alveg á sama hátt og Jón Þorláksson og Norðmann hafa náð í umboð, t. d. fyrir sement. Jeg get vel skilið það, að firmanu Nathan & Olsen þyki það æði hart, ef þingið fer að þjóta upp til handa og fóta og hindra þessa verslun þess, enda þótt jeg álíti, að það eigi að gerast, og því fremur má þetta þykja hart að gengið, ef firmanu Jón Þorláksson og Norðmann á að haldast uppi að reka verslun með sement, án nokkurrar íhlutunar frá því opinbera, og vænti jeg svars hæstv. atvrh. (MG) um það, hvort verslun eigi sjer stað milli þess og hins opinbera.

Jeg vil svo að lokum endurtaka fyrirspurnir mínar til hæstv. atvrh. (MG): Getur hann sagt mjer, hvort fyrverandi landsverkfræðingur hafi nokkuð byrjað verslun með byggingarefni meðan hann var landsverkfræðingur? Getur hann sagt mjer, hvort nú undanfarið hefir átt sjer stað verslun milli firmans Jón Þorláksson og Norðmann og ríkissjóðs?

Jeg hefi nú gert hæstv. atvrh. sömu skil og hann mjer; hann spurði mig ýmissa spurninga, sem jeg svaraði honum þegar, og nú spyr jeg hann eins og hann spurði mig, og vænti jeg þess, að hann gefi mjer greið svör.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. þm. Str. hefir sjálfsagt fundið til þess, að hann hafði ekki svarað nógu vel fyrir sig við 2. umr. um þetta mál, því nú hefir hann viðað að sjer og komið með ýmisleg gögn í málinu, en jeg verð samt að segja, að hann hefir fátt dregið fram, er jeg eigi vissi um áður.

Hv. þm. (TrÞ) leggur fullmikið upp úr brjefinu frá ⅔ '25, til Búnaðarfjelags Íslands, því að jeg hefi hjer í höndum símskeyti frá Norsk hydro, dagsett 18½ 1925, sem hljóðar svo: „Norge-saltpeter godhedsfuldt henvend Dem Bunadarfelag", svo að ekki hefir Norsk hydro þá álitið, að umboðið væri í höndum Nathan & Olsen. Jeg hefi fyrir satt, að Norsk hydro hafi sent brjef, dagsett 7. mars, hingað, viðvíkjandi fyrirspurn um betta, og hafi sett það skilyrði, að samið væri við Búnaðarfjelag Íslands, en það veit jeg ekki til að hafi verið gert. Það er því ekki rjett, sem háttv. þm. Str. (TrÞ) segir, að Nathan & Olsen hafi fengið umboðið í hendur þann ⅔ '25, enda kemur þetta berlega í ljós í niðurlagi brjefsins frá 5. febr., því að þar segir, að samþykki Búnaðarfjelags Íslands þurfi til þess, að Nathan og Olsen fái umboðið. En hvenær kom það samþykki? Hann vill hengja hatt sinn á það, að hann hafi ekki verið kosinn formaður Búnaðarfjelags Íslands fyr en 10. mars það ár, en hann var á fundi, þegar búnaðarþingið samþykti tillöguna um þetta, auk þess sem hann var, sem einn af stjórnendum fjelagsins, skyldur til að framkvæma vilja Búnaðarþingsins, enda beindi það þessari áskorun sinni til stjórnar Búnaðarfjelagsins í heild. Þett var bláber skylda hans og ekkert annað, enda er í tillögunni ekki nefndur formaður fjelagsins á nafn, heldur er þar talað um alla stjórnina. Hinn 5. mars er svo haldinn fundur í Búnaðarfjelaginu, þ. e. stjórn þess, og rætt um skiftingu á saltpjetrinum milli Nathan & Olsen og Mjólkurfjelags Reykjavíkur, en þessi skifti urðu ekki sjerlega jöfn, að því er virðist. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hvers vegna var verið að spyrja Nathan & Olsen um þetta eða það firma beðið um að samþykkja þessi skifti? **(TrÞ:** Það var ekki beðið um samþykki Nathan &

Olsen). Hví var það firma kvatt til þessa skiftafundar, eða af hverju ljet hv. þm. Str. (TrÞ) sjer svo ant um, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur yrði ánægt með skiftin? Það lítur út fyrir, að Nathan & Olsen hafi þá verið búnir að fá einhvern rjett í sínar hendur og að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi vitað um það. Skora jeg á hann að svara þessu skýrt og greinilega.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að jeg hefði ráðist á búnaðarmálastjóra, en tók þó alt til sín, sem jeg hafði sagt, og það var líka alveg rjett gert; jeg beindi öllu, sem jeg sagði, til hans sjálfs, en engu til búnaðarmálastjóra, og jeg endurtek það nú hjer, sem jeg sagði við 2. umr., að hv. þm. Str. (TrÞ) hefir sofið á málinu í 10 mánuði og ekki aðhafst neitt, en síðan hefir hann vaknað við þann draum, að Nathan & Olsen höfðu náð í umboðið.

Hv. þm. (TrÞ) sagði við 2. umr., að ekki hefði verið ástæða til að gera neitt í þessu máli, en jeg benti þá á, að þegar búnaðarmálastjóri segist ekki hafa það umboð, sem búnaðarþingið óskaði eftir, að Búnaðarfjelagið hefði í höndum, þá var vissulega ástæða til fyrir hv. þm. Str. (TrÞ) að hefjast handa strax, í stað þess að halda að sjer höndum í 10 mánuði.

Þá hljóp hv. þm. (TrÞ) alt í einu út í alt annað mál og fór að tala um sementskaup ríkissjóðs. Jeg man nú ekki, hvað langt er síðan að núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) lagði niður landsverkfræðingsstöðuna; það eru varla minna en 10 ár síðan, og síðan hann varð landsverkfræðingur eru yfir 20 ár. Hv. þm. vill, að jeg fari að gefa skýrslu um það, hvort landsverkfræðingurinn Jón Þorláksson hafi á árunum 1905—1915 verslað við sjálfan sig með sement og aðra hluti, sem ríkissjóður þurfti til brúa- og vegagerða. Þetta finst mjer harla undarlegt, því að á þessum árum, 1905—1915, var jeg sumpart við nám í Kaupmannahöfn, sumpart aðstoðarmaður í stjórnarráðinu og sumpart sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, en alls ekki við stjórnmál riðinn. Þegar hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) hætti við landsverkfræðingsstöðuna, var jeg búsettur í Skagafirði og gat því ekkert vitað, hvenær hann byrjaði á að selja byggingarefni. Hv. þm. (TrÞ) getur því ekki búist við að fá svör við þessu hjá mjer, enda mun hann hafa gert þennan útúrdúr til þess að leiða athyglina frá hinni óverjandi deyfð sinni í áburðarmálinu, nema ef hann vill ásaka hæstv. fjrh. citthvað sjerstaklega, en mjer er kunnugt um, að meðan jeg var í stjórnarráðinu sem aðstoðarmaður árin 1907—1912 hafði hæstv. fjrh. (JÞ) mjög háa stjörnu hjá stjórninni, og mun hv. 2. þm. Rang. (KlJ) geta borið um, hvort það er ekki rjett.

Það er annars undarlegt, að hv. þm. Str. (TrÞ) gat ekki fundið annað til en þetta, er ráðist var á hann sjálfan. Jeg hefði getað skilið, að háttv. þm. (TrÞ) hefði hreyft þessu á eldhúsdeginum í stað þess að draga þetta inn í umræður um al-óviðkomandi mál. Ef hann sá ekki ástæðu til að koma fram með þetta í eldhúsdagsumræðum, gat hann borið fram fyrirspurn um þetta á þinglegan hátt, en hitt þarf hann ekki að hugsa, að jeg fari að svara þessu itarlega nú í alóviðkomandi máli.

Um flestar af þeim byggingum, sem hv. þm. Str (TrÞ) spurði, er það að segja, að jeg hefi engin umráð yfir byggingu þeirra, og er því best fyrir hann að spyrja rjetta hlutaðeigendur. Jeg

þykist vita, að sement muni því aðeins hafa verið keypt í þær byggingar hjá firmanu Jón Þorlákssón & Norðmann, að það hafi verið ódýrast hjá því, og ræð jeg þetta af því, að starfsmenn ríkisins hafa stutta og gagnorða fyrirskipun að fara eftir, er þeir eiga að gera kaup fyrir hönd ríkisins, þ. e. að kaupa vörurnar þar, sem þær eru bestar og ódýrastar, þegar þeir hafa leitað sjer upplýsinga um verð og vörugæði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi verið bundinn við fjárlagaumr. í hv. Ed., en mjer var flutt, að hv. þm. Str. (TrÞ) hefði eitthvað gert að umtalsefni starfsemi mína sem landsverkfræðings, á árunum 1905—1917, og vissi jeg ekki, að tilefni til þessa mundi vera hægt að finna við umræður um það mál, sem hjer er til umræðu. Nú veit jeg ekki, hvað hv. þm. Str. (TrÞ) hefir sagt, en jeg heyrði á endirinn í svari hæstv. atvrh. (MG) til hans, og af því skildi jeg, að um einhverjar aðdróttanir eða dylgjur til mín hafi verið að ræða, um það, að jeg, Jón Þorlákssón, hafi selt landsverkfræðingi Jóni Þorlákssyni einhverjar vörur á þessu tímabili. Jeg vil nota tækifærið til að lýsa því yfir, að þetta er með öllu tilhæfulaust. Jeg hefi aldrei selt ríkinu tangur eða tetur af þessu tæi. Jeg keypti þessar vörur inn fyrir hönd ríkisins frá góðum verksmiðjum, eins og skylda mín var sem sliks embættismanns, og það hefir aldrei runnið inn til mín eyris virði af því fje, sem varið var til vörukaupa til vegamála ríkisins. Jeg gef þessa yfirlýsingu hjer vegna þess, að þetta er ekki í fyrsta skiftið, sem þetta er notað til pólitískra árása á mig, og hafi hv. þm. (TrÞ) komið með einhverjar dylgjur eða aðdróttanir til mín um þetta, bið jeg þessa hv. deild, að hún leyfi það, að þessum hv. þm. (TrÞ) verði gefið tækifæri til að standa við það, sem hann hefir sagt, á öðrum vettvangi, utan þings; en hafi hv. þm. ekkert sagt í þessa átt, bið jeg hann hjer með afsökunar á þessum orðum mínum.

Um verslunina Jón Þorlákssón & Norðmann get jeg sagt það, að jeg hefi átt og á ennþá hlut í því firma, en síðan jeg varð ráðherra hefi jeg engin afskifti haft af þeirri starfsemi. Og þeir opinberir starfsmenn ríkisins, sem átt hafa viðskifti við þetta firma, ef nokkrir eru, eiga þar sjálfir til að svara, því mjer er ókunnugt um það alt. Jeg veit ekkert um það nú, hverjir skifta við það firma. Hverjir hafi selt sement til skólans að Laugum, er mjer ókunnugt um; jeg hefi aldrei vitað neitt um það.

Halldór Stefánsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls, en hæstv. atvrh. (MG) beindi til nefndarinnar fyrirspurn við 2. umr. um þetta mál, hvort hún ætlaðist til, að tekin væri upp einkasala á tilbúnum áburði, þó að verðið á þessari vöru væri að dómi ríkisstjórnarinnar og Búnaðarfjelags Íslands ekki ósanngjarnt og álagning ekki úr hófi fram? Þetta var framborið undir umræðum, svo að ekki var hægt að svara fyrir nefndina í heild, og nú hafa bæði háttv. frsm. og háttv. form. svarað þessu hvor fyrir sig og á sinn veg hvor. Jeg vil svara þessu fyrir mig og svara játandi. Mjer finst þó fyrirspurnin vera óþörf, vegna þess að í frv. sjálfu eru fram tekin þau skilyrði eða ástæður, sem segja skýrt fyrir um, hvort nota skuli heimildina eða ekki. Þá vil jeg og minnast á einstök ummæli um mál-

ið, sem fram komu við 2. umræðu. Ýms ummæli í nál. hafa orðið mönnum til ásteytingar. Það var þá fyrst út af því orðalagi nál., að nefndin væri yfirleitt andvíg einkasölu, og þótti þetta ekki koma vel heim við aðstöðu einstakra nefndarmanna til einkasölu á síðasta þingi. Þetta orðalag kom til umtals í nefndinni, og það varð að samkomulagi, að þetta orðalag þyrfti engan að binda, það mætti skilja það svo, að nefndarmenn væru andvígir einkasölu að ástæðulausu. Enda segir það sig sjálft, að þar sem allir nefndarmenn bera jafnframt fram tillögu um að heimila einkasölu, þá er þar með játað, að þær ástæður geta verið fyrir hendi, sem gera einkasölu sjálfsagða, jafnvel fyrir þá, sem annars eru andvígir þeirri stefnu, og þá er ekki annað eftir en að hver og einn verður að meta þær aðstæður fyrir sjálfan sig. Þá hefir það verið sagt, að í nál. væri misskift sól og vindi, og skildi jeg þetta svo, að átt væri við það, að hlutdrægni kendi í nál. á milli stjórnar Búnaðarfjelags Íslands og búnaðarmálastjóra. Þá var það og sagt, að nefndin hefði borið sakir á tiltekinn mann. Þetta og ýmislegt fleira, sem sagt hefir verið, get jeg ekki látið vera ómótmælt, og enda þótt háttv. frsm. hafi þegar hrakið þetta að nokkru, tel jeg þó ekki nóg að gert enn.

Í nefndarálitinu er aðeins skýrt frá, hvernig á breytingunni um umráð áburðarins standi, eftir því sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands skýrir frá. Hins vegar hefir nefndin engan dóm á það lagt, hverjum þetta er að kenna. Það er rjett, sem kom fram við 2. umr., að það er óljóst, hvort um var að ræða einkasölu eða það, að Búnaðarfjelag Íslands hafi verið eini innflytjandinn. Um þetta var ágreiningur á milli búnaðarmálastjóra og Búnaðarfjelagsstjórnarinnar og búnaðarþingsins. En þetta skiftir ekki verulegu máli, því að Búnaðarfjelag Íslands hafði hvort sem var alveg sömu aðstöðu til þess að ráða verðlaginu og því, að notendur þyrftu ekki að kaupa vöruna nema við sanngjörnu verði.

Því skal ekki neitað, að það eru hörð orð, þar sem svo er um mælt í nál., að ef einkasalan kæmist aftur í hendur Búnaðarfjelags Íslands, þá ætlist hún til, að það hafi þeirri búnaðarmálastjórn á að skipa, sem treysta megi. En með þessum ummælum er enginn dómur á það lagður, hverjum mistökin hafi verið að kenna; það er ekki misskift sól og vindi. Orðið búnaðarmálastjórn er af ásettu ráði valið, af því að það á við báða aðiljana, búnaðarfjelagsstjórnina og búnaðarmálastjóra. Hitt getur verið, að fyrir nefndarmönnum hafi að öðru leyti vakað eitthvað misjafnt. Sumir nefndarmenn hafa lýst því yfir, sem sinni persónulegu skoðun, að þeir telji, að ekki gæti komið til mála, að búnaðarmálastjóri hjeldi stöðu sinni, ef það sannaðist, að þetta væri honum að kenna. Þess vegna vil jeg lýsa því yfir, fyrir mína hönd og tveggja nefndarmanna annara, að með þessum ummælum meintum við fyrst og fremst það, að gefa ávítun og áminningu fyrir þau mistök, sem átt hafa sjer stað, og aðvörun um, að slíkt kæmi ekki fyrir aftur. Það liggur í augum uppi að þar sem Búnaðarfjelagi Íslands er ekki ætlað, samkvæmt tillögum frv., að hafa önnur framkvæmdaratriði með höndum en að gera samning einu sinni á ári, um sölu og afhendingu áburðarins, þá er það svo lítið framkvæmdaratriði, að fje-

lagsstjórn og framkvæmdarstjóri gætu í sameiningu átt beinan þátt í því, og þar af leiðandi engin ástæða til tortryggni um, að nokkur mistök þessu lík gætu átt sjer stað.

Magnús Jónsson: Jeg verð að segja, að það kom flatt upp á mig ýmislegt, sem fram kom við 2. umr. þessa máls. Jeg hafði litið svo á, að þetta væri eiginlega hálfgert hjegómamál. Hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram sitt áburðarfrumvarp eins og hann gerði í fyrra, og eins og hann gerir líklega næsta ár, á sinn hátt eins og þegar 2. þm. Reykv. (JBald) ber fram einkasölufrumvörp sín þing eftir þing. Þetta er stefnumál, sem gengur illa að hafa fram, en sem menn halda fast við ár eftir ár. Jeg skal játa, að maður átti að geta vaknað við það, að hv. landbúnaðarn. bar fram tillögur sínar, sem sýna, að málinu er beint í nýjan farveg. Nefndin leggur á móti frv., en býr til sem brtt. nýtt frv. um einkasölu. Þar að auki voru í nál. landbn. nokkuð sterk ummæli um eitt og annað í garð stjórnar Búnaðarfjelags Íslands. En jeg tók þetta eins og heimiliskrit á landbúnaðarheimilinu, sem við þyrftum ekki að skifta okkur af. Jeg bjóst nú við því, að við 2. umr. mundi ganga í gusum milli kunningjanna og tillagan verða feld, því að jeg hjelt, að það sama þing, sem væri búið að ryðja eins til í einkasölumálum og það hefir gert, mundi varla fara að samþykkja nýja einkasölu nú. En við 2. umr. fer alt á annan veg. Fátt eða ekkert kemur fram til skýringar málinu. Það er talað um það með mestu stillingu af frsm. landbn., en aftur á móti er haldinn einkennilegur eldhúsdagur yfir formanni Búnaðarfjelags Íslands, sem gefur loðin svör. Þá fer að glitta í hitt og þetta einkennilegt, sem þarf að athuga. Nefndin lýsir því yfir, að hún sje andvíg einkasölu yfirleitt. En í sömu andránni leggur hún til einkasölu, eins og hjer eigi að liggja á bak við einhver dæmalaus býsn, sem hljóti að snúa eldheitum mótstöðumönnum einkasölunnar þannig, að þeir verði að grípa til einkasöluheimildar. Jeg varð þó ennþá meira hissa, þegar nálega allur þingheimur greiðir atkvæði með tillögunni, án þess að fram kæmi, hvaða býsn þetta væru. Jeg tók mjer þá fyrir hendur að reyna að leita mjer upplýsinga um málið. Ætlaði jeg einkum að athuga vandlega þau skjöl, sem fyrir hv. landbn. hafa legið, en af sjerstökum ástæðum gekk mjer svo illa að ná í þessi skjöl, að jeg fjekk þau ekki fyr en nú í fundarbyrjun. Jeg verð samt að leggja upp með þetta.

Það er margt einkennilegt í kringum þetta og óljóst alt. Hv. landbn. ætlar, þvert ofan í sannfæringu sína, að leggja út í einkasölu, og loks dettur botninn úr öllu saman við það, að ef eitt útlent fjelag snýr frá villu síns vegar og lætur Búnaðarfjelag Íslands fá einkasölu á þessum áburðarefnum, á alt verkið að falla niður. Þá má alt verða frjálst.

Til þess að gera grein fyrir öllu þessu, ætla jeg að reyna að rekja málið sem mest sögulega.

Eins og öllum er kunnugt, hefir á síðustu árum verið fluttur inn í landið Noregssaltpjetur, í mjög smáum stíl samt. Þetta hefst árið 1922, 1923 er það nokkru meira, 1924 eykst það enn, en er þó lítið. Á þessum árum er það, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri kemst í þetta dularfulla samband við

„Norsk hydro elektrisk kvælstofaktieselskab". Árið 1923 mun Sigurður hafa verið á ferð í Noregi í alt öðrum erindum, en það var sjerstaklega einn maður hjer í bæ, Thor Jensen, sem hafði beðið hann að athuga, með hvaða kjörum væri hægt að fá köfnunarefnisáburð í Noregi. Þá er það, sem Sigurður kemst í samband við þetta fjelag og gerir lítilsháttar pöntun hjá því. Mönnum gatst vel að vörugæðum og verði, og eftirspurnin eftir þessum áburði eykst. Sigurður fer að taka á móti fleiri pöntunum. Þær eru honum sendar gegn borgun mót farmskírteini, og yfirleitt er hjer um svo lauslegt og óformlegt samband að ræða, sem mest má vera. Búnaðarmálastjóri hefir sem sje leitað tilboða hjá Norsk hydro og pantað eftir þeim. Það er ekki um neitt umboð að ræða, og því síður einkasölu, enda má þetta heita tilraun meira en eiginleg verslun. Þó að þetta sje kallað „eneforhandling", er ekkert hægt að leggja upp úr því. Það getur átt einungis við það, að búnaðarmálastjóri var sá eini, sem pantaði vöruna þaðan. (HK: Þetta er ekki rjett). Háttv. þm. Barð. (HK) stendur þá víst upp á eftir og sýnir, að hverju leyti jeg fer með rangt mál. Eins og jeg hefi tekið fram, var salan mjög lítil. Hjer í skjölunum er sagt frá, að 1923 hafi hún verið 95 tonn, 1924 150 tonn, og er hætt við, að Norsk hydro, sem framleiðir 200 þúsund tonn á ári, hafi þótt þetta lítið og ekki taka því að fara að stofna einkaumboð.

Það hafa, eftir því sem mjer hefir verið sagt, gengið talsverðar dylgjur um, að Sig. Sigurðsson hefði átt að fá af þessu miklar prósentur. En jeg hefi sjeð brjef, þar sem Norsk hydro lýsir því yfir, að Sigurður hafi aldrei haft neitt upp úr þessari sölu. Jeg held, að hjer sje um mjög óformlegt og eðlilegt atriði að ræða, eins og allir hljóta að sjá, sem vilja líta rólega á málið.

Um þessar mundir kemur firmað Nathan & Olsen til sögunnar. Carl Olsen fer að flytja inn áburð handa sjer 1922, vegna ræktunar, sem hann hefir með höndum hjer fyrir innan bæinn. 1924 hafa aftur á móti pantanir Búnaðarfjelagsins aukist það mikið, að það fer að verða óþægilegt að hafa ekki dálítið fyrirliggjandi af vörunni hjer á staðnum. Út frá þessu hefir mjer skilist, að firmað Nathan & Olsen tæki að sjer að hafa útsölu á því, sem ekki var fyrirfram pantað. Jeg hefi heyrt sagt, að Eyjólfur Kolbeins hafi líka haft eitthvað af sölu með höndum, og að Nathan & Olsen hafi selt dýrara en hann. Um þetta skal jeg ekkert segja. Jeg ætla hvorki að forsvara Nathan & Olsen nje búnaðarmálastjóra, heldur ætla jeg aðeins að skýra frá málavöxtum eins og jeg veit sannast og rjettast.

Svona standa sakir haustið 1924. En þá kemur nýr aðili til sögunnar, Mjólkurfjelag Reykjavíkur. Ýmsir meðlimir þess fjelags hafa ræktun með höndum. Þetta fjelag hafði fengið umboð fyrir Lysaker-verksmiðjuna á tilbúnum áburði (superfosfati), en vildi nú komast í samband við Norsk hydro. Hvernig sem á því stóð, varð samt ekkert úr því, og þykir mjer líklegast, að Norsk hydro hafi enn þótt illa taka því að gera samninga. Þeir, sem mestan áhuga höfðu sýnt á að breiða út þekkingu manna á þessu, var firmað Nathan & Olsen. Það gaf m. a. út vandaðan bækling um málið. Í árslok 1924 virðist málið því liggja ósköp einfalt fyrir. Mjólkurfjelag Reykjavíkur vill fá umboð fyrir Norsk

hydro og hefir ef til vill gert tilraunir til þess, en ekki tekist það.

Í janúar 1925 er annar aðaleigandi firmans Nathan & Olsen, Carl Olsen, staddur ytra. Jeg hefi leitað frjetta hjá honum persónulega um þetta, og hann sagði mjer, að hann hefði átt tal við Norsk hydro, sem hefði tekið dauflega í málið, af því að um svo litla sölu var að ræða. En ekki varð vart við neina mótstöðu af því, að neinn annar hefði hjer umboð. Enda er óhugsandi, að Norsk hydro hefði gert samning við Carl Olsen, ef aðrir hefðu haft umboð. Að minsta kosti hefði samningstíminn þurft að vera útrunninn. Það er heldur ekkert undarlegt, þó að Norsk hydro væri mýkri í samningum við Nathan & Olsen en aðra, af því að þessi fyrirtæki hafa mikla trú á að hafa fyrir umboðsmenn hrein verslunarhús, í stað t. d. Búnaðarfjelags Íslands, sem starfar að alt öðrum málum, eða Mjólkurfjelag Reykjavíkur, sem líka starfar að alt öðrum málum. 4. og 5. febrúar er það svo afgert, að Nathan & Olsen fái einkaumboð. En vegna þess, að slík verslunarhús eru ákaflega vönd að virðingu sinni, og Norsk hydro hafði haft viðskifti við Sigurð Sigurðsson og Búnaðarfjelagið, þá óskaði það þess, að Nathan & Olsen fengju samkomulag við Búnaðarfjelagið um málið.

Mjer sýnist hv. landbn. fyrst fara að grilla í málið eftir allan þennan undirbúning, en sjá þó alt skakt. Því að hún fer vægast sagt með mjög vafasamt mál með tali sínu um einkasölu Búnaðarfjelagsins, því hún hefir aldrei átt sjer stað, og talinu um afhendingu á þeim hlut, sem ekki var til. Það er ómögulegt að tala um afhendingu einhvers manns hjer úti á Íslandi á umboði fyrir slíkt stórfirma sem Norsk hydro. Auðvitað hlýtur það að vera sjálfrátt, hvaða umboðsmann það hefir. Í öðru lagi gat Sigurður Sigurðsson ekkert umboð afhent, af þeirri einföldu ástæðu, að hann hafði ekkert umboð. Líklega stafar þessi misskilningur af því, að Norsk hydro óskar, að Nathan & Olsen fái samþykki Búnaðarfjelagsins og Sigurðar Sigurðssonar. En sje nokkur vafi um þetta, þá er hann allur kveðinn niður með brjefi frá Norsk hydro, sem jeg vil leyfa mjer að lesa kafla úr, með samþykki hæstv. forseta:

„.... Naar De spör, om De har anbefalet os, at d'herrer Nathan & Olsen skulde faa eneforhandling med Norgesaltpeter iaar og for fremtiden, saa maa vi dertil svare nei ....“

Þetta brjef mun Sig. Sig. hafa útvegað sjer út af dylgjunum um afhending hans á umboði Búnaðarfjelagsins. Þetta um einkasölu Búnaðarfjelagsins og afhending Sig. Sig. er því hreint fleipur hjá hv. nefnd. Það er ekkert annað sem gerist 4.—5. febrúar í fyrra en það, að Carl Olsen tekst að fá Norsk hydro til að fá þá trú á áburðarsölu hjer, að þeim þykir taka því að hafa hjer umboðsmenn.

Nú kemur næsti þáttur í málinu, og það er Búnaðarfjelagið og dugnaður og árvekni stjórnar þess. Það var minst á það við 2. umr., að í heilt misseri veit form. fjelagsins ekki, hvort það er Búnaðarfjelagið eða Nathan & Olsen, sem hafa á hendi umboðið. Þetta virðist næstum óskiljanlegt, þegar stjórn fjelagsins er á fundi 21. febrúar falið að hafa umboðið áfram. Út af þessu vil jeg reyna að skýra það, sem fram fór.

Í samræmi við skilyrði Norsk hydro fór Carl Olsen á fund Búnaðarfjelags-

stjórnarinnar, til þess að komast að samningum. Út af þessu komu þeir á 2 fundi saman, hinn 5. mars í fyrra, kl. 10 árd. og kl. 8 síðd. Nathan & Olsen buðust til að selja saltpjeturinn við afarvægu verði, aðeins með 2% álagningu. En formaður Búnaðarfjelagsins þykist hafa lagt höfuðáherslu á, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur yrði ánægt, og talaðist að lokum svo til, að 200 tonna sendingu var skift þannig, að Nathan & Olsen fengu 140 tonn, en Mjólkurfjelagið 60. En jafnframt var ákveðið, að álagningin skyldi vera 7—8%, líklega til þess að gera Mjólkurfjelagið ánægt! Formaður Búnaðarfjelagsins mun hafa komið með þá tillögu, til þess að Mjólkurfjelagið fengi eitthvað af saltpjetrinum, og auðvitað slógu Nathan & Olsen ekki hendinni á móti slíku boði.

Á fundi Búnaðarfjelagsins, 21. febrúar 1925, er samþykt tillaga um það, að fjelagið haldi áfram einkasölu á tilbúnum áburði. Orðalagið er sýnilega bygt á misskilningi, en átt við það, að fjelagið halda áfram að versla með áburð. Samkvæmt því, sem jeg hefi áður tekið fram, voru Nathan & Olsen þá þegar búnir að fá umboðið, en Olsen líklega ókominn til landsins. En nú er að athuga framkvæmdir Búnaðarfjelagsstjórnarinnar, því að hún átti að sjá um, að samþyktum aðalfundar væri framfylgt. Formaður gaf skýrslu hjer í gær, og var hún óneitanlega heldur óskýr. 21. febrúar er stjórninni falið að hafa umboðið. En fyrst í desember segist formaður hafa haft hugmynd um, að Búnaðarfjelagið hefði það ekki. Þetta er svo ótrúlegt, að það gengur undri næst. Stjórnin situr á tveim fundum með Carli Olsen og semur um áburðinn og veit ekki, hvort það er hún eða hann, sem er að bjóða vöruna. Síðan gengur öll áburðarverslun ársins svo fyrir sig, að formaður Búnaðarfjelagsins heldur, að Búnaðarfjelagið sje að versla, án þess að svo sje! Og þetta eru þó á þriðja hundrað tonn. Carl Olsen gerir ákveðin tilboð um verð vörunnar, en samt opnast ekki augu formannsins. Svona líður árið til enda. Mjólkurfjelagi Reykjavíkur er neitað um Noregssaltpjetur beint, sakir þess að Nathan & Olsen sjeu einkaumboðsmenn. Þá er óhugsandi annað en það fjelag hafi einhverja hugmynd um þetta. En formaður Búnaðarfjelagsins einn veit ekki neitt og gerir ekki neitt, því að annars hefði hann hlotið að komast að því sama. Hann lifir allan tímann í þeirri sælu einfeldni, að alt sje í lagi og ekkert þurfi að gera.

Loks í desember opnast augu formannsins. Þá er sendur út ráðunautur Búnaðarfjelagsins, svo að segja ári eftir að Norsk hydro hefir afhent Nathan & Olsen umboðið.

Mig furðar ekki, þótt landbn. segi, að búnaðarmálastjóri hafi, „að því er virðist dulið“ fjelagsstjórnina hins sanna í þessu máli. Það hefir ekki verið neitt ógnarlegt þrekvirki, þegar alt þetta er á ferðinni kringum hana, brjef, skeyti, samningar o. s. frv., en ekkert dugir. Hún er alveg úti á þekju.

Svona er nú gangurinn í málinu, og er nauðsynlegt að draga hann fram, vegna ónákvæmra skýrslna um málið, og til þess að geta felt rökstuddan dóm um það. En aðalatriðið í málinu er þetta:

E r á s t æ ð a t i l e i n k a s ö l u n n a r?

Hv. frsm. lanbn. (JS) færði ekki fram neina aðra ástæðu en þá, að Nathan &

Olsen hefðu náð í einkaumboð! Hvílíkt dæmalaust ólag! En hvað gerir það til, þótt þetta firma hafi einkasölu? Eina atriðið, sem hjer þarf um að spyrja, er þetta: Er verðið á vörunni rjett? Nálega allar verksmiðjur, sem selja hingað vörur, hafa hjer umboðsmenn, og þykir engum neitt að athuga við það. Framleiðendurnir vilja hafa hjer menn til að bjóða fram vöruna og auglýsa hana. Nú er það alveg vafalaust, að verðið er mjög sanngjarnt á saltpjetrinum, enda hefir hæstv. landbn. ekki sagt eitt orð í aðra átt. 2% er alveg ótrúlega lág álagning, en Nathan & Olsen buðust til að leggja ekki meira á vöruna. Jeg held, að þingið seilist heldur um hurð til lokunnar, ef það ætlar sjer að fara að setja upp einkasölu. Því að það er áreiðanlegt, að öll þau firmu, sem vilja fá markað fyrir vöru sína, gæta þess, að umboðsmenn þeirra leggi ekki óhæfilega á hana. Og svo kemur eitt til greina. Umboðið mundi halda áfram, þótt einkasalan kæmi. Það er hreinn barnaskapur að halda, að hægt sje að hræða Norsk hydro með því, að það missi af versluninni með þessi 2—300 tonn af saltpjetri, sem hingað flytjast. Menn verða að athuga, að 2—300 tonn er ekki meira en eins og dropi í hafinu gagnvart þeim hundruðum þúsunda tonna, sem Norsk hydro framleiðir árlega af Noregssaltpjetri.

Ef farið er að gera rekistefnu út af þessu, gæti það orðið til þess eins, að erfiðara yrði að fá Norsk hydro til að sinna þessum litlu pöntunum hjeðan. Mjólkurfjelag Reykjavíkur ætlaði að ógna Norsk hydro með því að segjast kaupa Chilesaltpjetur, ef það fengi ekki sendingu beint. Norsk hydro virti þetta ekki svars í brjefi sínu. Sama mun það gera við þessum selbita, sem því er gefinn í 2. gr. frv.

Þetta er þá ástæðan til þess, að þingnefnd, sem yfirleitt er á móti einkasölu, krossbrýtur sínar eigin reglur og fjöldi þingmanna fer á eftir. Með öðrum orðum, þá er engin ástæðan, ekkert nema ímyndun. Jeg vona því, að þessi orð mín hljómi eins og gleðiboðskapur fyrir þá hv. þm., sem eru á móti einkasölu, en hafa komist inn á villigötur í þessu máli.

Það eru í rauninni fleiri þættir, sem mætti minnast á í þessu máli. En þar sem jeg er nú búinn að tala alllengi, get jeg látið mjer nægja að bæta fáu við.

Til stuðnings því, sem jeg sagði um verðið á Noregssaltpjetrinum, gæti jeg lesið upp brjefkafla frá Norsk hydro, þar sem þeir fara fram á, að Búnaðarfjelagið hafi hönd í bagga um verðið á áburðinum, svo að þeir geti fengið fult traust manna. En þess gerist eflaust ekki þörf, þar sem jeg hefi rökstutt þetta nægilega.

En það virðist vera eina meiningin með þessu frv., að ná versluninni úr höndum Nathan & Olsen. (JS: Hvenær hefir það komið fram?). Mjer skildist hæstv. atvrh. (MG) spyrja, hvað menn vildu að gert væri, ef komist yrði að viðunanlegum samningum við Nathan & Olsen. Þá reis hver upp af öðrum og sagði, að versluninni yrði að ná úr höndum firmans. En af hverju mega Nathan & Olsen ekki hafa áburðarsöluna? Eru það ekki alstaðar eyrun á Mjólkurfjelaginu, sem gægjast upp úr? Það var aðaláhugamál formanns Búnaðarfjelagsins að gera það ánægt. Og til þess, að svo gæti orðið, varð álagningin á áburðinn í ár ca. 7% í stað 2%!

Frv. hv. þm. (TrÞ) var svo skiljan-

leg „agrar-pólitik“. Það sýnir þennan anda, sem hvergi þolir að sjá neitt, sem landið á, landsbanka, landsverslun, landssjóð, landssjóðsskip, án þess að skattleggja það til landbúnaðarins. En þetta kæmi þó að einhverju gagni. En hin ósköpin! Landsverslun, einkasala, auðvitað dýr í rekstri. Og allar líkur til þess, að áburðurinn yrði dýrari, en ekki ódýrari eftir en áður, því að sennilega halda Nathan & Olsen sínum umboðslaunum eftir sem áður.

Vil jeg því óska, að málið verði afgreitt með svofeldri rökstuddri dagskrá:

„Í því trausti, að ríkisstjórnin láti hafa nákvæmt eftirlit með verðlagi á tilbúnum áburði hjer á landi og sjái svo um, að hann sje seldur hjer við sanngjörnu verði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Allir þeir, sem greiða atkv. á móti þessari dagskrá, sýna, að þeim gengur eitthvað annað til en að fá ódýran áburð.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Það er búið að tala æði mikið um þetta mál, en jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að blanda mjer inn í þær umræður, fyrir hönd landbn., fyr en nú. Er það aðallega ræða síðasta hv. ræðumanns (MJ), sem gefur mjer tilefni til andsvara. Eiginlega má skifta ræðu hans í tvo kafla.

Fyrri hlutinn var saga málsins, sem hann rakti mjög einhliða. Gekk hún öll út á það að þvo Nathan & Olsen og sanna, að þeir hafi aðeins komið fram svo sem sjálfsagt var og hvert gott verslunarhús hefði gert í þeirra sporum. Það er nú varla hægt að fara að rekja alla söguna aftur, en þó verð jeg að drepa á nokkur atriði.

Hv. ræðumaður sagði, að ekki hefði verið um umboð að ræða hjá Búnaðarfjelaginu. Það skiftir engu, hvað það er kallað, hvort það er nefnt umboð eða einkasala, „eneforhandling“, eins og stendur í skeytunum. Hvað sem Nathan & Olsen segja, er ómögulegt að rengja það, að Norsk hydro hafi vitað, hvað það sagði, þegar það vildi ekki gera fullnaðarsamning, fyr en Búnaðarfjelag Íslands hefði látið uppi sitt álit. Norsk hydro telur sig ekki hafa gert bindandi samning fyr en skeytið berst frá Sigurði Sigurðssyni 7. mars. Það hefir enga þýðingu, hvað þetta heitir. Nú er komið sem komið er. Öll verslun með Noregssaltpjetur er komin á eina hönd, firmans Nathan & Olsen.

Þá ljet ræðumaður það skína gegnum ræðu sína, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur hefði reynt að ná umboði, en ekki tekist. Þetta er ekki rjett. Haustið 1924 skrifaði Mjólkurfjelag Reykjavíkur Norsk hydro og spurðist fyrir um verð. Þá var áburðurinn seldur hjer með tvennu verði, Nathan & Olsen seldi hann á 43 kr., en Eyjólfur Kolbeins á 39 kr., og þóttist hann hafa sæmilegan hagnað af sölunni. Mjólkurfjelagið spyrst fyrir um það, hvort það muni geta fengið áburðinn með sama verði og Eyjólfur Kolbeins. Norsk hydro telur ekkert í veginum með það, að það geti orðið gegnum Búnaðarfjelagið, og Mjólkurfjelagið sætti sig við það. Í des. 1924 sendir Búnaðarfjelagið út pöntun og biður um 200 tonn af Noregssaltpjetri. 15. des. kemur svar frá Norsk hydro, og lofar það áburðinum. 27. janúar skrifar Mjólkurfjelagið Búnaðarfjelaginu og býðst til þess að taka að sjer útsölu á áburðinum, ef það kæri sig um, fyrir 2—4%. Þetta brjef kemur ekki fram og er ekki sýnt Búnaðarfjelagsstjórninni fyr en síðast á Búnaðarþinginu.

Tveim dögum síðar, 29. jan., er pöntun Búnaðarfjelagsins á Noregssaltpjetri svo afturkölluð af búnaðarmálastjóra, og því barið við, að Búnaðarfjelagið ætli að bíða, þangað til Búnaðarþingið komi saman; jafnframt boðar hann Norsk hydro komu Carls Olsen. Svo er það 5. febrúar, sem samningar eru gerðir við Norsk hydro af Carli Olsen, þar sem hann fær ádrátt um umboð, með þeim ákveðnum skilyrðum, að Búnaðarfjelag Íslands samþykki samninginn. En í brjefi, sem Norsk hydro skrifar Búnaðarfjelaginu er auk þessa skýrt tekið fram, að Norsk hydro hafi átt tal við Carl Olsen viðvíkjandi sölu á Noregssaltpjetri, en Carl Olsen muni persónulega gefa Búnaðarfjelaginu upplýsingar um, hvað þeim hafi farið á milli. Þetta segir formaður Búnaðarfjelagsstjórnarinnar, að Carl Olsen hafi aldrei gert, og þetta brjef hefir aldrei komið fram, fremur en sum önnur, er þetta mál varða. 18. febr. spyr Mjólkurfjelagið um verð á Noregssaltpjetri, og er svarað með skeyti, að snúa sjer til Búnaðarfjelagsins. 24. febrúar símar Magnús á Blikastöðum og spyr, hver hafi umboðið, og er þá sagt, að það sje í höndum Búnaðarfjelasgins. Loks 7. mars fer svo út 200 tonna pöntun frá Nathan & Olsen, árituð af Sigurði búnaðarmálastjóra, svohljóðandi: „Búnaðarfjelag Indeforstaat, Nathan & Olsen". Sama dag skrifar Norsk hydro og kveðst skoða þessa pöntun sam samþykki Búnaðarfjelagsins á samningunum við Nathan & Olsen 5. febr., og hjer eftir fari því salan eingöngu fram gegnum firmað Nathan & Olsen. Þetta brjef hefir aldrei komið í hendur Búnaðarfjelagsstjórnarinnar. Það er sjerkennilegt í þessu máli, hvernig öll brjef glatast, er skifta mjög miklu um þetta mál.

Þannig er í stuttu máli saga þessa máls. Það er því síður en svo, að Carl Olsen sje sýkn saka í þessu máli, eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vildi vera láta. Það væri nú í raun og veru ekki svo mikið um þetta að segja, ef ekki hefði á sama tíma svo slysalega viljað til, að aðrar áburðartegundir lentu líka í höndum þessa firma. Háttv. þm. sagði, að það eina, sem gæti rjettlætt tillögu nefndarinnar, væri það, ef notendurnir fengju ekki áburðinn með rjettu verði. Þá fyrst væri ástæða til þess að hefjast handa. Hann sagði, að Carl Olsen hafi leitast við að fá álagninguna sem lengst niður. Hann hefði sett 2%, en Mjólkurfjelagið 8%. — Þetta er ekki rjett, og reynslan sýnir hið gagnstæða. Á bryggju var áburðurinn seldur síðastliðið ár á 36 kr., en út úr húsi seldi Nathan & Olsen hann á 38 kr., en Mjólkurfjelagið á 36 kr. Þá er einnig önnur áburðartegund, Chilesaltpjetur, sem Nathan & Olsen og Mjólkurfjelagið versla með. Hún þykir óhentugri; en þegar hin tegundin þraut, þá var hún tekin. Um hana var frjáls samkepni. En hjer bar að sama brunni. Mjólkurfjelagið seldi hana á 42,50 kr., og hafði þá lagt á það, sem það taldi sig þurfa. En við það bætir Nathan & Olsen kr. 7,50 og selur á 50 kr. Þetta virðist mjer benda ótvírætt á talsverða viðleitni til þess að nota aðstöðu sína, svo að við bændur eigum því síður en svo víst að geta fengið áburðinn með rjettu verði, eins og hv. 4. þm. Reykv. orðaði það. 1924 voru Nathan & Olsen einráðir um álagninguna. Búnaðarfjelagið samdi aldrei við þá. Framkvæmdastjóri Búnaðarfjelags-

ins átti tal um það við þá, en um það er mjer ókunnugt og stjórn Búnaðarfjelagsins líka. En þá lögðu þeir á frá 15—18%, venjulegast 16%. Jeg rek svo ekki þessa sögu lengur. En mjer virðist fullkomlega ástæða til þess, að við bændur sjeum á verði.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að þetta væri ósköp einfalt mál, það væri skiljanlegt, að Norsk hydro vildi helst versla við „privat firma". En þetta er einmitt þveröfugt. Norsk hydro mun hafa látið uppi, að það vildi helst versla við fjelag áburðarnotenda. Þá sagði hann, að við ljetum okkur verðið engu skifta, og dró fram því til sönnunar, að við teldum okkur ekki fullnægt, þó að við fengjum loforð um litla álagningu eitt ár. Þó hægt væri að fá slíkt loforð fyrir eitt ár, þá erum við ekki ánægðir með það. Við þurfum að nota áburðinn lengur en eitt ár, mörg ár, tugi ára, og við viljum fá framtíðar skipulag á áburðarsöluna, á þann hátt, að Búnaðarfjelagið eða bændur geti haft hönd í bagga með verðinu. Jeg mótmæli því eindregið, að það sje samkepni frá Mjólkurfjelaginu, sem standi á bak við þetta. Enginn okkar úr landbn. er í Mjólkurfjelaginu eða hefir veruleg viðskifti við fjelagið. En við erum annaðhvort áburðarnotendur eða búumst við að verða það í framtíðinni, og okkur er það hugleikið, að þessi vara sje í höndum Búnaðarfjelagsins. En það er ekki undarlegt, þó að Mjólkurfjelagið reyni að ná sem bestum kjörum á þessari vöru. Væri jeg í fjelaginu, mundi jeg krefjast þess, að það næði sem bestum kjörum fyrir bændur fjelagsins. Þeir nota áburðinn mest allra manna. Hjer er ekki aðeins að ræða um verðlag fyrir stuttan tíma, heldur um öryggi fyrir bændur landsins að fá sæmileg kaup á áburðinum framvegis. En slíkt öryggi fæst ekki meðan aðaláburðartegundin er eingöngu í höndum eins firma, nema firmað vildi skuldbinda sig um óákveðinn tíma með lága álagningu.

Nefndin hefir aðeins tekið fyrir köfnunarefnisáburðartegundir; þess gerðist ekki þörf að taka aðrar, því að þar er um samkepni að ræða. Hv. 4. þm. Reykv. kvað þetta öryggi vera lítilfjörlega ástæðu til þess að brjóta „princip". Það má vel vera, að það sje lítilfjörlegt í hans augum, en þegar hjer er um að ræða vöru, sem á þremur árum gerir meira en tífaldast að innflutningsmagni, þá sjest, hvaða þýðingu þetta getur haft í framtíðinni. Þegar stórfje er lagt úr ríkissjóði til þess að efla ræktun landsins, þá er hart að horfa á, að fæti er brugðið fyrir þá viðleitni, vegna þess að eitt firma hefir náð góðum tökum á vöru, sem nauðsynleg er við ræktunina.

Út af því, sem sami hv. þm. sagði, að talað hefði verið um, að Sigurður búnaðarmálastjóri hafi átt að taka á móti fje fyrir þetta, þá mótmæli jeg því algerlega, að nefndin hafi borið slíkt fram. Jeg hefi ekki heyrt neinn orða það í umræðum hjer. Þetta er aðeins í höfði þessa hv. þm. Þá endaði hann með því að bera fram rökstudda dagskrá. Mjer skildist efni hennar vera á þá leið, að stjórnin ætti að hafa eftirlit með verðinu. Hvernig á stjórnin að fara að því að hafa eftirlit með verðinu? Hún hefir ekkert í höndum til slíkra hluta. Þetta er „privat firma", sem getur sett verðið eins og því sýnist. Norsk hydro hefir talið æskilegt, að leitað væri umsagnar Búnaðarfjelags Íslands, en það hefir ekki úrslitaatkvæði um það.

Stjórnarráðið hefir því engin tök á því að hafa hönd í bagga með verðinu, svo þessi dagskrá er algerlega út í loftið.

Þótt jeg hafi nú farið fljótt yfir sögu og ef til vill ekki svarað öllu, sem svara þurfti, þá ætla jeg ekki að fara lengra út í þetta að sinni. Mjer gefst væntanlega færi á að taka til máls aftur, og get jeg þá árjettað mál mitt frekar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði hugsað mjer að segja nokkur orð við 3. umr. um þetta mál sjálft, og skal jeg strax taka það fram, að þótt hjer hafi hvest dálitið, þá ætla jeg hvorki að leggja þar að eld nje við, heldur segja nokkur orð út af ummælum um málið sjálft, og eru það sjerstaklega nokkur ummæli samþingismanns míns, hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem hafa gefið mjer tilefni til þess. Jeg get vel skilið, að hv. þm. (MJ) finnist, að með þessu frv. sje verið að snúa inn á óeðlilega leið, og jeg viðurkenni það, að jeg álít óheppilegt að þurfa að grípa til þeirra ráða, að lögleiða ríkis-einkasölu á þessari vörutegund, jafnvel þótt einungis sje heimiluð sú einkasala í lögunum sjálfum. Jeg álít það óheppilegt, vegna þess að jeg álít, að hjer á landi eigi að vera algert verslunarfrelsi, en við, sem höldum uppi kröfunni um algert verslunarfrelsi, viðurkennum jafnframt, að á því sviði, eins og hverju öðru, þar sem einstaklingsfrelsi á að vera ríkjandi, þar verði löggjafarvaldið að fyrirbyggja þá misnotkun á einstaklingsfrelsinu, sem fer í bág við hag einstaklingsins. En það er misnotkun á verslunarfrelsinu, ef nokkurt verslunarfirma nær í sínar hendur einveldi yfir verslun með einhverja þá vörutegund, sem atvinnuvegir landsins eða almenningur ekki má án vera. Þetta er misnotkun segi jeg, jafnvel þótt ekkert sje fram komið af hendi hlutaðeigandi verslunarfjelags, sem gefi tilefni til umkvörtunar hvað viðskiftin snertir; það er misnotkun, af því að það er ósamrýmanlegt sjálfu grundvallaratriði verslunarfrelsisins, sem er það, að samkepnin á hverjum tíma tryggi það eðlilega verð. Þessvegna er það jafnvel svo, að þó að eitthvert firma, og það kannske með besta tilgangi, nái einveldi yfir sölu á einhverri vöru, þá getur þjóðin aldrei treyst því, að það verði svo vel með það farið, að það veki að minsta kosti ekki tortrygni eða grun hjá þeim, sem búa við slíkt; slíka misnotkun á verslunarfrelsi verður löggjöfin að minni hyggju að fyrirbyggja. Nú munu ekki vera til nein þau ákvæði í okkar almennu löggjöf, sem komi í veg fyrir þetta, og það er einungis vegna þess, að slík ákvæði vantar, að jeg get greitt atkvæði með því að fara inn á þá leið, sem þetta frv. stingur upp á. Jeg geri það fyrst og fremst í því trausti, að þar af þurfi ekki að leiða það, að einkasala á köfnunarefnisáburði verði upp tekin, eins og jeg mun víkja að síðar, en skyldi ver fara en jeg vonast eftir, þá verður þó altaf að viðurkenna það, að þrátt fyrir ótölulega annmarka á ríkiseinkasölu, þá er þó frekar við hana búandi heldur en einkasölu ábyrgðarlauss einstaklings. En þetta hefir engan veginn verið upplýst af hv. nefnd eða í hv. deild, og það, sem jeg segi, verður því að vera að öllu leyti með fyrirvara. En það lítur svo út, sem eitt verslunarfirma hafi fengið í sínar hendur raunverulega einkaverslun með kalksaltpjetur, og þetta er þýðingar-

mikil vörutegund fyrir ræktun landsins, svo að ekki er hægt að horfa aðgerðalaust upp á það, ef landbúnaðinum er ekki trygð frjáls samkepnisverslun með þessa vörutegund. Það lítur ennfremur út fyrir, að það firma, sem hefir fengið þessa einkasölu, hafi notið til þess að minsta kosti hlutleysis og jafnvel aðstoðar starfsmanns hjá ríkisstofnun, og starfsmanns, sem þá hefir, að því er þetta atriði snertir, ekki farið eftir vilja og óskum sinna yfirboðara, stjórnar Búnaðarfjelags Íslands og Búnaðarþings Íslands. Jeg verð að álíta, að eftir því sem fram kom, hafi Búnaðarþingið óskað að fyrirbyggja, að einokun gæti komið á þessa vörutegund, og jeg hefi enga ástæðu til að álíta, að stjórn Búnaðarfjelagsins sje ekki sömu skoðunar og Búnaðarþingið um þetta. Jeg vil gera ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að firmanu hafi ekki verið það ljóst, þegar það útvegaði sjer þessa aðstöðu, að það væri að breyta á móti vilja Búnaðarfjelags Íslands með Búnaðarþingið að baki sjer, en á þessu byggi jeg líka það, að þegar málið er fullupplýst, þá tel jeg það jafn-sjálfsagt, að þetta firma, sem jeg þykist vita, að vilji koma fram sem heiðarlegt verslunarfirma og lifa lengi í landinu, það geri þá rjetting á þessu, sem það hefir í hendi sjer, sem sje þá, að afsala í hendur Búnaðarfjelagi Íslands því umboði, sem það hefir náð á móti vilja þeirra manna, sem ráðin hafa í Búnaðarfjelaginu. Jeg þykist vita það, að þeir menn muni skilja stöðu sína og skyldu sína svo vel, að þetta muni þeir gera, og þá mun á engan hátt þurfa að koma til framkvæmda ákvæði þessa frv. Jeg þykist vita, að þeir muni gera þetta, hvenær sem Búnaðarfjelag Íslands getur sýnt firmanu fram á það, að það hafi náð samkomulagi við Norsk hydro um það að fela því umboðið, að firmanu frágengnu.

Jeg get greitt atkvæði með frv., í þeirri von, að til framkvæmda þurfi ekki að koma, en líka með fullráðnum huga um það, ef þetta mál ekki getur lagast á þennan hátt, þá vil jeg stuðla að því og beita mjer fyrir því, að löggjöf landsins verði breytt í það horf, að endurtekning á þessu og þvíliku geti ekki átt sjer stað. Þess eru dæmi frá öðrum þjóðum, að það hefir þótt nauðsynlegt að setja slíka löggjöf, og fyrirmyndir eru því auðfundnar. Viðurlög hafa verið þar, sem slík löggjöf hefir verið brotin, þau viðurlög, að það firma, sem átt hefir hlut að máli, hefir orðið að hætta, þegar málið var upplýst orðið. Það má náttúrlega hugsa sjer, að svo afleiðingarík skref yrðu ekki stigin þegar í byrjun, það má hugsa sjer minni viðurlög sem fullkomlega eðlileg, og það er, að hlutaðeigandi firma misti rjettinn til að versla með þá vöru, sem fyrir þess aðgerðir hverfur út úr frjálsri samkepni. En jeg vona, að þessi viðburður, sem hjer er um að ræða, þurfi ekki að gefa tilefni til slíkrar lagasetningar.

Tryggvi Þórhallsson: Eins og komið er þessu máli, þarf jeg ekki að segja nema fátt til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt. Sá eini, sem ráðist hefir á móti frv. sjálfu, eins og það liggur fyrir, er hv. 4. þm. Reykv. (MJ), en hv. frsm. landbn. (JS) hefir svarað því rækilega. Það er satt, sem hv. þm. (MJ) sagði, að jeg bar ekki frv. fram í þeirri mynd, sem það er í nú. Jeg er sammála hv. þm. (MJ) um það, að frv. var þá betra, en

jeg er eins og hv. þm. (MJ) með það, að ef ekki fæst það besta, þá geri jeg mig ánægðan með það næstbesta, og því verður ekki neitað, sem hv. deild hefir látið í ljósi, að þetta er nauðsynlegt að gera.

Hv. þm. (MJ) vjek nokkrum orðum að stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem jeg vildi athuga. Hv. þm. (MJ) dró dár að því, að stjórn Búnaðarfjelags Íslands hefði svo og svo marga mánuði vaðið í villu og svíma um þetta. Og það er í raun og veru alveg rjett af hv. þm. (MJ) að draga dár að því. En svona var það. Það kemur fram af þessari fundargerð frá 5. mars, sem jeg las upp. Með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarfjelag Íslands geri ráðstöfun til þess, að af þeim 200 smálestum, sem það á kost á að fá frá Norsk hydro ....." (MJ: Hver stílaði þetta?) Það gerði Valtýr Stefánsson, ritari stjórnarnefndar Búnaðarfjelags Íslands. Fundargerðin er stíluð eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu. Og þar sem við gátum ráðstafað áburðinum eins og við vildum, og þannig, að fulltrúi notenda, Mjólkurfjelag Reykjavíkur, var fullkomlega ánægt, höfðum við enga ástæðu til að ætla, að ekki stæði við sama. — En ef hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vill athuga þetta nokkuð nánar, þá er það ekkert undarlegt, þótt við stöndum nokkuð lengi í þessari trú, því að svo kemur ekkert til, fyr en aftur þarf að fara að panta áburð fyrir næsta vor; þessvegna er það svo eðlilegt, að við vöðum í þessari villu lengi. Hv. þm. (MJ) vildi segja, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur hefði vitað, að Nathan & Olsen hefði fengið umboðið. Um það get jeg ekkert sagt, því að jeg er ekki í stjórn Mjólkurfjelags Reykjavíkur, og um þetta hefir það ekki sagt mjer neitt.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) lá mjer á hálsi fyrir það, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur væri ánægðara en Nathan & Olsen. Jeg skal játa, að hjer er um tvo ólíka aðilja að ræða. Nathan & Olsen er kaupmannsfirma, sem hefir fullan hug á að sjá sínum hag borgið í viðskiftunum, en Mjólkurfjelag Reykjavíkur er fulltrúi þeirra manna, sem áburðinn þurfa að nota.

Annars er skemtilegt að bera saman skoðun þeirra nafnanna, hæstv. atvrh. (MG) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ), á því, hvernig jeg hefi borið mig að í þessu máli. Hæstv atvrh. (MG) gefur í skyn, að jeg hafi ekki verið á verði fyrir bændur, heldur reynst helst til vinhallur firmanu Nathan & Olsen. En svo rís hv. 4. þm. Reykv. (MJ) upp með þjósti miklum og skammar mig fyrir það, að eg hafi verið óþægur ljár í þúfu firmanu Nathan & Olsen um þessa áburðarverslun. Sem sagt, báðir skamma mig, en jeg verð að segja það, að collega minn, hv. 4. þm. Reykv. (MJ), fer þar með rjettara mál, er hann segir, að jeg hafi verið vondur við Nathan & Olsen. Enda tel jeg mjer skylt, samkvæmt stöðu minni, ekki aðeins sem þm., heldur sem formaður Búnaðarfjelags Íslands, að standa með framleiðendunum.

Um hitt málið, sem jeg dró inn í umr., ætla jeg ekki mikið að segja, bæði vegna þess, hvernig mjer er farið, og svo líkaði mjer vel, hvað hæstv. fjrh. (JÞ) talaði friðsamlega um það. Hitt skal jeg fúslega játa, að ástæðan til þess, að jeg sneri mjer að þessu máli, var ekki önnur en sú, að jeg vildi fylgja gamla heilræðinu og gjalda hæstv. atvrh. (MG) auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Hann vildi halla á mig og finna

mjer að sök, að jeg hefði ekki verið á verði um að gæta hags Búnaðarfjelagsins gagnvart þeim, sem seldu bændum erlendan áburð. Þess vegna dró jeg firmað Jón Þorláksson & Norðmann inn í umr., svo upplýst yrði, hvernig hæstv. atvrh. (MG) gæfi gætur að því firma, jafnhliða því, að hæstv. ráðh. (MG) væri mintur á, að þeir, sem búa í glerhúsi, eiga ekki að kasta steinum að fyrrabragði.

Hæstv. atvrh. (MG) spurði mig við 2. umr. eins og jeg leyfði mjer nú að spyrja hann við 3. umr. En sá er munurinn, að hann spurði mig óviðbúinn, og jeg svaraði samstundis orði til orðs, að öðru leyti en því, að jeg hafði ekki nákvæmar dagsetningar að vitna í, en hefi nú komið með þær. Hæstv. ráðh. (MG) var ekki eins lipur í svörum sínum til mín eins og jeg við hann, því að enn hefir hann engu svarað og ætlar víst ekki að gera það. Hefði jeg því getað látið vera að fara frekar út í þetta mál, ef svo illa hefði ekki tekist til, að hæstv. fjrh. (JÞ) var ekki viðstaddur, er jeg hóf spurningar mínar, en kom að vísu von bráðar, en eftir svari hans að dæma hafa einhverjir flutt honum miður áreiðanlegar fregnir af því, sem jeg var að spyrja um, og afbakað orð mín. Jeg verð að neita því fastlega, að jeg væri með dylgjur í garð hæstv. fjrh. (JÞ) eða hefði dróttað neinu óleyfilegu að honum í sambandi við starf hans sem ráðherra eða verkfræðings, þótt jeg hinsvegar mintist á firmað Jón Þorláksson & Norðmann, og spyrði hæstv. atvrh (MG) hver afstaða hans væri gagnvart því. (**Fjrh. JÞ:** Ýmsir hv. þdm. hafa skilið ummæli hv. þm. Str. (TrÞ) á þá leið). Það er þá gamla sagan, sem endurtekur sig, að „fýsir eyru ilt að heyra '.

Jeg spurði aðeins eins og liggur beint fyrir að spyrja, úr því að Jón Þorláksson stofnaði stóra verslun stuttu eftir að hann slepti landsverkfræðingsstarfinu, og hafði þar á boðstólum sömu vörur, sem hann hafði áður keypt fyrir landið, hvort hann hefði þá áður, sem landsverkfræðingur, verslað fyrir sig eða landið. Um annað spurði jeg ekki og skal því með fúsu geði endurtaka það utan þinghelginnar. Ef hæstv. fjrh. (JÞ) er það jafnfast í hendi, að jeg spyrji um þetta á öðrum vettvang, þá er mjer ljúft að endurtaka spurningar þessar í blaði því, er jeg stjórna. Og segjum svo, sem vel má gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. (JÞ) höfði mál gegn mjer fyrir þessar spurningar og að einhver dómari fáist til að dæma mig í sekt og skaðabætur fyrir þær, við getum t. d. hugsað okkur 25 þúsund krónur, þá mun jeg samt ekki hika við að endurtaka spurningarnar, ef hæstv. ráðh. (JÞ) heldur áfram að krefjast þess. Hæstv. ráðh. hefir engu um það svarað, hver afstaða þessa firma hans sje gagnvart stjórninni. Hæstv. atvrh. (MG) segir aðeins, að fyrirskipað sje að kaupa efni til ríkisbygginga, þar sem best sje og ódýrast. Þetta má vel vera, en ekki verður því neitað, að aðstaðan er sjerstök, þegar eitt firmað er fjármálaráðherrans. Að minsta kosti verður því ekki neitað, hvernig sem á þetta er litið, að óheppilegt sje, að maður í jafnvandasamri stöðu eins og fjármálaráðherrasessinum skuli reka verslun með þær vörur aðallega, sem ríkið þarf að kaupa, bæði til bygginga sinna, sem margar hverjar eru ekkert smásmíði, svo og margs annars. En út í þetta skal jeg ekki fara frekar en orðið er.

Hinsvegar vildi jeg ljúka máli mínu

með því að benda á í sambandi við þetta, að út af öðru frv, sem hjer er á ferðinni um sölu á síld, er mikið talað um stjórnlyndi. Að því frv. standa allir flokksmenn hæstv. fjrh. (JÞ) í sjútvn. Virðist mjer sem þetta beri vott um það, að íhaldsflokkurinn sje að breytast og hallast að þeirri stefnu, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nýlega í tímaritsgrein nefnt stjórnlyndi. Enda verður því ekki neitað, að í þessu frv., sem meiri hl. sjútvn. ber fram, er mikið um stjórnlyndi. Jeg er ekki að víta það, en vildi aðeins vekja eftirtekt á þessari stefnubreytingu Íhaldsflokksins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er misskilningur hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg hafi beðið hann að endurtaka það, sem hann sagði nú. Hinu skaut jeg til hv. deildar, að hún leyfði mjer að láta þennan hv. þm. (TrÞ) standa við þær aðdróttanir, utan þinghelginnar, sem hann mælti í minn garð og ýmsir hv. þdm. skildu á þá leið, að væri bæði um sviksemi frá minni hálfu að ræða og misbeiting á embættisvaldi mínu. Slík ummæli, hafi þau verið sögð á þann hátt, þoli jeg ekki að komi hjer fram í þinghelginni, án þess að mjer veitist tækifæri til þess, að viðkomandi sje látinn standa við þau. En hvað það snertir, að ritstjóri tímans hafi góð orð um að endurtaka eitthvað þessu líkt í blaði sínu, þá er því að svara, að jeg mun ekki elta ólar við það, sem um mig kann að verða sagt í því blaði eða öðrum álíka saurblöðum.

En um afstöðu mína sem fjrh. til firmans Jón Þorláksson & Norðmann, þá er annara að svara því.

Þó skal jeg geta þess, sem raunar öllum hv. þdm. er kunnugt, að þegar jeg stofnaði verslun mína, var jeg hvorki þm. nje ráðherra, og gat ekki álitið öðruvísi en var, að mjer mundi frjálst að reka hvaða verslun sem væri, ef jeg að öðru fullnægði þeim ákvæðum, sem verslunarlöggjöfin heimtar. Hinsvegar hætti jeg að hafa afskifti af firmanu, þegar jeg varð ráðherra, og eins og jeg tók fram í dag, hefi jeg enga hugmynd um, hvort ríkissjóður verslar meira við þetta firma en önnur, enda liggja allar opinberar ráðstafanir á því sviði undir aðra deild ráðuneytisins en þá, sem jeg veiti forstöðu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af rökstuddri dagskrá hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vil jeg taka það fram, að jeg mun ekki geta greitt henni atkvæði, og það af þeim ástæðum, að jeg sje ekki, að stjórnin geti hindrað það, samkvæmt því sem á undan er gengið, að áburður verði seldur við of háu verði. Meira ætla jeg ekki um það að segja, enda eru umr. orðnar óþarflega langar, og vil jeg ekki lengja þær úr þessu.

Þó kemst jeg ekki hjá því að segja fáein orð við hv. þm. Str. (TrÞ), þó að jeg sje svo brjóstgóður, að jeg geti ekki fengið af mjer að fara hart í sakir við hann, þar sem hann er nú orðinn svo auðmjúkur og illa kominn, að hann hefir ekki getað annað en viðurkent það, að rjett væri að draga dár og spottast að hinum 10 mánaða svefni hans í formannsstóli Búnaðarfjelags Íslands. Og úr því að hann hefir nú játað, að draga megi dár að sjer fyrir vanrækslu þessa, þá er þar með játað, að aðfinslur mínar hafi verið á rökum bygðar.

Hann var eitthvað að tala um, að það væri óheppilegt af mjer að ráðast á sig, eða eins og hann sagði „irritera opposit-

ionina". En jeg þori vel að segja háttv. þm. Str. (TrÞ) það er mjer list, og jeg veit ekki til, að „oppositionin" sje friðhelg.

Mjer fanst hv. þm. Str. (TrÞ) seilast nokkuð langt til lokunnar, er hann ræðst á embættisbróður minn, hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir það, sem jeg hefi fundið að starfi hv. þm. (TrÞ) sem formanns Búnaðarfjelagsins. Það virðist þó hafa legið öllu nær að ráðast á mig, úr því að hv. þm. Str. (TrÞ) hafði svo mjög í huga að gjalda auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. En hann gerði það ekki, heldur ræðst hann á hæstv. fjrh. (JÞ), en hefir ekkert við mig að segja.

Hann vill að vísu neita því nú, að um árás hafi verið að ræða frá hans hendi, hann kveðst aðeins hafa spurt; það er satt, en hann spurði á þá leið, að engum gat dulist, að um dylgjur væri að ræða í garð hæstv. fjrh. (JÞ). Og svo kvartar hann um, að jeg hafi ekki svarað því, sem hann spurði um. Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir nokkuð til mikils mælst, að jeg eigi að svara fyrir stjórnina eða segja, hver afstaða landsverkfræðings hafi verið til hennar á þeim árum, er jeg var námsmaður í Kaupmannahöfn, aðstoðarmaður í stjórnarráðinu eða sýslumaður norður í Skagafirði. Þó get jeg upplýst það, sem raunar er mörgum kunnugt, að á meðan jeg var aðstoðarmaður í stjórnarráðinu, hafði þáverandi landsverkfræðingur háa stjörnu hjá stjórninni, og var mikið tillit til hans tekið sem trúnaðarmanns stjórnarinnar um allar verklegar framkvæmdir. Þetta man jeg sjerstaklega, en efist hv. þm. Str. (TrÞ) um það, getur hann eflaust fengið frekari sannanir hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem þá var landritari og þessum málum mjög kunnugur.

Jeg get ekki skilið, að það hafi verið alvara fyrirspyrjanda, að jeg ætti að svara fyrir þessi ár, eða því, sem skeð hefir fyrir mörgum árum, en frá hinu get jeg skýrt, að síðar, er jeg varð atvinnumálaráðherra, hefir jafnan verið fylgt þeirri reglu að safna tilboðum, og þegar þau hafa verið athuguð, þá hefir verið verslað þar, sem lægst er og ódýrast. En svo hefir á seinni árum tíðkast mjög að láta ýmsar byggingar í akkorðsvinnu. T. d. eru gerðir samningar við smiði um að skila veggjum, steyptum eða hlöðnum eða uppkomnum, fyrir ákveðna upphæð innan ákveðins tíma; er þá ekkert skift sjer af, hvar efnið er keypt eða hvaða verði.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara frekar út í málið; jeg get endurtekið það, sem jeg sagði við 2. umr., að eins og málið horfir við, mun jeg greiða frv. atkv. út úr hv. deild.

Hákon Kristófersson: Mjer datt aldrei í hug, að málið yrði rætt á jafnbreiðum grundvelli og orðið hefir, en sje nokkur í efa um, hver skoðun okkar nefndarmannanna sje í þessu máli, þá vísa jeg til nál. sem formaður nefndarinnar. Þar sjest tvímælalaust, hver meining nefndarinnar er um þetta mál, og getur sjerhver hv. þdm. gert það upp með sjer, því jeg geri ekki ráð fyrir, að nefndarmenn láti uppi aðra skoðun en þá, sem kemur fram í nál., nema þá að þeir hafi snúist í málinu, en um það er mjer ókunnugt enn.

En jeg vil taka það fram út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ), er hann kallaði okkur í skopi einkasala, þar sem við

berum nú fram till. um, að þessu máli sje að einhverju leyti skipað með einkasölu, og að við sjeum þá horfnir frá þeirri skoðun, sem við sýndum í fyrra, að við hefðum á frjálsri verslun, þá vil jeg svara því, að hjer sje um neyðarkost að ræða, sem vonandi er, að ekki þurfi að grípa til nema í bili. Fyrir öllu þessu eru færð slík rök í nál. okkar, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefði getað sparað sjer sína löngu ræðu til áfellingar okkur, sem hann telur nú fjendur frjálsrar verslunar. Jeg skal engu um það spá, hver áhrif ræða hans hefir á þetta mál, en þegar slíkur greindar og vitmaður eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) leggur sig fram um að snúa ranghverfunni út, þá má atlaf gera ráð fyrir, að einhverjir hallist að honum.

Eins og hv. frsm. (JS) hefir marg-tekið fram, þá er það álit okkar, að vegna ræktunar landsins í framtíðinni sje nauðsynlegt, að áburðurinn sje seldur við sem vægustu verði. En við því er tæplega að búast, ef verslunin er í höndum einstakra manna í staðinn fyrir ríkisins. Segi jeg þetta þó ekki til þess að væna firmað Nathan & Olsen um okurverð í þessu efni. Jeg ætla ekki að dæma þá heiðursmenn neitt, en get hinsvegar búist við, að þeir sjeu með sama marki brendir og aðrir menn, að vilja hafa fyrir sitt, og það hefir líka reynslan sýnt, þegar þess er gætt, hve mikið þeir hafa lagt á áburðinn. Annað mál væri það, ef um áhættuverslun (lánsverslun) væri að tala, þá yrði álagningin rjettmætari. En jeg hefi gengið út frá, að þessi vara sje seld gegn borgun út í hönd, og minkar þá áhættan. En að þetta þýði það, að jeg eða aðrir, sem þetta skipulag vilja upp taka, sjeu verri fríverslunarmenn en ýmsir aðrir, þá furðar mig satt að segja, að jafnvitur og góðgjarn maður eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) er skuli taka slíkt í munn sjer.

Jeg hefi áður sagt, að mjer er illa við að leggja þessa verslun í hendur Búnaðarfjelagsins, vegna þess, hve áhættusöm hún mundi reynast í þess höndum, því þá er jeg hræddur um, að menn vildu fá áburðinn lánaðan að meira eða minna leyti, en eins og málið horfir við, sje jeg samt ekki annað fært, því að það leiðir af sjálfu sjer og liggur í augum uppi, að firmað Nathan & Olsen hefir ekki þann áhuga fyrir aukinni grasrækt í landinu, eins og ætla má, að Búnaðarfjelagið hafi. En eins og áður hefir verið tekið fram í sambandi við þetta mál, þá er það aðallega umhyggja fyrir ræktun landsins, sem ráðið hefir tillögum nefndarinnar í þessu máli.

Annars ætla jeg ekki að fara frekar út í umr., og þó að eitthvað hafi dregist inn í þær, sem rekast þarf í utan deildarinnar, þá á jeg enga sök þar á. Hinu ætla jeg að slá föstu, þrátt fyrir það þó hv. 4. þm. Reykv. (MJ) haldi langar ræður gegn því, að í þessu máli hefir ýmislegt það skeð, sem óskandi er, að ekki hefði fyrir komið. Og það er til þess að bæta úr þeim mistökum, að frv. er borið fram í því formi, sem það er nú.

Magnús Jónsson: Það getur verið dálítill vafi, hvað maður á lengi að endast til að karpa um það, sem milli ber í máli þessu. Jeg reyndi í fyrri ræðu minni að leggja málið svo skýrt fram sem kostur er eftir þeim gögnum, sem jeg hafði við höndina og vitnað hefir verið í jöfnum höndum með og móti[1]) .... þetta sjest skýrt á brjefi því,

1) Hjer vantar kafla í ræðuna frá hendi skrifaranna. M. J.

er Norsk hydro skrifaði Búnaðarfjelaginu, þar sem það tilkynnir því fyrst í febrúar, hvernig komið sje. Þetta sýnir, að það vill ekkert dylja, en það sýnir einnig, að hjer var ekki um neitt umboð að ræða. Ekkert brjef, engin plögg eða skjöl hafa sannað, að fjelagið hafi gefið búnaðarmálastjóra neitt umboð. Ekki er hægt að kalla það neina „afhendingu", þó að símað væri út samþykki búnaðarmálastjóra með pöntun Nathan & Olsen eftir fundinn 5. mars, þar sem samkomulag náðist um umboðið. Það var ekki nema í fullu samræmi við það, sem Norsk hydro hafði sett upp, vegna þess að það hafði fram að þeim tíma afgreitt pantanir búnaðarmálastjóra. Við hinu er ómögulegt að gera, að stjórn Búnaðarfjelagsins sýnist ekkert hafa botnað í því, hvað fram fór á fundinum fyrst í mars. Það má að því leyti til sanns vegar færa, að búnaðarmálastjóri hafi „farið bak við" stjórn Búnaðarfjelagsins, að sú blessuð stjórn sýnist vera e i n t ó m t b a k í þessu máli, engin framhlið, engin augu, sjón eða heyrn. Það er þægilegt að koma svo á eftir og skamma einhvern fyrir að „fara bak við" þessháttar stjórn.

Það hefir verið gert mikið úr því, að Olsen hafi lofað að skýra frá samningunum við Norsk hydro, er hann kæmi heim aftur, en ekkert orðið úr efndum á því. Mjer er óskiljanleg þessi ásökun. Hann sem fer strax eftir heimkomu sína á fund með Búnaðarfjelagi Íslands og Mjólkurfjelaginu (hvaða erindi sem það átti þangað). Auðvitað veit jeg eigi, hvaða orð hafa þar fallið. En hann hefir lagt þar fram tilboðið um 200 tonn af Noregssaltpjetri, og það verður að samkomulagi á þessum kvöldfundi, að Nathan & Olsen fái 140 tonn en Mjólkurfjelagið 60 af þessum 200 tonnum, með því skilyrði að selja hann út á 36 kr. hver 100 kg. á hafnarbakkanum, en 38 kr. úr húsi. Um þetta kemur öllum saman. Jeg skal þá ekki um það segja, hve skýrt fulltrúi firmans hafi tekið þetta fram eða hve góður kennari hann hafi verið. Hann hefir ef til vill ekki farið að eins og þolinmóðasti kennari, sem stagast á hverju atriði þangað til lakasti tossinn í bekknum skilur það eða lærir. En ef nokkur vafi á að vera á þessu efni, þá vil jeg spyrja stjórn Búnaðarfjelagsins að einu: Hver pantaði þessi 200 tonn? Það er firmað Nathan & Olsen, sem pantar áburðinn, en ekki Búnaðarfjelagið. Þetta er alveg játað og upplýst. En þrátt fyrir alt þetta, jafnvel þótt firmað Nathan & Olsen panti, 5. mars, þá veit ekki stjórn Búnaðarfjelagsins, hver er umboðsmaður Norsk hydro, fyr en nærri ári síðar. Trúi því hver sem getur, að Búnaðarfjelagsformaður sje svona sauður!

Háttv. frsm. lagði ekki mikið upp úr sögusögninni um þessi 2%. En hjer stendur orð á móti orði. (JS: Það liggur fyrir tilboð frá Mjólkurfjelaginu). Já, en það mun vera frá alt öðrum tíma, líklega haustinu 1924. En það ónýtir alls ekki tilboð Nathan & Olsen, því að það firma gerði tilboð um að útvega 200 tonn af áburði, sem það bauðst til að dreifa út um landið og selja aðeins með 2% ágóða. Er það afarlítil álagning. En formaður Búnaðarfjelags Íslands bar svo mikla umhyggju fyrir Mjólkurfjelaginu, sem langaði til að selja part af áburðinum, að það var alls ekki nóg, að bændur fengju áburðinn ódýrt, nei, það þurfti bara endilega að láta mjólkurfjelagið selja nokkuð af honum. Varð svo endirinn sá, að ákveðið var að selja

áburðinn fyrir 38 kr. hver 100 kg. út úr húsi. Nú er það að vísu fært fram Mjólkurfjelaginu til ágætis, að það hafi selt áburðinn á 36 kr. út úr húsi, en Nathan & Olsen á 38 kr. En þetta sýnir ekkert annað en það, að Mjólkurfjelagið hefir gengið á gerða samninga. En hvað viðvíkur verðinu, þá var það 360 kr. smálestin á hafnarbakka, eða 380 út úr húsi samkvæmt samningum. Norska krónan stóð þá í 88 eða 89 aurum, og hefir því álagningin verið yfir 8%. Þetta er munurinn. Fyrir að Mjólkurfjelagið gæti selt 60 tonn, hafa notendur áburðarnis orðið að greiða um 6 þús. kr. meira en ella. Þarna kemur fram áhugi þessara manna fyrir bændunum. Hvernig færi, ef Mjólkurfjelagið hefði allan áburðinn? Og að því einu sýnist vera stefnt með öllu þessu bramli.

Hvað því viðvíkur, að Eyjólfur Kolbeins hafi fengið nokkuð af áburði, sem hann pantaði 1924, og hafi selt hann ódýrara en Nathan & Olsen, þá er alls ekki hægt að fullyrða neitt um það. Maður verður fyrst að vita, hvenær firmað keypti og seldi sinn áburð, og bera saman við gildi norsku krónunnar. Því að hún var um það leyti afar óstöðug, svo að með sömu álagningu gat munað miklu á fáeinum dögum. Jeg veit t. d. um 2 vöruslatta, sem urðu mjög mismunandi dýrir, einmitt sökum þess að norska krónan var svo óstöðug og breytileg. Jeg ætla mjer alls ekki að fara að forsvara firmað Nathan & Olsen, að það reyni ekki að græða á vöru sinni og taka sinn ríflega kaupmannsgróða. En það á ekki heldur að leggja það í einelti, síst ef það er gert meira í þágu annars firma en almennings.

Þá vildi háttv. frsm. (JS) sýna fram á, að ástæða væri til þess að óttast, að Nathan & Olsen seldi vöru sína of dýrt, því þeir hefðu sannanlega selt Chilesaltpjetur dýrara en Mjólkurfjelagið. Jeg hafði nú aðstöðu til þess að grenslast eftir þessu í fundarhljeinu, þar sem annar aðilinn var hjer staddur. Hann sagði mjer, að þessi firmu hefðu ekki bæði haft sömu samböndin, og að Mjólkurfjelagið mundi yfirleitt hafa haft betri sambönd í Chilesaltpjetri, svo að Nathan & Olsen hefðu ekki reynst þar fyllilega samkepnisfærir. En það kostar það eitt, að sá, sem betri fær samböndin, slær hinn af hólmi.

En svo er fleira, sem aðgæta þarf, ef dæma á með fullum rjetti um þetta alt, því margt getur komið til greina og haft áhrif á niðurstöðuna. T. d. þarf að svara þessum spurningum: Var varan jafngóð eða var jafnvel frá henni gengið? Var henni pakkað um í Evrópu eða var hún seld eins og hún kom frá Chile og í sömu pokum? Og stóðust allir sekkirnir fulla vigt? — Jeg veit ekki, hvort háttv. frsm. (JS) hefir rannsakað þetta. Mjer hefir tjáð verið, að öllum áburði Nathan & Olsen hafi verið pakkað um í Evrópuhöfn, settur í nýja poka og vigtaður upp. Jeg veit ekki, hvort Mjólkurfjelagið hefir látið gera hið sama. En fyrst, er maður veit þetta, getur maður dæmt um verðið.

Þá hefir frsm. landbn. (JS) rekið hornin í það, sem jeg sagði um fjelagið, að það mundi heldur vilja skifta við reglulegt verslunarhús en þá, sem hefðu slíkt fyrir aukastarfa. Jeg hefi heyrt, að Ræktunarfjelag Norðurlands hafi einu sinni leitast við að komast í samband við Norsk hydro, einnig reyndi Mjólkurfjelagið það og Búnaðarfjelag-

ið, en ekkert þeirra hefir haft umboðið eða getað fengið það. Það er fyrst, þegar Nathan & Olsen kom til sögunnar, að Norsk hydro lætur umboðið til þeirra. Þeim einum virðist Norsk hydro hafa treyst til þess að fara með það, svo í lagi yrði.

Það er langt frá því, að jeg sje að væna þá menn, er í landbn. sitja, um nokkuð persónulegt í þessu máli. Enginn þeirra er heldur í Mjólkurfjelaginu, nje hið minsta við þetta riðinn. Vona jeg þá líka, að þeir væni mig ekki neins persónulegs í þessu efni, því að jeg hefi hjer alls engra hagsmuna að gæta fyrir sjálfan mig eða nokkurn möguleika til hagsmuna.

Jeg er ekkert að hafa á móti því í sjálfu sjer, að Mjólkurfjelagið hafi þetta umboð. Það er gott og öflugt fyrirtæki, og í þessari áburðarsölu skiftir það ekki aðeins við samlagsmenn, heldur og við hvern sem vera skal eins og hver annar kaupmaður. Það er alveg eins og með kaupfjelög með söludeild, sem versla við alla, meðlimi og aðra, til þess að græða sem mest. Mjólkurfjelagið mundi sennilega eins og hver annar kaupmaður vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð, eins og sjá má af dæmi því, sem jeg hefi áður nefnt. Í því þarf ekkert óhreint að slæðast, og það er rjett, að jeg geti þess til þess að taka fyrir allan misskilning, að þó að jeg segði frá verðhækkun þeirri, sem Mjólkurfjelagið varð orsök í, þá sagði jeg það ekki til þess að sverta þá menn, sem hlut eiga að máli. Það má vel vera, að sú álagning, sem þá var sett á, hafi verið hæfileg eins og áhættan var þá mikil, og hver þarf að gæta að sjer. En það kom nú svona út, að notendurnir urðu að borga miklu hærra verð. Og jeg veit ekki, hvernig stjórn Búnaðarfjelagsins ætlar að forsvara slíka ráðstöfun, að hafna 2% álagningu, en taka 6—8%.

Mjer finst vanta hjer allar ástæður fyrir einkasölu aðrar en þær, sem eru fyrir öllum einkasölum yfirleitt. Þeir menn, sem vilja nú koma á fót einkasölu á þesari vöru, hljóta að gera það annaðhvort af einhverjum persónulegum ástæðum eða af því, að þeir vilja í einu og öllu ætíð hafa einkasölu, eru einkasölumenn í hjarta sínu. Hjer þarf alls enga einkasölu. Búnaðarfjelag Íslands og stjórnarráðið geta haft fult vald yfir verðinu Stjórnin er það voldug, að ekkert firma þorir, beint eða óbeint, að leggja sig gegn henni. En ef það kæmi fyrir, að firmað neitaði að leggja fram öll gögn, svo að hægt væri að hafa hönd í bagga, gæti jeg orðið með því að gera þær ráðstafanir, sem duga. En mjög litlar líkur eru til, að þess þurfi í þessu tilfelli, því frá Norsk hydro liggur beinlínis fyrir yfirlýst í brjefi, að það vilji láta t. d. Búnaðarfjelagið hafa gát á verðinu. Og þetta liggur líka í augum uppi. Fjelagsins hagur er auðvitað, að álagning sje sem minst.

Jeg sje, að hæstv. fjrh. (JÞ) er ekki við, en jeg verð að segja það, að enda þótt jeg ætli nú ekki að segja stjórninni upp trú og hollustu út af þessu máli, þá þótti mjer æði strembið að sitja undir síðustu ræðu hans. Fylgi mitt við núverandi stjórn hefir ekki síst bygst á eindregnu trausti til stefnu fjármálaráðherrans í verslunarmálum, og það var því hart að heyra hann nú fara að tína fram gatslitin rök einkasölumanna, einkum þeirra, sem veikir eru í málinu og þykjast aldrei vilja einkasölu almennt, en finst jafnan, að í hverju máli

sjeu „alveg sjerstakar ástæður“. En hjer hlaut að lenda í rökþrotum, því að hinar sjerstöku ástæður vantar. Hjer er engin einokun á köfnunarefnisáburði. Nathan & Olsen hafa að vísu einkaumboð á Noregssaltpjetri og öðrum kalksaltpjetri, en við hlið hans er Chilesaltpjeturinn, sem allir geta verslað með. Af honum er framleitt margfalt meira, og þó að köfnunarefnið sje þar bundið öðru efni, er það mjög svipað í notkun, en báðar tegundir notaðar hjer. Verðið á báðum stendur hjer um bil í járnum, því að köfnunarefnið er jafndýrt í báðum tegundunum. Jeg held, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi oft lagst dýpra en í þessu máli.

Hann segir, að betri sje ríkiseinkasala en einstakra manna. En einstakra manna einkasölu er bara alls ekki til að dreifa hjer. Og hann kveðst trúa stjórn Búnaðarfejlagsins fyrir henni, eftir að hafa heyrt skýra yfirlýsingu hennar um það, að hún væri í vasa Mjólkurfjelagsins. En jeg verð að segja fyrir mig, að jeg treysti henni alls ekki. — Fjrh. (JÞ) sagði, að hann óskaði þess, að Nathan & Olsen afsöluðu sjer umboðinu. En ef um það væri að ræða að fá firmað góðfúslega til að sleppa þessu umboði, þá verð jeg að segja, að valin hefir verið óheppileg leið við það að bera fram þesar tillögur, tala kuldalega og jafnvel illa um firmað sem hálfgert okurfjelag, sem hafi hjer klófest þessa nauðsynjavöru í þeim tilgangi að græða á henni. Hefði ekki verið betra að fara samningaleiðina, án þessa storms á Alþingi. Jeg veit ekki, hvort þetta hefir verið gert, býst þó ekki við því, enda liggur ekkert fyrir um það. En hætt er við, að ekki verði hægt að orða þetta nú, eftir alt, sem á undan er gengið.

Jeg hjelt, að hv. þm. Str. (TrÞ) mundi ekki verða mjer eins þakklátur og raun er á orðin, út af því, sem jeg sagði um sljóleik stjórnar Búnaðarfjelagsins, að geta ekki sjeð, hvor hefði umboðið, Búnaðarfjelagið eða Nathan & Olsen. Jeg er jafnundrandi ennþá yfir þessu, en verð þó að trúa formanni fjelagsins. Mig skal því ekki furða, þótt landbn. ympraði á því að fá betri stjórn fyrir fjelagið. En alt virðist þó þar vera í kærleika, þrátt fyrir vantraust nefndarinnar á stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði það staðreynd, að Mjólkurfjelagið og Búnaðarfjelagið hefðu ekkert um þetta vitað. En jeg get nú s a n n a ð það mótsetta um Mjólkurfjelagið. Og þar sem jeg geri ráð fyrir, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur og Búnaðarfjelag Íslands sje nær eitt og hið sama í þessu máli, enda yfirlýst af formanni Búnaðarfjelagsins, að bæði sje hann meðlimur Mjólkurfjelagsins og vilji alt gera til að þóknast því, þá ætti þetta að vera nóg, því að þá ætti hann að hafa vitað þá hluti, sem Mjólkurfjelagið vissi um. En 20. mars er fjelaginu skrifað frá Norsk hydro, að það verði að snúa sjer til Nathan & Olsen með kaup á Noregssaltpjetri, því að fjelagið geti ekki fengið vöruna beint frá verksmiðjunni. Það er þá áreiðanlega sannað, að Mjólkurfjelagið vissi um þetta strax í marsmánuði, og sömuleiðis er það staðreynd, að allir, sem komið höfðu nærri þessum málum, vissu um það, að firmað Nathan & Olsen hafði fengið einkaumboðið í hendur. Það er aðeins stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem ekki vissi um þetta fyr er

hjer um bil 8 mánuðum síðar, og læt jeg svo endanlega útrætt um þessa blindni Búnaðarfjelagsformannsins.

Muninn á því, að Mjólkurfjelagið eða Nathan & Olsen fari með þetta umboð, sje jeg ekki, því að hjer er aðeins um tvo hliðstæða keppinauta að ræða. Það hefði ekki verið fundið að því, þó búnaðarmálastjóri hefði „afhent" Mjólkurfjelaginu þetta ímyndaða umboð, sem hann ekki hafði. Og einu sinni óskaði hann beinlínis eftir því, að S. Í. S. tæki að sjer þessa áburðarsölu, en það vildi ekki líta við henni. En óðar en Nathan & Olsen hafa fengið umboð þetta í hendur og taka að reka verslunina með alvöru er gerður hinn mesti hvellur út af þessu.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) kvartaði yfir því, að jeg hefði skammað hann fyrir að vera of vondur við Nathan & Olsen. Það er síður en svo, að þetta sje rjett. Það var svo langt frá því, að jeg setti ofan í við hann fyrir þetta, að mjer þótti hann einmitt alt of góður við þetta firma, þegar hann á fundinum 5. mars útvegaði firmanu alveg „óforþjent" nokkur þúsund kr. í hreinan ágóða af þessari verslun fram yfir það, sem firmað sjálft ætlaði að setja upp.

Við háttv. þm. Barð. (HK) ætla jeg ekki að ræða málið. Jeg hefi þegar lagt fram gögnin í þessu máli og læt svo háttv. deild dæma þar um. Jeg rakti sögu málsins hlutdrægnislaust og eins og jeg vissi hana rjettasta, en háttv. þm. (HK) segir, að jeg hafi leitast við að snúa ranghverfunni út. Háttv. þm. (HK) segist vera hissa á því, að jeg, jafn-greinargóður maður og jeg sje, telji þann mann meiri einkasölumann, sem vilji koma á fót einkasölu, en þann, sem berjist á móti einkasölufyrirkomulaginu! Jeg fer ekki að ræða frekara um þetta við hv. þm. Barð. (HK), en læt hv. þingdeild dæma okkar í milli um þetta atriði. Hitt skal jeg ekki segja neitt um, hvort háttv. þm. Barð. verður hjer eftir jafn-andvígur öllum einkasölum og áður, er hann hefir barist fyrir þessari.

Jeg get svo endað mál mitt með því að rifja upp það, sem jeg tel mig hafa upplýst í þessu máli:

1. Jeg hefi sannað, að Búnaðarfjelag Íslands hefir aldrei haft neitt „umboð" frá Norsk hydro, og því síður nokkur sölulaun.

2. Jeg hefi sannað, að búnaðarmálastjóri hefir ekkert umboð afhent, þar sem hann hefir aldrei haft það, enda yfirlýst af Norsk hydro, að hann hafi ekki mælt með Nathan & Olsen.

3. Jeg hefi sýnt, að hjer er um alls enga einkasölu á köfnunarefnisáburði að ræða, og því ekki sú ástæða fyrir hendi til þess að koma á ríkiseinkasölu.

4. Jeg hefi sýnt, að engin ástæða er til að gruna, að verðið á Noregssaltpjetri verði ósanngjarnt, bæði af því að Norsk hydro óskar eftir eftirliti á því og af því að það er sannað, að Nathan & Olsen hefir boðið betri kjör 5. mars 1925 en Búnaðarfjelag Íslands vildi ganga að. Sú ástæða er þá ekki heldur fyrir hendi til einkasölustofnunar.

Þetta læt jeg mjer nægja að hafa sýnt og sannað og læt þar með staðar numið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það eru aðeins fáein orð til að andmæla því, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, þó að jeg að vísu hafi hrakið það áður, að hjer væri ekki um einkasölu að ræða, vegna þess að enn sje hægt að fá hjer

aðrar köfnunarefnistegundir til áburðar. Þetta er að vísu að nokkru leyti rjett, en þar sem öll verslun með kalksaltpjetur er þegar komin á hendur eins firma, er ekki lengur hægt að ræða um frjálsa verslun með þá vöru. (**MJ**: Jeg á við Noregssaltpjeturinn). Jeg vona, að jeg þurfi ekki að útskýra það fyrir háttv. þm. (MJ), að Noregssaltpjeturinn er kalksaltpjetur, en hann er talinn vera langhentugasta áburðartegundin af því tæi hjer á landi. Þessa vöru er aðeins hægt að fá frá verksmiðjunum; frá náttúrunnar hendi er ekkert til af þessari vöru, og að sleptum verksmiðjum Norsk hydro er ekki nema um samband þýsku verksmiðjanna að ræða, sem framleiða þessar vörur, en jeg hygg, að þaðan hafi ekki tekist að fá þær hingað. Nú hefir firmað Nathan & Olsen fengið einkaumboð á Íslandi fyrir sölu á þeim kalksaltpjetri, sem hingað er hægt að fá, og er hjer því um fullkomna einokun að ræða. Jeg skal játa það að vísu, að frv. fer lengra en það, að láta sjer nægja að tryggja sjer þessa vörutegund eina, en tekur til allra tilbúinna áburðartegunda yfir höfuð, en jeg fer ekki frekar út í það að svo stöddu, af hvaða ástæðum það er, enda veit jeg það ekki. En þegar þessari verslun er eins komið og nú er ástatt um hana, tel jeg, að ríkisvaldið geti aldrei við það unað. Ein leiðin til að kippa henni í lag er sú, sem frv. bendir til, og þó að hún sje óeðlileg að vísu, tel jeg þó, að til hennar megi grípa í bili.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal reyna að takmarka mál mitt eins og hægt er, en af því að hjer hafa ýmsir staðlausir stafir verið bornir fram gegn þessu máli, verð jeg að verja nokkrum orðum til að hrekja þá.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) dró í efa, að Carl Olsen hefði ekki skýrt frá samningaumleitunum þeim, sem áttu sjer stað kringum 5. febr. milli hans og Norsk hydro, um að hann fengi umboðið. Það er hægara að segja þetta en sanna, að sje ósatt. Það mætti þó undarlegt heita, ef þessi maður (C. O.) er svo óskýr, að hann hafi ekki getað gert sig skiljanlegan um þetta fyrir neinum af þeim, sem á fundinum voru 5. mars, að minsta kosti trúi jeg ekki á það.

Háttv. þm. (MJ) talaði eitthvað um 4—8% álagningu, en sagði, að Nathan & Olsen byðu aðeins 25% álagning. Hjer vill nú svo vel til, að brjef er til fyrir því, að Mjólkurfjelagið býðst til að taka þetta að sjer fyrir 2—4%. Hjer hefir þessi hv. 4. þm. Reykv. bætt gráu ofan á svart, er hann segir það sannað, að Mjólkurfejlagið hafi orðið þess valdandi, að bændur hafi orðið að borga fleiri þúsund kr. í vasa Nathan & Olsen, en á þeim sama tíma og hann ræðir um selur Mjólkurfjelagið 100 kg. á 36 kr., en Nathan & Olsen á 38 kr. Staðhæfing hv. þm. (MJ) fellur því alveg um sjálfa sig.

Háttv. þm. (MJ) talaði eitthvað um Chilesaltpjetur; það er satt, hann má fá hjer, en samböndin, sem völ er á, eru erfiðari, og getur hann alls ekki komið alstaðar í stað Noregssaltpjetursins. Hann sagði einnig, að Mjólkurfjelagið hefði reynt til að fá þetta umboð, en ekki getað það. Þetta er með öllu ósatt. Búnaðarfjelagið hafði heldur aldrei reynt til að fá skriflegt umboð, og þegar Mjólkurfjelagið spurðist fyrir um það, hvort það gæti fengið þessa vöru

beint frá verksmiðjunni, svaraði Norsk hydro því, að það skifti helst aðeins við eitt fjelag hjer á landi, Búnaðarfjelag Íslands. En það er rugl hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að Búnaðarfjelag Íslands hafi alls ekkert umboð haft. Norsk hydro vísaði ávalt til þess sem „eneforhandler" með Noregssaltpjetur, eins og hægt er að sanna og margbúið er að taka fram.

Þá sagði háttv. ræðumaður, að meðhaldsmenn frv. hefðu engin rök fært fyrir nauðsyn þess. Jeg hefi nú og áður leitast við að leggja málið skýrt fram fyrir hv. deild og fært fram þær ástæður, er gerðu það nauðsynlegt. Mjer þykir leitt, að mjer skuli ekki hafa tekist betur að kenna hv. 4. þm. Reykv. (MJ), en mjer er farið að þykja þetta skilningsleysi tortryggilegt, þegar litið er til þess, að hæstv. fjrh. (JÞ), sem alkunnur er að skýrleik, hefir heldur ekki getað leyst þá þraut að koma háttv. þm. í skilning um þetta. Hann (MJ) ber ennþá höfðinu við steininn og þykist ekkert sjá af þeim rökum, sem færð hafa verið fram gegn honum, en það má líklega segja svo um hann, sem mælt er, að einn merkur maður hafi sagt, að hann sje ekki hingað kominn til að láta sannfærast. Hann segir t. d., að Mjólkurfjelagið og firmað Nathan & Olsen sjeu aðeins venjulegir keppinautar, og hafi því hvorttveggja sömu aðstöðu á markaðinum. Þetta er algerlega rangt eins og fleira hjá þessum háttv. þm. (MJ). Annar aðili, Mjólkurfjelagið, er neytendafjelag í þessu tilliti, en hinn aðilinn er aðeins venjulegt firma, sem engan annan tilgang getur haft en að hagnast sem mest á þessum viðskiftum, alt annað er fyrir Nathan & Olsen aukaatriði. Að ekki sje þegar komin á einkasala (eða einokun) á köfnunarefnisáburði hjer á landi, því hefir hæstv. fjrh. (JÞ) svarað full-nægilega, en jeg segi aðeins, að svo mikill munur er á Chile- og kalksaltpjeturs tegundunum, að Chilesaltpjeturinn getur oft orðið næstum því ónothæfur hjer á landi, einkum í þurviðra-sveitum og köldum þurviðra-vorum; um kalksaltpjeturinn er alt öðru máli að gegna, það er margreynt, að hann á miklu betur við hjer.

Að endingu skal það enn einu sinni tekið fram, að þótt ekki hafi verið að ræða um skriflegt umboð frá Norsk hydro til Búnaðarfjelags Íslands, þá er þó hægt að sanna það hvenær sem er, að Norsk hydro skoðaði Búnaðarfjelag Íslands sem einkasala sinn hjer á landi og vildi ekki breyta því sambandi nema að fengnu samþykki Búnaðarfjelagsins. Þessari einkasöluaðstöðu hefir búnaðarmálastjóri slept úr höndum fjelagsins. Þessu frv. er ætlað að veita Búnaðarfjelaginu aðstoð til að fá aftur þá aðstöðu til þessarar verslunar, sem það hafði áður, með öðrum orðum, það er öryggisráðstöfun til þess að tryggja bændum þessa aðaláburðartegund fyrir sanngjarnt verð.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vil bæta við þær umræður, sem hjer eru orðnar, og jeg gleðst fyrirfram yfir væntanlegum úrslitum þessa máls, því nú tel jeg fullvíst, hvernig hv. deild ætlar að afgreiða þetta frv. Jeg þarf aðeins að beina fáeinum orðum til háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) , og skal jeg ekki vera mjög harðleikinn við hann, því hann sagði margt gott og þarflegt í þessu máli, sem bætti mjög aðstöðu mína, og hann greiddi þannig fyrir æskilegustu afgreiðslu

þessa máls. Þó að jeg þurfi að vísu að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans, skal jeg fara mjög vægilega í sakirnar.

Hv. þm. (MJ) sneiddi að stjórn Búnaðarfjelags Íslands fyrir afskifti hennar af þessu máli. Jeg hefi þegar skýrt frá, hvernig þessu er varið, og að jeg vilji, að ríkisstjórnin styrki Búnaðarfjelagið til að fá aftur þá aðstöðu, sem það hafði fyr. Þetta, að stjórn Búnaðarfjelags Íslands og Mjólkurfjelag Reykjavíkur hafi haft líka aðstöðu til að fylgjast með í málinu, um það vil jeg aðeins segja, að Mjólkurfjelagið gat vel hafa fengið ýms skeyti eða upplýsingar, sem mjer var ókunnugt um, vegna þess að jeg veit um fæst, sem Mjólkurfjelagið tekur sjer fyrir hendur, jeg er þar aðeins „passivur" meðlimur.

Jeg ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer fáein atriði upp úr gerðabók Búnaðarfjelags Íslands frá 15. des. 1925, níu mánuðum eftir að hv. þm. (MJ) segir, að jeg hafi átt að láta málið til mín taka. Þar stendur:

„5. Stjórn Mjólkurfjelags Reykjavíkur kom á fundinn með erindi þess efnis, að Búnaðarfjelag Íslands sæi um, að Mjólkurfjelag Reykjavíkur fái sem heppilegust kjör við innkaup á Noregssaltpjetri næsta ár, og býðst jafnframt til, að Búnaðarfjelag Íslands hafi eftirlit með sölu og verði áburðarins."

Mjólkurfjelagið hefir samkvæmt þessu gengið út frá því sem gefnu, að Búnaðarfjelag Íslands hefði þessa aðstöðu. Ef hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vill rengja þessa bókun, vil jeg benda honum á, að það er flokksmaður hans, Valtýr Stefánsson, sem hefir bókað þetta, og jeg vænti, að háttv. þm. (MJ) rengi ekki Valtý um þessa bókun.

Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um þetta.

Um deilur þær, sem orðið hafa í flokki hv. þm. (MJ) út af þessu máli, viðvíkjandi stefnum í verslunarmálum, tala jeg ekki, því að mjer er ósárt um, þótt flokksmenn hans bítist. Hv. þm. las allharðar ávítur yfir flokksmönnum sínum, sem hann taldi hafa brugðist undan merkjum frjálsrar verslunar, og hann las, ef svo má segja, þessa bannfæringu fríverslunarmanna yfir hæstv. fjrh. (JÞ), þó ekki væri með hringdum klukkum og steyptum kertum, var formálinn eigi ósvipaður samt. Háttv. þm. taldist nú ekki finna nema fjóra sanntrúaða fríverslunarmenn í flokki sínum, og eftir því að dæma virðast þeir vera farnir að týna tölunni, því að öðruvísi ljet í þeim skjá á síðasta þingi, en þó lasta jeg það ekki, síður en svo, þó að veðrabrigði nokkur hafi orðið síðan í herbúðum hv. þm. (MJ). Það fundust þó, að jeg held, ca. 5 rjettlátir í Sódóma.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin, frá 4. þm. Reykv. (MJ), feld með 17 : 5 atkv.

Frv. samþykt með 17 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 60. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 415).

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. var upphaflega borið fram af einum hv. þdm. í Nd., en breyttist svo

mikið í meðferðinni þar, að tilhlutan hv. landbn., að segja má, að það sje að mestu hennar verk.

Býst jeg við, að hv. þdm. sje kunnugt af styr þeim, sem stóð um málið í Nd., hvaða ástæður liggja til þess, að frv. er fram komið, enda held jeg, að landbn. beggja deilda hafi eitthvað um það fjallað í sameiningu, svo þess vegna ætti að vera óþarft að vísa því til nefndar, en þó má vera, að einhverjum virðist, að það sama gildi um það og næsta mál á undan, set jeg mig ekkert á móti því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 415, n. 528).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg sje ekki ástæðu til að fara að minnast á tildrögin til þess, að frv. þetta um einkasöluheimild er fram komið; þau eru hv. þdm. kunn.

Jeg vil aðeins benda á, að mikla nauðsyn ber til að gera verslun með þá vöru, sem um er að ræða, sem hagkvæmasta að unt er. Það er fyrst nú síðustu árin, að bændur hjer á landi eru farnir að gera tilraunir að nokkum mun með það, hvort svarað geti kostnaði að nota tilbúinn áburð út um sveitir landsins, og virðist reynslan helst benda til, að svo geti verið, þar sem flutningskostnaður er ekki því meiri.

Síðan jarðræktarlögin gengu í gildi, hefir áhugi bænda fyrir að auka túnræktina mjög mikið aukist, en áburðarskortur er mestur þrándur í götu fyrir túnræktinni, eins og allir vita. Túnræktinni getur ekki miðað ört áfram, nema því aðeins, að tilbúinn áburður fáist með svo vægu verði, að svarað geti kostnaði að kaupa hann og flytja út um land, en að því er stefnt með þessu frv.

Nú hagar svo til, að kalksaltpjetur, bæði norskur og þýskur, er bundinn einkasöluumboði hjá einu verslunarhúsi hjer, sem því er einrátt um útsöluverð áburðarins hjer á landi. Af þannig löguðu verslunarfyrirkomulagi er naumast góðs að vænta, þar sem engin verslunarsamkepni getur komist að. Mjer mun verða svarað því, að samkepnin komist heldur ekki að, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir einkasöluna, en þar er öðru máli að gegna, því að Búnaðarfjelag Íslands á ekki að hafa neinn hagnað eða gróða af sölunni, heldur aðeins leggja á vöruna óumflýjanlegan kostnað. En þess verður ekki vænst, að einkaverslun selji án þess að hafa hagnað, og þessvegna er auðsætt, að áburðurinn ætti að geta verið ódýrari, ef Búnaðarfjelag Íslands hefði söluna á hendi, heldur en hún væri hjá verslun, sem vitanlega hugsar um að hafa hagnað af sölunni.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Jeg vænti þess, að hv. þdm. skilji það til hlítar, hver meiningin er með þessu frv., aðeins sú, að gera áburðinn svo ódýran sem hægt er, eða koma í veg fyrir, að óþarfa kostnaður leggist á hann við söluna.

Jeg vænti þess, að hv. þm. þessarar deildar, ekki síður en hv. þm. Nd., kunni að meta tilgang þessa frv., sem er einungis sá, að greiða veginn fyrir túnræktinni, og vænti því, að hv. þd. samþykki frv.

Gunnar Ólafsson: Jeg skrifaði undir nál. þetta með fyrirvara, eins og þskj. 528 ber með sjer, og með því hafði jeg aðallega fyrir augum, að ef brtt. á sama þskj. verður ekki samþ., þá myndi jeg vera hneigður til að vera á móti frv., en jeg skal geta þess, að í sjálfu sjer er jeg mótfallinn allri einkasölu yfirleitt, alstaðar þar sem hjá því verður komist, en þó jeg vilji ekki fara út í það mál hjer eða tildrög þess, þá er óhætt að geta þess, að á söluumboði þessarar vöru hafa orðið nokkuð mikil mistök. Það er auðvitað, að það kemur hjer með að fá vöruna ódýrari, og ekki síður þetta, að bændur eru afar óánægðir yfir því að hafa ekki alveg tökin á sölu þessa áburðar; jeg segi, að þeir sjeu óánægðir með þetta, en þar með segi jeg ekki, að sú óánægja sje á neinum rökum bygð, jeg held, satt að segja, að hún sje meira bygð á misskilningi, eða að óánægjan hafi komið út af þeim mistökum, sem urðu í þessu tilfelli. Mín skoðun er sú, að þetta hefði mátt laga alt saman með góðu, án íhlutunar löggjafarvaldsins, en úr því að svo er nú komið sem komið er, og þegar það nú liggur í loftinu, að Búnaðarfjelag Íslands geti innan skamms tíma fengið þetta einkasöluumboð, þá vil jeg fyrir mína parta ekki standa á móti því. Jeg vil nefnilega hjálpa þar til, að þessi áburður fáist svo ódýr sem frekast er hugsanlegt, að hann geti fengist, því að það er öllum ljóst, að það er eitt af meðulunum til að stuðla að jarðræktinni og þá um leið að velgengni þeirra, sem þá atvinnu stunda, en jeg skal ekki fara lengra út í þetta mál; jeg hefi aðeins lýst afstöðu minni til þess og læt það nægja.

Björn Kristjánsson: Það má segja, að Íslendingum sje laus höndin, þegar um það er að ræða að búa til „Monopol".

Ef einhver ymprar á því að koma á „Monopol" á einhverri vörugrein, þá er það gert í von um aukinn gróða. Ávalt skýtur þeirri hugsun upp hjá sumum stjórnmálaflokkunum í landinu, að enginn megi eignast neitt og að enginn megi hagnast á öðrum. Þeir vilja með öllu upphefja það náttúrulögmál, að einn lifi á öðrum, og að hollast sje, „að báðir hafi haginn" í viðskiftunum. En það get jeg fullvissað alla góða menn um, að það tekst aldrei að ná yfirleitt í síðasta eyrinn af hagnaðinum í viðskiftunum, þó að menn verji til þess persónulegu, fjárhagslegu og pólitísku sjálfstæði sínu og jafnvel drengskapnum. Sá þroskalausi hugsunarháttur færir aldrei varanlegan ágóða heim í hlaðið, heldur tap og aftur tap. Viðskifti, sem bygð eru á þeim hugsunarhætti að ná í síðasta eyrinn, verða aldrei arðvænleg til frambúðar, og viðskiftaástandið í landinu ber ljósastan vott um, hve slík viðleitni, að ná í síðasta eyrinn í viðskiftunum, er hættuleg.

Af þessum hættulega viðskiftahugsunarhætti, sem er áreiðanlega mesta böl Íslands, er frv. þetta sprottið. Saga þessa máls er stuttlega sögð þannig, eftir upplýsingum þeim, er jeg hefi aflað mjer:

Árið 1922 fór búnaðarmálastjóri á fund Norsk hydro til að vita, með hvaða kjörum fjelag þetta vildi selja saltpjetur til Íslands. Mun hafa samist um, að Búnaðarfjelagið gerði einhverja tilraun með sölu saltpjetursins. Einkasölu fjekk það þó ekki. Þegar heim

kom, pantaði búnaðarmálastjóri dálítinn slatta til reynslu. En á fundi Búnaðarfjelagsins, í janúar 1923, samþykti það svohljóðandi tillögu:

„Samþ. að Búnaðarfjelagið hafi enga áburðarsölu á þessu ári, en vísi þeim, sem um áburð spyrja, til Sambands íslenskra samvinnufjelaga, sem pantar áburð fyrir kaupfjelögin."

En Sambandið vildi ekki taka að sjer söluna. — Þegar S. Í. S. vildi ekki sinna málinu, fer búnaðarmálastjóri til Nathan & Olsen til þess að fá þá til að vinna fyrir því að innleiða þessa vöru. Og endalokin verða, að Nathan & Olsen fá 1925 aðalumboð hjá Norsk hydro til að selja þessa vöru hjer á landi.

Búnðarmálastjóri hefir lagt samþykki sitt á álagningu Nathan & Olsens, sem ákveðin hefir verið á vorin 7—8%, og hefir firmað auk annars borið áhættuna af gengistapi. Verðið hefir þannig verið ákveðið á vorin, svo menn gætu pantað í tíma, sem þó sársjaldan tekst. Hefir firmað því oftast tekið á sig áhættuna af að panta vöruna upp á væntanlega sölu, svo hún yrði til í tíma. Firmað hefir svo selt saltpjeturinn út um alt land, stundum á 10 hafnir í senn, og orðið að hafa þar umboðsmenn og þess utan orðið að lána vöruna um óákveðinn tíma.

Það má nú nærri geta, hvort slík verslun gefur mikinn arð eins og á stendur, þar sem bæði verður að hafa umboðsmenn út um alt land fyrir hvern smávöruslatta og að lána vöruna að auki, þegar bankavextir eru 7½%. Menn ættu að þekkja, hversu fljótt borgun kemur, í landi, þar sem almennast er, að menn þekkja engan gjalddaga á skuld eða í verslun. Sem dæmi um þetta vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjefkafla frá merkum bónda, sem býr nálægt einum hafnleysukaupstaðnum og er að panta saltpjetur. Brjefið er dagsett 20. mars þ. á. og hljóðar svo:

„Heildsalar Nathan & Olsen, Rvík.

Hjer með leyfi jeg mjer að gefa yður til kynna, að jeg óska að kaupa af yður á þessu ári 7 sekki af Noregssaltpjetri, og vona jeg, að jeg sje ekki of seinn með þá pöntun. Þess vil jeg geta undir eins, að jeg get ekki borgað við móttöku, en að sjálfsögðu einhverntíma á árinu."

Firmað Nathan & Olsen á nú að þola hegningu fyrir það, sem jeg hefi nú lýst, með því að setja lög um „Monopól", sem sviftir firmað þessum viðskiftum, sem það er löglega að komið. — Og þetta á að gera þrátt fyrir það, að firmað hefir boðist til að selja hverjum sem er saltpjeturinn með aðeins 2% álagi, ef það þarf ekki að hafa ábyrgðina á gengistapi eða öðru, nje bíða reksturstap. En þetta er alveg sama þóknunin, sem Nathan & Olsen mundu halda áfram að fá frá Norsk hydro, þó að þetta frumvarp yrði að lögum. Það er því síður en svo, að firma þetta missi nokkurs í, þótt frumvarp þetta verði að lögum.

Og það getur því ekki verið það, sem verið er að seilast eftir, að hafa fjárhagslegan hag af frumvarpinu. Nei, alls ekki. Í hinu felst hagurinn, að búa til nýjan „Monopól"; það er sósialistastefnan, sem hjer stingur upp höfðinu enn á ný.

Og ávinningurinn yrði ekki lítill, því það eru mörg firmu hjer, sem hafa samskonar aðalumboð á útlendum nauðsynjavörum, svo sem herra H.

Benediktsson; hann hefir einkasölu á smurningsolíum, sementi, hveiti og rúgmjöli frá stórum firmum. Tóbaksverslun Íslands hefir aðalumboð fyrir Ísland á tóbaki einnar stærstu heimsverslunarinnar. Þeir Johnson & Kaaber hafa aðalumboð fyrir mörg útlend firmu, þar á meðal Ludvig Davids Exportkaffi o. s. frv.

Og þessi aðalumboð þýða ekki neitt einokunarverð á vörunum; það er laust við það. Venjuleg aðalumboðslaun er 1—2% af vörunni.

Ef nú þetta frumvarp verður að lögum, þá verður næsta stigið að taka einkasöluumboðið af þessum firmum og öðrum, sem hafa aðalumboð, og að því er sjáanlega stefnt. Jeg hefi spurst fyrir um það hjá Nathan & Olsen, hvort þeir leggi nokkra áherslu á að hafa þessa sölu á hendi til einstakra manna eða fjelaga, og kváðu þeir það ekki vera. Þeir vilja gjarnan sleppa umstanginu og ábyrgðinni af sölu til almennings og una við 2% sölulaunin frá verksmiðjunni.

Jeg vænti jeg hafi þá skýrt, hversu tilefnislaust þetta frumvarp er, ef það er framborið í því skyni, að landbúnaðurinn græði á því.

Ef Norsk hydro ætti að fá sjálft að senda þessa smáslatta á allar hafnir og taka á sig alla áhættuna og ómakið, þá mundi vara þessi verða enn dýrari, og sennilega eins, þó að öðrum væri falin smásalan.

Menn ættu að sjá af þessu, að það er ekki nóg, þó að þingmenn skrifi frumvarp á hnje sjer, sem fer í þá átt að umsteypa verslunarvenjum og verslunarlögmáli heimsins.

Það hefst ekkert upp úr því nema skömm og skaði. Og það er ekki eins og Noregssaltpjetur sje eini fáanlegi saltpjeturinn til áburðar. Chilesaltpjetur er líka til og er nú sem stendur heldur ódýrari en sá norski. Það er því opin leið til að skapa samkepni, enda kvað nú í ár hafa verið pöntuð um 100 tonn af þessum saltpjetri.

Það er því ekkert, sem getur rjettlætt „Monopól“ á þessari vöru.

Frsm. (Ágúst Helgason): Það var svo sem við því að búast, að hv. 1. þm. G.-K. (BK) yrði á móti þessu frv. En með því að snúast í móti því er hann að styðja aðra einkasölu, sem er miklu verri einokun, þar sem aðeins eitt firma á landinu verslar með þessa vöru. Að vísu er hægt að flytja hjer inn Chilesaltpjetur, en sú áburðartegund þykir ekki gefast vel, að minsta kosti ekki eins vel og norskur eða þýskur saltpjetur.

Hv. þm. (BK) þakkaði firmanu Nathan & Olsen það, að áburður þessi er farinn að flytjast hingað til lands, og kvað þá eiga að njóta þess. En jeg held, að þetta sje ekki rjett. Aðalskriðurinn komst á málið, þá er Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri fór utan fyrir 3 árum og samdi við Norsk hydro um áburðarverslunina.

Þá sagði sami hv. þm. (BK), að Búnaðarfjelagið hefði ekki fengið umboð hjá Norsk hydro. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi sjeð brjef frá verksmiðjunni til Búnaðarfjelagsins um það efni, áður en Norsk hydro komst í hendurnar á Nathan & Olsen. Og þó hv. þm. (BK) þyki ekki mikið að greiða 2% umboðslaun, þá er það verra en ekki að verða að láta það til firmans Nathan & Olsen

að óþörfu, í stað þess að fá vöruna beint frá verksmiðjunni og losna við það aukagjald.

Mjer er fyrir mitt leyti sjerstaklega ant um þessa vöru, að hún geti orðið sem ódýrust. Og mjer væri ekki eins sárt um það, þótt Nathan & Olsen næði í einhverjar prósentur af kornvöru eða öðrum nauðsynjavörum, því að það er sem sje alveg á takmörkum, að það svari kostnaði, eins og nú stendur, að kaupa erlendan áburð og flytja hann út um landið, svo að verðhækkun á honum, þótt ekki sje mjög mikil, getur orðið þess valdandi, að bændur gefist upp við að nota hann. En eins og allir vita, er landbúnaðurinn svo staddur nú, að það má ekkert á bjáta fyrir honum, og þess vegna er mjer sárt um það, að óþörf álagning sje á þessari nauðsynjavöru.

Sigurður Eggerz: Jeg stend aðeins upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg hefi altaf verið á móti einkasölu, á hvaða vörutegund sem er, og hefi lýst því svo oft yfir hjer í hv. deild, að óþarfi ætti að vera að endurtaka það enn einu sinni.

Því hefir verið haldið fram, að hjer sjeu alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi, en hv. 1. þm. G.-K. (BK) hefir nú lýst yfir því, að firmað Nathan & Olsen muni fúst til þess að ákveða verð á áburðinum í samráði við Búnaðarfjelag Íslands. Jeg hefði getað skilið þessa einkasölukröfu, að hún er komin fram, ef það hefði sýnt sig, að firmað Nathan & Olsen hefði sýnt bændum ósanngirni og áleitni í viðskiftum. Þá hefði málið horft alt öðru vísi við. En hjer liggur ekkert fyrir um það, og jeg lít svo á, að þessi einkasala sje þessi sami barnasjúkdómur, sem altaf hefir þjáð Íhaldsflokkinn og kemur í ljós aftur og aftur. Þó það virtist svo í fyrra, að kveða ætti niður alla einkasölu, sbr. afnám tóbaks- og steinolíuverslunar, sýnist nú sem einkasölu-farganið sje að byrja af nýjum krafti og að hæstv. stjórn fylgi því nú sem fastast.

Jeg mun greiða atkvæði á móti þessum barnasjúkdómi, sem altaf er að koma fram.

Eggert Pálsson: Jeg býst við því, að jeg eigi að taka til mín þessa sneið hv. 1. landsk. (SE), vegna þess, að jeg hefi skrifað undir nál. fyrirvaralaust. En jeg skal þegar benda á, að það stendur skýrt í frv., að nefndin er ekki hlynt einkasölu yfirleitt. Og það, sem rjeð því, að jeg skrifaði undir nál., voru þær sjerstöku ástæður, sem mikið hefir verið rætt um í hv. Nd. og landbúnaðarn. beggja deilda, að Búnaðarfjelag Íslands hafði áður haft einkaumboð fyrir Norsk hydro hjer á landi, en mist það fyrir óheppileg atvik. Og það er víst, að Búnaðarfjelagið vildi ekki sleppa umboðinu, en misti það þó.

Mjer finst það nú satt að segja ekki neitt brot á „principi“, þó að menn álíti rjett, að Búnaðarfjelagið fái þetta umboð aftur. Og það, sem fyrir mjer hefir vakað með því að vera með frv., er, að mjer þykir eðlilegt og sjálfsagt, að stjórnarflokkurinn jafnt sem aðrir rjetti Búnaðarfjelagi Íslands hjálparhönd, til þess að það geti haldið sínum rjetti. En hefði ekki eldri samningur verið á bak við áður, hefði mjer ekki dottið í hug að gefa Búnaðarfjelaginu nje öðrum rjett til slíkrar einkasölu sem hjer er farið fram á. En jeg vil hjálpa

Búnaðarfjelaginu til þess að ná aftur því umboði, er það hefir fyr haft. En þótt jeg hafi gengið inn á þetta, vil jeg alls ekki láta bregða mjer um það, að jeg sje hvikull í skoðunum mínum á einkasölu yfirleitt. Jeg vonast til þess, að ef frv. verður samþ., þá verði það til þess, að Nathan & Olsen sleppi umboði sínu og styðji þannig að frjálsri verslun í landinu. Og ef þeir sleppa umboðinu, kemur heimild frv. aldrei til greina.

Að öðru leyti en þessu hefi jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Jeg hygg, að afskifti mín af því verði eigi talin til hreppapólitíkur, því að það mun minna snerta mitt kjördæmi en flest önnur sveitakjördæmi, því að þótt ekki sje minni þörf fyrir aukna ræktun þar en annarsstaðar, er það vart hugsanlegt, að þær sveitir geti haft gagn af útlendum áburði. Það er lokuð leið, að bændur þar eystra geti dregið hann að sjer í rjettan tíma, því að það er ekki altaf sem nú, að Hellisheiði sje snjólaus allan veturinn. Venjan er sú, að hún er ekki fær vögnum fyr en undir lok, en þá er orðið of seint að ná í áburð.

Björn Kristjánsson: Þar sem hv. frsm. (ÁH) talar um, að sjer sje sárt um þessa vöru, þá lái jeg honum það ekki. Mjer er líka sárt um hana og verslun með hana. En jeg hefi sýnt fram á það, að hún fæst ekki með lægra álagi en 2%, hvort sem það er Búnaðarfjelag Íslands eða aðrir, sem umboð hafa fyrir verksmiðjuna. Og þetta sýnir það, að frv. hefir enga þýðingu.

Hv. 2. þm. Rang. (EP) talaði um það, að ekki þyrfti annað en að Nathan & Olsen slepti umboði sínu. Jeg verð að segja, að mjer þykir það ekki geðslegur viðskifta-„moral", að neyða menn til þess að sleppa hluta af lífsframfæri sínu, og það er ekki hægt að segja, að það sje sanngjarnlegt gagnvart neinum að segja: „Láttu af hendi þitt umboð, annars set jeg lög, sem banna þjer að njóta þess." — Jeg fordæmi þann hugsunarhátt, og jeg endurtek það enn, að þó frv. þetta verði að lögum, fær landbúnaðurinn fyrir það alls ekki ódýrari vörur.

Frsm. (Ágúst Helgason): Mjer skildist á hv. 1. landsk. (SE), að hann teldi líklegt, að firmað Nathan & Olsen hefði lagt lítið á áburðinn. Jeg get þá sagt hv. þingm., að árið 1924 lagði firmað 15—18% á áburðinn, og tel jeg það ekkert smáræði. En á sama tíma bauðst annað firma til þess að selja áburðinn fyrir Búnaðarfjelag Íslands með aðeins 2% álagningu. Hjer er nokkuð mikill munur á.

Háttv. 1. þm. G.-K. (BK) hjelt því fram, að firmað Nathan & Olsen mundi halda umboðinu jafnt eftir sem áður, þó að frv. þetta yrði samþ., og halda sínum launum. Háttv. þm. ætti þá ekki að taka sárt firmans vegna, þó frv. yrði samþykt. En þar sem firmað hefir ekki gert samning við Norsk hydro nema til tveggja ára, er ekki ólíklegt, að eftir þau 2 ár gætu umboðslaunin til Nathan & Olsen horfið. Mjer finst kenna nokkurs ósamræmis hjá háttv. 1. þm. G.-K. (BK), þar sem hann segir, að hagnaður firmans af þessari verslun sje mjög lítill, en telur hins vegar verið að svifta firmað lífsviðurværi sínu með frumv. (BK: Brot af því). Búnaðarfjelag Íslands á ekkert lífsviðurværi að hafa af sölu áburðarins, það er munurinn; það

á engar tekjur að hafa af sölunni, en bændur eiga að fá áburðinn með sannvirði, álagslaust. Í því liggur munurinn.

ATKVGR.
1. gr. feld með 7 : 7 atkv.
Forseti lýsti frv. fallið.

8. Skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 13. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (þmfrv., A. 23).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta þarf í rauninni engra skýringa við fram yfir það, sem tekið er fram í greinargerð frv. sjálfs. Þó skal jeg víkja aðeins í fáeinum orðum að því sumu, sem þar er tekið fram. Kjördæmaskiftingin í landinu er nú orðin mjög ranglát vegna breyttrar aðstöðu. En það hefir jafnan verið regla löggjafarvaldsins að bæta úr þessu, þar sem kjördæmaskiftingin hefir verið orðin mjög ranglát. Þannig var t. d. á sínum tíma Ísafjarðarsýslu skift í tvö kjördæmi, þrátt fyrir það, þó að vestursýslan hefði eigi nema ⅓ fólksfjölda á móts við norðursýsluna, og ári síðar voru fjórir helstu kaupstaðirnir gerðir að sjerstökum kjördæmum, þeir, er eigi höfðu kosið þingmann sjerstaklega; þingmönnum í Reykjavík var síðar fjölgað úr 2 í fjóra. Seinna hefir hitt verið tekið upp, að skifta kjördæmunum; var það síðast árið 1922. Þá var skift Húnavatnssýslu, sem áður kaus í einu lagi tvo þingmenn, en nú er það svo, að austur- og vestursýslan kjósa hvor sinn þingmann.

Það, sem hjer er farið fram á, er, að Gullbringu- og Kjósarsýslu sje skift í tvö kjördæmi, að Hafnarfjörður verði eitt kjördæmi og kjósi einn þingmann, Gullbringu- og Kjósarsýsla kjósi einn. Þetta mál hefir verið hjer frá því árið 1920, þegar þingmönnum Reykjavíkur var fjölgað, þá kom um leið til orða að bæta við einum þingmanni fyrir Hafnarfjörð; hann var þá orðinn svo fjölmennur, að hann átti fullan rjett á því. Þá var það ekki tekið til greina, en síðar var málið flutt aftur, en þó ekki eins og nú. Það kom fram sú tillaga á þinginu 1922, að bæta við einum þm. fyrir Hafnarfjörð, en að Gullbringu- og Kjósarsýsla kysi tvo eins og áður. Nú hefi jeg ekki treyst mjer til að fara fram á þetta gegn þeirri miklu mótstöðu, sem verið hefir hjer á þinginu gegn því að fjölga kjördæmum, jeg hefi því farið fram á, að kjördæminu verði skift eins og hjer segir. Mannfjöldinn í sýslunum ætla jeg að sje eitthvað hálft sjöunda þúsund, eða það var hann eftir manntali í desember 1924. Geri jeg ekki ráð fyrir, að fjölgað hafi til muna í sjálfum sýslufjelögunum, en hinsvegar hefir fjölgað til muna í Hafnarfirði; nú eru þar um 3000 manns, eða nákvæmlega 2998 manns, eftir manntali í nóvember 1925, en hinsvegar var í Hafnarfirði árið 1924 liðlega 2400 manns. Það sýnir sig því, að í sýslunum mun vera nálægt 4000 manns, á móti því, sem Hafnarfjörður hefir nú 3000; það munar því dálitlu. Má í þessu

sambandi benda á Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem kýs sjerstök á móti norðursýslunni, sem mun hafa eitthvað ⅓ færri íbúa.

Atvinnuhættir manna í Hafnarfirði eru nokkrir aðrir en í sýslunni; í kaupstaðnum er allur fjöldinn daglaunamenn. Áður var svo, að í Kjósarsýslu var mest stundaður landbúnaður og er enn, en í Gullbringusýslu stunduðu menn mest sjó, þó einnig væri þar nokkur búskapur. En nú er þetta að breytast þannig, að í Gullbringusýslu er nú á síðari árum að aukast ræktun landsins, og margir að hverfa frá sjávarútveginum og stunda nær eingöngu landbúnað. Er því nú orðið svipað um atvinnuhætti í sýslunum. Fer því vel á því, að þær kjósi einn fulltrúa saman, en að Hafnfirðingar, sem hafa annara hagsmuna að gæta, fái sinn sjerstaka þingmann. Vonast jeg til, að ekki þurfi að flytja fleiri rök fyrir þessu máli, og vil biðja þess, að frv. verði vísað til allshn., sem mun eiga að hafa slík mál sem þessi til meðferðar.

ATKVGR.

Frv, vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., fimtudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 58 og 62).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Eins og nál. á þskj. 62 ber með sjer, hefir meiri hl. allshn. ekki fundið ástæðu til að mæla með þessu frv. Í greinargerð frv. er aðallega bygt á því, að Hafnarfjörður sje orðinn svo fólksmargur, að hann hafi fólksfjölda á við aðra kaupstaði, sem sjeu kjördæmi sjer, og að það hafi verið venja undanfarið, að kaupstaðir hafi verið gerðir að sjerstökum kjördæmum, þegar fólksfjöldinn hafi verið orðinn hlutfallslegur við önnur kjördæmi á landinu. Það, sem einkum ber til þess, að aðrir kaupstaðir landsins, þeir sem ekki voru sjerstök kjördæmi áður en þeir fengu kaupstaðarrjettindin, eins og t. d. Vestmannaeyjar, hafa verið gerðir að sjer-kjördæmum, mun einkum og sjer í lagi hafa grundvallast á því, að atvinnuvegir þessara kaupstaða voru orðnir gerólíkir atvinnuvegum þeirra hjeraða, sem þeir voru áður hluti af. Það má í þessu sambandi t. d. benda á Seyðisfjörð og Akureyri, aðalatvinnuvegir þessara kaupstaða eru sjávarútvegur og verslun, en hjeruðin í kring eru nær eingöngu landbúnaðarhjeruð.

En þessu er alt annan veg farið með Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Atvinnuvegirnir þar eru mjög svipaðir. Í Gullbringusýslu er sjávarútvegurinn aðalatvinnuvegurinn, meginþorri íbúa sýslunnar hefir beint eða óbeint lífsframfæri sitt frá sjávarútveginum. Kjósarsýsla er að vísu að nokkru leyti undantekning frá þessu, en þó er innan takmarka þeirrar sýslu allmikill sjávarútvegur og þar á meðal stórútgerð. Það er því álit meiri hl. nefndarinnar í þessu máli, að það sje ekki sá munur á atvinnuvegum íbúanna í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að skifting sje sjálfsögð af þeim sökum.

Hafnarfjörður er með fólksflestu kaupstöðunum á landinu eða svona af

miðlungsstærð. Ef það væri rjettmætt að leggja fólksfjöldann einn til grundvallar við kjördæmaskiftinguna, þá er því ekki að neita, að afstaða Hafnarfjarðar til sumra hinna kaupstaðanna er að þessu leyti ekki í óhag skiftingunni. En þegar á að fara að athuga kjördæmaskiftinguna í landinu, kemur margt fleira til greina en fólksfjöldinn, t. d. verður hjeraðsskipun þar altaf þyngst á metunum, og svo er vitanlega margt fleira, sem taka verður tillit til. Ef þessi skifting færi fram og Hafnarfjörður yrði kjördæmi sjer, bæru kjósendur í Gulllbringu- og Kjósarsýslu mjög skarðan hlut frá borði á móts við Hafnfirðinga. Kjósendur í kjördæminu eru nú alls um 3000, þar af um 1700 í G.-K., en 1300 í Hafnarfirði; hjer er því ekki um jöfnuð að ræða. Þegar þess er gætt, að þeim ástæðum er hjer ekki til að dreifa, sem geta rjettlætt það, þó nokkur munur sje á fólksfjölda í hinum ýmsu kjördæmum landsins, þá virðist all-varhugavert að vera að nauðsynjalausu að stofna til þess misrjettis, sem nú hefir verið bent á, að skiftingin óhjákvæmilega hefir í för með sjer. Þá vil jeg og benda á annað atriði í þessu máli, sem meiri hl. allshn. telur sem ástæðu til að leggja á móti frv., en það er, að málið er alls eigi nægilega undirbúið. Það liggur að vísu hjer fyrir umsögn annars aðiljans, bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, sem er sá aðilinn, sem yrði betur settur, ef skifting færi fram; en hinn aðilinn hefir ekkert látið til sín heyra. Það hefir áður verið venja, þegar um skiftingu hefir verið að ræða, að leita álits a l l r a hlutaðeigandi aðilja. Jeg held, að það hafi helst ekki verið farið af stað með frv. um skiftingu kjördæma fyr en samkomulag allra aðilja hefir verið fengið. Jeg fer ekki að svo vöxnu máli að orðlengja þetta. Jeg hefi nú greint frá þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar fyrir því, að meiri hl. allshn. getur ekki fallist á skiftinguna.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Mjer kom það undarlega fyrir sjónir, þegar hv. meiri hl. allshn. vildi ekki fallast á þetta frv. Í fyrsta lagi af því, að það eru svo augljósar ástæður, sem mæla með því, að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjördæmi, ef aðeins er litið til annara kaupstaða á landinu, sem eru sjerstök kjördæmi. Jeg fæ því ekki sjeð, að hægt sje með rökum að mæla á móti því, að Hafnarfjörður verði gerður að sjerstöku kjördæmi. Háttv. meiri hl. allshn. fjelst ekki á það, að sá munur sje á atvinnuvegunum í Hafnarfirði og hjeruðunum umhverfis, að skiftingin verði óhjákvæmileg af þeim sökum. Hv. meiri hl. hlýtur þó að vita, að atvinnuvegirnir eru talsvert ólíkir í Hafnarfirði og í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í Hafnarfirði er mestmegnis rekin verslun og stórútgerð, og nær allir íbúar þess kaupstaðar eru daglaunamenn, þ. e. sjómenn eða verkamenn. En í sýslunum báðum eru smá-atvinnurekendur yfirgnæfandi, þ. e. bændur eða útvegsmenn (smábáta-útgerð). Þetta er því ekki sambærilegt, og þessvegna verður því ekki haldið fram með neinum rökum, að mismunandi atvinnuhættir geri ekki skifting kjördæmisins nauðsynlega.

Og því fremur verður skiftingin rjettmæt, er það er á allra vitorði, hv. meiri hl. líka, að atvinnuvegirnir í þessum sýslum, sjerstaklega í Gullbringusýslu,

hafa á síðustu áratugum breytst mjög og eru enn að breytast. Sjávarútvegurinn gengur þar úr sjer, en landbúnaður færist í aukana.

Hitt var, að atvinnuvegir í Kjósarsýslu voru áður ólíkari atvinnuvegum Gullbringusýslu, en þetta er nú að færast í það horf, að mismunurinn, sem þar var, er að hverfa. Þessvegna er það sanngjarnt, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hafi einn og sama þingmann, því þó að það sje rjett, sem hv. frsm. meiri hl. (PO) sagði, að í einum hreppi í Kjósarsýslu væri rekin stórútgerð (í Viðey), þá eru þar alveg sjerstakar ástæður til þess. Það er nálægð Reykjavíkur og ekkert annað, sem hefir orðið til þess, að þarna var hafin útgerð.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að málið væri varhugavert, af því það væri svo illa undirbúið. Jeg ætla þá að benda á annað samaháttar mál, sem ekki var betur undirbúið og náði þó samþykki þingsins á sínum tíma. Það er skifting Húnavatnssýslu í tvö kjördæmi. Á þeim þingum, sem það mál var rætt, voru allir nokkurnveginn sammála um það, og þó var það upplýst í umræðunum, að töluverður munur var á íbúafjölda í kjördæmunum eftir skiftinguna. Það er því alveg sambærilegt við mannfjöldann í Gullbringu- og Kjósarsýslu annarsvegar og í Hafnarfirði hinsvegar. Í Hafnarfirði eru nú nær 3000 íbúar, en í báðum sýslunum til samans um 4000. En hitt er að vísu rjett, að þá yrði Gullbringu- og Kjósarsýsla með mannflestu einmenningskjördæmum á landinu, en það er í sjálfu sjer ekki næg ástæða á móti skiftingunni. Jeg gerði ekki ráð fyrir því í frv., að Gullbringu- og Kjósarsýsla hjeldi tvo þm., en úr Hafnarfirði bættist einn nýr þm. í hópinn, því jeg hugði, að ef frv. væri þannig úr garði gert, mundi það mæta meiri mótspyrnu en ella.

Svo jeg víki aftur að því, sem gerðist á þinginu 1922, þegar skifting Húnavatnssýslu var samþykt, þá var þar enginn ágreiningur um það mál. Það var samþykt út úr Nd. með 17 shlj. atkv. — ekkert mótatkvæði. Að vísu var einn maður í allshn. Nd., sem hafði nokkra sjerstöðu í því máli, enda þótt hann ekki berðist á móti skiftingunni. Undirbúningur þess máls var þó, samkvæmt því, sem upplýst var við umræðurnar í Ed., aðeins tvær þingmálafundarsamþyktir, og þó hann væri ekki meiri en þetta, náði málið samþykki Alþingis, vegna þess að það var talið vera sanngirnismál. Af sömu ástæðum tel jeg, að hið háa Alþingi geti heldur ekki í þetta sinn vísað þessu frv. mínu á bug.

Mitt frv. er mun betur undirbúið en umrætt frv., því hjer liggur fyrir áskorun samþykt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og svo álít jeg þar fyrir utan, að hver þingmaður eigi að gera upp með sjálfum sjer, hvort málið sje rjettmætt eða ekki, og jafnvel þó að mótmæli hefðu komið fram úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, sje jeg ekkert á móti því, að skiftingin færi fram samt, því jeg sje ekki betur en að allar ástæður mínar með þessu frv. sjeu mun betur rökstuddar en það, sem borið var fram til stuðnings skiftingu Húnavatnssýslu, sem enginn ágreiningur varð um og var samþykt í Nd. með shlj. atkv. og afgreitt frá Ed. nær því á sama hátt, (með 9 : 1 atkv.).

Jeg læt mjer svo nægja þessa rökstuðningu að sinni og endurtek aðeins,

að jeg tel ástæðurnar fyrir frv. svo ríkar, að það eigi að samþykkjast viðstöðulaust, enda hefir hv. frsm. meiri hl. (PO) alls ekki getað hnekt þeim.

↖ **Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen):** Hv. frsm. minni hl. (JBald) endurtók það, sem stendur í greinargerð frv., að Hafnarfjörður sje misrjetti beittur, borið saman við aðra kaupstaði á landinu, sem sjeu sjerstök kjördæmi; en háttv. þm. (JBald) byggir aðeins á fólksfjöldanum einum. En jeg benti á það í ræðu minni áðan, að aðal-ástæðurnar, sem orsakað hafa skifting kjördæma áður, hafi verið gerólíkir atvinnuvegir næsta umhverfis. Háttv. frsm. minni hl. (JBald) vefengir, að meiri hl. allshn. hafi rjett fyrir sjer í því, að enginn sjerlegur munur sje á atvinnuvegum í Hafnarfirði og í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og bendir ennfremur á, að á sumum svæðum hafi orðið allmikil breyting í þessum sýslum, þ. e. suður með sjónum aðallega, þar sje nú meira stundaður landbúnaður en áður. En þessu er ekki svona varið. Það eru aðeins búnaðarhættirnir, sem hafa breytst, en raunverulegar framfarir á því sviði hafa litlar eða engar orðið. Meginhluti þess landbúnaðar, sem áður var rekinn þarna suður með sjónum, var sauðfjárrækt, en nú á síðari árum er það mjólkurframleiðslan, sem aðaláherslan er lögð á, en það stafar af bættum samgöngum við Reykjavík. Breytingin er því ekki í því fólgin, að búnaðurinn hafi aukist, heldur eru búnaðarhættirnir aðeins breyttir. Hitt er að vísu satt, að sjávarútvegurinn þarna suður frá er allmikið breyttur frá því, sem áður var. Í Sandgerði og Keflavík er nú rekin mikil mótorbátaútgerð. En það er rjett, að í Garðinum og öðrum smábáta verstöðvum þarna suður frá hefir útgerðin gengið mikið úr sjer. En ef litið er á ástæður til þeirra breytinga, eru þær augljósar. Það hefir alt of lítið verið gert af hálfu þess opinbera til að tryggja bátaútveginn; hinar miklu breytingar, sem orðið hafa í Garðinum, stafa af slælegum landhelgisvörnum í Garðsjó. Ef varnir verða bættar, jeg tala nú ekki um það, ef rýmkun fengist á landhelginni, rís útgerðin aftur úr rústum. Nú er verið að byggja nýtt strandvarnarskip, og með því ráðin allmikil bót á landhelgisgæslunni, og okkur er það öllum full-ljóst, að eigi verður látið þar við sitja, heldur haldið áfram að auka strandvarnirnar til verndar smábátaveiðunum.

Nei, búskapurinn er ekki svo mikið breyttur, að orð sje á gerandi, því aukning á honum hefir nálega engin átt sjer stað, og þó að eitthvað hafi dregið úr útgerðinni á einstökum stöðum, hefir hún þá aukist annarsstaðar, t. d. í Sandgerði og Keflavík. Og mismunurinn á Gullbringu- og Kjósarsýslu er heldur ekki mikill, því í Kjósarsýslu hefir á síðari árum risið upp stórútgerð, og því verður ekki neitað, að líkur eru til, að hún aukist þar heldur en hitt, ef togaraútgerðin hjer á landi heldur áfram í svipaða átt og undanfarið. Í Reykjavíkurhöfn komast ekki fleiri togarar fyrir, og verða þeir því að leita annað, og er þá Kjósarsýsla næst. Það eru þar fleiri staðir en Viðey, sem geta komið til greina. Sundin þar inn frá eru t. d. meðal bestu hafnarsvæða á landinu. Eru því miklar líkur til, að þar verði næst borið niður.

Nei! Það er laukrjett hjá meiri hl. allshn., að aðalatriðin gegn frv. eru þau, að það er ekkert það djúp staðfest

milli atvinnuvega kjördæmisins, er rjettlæti skiftingu þessvegna. Og þá sjerstaklega, þegar ekki er hægt að koma breytingunni fram, án þess að fremja ranglæti á öðru sviði.

Út af ummælum hv. frsm. minni hl. (JBald) um það, að vantað hafi undirbúning á þessu máli, verð jeg að árjetta það, að þessu verður ekki mótmælt, þar sem ekkert liggur fyrir frá meiri hluta í kjördæminu. Þá mintist háttv. þm. (JBald) á skifting Húnavatnssýslu og sagði, að það lægi ekkert fyrir um það, að það mál hefði verið undirbúið. Jeg hefi athugað umræðurnar um málið í Alþt., og þar kemur mjög greinilega fram, að búið var að undirbúa málið í hjeraðinu. Upptökin voru í Vestur-Húnavatnssýslu, en þingmenn sýslunnar, og þá sjerstaklega 2. þm. Húnv. gerir fulla grein fyrir, að þetta mál hafi verið tekið til athugunar í Austursýslunni og hún sje þar yfirleitt samþykk. Þannig fóru þm. Húnvetninga ekki af stað með það mál, fyr en búið var að fá vissu fyrir, að þetta væri sameiginleg ósk alls kjördæmisins. Í Húnavatnssýslu hefir málið verið fullkomlega undirbúið að þessu leyti, að leita álits viðkomandi manna. En hinsvegar skortir mjög á þennan undirbúning viðvíkjandi Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Ólafur Thors: Jeg get um margt tekið undir með hv. frsm. meiri hl. (PO) og skal því vera stuttorður. Jeg tel rjett á litið, að núverandi kjördæmaskipulag sje mjög órjettlátt. Og það getur líka rjett verið, að Hafnarfjörður sje meðal þeirra, sem verða fyrir barðinu á því órjettlæti. En það eru hinsvegar margir aðrir, sem eiga um sárt að binda, t. d. Reykvíkingar, og ef ekki fæst heppilegri lausn og rjettlátari á þessu máli en farið er fram á í frv., þá get jeg fyrir mitt leyti sætt mig við að bíða átekta þangað til sú kjördæmaskipun fer fram, sem hlýtur að vera í vændum.

Ef jeg, sem umboðsmaður þeirra kjósenda, sem hjer á að skifta, yrði spurður, hver vilji þeirra væri í þessu máli, þá tel jeg mig ekki geta svarað þeirri spurningu. Jeg var nýlega á fjölsótttum fundum um alt kjördæmið. Og á engum af þessum fundum, að einum einasta undanteknum, var borin fram ósk um slíka skiftingu. Þessi eini fundur var í Hafnarfirði, og óskin um slíka skiftingu kom frá einum manni. Það var að vísu mætur maður, sem bar hana fram, og ástæða er til að halda, að hann hafi borið hana fram fyrir hönd eins stjórnmálaflokksins, nefnilega jafnaðarmanna. Þetta er eina vitneskjan, sem jeg hefi fengið um hugi manna í kjördæminu, að svo miklu leyti, sem jeg held mig að því, sem talað var á þessum fundum. Að öðru leyti liggur ekki fyrir neitt um vilja þessara kjósenda um skiftingu annað en það, sem útdrátturinn úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar ber með sjer. Þó að svo virðist, eftir honum að dæma, sem það sje einlitur vilji bæjarfulltrúanna, að skiftingin verði framkvæmd, þá er mjer kunnugt um, að það er í raun og veru alls ekki svo. Jeg hefi sjálfur átt tal við nokkra þeirra, og jeg hika ekki við að segja, að hjer er ekki verið að bera fram neitt hjartans mál sumra þeirra. Það er líka kunnugt, að mjög stór hópur kjósenda í Hafnarfirði er mótfallinn þeirri skiftingu, sem hjer er farið fram á. En þó nú að þessi samþykt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar væri skoðuð sem algildur dómur um vilja

kjósenda Hafnarfjarðar, þá eru fleiri hlutaðeigendur í þessu máli, og það eru kjósendur í sjálfum sýslunum. Í Hafnarfirði er — eins og getið var um — 1300 kjósendur, en í sýslunum 17—1800 eða nær því, að jeg hygg. Háttv. frsm. minni hl. (JBald) hefir getið sjer þess til, að það mundi draga saman með þessari kjósendatölu annarsvegar í Hafnarfirði og hinsvegar í sýslunum. Jeg er ekki viss um það. Fremur gæti jeg ímyndað mjer, eftir því sem aðstaðan er nú, að draga myndi í sundur. Eins og menn vita, hefir Hafnarfjörður vaxið mjög á síðustu árum vegna útgerðar. En jeg álít, að hún standi ekki svo föstum fótum, að jafna megi henni við atvinnureksturinn í sýslunum yfirleitt. Þessvegna mun mega frekar álykta, að íbúatala Hafnarfjarðar fari fremur rjenandi en vaxandi í hlutfalli við íbúatölu sýslnanna.

Jeg sagði áðan, að jeg gæti ekki með vissu svarað um vilja kjósenda um skiftingu samkvæmt frv. En jeg get þó um það talað með nokkrum líkum. Jeg hefi reynt að spyrja alla þá, sem jeg náði til síðan frv. kom fram og til þessa dags, — alla, sem eru kjósendur og búsettir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hver vilji þeirra væri í þessu máli. Og mjer heyrist það nokkuð einróma ósk þeirra, að sú skifting, sem hjer er farið fram á, nái ekki fram að ganga. Enda er þetta ekki ólíklegt, því eins og nú standa sakir ráða kjósendur í sýslunum meira en einum þingmanni vegna hlutfallsins milli atkvæðatölu sýslubúa og Hafnfirðinga. Þeir vilja ekki láta svifta sig þeim rjetti, sem þeim ber að hafa. Og jeg segi það í fullri hreinskilni, að jeg lít svo á, að frv. þetta sje fram borið einungis samkvæmt ósk eins stjórnmálaflokks, sem sje jafnaðarmanna í Hafnarfirði. Jeg sje enga ástæðu til að leyna því. Jeg tel ekki ólíklegt, að af þeim 3000 kjósendum, sem eiga hlut að máli, muni um 7—800 vera jafnaðarmenn. Þeir fara fram á það, að þeir fái þingmann. Ef fullnægja á þeirri kröfu, þá leiðir af því, að 2200—2400 kjósendur eiga að skipa hinn þingmanninn. Þetta álít jeg ekki rjettlátt. Þeir ættu þá að skipa 3 þingmenn, þannig að 4 þingmenn yrðu fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjörð. Jeg verð að segja, að rjettlætinu verður ekki náð með þessu frv., og mun jeg frá því sjónarmiði ekki vera með því. Jeg get heldur ekki álitið mjer skylt að vera með því með tilliti til þeirra, sem hafa falið mjer umboð sitt, miklu fremur hið gagnstæða. En væri borið fram frv. um skiftingu þannig, að Gullbringu- og Kjósarsýsla fengi tvo þingmenn, en Hafnarfjörður einn, þá væri mjer ánægja að vera með því. Mjer heyrðist hv. frsm. minni hl. (JBald) ekki vilja bera slíkt fram, af því að hann teldi líklegt, að það fengi minni byr. Jeg álít betra, að hv. þm. bæri fremur fram það, sem hann álítur rjettlátt, heldur en það, sem byrlegast lítur út.

Bernharð Stefánsson: Háttv. frsm. minni hl. (JBald) lagði þá spurningu fyrir okkur, sem fórum að greiða atkv. um þetta mál, hvort okkur fyndist ekki sanngjarnt, að Hafnfirðingar fengju sjerstakan þingmann. Þessari spurningu get jeg fyrir mitt leyti ekki annað en svarað játandi. Mjer finst það sanngirnismál, úr því ekki liggur fyrir gagngerð breyting á kjördæmaskipun landsins. En það er annað, sem ekki er sanngjarnt, ef frv. er samþ. óbreytt, nefni-

lega það, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefðu þá aðeins einn þingmann eftir.

Jeg minnist á þetta af því, að það stendur hjer nákvæmlega eins á og í minu kjördæmi. Þar er líka kaupstaður, sem ekki er sjerstakt kjördæmi, og það mælir vitanlega alt það sama með því, að sá kaupstaður fái sjerstakan þingmann eins og Hafnarfjörður. Nú yrðu þessar sýslur, Eyjafjarðarsýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla, með stærri og fjölmennari tvímenningskjördæmum, þó að kaupstaðirnir yrðu skildir frá. Jeg sje ekki, að það sje sanngjarnt, samanborið við ýms önnur kjördæmi, að þegar Hafnarfjörður er skilinn frá, kjósi Gullbringu- og Kjósarsýsla aðeins einn þingmann, en t. d. Rangárvallasýsla tvo. Einu leiðina út úr þessu, til þess að koma fram rjettlæti, álít jeg vera það, að þessir 2 kaupstaðir, Hafnarfjörður og Siglufjörður, fái hvor sinn þingmann. Og til þess sje jeg ekki aðra leið en þá, að fjölga þingmönnum um tvo. En þá leið, að gerbreyta allri kjördæmaskipun landsins, ætla jeg ekki að ræða um nú. Það er stórt mál, og sú skipun verður ekki gerð fyr en eftir mjög mikinn undirbúning.

Ef hv. flm. (JBald) hefði flutt málið á þeim grundvelli að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, án þess að taka með því annan þingmanninn af Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá hefði jeg hiklaust rjett honum hönd, og vona jeg, að hann hefði þá jafnframt gengið að því, að Siglufjörður yrði sama rjettar aðnjótandi. Jeg skal að vísu játa það, að þingstarfanna vegna mun engin þörf vera á fjölgun þingmanna. En eins var það, þegar þingmönnum var fjölgað fyrir Reykjavík. Og það var þó ekki gert með því að taka neina menn frá öðrum kjördæmum. En til þess að Hafnfirðingar og Siglfirðingar fái sama rjett og íbúar annara kaupstaða, sje jeg ekki annað betra ráð en að fjölga þingmönnum um tvo.

Jeg vildi mælast til, að hv. flm. (JBald) óskaði þess, að málið væri tekið út af dagskrá, og að hann athugi þá leið, sem jeg hefi bent á.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. meiri hl. (PO) hefir líklega misskilið mig, þegar jeg talaði um atvinnuvegina í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði. Jeg sagði aðeins, að það hefði verið meiri munur á atvinnuvegum í Gullbringu- og Kjósarsýslu heldur en nú. Hinsvegar hefir þetta altaf verið sjerstakt með Hafnarfjörð. Þar er stórútgerð, mikið af verkafólki, sem hefir annara hagsmuna að gæta heldur en bændur og aðrir smærri atvinnurekendur. Þótt hv. frsm. (PO) benti á, að útgerðin sje sú sama, en í dálítið breyttri mynd, þá verð jeg að segja það, að sá atvinnurekstur er ekki aðallega frá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þaðan er rekin útgerð frá Reykjavík og Akranesi og miklu víðar að. Jeg ímynda mjer, að sjálfir sýslubúar sjeu færri en þeir aðkomnu um þennan atvinnurekstur. Hinsvegar játaði hv. frsm., að útgerðin hefði minkað og landbúnaður kominn í staðinn.

Jeg sje ekki, að landhelgismálið þurfi neitt að koma þessu máli við, þótt hv. frsm. (PO) drægi það inn í umræðurnar. En þótt við fáum þetta eina skip, þá er langt frá því, að slíkt mál sje komið í það horf, sem við væntum allir. Og það er ekki víst, eins og nú er högum háttað, að upp spretti aftur smábátaútvegur eins og sá, er verið hefir und-

anfarið. Það breytist altaf í þá átt, að útvegurinn stækkar og stækkar. Þessvegna eru mestar líkur til, að þessi breyting haldi áfram, og það verði einmitt svipaðir atvinnuhættir í báðum þessum sýslum, sem jeg hugsa mjer, að ættu að kjósa sameiginlegan þingmann. Og það eru einnig líkur fyrir því, að Hafnarfjörður haldist eins og er með sínum sjerstöku atvinnuháttum. Jeg býst ekki við, að fjelagið í Viðey fari bráðlega að bæta við togaraflota sinn. Og ýmislegt þarf að gera hjer um nesin áður en togarastöð er sett þar upp. Eftir því, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagðist um útgerðina, þá er ekki líklegt, að hægt sje að ráðast í dýra stöðvarbyggingu, sem þá væri óhjákvæmilegt.

Þá talaði hv. frsm. (PO) um undirbúninginn og kvað hann lítinn. Í því sambandi benti hann á það, sem gerðist fyrir fjórum árum, þegar Húnavatnssýslu var skift. Hv. þm. vildi láta svo líta út, að sá undirbúningur hefði verið mikið betri. Jeg vil leyfa mjer að benda á ræðu þess eina manns, sem hafði á móti þeirri skiftingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Mjer virðist sem hv. frsm. og 1. þm. Húnv. styðji þetta frv. með hálfum hug. Það verður heldur ekki annað sagt en að undirbúningnum undir það sje mjög svo ábótavant. Aðeins minst á það á tveim þingmálafundum, sem vjer vitum ekki, hve fjölmennir hafa verið, vantar umsögn sýlsunefndanna og auk þess skiftingin ekki rjettlát, þar sem önnur sýslan er miklu mannfleiri.“

Af þessu virðist mjer, að undirbúningurinn, sem lá fyrir, þegar skifting Húnavatnssýslu fór fram, hafi verið minni en sá undirbúningur, sem hjer liggur fyrir.

Hafi Alþingi þá verið að gera rjett, sem jeg efast ekki um, þá álít jeg, að það geri því aðeins rjett nú, að það samþykki skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fór nokkrum orðum um þetta mál. Kom að því, að kjördæmaskiftingin væri órjettlát, og viðurkendi, að Hafnarfjörður ætti um sárt að binda í þessu efni. Mjer skildist á honum, að hann vildi þó láta alt bíða þangað til kjördæmaskipunin verður endurskoðuð. Þegar maður hefir heyrt menn þing eftir þing halda hrókaræður um það, hvað kjördæmaskiftingin væri óheppileg og órjettlát, en ekkert er gert, þá fer maður að verða vantrúaður á þessa miklu endurskoðun á kjördæmaskiftingunni, sem altaf á að vera væntanleg. Jeg hefi enga trú á, að hún verði framkvæmd á næstunni. Af þeim ástæðum ættu menn því ekki að vera á móti því, ef eitthvað væri hægt að gera til umbóta nú.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, að ósk um skiftingu hefði aðeins komið fram í Hafnarfirði og af einum manni þar. Það vill nú svo til, að jeg var á þeim fundi, sem hv. þm. talaði um, og mjer og fleirum fanst ekki annað en að það væri almennur vilji fundarins á bak við þennan eina mann. En það er skiljanlegt, að þessi rödd komi fram einmitt á þessum stað. Hversvegna? Það eru Hafnfirðingar, sem búa við rangindin. Eðlilegast að krafan komi frá þeim.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) virðist vefengja, að það sje eindreginn vilji bæjarfulltrúa, að skifting fari fram. Jeg hefi ekki annað fyrir mjer en þetta plagg, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir sent Alþingi, en þar verður ekki sjeður neinn ágreiningur. Hinsvegar

held jeg, að jeg megi fullyrða, að ekkert atkv. bæjarstjórnarinnar hafi verið móti þessari till. og hún hafi verið samþykt með öllum samhljóða atkv. Jeg geri minna úr því, hvað bæjarfulltrúarnir hafa sagt út í frá. Á þessari úrslitastund held jeg að þeir hafi ekki látið neitt í ljós, að þeir væru mótfallnir skiftingu.

Þá skal jeg víkja að mannfjöldanum í þessu kjördæmi. Þótt kjósendatalan í Hafnarfirði sje ekki nema 1300 nú sem stendur, þá munu þeir verða mun fleiri að ári. Jeg ímynda mjer, eftir því sem mjer hefir talist til, að kjósendatala í hlutfalli við mannfjölda sje um 50%. Við síðasta manntal í Hafnarfirði voru íbúar 3000. Þá ættu kjósendur þar að vera 1500. Að þeir eru ekki allir komnir á kjörskrá stafar af því, að á síðustu árum hefir fólkið verið að flytjast unnvörpum til bæjarins, og eru margir ekki búnir að ná kosningarrjetti þar ennþá. Jeg hygg, að kjósendatalan ein út af fyrir sig sje villandi, og mætti miklu fremur segja, að kjósendatalan í Hafnarfirði væri 1500, en annarsstaðar 1700, sem svarar nokkuð líkt til heildartölunnar. Og mismunurinn á mannfjölda í bænum og sýslunni er vissulega ekki eins mikill og menn vilja vera láta, alls ekki meiri en í mörgum kjördæmum á landinu. Ekki er nema einn þingmaður fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en þar munu vera, að jeg hygg, nær 4000 manns.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) kom inn á atvinnureksturinn í Hafnarfirði og kvað hann ekki mundu standa eins föstum fótum og atvinnurekstur í sýslunni. Það má nú slá öllu fram, en hinsvegar vonar maður, að atvinnurekstri við sjávarsíðuna hraki ekki svo. Því ef það verður, þá kemur sennilega mjög alvarlegt ástand, ekki einungis yfir Hafnarfjörð, heldur marga aðra kaupstaði. Jeg sje ekki ástæðu til að ætla, að hann standi ekki föstum fótum. Náttúrlega koma tímabil og tímabil, þegar erfiðar gengur, en menn mega ekki fyrir það missa vonina um það, að atvinnuvegirnir geti staðið sig.

Hv. þm. lýsti því yfir, að hann hefði talað við menn úr sýslunum, og þeir væru allir á einu máli og á móti þessu. Jeg get vel trúað því og þótti það ekki ólíklegt, að íbúar Gullbringu- og Kjósarsýslu vildu ekki sleppa því fyrirkomulagi, sem nú er, sjerstaklega þegar um er að ræða aðeins tvo þingmenn.

En spurningin er sú, hvort ekki sje rjettara að skifta kjördæminu eins og jeg fer fram á heldur en láta það haldast óbreytt. Jeg fyrir mitt leyti er í engum efa um, að skiftingin er rjettlátari.

Þá skildist mjer hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) leggja mikla áherslu á, að frv. þetta væri aðeins borið fram fyrir einn flokk, jafnaðarmenn í Hafnarfirði, sem ekki væru nema 6—8 hundruð manna. Jeg sje ekki, að frv. þurfi að vera rangt fyrir það, og það út af fyrir sig getur engin ástæða verið til að vera á móti því, þar sem líka sýnilegt er, að það fer í rjettlætisáttina.

Þá sagði þessi hv. þm., að hann hefði með gleði greitt atkvæði með frv., sem farið hefði fram á fjölgun þingmanna þannig, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefði fengið 2 þingmenn, en Hafnarfjörður 1, og spurði jafnframt, hversvegna jeg hefði ekki komið fram með slíkt frv. Að jeg kom ekki fram með frv., sem gekk í þá átt, var fyrir þá sök, að jeg hefi heyrt utan að mjer svo megnan andróður gegn fjölgun þing-

manna. Jeg vil nú skora á þennan hv. þm. að koma sjálfur fram með slíkt frv.; jeg get strax gefið honum loforð um að fylgja því. Jeg játa sem sje fúslega, að fjölgun þingmanna þannig er fullkomlega rjettlát. En fyrir því flutti jeg frv., að jeg taldi með því náð dálitlu rjettlæti, þó að því væri þar með ekki fullnægt.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vil jeg segja hið sama og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að komi hann fram með frv. eða brtt. við frv. þetta um fjölgun þingmanna í Eyjafjarðarsýslu, þá mun jeg fá málið tekið af dagskrá nú, svo framarlega sem þetta hefir ekki alt verið sagt út í loftið hjá þessum hv. þingmönnum. Þar sem menn þessir eru úr tveimur höfuðflokkum þingsins, má telja víst, að slíkar tillögur næðu fram að ganga, svo framarlega sem þeim er þetta nokkur alvara.

Ólafur Thors: Jeg vil fyrst og fremst leiðrjetta það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um aðstöðu bæjarfulltrúanna í Hafnarfirði til þessa máls. Hann taldi þá undantekningarlaust vera því fylgjandi. En það er fyllilega víst, að svo er ekki, þó að þeir jafnvel fyrir kurteisis sakir hafi ekki látið það koma fram í þeim skjölum, sem sendast áttu til Alþingis.

Þá vildi þessi hv. þm. draga í efa, að atvinnureksturinn í Hafnarfirði stæði ekki föstum fótum. En það er sannarlega víst, hvað sem hann segir. Atvinnureksturinn þar byggist að miklu leyti á því, að þaðan stunda 6 skip veiðar, sem aðeins hafa leyfi til að vera þar um takmarkað árabil. Þegar svo sá leyfistími er útrunninn, er ekki víst, að önnur skip verði til að fylla skarðið. Að minsta kosti sje jeg engar líkur til þess, að botnvörpuskipum fjölgi hjer á næstu árum.

Þá heyrðist mjer þessi hv. þm. vilja halda því fram og leggja jafnvel áherslu á, að jeg væri á móti frv. þessu af því, að það væri borið fram eftir óskum 7—800 manna úr einum stjórnmálaflokki. En þetta er alls ekki rjett. Jeg er á móti því, af því að jeg get ekki orðið við óskum þessara manna, nema með því að breyta á móti óskum annars ennþá stærri flokks og bera rjett hans fyrir borð.

Þá beindi hann þeirri ósk til mín, að jeg kæmi fram með frv. og brtt. um tvo þm. fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og einn fyrir Hafnarfjörð. Jafnframt beindi hann til hv. 2. þm. Eyf. (BSt) að koma sömuleiðis fram með brtt. um fjölgun þingmanna í Eyjafjarðarsýslu. En þetta tel jeg alveg óskyld mál, svo óskyld, að jeg er ekkert viss um, að jeg væri með fjölgun þingmanna fyrir Eyjafjarðarsýslu, þó jeg fylgdi slíkri fjölgun fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu. Annars vil jeg skora á hv. flm. (JBald) sjálfan að koma fram með slíkar brtt., þá má vel vera, að jeg greiddi þeim atkvæði.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Aðeins nokkrar athugasemdir út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann sagði meðal annars, að útgerðin í Sandgerði sýndi ekki rjetta mynd af útgerðinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þetta er að vísu rjett, því að margir aðkomumenn stunda þaðan fiskiveiðar. En af innansýslumönnum eru samt sem áður reknar miklar fiskiveiðar í Sandgerði.

Þá vildi hann gera lítið úr því, að það myndi hafa áhrif á suðurkjálkann,

þó að landhelgisgæslan væri bætt. Út af þessum ummælum vil jeg benda honum á, að það er einmitt að miklu leyti fyrir ónóga landhelgisgæslu þar, að smábátaútvegurinn hefir svo mjög lagst þar niður, því í Garðsjónum hagar þannig til, að bátamiðin eru nálega öll innan við landhelgislínuna, þar er það bara aukin og bætt landhelgisgæsla sem vantar.

Hann mintist enn á undirbúninginn undir skiftingu Húnavatnssýslu í tvö kjördæmi og taldi hann ekki hafa verið betri en undirbúning þessa máls. En þetta er með öllu rangt. Og til þess að sanna það vil jeg benda hv. frsm. minni hl. (JBald) á svar það, er sá eini maður í efri deild, sem hreyfði andmælum gegn skiftingunni, fjekk hjá þáverandi 1. þm. Húnvetninga. Andmælin voru bygð á því, eins og hv. frsm. minni hl. (JBald) tók fram, að málið hefði verið illa undirbúið. Í svarinu stendur meðal annars þetta:

„Vestursýslan vill þessa skiftingu, og austursýslan hefir ekkert á móti henni.“

Krafan um skiftingu Húnavatnssýslu var því ekki bygð á lausu lofti eins og hjer virðist vera.

Þá mintist hann á, að ekkert hefði legið fyrir frá sýslunefndarmönnum um það mál. Það má vel vera rjett, að þingið hefði átt að gera strangari kröfur um það atriði. En það eru síst rök með máli því, sem hjer er til umræðu, heldur þvert á móti. Því hafi þingið átt að vera strangt í kröfum þá, hví skyldi það þá ekki eiga að vera það eins nú.

Að kjósendatalan í Hafnarfirði sýndi ekki rjetta mynd samanborið við fólksfjölda, eins og hv. þm. var að dylgja með, þá er náttúrlega hægt að slá því fram. Jeg býst við, að hlutfallið milli kjósendatölu og fólksfjöldans sje svipað í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Getgátum þm. um þetta legg jeg því ekki mikið upp úr. En í sambandi við það vil jeg benda á, og það getur jafnframt verið svar frá minni hálfu við þeirri fullyrðingu þessa hv. þm., að kjósendatalan í Hafnarfirði muni aukast í náinni framtíð, að eftir því, sem mjer er sagt, er atvinna 6—700 manna þar bygð á atvinnurekstri útlendinga, sem aðeins hafa leyfi til atvinnureksturs hjer um ákveðinn tíma, og útlendingar þessir komu hingað til að græða hjer meira fje en þar sem þeir stunduðu þennan atvinnurekstur áður. Ef vonir þeirra bregðast í þessu efni, má búast við, að þeir fari þangað, sem betur blæs.

Þegar þetta svo er borið saman við það ástand, sem nú er lýst hjá sjávarútveginum, þá er æði hæpið, að mikil aukning verði á fólksfjöldanum í Hafnarfirði.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg get svarað þeim báðum undir eins, hv. frsm. meiri hl. (PO) og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að því er snertir það, að atvinnureksturinn í Hafnarfirði sje í lausu lofti. Þeir hafa báðir bygt það á því, að aðalatvinnurekendurnir þar væru útlendingar, sem aðeins hefðu leyfi til að vera hjer um ákveðinn tíma. Jeg vil nú spyrja: Eru nokkrar líkur fyrir því, að leyfi þetta fáist ekki framlengt? Jeg held ekki. Heldur virðist margt benda til þess, að það verði auðsótt að fá það framlengt. Er því ekkert ólíklegt, að togaraflotinn fjölgi þar enn, og jafnframt fólk í bænum.

Þá vjek hv. frsm. meiri hl. (PO) að

því, sem jeg sagði um undirbúninginn undir skiftingu Húnavatnssýslu í tvö kjördæmi, og gat ekki neitað því, sem jeg las upp, og viðurkendi jafnframt, að þingið hefði ekki verið nógu strangt í kröfum. En þar lá opin leið að rjettlætinu, og hversvegna skyldi hún ekki eiga að vera það eins hjer?

Jeg get nú farið að stytta þessar umræður. En áður en jeg hætti, vil jeg aðeins víkja örlitið að þeirri yfirlýsingu, sem hv. 2. þm. G. K. (ÓTh) gaf, að hann með ánægju skyldi greiða atkvæði með brtt. um fjölgun þingmanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þannig að sýslan hefði 2, en Hafnarfjörður 1 þm. Jafnframt skildist mjer á hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að hann mundi ljá málinu stuðning á þessum grundvelli. Út af þessu vil jeg nú skjóta því til þessara hv. þm., hvort þeir vilji nú ekki styðja frv. þetta til 3. umr., svo hægt verði að koma þessum breytingum að. Því jeg er tilbúinn að greiða atkvæði um fjölgun þingmanna á þennan hátt.

Jeg vona því, að hv. deild felli ekki málið frá 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþykt með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, ÓTh, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 14 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 10 atkv.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 23).

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það var skilið svo við þetta mál við 2. umr., að vænlegt var um framgang þess. Þá komu fram tilmæli um að bæta inn í frv. ákvæði, sem gerði það aðgengilegra fyrir ýmsa, sem málinu voru hlyntir. Síðan við 2. umr. hefi jeg leitað fyrir mjer um, hvort hægt væri að sameina menn um tillögu í þessa átt. En það hefir ekki tekist. Treystist jeg því ekki til að koma fram með neinar brtt. frá minni hálfu. Vil jeg vona, að hv. þdm. lofi málinu að ganga áfram. Sje jeg ekki ástæðu til að ræða meira um nýjar samkomulagstilraunir. Það var alt aðeins lauslegt samtal þingmanna á milli, og verður það ekki dregið inn í umræðurnar.

Ólafur Thors: Jeg hafði búist við því, að hv. flm. mundi bera fram brtt., eins og hann gerði ráð fyrir við 2. umr. Hann hefir nú ekki gert það. Sjálfur mun jeg ekki flytja slíka brtt., aðallega vegna þess, að jeg hefi fengið vitneskju um, að fleiri mundu þá koma á eftir, en engin ná fram að ganga.

Eins og jeg tók fram við 2. umr., mundi jeg hafa greitt atkv. með því, að Hafnarfjörður fengi einn þm., en Gullbringu- og Kjósarsýsla tvo, en jeg mun greiða atkv. móti frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Háttv. 2. þingm. G.-K. (ÓTh) sagði, að jeg hefði ekki flutt neina brtt. við frv. En jeg reyndi að sameina tvo hv. þm. um brtt., en þegar jeg gat það ekki, vildi jeg ekki bera

fram brtt. Liggur því frv. fyrir í sinni upprunalegu mynd.

Bernharð Stefánsson: það urðu mjer vonbrigði, að hv. þm. hefir ekki lagt fram þá brtt., sem hann kvaðst við 2. umr. ætla að flytja. Vil jeg ekki fara að endurtaka ástæðurnar fyrir því máli, en aðeins spyrja forseta, hvort hann muni taka til grein, þótt aðeins komi skrifleg brtt. Vil jeg þá leyfa mjer að biðja um örstuttan frest til þess að koma fram með breytingartillöguna.

Forseti (BSv): Mjer finst óviðfeldið, þar sem hjer er um þýðingarmikið mál að ræða, að komið sje með skrifaða brtt. á síðasta augnabliki. Kýs jeg heldur að taka málið út af dagskrá og geri það hjer með.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JörB.

nei: MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, ÁJ, BL, HSt, JK, JS, PO.

Sex þm. (ÞórJ, BSv, BJ, HK, JAJ, JÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 23).

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Björn Kristjánsson: Frv. þetta er borið fram af háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), og eftir því, sem hann segir, samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði. Jeg ætlaði að fá að sjá þessa ályktun bæjarstjórnarinnar, en gat það ekki, því að hún var sögð töpuð. Get jeg því lítið um þetta mál sagt.

Það er ekki nema eðlilegt, að Hafnfirðingar óski eftir að fá sjerstakan þingmann, þar sem Hafnarfjörður er orðinn annar stærsti kaupstaður landsins.

Jeg hefi nú ekki orðið var við, að aðrir hlutar kjördæmisins óski eftir þessu, og þar sem Hafnarfjörður er þó ennþá í minni hluta að því er snertir kjósendafjölda, væri vitanlega æskilegt að fá álit kjósenda sem víðast úr kjördæminu.

Í Gullbringusýslu eru nú 1082 kjósendur, í Kjósarsýslu 577. Er þannig í báðum sýslunum 1659 kjósendur. En í Hafnarfirði eru þó ekki nema 1336 kjósendur. Eru sýslurnar þannig í töluverðum meiri hluta. Verður því að sjálfsögðu að taka töluvert tillit til óska þeirra, — en þær liggja engar fyrir. Aftur á móti hefir sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu í tilefni af þessu máli samþykt á aðalfundi sínum svohljóðandi tillögu:

„Að gefnu tilefni mótmælir sýslunefndin því, að Hafnarfjarðarkaupstaður verði gerður að sjerstöku kjördæmi við kosningar til Alþingis, án þess að álits kjósenda sýslnanna sje leitað um slíka breytingu, sem alls eigi ætti að komast í framkvæmd nema að því full-

trygðu, að sýslurnar hefðu eftir sem áður 2 þingmenn.“

Þetta er þá álit sýslunefndanna á málinu. Jeg get nú ekki sjeð, eftir því sem þessu kjördæmi er háttað, að hægt sje að bæta úr þessum óskum Hafnfirðinga á annan hátt en með breytingu á allri kjördæmaskiftingu í landinu, eða þá að Alþingi vilji ganga inn á að bæta við einum þingmanni fyrir Hafnarfjörð. Læt jeg svo háttv. deild ráða, hvernig hún fer með málið.

Sigurður Eggerz: Jeg stend aðeins upp til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg sje mjer nefnilega alls ekki fært að neita Hafnarfjarðarkaupstað um sjerstakan þingmann, þar sem hann er orðinn annar stærsti kaupstaður landsins.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að fallast á þá skoðun háttv. 1. þm. G.-K. (BK), að ekki sje fært að fara út í svona kjördæmaskiftingu nú í þetta sinn, þar sem ekki getur liðið á löngu, að hin almenna kjördæmaskifting í landinu verði tekin til alvarlegrar athugunar. Og eins og jeg hefi áður sagt, sje jeg enga leið út úr því að öðra en að hafa kjördæmin færri og þá aftur fleiri þingmenn fyrir hvert þeirra. Jeg hefi nú hugsað mjer að gera eitthvað í þessu máli áður langt líður og þá með tilliti til flokkanna. Jeg játa fúslega, að jafnaðarmenn hafa t. d. of fá þingsæti að tiltölu við kjósendafjölda þeirra í landinu, og frá því sjónarmiði getur þetta talist sanngirniskrafa. En eigi að síður get jeg ekki fallist á, að rjett sje að fara að breyta í þessu eina kjördæmi.

Sigurður Eggerz: Það er fullkomlega rjett hjá hæstv. forsrh. (JM), að full þörf sje á að taka alla kjördæmaskiftinguna til gagngerðrar endurskoðunar. En jeg hefi ekki trú á, að það verði nú fyrst um sinn, því að jeg býst við, að örðugt verði um framkvæmdirnar. Þessvegna get jeg fylgt þessu máli, því að hjer sýnist mjer standa sjerstaklega á, þar sem um er að ræða annan stærsta kaupstað landsins. Mjer sýnist bara hreint og beint bersýnilegt ranglæti að neita kaupstaðnum um þetta.

Forsætisráðherra (JM): Þetta bersýnilega ranglæti, sem háttv. 1. landsk. (SE) var að tala um, má segja að komi víðar niður en á Hafnarfirði. Væri það kanske ekki bersýnilegt ranglæti, saman borið við mörg önnur kjördæmi, ef Gullbringu- og Kjósarsýsla ætti aðeins að hafa einn þingmann? Þannig mætti finna fleiri dæmi. Nei, jeg sje ekki annað en að það verði að láta sitja við það, sem nú er, þangað til önnur betri lausn verður fundin á þessu máli.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IHB, JP, SE, ÁH, BK.

nei: GunnÓ, JJós, JóhJóh, JM, EP, HSteins.

Þrír þm. (JJ, EÁ, GuðmÓ) fjarstaddir.

9. Gróðaskattur.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um gróðaskatt (þmfrv., A. 101).

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það voru á síðasta þingi tvö mál til umr., sem áttu sammerkt í því, að bæði vöktu mikla eftirtekt, og um þau stóð sá styr, sem hverju stóru nýmæli fylgir, en bæði dagaði uppi að lokum.

Að öðru þessu máli, ríkislögreglunni, stóð hæstv. forsrh. (JM), en hitt flutti jeg, og vildi jeg með því auka ræktun landsins til stórra muna og fjölga nýbýlum. Jeg held, að það sje ekki ofmælt, að við flm. höfum með þessum frv. vakið meira umtal um þau tvö mál en venja hefir verið um önnur mál, sem borin hafa verið fram á Alþingi, þó óskyld væru að efni og ekki lægi annað fyrir þeim en að sofna í nefnd. Bæði þessi mál hafa vakið mikla eftirtekt út um land, en sú athygli er ekki sama eðlis. Alþingi hafa nú í vetur borist ákveðnari mótmæli gegn ríkislögreglu víðsvegar að af landinu en dæmi eru til um nokkurt annað mál, sem fyrir því hefir legið.

Hitt frv., sem jeg flutti, um ræktun landsins og fjölgun býla, hefir að vísu ekki hlotið mikil opinber meðmæli, svo kunnugt sje, en hins vegar hefir mjer borist fjöldi áskorana úr öllum kjördæmum landsins og einróma óskir um, að það fái fram að ganga. Hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki borið sitt stóra frv. um ríkislögreglu fram í vetur, enda mun hann ekki treysta sjer til að blása lífi í það. Það er því að líkindum dauðadæmt um tíma og eilífð. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir að koma með frv. í líka átt og í fyrra einu sinni á ári, á meðan jeg á sæti á Alþingi, ef það gengur ekki fram áður. Og það geri jeg vegna þess, að mjer er ljóst, að hjer liggur á bak við svo merkileg hugsjón, að hún á það skilið að vera borin fram til sigurs.

Þó að ýmsir vilji, af vanmætti þó, vekja ótrú á þessu máli, játar þó allur fjöldinn, að hjer sje um þá nauðsyn að ræða, sem framtíð sveitanna og landsins yfir höfuð byggist á. — Jeg skal t. d. geta þess, að áhrifamikill embættismaður, sem er andstæðingur minn í landsmálum, sagði í haust, að það yrði að kaupa fólkið til þess að vera kyrt í sveitunum, eða koma þangað heim aftur nokkru af þeim fjölda, sem útgerðin hefir sogað til sín og gengur nú atvinnulaus á mölinni. Sú skoðun ryður sjer meir og meir til rúms, að framtíð landsins velti á ræktun sveitanna. Þessvegna verður þjóðfjelagið að hlynna að því, að sveitirnar verði vistlegri og byggilegri.

Eins og hv. þdm. rekur minni til, var frv. mitt í fyrra í dálítið öðru formi. Nú hef jeg ráðist í að bera það fram í tveim frv., og er þetta sá hlutinn, sem fjallar um, hversu fjár ber að afla til byggingar- og landnámssjóðsins.

Á þskj. 101 er gerð grein fyrir tilgangi þessa frv. og lagt til, að tekinn sje upp hátekjuskattur og eignaskattur, í líkingu við það, sem Englendingar kalla „Supertax“.

Það, sem aðallega vakti mótbyr í fyrra hjer í hv. deild, var, að þeir, sem greiða áttu skatt af tekjum sínum og eignum og með því bera kostnaðinn af ræktun landsins, urðu að greiða skattinn af höndum, hvort sem áraði fyrir þeim vel eða illa.

Jeg færði þá fram sem rök fyrir þessari skoðun minni, að eins og skattamálum landsins er nú háttað, þá er gengið jafnhart eftir sköttum hjá almenningi, án nokkurs tillits til þess, hvernig ár-

aði. T. d. þektist engin ívilnun um tollana, allir yrðu jafnt að greiða þá, þó afkoma almennings væri á öllum sviðum mjög slæm.

En til þess nú að mæta þessum mótbárum, sem búast mátti við, að stinga mundu aftur upp höfðinu, sá jeg, að heppilegra mundi vera að breyta þessu á þá leið að gera úr því hreinan og beinan gróðaskatt (Supertax), þ. e. m. ö. o., að þeir, sem hafa tekjur yfir eitthvert ákveðið lágmark, greiða ákveðið hundraðsgjald í sjóðinn, sömuleiðis þeir, sem eiga eignir, sem virtar eru yfir ákveðna lágmarksupphæð. Með þessu er ekki hægt að segja, að skatturinn komi hart niður í vondu ári, því hann greiðist því aðeins, að um raunverulegar tekjur og eignir sje að ræða. Hinsvegar má vel vera, að finna megi heppilegri skattstiga, en þann, sem jeg hefi komið með í 3. gr. frv.

Annars virðist mjer ekki úr vegi að benda hv. þdm. á það, að þó að við tækjum upp gróðaskatt, þá er það ekkert einsdæmi. Í því atriði þykir mjer hlýða að nefna fáein atriði úr síðustu fjárlögum Englendinga. Árið 1925 námu tollar og óbeinir skattar um 240 milj. £, beinu skattarnir 430 milj., tekjuskattur 262 milj. og gróðaskattur eða „Supertax“ um 63 miljónum sterlingspunda.

Nú eru að vísu ólíkar ástæður okkar og Englendinga og tölurnar að því leyti ekki sambærilegar. En þó að efnamismunurinn sje mikill, sýnir þetta þó, að þessi mikla fjármálaþjóð hefir gróðaskatt. Stóreignamenn á Englandi greiða þannig ekki aðeins venjulegan tekjuskatt, heldur einnig hátekjuskatt. Og ef hæstv. stjórn teldi sjer skylt að vera á móti þessu frv. um gróðaskatt, af því að hún er íhaldsstjórn, þá skal jeg benda henni á það, að henni mundi sæma fullvel að fara að dæmi Englendinga í þessu efni. En það var einmitt Íhaldsstjórnin á Englandi, sem stóð að fjárlögum þar 1925.

Þá vil jeg minna á það, að áður fyr á stríðsárunum var hjer settur gróðaskattur, sem fjell niður, þegar tekjuskattslögin voru sett 1921. En við umræður þess máls, á þingi 1921, kom það í ljós, að þau lög eru mjög væg á hærri tekjum, og er enda alment álit, að svo hafi líka verið.

Að síðustu skal jeg víkja að því atriði, hversvegna mjer finst einmitt þessi tegund skatta eiga að mæta þeirri tegund eyðslu, sem hjer er til ætlast. Það er kunnugt, að eftir síðustu kosningar voru lögð fyrir þingið og samþykt með nærri einróma samþykki allra þingmanna nokkur skattalög, sem gengu æði nærri pyngju því nær allra landsmanna, þar á meðal lögin um verðtoll og lög um 25% gengisviðauka á tollum. Þessi skattur hefir dregið ríkissjóði drjúgt og átt mestan þátt í því að rjetta fjárhag hans, en jafnframt er gengið mjög nærri öllum þorra gjaldenda, svo sjálfur fjrh. (JÞ) talar nú um, að slaka verði á klónni, þegar talað er um ný útgjöld. Jeg álít, að í hvert skifti sem efnt er til nýrra útgjalda, eins og t. d. berklavarnalagannna, þá verði um leið að sjá fyrir nýjum tekjum. Því það er ekki nóg að sýna fram á þörf fyrir eyðslu, það verður jafnframt að sjá fyrir tekjum til þess að mæta eyðslunni. Jeg hefi nú gert það sennilegt, að ekki muni auðvelt að koma á nýjum sköttum samskonar og verðtollinum 1924. Sú leið hefir nú verið reynd til þrautar. En þar sem nú megnið af tekjum ríkissjóðs er fengið með sköttum, sem ná-

lega hvíla jafnþungt á öllum, án tillits til efna og ástæðna, þá er auðsjeð, að þeir menn sleppa tiltölulega vel, sem miklar tekjur hafa. Og þar sem nú er farið að reka höfuðatvinnuveginn, útgerðina, í stærri og stærri stíl ár frá ári, þá hefir löggjafinn tæplega við að fylgja þeirri þróun eftir. Þegar hjer voru fyrst sett lög um tekjuskatt 1877, þá voru þeir menn svo fáir, sem miklar tekjur höfðu, að ekki þótti taka því að hafa skattstigann hækkandi, svo að um munaði.

Nú hefir stóreignamönnum fjölgað, og sömuleiðis hafa risið hjer upp stóratvinnufyrirtæki, sem rekin eru af útlendum mönnum að sumu leyti. Jeg er ekki í vafa um það, að t. d. síldarverksmiðjurnar, sem sumar hafa rakað saman miklu fje, borga nú minna en vera ætti. En eftir þessu frv. koma þær til með að greiða allmikið af þessum nauðsynlegu útgjöldum. Hjer er ekki um annað að gera en að styðja býlafjölgun og ræktun landsins með fje frá þeim mönnum og fyrirtækjum, sem mestar hafa tekjur og meiri eignir eiga en allur fjöldinn af landsmönnum, og nú sleppa að margra áliti óþarflega ljett við skatta til ríkisins. Ennfremur álít jeg, að eðlilegt samband sje á milli ræktunar og hátekjuskatts. Því það, sem nú er að gerast í þjóðfjelaginu, er þetta: Stórfyrirtæki, eins og t. d. síldarverksmiðjur, bjóða fólkinu með hverju ári meira og meira kaup og hafa á þann hátt dregið til sín fólkið úr sveitunum, og með vinnu þess fólks safna þær nú gróða sínum. Það virðist því eðlilegt, að stórfyrirtækjum, sem bygð eru að miklu leyti á vinnu þessa fólks, sem fátæk sveitabýlin hafa alið upp, gefist nú kostur á því að gjalda þá skuld.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um málið fleiri orðum, en geri það loks að till. minni, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjhn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af þessu frv., sem hjer liggur fyrir á þskj. 101, um gróðaskatt, skal jeg taka það fram, að jeg tel það alls ekki tímabært nú, að ætla að auka með nýjum skattaálögum tekjur ríkissjóðs. Þegar af þeirri ástæðu er jeg á móti þessu frv. Og þar sem sú ástæða ein er nógu gild, þá finn jeg ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir því, sem jeg kann að hafa á móti frv. í einstökum atriðum, ef á annað borð gæti verið um það að ræða að lögleiða nýja skatta. En það álít jeg, að ekki geti legið fyrir eins og nú er ástatt, og það hygg jeg líka, að hv. þdm. sje ljóst. Sje jeg því ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um frv. þetta.

Flm. (Jónas Jónsson): Það þarf ekki langt mál til þess að svara ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Hann lýsti yfir þeirri persónulegu skoðun sinni, að það ætti ekki að leggja nú á aukna skatta. Jeg tók það fram áður, þótt það hafi farið fram hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að þó þetta frv. yrði samþykt, þá getur ekki komið til mála, að neinn maður, sem er lítið fjáður, borgi þennan skatt. Hann fellur ekki á aðra en þá, sem breitt bak hafa fjárhagslega. Jeg tek það svo, er hæstv. fjrh. (JÞ) gengur út og vill ekki heyra svar mitt, að hann viðurkenni, að hann telji ekki málstað sinn neitt bættan með frekari umræðu um málið. En jeg vil benda á það, að hæstv. fjrh. (JÞ) var með því að leggja á þjóðina þunga skatta 1924, þó þá væri hið ískyggilegasta útlit, og fylgdu honum flokksmenn

hans þá. Þetta sama þing hefir því átt þátt í því að leggja þungan skatt á efnalitla gjaldendur, þegar þess þurfti. En sá skattur, sem hjer ræðir um, kemur niður æðimikið betur en hinir fyrri skattar, sem þetta þing hefir samþykt. Jeg vil enn fremur benda á það, að líkur eru til, að hæstv. fjrh. (JÞ), eða einhver af hans hvötum, leggi fyrir þingið frv. um járnbrautarlagningu austur í sveitir. Jeg get vissulega ekki annað en lýst ánægju minni yfir þessu, og ef hæstv. fjrh. (JÞ) væri hjer viðstaddur, mundi jeg lýsa samúð minni með þessari viðleitni að bæta samgöngur við austursveitirnar. En ef hæstv. fjrh. (JÞ) þorir að leggja fje ríkisins í það að leggja járnbraut austur á suðurláglendið, en er hinsvegar á móti því, að býlum sje fjölgað í sveitunum, þá er það ljóst, að hann botnar í raun og veru ekkert í járnbrautarmálinu. Því það er áreiðanlegt, að við höfum ekki ráð á að leggja járnbraut handa þeim einum, sem nú búa á suðurláglendinu. En við, sem trúum á breytingu á því ástandi, sem nú er, getum af þeirri ástæðu ekki annað en litið járnbrautarhugmyndina sem einn lið í þeirri þróun búnaðarins í þessum sveitum, sem við trúum, að geti orðið í nálægri framtíð, ef rjett er að farið. En á undan járnbrautinni þarf að koma fjölgun fólks á þessum stöðvum, en til þess þarf aukna ræktun og bygging landsins. Jeg get ekki annað en látið í ljósi mína djúpu hrygð yfir því, að hæstv. fjrh. (JÞ) skuli ekki skilja aðallínurnar í þýðingarmesta umbótamáli samtíðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IHB, IP, JóhJóh, JJ, SE, ÁH, BK, EP, EÁ, GuðmÓ, HSteins.

nei: GunnÓ, JJós.

Einn þm. (JM) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 397 og 471).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi í raun og veru ekki neitt sjerstakt að taka fram um þetta mál að svo komnu annað en það, sem stendur í nál. á þskj. 471. Meiri hl. nefndarinnar er yfirleitt á því, að tekju- og eignaskattur sje hærri tiltölulega hjer á landi á þeim gjaldendum, sem þessi gróðaskattur mundi helst koma á, og ekki sje ástæða til að hækka þessi gjöld, enda ekki sjáanlegt, að ástæða sje til að búa til nýja skatta í því skyni. Hitt er líklega rjett, sem margir halda fram, að tekju- og eignaskattslögin þurfi að endurskoða. Þau eru að ýmsu leyti þannig, að þau þurfa endurskoðunar við. En þetta sjerstaka frv. um gróðaskatt bætir ekkert úr því og getur á engan hátt komið í stað endurskoðunar laganna. Einnig er nú sú stefna ráðandi á þinginu að minka fremur en auka skatta, svo þegar af þeirri ástæðu er nefndin á móti frv. Jeg sje á nál. á þskj. 397, að hv. minni hl. nefndarinnar hefir gert breytingar á frv. í þá átt að lækka skattinn, enda var hann mjög hár í upphafi. En stefnan er sú sama, að taka aukinn skatt af þeim, sem nú borga hæstan skatt. Þeir, sem mundu verða fyrir þessum skatti, eru togarafjelög og

önnur stóratvinnufyrirtæki, sem eins og kunnugt er eiga nú mörg hver mjög fult í fangi og verða ef til vill að stöðva rekstur sinn í bili vegna of mikils taps. Jeg segi: vegna of mikils taps, vegna þess, að reksturinn í vetur hefir, ef ekki rætist úr með verðlag, í sumum tilfellum sjálfsagt haft tap í för með sjer, svo þeir, sem að fjelögunum standa, treystast ekki til þess að halda áfram, þegar enn minni hagnaðarvon er af rekstrinum. Það eru þessi fyrirtæki, sem gróðaskattinum er ætlað að ná til. En eins og nú stendur er ólíklegt, að hann nái til nokkurra stórfyrirtækja á þessu landi, því það mun vera líkt ástatt t. d. um síldarverksmiðjurnar nyrðra. Jeg veit að vísu ekki neitt ákveðið um hag þeirra, en mjer er þó kunnugt um, að eigendur þeirra sækja það nú mjög fast að selja verksmiðjurnar sumar hverjar, svo það er ekki líklegt, að þeir áliti sjer hag að því að halda rekstri þeirra áfram. Yfirleitt sýnist mjer hugmyndin um gróðaskatt vera úti á þekju, eins og nú horfir við. Það er gagnslaust að semja pappírslög um gróðaskatt, þegar ekki er sýnilegt, að það hittist nokkur, sem lögin geti náð til.

Jeg mun svo ekki segja fleira að sinni fyr en þá hv. minni hl. hefir látið til sín heyra.. En meiri hl. nefndarinnar leggur það til, að frv. verði felt.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson: Þegar þetta frv. til laga um gróðaskatt var hjer til 1. umr., þá held jeg, að jeg muni það rjett, að hæstv. fjrh. (JÞ) væri viðstaddur og mótmælti hann frv. stuttlega, en með allmiklum þjósti. Þó verð jeg að segja það, að mjer til ánægju hefi jeg orðið þess var, að menn taka málinu mikið hlýlegar en í fyrra. Þeir hafa sjeð, að það er ekki eins auðvelt að fara í kring um niðurstöðu málsins eins og þeir hjeldu í fyrstu. Málinu hefir því unnist viss tegund af fylgi hjá sínum mótstöðumönnum. Jeg býst við, að það komi í ljós við atkvgr., hve mikið það fylgi er, sem græðst hefir við umr. hjer. En það, sem á vantar, verður að bíða næstu kosninga. Jeg býst við því, að það verði ekki mikil not að þeirri skoðun á málinu, sem hv. frsm. meiri hl. (JJós) hjelt hjer fram.

Þess er þá fyrst að geta, að ástæðan til þess, að sú hugmynd, sem í frv. felst, er fram komin, er sú, að þjóðinni stafar auðsýnilega hætta af því, hversu fólk hnappast saman í sjóþorpum landsins og veiðistöðvum. Ljós sönnun þess er það, sem kom hjer fram í hv. deild, í sambandi við þetta mál, að þeir, sem sök eiga á þessu, láta nú óspart í ljósi, að alt sje að fara á hausinn. Nú eru þó undangengin tvö úrvals ár, og hvað mundi þá vera, ef hörð ár væri á undan gengin. Hvernig horfði þá við fyrir því fólki, sem í trausti stórútgerðarinnar hefir hnappast saman á mölinni og á þar alt undir dutlungum árferðisins. Nú er ekki annað sýnilegt en að þessi straumur haldi áfram, ef ekki verður hafist handa til þess að gera það mögulegt að fjölga heimilunum í sveitum landsins. En sú fjölgun getur ekki orðið undir öðrum kringumstæðum en þeim, að ríkið veiti fje til þess. Það er engin von til þess, þar sem þarf að rækta, byggja og girða í einu, að menn geti risið undir dýrum lánum, líkt og til verslunar eða útgerðar. Jeg lít svo á, að það sje hreint og beint ranglæti, af því að hinir háu skattar, verðtollur, vörutollur, tollur af kaffi og sykri o. fl., eru fyrir löngu orðnir svo háir, að hærri

skattar verða ekki með nokkurri sanngirni lagðir á herðar þeirra, sem lifa á vinnu sinni, en ekki „spekúlatiónum", þeir borga meira, og þrátt fyrir það, sem hv. frsm. meiri hl. (JJós) hefir sagt, að hjer væri í raun og veru ákaflega háir skattar á þeim, sem hafa miklar tekjur og eignir, þá getur vel verið, að þeir sjeu að tiltölu ekki eins háir og á þeim, sem ekkert eiga. Maður getur „formúlerað" það svo, að „spekúlations"-fyrirtækin hjer komist vel af, ef borið er saman við þá, sem aðeins vinna, og þegar þess er gætt, að „spekúlations"-fjelög, eins og togarfjelög og síldarverksmiðjur, eru þau fjelög, sem raka mestu fje saman hjer á landi, og þeir, sem eiga stórkostlegar dúkabúðir. (**JJós:** Eru það togarfjelögin, sem eiga dúkabúðirnar?). Sumir dúkabúðaeigendur, eins og t. d. hv. fyrirspyrjandi, eiga líka í togurum, en það er heldur ekki bundið við þá eina, heldur þá, sem hafa vissar tekjur, og þegar verið er að tala um verslanir eins og þá, sem ber nafnið Björn Kristjánsson, hjer í bænum, má benda á, að hún hefir meiri tekjur en mörg togarafjelög. — Jeg nefni einmitt það firma, vegna þess að maður, sem er mjög tengdur því, álítur, að hjer sje ekki um neinn gróða eða tekjur að ræða hjá neinum, heldur að ríkismenn hjer á landi nú sjeu öreigar. Þegar því er haldið fram, að t. d. stór atvinnufyrirtæki, sem stunda sjávarútveg eða síldariðnað, eins og t. d. Hellyer í Hafnarfirði eða Krossanesverksmiðjan eða Goos á Siglufirði, geti ekki borgað neitt hjer nema þá lögboðnu tolla, þá verð jeg að spyrja, hvernig þessir menn geti staðið sig við að yfirbjóða alla aðra atvinnuvegi og draga fólk hópum saman bæði úr sveitum og minni verstöðum, ef þessi fyrirtæki eru á heljarþröminni? Það, að mörg af þessum fyrirtækjum hafa um mörg ár sprengt upp kaupið í landinu, líka á hinum svokallaða dauða tíma, sýnir það, að hjer er um svo arðsamar atvinnugreinir að ræða, að það er alveg sanngjarnt, að þau borgi tiltölulega hærra eftir því, sem efnin eru meiri.

Nú get jeg fyrst sagt frá því, að eftir að við í fjhn. höfðum þjarkað töluvert um þetta, og þegar auðsjeð var, að ekki væri hægt að ná samkomulagi um neitt, þá ákváðum við, sem í minni hl. vorum, að reyna að fá hv. meiri hl. nefndarinnar til að ganga inn á mjög varlegar kröfur í þessu efni, og brtt. okkar á þskj. 397 eiga að skoðast sem samkomulagstilraun við þá, sem eru mjög fjandsamlegir þessum skatti, en ekki af því, að jeg álíti það ekki alt of lágt, borið saman við skattana á þeim vinnandi mönnum í landinu.

Þá kem jeg að ræðu hv. frsm. meiri hl. (JJós), sem segir, að tekju- og eignaskattur sje mjög hár hjer. Jú, hann er svo hár hjer, að þessi svokölluðu gróðafyrirtæki hjer í bænum borga engan tekjuskatt á árunum 1922—'23, eða jeg kalla það ekki, þegar þessi fyrirtæki greiða annað árið 40.000 kr., hitt árið 30,000 kr. Þessir skattar eru svo lágir, að þegar kreppan var hjer alstaðar og svarf mjög að, og þegar einstakir menn borga sína tolla, þá komast þessi fjelög ljettara af. Jeg þekki t. d. fjölda manna, sem þurfa að taka víxla til þess að greiða tekjuskatta sína, og nú í ár vill stjórnin, að þessi margumtöluðu gróðafyrirtæki, sem mest sprengja upp kaupgjaldið, eigi líka að borga minsta tolla hjer. Misskilningur hv. þm. Vestm. liggur í því, að hv. meiri hl. nefndarinnar

lætur svo, sem þessi gróðaskattur komi altaf til greina, líka þegar ekki græðist, en það er vitaskuld lokleysa. Gróðaskattur getur aldrei fallið á tekjulaust fyrirtæki. En hann kemur um leið og gróði byrjar og hverfur um leið og gróðinn hættir, en þar sem er um varanlegar eignir að ræða, heldur hann vitanlega áfram, en þar sem þessi skattur kemur nokkuð í bylgjum, verður nokkuð mikill sum árin, en nær enginn sum, verður að safna honum í sjóð, og þarf vissa takmörkun um ráðstöfun hans frá sjóðsstjórninni, sem hjer er stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem verður að gæta þess að eyða sjóðnum ekki upp í góðu árunum, hún verður að gera ráð fyrir því, að stundum verða tekjurnar litlar og stundum meiri, en það verður með reynslunni mjög hægt að komast að því, hvernig greiðslum skuli haga. En öll röksemdaleiðsla hv. meiri hl. og hv. frsm. hans er bygð á sandi, og alt umtal um það, að ekki sje hægt að borga þennan skatt, er óþarft, af þeirri einföldu ástæðu, að hann hverfur þá, því að hjer á að taka tillit til þess, hvernig ástæður eru, en þess er miður gætt, þegar almennir skattar eru heimtir inn, sem sjest best á því, að þegar við, sem ekki erum undir gróðaskatti, verðum, hvernig sem árar, að borga okkar skatta, jafnvel þótt við höfum fult hús af veiku fólki, þá kemur tekjuskattur, útsvör og allir aðrir skattar eins fyrir því.

Því hefir verið haldið fram, að það ætti ekki við nú að samþykkja gróðaskatt, af því að það hafi verið gert ráð fyrir lækkun á sköttum. En stórgróðafyrirtæki, sem hafa verið að rísa upp við sjóinn, biðja um að gefa sjer upp þann litla skatt, sem á þeim hvílir; þeim er ekki nóg, að þau greiða lítinn eignaskatt, heldur vilja líka sleppa við tollana. Jeg get vel skilið, að hv. þm. þyki ekki samræmi í því að leggja á gróðaskatt, þegar verið er að gefa eftir sjálfa neysluskattana. Nei, það kemur í ljós við báða þessa skatta, við atkvgr. hv. þm., að þeir vilja gefa eftir skatt á kolum, salti og olíu, þó að hinum sje haldið, og hafa svo þeir menn, sem standa fyrir þessum fjelögum, látið sjer detta í hug, að þeir geti heldur ekki borgað, þegar þeir græða stórkostlega? Og þá vaknar þessi spurning, hvernig þeir geta borgað þetta háa kaup. Jeg geri ráð fyrir, að það verði reynt af þeim, sem standa að hv. meiri hl., að leiða rök að því, hvort engin framtíð bíði þessara fyrirtækja, hvort þar er alt tómt betl annarsvegar, en eintómt stærilæti hinsvegar. Þá hefir því verið haldið fram, að rekstur á togurunum hafi verið með tapi; þetta kemur mjög illa heim við það, sem sagt var í Kára-málinu, því að þá var því haldið fram, þegar verið var að fá þingið til að gefa eftir veðið hjá Kára, að ekki gæti komið fyrir, að vertíðin gæfi ekki gróða, og að fjelagið yrði að fá að halda áfram yfir vertíðina, til þess að geta fengið gróðann af henni. Nú lítur út fyrir, að þetta hafi alt snúist við og eitthvað af þessum atvinnufyrirtækjum sjeu rekin með skaða á þeim tíma, sem annars er aðalbjargræðistími þeirra. En þetta kemur málinu auðvitað ekki við, því að þau borga ekki gróðaskatt, þegar þau ekki græða. Hvort síldarverksmiðjurnar tapi, skal jeg ekki segja, en það er víst, að þær græða stundum, tapa kannske stundum, en þær halda þó áfram fyrir því, og um eina þeirra er sagt af kunnugum manni, að Krossanesverksmiðjan hafi grætt um 70,000 kr.

eitt árið. Þessi gróði fer allur út úr landinu, og þessir hv. þm., sem eru á móti gróðaskattinum, þeir eru að reyna að hindra það, að lagt verði á slík fyrirtæki, og vilja að gróðinn fari allur út úr landinu. Að síðustu var því haldið fram, að hugmyndin um gróðaskattinn væri út í bláinn, af því að nú væri útlit fyrir tap á útgerð og öllu, en eftir því ætti, þegar lítill gróði væri almennt, að fella niður lög um tekju- og eignaskatt, en lög um gróðaskatt geta alveg eins komið fram í árum, þegar lítill gróði er, því að lögin eiga ekki að vera miðuð við einstök ár. Jeg vil taka það fram vegna þeirra, sem kunna að lesa þessar umræður og vera miður kunnugir hjer, að það mun vilja svo til, að meiri hl. fjvn., sem lagst hefir á móti þessu frv., þeir 3 menn munu vera allir í þeim kringumstæðum, að þessi skattur myndi koma meira eða minna við þá. Einn af þessum mönnum er í raun og veru eigandi að einni ríkustu verslun hjer í bænum, sem gefur tugi þúsunda eða hundruð þúsunda af sjer á ári, og hinir tveir virtir til skatts mjög hátt. Þetta myndi jeg ekki hafa tekið fram og ekki hafa þótt rjett að minnast á það, ef ekki hefði verið sú undarlega tilviljun, að þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað af hálfu stjórnarflokksins, eru allir þannig settir, að það er um eitthvert verulegt skattgjald að ræða frá þeim á hverju ári, að minsta kosti að því, er eignaskatt snertir, og það gefur því algerlega ranga hugmynd um það, hvort þörf sje á þessari breytingu, því að t. d. munu naumast allir kjósendur hv. 1. þm. G.-K. (BK) hafa tugi þúsunda í tekjur, heldur myndi meginþorri þeirra hafa haft rjett til að njóta góðs af þessum skatti, þótt þeir hafi nú verið svo óhepnir að kjósa mann, sem hefir gagnstæðra hagsmuna að gæta við hag kjósenda sinna. Svo vil jeg benda á það, að núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) hefir fyrir 16—17 árum síðan skrifað ítarlega grein um það, hvað skifti mönnum í flokka, og sagt þar, í Lögrjettu 1908, að í flestum löndum væri efna- og stóreignamenn íhaldsmenn, og það væri sjerstaklega af því, að þeir tímdu ekki að borga skattana, þeir vildu verja pyngjuna, og þess vegna byggju þeir út stefnuskrá, sem sýndi það, að þeir vildu spara og verja fjehirslu ríkisins, en í raun og veru væri það ekki annað en gríma, breidd yfir það, að þeir vildu ekki borga skatta af eignum sínum. Jeg álít þetta alveg rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), eins og hann setti það fram, og jeg býst við, að það sjáist við atkvgr. hjer í dag, hverjir annaðhvort eru þannig settir, eins og þeir, sem talað er um í Lögrjettu 1908, eða eru undir áhrifum þeirra,að þeir greiða atkvæði eins og þeim mönnum þóknast. Þessar deilur um gróðaskattinn eru átök milli þeirra manna, sem hafa fyrir augum þá almennu hagsmuni, og þeirra, sem álíta, að auður, ef hann er til hjer einhversstaðar, megi gjarnan borga skatt, og það því frekar sem þessir menn, sem hafa tugi og hundruð þúsund króna tekjur á ári, flytja út úr veröldinni á einum eins og aðrir, svo að þeirra eilífa sáluhjálp þarf náttúrlega ekki þess með, að þeim sjeu upp gefnir allir skattar. En það mun nú sem sagt reynast þannig, að þegar almenningur hefir komist að raun um það, að þessi kenning, sem haldið var fram í Lögrjettu 1908, að þeir, sem eiga verulegar eignir, leggja alla stund á það að verja pyngjuna, þá mun smátt og

smátt svo fara, að þessum mönnum verður ekki trúað fyrir umboðsstarfi, nema að því leyti, sem kjósendur eru þeim samdóma, og þá getur komið hjer á þingi fjármálastjórn, sem er öðruvísi skipuð, og þá líka máske öðruvísi skipað þing. Jeg er mjög ánægður yfir þeim umræðum, sem orðið hafa um þetta mál við 1. og 2. umr. þess, því að þær hafa orðið til þess að skýra atriðin og svo til þess að það kom í ljós, sem liggur á bak við hjá þeim mönnum, sem vilja velta skattabyrðinni frá þeim mönnum, sem eitthvað eiga, á þá, sem sem minst eiga, og nú vildi jeg mælast til þess, að þeir andmælendur, sem hjer koma á eftir, vildu minnast þess, að þessi gróðaskattur kemur ekki á þá, sem ekki geta borgað, hann kemur ekki á aðra en þá, sem geta borgað, og að það, að tala um annað, er að tala út í hött.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg þakka hv. forstöðumanni Samvinnuskólans fyrir þessa kenslustund, því þótt hún væri stutt, var hún laggóð. Það er gott að vita, hvernig hv. þm. (JJ) vill að maður tali, en hitt er annað mál, hvort farið verður eftir því, það verður að ráðast. Hv. frsm. minni hl. og flm. þessa frv. (JJ) finst það víst vera heppilegt að vera altaf að tala um útlendinga í þessu sambandi. Jeg man það, að við 1. umr., þegar verið var að tala um þetta mál, þá var, sennilega vanhugsað og í aumingjalegum tilgangi, slegið á þá strengi, hvort menn eins og t. d. Hellyer í Hafnarfirði og Goos á Siglufirði væru ekki „rjettir til að borga", o. s. frv. Í sinni ræðu segir hv. þm. (JJ), að þessir menn borgi ekkert, en ef það er rjett, að þeir borgi ekkert nú, þá geta þeir heldur ekki komið til að borga þennan gróðaskatt, þó að hann verði lögleiddur, vegna þess að hann eiga engir aðrir að greiða en gjaldþegnar á Íslandi, sem eru skyldir að borga þar tekju- og eignaskatt, svo að annaðhvort myndu þessir menn sleppa við að greiða þann skatt, ellegar þeir eru þá skattskyldir í dag og borga hjer tekju- og eignaskatt. En hv. þm. (JJ) sagði, að þeir myndi nú þegar ekki greiða hjer neitt í beina skatta, og sje það rjett, þá þýðir ekkert að vera að slá á þá strengi, að gróðaskatturinn nái til þessara útlendinga aðallega, því að þeir myndi þá sleppa við gróðaskattinn hvort sem er. Hv. flm. (JJ) spyr á einum stað í sinni ræðu, — jeg tek hjer atriðin í þeirri röð, sem mjer þykir haganlegast, — hvaðan peningarnir eigi að koma, því að peninga vill hann hafa frá einhverjum, en það má þá eins spyrja, hver eigi að vinna þá inn. Hv. flm. (JJ) fór að blanda hjer inn í máli, sem að vísu var sett í samband við það í fyrra, en það er nú í öðru frv., en jeg ætla að halda umr. utan við það og sjálfan gróðaskattinn, en annars, ef á að blanda því saman, þá verður ekki sjeð, að gróðaskattur, eins og við höfum tekið fram, þótt hann verði lagður á, verði mikil lyftistöng fyrir landnám eða nýbýli.

Þá mintist hv. flm. (JJ) á togarafjelögin, sem hann segir, að rakt saman peningum; í öðru sambandi talar hv. flm. (JJ) um stórgróðafyrirtækin við sjóinn, — jeg geri ráð fyrir, að togarafjelögin sjeu innifalin þar í, — sem borguðu engan tekjuskatt. Ef hv. flm. (JJ) ætlar að halda því fram, að fyrirtækin við sjóinn, sem jeg reyndar ekki get kallað stórgróðafyrirtæki, heldur atvinnufyrirtæki, hafi engan skatt borgað, þá þykir mjer skörin vera far-

in að færast upp í bekkinn, því hvaðan heldur þá hv. flm. (JJ) að tekju- og eignaskatturinn hafi komið áður? Frá bændum? Eða úr sveitunum, eða frá samvinnufjelögunum? Hann hefir alls ekki komið frá þeim, hann hefir mest komið frá því, sem hv. flm. (JJ) kallar stórgróðafyrirtæki við sjóinn. Röksemdafærslan eftir orðum hv. flm. (JJ) er bygð á sandi hjá andstæðingum hans, en þessi röksemdafærsla er víst ekki bygð á sandi!

Þá spurði hv. flm. (JJ), hvernig stæði á því, að þessi atvinnurekstur gæti borgað svo hátt kaup sem hann gerði. Það er nú svo, að þó að bændum þyki þetta kaup mikils til of hátt, þá þykir verkamönnunum, sem að þessu vinna, kaupið síst of hátt. Hv. flm. (JJ) mun heldur ekki líta svo á, þegar hann talar í þeirra hóp eða fyrir þá; en þegar hann talar við bændur, þá er það alt of hátt. Að því leyti sem háttv. flm. mintist á Krossanesverksmiðjuna, má segja það sama um hana og jeg sagði um þá tvo aðra gjaldendur, sem hv. flm. mintist á. Hann sagði, að Krossanesverksmiðjan hefði ekki borgað annað en sveitarútsvar, sem hann áleit ekki hátt. Jeg skal ekki deila um það, en ef þessi verksmiðja er ekki tekju- og eignaskattsskyld hjer á landi, þá getur gróðaskatturinn ekki náð til hennar. Háttv. flm. (JJ) mintist í fyrstu ræðu sinni á það, sem hann kallaði þróun þessara hluta. Jeg veit satt að segja ekki vel, hvað hann meinar með „þróun þessara hluta“, — nema ef það er sú stefna, sem hann virðist berjast talsvert fyrir, að taka af atvinnurekendum síðasta eyririnn, ef hann getur náð honum. Það er líklega það, sem hann á við með „þróun þessara hluta“. Háttv. flm. sagði, að þessi „þróun“ væri komin svo langt, að þess yrði skamt að bíða, að hugmyndin kæmist í framkvæmd. Já, það mun enginn háttv. deildarmaður efast um það, hvaða hugarfar hv. flm. (JJ) hefir, að því er snertir þróun þessara hluta. Hann álítur, að atvinnufyrirtækin við sjóinn eigi að borga,hvort sem þau geta eða ekki. Reynslan hefir nú sýnt það, að það getur orðið fullerfitt, eftir tekjuskattslögunum, að greiða hinn almenna tekjuskatt, jafnvel þótt reikningar fyrirtækjanna sýni, að um gróða hafi verið að ræða. Sveiflurnar eru svo fljótar að koma á þeim atvinnurekstri, að það getur reynst örðugt að standa í skilum. Enda er skamt á að minnast, að það var upplýst hjer í þinginu í vetur, að eitt fjelag hafði eigi getað greitt þennan skatt. En ef litið er í útsvarsskrá Reykjavíkur, verður það ljóst, að það er ekki lítið fje, sem þessi atvinnufyrirtæki hafa greitt í útsvar, og jeg ímynda mjer, að háttv. flm. muni ekki halda því fram, að togarafjelögin og hinar stærri verslanir hjer í bænum hafi ekki greitt sitt útsvar.

Jeg er orðinn töluvert vanur að heyra þennan hv. þm. (JJ) tala hjer í deildinni, og þær eru ekki nýjar þessar röksemdir, sem hann færir fyrir máli sínu, þegar hann er að tala um útgjöld landsmanna. Það er ekkert nýtt, að ef menn eru ekki á sama máli og hv. þm. (JJ), þá á það að vera af eigingjörnum hvötum. Hv. þm. fann ástæðu til að láta þetta koma fram í þingtíðindunum, og það væri ekkert á móti því, ef hann gæti sagt satt, en því fer fjarri. Hann segir, að þeir, sem sjeu á móti þessu, sjeu efnaðir menn, sem ekki vilja sjálfir greiða af hendi peninga, og á svo af þessu að skiljast, að mótstaðan gegn frv. eigi

þarna upptök sín og orsakir. Til þess að gera hv. flm. (JJ) sömu skil, er rjett að geta þess, svo að það standi í þingtíðindunum, að hv. flm. þessa frv. er maður, sem stendur með annan fótinn hjá bændum og hinn hjá „kommúnistum“ þessa lands, maður, sem gerir sjer mikið far um að ala á stjettahatri og spilla friði og eðlilegu samstarfi meðal borgara þjóðfjelagsins.

Flytjandi þessa máls er maður, sem hefir valið sjer þá aðstöðu í lífinu að lifa á öðrum, án þess að leggja nokkuð í hættu sjálfur, og að vera sífelt hrópandi rödd þeirra, sem heimta alt af öðrum. Honum hefir tekist að fika sig eftir bökum bændanna upp í Sambandshúsið, og jeg geng að því vísu, að hann muni, þegar til þeirra kemur, segja þeim borginmannlega frá því, að hann hafi þeirra vegna flutt frv. um gróðaskatt, til að „skatta“ stórgróðann“ hjer á landi.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt um háttv. flm., er bein afleiðing af hans eigin aðferð. Jeg mundi ekki telja mig hafa leyfi til að beita þeirri aðferð, sem hv. flm. (JJ) hefir beitt gegn andstæðingum sínum í þessu máli, þó einhver legðist á móti skattafrumvarpi, sem jeg hefði flutt, en hv. flm. leyfir sjer svo margt, sem aðrir þm. leyfa sjer ekki.

Við umr. um Kárafjelagið í vetur sýndi hv. þm. (JJ), hvern hug hann ber til fólks við sjóinn, og á þann hátt, að mjer finst, að hann ætti ekki að minnast á það oftar. Hann sagði, að því hefði verið haldið fram þá, að vertíðin væri besti tíminn fyrir togaraútgerðina, en reyndin hefir nú orðið sú, að mörg fjelög hefðu tapað á vertíðinni. Hvorttveggja er rjett, en útkoman er þó mjög misjöfn, og sem betur fer hafa skip þessa fjelags, Kárafjelagsins, fiskað allvel. Jeg get sagt hv. flm. (JJ) það, að ef sá hefði verið fótur fyrir þetta fjelag í byrjun vertíðar, þá hefði þar með fjöldi sjómanna og verkamanna verið sviftur atvinnu sinni á versta tíma. Slíkt er „þróun þessara hluta“. Hún gengur svo langt hjá háttv. flm., að þegar hann er orðinn vonlaus um, að honum muni takast að koma fram ósanngjörnum sköttum og álögum, þá gerir hann sitt til að stimpla andstæðinga sína með því að halda því fram, að þeir sjeu að berjast fyrir eigin hagsmunum og líti mest á sinn hag. Nei, það er ekki eins og hv. flm. vill halda fram, hjer er ekki — því miður — um nein stórgróðafyrirtæki að ræða, sem rétt sé eða sanngjarnt að skattleggja á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Hinsvegar kemur hjer greinilega fram sú stefna, sem flm. berst fyrir, að segja við atvinnufyrirtækin: „Ef þið eignist eitthvað, hefi jeg fyrirfram sjeð fyrir því að ná því af ykkur aftur.“ Háttv. flm. veit vel, að hjer er ekki um neinn stórgróða að ræða, en hinsvegar vill hann gefa atvinnurekendum það til kynna, að þeir skuli ekki vera að reyna að koma sínum fyrirtækjum í betra horf, því að ef þeir hafi nokkurn hag af rekstrinum, þá muni hann verða tekinn af þeim.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hv. þm. (JJós) hefir reynt að útmála það með mjög sterkum litum, hve vondir þeir menn hljóti að vera, sem vilja gera tilraun til þess að koma á gróðaskatti á Íslandi. Það mátti skilja það á háttv. þm., að það gætu tæplega aðrir en „bolsar“ eða blóðugir byltingamenn látið sjer detta slíkt í hug. Í Englandi eru 2 íhalds-

menn á móti hverjum einum hinna í þinginu, og þar er mikils hluta af tekjum ríkisins aflað með gróðaskatti. Það er aðeins af vanþekkingu hjá hv. þm. (JJós), að hann talar svona um þetta. Hann veit ekki, að víða í þeim löndum, þar sem flokksbræður hans ráða mestu, er langmestum hluta af tekjunum aflað með beinum sköttum. Eða eru íhaldsmennirnir í Englandi bolsivikar? Það lítur helst út fyrir, að hv. þm. haldi, að það eigi að hafa eitthvað af honum, að það sjeu „bolsarnir" í Vestmannaeyjum, sem sjeu að hrella hann. Í upphafi ræðu sinnar hjelt háttv. frsm. meiri hl. því fram, að það væri undarlegt að vera að minnast á útlendu fyrirtækin, en hvað kom fyrir hann sjálfan og hans kæra fjelaga, hv. 1. þm. G.-K. (BK), í síldarmálinu? Fyrst Íhaldsflokkurinn leggur svona mikið á sig vegna síldarleppanna, þá ætti það ekki að vera nein goðgá, þó að jeg bendi á, að leggja ætti gróðaskatt á útlend fyrirtæki, sem gefa af sjer mörg hundruð þúsund krónur í hreinan arð. Eða hver býst við því, að þessir stórgróðamenn eins og Krossanesherrann láti okkur njóta góðs af því, að þeir raka saman fje? Líkara er, að þeir dvelji hjer aðeins um stundarsakir, meðan þeir eru að raka saman fje, og fari síðan með það, sem þeir hafa aflað. Föðurlandsástin kemur fram í fleiri myndum en að vilja afhenda landið undir útlent vald, hún kemur líka fram í viðkvæmni fyrir því, að útlendir stórgróðamenn þurfi að greiða hjer nokkur gjöld. Jeg kalla það sama sem ekki neitt, þó að fyrirtæki, sem hefir 700 þús. kr. tekjur á ári, greiði 15 þús. kr. útsvar. Þá vildi háttv. frsm. meiri hl. (JJós) halda gróðaskattinum alveg aðgreindum frá landnámssjóðnum. Það er ómögulegt, því að það er tekið fram í frv., til hvers eigi að nota skattinn, og skatturinn er lagður á vegna landnámsins og húsagerðar. En jeg skil það vel, að það er örðugt fyrir hv. þm. (JJós) að hafa óbrjálaðar skoðanir á þessu máli. Samhliða því, að hann heldur fram ágæti útgerðarinnar, upplýsir hann, að mörg fjelög hafi tapað nú á vertíðinni, um hábjargræðistímann, en það var þó heppilegt, að það var ekki Kári, sem fyrir því varð, eftir alt sem á undan var gengið með hann. Annars er gott að fá upplýsingar um þetta, og helst hvaða fjelög það mundu verða, sem næst kæmu til þingsins og heimtuðu ábyrgð ríkissjóðs. Jeg leyfi mjer að benda á, að þessi ágætu fyrirtæki borguðu oft lítið til ríkissjóðs og að á verri árunum lenti það á öðrum. Á slíkum árum borga þessi 30—40 stórgróðafyrirtæki í Reykjavík ca. 1000 kr. hvert. Og nú er það meiningin að ljetta undir með þessum ágætu fyrirtækjum með því að gefa þeim eftir allmikinn hluta af kolatolli og salttolli o. s. frv. Það kom óþægilega við háttv. þm., þegar jeg benti honum á, að þessi fyrirtæki, sem eru í einu bæði rík og fátæk, borguðu óeðlilega hátt kaup. En þetta kaup verður vitanlega ekki of hátt fyrir þá, sem við taka, því að þar koma aðrir til skjalanna, bæði lóðaspekúlantar hjer í Reykjavík og Vestmannaeyjum og ýmsir óþarfir milliliðir, sem liggja í launsátri og hirða alt það, sem þessir menn kunna að hafa afgangs. En mundu þá ekki þessar verslanir sumar, sem leggjast á gróðann, geta borgað gróðaskatt? Jeg er hræddur um, að þær mundu verða að gera það í Englandi hjá íhalds-bolsum, sem þar ráða nú. En það kann að vera, að þeir hafi lag á að

fara eftir þeirri bendingu, sem kom fram í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) í fyrra, þar sem hann sagði, að þessi fyrirtæki mundu neyðast til, annaðhvort að gefa skakt upp eða flýja land.

Jeg býst við, að það sje Gróusaga, að efnamennirnir sjeu svona slæmir. En jeg tala eins um þetta, hvort sem jeg tala við gróðamenn og spekúlanta úr Vestmannaeyjum eða við bændur. Það er boðið óvenjuhátt kaup, þótt það verði viðtakendum til litillar hamingju. Það er hart, að bændur í Borgarfirði og Árnessýslu skuli verða að borga hærra kaup en bændur á Sjálandi, aðeins af því, að þessir spekúlantar hjer sprengja upp kaupið. Jeg hefi útskýrt, hvernig útkoman verður, þegar verkamenn fá hærra kaup, því peningarnir eru aftur reittir af þeim með verslun og braski. Ennfremur með hárri húsaleigu. Og þeir, sem finna til með þessu fólki og hafa einhvern skilning á kjörum þess, óska þess, að það komist á jarðir uppi í sveit og geti stofnað þar sjálfstæð heimili, í stað þess að það sje í kaupstöðunum, að vísu á hærra kaupi, en líðandi illa, af því að spekúlantarnir fjefletta það. Hv. frsm. meiri hl. (JJós) talaði um það, að jeg vildi taka síðasta eyrinn af atvinnurekendum. Athugum það. Ef spekúlant í Vestmannaeyjum hefir hundrað þúsund króna gróða, á hann að greiða 250 krónur af hverju þúsundi. Jeg veit ekki, hvernig þetta samrýmist kenningu háttv. frsm. meiri hl., að þetta sje síðasti eyririnn. Ef brtt. er tekin, verður maður, sem hefir jafnmikinn gróða, að borga 100 kr. af þúsundi. Jeg held, að háttv. þm. hafi eitthvað súrnað í augum, svo að þessi upphæð hafi stækkað í huga hans. Hann á eftir, um leið og hann rökstyður þetta með síðasta eyrinn, að sýna fram á, hvernig stendur á því, að íhaldsbolsarnir í Englandi þola að borga 63 milj. punda í gróðaskatt jafnhliða tekjuskattinum.

Þessi hugmynd um gróðaskatt hefir mikið fylgi. Hún er sterkari í landinu en hún var í fyrra, og er það þróun allra góðra hugmynda. Jeg geri ráð fyrir því, að eins sje með hana og kæliskipið. Fyrst var sú hugmynd hundsuð og hrakin, en þegar hún fór að fá fylgi, urðu þeir með, sem áður voru á móti.

Þá held jeg, að hv. þm. (JJós) hafi eitthvað skjátlast með útsvörin hjerna í bænum, jeg hefi bent á, að þau eru lægri en í fyrra á öllum hinum hærri gjaldendum, en eru þyngst á öllum, sem ekki lifa á spekúlatiónum, af því að þær hafa gengið illa, og svo vilja þeir ekki taka lán til þess að borga útsvörin, þótt aðrir verði að gera það. Háttv. þm. kvartaði undan því, að jeg hefði ekki komið með neinar nýjar röksemdir. Jeg hefi haft nóg af þeim. Það hefir aðeins vantað skilninginn hjá þeim, sem við eiga að taka. Ef heimtaðar eru af mjer aðrar eins röksemdir nú og þær, sem heimtaðar voru af háttv. þm. í síldareinkasölunni, þá verð jeg að segja það, að jeg get ekki leikið það heljarstökk eftir hv. þm. Vestm. (JJós), sagt það hvítt í ár, sem var svart í fyrra. Það er ekki sanngjarnt að heimta af nokkrum hvítum manni annan eins snúning og þann, sem tveir menn í hv. fjhn. hafa gert sig seka um í einkasölumálunum.

Það er undarlegt, að af engu umhverfðist hv. þm. Vestm. (JJós) eins og orðum þeim, sem jeg hafði eftir húsbónda hans, hæstv. frjh. (JÞ). Jeg tók þau úr Lögrjettu 1908. En í stað þess

að snúa reiði sinni að húsbónda sínum, fyrir að segja þetta, þá beinir hann henni til mín, eins og jeg bæri ábyrgð á því, sem hæstv. ráðherra hefir sagt um eðli íhaldsins, sem jeg veit ekki betur en að sje hárrjett. En þessi reiði verður að koma niður á sjálfum æðstapresti þessara kenninga. Hæstv. fjrh. (JÞ) segir í Lögrjettu, að frumástæðan sje hreint og beint sú, að efnamennirnir skipi sjer í flokk til þess að gæta hagsmuna sinna, og að efnaminni mennirnir sjeu í framsóknarflokk, vilji þeir hafa peninga til að koma á framförum, en það vilji hinir ekki, vegna hagsmuna sinna. Hvað á þá að segja um annað eins skynskiftingsskap og það, að áfellast mig fyrir það, sem ráðherrann hefir sagt og getur rökstutt með nægum ástæðum í fræðiritum, ef hann vill knjesetja hv. þm. um þetta atriði.

Háttv. þm. (JJós) kom með dylgjur um, að jeg hefði tvennskonar skoðanir, annarsvegar með bændum og hinsvegar með kommúnistum. Hann kom ekki með nein rök til þess að útskýra þetta. Háttv. þm. veit, að jeg hefi allmjög fylgt fram málum bænda. Jeg þarf ekki að rökstyðja það á annan hátt en að vísa til þessa frv., sem gerir djúptækastar ráðstafanir til bóta á kjörum þeirra, einmitt þess frv., sem hann vill hjer fella. Ef háttv. þm. vefengir, að þetta sje djúptækasta úrræðið þeim til handa, þá vil jeg, að hann nefni úrræði íhaldsins til viðreisnar og eflingar sveitunum. Jeg vil biðja hann að útskýra, hvernig frv. mín og ræður mínar á þingi vinna að því að koma hjer upp ríkisrekstri í einu og öllu. Geti hann það ekki, þá vil jeg leyfa mjer að lýsa hann opinberan ósannindamann að því, að jeg vinni að stefnumálum sameignarmanna. En til þess að bjarga honum frá einni vitleysunni enn, vil jeg segja frá því, hvernig fór fyrir einum af fjelögum hans norður í landi í sumar. Það var hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Hann sagði, að ef framsóknarmenn tækju við völdum hjer, færi alt eins og í Rússlandi, allar jarðeignir yrðu teknar af bændunum og gerðar að ríkiseign. Líklega þarf háttv. þm. Vestm. (JJós) sömu lexíu og jeg gaf hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), þegar hann færi að belgja sig upp með útlenda þekkingu, þá væri hann eins fáfróður og maður, sem þekti örlítið til ensku, en hjeldi, að hann gæti þar af leiðandi lesið bók á frönsku. Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) vissi ekki, að í Rússlandi hafði aðallinn, keisaraættin og einstakir auðmenn átt nálega allar jarðirnar, og í byltingunni gáfu kommúnistar bændum jarðirnar. Svo kemur þessi háttstandandi íhaldsbolsi og slær um sig í fávisku sinni og lætur sem svo, að byltingamennirnir hafi tekið jarðirnar af bændunum. Það var nákvæmlega öfugt. Svona fer, þegar fávísir en ofsafengnir menn ætla að fara að slá um sig með langsóttri þekkingu, sem þeir hafa aldrei eignast.

Nú hlakka jeg til að heyra röksemdir hv. þm. Vestm. (JJós). En jeg býst þó við, að jeg verði að gefa honum nafnbótina. Jeg býst við, að hann geti ekki um þetta sagt annað en óendanlega vitleysu, hvernig sem hann reynir að svara.

Tökum þetta frv., það lýtur að því að fjölga sjálfstæðum heimilum í sveitunum. Er þetta vísasti vegurinn, samkvæmt reynslu í öðrum löndum, til þess að gera menn að sameignarmönnum? Það er alkunna, að sárafáir þeirra manna, sem flytja úr borgunum á býli

uppi í sveitum, verði socialistar, nálega engir kommúnistar, heldur allflestir radikalir. Það ber öllum saman um það, að um leið og verkamennirnir komi úr bæjunum, þar sem þeir voru socialistar, og á býli sín í sveitunum, þá fari þeir að elska eignarrjettinn og sjeu langt frá því að óska eftir sameign, og að sú stefna fái engan stuðning frá þeim. Það er hart að þurfa að misbjóða öðrum í deildinni með svo einfaldri fræðslu um það, sem allir ættu að vita, en þar sem hv. þm. (JJós) er svona illa að sjer, þá má til að útskýra þetta. Ef jeg þá óskaði eftir sameign, þá væri auðvitað vitlaust að vera að vinna að framgangi þessa frv., sem skapaði hinn mesta þröskuld yfir veg sameignarstefnumanna. Ef þetta kemst í framkvæmd og 50—100 nýbýli verða til árlega, þá gildir einu, hvernig íhaldið kúgar, þá verður sveitin svo sterk, að engin hætta verður á, að bylting skelli yfir. Í Danmörku kemur aldrei bylting, vegna þess að sveitin er þar svo sterk, að mestur hluti fólksins unir öðru betur en sameign. Jeg óska þess, að úr því að hv. þm. (JJós) hefir farið að tala um kommúnisma í sambandi við byggingu sveitanna, að hann reyni að tala um það af einhverju viti og þekkingu um málið.

Þá sagði hv. þm. (JJós), út frá skýringum hæstv. fjrh. (JÞ) á óvinättu efnamannanna til skattanna, að mjer færist ekki, þar sem jeg lægi á baki bændanna og væri sæmilega eigingjarn fyrir sjálfan mig. Jeg vil þá loks segja það, að bændum er í lófa lagið að segja mjer upp hvenær sem er. En það hefir ekki bólað á því, að þeir vildu það, og mikill meiri hluti bænda lítur svo á, að óvinátta sú, sem mjer er sýnd af spekúlöntum og allskonar trantaralýð, standi í nánu sambandi við þá gagnlegu vinnu, sem jeg legg fram til þess, að bændur geti haldið hlut sínum móti óaldarflokkum í landinu. Það hefir aldrei komið fram nein rödd á Sambandsfundi um það, að jeg ætti að hætta starfinu fyrir samvinnufjelögin, og eru þar þó 50 fulltrúar bænda hvaðanæva af landinu. Annars gerir það mjer ekkert til, þótt það kæmi fyrir, að þeir vildu fá einhvern annan en mig. Þeir gera mjer ekkert tjón með því, jeg gæti unnið mjer inn daglegt brauð á annan hátt, því að mjer standa nógir vegir opnir.M. a. hefir helsti samvinnumaður Dana boðið mjer að starfa þar í landi að sömu áhugamálum. Hv. þm. (JJós) þarf því ekki að bera kvíðboga fyrir efnalegri afkomu minni. Jeg hefi enga óstöðvandi þrá eftir síldar- og mótorbátagróða, sem fyllir huga þessa hv. þm., svo að hann verður sjóndapur á almenna hagsmuni. Þar sem jeg bar hv. þm. á brýn lágar hvatir, þá gerði jeg ekki annað en benda á skoðun ráðherrans og afleiðingar hennar. Og svo lengi sem hv. þm. (JJós) hefir ekki sannað, að íhaldsmenn sjeu öreigar, þá stendur ásökunin um lágar hvatir í hugum þeirra, sem vinna á móti gróðaskatti, algerlega óhrakin. En jeg vil benda honum á það, að hann ætti að gefa þá skýringu, að allir, sem græða, væru að tapa. Hann ætti þá að gefa fyrir hönd síns firma út samskonar fátæklega yfirlýsingu og þá, er hv. 1. þm. G.-K. (BK) gaf út fyrir nokkrum árum.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Háttv. 3. landsk. (JJ) hefir haldið stóra ræðu og dálítið broslega. Hann flýtti sjer að því að kalla mig opinberan ósannindamann. Honum er auðsjáanlega ekk-

ert vel við að heyra kommúnisma nefndan, og stendur það áreiðanlega í sambandi við það, hvernig hann lýsir mjer. En eins og þessi hv. þm. (JJ) getur getið sjer til, þá stendur mjer nokkuð á sama, hvað hann segir um mig og hvernig hann lýsir mjer. Hann verður að hafa það eins og það er, og læt jeg mjer það í ljettu rúmi liggja.

Hv. 3. landsk. (JJ) taldi þennan gróðaskatt litla upphæð, en þegar hann var að lýsa útlátunum, sem efnamennirnir yrðu fyrir, þá tók hann aðeins fram, hve mikill gróðaskatturinn yrði, en slepti öllu öðru. En jeg er hræddur um, að sá maður, sem kominn er svo hátt, að hann kemur til með að borga gróðaskatt, yrði líka að gjalda eitthvað meira, t. d. háan tekju- og eignaskatt, sem yrði hærri en gróðaskatturinn, og svo er jeg hræddur um, að niðurjöfnunarnefndirnar myndu vita af honum.

Það er því villandi að vera að tala um gróðaskatt, því þótt hv. þm. (JJ) vilji láta líta svo út, sem þetta sje gróðaskattur, þá veit hann þó, að sá skattur kemur ofan á alt annað, sem menn verða að greiða, jafnvel þó um engann raunverulegan gróða sje að ræða. Hv. þm. var í þessu sambandi að tala um frv. um síldarsölu. Jeg veit nú ekki, hvað það kemur þessu máli við. Og hvað snertir þessa verksmiðju, sem hann var að tala um, þá verð jeg að segja það, að jeg tel gróða hennar alls ekki sannaðan. Það hefir aðeins einhver sagt hv. þm. það, en það er a. m. k. hægt að deila um það, hvort það er satt. Jeg get ekki láð hv. þm., þótt hann taki djúpt í árinni með frv. sitt. Það getur verið nokkuð vafasamt, hve mikið hrós það er fyrir frv., þó segja mætti, að í því fælist djúptækasta ráðið. Það er satt. Það er djúptækt á sumum sviðum. Meiri hl. fjárhagsnefndar hefir leitt rök að því í nál. um frv. um landnámssjóð, að þeir, sem fengju hjálp úr honum, yrðu eftir það ófrjálsir menn með eignir sínar. Það er ef til vill það, sem flm. ætlast til, og að því leyti er þetta djúptækt ráð, svo djúptækt, að það skerðir stórlega eignarrjettarfrelsi þeirra manna, sem fyrir hjálpinni verða. Hv. flm. talaði um tíundasvik. Það hafa verið leidd ljós rök að því hjer í deildinni, að eitt sambandskaupfjelagið á „meginlandinu“ hefir gert sig sekt um að koma sjer hjá skatti. Það hefir látið fara fram vöruafhendingu til utanfjelagsmanns undir nafni formannsins til þess að koma sjer hjá að greiða útsvar af hagnaði á viðskiftum við utanfjelagsmenn. Hv. flm. hefir ef til vill ekki heyrt þetta. Hv. flm. lýsti því yfir, að meiri hl. nefndarinnar hefði aldrei komið með neina lífvænlega hugmynd í nokkru máli. Það er nú svo vanalegt að heyra þennan hv. þm. viðhafa svona orðatiltæki, að jeg ætla ekki út í neinn meting um þetta atriði. Jeg læt deildina dæma um, hvort meðnefndarmenn mínir eigi þessi virðulegu ummæli skilin. Það er sjálfsagt ekki af heimsku sagt, heldur viti, þegar þessi hv. þm. (JJ) hagar svona orðum sínum, en jeg býst við, að fáir vilji þó taka undir þessi ummæli hans, eins og oft vill verða. Það verður að virða hv. þm. það til vorkunnar, að honum er ekki sú gáfa gefin að kunna að stilla í hóf orðum sínum. Hv. flm. (JJ) þarf ekki að æsast svo mjög, þó að hann sje bendlaður við kommúnismann. Hann veit, að það er almenn skoðun um alt land, að hann sje mikið riðinn við þá hreyfingu hjer á landi. Sú stefna hefir blandast meira hjer socialisma og

samvinnustefnu heldur en erlendis. Þessar stefnur eru hjer að verki saman bæði utan þings og innan. Hv. flm. (JJ) þarf ekki að reisa kambinn móti því. Hann ætti þá a. m. k. ekki að vera með verkföllum eða róa undir þau (JJ: Sannanir!) Hv. flm. hefir ekki getað hrundið því af sjer, að hann hafi verið með í verkfallinu 1918. (JJ: Allir, sem það hafa borið fram, hafa orðið ósannindamenn). Það situr ekki á hv. flm. að bera sig illa, þó honum sje lýst að gefnu tilefni. Hann sagðist taka það fram til þess, að það sæist í þingtíðindunum, hverskonar menn andstæðingar sínir í nefndinni væru. Það er því ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda að láta þess getið, hver hann er sjálfur.

Jeg skil ekki, með hvaða rjetti það er gert hjer þing eftir þing að kalla atvinnurekendurna við sjóinn spekúlanta frekar en aðra atvinnurekendur. Þetta er orð, sem hv. flm. (JJ) heldur mjög á lofti og notar sem skammaryrði um alla, sem stunda atvinnufyrirtæki við sjávarsíðuna, ef þeir eru honum ekki sammála í öllu. En það er ekki með neinum rjetti hægt að kalla sjávarútvegsmenn þessu nafni frekar en landbúnaðarmenn. Hvorir tveggja eiga nokkuð á hættu. Enginn veit fyrirfram um útkomuna. Hv. flm. reynir margsinnis að niðra sjávarútvegsmönnum með þessu orði. Jeg verð að segja, að mjer finst það mjög ómaklegt, að um leið og hann ber lóminn vegna landbúnaðarins og telur sig fulltrúa hans, skuli hann á allar lundir reyna til að niðra sjávarútveginum. Að því er snertir þetta háa kaupboð, þá veit jeg ekki betur en að landbúnaðarmenn bjóði líka hátt kaup. Ástæðan er sú sama hjá báðum: fólk fæst ekki nema fyrir hátt kaup.

Hv. flm. (JJ) talar mikið um vanþekkingu og heimsku andstæðinga sinna og segir, að jeg viti ekki, hvaða lög sjeu um þetta í Englandi. En getur nú ekki verið, að það eigi við á Englandi, sem ekki á við á Íslandi. A. m. k. er öllum vitanlegt, að ekki er hægt að gera neinn samanburð á efnum enskra stóreignamanna og þeirra, sem kallaðir eru efnamenn á Íslandi. Á Englandi eru samansöfnuð fleiri alda auðæfi. Jeg veit um firmu þar, sem eru á annað hundrað ára gömul. Þar eru stórar aðalseignir, sem verið hafa fleiri aldir í sömu ættinni. Er nokkurt vit í að bera auðmenn Englands saman við atvinnurekendur á Íslandi, þar sem öll stærri atvinnufyrirtæki eru sama sem ný, togaraflotinn rjett hlaupinn af stokkunum og verksmiðjuiðnaður alveg í byrjun, og alls ekki um neinar stóreignaættir að ræða.

Allir vita, hve gamalt verslunarfrelsið er hjer á landi. Innlend verslunarstjett er nýsprottin upp. Því fer fjarri, að á nokkurn hátt sje hægt að bera þetta saman við ævagömul auðsöfn á hinu ríka Englandi. Við 1. umr. málsins talaði hv. flm. (JJ) mikið um, hvað Lloyd George vildi á Englandi og hann sjálfur á Íslandi. Það er nokkuð sama, hvort tekið er til samanburðar, mennirnir eða ástandið. Hv. flm. (JJ) veit, að „munur er á 'onum Sankti Páli og 'enni Helgu skrínu". Það verður ávalt ósanngjarnt að bera íslenskar frumbýlingsástæður saman við eldgömul auðsöfn á Englandi.

Hv. flm. (JJ) er laus við þessa órólegu þrá til framkvæmda, sem ríkt hefir og mun ríkja í brjóstum athafnamannanna. Hann telur sig víst heppinn að vera laus við þessa þrá. Jeg hefi ekki þekt marga menn af hans tagi, en jeg

hefi þekt marga menn, sem vakandi og sofandi hafa hugsað um að koma atvinnufyrirtækjum sínum í gott horf, menn, sem fylgst hafa með þróun útvegsins frá smábátaútgerð til nýtískutogara. Mjer er talsvert kunnugt um erfiðleika þá og áhyggjur, sem þessir menn hafa við að stríða, þetta sem hv. flm. kallar í háði — órólega þrá. Jeg efast um, að þeir menn, sem lausir eru við þessa þrá, sem tekið hafa sjer stöðu utan við svið verklegra framkvæmda, jeg efast um, að þeir hafi nokkurn rjett til þess að niðra þeim mönnum, sem tekið hafa að sjer að standa fyrir framkvæmdum á ýmsum tröppustigum sjávarútvegsins. Jeg held, að ekki sje rjett að kalla þessa menn í háði „spekúlanta". Jeg veit, að á þessu landi eru margir ágætismenn, sem gengið hafa þessa braut, menn, sem hafa verið hjeruðum sínum til mikillar uppbyggingar. Jeg er ekki fús á að draga einkaástæður eða nöfn vissra manna inn í umræður hjer í deildinni, það eru sumir fúsari til þess en jeg. En jeg gæti nefnt marga menn, sem verið hafa máttarstólpar þjóðfjelagsins, menn, sem hafa haft með höndum það, sem hv. flm. (JJ) kallar að „spekúlera". Hann kallar alt spekúlanta, nema forstöðumann samvinnuskólans og bændur í sveit. Jeg veit, að þessari þjóð yfir höfuð vegnaði ekki betur, ef allir hugsuðu eins og háttv. flm., væru lausir við þessa órólegu þrá eða framfarahug á verklegu athafnasviði einstaklingsins. Og jeg held, að þessir menn sjeu miklu nauðsynlegri en hinir, sem valið hafa sjer hægara hlutskifti, líkt og hv. 3. landsk. þm. (JJ) hefir gert.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 101, n. 397 og 471).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg býst við því, úr því að áliðið er dags, þá óski menn helst, að umr. verði ekki lengdar mikið. Jeg ætla því í stuttu máli að drepa á fáein atriði í síðustu ræðu hv. frsm. meiri hl. (JJós). Hann virtist ekki taka það sem oflof um frv., að það væri djúptækt ráð til þess að hjálpa sveitunum. Það er nú svo, að fyrir breyttar kringumstæður vill fólk ekki sætta sig við það að eyða aldri sínum sem vinnufólk. Það leitar því til sjávarins, þar sem það getur lifað fjölskyldulífi. Það er breyting á sálarlífi fólksins, sem veldur því, að ekki er hægt að fá það til að vinna í sveitunum eins og áður, enda þótt lífið í kaupstöðunum sje verra að mörgu leyti. Eina ráðið, sem dugir við þessu, er að fjölga heimilum í sveitum, en þeim getur ekki fjölgað nema með hjálp. Sú er reynslan alstaðar annarsstaðar, að það verður að hjálpa mönnum til að eignast eigið heimili í sveit, ef um nýbýli er að ræða. Og hjer er ekki farið fram á annað en að hafa sama ráðið, er aðrir hafa notað, að fjölga býlum. Jeg hefi flutt þessa hugmynd hingað til lands frá útlöndum og lagað hana eftir okkar staðháttum.

Þá var hv. frsm. meiri hl. (JJós) eitthvað að tala um það, að jeg væri ekki trúr Framsóknarflokknum. En þegar jeg bað hann um nánari skýrslu, þá gat hann ekki annað en endurtekið þetta sama, alveg eins og heimskur krakki. En út af þessum margendurteknu fullyrðingum sumra íhaldsmanna, að jeg vilji byltingu í landinu, vil jeg gera hv. þm. (JJós) greiða, með því að benda

honum á, hvernig fór fyrir fjelaga hans, hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem varð sjer til skammar nyrðra, á Sveinstaðafundinum í sumar, þegar hann fór að vaða elginn um erlenda pólitík, sem hann bar ekkert skyn á, í því skyni að sanna byltingahug framsóknarmanna. Verð jeg nú að efna það, sem jeg hjet hv. þm. Vestm. (JJós), að lýsa hann ósannindamann að því, að jeg hafi í nokkru fylgt kommúnistastefnu.

Þetta, sem hjer liggur fyrir, að fjölga sveitabýlunum, er einmitt sterkasta móteitrið gegn öllum byltingahug. Þeir, sem mest vinna að byltingu hjer á landi, eru þeir, sem taka með ósanngirni í rjettmætar kröfur verkamanna, eins og t. d. hv. þm. Vestm. (JJós), enda rekur þar hver verkstöðvunin aðra í vetur.

Hv. þm. (JJós) þótti það nokkuð hart, að jeg sagðist ekki hafa orðið var við eina einustu lífvænlega hugmynd í nokkru stórmáli hjá hinum íhaldssömu fjelögum hans. En það er svo um annan nefndar- og flokksbróður hans, að hann hefir verið á móti þrem stærstu málum, sem til umræðu hafa verið á síðustu árum. Hann barðist á móti ritsímanum, sem allir viðurkenna nú, að hefir orðið til hins mesta gagns hjer á landi; hann hefir hamast móti járnbraut, sem er þó áreiðanlega lífvænleg hugmynd; nú síðast hefir hann varið ekki óverulegum tíma til að vinna á móti samvinnufjelagsskapnum í landinu, sem er ein hin lífvænlegasta stefna í landinu. Hann veit þó, að íhaldsstefnan er hvergi hið skapandi afl, heldur veldur alstaðar kyrstöðu. Hin „órólega þrá“ þessara manna er í því fólgin að leggja fram krafta sína til að auðga sjálfa sig á kostnað annara.

Þá talaði hv. þm. (JJós) um verkföll, og hjelt, að jeg hefði miklar mætur á þeim. En jeg get lýst yfir því, að jeg hefi aldrei verið í nokkurri trúnaðarstöðu fyrir verkamenn, hvorki hjer á landi nje erlendis. Háttv. þm. Snæf. (HSteins) er eini verkamannaforinginn í þessari deild, en samt hafa íhaldsmenn látið sjer sæma að kjósa hann forseta í deildinni. Hv. þm. Vestm. (JJós) er víst að tala um gamlar íhaldsslefsögur í sambandi við verkfallið í Reykjavík 1916. Hann var nú ekki betur að sjer en svo, að hann færði það til um tvö ár. En jeg átti ekki meiri þátt í þessu verkfalli en hv. þm. Vestm. (JJós), því að hvorugur okkar mun hafa vitað um það fyr en það var skollið á. Því eru allar dylgjur um, að jeg hafi átt þátt í undirbúningi þess verkfalls, hrein ósannindi. En hitt er kunnugt, að jeg áleit, að verkamenn væru ranglæti beittir í þeirri deilu, er ekki átti að gjalda þeim fult verð fyrir þá lífur, sem þeir þó áttu samkvæmt samningum. En þeim, sem vildu svíkja verkamenn, hafa eflaust líkað málalokin. Þegar vinnumaður í sveit hefir á fóðri hjá bondanum, hefi jeg aldrei heyrt, að bóndi færi fram á að mega versla með kindur vinnumanns og gjalda það verð fyrir, er honum sjálfum sýndist. En það var það, sem vinnuveitendur fóru fram á við verkamenn 1916. Hv. þm. Vestm. (JJós) hefir að líkindum verið með því að svíkja verkamenn, en jeg ekki. Sá er munurinn á stefnu okkar gagnvart verkamönnum.

Hv. þm. var reiður út af því, að jeg hefði nefnt sjávarútveginn spekúlationsfyrirtæki, en jeg hefi ekki heyrt betur en að hann sjálfur væri að tala um, hve óttaleg áhætta fylgdi honum.

Þá vildi háttv. þm. (JJós) reyna að verja, að gróðaskattur væri lagður á í Englandi, þótt hann væri ekki hjer. Sagði hann, að bæði væri auðurinn þar meiri og hvíldi auk þess á gömlum grundvelli. Zöllner, danski kaupmaðurinn í New-Castle, sagði mjer fyrir nokkru, að hann yrði að borga 80% af tekjum sínum í allskonar skatta. Þetta leggja Englendingar á sig til að lagfæra fjárhaginn eftir styrjöldina. Háttv. þm. veit eflaust, að nú er aðallinn í Englandi að selja jarðeignir sínar, sakir þess að hann hefir ekki efni á að greiða þá skatta, sem þarf til að geta haft þær fyrir óræktuð veiðilönd. Ef farið er út í, hvað gerist í Danmörku, þá er þessi „ránstefna“ einnig áberandi þar. Hinir gömlu stórgóssaeigendur neyðast til að selja jarðir sínar, svo að þær geti komið þjóðinni allri að betri notum, með því að skifta þeim í smábýli.

Hv. þm. (JJós) talaði um, að taka ætti síðasta eyririnn. En gróðaskattur kemur ekki nema um gróða sje að ræða, og segi jeg það nú í 20. sinn. Vona jeg, að hv. þm. (JJós) hætti því að japla á þeirri firru.

Hv. þm. Vestm. (JJós) vildi gera samanburð á mjer og þeim manni, sem mest hefir barist fyrir nýbýla-fjölgun í Englandi. Jeg vil nú ekki fara að jafna mjer við slíkan mann, en jeg held þó, að annað eins nafn og Lloyd George vegi fyllilega upp á móti þeim staðhæfingum, að nýbýlamálið sje vitleysa. Ísland er að vísu annað en England, en það, sem er svo viturlegt í Englandi, getur ekki verið nein dómadagsvitleysa hjer.

Þá talaði hv. þm. (JJós) um, að menn þektu hina órólegu þrá athafnamannanna. Það eru víst þeir menn, sem geta fengið að láni fje annara, velta sjer síðan í því og fara flestir á hausinn, þótt einum og einum takist að safna til sín seðlunum í bili. En það er til annað nafn á þessari „órólegu þrá“, og það er ágirnd. Hún hefir altaf verið til, og er óþarfi að „idealisera“ hana með öðrum nöfnum, þótt hún komi fram í smábáta og mótorbáta-útgerð, eða jafnvel þótt þessir menn geti eignast togara. Það er rjett, að hún hefir átt þátt í að ummynda jörðina, og þótt þessa menn langi mikið til að græða, verða þeir þó að borga nokkra skatta. Mjer dettur í hug út af þessum mönnum með hina „órólegu þrá“, að jeg sá einu sinni mynd af norskum stórgróðamanni, sem er dáinn fyrir 30—40 árum. Þegar hann lá banaleguna, ljet hann sækja dall með spesíum og setja við rúmstokkinn hjá sjer. Hrærði hann síðan í þessu með báðum höndum fram í andlátið. Svo vænt þótti honum um þetta takmark lífs síns. En jeg held, að frá þjóðfjelagslegu sjónarmiði sjeu peningarnir tæki, en ekki takmark. En það virðist svo með þessar órólegu gróðasálir, sem þær eigi afarörðugt með að láta frá sjer fara nokkurn skilding, sem þær hafa á annað borð klófest. Jeg vil því benda hv. þm. Vestm. (JJós) á Zöllner gamla til fyrirmyndar. Hann er hinn mesti gróðamaður, en telur þó ekki eftir sjer að borga þá skatta, sem á hann eru lagðir. Jeg býst við, að það færi að fara um hv. þm. Vestm. (JJós), ef hann ætti að leggja eins mikið á sig fyrir þetta land, eins og Zöllner borgaði til Englands.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. 3. landsk. (JJ) byrjaði á miklum fyrirlestri um vilja fólks til að eiga heimili og halda saman. Það hefir ekki verið deiluefni milli okkar. Við, sem er-

um í fjhn., höfum komið með ákveðnar till. út af frv. um byggingar- og landnámssjóð, og hefði hv. 3. landsk. (JJ) því getað sparað sjer ómak að tala um, að við höfum ekki viljað sinna þeirri hugmynd. Okkur er það engu lakar ljóst en honum, að til þess að hjálpa þessu stórmáli áleiðis verður að koma ríflegur styrkur af opinberu fje.

Jeg veit, að þess gerist ekki þörf að fara að færa fram kosti þess hv. þm. í fjhn., sem hv. 3. landsk. (JJ) veittist mest að. Hann er svo þjóðkunnur maður, að þótt hv. 3. landsk. (JJ) vildi tvöfalda alt það níð, sem hann hefir um hann haft hin síðari ár, þá stæði hann jafnrjettur, ef ekki rjettari eftir.

Mjer er ekki vel ljóst, hvað hv. þm. (JJ) vildi með því, að blanda hæstv. forseta inn í þessar deilur. Sje jeg enga ástæðu til að gera ummæli þm. í því efni að umtalsefni, því síður sem þau koma ekki málinu við. Jeg hefi verið verkamaður og verkstjóri sjálfur og haft af þeim þá kynningu, að jeg get virt verkamenn og fyrirsvarsmenn þeirra, þegar þeir koma ærlega fram. En jeg virði ekki æsingamennina, sem róa undir óeirðum, en þykjast svo hvergi hafa nærri komið.

Hv. 3. landsk. (JJ) mintist á smáverkfall í Vestmannaeyjum í vetur og vildi gera sjer úr því mikinn mat. Hv. þm. hefir áður talað um það við mig á öðrum vettvangi. Fyrir þessu verkfalli stóð að nokkru leyti unglingur hjeðan úr Reykjavík, og tókst honum að gera af því mikinn hávaða. En hv. 3. landsk. (JJ) hafði mikla samúð með þessu verkfalli, ef marka má það, sem hann hefir áður sagt við mig út af því. Sagði hann, að sjer hefði legið við að hringja mig upp til að samgleðjast mjer. Og þess munu dæmi hjeðan úr bænum, að hann hefir mikla samúð með verkfallsmönnum og æsingalýð. Hann var nú fyrir skemstu kallaður bolsjeviki af einum hv. þm. öðrum en mjer, og hefir hann ekki borið það neitt af sjer.

Það er ekki til neins fyrir hv. þm. (JJ) að vera að reyna að klína á mig ósannindamannsnafni vegna þeirra ummæla, er jeg hefi við haft. Það lítur út fyrir, að hann hafi sjerstaka fróun af því, að fleiri en hann sjeu taldir ósannindamenn.

Hv. þm. er furðu minnisgóður, er hann getur fullyrt nú eftir 9 ár, að jeg hafi verið líklegur til að vera í þeim hóp, er vildi svíkja verkamenn. En nú skora jeg á hv. 3. landsk. (JJ) að finna einn einasta verkamann, sem jeg hefi haft nokkuð saman við að sælda, er getur borið það og sannað, að jeg hafi vísvitandi reynt að svíkja hann um kaupgjald. Jeg veit, að það er að bera í bakkafullan lækinn að lýsa hv. 3. landsk. (JJ) ósannindamann að þessum aðdróttunum. En ef hann getur fundið nokkurn slíkan verkamann, þá má hann á hverjum tíma telja mig til þeirra, sem ætla mætti, að hefðu viljað svíkja verkamenn 1916. Jeg held annars, að hv. 3. landsk. (JJ) hafi komið nær þeim atburðum, sem þá gerðust, en jeg.

Þá var hv. þm. (JJ) enn að tala um hina „órólegu þrá“. Bar hann það nú fram, að allir aðrir en bændur væru spekúlantar. (JJ: Skáldskapur). Hann var búinn að halda þessu fram áður, og sagði jeg þá, að sem betur fer væru til menn, sem haldnir væru af þeirri órólegu þrá, að koma einhverjum framkvæmdum í verk. Jeg veit, að háttv. 3.

landsk. (JJ) er ekki haldinn af þessari þrá, heldur af annari, sem er engu rólegri.

Hvorir tveggja bera í brjósti sjer órólega þrá. En þrá hv. 3. landsk. (JJ) er að rífa niður það, sem þeir byggja upp, er framfarahug og framkvæmdadug hafa til að bera. Hans þrá er að gera lítið úr verkum þeirra og bera þeim óráðvandar hvatir á brýn. Þessi er hin órólega þrá hv. þm., sem hvervetna hefir komið fram í öllu hans pólitíska lífi og afskiftum af opinberum málum.

Loks skal það tekið fram, að hv. 3. landsk. (JJ) hefir alls ekki reynt að mótmæla því, er jeg sagði áðan, að kommúnistar, socialistar og framsóknarmenn hafa unnið saman oft og einatt hjer á landi og að þessar stefnur eru hjer mjög tvinnaðar saman. Þetta ástand mun óvíða eða hvergi eiga sjer stað annarsstaðar.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg skil ekki, hvað það getur verið, sem fer svona ónotalega í taugar hv. þm. Vestm. (JJós). Honum líður líkt og væri hann allur stunginn nálum. En þetta er af því, að hann finnur til, að hann er að berjast við mál, sem hann ræður ekki við. Honum er ljóst, að hans „órólega þrá“ endar með því, að hann finnur með sjálfum sjer, að gróðamennirnir verða eitthvað að borga, geta ekki lengur verið sem beiningamenn. Hann missir sálarjafnvægið, af því að hann veit, að aðstaða þeirra getur ekki haldist til lengdar og að hún hlýtur jafnan að verða honum til minkunnar.

Hann reynir ekki að verja fjandskap hv. 1. þm. G.-K. (BK) gegn símanum. Jeg býst ekki við, að það hafi verið fjarska frjósamt sumt, er þá var mælt og lesa má í þingtíðindunum. T. d. að símastaurarnir mundu fara með landið á hausinn.

Eða járnbrautin. Ætli formaður íhaldsflokksins, hæstv. fjrh. (JÞ) telji ákaflega mikla frjósemi baráttuna til að eyðileggja það mál. (**JJós:** Þetta er níð). Er það níð að flytja rök? Bítur vitundin um hið heimska starf íhaldsins svona á háttv. þm.?

Þá át hv. þm. niður í sig dylgjurnar um verkföllin. Um svikin er það að segja, að jeg benti aðeins á, hvort ætti að neyða hásetana til þess að selja sína lifur fyrir minna verð en þeir geta fengið fyrir hana. Þá spurði háttv. þm., hvort hann hefði svikið nokkurn verkamanna sinna. Það væri reynandi fyrir hann að fara í mál. (**JJós:** Er það siður í Reykjavík að fara í meiðyrðamál?) Hæstv. fjrh. (JÞ) ætlaði fyrir skemstu að fara í mál við þingskrifara. En það er rjett að geta þess, að lögreglustjóri lætur bera sjer skammir á brýn, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) liggur undir þungum ákærum, svo og forsrh., einn er stimplaður landráðamaður, en enginn þeirra fer í mál. En hv. þm. ætti að fara í mál. (**JJós:** Hvað segir 3. landsk.? Hversvegna fer hann ekki í mál?). Jeg fer ekki í mál við landráðamenn. Býst við að þeir hafi nóg á sinni könnu fyrir því, enda hefir landstjórn og þingstjórn fordæmt málaferlaleiðina, nema fyrir hæstv. fjrh. (JÞ) gagnvart skrifurum þingsins. (**Forseti:** Eftir ein mínúta). Já, jeg ætla líka að nota hana vel. Hv. þm. Vestm. (JJós) mintist á það, sem Morgunblaðið sagði um mig í vetur og tæpti á því, að árásir væru gerðar á mig. Hann á líklega við, að Morgunblaðið, sem annars er nú ekki neitt sjerlega siðgott blað, stimplaði hv. þm. Vestm. og

meiri hl. hv. deildar svo sem ekki eigandi sinn líka í nokkru siðuðu landi. Undir dómi þessa blaðs og undir dómi allra heiðarlegra manna í landinu mun hann liggja til efsta dags.

ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÁ, JJ, ÁH.

nei: BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, SE, HSteins.

Þrír þm. (GuðmÓ, IP, JM) fjarstaddir.

Forseti lýsti frv. fallið.

10. Kvennaskólarnir í Reykjavík og á Blönduósi.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi (þmfrv., A. 307).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Frv. þetta á þskj. 307 flytur meiri hl. mentmn. að tilhlutun hæstv. kenslumálaráðherra (JM), og get jeg látið mjer nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgir.

Frv. þetta var borið fram á þinginu í fyrra sem stjfrv., og eina breytingin, sem á því hefir verið gerð, er sú, að ríkið taki eigi aðeins að sjer kvennaskólann í Reykjavík, heldur líka Blönduósskólann.

Málið var rætt allmikið og ítarlega á síðasta þingi, og á þessu stigi málsins finst mjer nægja að vísa til umræðnanna um málið þá og greinargerðar þeirrar, sem þá fylgdi frv. En jeg vil hjer með láta ánægju mína í ljósi yfir því, að hæstv. stjórn hefir nú sjeð sjer fært að ganga lengra með því að gera einnig kvennaskólann á Blönduósi að ríkisskóla. Forstöðunefndir beggja skólanna eru ánægðar með frv. eins og það er, og er mjer sjálfri mjög ljúft að mæla með því fyrir hönd mentmn. þessarar hv. deildar.

Eins og jeg gat um í upphafi, ætla jeg ekki að fjölyrða um málið að þessu sinni, en þó vil jeg minnast á 2. gr. þess fáum orðum. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin semji reglugerð fyrir skólann í Reykjavík og hafi yfirstjórn hans á hendi. Jeg tel þetta æskilegt, þar sem skólinn er undir handarjaðri stjórnarinnar, en um Blönduósskólann er öðru máli að gegna vegna fjarlægðar, og þarf hann því að njóta eigin skólanefndar eftir sem áður, þótt ríkið taki hann að sjer.

Eins og jeg drap á fyr, voru umræður um málið margbreyttar í fyrra, og tel jeg óþarft að rifja þær hjer upp, enda munu þær flestum þdm. í fersku minni. Mjer finst horfa vænlega fyrir frv. nú, og jeg álít það heillavænlegt, að skólarnir starfi báðir framvegis undir eftirliti ríkisstjórnarinnar að góðri sjermentun kvenna.

Jónas Jónsson: Vegna þess að svo stendur á, að sagt er, að frv. það, er hjer liggur fyrir, sje borið fram af meiri hl. mentmn., verð jeg að lýsa yfir því,

að jeg er í minni hl. enn sem komið er, hvað sem síðar kann að verða.

Þegar þess er gætt, hvað frv. hæstv. stjórnar um þetta efni fjekk kaldar móttökur hjá þinginu í fyrra, þá finst mjer, að þessi dráttur, sem orðið hefir á því, að frv. kæmi fram á þessu þingi, bendi til þess, að hæstv. stjórn hafi sjálf efast um, hvort hún ætti að nýju að koma fram með það. Og mjer finst það dálítið athugavert fyrir mitt leyti, að nú skuli eiga að stofna 8 föst kennaraembætti og þar með jafnframt að skapa það fordæmi, sem hlýtur að binda ríkissjóð allmikla nýja bagga um aukinn kostnað.

Jeg verð fyrst og fremst að átelja það, að hæstv. forsrh. (JM) skyldi ekki láta frv. þetta koma fyr fram. Og mál þetta er alls eigi undirbúið eins og skyldi, því að það hefir ekki verið rætt í mentamálanefnd í heild. Það eru ekki nema 2—3 dagar síðan málið barst henni í hendur, og á þeim fundi, sem málið var tekið til meðferðar, var hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) ekki við, en nú hefir hv. 4. landsk. (IHB) lýst yfir því, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) sje frv. samþykkur, og á þann hátt hefir verið skapaður sá meiri hluti í nefndinni, er ber fram frv. fyrir hönd hæstv. stjórnar.

Jeg vil hjer með beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (JM), hvort eigi sje ástæða til þess, að málið fari til nefndar aftur. Mentamálanefnd hefir ekkert rannsakað það, aðeins tekið ákvörðun um að flytja það.

Þá vil jeg minnast á tvö atriði í sambandi við málið.

Mjer finst sem hjer sje um að ræða aukaríkisrekstur, þar sem á að fara að taka upp á arma ríkisins tvo skóla, sem fram að þessu hafa starfað á frjálsum grundvelli. Samhliða þessu verður að gæta þess, að frv. er borið fram af hæstv. stjórn, en jafnhliða er borin út um bæinn grein eftir einn ráðherrann, formann Íhaldsflokksins, þar sem það er kallað stjórnlyndi, að ríkið ráði sem mestu af fyrirtækjum í landinu. Þar er því með öðrum orðum lýst yfir skýlaust, að stjórnarflokkurinn sje á móti ríkisrekstri, enda er í greininni bæði talað um tóbaksverslunina og steinolíuverslunina. Vil jeg því spyrja hæstv. forsrh. (JM), sem er höfundur frv. þessa, hvernig hann haldi, að þetta tvent geti samrýmst, og hvort eigi sje með frv. brotin sú meginregla, er formaður Íhaldsflokksins talar um í grein sinni, og hvernig hann muni telja, að það sje ekki stjórnlyndi, að taka þessa tvo skóla, sem áður hafa starfað á þeim grundvelli, er eigi reiknast til stjórnlyndis.

Þá er hitt atriðið. Ef frv. verður samþ., þá er þar með komið inn á þá leið, er lengra verður að ganga. Jeg skal þó ekki fullyrða neitt um það, hvort sú leið sje rjett eða röng. Það er nú langt síðan, að hið háa Alþingi samþykti fræðslulög sín á þessum svonefnda stjórnlyndisgrundvelli, en öll unglingafræðsla í landinu er bygð á öðrum grundvelli. Í raun og veru er ekki hægt að telja þessa tvo skóla, sem hjer er um að ræða, annað en unglingaskóla fyrir kvenfólk, alveg eins og skólarnir á Hvítárbakka, Eiðum, Laugum og hinn tilvonandi hjeraðsskóli Árnesinga eru unglingaskólar bæði fyrir karla og konur. Vil jeg því vekja athygli hæstv. forsrh. (JM) á því, að ef ríkið tekur þessa skóla upp á sína arma, verður það á næstu árum að taka alla hina unglingaskólana. Og það getur vel verið, að vit sje í þessu, úr því að barnafræðslan,

Mentaskólinn, Háskólinn, Stýrimannaskólinn og Vjelstjóraskólinn eru á höndum ríkisins og reknir á þjóðnýtingar grundvelli.

Þá vil jeg benda á það, að í fyrra bar stjórnin ekki fram nema helming frv. þessa. En hvernig fór þá? Frv. fjell hjer í þessari hv. deild vegna þess, að ýmsir þm. hjeldu því fram, að ef ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Reykjavík, yrði það einnig að taka að sjer Blönduósskólann.

Nú hefir hæstv. stjórn sjeð það, að ekki væri undanfæri að taka Blönduósskólann með, en þó er það nú svo, að í fyrra var bæði hæstv. forsrh. (JM) og hv. 4. landsk. (IHB) á móti þessu. Þetta sýnir það, að ef frv. skyldi nú falla með jöfnum atkv. eins og í fyrra, þá verður hæstv. kenslumálaráðherra (JM) að bera fram frv. á næsta ári, með þeim breytingum, að allir unglingaskólarnir skuli þjóðnýttir.

Þetta hefi jeg aðeins sagt til þess, að hæstv. forsrh. (JM) fái tækifæri til þess að skýra hv. deild frá afstöðu hæstv. stjórnar til málsins, og hvernig hún hefir hugsað sjer að geta tekið unglingaskóla kvenna eina út úr, en láta alla aðra unglingaskóla verða útundan.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 3. landsk. (JJ) vill nú átelja það, að frv. þetta sje of seint fram komið. Jeg tek ekki á móti neinum átölum fyrir stjórnarinnar hönd í því efni, því að það er alstaðar í þingræðislöndum og hefir verið venja hjer líka, að stjórn megi átölulaust bera fram ný frv. á hvaða tíma þings sem er, jafnvel á allra síðustu stundu.

Jeg skal ekki að þessu sinni orðlengja um málið. Hv. frsm. meiri hl. mentam. (IHB) hefir tekið fram alt það, er segja þarf í bili, enda var málið og fullvel rannsakað og athugað í fyrra í þessari hv. deild af nálega sömu hv. þdm. og nú eiga sæti í þessari hv. deild, og um þá, sem nýir eru hjer, veit jeg, að þeir hafa þegar kynt sjer málið, svo að óþarfi er að vísa málinu að nýju til nefndar.

Jeg vil geta þess, að það er rangt hjá hv. 3. landsk. (JJ), að þótt þetta frv. næði fram að ganga, væri skapað með því hættulegt fordæmi í kenslumálunum. Ef hv. þm. (JJ) hefði rjett fyrir sjer, þá er þetta fordæmi, er hann talar um, skapað fyrir löngu. Vil jeg þar benda á, að ekki væri Eiðaskólinn síður slíkt fordæmi, nema fremur sje.

Hjer er eingöngu verið að ræða um sjerskóla.

Það er alveg rjett hjá hv. þm., að jeg var á móti því í fyrra, að Blönduósskólanum væri blandað inn í frv. Jeg hugði, að það mundi spilla fyrir því, en áleit aftur á móti, að rjettara væri, að hann kæmi þá fram í sjerstöku frv. Jeg hefi nú athugað þetta atriði betur og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að hafa báða skólana í sama frv.

Jeg greiddi atkvæði gegn brtt. um Blönduósskólann í fyrra, einkum vegna þess, að jeg taldi hann aðallega sýsluleða hjeraðsskóla. Nú hafa komið nánari skýrslur um starfsemi skólans, og sýnir það sig, að þangað sækja til náms stúlkur alstaðar af landinu, ekki frekar frá Húnavatnssýslu en annarsstaðar að.

Þá fór háttv. þm. að tala um unglingaskólana. En þeir eru engir sjerskólar, heldur almennir skólar, bæði fyrir konur og karla.

Sigurður Eggerz: Jeg vil vekja at-

hygli á því, að mál þetta hefir tvær hliðar. Önnur er fræðsluhliðin, en hin er fjármálahliðin.

Að því er fyrri hliðina snertir, þá er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir að bæta hana, og heldur ekki er farið fram á að ljetta undir lærisveinunum með þessu frv. á nokkurn hátt.

Þá er það fjárhagshliðin. Enginn vafi er á því, að hjer er um aukin útgjöld að ræða. Og hætt er við því, þó að útgjöldin virðist ekki mikil, að hjer fari eins og við hvern annan ríkisrekstur, að þetta hafi mjög aukinn kostnað í för með sjer. Líklegt er og, að ekki muni líða langur tími þangað til farið verður að heimta byggingu fyrir kvennaskólann hjer, og það stóra byggingu, sem kostað gæti fleiri hundruð þúsund.

Í þessu máli hefir stjórnin reynst allveik fyrir gegn hinum eina kvenfulltrúa, sem hjer á sæti. Hvernig mundi stjórnin þá standast gegn heilli kvenfylkingu, sem heimtaði nýja kvennaskólabyggingu, eftir að búið væri að gera skólann að ríkisskóla.

Marga hefir furðað á því, að þetta frv. skyldi nú tekið upp aftur að nýju. Virðist það benda á, að stjórnin sje fullbjartsýn á fjárhaginn. Þó búið sje að greiða á einu ári 30% af ríkisskuldunum, þá má ekki gleyma því, að þessi greiðsla og gengishækkunin hefir verið allnærgöngul við atvinnuvegi þjóðarinnar. Og þó ríkisskuldirnar þannig hafi minkað, þá eru þó fjárhagshorfurnar engan veginn góðar, því kjarnaþátturinn í fjármálum þjóðarinnar er, að atvinnuvegirnir standi vel, en á því er nú allmikill brestur.

Í sambandi við þetta kvennaskólamál virðist mjer, að ekki verði hjá því komist, að líta á tillögur stjórnarinnar í öðrum fræðslumálum. Minni jeg þannig á, að nú á að stofna lærðan skóla, og því máli fylgir stjórnin með mikilli hörku, en samtímis á að kasta gagnfræðakenslunni hjer í Reykjavík á gaddinn. Nær teldi jeg að sjá fyrir gagnfræðakenslunni heldur en taka að óþörfu tvo af kvennaskólum landsins, sem nú eru reknir sem einkaskólar, og gera þá tilefnislaust að ríkisskólum.

Mjer virðist það annars gullin meginregla fyrir þessa stjórn og allar aðrar stjórnir, að forðast að taka ný útgjöld á ríkissjóðinn, nema mikil þörf sje á því. Jafnvel þótt bjart væri yfir fjárhagnum, ætti sú regla að ráða um óþörf útgjöld. Og þegar sannað er, enda enginn mótmælt, að þessir skólar sjeu mjög vel reknir og veiti góða fræðslu, en yrðu engu betri, þó ríkið tæki við þeim, þá finst mjer engin furða, þó að fram komi sterk mótmæli gegn því að auka þannig útgjöld ríkissjóðs alveg að nauðsynjalausu. Það er gersamlega óþarft að vera að taka þessa skóla upp og skapa með því fasta útgjaldaliði á fjárlögum.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en þykist hafa gert ljósa grein fyrir aðstöðu minni.

Guðmundur Ólafsson: Jeg þarf nú ekki mikið hjer um að segja og skal því vera stuttorður. En jeg vil byrja á því að segja hv. þm. það, að jeg bjóst alls ekki við, að frv. þetta kæmi fram nú á þinginu. Jeg verð þó að lýsa ánægju minni yfir þessu, því að það var einmitt mín skoðun í fyrra, að báða skólana ætti að taka upp í sama frv., og ef kvennaskólinn hjer væri tekinn á ríkissjóð, ætti Blönduósskólinn öllu meiri rjett til þess. Þegar nú hæstv. fjrh. (JM) og annar flm. mentmn., hv.

þm. Seyðf. (JóhJóh), sem fastast lögðust á sama streng í þessu máli í fyrra og töldu ófært að taka upp báða skólana í sama frv., þegar svo vísir menn sem þeir eru komnir á mitt mál, get jeg ekki annað en verið dálítið hreykinn. (**JóhJóh:** Jeg held, að hv. þm. misminni). Það getur vel verið að mig misminni eitthvað, en ekki samt það, að hv. þm. (JóhJóh) lagðist þá af fullri alvöru móti skólanum á Blönduósi. Og þó að jeg misti af hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem ekki mun hafa sjerstaklega vitt það, þó báðir skólarnir væru í sama frv., þá er mikið unnið, þar sem er hæstv. forsrh. (JM), því að jeg álít hann síst minni mann í þessu efni en hv. þm. Seyðf. (JóhJóh).

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að nú væri fyrir hendi skýrsla, sem sýndi, að Blönduósskólinn væri fyrir alt landið, og þessvegna hefði hann breytt um skoðun. En hjer er nú ekki annar munur en sá, að nú er skýrslan prentuð í brjefi frá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), en í fyrra hafði jeg skýrslu þessa skrifaða frá stjórnarnefnd skólans. (**Forsrh. JM:** Aðeins dálítið öðruvísi). Nei, hún var alveg eins. En annars skal jeg ekki um þetta þrátta.

Jeg verð að lýsa yfir fylgi mínu við það, að ríkissjóður taki á sig báða skólana. Því að ósanngjarnt er að taka upp Reykjavíkurskólann, en skilja hinn eftir, enda mun það sannast, að það verða smámunir, sem fara til Blönduósskólans hjá því, sem hinn þarf.

Mjer finst launamunur kennara þessara skóla vera nokkuð mikill, enda þótt jeg játi hinsvegar, að ódýrara sje að lifa á Blönduósi en hjer. Jeg hygg, að rjett væri, að kennarar Blönduósskólans hefðu ⅔ hluta móti því, sem kennarar Reykjavíkurskólans kæmu til með að hafa. Ætlaðist jeg líka til þess í fyrra, að svo væri. En nú er munurinn talsvert meiri.

Hvað því viðvíkur, að frv. komi nokkuð seint fram, þá er því að svara, að svo mun og hafa komið fyrir um fleiri frv., sem óþörf voru og lítt kunn, en höfðust þó í gegn. En þar sem þetta er svo kunnugt mál, ætti það að geta orðið að lögum, enda þótt það hafi komið seint fram.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg skal ekki lengja umr. mikið. En hv. 3. landsk. (JJ) hefir gefið mjer tilefni til nokkurra athugasemda. Hann telur yfirsjón, að ekki skuli getið um það, hver þessi meiri hl. sje, sem flytur frv., og gæti það valdið misskilningi. Jeg hefi nú reyndar tekið það fram í framsöguræðu minni áðan, en skal þó lýsa yfir því, að meiri hl. er hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og jeg, en minni hl. er hv. 3. landsk. (JJ). En háttvv. þm. var vel kunnugt um, að til stóð að prenta frv. og það þoldi enga bið, sökum þess að það var svo seint á ferðinni. Hefir verið sýnt fram á, að það getur eins orðið að lögum fyrir það. Mun svo hafa verið um ýms önnur mál, og það þótt þau væru ekki eins kunn og þetta.

Það er nú að bera í bakkafullan lækinn að fara að taka upp aftur hið sama og umr. snerust um í fyrra, enda þótt ræður tveggja hv. þm. hafi gefið tilefni til þess. Þó ætla jeg að gera hjer örlitlar athugasemdir.

Jeg hefi nú þegar gert fulla grein fyrir því, sem hv. þm. var vel kunnugt áður, hver væri meiri og hver minni hl. Mjer þykir leitt, að svo skýr maður, sem

hv. 3. landsk. (JJ) er, skuli ekki beita skarpleik sínum til þess að sjá, hver sje munurinn á almennum unglingaskóla og kvennaskóla, þar sem kenna á konum það, er þær þurfa að læra, til þess að geta gegnt skyldum sínum og störfum í lífinu. En jeg ætla ekki að fara út í það nú. Þetta kemur líklega af líkamlegri eða andlegri sjóndepru hjá honum.

Hv. 1. landsk. (SE) var að reyna að villa mönnum sýn, eins og í fyrra, með því að segja, að skólinn væri nú vel rekinn og mundi ekkert batna, þó að hann yrði ríkisskóli. En jeg vil stuttlega benda honum á það, að lengi getur gott batnað eins og vont versnað. Og það, að skólarnir eru þektir að góðu einu, ætti að gera þá þeim mun verðugri heldur en ef hið gagnstæða mætti um þá segja. En besta tryggingu fyrir því, að bæði einstaklingum og almennum fyrirtækjum gangi vel, tel jeg vera það, að hin fjárhagslega afkoma þeirra sje sæmilega trygð og menn eigi ekki alt undir dutlungum þeirrar stjórnar og þings, er í það og það skiftið situr við völd.

Aukin útgjöld. Það er gamla grýlan. En menn ættu aðeins að lesa frv. betur niður í kjölinn, áður en þeir nota þá grýlu til þess að slá niður sanngjarnar og sjálfsagðar kröfur. En hjer er ekki mikið í húfi. Af þeim ástæðum þurfa menn ekki að kvíða fyrir miklum útgjöldum.

Það hefir verið minst á það undir þessum umræðum, að í þinginu sje nú á ferðinni frv. um lærðan skóla. Ef það verður samþ., leiðir það að sjálfsögðu af sjer, að gagnfræðaskóli verður settur á stofn hjer. En auðvitað á ríkissjóður ekki frekar að taka hann á sína arma en sambærilega skóla annarsstaðar á landinu.

Jeg get upplýst, að kvennaskólinn hjer getur, með sáralitlum breytingum, veitt sömu fræðslu og gagnfræðaskólar. Mundu þá stúlkur þær, sem af efnalegum ástæðum ekki gætu haldið áfram lengur en í gagnfræðaskóla, leita til Kvennaskólans í Reykjavík og fá þar í efri bekkjunum þá mentun, er svarar til gagnfræðanáms, auk þeirrar sjermentunar, sem Kvennaskólinn í Reykjavík veitir öllum nemendum sínum. Get jeg sannað hv. þm. þetta hvenær sem er.

Háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) þótti munurinn mikill á launakjörum við skóla þessa. Reyndar er jeg ekki nægilega kunnug þar nyrðra til þess að dæma um það, hvort þar er um ósanngjarnan mismun að ræða, því eins og sumir hv. þm. hafa rjettilega tekið fram, þá er svo miklum mun ódýrara að lifa á Blönduósi en í Reykjavík, og munu launin vera miðuð við það. Jeg býst þá við, að það sje nokkuð sanngjarnt að viðbættri dýrtíðaruppbót. Þess ber og að gæta, að á Blönduósi eru flestir kennararnir fastakennarar, en hjer í Reykjavík eru það aðeins forstöðukonan, kenslukonan í hússtjórnardeild skólans og loks einn fastur kennari, forstöðukonunni til aðstoðar, sem frv. gerir ráð fyrir, að í forföllum hennar hafi stjórn skólans á hendi.

Einar Árnason: Ekki sakast jeg um, þótt frv. þetta komi seint fram. Mjer finst sannast að segja ekki svo langt síðan það var hjer í hv. deild, að það hefði ekki mátt hvíla sig enn um stund.

Frv. er flutt af meiri hl. mentmn., og

skildist það á hv. 3. landsk. (JJ), að það hefði aldrei verið rætt í nefndinni. Mun það því eigi vera tilætlunin, að því verði vísað til þeirrar nefndar aftur, enda þýðir víst ekki að stinga upp á því. En mjer finst mál þetta þannig vaxið, að rjett sje, að það sje athugað í nefnd. Mjer hefir talist svo til, að með frv. væru stofnuð hjer 7—8 ný og föst embætti. Þetta snertir því auðsjáanlega fjárhag ríkisins mjög mikið.

Fyrir utan það geng jeg út frá því, eins og líka hv. 1. landsk. (SE) benti á, að ekki mundi líða á löngu áður en það hefði í för með sjer nýjan og aukinn kostnað, þegar ríkissjóður væri búinn að taka við þessum skólum.

Er ekki laust við, að farið sje hjer að brydda á sömu stefnu og 1919, þegar alt þótti fært. Enda hefir ríkissjóður alt til þessa orðið að bera allþunga launabagga, er þá voru lagðir á hann og erfitt hefir reynst að fleyta fram.

Vil jeg út af þessu leggja til, að málinu verði vísað til fjhn., til þess að hún fái ástæðu til að athuga launakjör hinna nýju embættismanna, sem ríkissjóður á að taka á sínar herðar með þessu frv.

Jónas Jónsson: Mjer þykir vænt um, að hæstvirtur forsrh. (JM) má vera að því í þetta sinn að hlýða á mál mitt; hann gat það ekki vegna anna í fyrra, svo að jeg verð til neyddur í þetta sinn að endurtaka nú nokkur atriði af því, sem jeg þá óskaði svars við, sem er ennþá ókomið; t. d. hvernig hæstv. ráðh. ætlar að samrýma það stjórnlyndi sínu að byrja hjer ríkisrekstur á skólum í stærri stíl. Hjer er sem sje ekki um meira nje minna að ræða en þjóðnýting unglingaskólanna að miklu leyti, ef frv. gengur fram. Í öðru lagi vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (JM), JóhJóh og IHB, hvort þau vilji ekki nú þegar stíga skrefið lengra, svo ekki verði annað eins hálfverk og frv. miðar til. Hvort eigi skuli nú taka upp á arma ríkissjóðs Hvítárbakkaskólann, Núpsskólann, Laugaskólann, hinn væntanlega skóla Árnesinga o. fl., svo að unglingafræðslan verði þegar án frekari umsvifa tekin upp á arma ríkissjóðs. Jeg veit vel, að aðstandendur þessara skóla allra renna hýru auga til stjórnar ríkisins viðvíkjandi þessum málum, og síst mun það draga úr áhuga þeirra, er þeir sjá þann hinn mikla sigur, sem hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) hefir unnið á stjórninni, að því er Blönduósskólann snertir. Jeg veit, að það getur alls eigi farið framhjá jafn-vitibornum manni og hæstv. forsrh. (JM), að á næstu árum, máske þegar á næsta þingi, verður að bæta við 30—40 nýjum kennaraembættum, ef frv. þetta verður samþykt.

Hæstv. ráðh. (JM) vildi ekki taka við ávítun fyrir það, að frv. þetta kæmi seint fram, en þó máske þingið þurfi ekki, eins og hæstv. ráðh. virðist álíta, mikinn tíma til að athuga þetta mál, hefir það þó tekið allgóðan tíma hjá stjórninni sjálfri. Jeg verð því að gefa háttv. deild nokkrar upplýsingar um þetta mál, sem stjórninni sjálfri að vísu var skyldara að koma fram með. — Það er sem sje svo, að stjórnin virðist í fyrstu ekki hafa hugsað um að taka á sína arma aðra skóla en kvennaskólann í Rvík, og í því formi lá frv. svo fyrir, en eftir að stjórninni hefir borist brjef og tilmæli háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem á sæti í skólanefnd Blönduósskólans, er hann fer fram á nákvæm-

lega hið sama og háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) bar fram á þinginu í fyrra og viðhefur nákvæmlega þau sömu rök og þá voru borin fram fyrir upptöku þess skóla, verður niðurstaðan sú, hjá hæstv. stjórn, að Blönduósskólanum er bætt við á þetta frv.; skólarnir eru lyppaðir saman. Það sjá og allir, að frv. er mjög bæklað af þessum ástæðum, og er auðsýnileg á því brotalömin á samskeytunum. Jeg leyfi mjer nú að spyrja hæstv. ráðh. (JM), hverju það sætir, að hann vill heldur taka þessa kröfu til greina, er hún kemur frá háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), enda þótt hann að vísu sje stuðnings og styrktarmaður stjórnarinnar, en er krafan kom annarsstaðar frá? Jeg fæ ekki annað sjeð en að hæstv. stjórn hafi verið ófús að taka við Blönduósskólanum og sje inst í hjarta sínu þeirri stofnun alveg andvíg, líklega líka af því, að stjórninni óar við að taka við öllum unglingaskólunum, sem munu sigla í kjölfar Blönduósskólans, en hæstv. forsrh. (JM) hefir orðið fyrir þunga af hálfu háttv. 4. landsk., og því orðið að ganga nauðugur til leiks, eins og Ari sonur Jóns biskups forðum. Því var það, að stjórnin uppgötvaði ekki fyr en eftir dúk og disk í fyrra, að háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) á sæti í skólanefnd Blönduósskólans, sem auðvitað varð gramur undirtektum stjórnarinnar þá. Þetta verður því ekki skoðað á annan veg en þann, að stjórnin sje að stinga tveimur sætum sælgætisbitum upp í tvo mikilsverða stuðningsmenn sína. En bitinn virðist furðanlega stór; það eru hvorki meira nje minna en 8 ný embætti, sem búin eru til, eingöngu vegna þessara tveggja stuðningsmanna stjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. (JM) telur málið ekki þurfa skýringar við hjer í deildinni. Mjer verður þá að spyrja, hvort tilgangurinn sje, að frv. fari alls ekki til neinnar nefndar? Bæði hæstv. forsrh. og flm. frv. vilja ekki láta ræða þetta mál, því þeir eru hræddir um, að málið muni missa fylgi á umræðum um það, og þegar þeir eru svona hræddir um sinn málstað, virðist mjer, að þeir hefðu aldrei átt að bera þetta frv. fram.

Jeg get ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á athugasemdir háttv. 4. landsk. (IHB). Það var rjett, sem hún skýrði frá um minni hlutann í mentamálanefndinni, en hún hefði líka átt að segja frá því, að þetta mál er enn alveg órætt í þeirri nefnd; hefir aldrei verið borið undir nefndina alla, hvort hún vildi taka að sjer flutning frv. fyrir hæstv. ríkisstjórn. Þá er það einnig órannsakað, hversu margir þeir skólar eru, sem hliðstæðir eru þessum kvennaskólum, hjeraðsskólarnir. Það gætti ónákvæmni í ræðu háttv. 4. landsk., er hún sagði, að kvennaskólinn í Rvík gæti útskrifað umsvifalítið ca. 50 gagnfræðinga. Hver er þá munurinn á kenslu í þessum skóla hennar og unglingafræðslunni? Þetta er þá yfirlýsing um, að skólinn þurfi ekki að breytast til að geta útskrifað gagnfræðinga. Jeg skal taka það fram, að jeg veit um mjög marga nemendur, t. d. frá Eiðaskóla, sem hafa aðeins þurft lítinn undirbúning í viðbót til að standast hjer gagnfræðapróf. Af hverju er þetta? Af því að Eiðaskólinn er í svo litlu frábrugðinn skólunum hjer. Það er því játað með þessum orðum háttv. 4. landsk. (IHB), að kvennaskólinn sje aðeins almennur unglingaskóli, og sje hægt með mjög litlum breytingum á þeim skóla að útskrifa þaðan gagnfræðinga. Það þarf heldur ekki miklar breyt-

ingar á Eiðaskóla til þess sama. Skólinn í Flensborg í Hafnarfirði, sem er einkaskóli, er líka gagnfræðaskóli fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu o. fl., og þaðan koma árlega hópar nemenda, sem ganga inn í Mentaskóla Reykjavíkur.

Hjer er þá alls ekki að ræða um neinn sjerskóla fyrir konur, þar sem eru þessir kvennaskólar, en það hefir víst orðið óvart, að háttv. 4. landsk. kom með þessa játningu; en auðvitað var áður búið að sanna henni, að kvennaskóli Reykjavíkur væri hliðstæður öðrum unglingaskólum.

Öðru máli gegnir um þessa sjerskóla kvenna erlendis; ef t. d. nemandi frá Sóreyjarskóla ætti að ganga þar undir gagnfræðapróf, mundi nemandinn ekki geta staðist slíkt próf, sem ekki er heldur von. Sóreyjarskólinn veitir konum alt aðra mentun en gagnfræðaskólar; þótt sú mentun geti verið fullgóð og þeim hentugri fyrir því.

Jeg vona því, að það verði skýrt og einarðlega játað hjer eftir af flm. þessa frv., að hjer sje um ekkert annað að ræða en að taka tvo skóla upp á arma ríkissjóðs, sem eru algerlega hliðstæðir 5—6 skólum öðrum í landinu.

Þá vil jeg taka undir og undirstrika það, sem hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) og háttv. 1. landsk. (SE) sögðu, að kostnaður sá, sem af þessu frv. leiddi, yrði gífurlegur fyrir ríkissjóð. Vegna húsnæðisleysis skólans hjer í Reykjavík verður ríkið að byggja yfir hann, og getur það ekki orðið fyrir minna en 200 þús. kr., með heimavistum í skólanum. (SE: 200 þús. hrökkva ekki neitt). Jæja, hvað þá heldur, ef svo er. Þá vil jeg benda á eitt, sem háttv. 4. landsk. (IHB) hefir sagt, og mjer dettur alls ekki í hug að fara að hrekja eða draga í efa, að eftirsókn þessara skóla, eftir að komast á ríkissjóð, væri vegna öryggis um fjárframlög frá stjórnarinnar hálfu til skólanna. En skyldu þá ekki ýmsir aðrir þm. vera til hjer á þingi, sem vildu koma skólum sinna hjeraða í þessa höfn öryggis- og áhyggjuleysis fyrir framtíðinni? T. d. hv. þm. Borgf., þm. S.-Þing., þm. N.-Ísf. o. fl., o. fl. Annars er það dálítið einkennilegt að tala um það, að það sje stjórnin, sem ráði fjárframlögum til skólanna; en þetta stafar auðvitað af því, að háttv. 4. landsk. (IHB) er svo stjórnlynd sjálf. Auðvitað er það þingið, en ekki stjórnin, sem ræður fjárframlögum til skólanna eins og öllum öðrum fjármálum ríkisins. En jeg ætla mjer alls ekki að hrekja þessi orð háttv. 4. landsk., um að það sje vegna öryggisins. Jeg veit, að þetta er rjett, að einkafyrirtækin vilja miklu heldur sleppa við áhættuna á rekstrinum og komast á ríkissjóðinn. Jeg geri ráð fyrir, að í þessu efni fari líkt fyrir háttv. 4. landsk. (IHB) og móður Sankti Pjeturs, þegar hún var sótt niður í kvalastað fordæmdra. Þegar kvennaskólinn í Reykjavík er kominn í höfn öryggisins, þá koma aðrir skólar og hengja sig tugum saman utan í engilinn, þ. e. forsrh. (JM), er hann ætlar að bera þessa tvo skóla burt úr fordæmingu óvissunnar yfir í hið fyrirheitna land öryggis og þjóðnýtingar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hvorki hirði nje finn ástæðu til að svara fyrirspurnum háttv. 3. landsk. (JJ). Jeg hefi áður lýst fyrir honum, ásamt öðrum háttv. þm. þessarar deildar, skoðun minni á unglingaskólum og því, sem þá áhrærir, og hafa skoðanir okkar ekki fallið saman. Ef stefnu minni og skoð-

un um skipun unglingaskólanna hefði verið fylgt eða meiri gaumur gefinn, mundi því atriði fræðslumálanna nú betur komið en raunin er á.

Háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) talaði um mismun á launum við þessa skóla, að það væri ekki með öllu rjett. Jeg tel launin vera hlutfallslega bætt í báðum þessum skólum eftir frv. Háttv. þm. (GuðmÓ) viðurkendi, að ódýrara væri að lifa á Blönduósi, sem væri nær sama og í sveit væri, og uppbótin á launum við Blönduósskólann er hjer um bil alveg hlutfallsleg við hinn skólann. Jeg tel því ekkert ósanngjarnt í þessu.

Viðvíkjandi því, að hjer sje um stofnun nýrra embætta að ræða, vil jeg leyfa mjer að benda á, að þessir tveir skólar hafa að undanförnu að öllu leyti verið kostaðir af ríkinu, og hjer er því ekki um neinar nýjungar að ræða. Hjer er það aðeins viðurkent með berum orðum, sem verið hefir í verki.

Jeg held það sje máske eitthvað um 2000 kr., sem Reykjavíkurskólinn fær annarsstaðar en úr ríkissjóði, og þessar 2000 kr. koma svo að segja allar úr sjóði skólans, og um 1000 kr. til Blönduósskólans. Það getur að vísu verið, að áður hafi eitthvað verið lagt meira til Blönduósskólans úr sýslusjóði norður þar, en nú er skólinn í rauninni kominn á landssjóð.

Viðvíkjandi aðfinslunum um orðalag kaflans um Blönduósskólann, þá hygg jeg þær á engum rökum bygðar, en sje þar eitthvað ábótavant, er það ekki meira en svo, að laga megi á þinglegan hátt með brtt., án þess að frv. þurfi að fara til nefndar, úr því það er borið fram af nefnd. Að fara að vísa frv. til fjhn. sje jeg enga ástæðu til, og skil ekki, hvað liggur til grundvallar þeirri uppástungu. Fari frv. í nefnd, verður það auðvitað mentamálanefnd, — sem jeg þó tel alóþarft, er sú nefnd flytur frv. Vilji menn þó endilega láta frv. fara í nefnd, má gera það við 2. umr., og væri því óhætt að vísa því til 2. umr. nefndarlaust.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Háttv. 3. landsk. (JJ) segir, að jeg hefði sagt það óvart, að nemendur úr efri bekkjum Kvennaskólans í Reykjavík gætu tekið gagnfræðapróf þaðan, ef þörf krefði, með því að auka nokkuð við kensluna í einstaka námsgreinum. Þetta sagði jeg í sambandi við það, sem hv. 1. landsk. sagði, að til vandræða horfði með gagnfræðamentun hjer í bæ, ef Mentaskóli Reykjavíkur yrði gerður að samfeldum lærðum skóla. Jeg sagði, að úr hinni brýnu gagnfræðaskólaþörf gæti Kvennaskólinn í Reykjavík bætt að nokkru leyti, án þess að gera þyrfti á honum nokkrar verulegar breytingar, og þetta tek jeg ekki aftur, því jafnframt þeirri fræðslu, sem konum einum hæfir, fá nemendur Kvennaskóla Reykjavíkur mjög staðgóða bóklega fræðslu, sem í mjög fáum og óverulegum atriðum víkur frá algengri gagnfræðamentun.

Sigurður Eggerz: Það er verulega skemtilegt að hlusta á umræður í þessu máli. Hæstv. forsrh. (JM) kvaðst ekki láta ginna sig til að halda langar ræður. Hver er að ginna hann? Jeg hefi ekki beðið hann að segja eitt einasta orð!

Frá sjónarmiði okkar, sem erum þessu frv. andvígir, er það gleðilegt, að hæstv. stjórn treystist ekki að ræða frv. Jeg mótmæli því, að í þessum umræðum hafi verið leiddar nokkrar líkur að

því, að skólar þessir verði reknir betur, þó þeim sje úr einkaskólum breytt í ríkisskóla. Jeg veit, að hæstv. forsrh. (JM) er þó svo sniðugur í umræðum, að ef hann hefði sjeð sjer fært að tilfæra eitt einasta atriði þessu til sönnunar, hefði hann gert það.

Athugasemdir mínar um fjárhagshliðina eru einnig óhraktar. Í fyrsta lagi felast í sjálfu frumv. nú þegar aukin útgjöld, en auk þess má vísa til reynslunnar um það, að ríkisfyrirtæki reynast jafnan dýrari en einkafyrirtæki.

Í tilefni af því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, læt jeg ekki fyrirskipa mjer um það, hvað jeg tali eða hvað jeg ekki tali. Sumt af því, sem sagt var í fyrra, getur verið nauðsynlegt að rifja upp aftur, einkum þegar skilningurinn er ekki alt of næmur.

Út af ummælum háttv. 3. landsk. þm. (JJ) vil jeg taka fram, að besta öryggið fyrir þennan skóla er, að hann sje rekinn vel, því þá mun hann ekki skorta styrk frá því opinbera. Þessi sjálfsbjargarhvöt minkar, þegar ríkið er búið að taka skólann í sínar hendur. Hæstv. stjórn má eiga von á því við hverja einustu umræðu þessa máls hjer í deildinni, að sýnt verði fram á veilurnar í þessu frv. Það er broslegt, að þessi stjórn, sem þykist hafa bjargað við fjárhag landsins, og látið blása það út um alt land, skuli koma með slíkt frv. sem þetta. Það sýnir best sparsemina.

Jónas Jónsson: Það mun vera nóg að gera aðeins stutta athugasemd, þar sem stjórnarherinn virðist nú með öllu fallinn í valinn. Og „Generalarnir“ urðu fyrstir í gröfina.

Mjer finst, að jafnlærður maður og hæstv. núverandi forsrh. (JM) er ætti að vita, að á heimspekinni velta framkvæmdirnar. Ef þess vegna einhver flokkur hefir komist í mótsögn við þá heimspeki eða lífsskoðun, sem hann byggir á, er ekki gott í efni.

Jeg vil nú benda hæstv. forsrh. (JM) á það, að frv. þetta er einmitt borið fram um leið og formaður stjórnarflokksins mótmælir í einu af tímaritum landsins því, sem háttv. 1. landsk. (SE) kallar hinn mjúka kodda landssjóðs. Hæstv. ráðherra (JM) getur því ekki samrýmt þetta við lífsskoðun flokksins, og vill hann því hraða málinu óeðlilega gegn um þingið og alls ekki athuga það í nefnd.

Það er alveg óhugsandi, að hæstv. forsrh. (JM) sje svo blindaður, að hann sjái ekki, að með frv. þessu er opnuð leið fyrir alla hjeraðsskólana inn í ríkissjóðinn. Og þegar þess er ennfremur gætt, að fyrst og fremst hann, hæstv. forsrh. (JM), þm. Seyðf. (JóhJóh) og hv. 4. landsk. (IHB) hafa öll snúist við gagnvart Blönduósskólanum, frá því í fyrra, þá er það vitanlega af því, að þau sjá, að það verður að taka fleiri skóla yfir á ríkið, ef Reykjavíkurskólinn verður tekinn. Út frá þessu er það ofurvel skiljanlegt, að þessir háttv. þm. vilja flaustra málinu gegnum þingið, án þess að það verði athugað. En hæstv. ráðherra flýtti sjer ekki svo mjög að leggja málið fyrir þingið, að það hafi ástæðu til að flýta sjer mjög með afgreiðslu þess.

Þá hefir hæstv. ráðherra (JM) loks svarað þeirri fyrirspurn minni, hvort hann ætli að taka fleiri skóla yfir á ríkissjóðinn. Í svari hans kemur glögglega fram, að hann er ekki betur sjáandi í því máli nú en hann var gagnvart Blönduósskólanum í fyrra. Jeg var einmitt að halda, að hann sæi, að betra

væri fyrir hann að taka alla unglingaskólana í einu heldur en einn og einn í senn. Með því snerist hann einn snúning fyrir marga. En annars þarf hann kannske að snúast einn snúning á ári, t. d. næsta ár vegna Borgarfjarðarskólans.

Ákvæði frumvarpsins um launakjör kennaranna eru alveg óverjandi, þar sem helmings munur er gerður á launakjörum kennaranna hjer og á Blönduósi. Hefir kannske sýslumaður, læknir eða prestur á Blönduósi minni laun en stjettarbræður þeirra annarsstaðar? Jeg held ekki. Væri því æskilegt, ef hæstv. ráðherra vildi útskýra, af hvaða ástæðum hann gerir þennan mikla mun á launum kennaranna við þessa skóla, þegar læknir og prestur hafa sömu laun á báðum stöðunum. Veit hæstv. ráðherra (JM) nokkurt fordæmi fyrir slíku? — Þetta, meðal annars, sýnir, hver þörf er á að rannsaka málið í nefnd.

Það gleður mig, að háttv. 4. landsk. (IHB) hefir nú tekið þann kostinn, sem henni var bestur, að gefast upp, og játa þar með sinn ranga málstað. **(IHB:** Jeg vil helst geta sannfært hv. 3. landsk.). Í nefndinni. — En jeg vil benda á, að það er venja, að fjhn. hafi öll launalög til meðferðar, og hjer er um að ræða að stofna 8 ný embætti. Þá þætti mjer vel hlýða, að hún fengi að fjalla um málið eftir að mentamálanefnd hefir haft það til athugunar.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 3. landsk. (JJ) hættir oft við að rugla mörgu saman, jafnt þingsköpum sem öðru. Jeg held, að það sje varla rjett, að málið gangi á milli nefnda. Hitt er annað mál, að spyrja mætti hv. fjhn. um hin fjárhagslegu atriði frumvarpsins.

Hvað launin snertir, þá er þeim haldið líkt í frumvarpinu og þau eru nú, að viðbættri dýrtíðaruppbót. Sjeu launin því sæmileg nú, jafnt við Blönduóssem Reykjavíkurskólann, ættu þau að vera rífleg eftir frumvarpinu.

Samanburður þessa háttv. þm. (JJ) um launakjör embættismanna í kaupstöðum og kauptúnum held jeg að hafi ekki verið heppilegur. Háttv. þm. hefði heldur átt að bera saman launakjör kennara í Reykjavík og kennaranna við búnaðarskólana og Eiðaskólann. Það hefði verið dálítið meira vit í því.

Annars held jeg, að svo sje um þetta mál sem fleiri, að það græði ekki á löngum umræðum. Í ræðum þeirra hv. 1. landsk. (SE) og hv. 3. landsk. (JJ) hefir ekki komið neitt nýtt í málinu. Það, sem þessir háttv. þm. eru að blanda hjer inn í stefnuskrá Íhaldsflokksins, þá sýnist mjer það ástæðulaust. Slík mál sem þessi ættu að vera laus við flokkadeilur, en hv. þm. hættir við að koma flokkapólitíkinni að í svo að segja hverju máli.

Sigurður Eggerz: Mig furðar á því, að hæstv. forsrh. (JM) skyldi vera að tala um það, hversu oft jeg kastaði hnútum til hæstv. stjórnar, eins lítið og jeg hefi gagnrýnt störf hennar. Því satt að segja hefi jeg vonda samvisku yfir, hversu lítið jeg hefi gert að því.

Hvernig stendur annars á því, að þeir sömu háttv. þm., sem stóðu í fyrra andvígir við Blönduósskólann, eru nú alt í einu orðnir með honum? Er ekki einhver angi af hinni illræmdu hreppapóli-

tík í þessu? Er þetta ekki gert til þess að koma Reykjavíkurskólanum gegnum þingið?

Annars getur vel verið, að jeg fari hjer eftir að kveða fastara að við hæstv. stjórn, því að sannarlega mundi hún hafa gott af því.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 1. landsk. (SE) sagðist hafa hlíft stjórninni og kvaðst nú mundi fara að kveða fastara að seinna. Háttv. þm. (SE) er velkomið að koma með hvað sem hann vill; það mun tæplega saka stjórnina mikið.

Það, sem jeg meinti með ummælum mínum, var það, að mjer fanst þetta mál þannig vaxið, að um það mætti tala alment, án þess að blanda inn í það pólitík eða öðrum deilumálum.

Þá var þessi háttv. þm. að tala um, að það hefði verið blásið út um alt, að þessi stjórn hefði bjargað við fjárhag landsins. Þetta finst mjer ekkert koma þessu máli við. Því fyrir mínum augum er mál það, sem nú er til umræðu, ekki stórt fjármál fyrir ríkissjóðinn. Eins og nú er, greiðir ríkissjóður kostnað skólanna. Eins og jeg hefi oft tekið fram áður, finst mjer, að þing og stjórn eigi að ráða yfir þeim fyrirtækjum, sem kostuð eru að mestu eða öllu leyti af ríkisfje. Að það sje ámælisvert fyrir stjórnina, þó að hún mælist til slíks, fæ jeg ekki skilið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til fjhn. feld með 8 : 4 atkv.

Frv. vísað til mentmn. með 8 : 2 atkv.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 375 og 376).

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og sjest á þingskjali 375, nefndaráliti meiri hl. mentmn., hefir nefndin ekki getað orðið sammála um frv. það, sem hjer liggur fyrir þessari hv. deild. Meiri hluti nefndarinnar heldur því fram, að kvennaskólarnir sjeu sjerskólar fyrir kvenfólk; þetta hefir ekki verið hrakið, og þessvegna eiga þessir skólar fylsta rjett til þess, að ríkið taki þá að sjer eins og hverja aðra sjerskóla fyrir karlmenn. Um þetta atriði stóðu allmiklar deilur á síðasta þingi. Hv. minni hl. lítur öðru vísi á þetta en við, og hefir hann nú fært allmikið út kröfur sínar frá því í fyrra, um sambærilega skóla, og verður ekki annað sagt en að hv. frsm. minni hl. (JJ) taki munninn nokkuð fullan, þar sem hann leggur til, að 6 skólar — segi og skrifa sex skólar — verði teknir á ríkissjóð, ef það verði gert við kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi. Þar er hvorki nægjusemi nje sparnaður, sem ræður hjá hv. þm. (JJ), og jeg hygg, að hv. minni hl. (JJ) mundi ekki verða skotaskuld úr því að koma með nokkra nýja skóla á næstu þingum.

Jeg ætla mjer ekki að fara að ræða C.—G.-liðina í brtt. hv. minni hl. (JJ), því að það mundi lengja umr. alt of mikið, en jeg vil minna á, að frv. það, er lagt var fyrir síðasta þing, um að gera Kvennaskólann í Reykjavík að ríkisskóla, var felt með jöfnum atkvæðum, og rjeð þar miklu, að ekki þótti rjett að gera annan kvennaskólann að ríkisskóla, en hinn ekki, og svo hitt, að búist var við, að hann mundi verða dýrari í

rekstri heldur en sem sjálfstæð stofnun. Nú er, eins og segir í nál. meiri hl., kipt fótum undan fyrri mótbárunni, þar sem hið sama er látið gilda um báða skólana, og þó að sá spádómur kunni nú að vera rjettur, að skólarnir yrðu eitthvað dýrari í rekstri sem ríkisskólar heldur en sem einkafyrirtæki, þá lítur meiri hl. svo á, að það sje hjegómi að einblína á það, þegar um það er að ræða að tryggja framtíð þeirra skóla, sem eru sjerstaklega sniðnir eftir þörfum ungra kvenna hjer á landi, en það var sannað undir hinum löngu umræðum hjer um málið í fyrra, með góðum rökum, að þessir skólar væru sjerskólar fyrir kvenfólk, og þetta verður ekki hrakið, því að námsgreinar skólanna sanna það. Og svo er eitt, sem ekki má gleyma, að hálfrar aldar reynsla hefir sannað svo nauðsyn þessara skóla, að engin rökfimi gerir það betur, og með því að lesa skólaskýrslur þeirra fram á þennan dag og sjá, hverjar námsgreinar hafa verið kendar, fær maður sönnur fyrir því, að hjer er um hreina sjerskóla að ræða. Frsm. minni hl. (JJ) hjelt því fram, að hinar almennu námsgreinar, sem þar eru kendar og oft hefir verið bent á, væru ekki sjermentun fyrir konur, skal jeg ganga inn á það, en vil um leið bæta því við, að þær almennu námsgreinar, sem þar eru kendar, má víst telja jafn-nauðsynlegar fyrir konur sem karla, og býst jeg ekki við, að hv. 3. landsk. (JJ), sem vill teljast mentafrömuður, vilji beina áhrifum sínum í þá átt að draga úr mentun kvenna, til þess að sjóndeildarhringur þeirra minki svo mjög, að hann nái ekki út fyrir asklokið. Hins vænti jeg, að hv. 3. landsk. (JJ) geti tekið undir það, er fyrir skömmu var kveðið:

„Í sálarþroska svanna
býr sigur kynslóðanna,
og hvað er menning manna,
ef mentun vantar snót?“

Þessi orð vildi jeg biðja hv. minni hl. nefndarinnar að gera að sínum einkunnarorðum. Og þegar öllu er á botninn hvolft, þá vænti jeg líka, að þetta sje hans skoðun og vilji. Jeg vil taka fram, að þessi vísuorð eru úr kvæði sjera Matthíasar Jochumssonar, er hann orti í tilefni af 25 ára afmæli Blönduósskólans, og vænti jeg því, að allir, sem unna ljóðum hans, festi sjer í minni þessi sígildu ummæli hans, í sambandi við mentun kvenna.

Þá kem jeg að kostnaðinum, sem í fyrra var aðalmótbáran gegn þessu máli. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki sjeð, eins og tekið er fram í nál. hans, að kostnaðaraukinn verði mjög mikill, þar sem það er sannanlegt og tekið fram af ríkisstjórninni, að skólarnir hafa á síðustu árum fengið úr ríkissjóði svo að segja alt það fje, sem þeir hafa þurft til reksturs, því að þeir eiga aðeins lítilfjörlega sjóði og geta því ekki lagt sjer mikið fje til. Þó er Blönduósskólinn það betur á vegi staddur en Kvennaskólinn í Reykjavík, að hann á hús sitt. Launafyrirkomulagið við skólana er ráðgert að haldist að mestu óbreytt frá því, sem nú er, aðalbreytingin er í því fólgin, að föstu kennararnir eiga að fá dýrtíðaruppbót, og get jeg ekki betur sjeð, á þessari jafnrjettindaöld, sem nú er, en að kona, sem kennir, eigi að bera sama úr býtum fyrir sambærileg störf, eins og karlmaður, sem kennir. Eins og tekið er

fram í greinargerð fyrir frv. því, sem hjer liggur fyrir, virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi öll umráð yfir þessum skólum, sem að mestu eru reknir með fje úr ríkissjóði. Hjer er því, að því er snertir þessa kvennaskóla, aðallega að ræða um lögfestingu á því fyrirkomulagi, sem er og hefir verið um skeið, og það er einungis það, sem farið er fram á í þessu frv, og þeir, sem vilja beita sanngirni og vilja málinu vel, óska eftir.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um það, sem snertir frv. sjálft eða aðaltilgang þess, jeg vil aðeins minna á það, að meiri hl. bendir á það í nál. sínu, að í 4. gr. frv. er ákvæði um það, hverjar námsgreinar skuli kendar í Kvennaskólanum í Reykjavík, og þær taldar upp, en um Blönduósskólann er svo ákveðið í 11. gr., að þær skuli vera hinar sömu og áður, þar til er ný skipun verði á gerð. Þetta má teljast nokkurt ósamræmi milli 4. og 11. greinar og mun stafa af því, að ekki hefir verið álitið, að menn hafi komið sjer til fulls niður á endanlegt fyrirkomulag Blönduósskólans. Meiri hl. nefndarinar litur svo á, að heppilegra sje að taka það fram í lögum um báða skólana, að námsgreinar skuli ákveðnar með reglugerð, því að breyttir tímar krefjast breytts náms, og sjeu námsgreinar ákveðnar með lögum, verður miklu erfiðara að breyta til heldur en ef þær eru reglugerðarákvæði, og hyggur meiri hl., að rjett væri að taka þetta atriði til athugunar til 3. umr. Meiri hl. leyfir sjer svo að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem nefndar eru á þskj. 375. Er þar í fyrsta lagi brtt. við 12. gr., að í stað orðanna: „alt á þann hátt, er" komi: „svo sem". Í öðru lagi, að á eftir 12. gr. komi svohljóðandi ný 13. gr., sem líkast til af vangá hefir fallið burt úr frv.:

„Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir." Breytist greinatalan eftir því.

Í þriðja lagi er, að aftan við 15. gr. bætist: „1. september 1926". Vænti jeg svo, að málið sje nú svo upplýst, að óþarft sje, og jafnvel ekki forsvaranlegt, að hafa umr. mjög langar, því að það var sannarlega ekki af því, að málið væri ekki nóg rætt, að það náði ekki fram að ganga í fyrra. Vænti jeg, að háttv. deildarmenn sýni þá sanngirni og þann skilning að greiða sem mest fyrir frv., og tel jeg, að þá verði vegur þeirra að meiri.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það er, eins og hv. frsm. meiri hl. (IHB) tók fram, ekki alveg nýtt þetta mál hjer í deildinni, og gat hv. þm. (IHB) svo að einhverju leyti sparað sjer rök með því að vísa til þess, sem í fyrra var sagt í málinu. Jeg ætla þá fyrst að snúa máli mínu að því, sem fyrir liggur í frv., þar sem farið er fram á að taka Kvennaskólann í Reykjavík og á Blönduósi og reka þá sem nokkurskonar ríkisfyrirtæki. Eins og tekið hefir verið fram hjer í dag, var þetta mál rætt hjer í fyrra og felt með jöfnum atkv., og jeg þykist viss um, að ef þeir menn, sem fallið hafa frá í þessari deild á liðna árinu, væru hjer enn, myndi hæstv. stjórn ekki hafa borið fram þetta frv., því að þá var svo ákveðinn mótvilji gegn því, að jeg geri ekki ráð fyrir, að hún hefði þá viljað fara að eyða tíma þingsins árangurslaust til þess. En jeg geri nú ráð fyrir, að þessi mannabreyting, sem orðið hefir, muni

máli þessu hagkvæm, enda hefir hæstv. stjórn síðan tekið það ráð að breyta um stefnu í málinu, því að í fyrra barðist hæstv. forsrh. gegn því, að Blönduósskólinn yrði gerður að ríkisskóla, og ef jeg man rjett, munu flokksbræður hans og háttv. flokkssystir (IHB) hafa fylgt hæstv. forsrh. (JM) í því að slátra Blönduósskólanum. Þessi breyting var að því leyti órjettlát, að sá skóli var þá miklu nær því að uppfylla þau skilyrði, sem þingið mundi setja í því efni, nefnilega það, sem hv. 4. landsk. (IHB) ekki vill kannast við, að Blönduósskólinn er að verða sjerfræðiskóli fyrir konur, eins og bændaskólar eru það fyrir karla. Aftur á móti verður þetta ekki sagt um kvennaskólann í Reykjavík, því að hann er að mestu bóklegur skóli, eins og hv. 4. landsk. (IHB) er kunnugt, og eru þar kendar flestar sömu námsgreinar og í almennum gagnfræðaskólum, nema hvað hann stendur lengur og þar eru kend þrjú útlend tungumál (**IHB:** Nei, ekki nema tvö!) Jú, þýska hefir verið kend þar til skamms tíma. Þetta er svo opinbert og kom svo ljóst fram, þótt óþarft væri, í ræðu hv. 4. landsk. (IHB) við 1. umr. þessa máls, þar sem sagt var, að það væri ekkert því til fyrirstöðu, að mjög margar stúlkur, útskrifaðar af kvennaskólanum, gætu tekið gagnfræðapróf nær fyrirhafnarlaust. Þessi kensla er því svo hliðstæð kenslunni í Flensborgarskólanum, sem er virkilegur gagnfræðaskóli, enda er það vitanlegt, að úr 3. bekk Flensborgarskólans fara margir nemendur inn í lærdómsdeild mentaskólans.

Þetta er aðalgallinn á frv., að stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að stíga sporið til fullnustu, og til þess að bæta úr þessum galla frv. hefi jeg leyft mjer að bera fram viðaukatill. við það, þess efnis, að inn í lögin sjeu teknir nokkrir skólar, sem ríkið hlýtur að taka að sjer að reka, ef það á að verða að lögum, að þessum tveimur kvennaskólum verði komið á ríkissjóð.

Jeg álít eins og aðalmálið liggur fyrir um rekstur þessara tveggja kvennaskóla, að eftir þeim reglum, er gilda, þá sje það að mörgu leyti forsvaranlegt, að ríkið taki að sjer Blönduósskólann, og þá með það fyrir augum, að hann verði framvegis sjerskóli í húsmæðrakenslu. Jafnhliða játa jeg, að rjett sje, að húsmæðradeild kvennaskólans hjer sæti sömu lögum, en ætti þá að vera stærri en hún er nú. Hinsvegar er það alveg hugsunarrangt hjá hæstv. stjórn að taka upp á arma ríkisins annan skóla, sem eingöngu er bóklegur, nema þá að það vaki fyrir henni að skapa fordæmi, sem leiða mundi til þess, að eftir nokkur ár yrðu allir bóklegir skólar teknir upp á ríkissjóð. Þetta býst jeg nú samt við, að sje ekki meining hæstv. stjórnar. En aðstaða hennar verður slæm, ef hún vill ekki sinna kröfum þessum, þegar hún hefir bundið hendur sínar. Því komist Kvennaskólinn í Reykjavík á ríkið, þá er ekki hægt að vera á móti því, að hjeraðsskólarnir fljóti í kjölfarinu. Hjeraðsskólarnir eru jafn-þarfir ungum og námfúsum mönnum úti um sveitir landsins eins og Kvennaskólinn í Reykjavík er fyrir ungar stúlkur í höfuðstaðnum. Þó að hæstv. stjórn þykist ekki geta nú gengið inn á brtt. mínar, verður hún áður en langt um líður að þola það, að sporið sje stigið fult út.

Jeg vil benda á í þessu sambandi, að í fyrra hjelt hæstv. stjórn, að hún gæti tekið kvennaskólann í Reykjavík einan upp á ríkissjóð, þrátt fyrir mótmæli hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), sem hjelt því

fram, að Blönduósskólinn yrði að fylgjast með. Nú hefir hún sjeð að sjer og játað, að hún hefði þá á röngu að standa, og leggur því til, að Blönduósskólinn fylgi með hinum.

Þessvegna verður með atkvgr. um frv. slegið föstu, hvort unglingafræðslan í landinu skuli rekin á kostnað ríkisins eða ekki.

Jeg hefi ekki lagt út í að rekja allar veilur frv., en kemst þó ekki hjá að minnast á nokkrar þeirra, sem eru mest áberandi. Er þá fyrst. að nokkurs ósamræmis gætir í því, að taldar eru upp námsgreinar þær, sem kenna á í kvennaskólanum hjer, en þeim slept að því er Blönduósskólann snertir. Jeg hjó eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl. (IHB), að ætlast væri til, að námsgreinar þessar yrðu teknar upp í reglugerð skólans. En það er rangt og óeðlilegt og hefir heldur ekki tíðkast við skóla hjer, að telja ekki upp í lögunum námsgreinar þeirra. Og þó að vitnað sje í Eiðaskólann í þessu efni, þá hefir það ekkert að segja. Í lögum um hann er tekið fram, hverjar námsgreinar skuli kenna.

Þá er ekki síður um ósamræmi að ræða í launum þeim, sem greiða á við skóla þessa. Forstöðukonu kvennaskólans hjer eru ætlaðar 3 þús. kr. á ári og dýrtíðaruppbót, en á Blönduósi aðeins 1400 kr. Þetta er óeðlilegur mismunur og tekið út úr rjettum hlutföllum. Þó að báðar þessar forstöðukonur hafi haft lág laun hingað til, má ekki rugla svo hlutföllunum, að bersýnilegt ranglæti komi niður á öðrum stöðum. Annars virðist, að sömu hlutföll ættu að gilda hjer og t. d. á sjer stað um launamismun rektors hins almenna mentaskóla og skólameistarans á Akureyri.

Þá er eitt „princip“, sem hæstv. stjórn hefir tekið upp í frv. þetta, sem aldrei hefir sjest í neinu skólafrv. áður, en það er, að forstöðukona skólans hafi ókeypis fæði í skólanum. Jeg hefi nú viljað sýna hæstv. stjórn þær eðlilegu afleiðingar, sem þetta hefir í för með sjer, og þessvegna tekið þetta ákvæði upp í allar viðaukatill. mínar. Eigi að lögleiða þetta við einn skóla, leiðir af sjálfu sjer, að sama verður að ganga yfir alla aðra. Annars vænti jeg, að hæstv. forsrh. (JM) skýri nánar, hvað átt er við með þeirri nýbreytni. Það væri hugsanlegt, að þetta miðaðist við, að einhleyp kona stýrði skólanum. En það gæti líka hugsast, að forstöðukonan hefði þann hug til karla, að hún giftist, og yrði þá að líkindum að sleppa stöðunni, því ótrúlegt er, að ríkissjóður eigi að bera allan kostnað af fjölskyldu forstöðukonunnar.

Annars skilst mjer, að hæstv. stjórn hafi ekki athugað, hverjar afleiðingar þetta muni hafa. Þessvegna tel jeg, að rjettara væri að hækka launin, svo að þau væru viðunandi, en sleppa þessum fríðindum, sem hljóta að draga þann dilk á eftir sjer, að aðrar stofnanir heimti það sama. Jeg hefi leyft mjer í viðbótartill. mínum að bera fram þær kröfur, sem eru sú hugsunarrjetta afleiðing af stefnu hæstv. stjórnar í frv. Hinsvegar er mjer ekkert kappsmál, að það nái fram að ganga, því að jeg álít, að sú stefna í raun og veru sje ekki eins heppileg og sú, sem hingað til hefir verið fylgt, en þetta er rökrjett afleiðing af því, sem frv. ætlast til.

Jeg vil nú leyfa mjer að vekja athygli á því, að í síðustu málsgrein viðaukatill. minna á þskj. 376 er prentvilla. Lögin um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi eru frá 1917, en ekki 1907, eins

og stendur í þskj., og er þetta leiðrjett hjer með.

En áður en kemur að því, að viðbótartill. mínar komist í framkvæmd, þá er ekki nema von, að sumum landshlutum finnist hart, að landið taki að sjer tvær stofnanir, sem reknar hafa verið áður sem einkafyrirtæki, en sýni engan lit á því að uppfylla þær skyldur, er það tók sjer á herðar um leið og sett voru lögin um stofnun húsmæðraskóla í grend við Akureyri. Nú er vitanlegt, að konur norður þar hafa safnað stórum sjóð til byggingarinnar og altaf haft það mál á oddinum nú síðustu árin. Hæstv. forsrh. (JM) hefir undirskrifað þessi lög og með því óbeinlínis gefið loforð um, að eitthvað yrði hafist handa í þessu máli. Konurnar nyrðra bíða með fjeð og halda áfram að auka við sjóðinn. Þær hafa vænst þess, að landið stæði við gefin loforð, en um þetta hefir hvorki heyrst stun nje hósti frá hæstv. stjórn. Þær hafa heldur ekki notið neins stuðnings hjá fulltrúa sínum á þingi, hv. 4. landsk. (IHB). Þvert á móti hefir sá hv. fulltrúi kvenþjóðarinnar barist fyrir því með oddi eg egg hjer á Alþingi, að ríkið tæki að sjer rekstur Kvennaskólans í Reykjavík, en ekkert hirt um að styrkja stofnun hins skólans, sem bæði lög og loforð eru um. Jeg vildi minna á þetta verkefni sem öllu þarfara fyrir hæstv. stjórn og hv. fulltrúa kvenna (IHB) að beita sjer fyrir og bjarga fram til sigurs heldur en hitt, sem hjer er aðallega barist um.

Af stefnu hæstv. stjórnar í þessu máli lít jeg svo á, sem allir þeir, er henni fylgja í þessu máli, sjeu sammála um, að landið taki á sínar herðar alla almenna unglingafræðslu, karla og kvenna, hvar sem er á landinu. Jeg er búinn að lýsa því, að aðalskóli kvenna hjer í Reykjavík er hliðstæður hjeraðsskólunum, en Blönduósskólinn, sem er sjerskóli fyrir húsmæður, er hliðstæður bændaskólunum.

Nú eru í landinu þrír hjeraðsskólar, sem staðið hafa um nokkur ár, og einn er að myndast á Suðurlandi, svo það eru þá fjórir skólar, sem bætast á ríkið. Það þarf nú ekki að kallast goðgá, þó að allir þessir skólar væru reknir á ríkissjóðs kostnað, ef menn væru vissir um, að þeir gerðu sama gagn. Barnaskólarnir, sem kosta landið offjár, eru að mestu leyti reknir fyrir landsfje. Að því leyti er hjer miklu fremur um stefnuatriði að ræða en kostnaðar.

Jeg hefi í þessum vatill. mínum lagt til, að Hvítárbakkaskólinn í Borgarfirði, hjeraðsskólinn að Núpi við Dýrafjörð og hinn væntanlegi hjeraðsskóli á Laugarvatni skuli allir teknir upp í lögin á eftir þessum tveim kvennaskólum, sem frv. nefnir, svo að sama gildi um þessa hjeraðsskóla eins og t. d. Eiðaskólann, sem er eini hjeraðsskólinn, sem ríkið hefir tekið upp á sína arma að öllu leyti. Og þar sem hæstv. forsrh. (JM) hefir verið með í því að búa til Eiðaskólalöggjöfina og skapa þar ný landssjóðslaunuð embætti, trúi jeg vart, að hann verði til að bera mjer á brýn bruðlunarsemi, þó að jeg hafi einurð til að stíga það spor til fullnustu, sem hann hefir stigið til hálfs, enda má segja, að hjer sje um troðna braut að ræða og till. mínar í beinu áframhaldi af því, sem frv. stjórnarinnar stefnir.

Viðvíkjandi námsgreinunum í þessum skólum vil jeg taka fram, að mjer finst ekki nema rjett og sjálfsagt, að þær sjeu taldar upp í lögunum, og hvað hjeraðsskólana snertir, er það sjerstak-

lega eitt atriði, sem jeg ætla, að þörf sje að skýra nánar. Jeg hefi í vatill. mínum talið upp ýmsar sömu námsgreinarnar og kendar eru í Kvennaskólanum í Reykjavík, svo sem: íslensku, sögu, náttúrufræði og landafræði, en svo er bætt við ýmsu fleira, sem ætlast er til, að kent sje við hjeraðsskólana, svo sem: smíði, bæði á trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald, auk þess, sem nemendur eiga kost á tilsögn bæði í norsku og dönsku.

Í þessu sambandi vil jeg benda hv. 4. landsk. (IHB) á það, að í Laugaskólanum er kent sumt af því, sem kallað er sjerfræði í kvennaskólum. T. d. er á Laugum í vetur fullkomin kensla í vefnaði, sem telja má gagnlegt fyrir konur og afarnauðsynlegt. (**IHB:** Hefir verið kent líka við Kvennaskólann í Reykjavík). Þar er líka ágætur teiknikennari starfandi við skólann, sem hefir smíðakensluna með höndum, og nú er hafinn undirbúningur um það, að kenna nemendum að steypa steina á næsta vetri. Þetta er sjerfræði fyrir karla eins og saumaskaupurinn í Kvennaskólanum hjer er sjerfræði fyrir húsmæðraefni, en hvorttveggja er jafn-mentandi fyrir báða parta. Jeg legg þetta nokkurnveginn að jöfnu og álít jafn-gagnlegan fyrir ungar stúlkur saumaskapinn í Kvennaskólanum eins og smíði og steinsteypu í hjeraðsskólunum, enda er vonandi, að slíkt fari vaxandi eftir því, sem skólarnir batna. Ekkert af þessu er þó sjermentun, í strangasta skilningi, heldur almenn mentun.

Hæstv. forsrh. (JM) gat þess við mig utan fundar, er hann hafði lesið vatill. mínar, að of snemt væri að tala um skólann austanfjalls, á meðan hjeraðsbúar sjálfir væru að deila um, hvar skólinn skuli bygður. Þegar jeg samdi till. mínar, vissi jeg ekki annað en skólastaðurinn væri ákveðinn, enda ekki sjeð fyrir, að hann muni reistur annarsstaðar en á Laugarvatni, og það þegar á þessu ári. En verði breytt um staðinn, leiðir af sjálfu sjer, að breyta verður nafni skólans í lögunum. Hitt vona jeg, að hæstv. forsrh. (JM) sje mjer sammála um, að þörf sje á að koma upp góðum og fullkomnum skóla austanfjalls, enda vona jeg, eftir því sem á undan er gengið, að hæstv. mentmrh. (JM) skorti ekki vilja til að fylgja því máli til sigurs. Jeg hefi hugsað mjer jafnmarga starfsmenn við þennan skóla austanfjalls eins og Blönduósskólann, þótt vitanlegt sje, að hann verður mun stærri. Þangað má ætla að sæki 100—150 nemendur á ári í stað 35, sem er vanaleg nemendatala Blönduósskólans. En af því að austanfjalls er aðallega reiknað með bóklegum skóla, má ætla, að hver kennari komist yfir að kenna margfalt fleiri nemendum en í sjerskólanum á Blönduósi, sem nú er.

Þá kem jeg nú að því atriðinu í vatill. mínum, sem ætla má, að hæstv. stjórn og hv. 4. landsk. (IHB) geti verið mjer sammála um, en það er þörfin á að auka húsmæðrakensluna í landinu. Jeg get ekki trúað fyr en jeg tek á, að fulltrúi kvenna, hv. 4. landsk. (IHB), vilji ekki styðja það áhugamál kvenþjóðarinnar að koma á fót góðum og fullkomnum húsmæðraskólum á Akureyri og Staðarfelli. Eins og jeg tók fram áðan, er mikill áhugi á Akureyri og víða norður þar að stofna húsmæðraskóla, og sama áhugann er að spyrja um Vesturland, þó dálítil togstreita hafi orðið um skólastaðinn. En nú er hann fundinn, og skólanum ætlað að búa um sig á Stað-

arfelli. Og þó að hugsað hafi verið um Staðarfellsskólann sem einkafyrirtæki — aðeins af fjárhagsástæðum — þá hefði verið hægt að samþykkja stofnun hans í bæði þau skifti, sem jeg bar það mál fram hjer í hv. deild. Þessvegna stendur hv. 4. landsk. (IHB) ásamt flokksbræðrum sínum mjög illa að vígi nú með kröfur sínar, eftir að hafa áður lagst á móti jafn-sjálfsögðu máli eins og stofnun Staðarfellsskólans.

Jeg lít þessvegna svo á, að eins og hjeraðsskólarnir sjeu sambærilegir við Kvennaskólann í Reykjavík og verði þar af leiðandi eins og hann kostaðir af ríkissjóði, eins sje ekki hægt að leiða það hjá sjer lengur að koma upp þessum tveimur húsmæðraskólum, á Akureyri og Staðarfelli. Og leggist hv. 4. landsk. (IHB) á móti því, þá njóta sín vel þau rök þessa hv. þm., að litið sje gert fyrir kvenþjóðina, og ekki nema von, að litlar bætur fáist á því sviði, á meðan þessi eini fulltrúi kvenna á Alþingi gengur í flokk með þeim, er vinna leynt og ljóst á móti aukinni mentun kvenna í landinu. Að síðustu ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. frsm. (IHB) og þá einkum þeim atriðum, sem jeg hefi ekki beinlínis svarað með því, sem jeg hefi nú sagt.

Hv. frsm. meiri hl. (IHB) sagði, að jeg hefði tekið munninn nokkuð fullan að því leyti, er hjeraðsskólana snertir, í vatill. mínum á þskj. 376. Hvorki mjer nje öðrum hefði dottið í hug að koma unglingafræðslunni á ríkið, ef ekki væri um þessa þrálátu baráttu þm. (IHB) að ræða, að reyna enn á ný að koma sínum skóla fram og á ríkissjóð, þrátt fyrir þau rök, sem færð voru í fyrra á móti því, er bent var á, hver afleiðingin mundi verða, ef horfið yrði að því ráði, að ríkið tæki að sjer rekstur Kvennaskólans í Reykjavík. Háttv. 4. landsk. (IHB) má því sjálfum sjer um kenna, að vatill. mínar eru framkomnar. Þær eru bein afleiðing af því, sem á undan er gengið.

Einhver hv. þm. hafði lesið þingtíðindi Kaplskýlinga, sem nýlega eru prentuð, og fórust orð eitthvað á þá leið, að það væri engu líkara en að umr. nú og í fyrra um Kvennaskólann í Reykjavík væru þaðan, því nógir eru snúningarnir í þessu máli eins og hjá Kaplskýlingum. Sjest það best á því, að hæstv. forsrh. (JM) og hv. 4. landsk. (IHB) bera nú fram frv. um það, að ríkið taki að sjer rekstur Blönduósskólans, en í fyrra var það talið óverjandi með öllu, þegar háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) bar fram sína brtt.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. (IHB) sagði um sjerskólana, þá get jeg slept því að fara frekar út í það en jeg hefi nú þegar gert með því, sem jeg er búinn að segja.

Hinsvegar verð jeg að svara því, sem áttu að vera einskonar aðvörunarorð til mín, að jeg vildi draga úr mentun kvenna. Þar vil jeg láta verkin tala. Jeg hefi verið hlyntur Kvennaskólanum í Reykjavík, enda getur hv. 4. landsk. (IHB) ekki neitað því, að jeg hefi stutt þær fjárbætur, er jeg sá, að voru á rökum bygðar. Og jeg hefi gengið lengra en fulltrúi kvenna, hv. 4. landsk. (IHB), í því að bæta mentun kvenna í landinu. Jeg hefi borið fram tvisvar frv. um húsmæðraskóla á Staðarfelli, sem þessi hv. fulltrúi kvenna hefir verið á móti, en nú er því máli borgið svo, að Staðarfellsskólinn mun taka til starfa á næsta ári. Þar að auki hefi jeg í undirbúningi frv. eftir ósk austfirskra kvenna um

húsmæðraskóla á Hallormsstað. Vona jeg, að hv. 4. landsk. (IHB) styðji líka þann skóla. Get jeg þannig notað tækifærið til þess að biðja hv. 4. landsk. (IHB) um lið sitt í því máli, því að það munu ekki liða margir dagar áður en jeg get sýnt í verkinu enn einu sinni hina einlægu trygð mína við áhugamál kvenþjóðarinnar með umhyggju fyrir austfirskum konum. Vona jeg þá einnig, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem við erum svo gæfusöm að hafa hjerna í deildinni, sýni sín góðu áhrif í þessu máli, enda mun hann nú binda sig í þessum efnum með atkvgr. í dag.

Jeg er alveg sammála hv. 4. landsk. (IHB) um hið skáldlega gildi kvæðis Matthíasar, en jeg er ósammála um innihaldið. Því að jeg vil sýna það í verkinu, að jeg er hlyntur málefnum allra kvenna á landinu. En jeg vil ekki berjast fyrir því að koma vissum starfsmönnum á ríkissjóðinn, ef það hefir enga bætandi þýðingu fyrir uppeldismálin í sjálfu sjer.

Jeg ætla þá, áður en jeg lýk máli mínu, að víkja lítilsháttar að vatill. minum. Jeg vil skjóta því til hæstv. forseta að bera þær upp hverja í sínu lagi, þegar til atkvgr. kemur, þar sem verið getur, að þær sjeu ekki allar jafnsigursælar, og ein þeirra kann að hafa meira fylgi en önnur. Rjett er þá að geta þess, að jeg ætlast ekki til, að viðbótartill. verði samþ. af öðrum en þeim, er fylgja frv., því að jeg hefði ekki komið með þær, ef þessi undanfari væri eigi fram borinn. Það er líka í raun og veru vafasamt, hvort rjett sje að taka kvennaskóla og hjeraðsskóla á landssjóðinn. Þetta atriði er það, að verði skólarnir landsfyrirtæki, er hætt við, að þeir verði miklu stirðari í vöfunum, missi það fjaðurmagn, sem þeir höfðu, og fái engan stuðning af frjálsum framlögum. En þetta alt er mjög mikilsvert. Jeg hygg, að allir muni eftir hressingarhælinu í Kópavogi, sem kvenfjelag hjer í bænum fjekk leyfi til að koma upp. Jeg átti leið þar um í gær og sá þá, hve langt á leið hið stóra og myndarlega hæli er komið, sem fjelagið ætlar að reka. Svona eru aðstæður hjeraðsskólanna. Þeir hafa risið upp fyrir beina og óbeina hjálp þeirra manna, sem höfðu áhuga og trú á starfi þesssara stofnana. Jeg vil nú spyrja hæstv. stjórn og háttv. 4. landsk. (IHB), hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, ef menn vilja fá góðan og stóran skóla, að hægt sje að fá stuðning kvenfjelaganna til þess að halda honum við sem einkafyrirtæki. Í öðrum löndum eru svona skólar algengir; lifa þeir aðeins fyrir áhuga fólksins. En vafasama atriðið í þessu öllu er einmitt það, að svifta skólana þeirri stoð samúðar og hjálpfýsi, sem þeir hafa nú. Ef lítið kvenfjelag getur rekið stórt hressingarhæli, þá er það undarlegt, ef allar konur landsins gætu ekki styrkt skólann til muna, þó að hann hjeldi áfram að vera einkaskóli með styrk úr ríkissjóði eins og nú. Ef nú ríkisstjórnin og hv. 4. landsk. (IHB), sem í þessu máli eru eitt og hið sama, álíta, að kvennaskólanum sje ólíft án þess að vera ríkisskóli, hvernig halda þau þá, að hjeraðsskólarnir geti komist af, t. d. skólinn í Borgarfirði, Núpsskólinn og Laugaskólinn. Hvaða rjett hafa menn til að setja þessa skóla hjá. Það, sem því hv. 4. landsk. (IHB) sagði um einkaskólana, nær þá einnig til þessara skóla.

Jeg vil gera játningu gagnvart 4. landsk. (IHB) í þessu máli. Það stendur líkt á með okkur, þar sem við kom-

um bæði um sama leyti inn á þingið og höfum bæði það lífsstarf að standa fyrir einkaskólum, er þó hafa ríkissjóðsstyrk. Gæti og verið, að jeg kæmist í sömu aðstöðu og hv. 4. landsk. (IHB), að jeg yrði stuðningsmaður stjórnar og gæti komið til hennar og beðið hana að vera svo væna að gera samvinnuskólann að ríkisskóla. En mjer þykir óliklegt, að jeg muni lifa svo lengi, að jeg stigi það spor. Jeg vil ekki íþyngja ríkissjóði með því, sem getur gengið fult eins vel á annan hátt. En það hefir verið viðurkent af áhrifamiklum mönnum, að ef kaupmenn og kaupfjelög hefðu ekki haft áhuga á skólamálum sínum og stutt þá, væri nú kominn stór skóli á ríkissjóðnum með um 40 þús. kr. árlega. Á þessu sjest, að hægt er að nota framtak einstaklinganna. Mjer finst, að hv. 4. landsk. (IHB) gæti tekið mig hjer sem fordæmi, því að það sæti ekki ver á henni, þó að hún hefði sótt það með minna kappi að koma skólanum á landið, enda þótt hún hefði haft góða aðstöðu til þess. Mjer finst, að hæstv. stjórn, sem varð fyrir svo miklum óhöppum með sum frv. sín í fyrra, t. d. ríkislögreglufrv., kvennaskólafrv. o. fl., hefði átt að geta tekið meðferð þessa frv. með sama jafnlyndi og þá. Það var engin ástæða til að vekja frekar upp Kvennaskólann en herinn, því að herinn hafði tiltölulega eins mikið fylgi í Nd. og Kvennaskólinn hjer.

Að endingu vil jeg minna á það, að svo framarlega sem stjórnin beitir flokksfylgi sínu til þess að setja Kvennaskólann á ríkissjóðinn, verður afleiðingin sú, að taka þarf alla unglingaskólana upp á arma ríkisins áður en langt um líður.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal láta þess getið, að það varð mjer mikið ánægjuefni, að háttv. frsm. minni hl. (JJ) talaði aðallega um þau atriði, sem tala á um við 2. umr., en ekki um hina almennu hlið málsins. Er skemtilegt að verða var við það, að gætt sje þingskapanna, en það vill nú alloft bregða út af því, og verða því allar umr. stundum aðeins almennar umr. En jeg ætla að virða viðleitni hv. þm. í því að meta þingsköpin. Auðvitað getur hv. 3. landsk. (JJ) ekki alveg brugðið af fornum vana, enda er ekki von á því.

Háttv. þm. (JJ) talaði um það, hversvegna stjórnin hefði borið fram frv. nú, þar sem það hefði fallið í fyrra. Einnig sagði hann, að það mundi ekki hafa verið borið fram, ef hjer væri sama mannaskipun og í fyrra. En þetta er atriði, sem viðkemur stjórninni einni, hvenær hún telur haganlegast að bera fram frv. Háttv. 3. landsk. (JJ) hefir ekki altaf hlíft deildinni við að bera fram frv., sem mætt hafa hjer mótspyrnu. Háttv. þm. sagði, að jeg hefði skift um skoðun á þessu máli, þar sem jeg hefði verið á móti því í fyrra, að Blönduósskólinn yrði gerður að ríkisskóla. Þetta er ekki rjett. Jeg mótmælti aðeins, að Blönduósskólinn yrði borinn fram sem brtt. við frv. Jeg sagði þetta fleirum sinnum, og getur hv. þm. sjeð það í þingtíðindunum. Jeg sagði aftur á móti ekkert um það, að Blönduósskólinn gæti ekki orðið ríkisskóli. En eins og sakir stóðu þá, hefði það aðeins orðið til að tefja fyrir frv. Jeg hefi því aldrei mótmælt því, að gera Blönduósskólann að ríkisskóla, úr því að hann er á annað borð kostaður af ríkinu, svo að segja að öllu. Jeg hefi meira að segja

oft sagt það við umr. um fjárlögin, að jeg áliti í raun og veru rangt, að ríkissjóður kostaði fyrirtæki að öllu eða sama sem öllu leyti, en hefði þó engin umráð yfir þeim. Og þetta er einmitt aðalatriðið. En þó lagt sje fram á móti þetta 4—6% af kostnaðinum, þá er það ekki teljandi.

Það er alveg rjett hjá háttv. frsm. minni hl. (JJ), að jeg tel að þessu leyti engan mun á Kvennaskólanum í Reykjavík og Blönduósskóla; jeg tel þá báða kvennaskóla, enda þótt annar kenni meira hið bóklega, en hinn sje að færast í það horf að verða húsmæðraskóli. Jeg legg áherslu á það, að þar sem skólar þessir hafa nú starfað um marga tugi ára og verið kostaðir af ríkissjóði að öllu leyti, þá sje eðlilegt, að maður stigi sporið alveg út.

Aftur á móti er aðalágreiningurinn við umr. milli mín og háttv. 3. landsk. (JJ) um það, að ef kvennaskólarnir verða gerðir að ríkisskólum, þá sje skylt að gera unglingaskólana það einnig. Þm. segir nefnilega, að ef þeir kvennaskólar, sem veita almenna fræðslu, verða teknir upp á ríkissjóðinn, þá eigi einnig að taka upp hjeraðsskólana, er á eftir kunna að koma. En þetta getur ekki verið afleiðing frv., þar sem hinir skólarnir eru miklu eldri. Hversvegna skyldi þá ekki hafa verið sett heimild til þessa undireins og Eiðaskóli var settur á stofn. Hann er aðeins almennur skóli til lýðmentunar, og þó að hann geti undirbúið einstaka pilta til gagnfræðaprófs, þá sannar það ekkert. Sama má segja um Flensborgarskóla; hafa einstöku piltar þaðan getað með litilli fyrirhöfn lokið hjer gagnfræðaprófi. Það er því rangt að leiða þessa ályktun af frv. Fordæmið er komið fyrir löngu, með stofnun Eiðaskólans, ef út í það ætti að fara. Í rauninni á alt þetta tal háttv. frsm. minni hl. (JJ) um að rjett sje að taka sjerskólana á ríkissjóðinn, en ekki almennu skólana, alls ekki heima hjer. Aðalsönnunin, að í þessu tilliti sje engin greining hjá oss, er það, að ríkið kostar hjer að miklu leyti barnaskólana, sem víða annarsstaðar eru kostaðir að mestu af sveitar- og bæjarfjelögum. Á síðustu árum er og annarsstaðar farið að tíðkast, að ríkið kosti einnig barnaskólana. Hjer er því engin greining að þessu leyti.

Jeg vil í þessu sambandi minna hv. þm. á bændaskólana. Þeir veita nú að mestu leyti kenslu í almennri fræðslu, því að þar er fremur lítil kensla í verklegum framkvæmdum og vinnu, á móts við það, sem áður var. Þeir eru aðeins skólar fyrir bændur, alveg eins og kvennaskólarnir fyrir konur.

Háttv. þm. talar um ósamræmi í því, að í frv. eru taldar upp námsgreinir kvennaskólans í Reykjavík, en ekki Blönduósskólans. Þetta er þó alveg í samræmi við frv. um Eiðaskólann, þar sem námsgreinir eru aðeins nefndar til bráðabirgða, ekki fastákveðnar, en skulu síðar ákveðast með reglugerð. En hjer eru þær beinlínis taldar upp. Ástæðan til þess, að námsgreinir Blönduósskólans eru ekki taldar upp, er sú, að því er mjer er tjáð, að skólinn er að taka breytingum og færast nær því að verða húsmæðraskóli. Ef svo er, þá er ekki nema eðlilegt, að námsgreinir sjeu ekki fastákveðnar.

Þá talaði háttv. 3. landsk. (JJ) um ósamræmið milli launa forstöðukvenna þessara tveggja skóla. Það er alveg rjett,

að það getur litið svo út, sem svo sje. Gæti ef til vill verið rjett að hækka laun forstöðukonunnar á Blönduósi. Jeg skal ekki fullyrða neitt um það sem stendur. Það þótti ekki ástæða, meðan engin óánægja var með launin, að vera að hækka þau meira en sem nam dýrtíðaruppbótinni. Og er það mikil hækkun frá því, sem nú er.

Háttv. þm. vildi bera laun forstöðukvennanna saman við laun skólameistara Mentaskólans og Gagnfræðaskólans á Akureyri, og sagði, að hlutföllin ættu að vera svipuð. En það er ekki rjett að bera saman þá síðarnefndu, sökum þess, að þar er um kaupstaði að ræða. Þrátt fyrir það, að Blönduós er verslunarstaður, tel jeg vafalítið, að þar mun ódýrara að lifa en t. d. á Akureyri, en hvað sem um þetta er, skiftir það ekki miklu máli, því þetta atriði er ekki stórt, en ef það yrði talið nauðsynlegt að hækka þessi laun, mun stjórnin ekki taka illa undir það, og svo sje jeg ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að þessu atriði.

Háttv. 3. landsk. (JJ) taldi ófært, að forstöðu- og kenslukonunum væri ætlað fritt fæði; en má jeg spyrja, hvers vegna telur þm. þetta óhæfu? Jeg sje ekkert á móti því að áætla þetta í frv. á sama hátt og þessu er nú fyrir komið. Frv. gerir ráð fyrir, að sama skipun haldist í sem flestu eða öllu á skólunum, að því einu breyttu, að ríkið hafi yfirráðin yfir skólunum framvegis. Þessi ákvæði um fritt fæði tíðkast víða, bæði hjer og erlendis, bæði í skólum og í ýmsum öðrum stofnunum, sem slíkt á við í. Hjer á landi er þetta altítt, og jafnvel í stofnunum, sem launa starfsmenn sína tiltölulega fult eins vel og skólarnir, t. d. í spítölum og sjúkrahúsum hafa forstöðumenn eða konur og annað starfsfólk venjulegast fritt fæði, ef það er ógift, Auðvitað koma ekki þessi ákvæði til greina á sama hátt gagnvart giftu fólki.

Þá sagði háttv. 3. landsk. (JJ), að það væri hart fyrir ýmsa aðra hluta landsins, að þessir tveir skólar aðeins væru gerðir að ríkisskólum. Hvað mættu þá t. d. Vesturlandshjeruðin segja, sem eiga engan skóla? Það var ekki vel heppilegt fyrir háttv. þm. að koma með þessi dæmi nú. Á Austurlandi er þó t. d. Eiðaskólinn, háttv. þm. hefir víst ekki munað eftir honum. Á Suðurlandi eru ýmsir skólar og á Norðurlandi sömuleiðis, t. d. búnaðarskólarnir, gagnfræðaskólarnir hjer syðra og á Akureyri. Á Norðurlandi á einnig að komast bráðlega á fót spítali, sem áreiðanlega verður ríkisstofnun, enda þótt byrjað sje á því fyrirtæki að mestu með styrk frá einstökum mönnum. — Nei, Norðlendingar hafa ekki farið varhluta af því, að fá til sín ríkisstofnanir, skóla eða annað; þeir hafa venjulega sagt til sinna þarf með fullri einurð, og jeg er ekki að lasta það. En íbúar Vesturlandsins hafa ekkert fengið ennþá, sem verulega er um vert, síðan Ólafsdalsskólann leið. Um Staðarfellsskólann má vel segja, að hann sje ekki til enn þá eða ekki kominn á ríkið, þar eð fjárveitingu vantar til hans ennþá í fjárlögin.

Enn sagði háttv. 3. landsk. þm. (JJ), að meiri ástæða væri til að gera hjeraðs- eða unglingaskólana að ríkisstofnunum heldur en barnaskólana, vegna þess að unglingafræðslan gerði meira gagn en sú fræðsla, sem veitt væri í barnaskólunum. Mjer finst ekki heppilegt að jafna þessum skólum saman;

jeg geri ráð fyrir, að æði mikið mundi draga úr því gagni, sem unglingaskólarnir gera, ef nemendurnir kynnu hvorki að lesa nje skrifa, er þeir kæmu í skólana. Nei, barnaskólarnir leggja grundvöllinn, sem allir aðrir skólar verða að byggja á fræðslu sína, og þá kemur það einnig til álita, að í unglingaskólana fara hvergi nærri allir unglingar á skólaaldri. Það er óhugsandi, í jafnfátæku og strjálbygðu landi og Íslandi, að allir unglingar á 14—20 ára aldri geti gengið á unglingaskóla, en í barnaskólana verða þeir allir að fara, því barnaskólafræðslan er nauðsynlegur grundvöllur undir hverja þá fræðslu, sem unglingunum gefst kostur á.

Hvað húsmæðraskólann á Akureyri snertir, þarf jeg ekki að ræða hann nú; skólinn er ekki ennþá kominn á fót, og því finst mjer, að nógu snemt sje að taka ákvarðanir um hann, þegar hann er tekinn til starfa.

Háttv. 3. landsk. þm. (JJ) sagði, að það, sem sjerstaklega væri athugavert við frv., væri það, að það drægi mjög úr samúð almennings með þeim skólum, sem væru einkastofnanir, og vilji manna til að leggja fram fje til skólanna mundi minka, ef frv. yrði samþ. En jeg hefi ekki orðið var við, að alment væri hjer á landi, að menn legðu að jafnaði fram fje til fyrirtækja, sem ekki gefa neinn arð eða von um arð í aðra hönd. Menn eru fljótir á sjer og fúsir til að hjálpa til að byrja á einhverju og eru þá oftast nær framlagafúsir, þegar um er að ræða að stofna einhver ný fyrirtæki. En þegar þau eru komin upp, og stundum jafnvel áður en alveg er búið að koma þeim að öllu leyti á fót, fer jafnan að draga úr framlögum og fórnfýsi manna, og vantar því oft fje á síðustu stundu, til þess að fyrirtækin geti tekið til starfa. Jeg held, að reynslan hafi nægilega sýnt það að því er hjeraðaskólana snertir, að menn halda ekki að staðaldri áfram með að leggja fje til þeirra. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að vænta þess fremur af konum en körlum framvegis í Rvík, að lagt verði stórfje af mörkum til uppihalds kvennaskólanum, enda hafa konurnar í Reykjavík þegar haldið uppi þessum skóla um mörg ár, áður en ríkið fór að styrkja hann. Sem dæmi um hina miklu hrifningu, sem oft grípur almenning, þegar um er að ræða að koma einhverjum nýjum fyrirtækjum á fót, mætti t. d. nefna stofnun Eimskipafjelags Íslands, bygging Vífilsstaðahælisins o. fl., en þó fór það svo, að öll fjárframlög hættu, áður en alveg var búið að ganga frá Vífilsstaðahælinu; þá skorti fje til að lúka við það að fullu og byrja rekstur þess. Þó hefir fórnfýsi almennings að því er fjárframlög snertir aldrei komið betur í ljós en þegar safnað hefir verið til byggingar heilsuhælisins á Norðurlandi, og verður það ávalt Norðlendingum til sóma, hvernig þeir hafa snúist við því máli. En menn munu þó fljótt þreytast, ef til þess yrði ætlast, að heilsuhælið í Kristsnesi yrði rekið og því að öllu leyti haldið uppi með almennum fjárframlögum að staðaldri. En til þess hefir auðvitað aldrei verið ætlast. Það mun altaf hafa verið gert ráð fyrir því, að ríkið tæki við hælinu, þegar það væri komið á fót. Þess vegna er ekki rjett og má ekki til lengdar byggja á eða treysta fórnfýsi almennings til fjárframlaga. Kvennaskólarnir á Blönduósi og í Reykjavík hafa um alllangt árabil bjargast áfram við ríkissjóðsstyrkinn einn saman og án nokk-

urs fjárframlags, sem nokkru nam, annarsstaðar að. Jeg verð því að segja, að það væri ósanngjarnt að ætlast til þess fremur af konum en körlum, að nú væri lagt fram fje, sem um munaði, til þessara skóla.

Um brtt. háttv. 3. landsk. (JJ) ætla jeg ekki að fara mörgum orðum. Jeg álít, að þær sjeu aðeins bornar fram til að sýna afleiðingar frv. frá sjónarmiði háttv. þm., — þær eigi að vera einskonar grýla á stjórnina fyrir að hafa lagt fram þetta frv. En þetta hefir þó tekist all-óhöndulega fyrir háttv. þm., því nær því sanna hefði þá verið, ef á þessar afleiðingar hefði verið bent, er Eiðaskólinn var tekinn á ríkissjóð. Þetta kemur því full-seint fram; líklega af því, að hv. þm. hefir ekki sjeð þetta fyr.

Jeg verð að segja um það, sem háttv. þm. (JJ) hefir talað um, að verið væri að gera upp á milli hjeraða eða mismuna þeim, að jeg fæ ekki sjeð, að Árnesingaskólinn þurfi að vera miklu stærri en aðrir skólar af því tagi, þar sem skólinn er aðeins ætlaður Árnessýslu einni. Í fyrstu var til ætlast, að þessi skóli ætti að vera fyrir fleiri sýslur en Árnessýslu eina, en frá því virðist nú vera fallið og skólinn eiga að vera aðeins fyrir þetta eina sýslufjelag. Jeg veit ekki, hvort svo mjög er misjafnað á framlagi til þessa skóla í Árnessýslu á móts við aðra slíka skóla, en mjer hefði þótt miklu heppilegra, ef komist hefði á fót miklu stærri og myndarlegri skóli fyrir alt Suðurland, en þetta getur ef til vill liðkast eitthvað.

Loks skal jeg geta þess, að það var skólanefnd kvennaskólans í Reykjavík, og ekki síst formaður skólanefndarinnar, prófessor Eiríkur Briem, sem kom til mín og mælti fast fram með því, að skólinn yrði gerður að ríkisskóla, og er það því aðallega hans áhrifum að þakka, að frv. er fram komið. Hitt er auðvitað satt, að háttv. 4. landsk. (IHB) hefir mjög stutt þetta mál og er því mjög fylgjandi, sem vonlegt er. En miklu rjeð um, að frv. þetta er frá stjórninni komið, tillögur stjórnarnefndar og aðallega formanns hennar um þetta mál. Jeg nefni þetta vegna þess, að það hefir hvorki þótt óskynsamlegt nje gefist illa að taka dálítið tillit til álits og tillagna þessa manns (próf. E. Briem), að minsta kosti í fjármálunum. Ráð hans hafa til þessa hvervetna og áreiðanlega gefist vel.

Sigurður Eggerz: Háttv. 4. landsk. (IHB) sagði, að fullmikið hafi þegar verið rætt um þetta mál. En það er nú svo, er fylgismenn frv. sjálfir gerast margorðir, verður að skoðast eðlilegt, að við mótstöðumenn þessa máls þurfum líka að segja eitthvað, en jeg skal þó lofa því að verða ekki mjög langorður. Það, sem jeg hefi að segja, er aðallega að gera grein fyrir aðstöðu minni til brtt., sem hv. 3. landsk. (JJ) ber fram. Það mun reynast svo, að afleiðingar þess, ef stjórninni tekst að gera þessa tvo skóla að ríkisskólum, verði þær, að þá munu rísa upp ótal aðrir, sem gera munu sömu kröfur um að verða teknir upp á arma ríkissjóðs, og á það benda þessar brtt. háttv. 3. landsk. (JJ), um að taka með í þetta frv. skólana á Hvítárbakka, að Núpi í Dýrafirði, að Laugum í Þingeyjarsýslu og jafnvel að Laugarvatni í Árnessýslu, að Staðarfelli og á Akureyri. Takist hæstv. stjórn að gera þessa tvo skóla í Reykjavík og á Blöndu-

ósi að ríkisskólum, þá er hætt við, að margir skólarnir, eins og raun ber vitni um, leiti í ríkissjóðinn.

Búast má og við því, að þó að þessar breytingartillögur verði feldar í þessari háttv. deild, þá verði þær teknar upp aftur með fullum krafti í háttv. Nd.

Jeg þarf varla að taka það fram, að jeg mun auðvitað í fullu samræmi við það, sem jeg hefi haldið fram um kvennaskólana, einnig leggjast á móti þessum tillögum. En það er langt frá því að vera rjett, sem háttv. 4. landsk. (IHB) sagði, að jeg væri andvígur því, að konur fengju sem besta og almennasta mentun. Jeg hefi við mörg tækifæri, bæði innan þings og utan, sýnt, að jeg vil styðja og styð allar rjettmætar kröfur kvenna, til mentunar sem annars. Þegar frá upphafi, er jeg byrjaði stjórnmálastarfsemi mína, hefi jeg ávalt fylgt fast fram kröfum kvenna til jafnrjettis við karla. Og þetta var þó á þeim tímum, sem þessi hreyfing af ýmsum skammsýnum mönnum þótti allviðsjárverð.

Jeg hefi enn þá sýnt hugarfar mitt til kvenþjóðarinnar með því að vera því fylgjandi, að samskonar skyldur og lagðar eru á karlmenn verði einnig lagðar á þær, því með því er skapað best öryggi fyrir kvenþjóðina um að jafnrjetti þeirra verði meira en orðin ein. Í kvennaskólamálinu vil jeg enn leggja áherslu á, að með því að gera skólann að ríkisskóla, er ekki verið að leggja neinn nýjan grundvöll undir nýja eða bætta kenslu í kvennaskólanum.

Ummæli forsætisráðherra um, að eðlilegt væri, að ríkið hefði meiri umráð yfir skólanum, þar sem hann væri styrktur af opinberu fje, met jeg ekki að miklu, því jeg sje ekki ástæðu til þess fyrir ríkið að blanda sjer inn í einkaskóla, sem vel er rekinn.

Jeg vona, að af því, sem jeg nú hefi mælt, sje það öllum vel ljóst, að jeg er ekki að mæla á móti þessu frv. vegna þess, að jeg sje á móti betri mentun kvenna, en að jeg er á móti frv. af því, að jeg vil ekki láta bæta að óþörfu á ríkissjóð ærnum kostnaði, kostnaði, sem alls ekki verður sjeð fyrir, hve mikill getur orðið, er frá líður.

Jeg býst við, að síðar í dag, í sambandi við annað mál á dagskránni, fái jeg tækifæri til að sýna fram á, að um leið og hjer er verið að reyna til að koma óþörfum aukakostnaði á ríkissjóð, er verið að draga úr og minka veg ýmissa annara ríkisstofnana. Hitt lái jeg ekki hv. 4. landsk. (IHB), þó að hún vilji koma skólanum sínum á ríkissjóðinn, þar sem hún telur honum betur borgið. En jeg lít svo á, að skólanum sje fyrir bestu að halda áfram að vera rekinn sem einkafyrirtæki; skólinn verður betri og konur njóta meira gagns af honum, meðan hann á undir högg að sækja til þingsins um rekstrarstyrk, því meðan svo er, verður meiri alúð lögð við að skólinn sje góður skóli.

Ennfremur vil jeg benda á frv. stjórnarinnar um lærðan skóla, sem nú er fyrir háttv. Nd. og hefir að vísu ennþá fengið allömurlega útreið, en þó kann að vera, að það takist að laga það svo, að það verði afgreitt þaðan. En þar er gert ráð fyrir að kasta allri gagnfræðamentun í Reykjavík út á kaldan klakann, samtímis því að hamra í gegn þessu óþarfa frumvarpi.

Jeg býst við því, ef kvennaskólinn yrði ríkisskóli, að þá mundi bráðlega koma fram krafa um að byggja, og meðan hv. 4. landsk. (IHB) veitir

kvennaskólanum forstöðu, efast jeg ekki um, að henni takist að koma þessari kröfu á framfæri. En svo rækileg gæti sú bygging orðið, að menn yrðu ekki hrifnir af rausn núverandi stjórnar í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg vil ógjarnan tala við sjálfa mig, og þætti mjer því æskilegt, að þeir hv. þm., sem jeg þarf að svara, væru viðstaddir. Það stendur svo á, að hæstv. forsrh. (JM) hefir svarað flestu því í ræðu hv. frsm. minni hl. (JJ), sem jeg þurfti að svara, en mjer þykir þó rjett að gera nokkrar athugasemdir við ýms ummæli, sem komið hafa fram undir umræðunum í þessu máli.

Hv. 3. landsk. (JJ) gat þess, að ef báðir þeir þingmenn, sem hjer áttu sæti á síðasta þingi, en nú eru fallnir frá, væru hjer enn, mundi hæstv. stjórn ekki hafa sjeð sjer fært að koma fram með þetta frv. Þetta er smekkleysa hjá hv. 3. landsk. (JJ), og skal jeg ekki fara nánar út í þá sálma.

Þá sagði hann, að Blönduósskólinn væri á leiðinni til þess að verða sjerskóli. Jeg hefi ekki á nokkurn hátt viljað draga úr þeirri viðleitni, sem hafin er 2 eða 3 síðustu árin, að gera Blönduósskólann aðallega að húsmæðraskóla, með nokkurum munnlegum námsgreinum. Hann taldi og kvennaskólann hjer drýgja þá höfuðsynd að vera almennur kvennaskóli eins og Blönduósskólinn var áður, þar sem unglingar stunduðu framhaldsnám, og taldi honum það mjög til foráttu, að kend væru þar 3 erlend tungumál. „Einu sinni var", má segja hjer. Samkvæmt ósk nemenda var þýska kend í efsta bekk kvennaskólans nokkur ár. En svo sáum við, að 3 erlend tungumál var ofætlun, og þýskukenslan var lögð niður. Hvað enskuna snertir, er hún að flestra dómi orðin nauðsynlegur liður í getu manna til þess að taka að sjer ýms störf, auk þess sem enskukunnátta er mjög æskileg til þess, að menn geti mentað sig áfram á þeim grundvelli, sem lagður var í skólanum. Jeg skal taka það fram, að auk þessarar höfuðsyndar eru kendar ekki færri en 8 sjernámsgreinir, sem stúlkum eru einkum ætlaðar, og vil jeg í því sambandi vísa til upptalningar á námsgreinum í 4. gr. frv. Af vangá hefir þó fallið niður tvent, sem hefði átt að teljast með.

Hv. 3. landsk. (JJ) sagði, að jeg hefði lagst á móti Blönduósskólanum í fyrra, en jeg veit, að hv. 3. landsk. (JJ) man það eins vel og jeg, að jeg sagði þá, að þegar Blönduósskólinn væri kominn á það stig, að hann ætti fullan rjett á að vera ríkisskóli, skyldi jeg verða fyrst manna til þess að styðja þá málaleitun. Jeg held því enn fram, að Blönduósskólinn sje fyrst og fremst kvennaskóli. Þangað hafa margar mætar konur sótt mentun sína. Hv. 3. landsk. (JJ) sagði, að Blönduósskólinn hefði verið tekinn upp í frv. einungis til að greiða götu Reykjavíkurskólans. Hefi jeg ekki, og sjerhver annar maður, leyfi til að fylgja einhverju máli, þegar mjer finst tími til kominn? Þarf jeg að standa í sömu sporum og í fyrra eða hitteðfyrra? Nei, og aftur nei.

Í nál. meiri hluta mentmn. er tekið fram, að ósamræmi sje milli 4. og 11. gr. frv. að því leyti, að í 4. gr. eru lagaákvæði um það, hverjar námsgreinir skuli kendar í kvennaskólanum í Reykjavík, en í 11. gr. eru námsgreinir Blönduósskólans gerðar að reglugerðaratriði. En þetta er vegna þess, að það

er æði fyrirhafnarsamt að breyta, þó að ekki sje nema litlu atriði, þegar búið er að taka það upp í lögin. Sje um reglugerðaratriði að ræða, er það auðveldara. En við búumst ekki við, að Blönduósskólinn sje búinn að taka á sig sitt framtíðarsnið.

Þá vjek hv. þm. (JJ) að ósamræmi því i frv., sem honum þykir vera í launakjörunum hjer og á Blönduósi. Um þetta hefi jeg aldrei haldið neinu fram, og læt jeg það vera mál ríkisstjórnarinnar. En fram úr því er eflaust hægt að ráða. Hv. 3. landsk. (JJ) fanst ekki heldur viðeigandi að láta forstöðukonurnar hafa fæði, húsnæði o. s. frv. Hjer skal jeg ekki fella neinn úrskurð nje segja frá, hvernig á því stendur, að jeg hefi haft þetta. Það er leyndarmál milli min og skólanefndar. En mundi það ekki þykja óviðfeldið, ef t. d. matsveinn á veitingahúsi mætti ekki seðja sig á matnum, er hann sjálfur byggi til? Jeg hefi að vísu aldrei kent matartilbúning, en þess er krafist af mjer sem forstöðukonu, að jeg sje húsmóðir á heimilinu, sem sje viðstödd máltíðir og hafi gætur á öllu, sem fram fer í sambandi við mötuneyti nemenda. Þó að þetta hafi aldrei valdið mjer neinna leiðinda, hefði jeg ekkert á móti því, að laun mín yrðu lækkuð um það, sem nemur fæðispeningum. Því að það má hv. 3. landsk. (JJ) ekki halda, að jeg fái matinn fyrir ekkert. En jeg álít hinsvegar, að það sje holt, að forstöðukona matist með nemendum skólans og kynnist þeim á þann hátt. Í sambandi við þetta þarf svo margs að gæta, t. d. þess, að nemendur borði nóg og hegði sjer óaðfinnanlega við borðið.

Þá vjek hv. 3. landsk. (JJ) að lögum um húsmæðraskóla. Jeg veit ekki, hvort til eru önnur lög en lög um húsmæðraskóla Norðlendinga. Fyrverandi 2. landsk. þm. (SigJ), sem nú er látinn, hjelt þessu máli vakandi, og get jeg viðurkent áhuga hans á því. Jeg hygg, að háttv. 3. landsk. (JJ) sje eins kunnugt og mjer, hvað valdið hefir framkvæmdaleysi á þessu sviði. Fjárhagurinn hefir verið þröngur, en vitanlega verður ráðist í að stofna skólann, þegar hægt er. Jeg vona, að hv. 3. landsk. (JJ) væni mig ekki um að vera á móti því.

Hvað snertir ámæli hv. 3. landsk. (JJ) fyrir áhugaleysi mitt á þessum málum, er sjerstaklega snerta mentamál kvenna, þá læt jeg mjer þau í ljettu rúmi liggja.

Hv. 3. landsk. (JJ) taldi upp ýmsar greinir, sem kendar væru í Laugaskólanum, vefnað, smíðar o. fl. Þetta er auðvitað ágætt, og væri jeg eins máttug hjá hæstv. stjórn og hv. 1. landsk. (SE) vill vera láta, mundi jeg breyta ýmsu og fullkomna við Kvennaskólann; en það kostar fje. Um vefnaðinn er það að segja, að í Kvennaskólanum hjer var um margra ára skeið, fram til 1909, sjerstök deild fyrir vefnað. Þetta kostaði mikið, en afnotin voru ekki að sama skapi, því að alt bíður síns tíma. Það er ekki gott að segja, hvað breytist í framtíðinni um námsgreinirnar. Jeg gæti ekki ímyndað mjer, að Kvennaskólinn væri sá steingjörvingur, að hann verði ekki að hlýða lögmáli tímans.

Sú tilgáta, að jeg ætli eða hafi ætlað að bregða fæti fyrir húsmæðraskóla á Norðurlandi, er algerlega úr lausu lofti gripin. Fyrir nokkrum árum, þegar Páll núverandi hæstarjettardómari Einarsson var á Akureyri, átti hann eitt sinn tal við mig um þennan skóla. Hann hafði mikinn áhuga á málinu, og jeg veit, að

bak við hans áhuga var áhugi manna alment þar nyrðra. Mjer var mikil ánægja að tala um þetta við bæjarfógetann, og mun jeg ekki verða treg til að ljá málinu fylgi mitt, þegar til framkvæmdanna kemur.

Að jeg hafi beitt mjer fyrir því, að frv. þetta yrði tekið upp, eru getgátur. Það er tekið fram í greinargerð frv., að það sje flutt af meiri hl. mentmn. eftir tilmælum kenslumálaráðuneytisins. En jeg hygg, að allir, sem eru nokkurnveginn góðgjarnir, virði mjer til vorkunnar, þótt jeg fylgi því, því að þá fyrst er hverjum skóla siglt í höfn, þegar trygt er, að hann geti haldið áfram og starfað án alt of mikilla fjárhagsörðugleika, meðan ríkissjóður er fær um að styrkja hann. Ef skólinn reyndist illa með því fyrirkomulagi, þá er ekki óvanalegt að nema úr lögum, og yrði þinginu þá vonandi ekki skotaskuld úr því.

Jeg get ekki hrósað mjer af víðfeðmi því, sem hv. 3. landsk. (JJ) talar um. Jeg vil ekki hafa of mörg járn í eldinum, en hinsvegar hefi jeg áhuga á, að þau mál, sem jeg skifti mjer af, nái fram að ganga. Jeg læt ekki öll mögulegmál til mín taka, en það væri að vera landskjörinn í lagi, ef menn gætu það, mun hv. 3. landsk. (JJ) finnast.

Því var víst beint til mín, að það væru vissir starfsmenn, sem þarna væru leiddir að ríkissjóði. Jeg hefi hingað til ekki stungið hendinni djúpt í ríkissjóðinn og býst ekki við að gera það heldur framvegis.

Þá sagði hv. þm., og það vil jeg kalla „lyrik", að það mundi veikja aðstöðu skólans og draga úr gengi hans, ef hann yrði ríkisskóli og fengi ekki annan stuðning. Þetta er mjer lítt skiljanlegt, því þessi stuðningur af frjálsum vilja hefir jafnan reynst nokkuð stopull, og Kvennaskólinn hefir víst alla tíð haft lítið af þannig löguðum stuðningi að segja. Það má segja Íslendingum til lofs, að þeir eru fljótir að bregða við til hjálpar, en úthaldið til þess að styðja eitthvert fyrirtæki til langframa er ekki áberandi í eðlisfari okkar sem þjóðar.

Kvenfjelögin hjer í Reykjavík hafa öll ýms verkefni með höndum og vinna að þeim einum. Hv. 3. landsk. (JJ) bendir á, að eitt fáment kvenfjelag sje þess megnugt að koma upp myndarlegu hressingarhæli í Kópavogi. Þetta er rjett að öðru leyti en því, að þetta kvenfjelag er betur sett en önnur kvenfjelög hjer á landi, vegna þess að það er miklu fjölmennara. Það var að nokkru leyti fyrir tilstilli hv. 3. landsk. (JJ) og mín, að þetta gat orðið, og skulum við reikna okkur það til inntekta.

Um einkastyrki til Kvennaskólans er það að segja, að þeir eru tveir. Annar er frá bænum, að upphæð 500 krónur. Hinn er frá Búnaðarfjelagi Íslands, að upphæð 300 krónur. Þann styrk höfum við haft í hjer um bil 10 ár, og er hann veittur aðallega í því skyni, að við kennum heimilismönnum að borða síld! Þetta höfum við gert eftir megni.

Að jeg hafi sótt þetta mál með svo miklu kappi, því ætla jeg að láta ósvarað. Hafi jeg sótt málið með kappi, hefir ekki kapplaust verið haldið fram mótbárum gegn því. En sjeu mótbárurnar gripnar úr lausu lofti, er hætt við, að þær verði ekki haldgóðar.

Þá ætla jeg að snúa mjer að hv. 1. landsk. (SE) Hann beindi nokkrum orðum í ræðu sinni til mín, þar á meðal því, að búið væri að tala mikið um þetta mál. Enginn hefir bent á það meira en jeg, að umræðurnar hefðu verið of lang-

ar í fyrra og þyrftu því ekki að vera eins langar núna.

Að vatill. hv. 3. landsk. (JJ) verði teknar upp í Nd. með miklum krafti, þykir mjer ósennilegur spádómur, sem jeg vona að rætist ekki, því að jeg álít þessar tillögur hans óviturlegar og óþarfar. Einnig ætlar hv. 1. landsk. (SE) að vera sjálfum sjer samkvæmur og vera á móti ríkisskóla. Jeg efa ekki stefnufestu hv. 1. landsk, (SE) í þessu máli! (**SE:** Í öllum málum). — Í þessu máli — Mjer hefir skilist það til þessa, að hv. 1. landsk. (SE) hafi viljað stuðla að aukinni menntun í landinu. En hjer skýtur nokkuð skökku við, svo sem margbúið er að minna á og sanna. Því að um það þarf ekki lengur að deila, að krafa kvennaskólanna er rjettmæt og nauðsynleg til þess, að skólarnir geti haldið áfram að fræða ungar stúlkur „þessa lands". Það er því furðulegt, hve mjög hv. 1. landsk. (SE) beitir sjer á móti þessu frv. Kostnaðargrýlan, sem stakk hjer inn höfðinu í fyrra, þegar mál þetta var hjer til umræðu, hefir ekki verið eins uppivöðslumikil í ár. En alveg er mjer óskiljanlegt, hvernig hún fer að hræða hv. 1. landsk. (SE), því að þótt því sje ekki haldið fram, að hans stjórn hafi verið bruðlunarsöm, þá var hún þó eigi svo „ógurlega" sparsöm. (**SE:** Landinu var stjórnað með mjög mikilli sparsemi í minni stjórnartíð). — Ætli það sje nú ekki álitamál?

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM), sem hefir borið fram þetta frv., hefir nú flutt langa ræðu fyrir málinu, en hefir nú ekki ástæður til að vera við, og er það bagalegt, því að ýmislegt þarf jeg að hrekja, af því sem hann sagði.

Jeg hjelt því fram, að eigi væri sanngjarnt að bera þetta fram aftur núna, þar sem það var felt hjer í þinginu í fyrra. Það má nú heita, að hæstv. stjórn hafi viðurkent þetta, því að hún sá sjer eigi fært að bera fram frv. með öðru móti en því, að snúast gersamlega í einu höfuðatriði, sem sje að taka upp skóla, sem bæði hún og hv. 4, landsk. (IHB) voru hamröm á móti í fyrra. Þau eru að reyna að afsaka þennan snúning, en það er vitanlega alveg ómögulegt. Enda er sannleikurinn sá, að Blönduósskólinn á aðeins að vera flotholt til að fleyta kvennaskólanum í Reykjavík gegnum þingið. Blönluósskólinn er alveg sá sami og í fyrra: á sama stað, það sama kent, og sama stjórn á skólanum. (**IHB:** Aukin reynsla!) Já, aukin reynsla í einum snúning hjá hv. íhaldsþm. og engu öðru. Bæði hnattstaða og öll önnur aðstaða skólans er sú sama þann dag í dag, sem hún var í fyrra.

Það gladdi mig að heyra, að hæstv. forsrh. (JM) játaði, þó aðeins óbeinlínis, að af þessu hlyti að leiða þær umbætur, sem jeg hefi stungið upp á í skólamálum. Það sama er þegar fram komið um Flensborgarskólann. Hann þykist alllengi hafa fengið styrk úr ríkissjóði og heimtar nú að vera tekinn alveg. Það kemur að því fyr en varir, að allir einkaskólar koma og segja: Við erum vanræktir af aðstandendum okkar. Ríkissjóður verður að taka okkur að sjer, eins og hann tók Blönduósskólann og kvennaskólann í Reykjavík. Hæstv. ráðh. þykist ekki sjá neinn mun á þessum tveim skólum. Mjer virðist, að hann taki sjer þar til fyrirmyndar hinn fræga sjóliðsforingja Nelson, sem var blindur á öðru auga. Er hann vildi eigi sjá skipanir foringja sins, setti hann kíkinn

fyrir blinda augað og sagðist ekkert sjá. Eins fer hæstv. ráðh. (JM), þegar honum kemur betur að sjá ekki, því að í þessu máli hafa einmitt komið fram gögn frá þeim hv. þm., sem þekkja þetta best. Í fyrsta lagði hefir því verið lýst yfir hjer í hv. deild, af forstöðukonu kvennaskólans, háttv. 4. landsk. (IHB), að í kvennaskólanum hjer væri skipulagið þannig, að ekki yrðu mikil vandræði að útskrifa þaðan gagnfræðinga, þ. e. skólinn er einskonar gagnfræðaskóli. Hinsvegar hefir á þessu þingi verið sagt frá því í hv. Nd., af þeim þm., sem þessu máli er kunnugastur, að Blönduósskóli sje ótvíræður húsmæðraskóli. Nú er gagnfræðamentun almenn mentun og þess eðlis, að hún getur verið báðum kynjum sameiginleg, og er því sannað, að hæstv. forsrh. hefir alrangt fyrir sjer í þessu máli.

Hæstv. ráðh. (JM) segir, að það muni ekki þurfa að skapa fordæmi, þótt þessi skóli sje tekinn á landið, þar sem þegar sje til einn þessháttar skóli, Eiðaskólinn. Enda þótt þessi skóli sje nú algerlega á ríkissjóði, vil jeg leyfa mjer að benda á, að alt öðruvísi er ástatt um hann. Því að hann átti allverulegar eignir, þegar landið tók hann að sjer. Þær eignir fjekk það á móti, og var hjer því um einskonar kaup að ræða. Auk þess geri jeg ráð fyrir, að hæstv. ráðh. (JM) hafi orðið þess var, að Jón Ófeigsson hefir átt afar-örðugt með að koma Eiðaskóla inn í það kerfi, sem hann vill flokka skólana í. Og það stafar einmitt af því, að þessi unglingaskóli er kominn á landssjóð, þótt hann sje almennur alþýðuskóli.

Hæstv. ráðh. (JM) talaði um, að skiftingin væri ekki ljós í almenna skóla og sjerskóla, og talaði hann í því sambandi um verslunarskólann. Sagði hann, að engin krafa hefði fram komið um, að hann væri tekinn á landið. Það heitir ekki! Ef trúa má nokkru orði, sem Morgunblaðið segir, þá er aldrei haldinn hjer kaupmannafundur, svo að ekki komi fram kröfur um það. En þetta hefir aðeins strandað á því, að í framkvæmdinni þurfti ríkið þá einnig að taka að sjer annan skóla, sem kaupmönnum og íhaldsmönnum er heldur í nöp við.

Þá lítur ekki heldur út fyrir, að hæstv. forsrh. (JM) sje of vel að sjer um skiftingu kostnaðarins við barnaskóla í nágrannalöndum vorum, Noregi og Danmörku. Því að þar leggja sveitarfjelögin og landið hvert fram sinn skerf. Það vakti t. d. mikið umtal í fyrra, að kenslumálaráðherra Dana, sem er kvenmaður, taldi barnaskólana fyrst, en háskólann síðast í fjárlögunum. Af því má sjá, að styrkur er veittur til barnaskóla þar í landi. Það er alveg rjett, að þetta var svo, sem hæstv. ráðh. (JM) talaði um, þegar hann var ungur. Þá var barnafræðslan sumpart einkafyrirtæki, sumpart á höndum sveitarfjelaganna. En síðan hefir mörgu farið fram.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að búnaðarskólarnir væru að sumu leyti almennir skólar. Þetta er að sumu leyti rjett; sú sjermentun, sem þeir veita, er eigi nógu mikil. En þó er það svo, að enginn maður, sem er viss um, að hann verði kaupstaðarbúi, fer á þá skóla. Því er rangt, að Hóla- og Hvanneyrar-skólar sjeu sambærilegir við kvennaskólann. Því að eins og þegar er sannað, er kvennaskólinn þannig, að vel gæti helmingur nemenda hans verið karlmenn. Þeir þyrftu aðeins að hafa smíðar

í þeim timum, sem konur sauma og baldíra.

Þá var það og rangt, sem hæstv. ráðh. sagði um Eiðaskólann. Lögunum um hann frá 1917 hefir enn verið fylgt, og engar líkur eru til, að þeim verði breytt í nánustu framtíð. Annars virðist hæstv. ráðh. (JM) þarna einna helst vera að ásaka sjálfan sig, því að hann hefir verið kenslumálaráðh. mestan timann síðan þau lög gengu í gildi.

Þegar hæstv. ráðh. (JM) talar um Blönduósskólann sem samskonar skóla og skólann hjer, þá kemur fram í því tortrygni við hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem virðist illa verðskulduð úr þeirri átt. En sá háttv. þm. (ÞórJ) hefir lýst ótvírætt yfir því, að Blönduósskóli væri húsmæðraskóli, en eigi gagnfræðaskóli.

Þá reyndi hæstv. forsrh. (JM) að verja það nýmæli, að skólastjórarnir við þessa skóla skyldu hafa frítt fæði. Jeg skal viðurkenna, að hjer er um merka nýung að ræða, en bæði hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. (IHB) hafa viljað reyna að komast framhjá fordæminu, sem þetta hlýtur að skapa. Þau hafa viljað láta í veðri vaka, að þetta væri gert vegna nemendanna. Skal jeg játa, að rjett er að kenna nmendunum mannasiði í sem flestum greinum, en jeg fæ ekki sjeð, að meiri ástæða sje til þess í kvennaskólum en í öðrum skólum, t. d. að Eiðum og öllum hinum hjeraðsskólunum. Flm. þessa hafa því eigi dregið af þessu rjettar afleiðingar, því að eftir sem áður eiga skólastjórar að borða sjer og nemendur sjer í öllum öðrum skólum. Nú er það alls eigi óhugsandi, að forstöðukonurnar við þessa skóla giftist. Eiga þá menn þeirra einnig að hafa frítt fæði? Þetta er spurnig, sem þarf að fá svarað. Annaðhvort verður forstöðukonan að koma í matinn með manninn sinn eða þá að hætta að borða með nemendum. Mjer skilst, að hvorttveggja muni vera lagabrot. En um aðra kosti er ekki að gera. Því þyrfti meiri hl. mentmn. að undirbúa brtt. um þetta fyrir næstu umræðu málsins. Væri gott, að hún væri ekki eins staðbundin og aðaltillagan, sem á við hv. 4. landsk.

Hæstv. forsrh. sagði,að Vesturland hefði engan ríkisskóla. Víst er það satt, að eins og nú er ástatt hefir það engan, en eftir viðbótartill. minum á það að fá tvo, að Núpi og Staðarfelli. Jeg vona, að hæstv. ráðh. (JM) muni þessi ummæli sín, þegar til atkvgr. kemur. Sömuleiðis vona jeg, að hæstv. forseti þessarar hv. deildar (HSteins) minnist þess,að hann er fulltrúi fyrir kjördæmi í Vestfirðingafjórðungi.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að það gæti orðið óþægilegt fyrir hjeraðsskólana, ef barnafræðslan yrði lögð niður og menn kæmu ólæsir í skólana. Mjer fyndist, að hæstv. ráðh. ætti að athuga sitt frv. um barnafræðslu, sem hann hefir lagt fyrir þingið, þar sem það er heimtað, að börnin komi læs í skóla 10 ára. Ef hann les það frv., fer sú rökşemd að verða lítils virði.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ekki væri rjett að fara að samþykkja nýja ríkisskóla fyr en norðlenski skólinn væri kominn. Þetta er alveg rjett. Í þessari setningu liggja rjettmæt mótmæli gegn hans frv. nú. Því að svo virðist sem honum sje nær að halda áfram að fylla út sinn eigin ramma frá 1917 heldur en að fara að trana fram nýjum skóla.

Hæstv. ráðh. (JM) talaði um, að áhuginn vildi minka fyrir ýmsum fyrirtækjum, þegar fram í sækti, þótt hann

væri mikill í fyrstu. Þetta hefir nú máske virst svo stundum, eins og t. d. með Vífilsstaði. En þar kemur nú það til greina, að landið hafði altaf alla stjórn á rekstri hælisins, og getur e. t. v. orkað tvímælis, hve vel það hefir verið rekið. Og jeg get bent hæstv, ráðh. á það, að víða erlendis leggja ýmsir íhaldsmenn fram allháar fjárhæðir í skóla og spítala, því að þeir láta oft talsvert af hendi rakna af frjálsum vilja, þótt þeir tími ekki að borga skatta.

Það kom fram hjá hv. 4. landsk. (IHB), að styrkurinn frá bænum til kvennaskólans væri lítill, og ekki virðist hún mjög glöð yfir síldarstyrknum. Jeg vil benda á, að þar er misrjetti gagnvart Blönduósskólanum, því að hann hefir engan síldarstyrk fengið. Það stafar kannske af því, að sumir stuðningsmenn skólans hafa verið svo duglegir í síldarkaupum og láta hann líklega njóta þess „privat". En jeg vil vekja eftirtekt á því, að bærinn virðist ekki meta mikils 50 ára starf þessa skóla, sem fyrst og fremst er hjeraðsskóli Reykjavíkur. (**IHB:** Þetta er ekki rjett, sveitastúlkur ganga altaf fyrir). Jeg hugsa, að háttv. skólastjóri kvennaskólans, 4. landsk. (IHB), þurfi ekki annað en að líta í skólaskýrsluna til að sjá, að mestur hluti skólameyja er úr Reykjavík. Það virðist svo um kvennaskólann, sem segja megi: „án er ills gengi nema heiman hafi," og ekki virðist það neitt „kompliment" fyrir skólann, að Reykvíkingar vilja ekki styðja hann meira.

En skyldi ekki þessi mikli ákafi að koma skólanum á landið vera af því, að þreytan, sem um var talað, sje farin að gera vart við sig hjá stuðningsmönnum skólans hjer, og því vilji þeir nú sæta lagi að losna frá honum og skilja landinu hann eftir. Grunur minn er sá, að hæstv. forsrh. (JM) og íhaldsmenn hjer í deild hefðu aldrei tekið í mál að styðja að því að gera kvennaskólann að ríkisskóla, ef forstjóri hans, hv. 4. landsk. (IHB), væri ekki eitt af bestu sverðum íhaldsins hjer á þingi við atkvæðagreiðslur. Jeg held, að það sje best að játa það strax, að þetta mál hefði fallið hjer við 1. umr., ef það hefði ekki átt jafn-lítilþægan málsvara hjer í deildinni sem hv. 4. landsk. er. Hv. 4. landsk. kvað það hart að mega ekki skifta um skoðun. Það er ekki vandi minn að skifta um skoðun, þessvegna er jeg hissa, þegar þm. hafa ekki sömu skoðunina nema part úr ári, án þess að koma með nokkra frambærilega skýringu á því, hversvegna þeir hafa skift um skoðun. Um reglugerðarákvæðið er það að segja, að það er bæði óvenjulegt og óheppilegt, og hæstv. forsrh. hefir ekki getað bent á nema veikt fordæmi, með skólann á Eiðum. Það er hættulegt að fela mismunandi stjórnum vald til þess að breyta með reglugerðum. Hugsum okkur t. d., að hv. 1. landsk. (SE) yrði ráðherra í 4. sinn, og það er ekki óhugsandi, að maður, sem 3 sinnum hefir verið ráðherra, geti orðið það einu sinni enn, og hann fyndi upp á því að breyta alveg reglugerð kvennaskólans, feldi niður gagnfræðanámið og tæki upp grautargerð og fl. þ. h., þá mundi hv. 4. landsk. (IHB), beisklega iðra að hafa ekki gengið betur frá upptalningu námsgreinanna. – Þá eru tvær setningar, sem jeg skrifaði eftir hv. 4. landsk. (IHB). Hann sagði, að þá fyrst væri skóli kominn í örugga höfn, er hann væri kominn á ríkissjóðinn, og síðari setningin var: „Jeg hefi aldrei dýft hendi í ríkissjóðinn." Hið fyrra atriði, að skól-

um sje ekki borgið fyr en þeir eru komnir á ríkissjóðinn, er algerlega íslensk reynsla. Hinir ágætu háskólar í Englandi og víðar um heim fá engan styrk frá ríkinu. Það er undarlegt að heyra þá menn tala um öryggi í ríkishöfninni, sem voru með í því að afnema tóbakseinkasöluna, sem var þó ríkisfyrirtæki. Það er ekki fullkomið samræmi í því, að þegar stjórnarflokksmenn sitja sjálfir í launuðum stöðum í þessum stofnunum, þá dreymir þá sæludrauma um hæga púða, sem ríkissjóðsfyrirtækin velta sjer á.

Hvað hinni setningunni viðkemur, að þessi hv. þm. hafi aldrei dýft hendi sinni í ríkissjóðinn, þá geri jeg ráð fyrir því, að það sje rjett. En því má ekki Adam vera lengur í Paradís, því vill þm. ekki geta barið sjer á brjóst eftir svo sem 10 ár og segja með sama rjetti: „Jeg hefi aldrei dýft hendi minni í ríkissjóð.“ En hjer er hann að komast inn á þá hættulegu braut að eyðileggja þessa fögru stefnu.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að prof. Eirikur Briem hafi verið með í því að hrinda þessu máli af stað. Jeg held, að það sje að minsta kosti óhætt að bera það af honum, að hann hafi barist fyrir því, að koma kvennaskólanum á Blönduósi á landið. Jeg held, að það sje hjer eins og segir í Alþingistíðindum Kaplaskjóls, að það sjeu þeir, sem drápu málið í fyrra, sem berjast mest fyrir því að koma því fram nú.

Forsætisráðherra (JM): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg þarf að svara hv. 3. landsk. (JJ). Hann sagði, að jeg hefði farið rangt með það, sem jeg sagði um kostnað við barnaskóla í öðrum löndum. Jeg satt að segja get ekki skilið, hvað gat verið rangt í því, sem jeg sagði um þetta. Jeg sagði, að í flestum mentuðum löndum hefði kostnaðurinn við barnaskólana verið greiddur af sveitafjelögunum, en ekki ríkinu til skamms tíma. Hann sagði, að svo hefði verið í minu ungdæmi. En jeg staðhæfi, að þannig hafi það verið í hans ungdæmi og jafnvel yngri manna. En yfirleitt mun mega segja, að það hafi orðið fyrst á síðari árum, sem sú breyting hafi á orðið í ýmsum löndum, að ríkið tæki að sjer kostnað og rekstur barnaskólanna. Jeg nefndi ekki Norðurlönd sjerstaklega, svo það er alveg rangt hjá hv. þm. (JJ). Jeg veit, að bæði í Danmörku og Noregi hefir á síðari árum orðið slík breyting.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að það væri rangt, sem jeg sagði um sjerskólana. Honum finst þó líklega ekki rangt að skoða vjelstjóraskólann og stýrimannaskólann sjerskóla, og mætti þá líklega eins taka iðnaðarmannaskólann á ríkissjóð. Þá mun mega finna fordæmi þess með öðrum þjóðum, að verslunarskólar og aukheldur verslunarháskólar sjeu kostaðir af ríkissjóði. Það gæti líka orðið hjer til bóta, að ríkið ræki verslunarskóla, sem væri jafnt fyrir kaupmenn og samvinnufjelög, því það er engin ástæða til þess að hafa þá kenslu tviskifta. Þá sagði hv. þm., að það væri rangt hjá mjer, sem jeg sagði um Eiðaskólann, að það, sem þar stæði um námstilhögun í sjálfum lögunum, væri aðeins til bráðabirgða, og því hefði ekki verið breytt enn, þótt nokkur ár væri síðan farið hefði verið fram á að breyta. Þetta sannar ekkert. Hv. þm. ætti að lesa lögin.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að jeg hefði farið rangt með um samanburð á kvennaskólunum á Blönduósi og í Rvík. Hann neitaði að vísu ekki, hv. þm. (JJ),

að þeir væru kvennaskólar, sjerstaklega fyrir konur. En hann sagðist vilja minna á það, hvað kent væri í þessum skólum. Fyrir mjer stendur það nú svo, að þessir skólar sjeu fyrir konur miðaðir við þeirra þarfir, til að búa þær undir þá sjerstöku stöðu, sem þær venjulega eiga að gegna í þjóðfjelaginu.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um það, að styrkur frá bænum til kvennaskólans hjer væri síður fáanlegur vegna þessa frv., sem hjer kæmi fram, bæði nú og í fyrra. Sje hann síður fáanlegur nú, þá er skaðinn ekki stór, því jeg hefi nefnilega aldrei orðið var við það, að bærinn legði nokkurntíma nokkuð sem hjeti til skólans, og eru þó nokkur ár, sem hann hefir starfað áður en kom til mála að gera þessa breytingu, sem kom til tals í fyrsta sinn í fyrra.

Þá gerði hv. þm. (JJ) sjer mat úr því og sagði það nýtt uppátæki, að það væri ekki tekið fram í frv., hvaða kenslugreinar ætti að kenna í skólanum. Jeg verð nú að segja það, að háttv. þm. sýnir stundum undraverða vanþekkingu í þeim atriðum sumum hverjum, sem honum ætti þó að vera í kunnugra lagi. Það er einmitt mjög ótítt í lögum sem þessum að tiltaka, hvaða kenslugreinar skuli vera kendar. Til að sýna þetta skal jeg ekki byrja á smærra dæmi en sjálfum háskólanum. Um nám í honum fer alt eftir sjerstökum reglugerðum. Sama var um prestaskólann og gamla lærðaskólann, mentaskólann og gagnfræðaskólann á Akureyri. Þetta er því eins fjarri lagi og getur verið. Það er undarlegt, þegar menn ætla að slá sig til riddara á þeim, sem vita alt miklu betur en þeir sjálfir. Hv. þm. (JJ) getur nú sjálfur reynt að sannfæra sig um þetta, og honum ætti því fremur að vera þetta minnisstætt, að minsta kosti hvað snertir mentaskólann og gagnfræðaskólann á Akureyri, þar sem jeg sagði hjer í þinginu í fyrra, að jeg gæti raunar ráðið því, hvaða námsgreinar væru kendar í þessum skólum, og eins um sambandið milli þeirra. Hv. þm. fer nú að sanna sjálfur æði átakanlega hið fornkveðna:

At augabragði
verðr sás ekki kann
ok með snotrum sitr.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. 3. landsk. (JJ) sagði við 2. umr. þessa máls, að það væru hæpnar sannanir fyrir nauðsyn þess, að forstöðukonur þessara skóla hefðu ókeypis fæði. Jeg tók það fram, að hvað mig snerti, þá væri fæðið ekki óverulegur liður í launununum, og eins hygg jeg að sje um forstöðukonu kvennaskólans á Blönduósi. Það er vitanlegt, að fæðið má meta til peninga. Hinsvegar kemur það auðvitað ekki til mála, ef forstöðukonan giftist og stofnar heimili, að hún nje fjölskylda hennar verði fædd af skólanum. Þetta er sagt til leiðrjettingar hv. þm. (JJ). Þá sagði hv. þm., að ríkisstjórnin myndi ekki hafa tekið í mál að gera kvennaskólann í Reykjavík að ríkisskóla, ef skólastjóri hans væri ekki eitt af bestu sverðum íhaldsins hjer í þinginu. Þessi staðhæfing er ekki svara verð.

Næst sagði hv. þm. (JJ), að hæstv. forsrh. (JM) og jeg hefðum snúist í málinu viðvíkjandi Blönduósskólanum. Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, hvernig aðstaða mín til hans hefði verið í fyrra. Þá sagði háttv. þm. (JJ), að jeg hefði sannfærst um það, að eina ráðið til þess að tryggja kvennaskólann í

Reykjavík og koma honum í hina öruggu höfn ríkissjóðsins, væri að taka Blönduósskólann með. Háttv. 3. landsk. (JJ) hefir bæði í síðustu ræðu sinni og oftar tilfært sem mín orð, að þá fyrst væru kvennaskólarnir komnir í örugga höfn, þegar þeir yrðu ríkisskólar. En hv. þm. gleymir forsendunum fyrir þessum ummælum mínum, en þær voru þessar: Að það sje ilt og ekki við það unandi, að skólar þessir þurfi árlega að eiga það undir dutlungum og náð ríkisstjórnarinnar og Alþingis, hvort þeir fái það fje, sem þeim er nauðsynlegt til reksturs. Þetta hefi jeg sagt. Og frv. um kvennaskólana fer ekki fram á annað eða meira en að tryggja tilveru þeirra. Um afstöðu mína til Blönduósskólans nægir að vitna í þingtíðindin í fyrra. Þá sagði jeg, að þegar það kæmi í ljós, að sömu ástæður mæltu með því að gera Blönduósskólann að ríkisskóla, þá mundi jeg verða fyrsti maður til þess að stuðla að því. Og það þykist jeg nú hafa efnt með því að fylgja þessu frv. Og jeg skammast mín ekkert fyrir það. En jeg mundi skammast mín fyrir að fylgja ekki rjettu máli, vegna þess að mig skorti þor og þrek.

Þessar brtt. hv. 3. landsk. (JJ) væru afleiðingarikar, ef þær í raun og veru hefðu þær afleiðingar, sem hv. þm. (JJ) lætur í veðri vaka. En jeg held nú, að þær sjeu aðeins framkomnar til þess að fleyga málið. Það getur verið, að þetta sje bara tilgáta mín, en jeg held því miður, að þetta sje rjett.

Það er tilgangslaust að ræða hjer lengi um muninn á þessum skólum, sem í frv. standa, og hinum, sem brtt. hv. 3. landsk. gera ráð fyrir, og mun jeg því ekki færast það í fang. Háttv. þm. (JJ) sagði um Eiðaskóla, að hann hefði verið svo ríkur, þegar ríkið tók við honum. En hann hefir kostað landið mjög mikið síðan, og jeg veit ekki til, að háttv. þm. hafi fundið að því við stjórnina, þó þessi kostnaður væri æði mikill, og heldur talað hlýlega um Eiðaskóla.

Jeg mun svo ekki fara lengra út í það moldviðri, sem þyrlað hefir verið upp í þessu máli, en jeg bendi þó á þetta, af því mjer finst þetta vera hálfgerður barnaleikur, sem ætti betur við á öðrum stað en í hinu háa Alþingi.

Hv. 3. landsk. (JJ) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt við 1. umr. þessa máls, að það væri ekki mikil vandkvæði á því að gera nemendur úr efri bekkjum kvennaskólans að gagnfræðingum. Þetta er nú ekki alveg rjett, þó eru nokkur rök til þess, að jeg mun hafa sagt í svari mínu til hv. 3. landsk. (JJ), að nú ætti að hrinda gagnfræðanáminu út á klakann, ef mentaskólinn yrði gerður að óskiftum skóla, og að þá gæti kvennaskólinn rúmað um 50 nemendur, sem þá gæti með litlum breytingum á núverandi kenslufyrirkomulagi og svo að segja engum aukakostnaði tekið gagnfræðapróf. Svona mun svar mitt hafa hljóðað, en um hitt, sem hv. þm. (JJ) segir um greinargerð frv., má benda á, að það liggja svo að segja sömu drög að því frá sjónarmiði okkar, að gera kvennaskólana á Blönduósi og í Reykjavík að ríkisskólum, hygg jeg, að við getum á hverjum tíma staðið við, að þar liggja sanngirniskröfur á bak við, er standa og falla með því, að þeir fái svo að segja alt sitt rekstrarfje úr ríkissjóði. Og það er þó sýnt, að hjer er ekki um annað að ræða en að framkvæma það í orði, sem gert er á borði. Þegar svo hv. 3. landsk. (JJ) var að telja það, og fór um það mörgum ismeygilegum

orðum, að það horfði ekki beint til vinsælda fyrir kvennaskólann, að hann gæti ekki fengið framlag úr bæjarsjóði, þá bendir það til þess, sem jeg hefi áður sagt, að í þau 30 ár, sem jeg hefi starfað við kvennaskólann, hafa stúlkur úr sveit ávalt verið látnar ganga fyrir stúlkum úr Reykjavík, þegar um nýjar námsmeyjar er að ræða; get jeg sannað þetta með bæði skrifuðum og síðar prentuðum skýrslum um skólann. Þegar hefir verið farið fram á styrk handa honum úr bæjarsjóði, þá hefir bæjarstjórn altaf sagt: Þetta er landsskóli, eigum við að fara að styrkja hann? Ef eitt árið sækja ekki eins margar stúlkur úr sveit og vanalega, þá tökum við auðvitað þær stúlkur úr Reykjavík, sem sótt hafa.

Ýmislegt fleira, sem komst hjer inn í umræðurnar, eins og t. d. tóbakseinkasalan, sem jeg með atkvæði mínu átti þátt í, að lögð var niður í fyrra, hygg jeg algerlega óskylt skólamálinu, og ætla jeg því ekki að fara að elta ólar við hv. þm. (JJ) út af því.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg get verið stuttorður, þar sem hæstv. forsrh. (JM) er, að því er virðist, að rökum til fallinn í valinn. Ræða hans var það, sem maður mundi kalla að bera af sjer sakir, og kom hann með allmörg atriði, þar sem hann þóttist verða fyrir röngum dómi, en í allmörgum atriðum var ekki svo vel, að hann væri saklaus, vil jeg þar meðal annars taka til dæmis kostnaðinn við barnaskólana, þar sem hæstv. ráðh. (JM) vildi sýna fram á, að það væri rangt, að barnaskólar væru eða hefðu verið á sveitarfjelögunum. Hann hefir játað það, að þær þjóðir, sem eru næstar okkur, t. d. Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar, eru allar komnar inn á þessa stefnu, og það er rjett hjá hæstv. forsrh. (JM), að það eru „demokratiskir" straumar, sem hafa gert þetta að verkum. Skólarnir eru nú orðnir miklu betri en áður og eru nú að mestu kostaðir af landsfje; það er þessvegna ekki annað en það, að hæstv. ráðh. (JM) var að villast, þegar hann var að tala um, að það væri í öfuga átt, sem straumar samtíðarinnar gengi, en það eru einmitt straumar samtíðarinnar, sem hæstv. ráðh. (JM) hefir sjeð flæða yfir landið, þegar barnaskólarnir voru að miklu leyti teknir á ríkissjóð. Hæstv. ráðh. (JM) hafði eitthvað misskilið það, sem jeg hafði sagt um tregleika Reykjavíkur til þess að styðja kvennaskólann, en aftur hafði hv. 4. landsk. (IHB) skilið það rjett; jeg vjek að því, að það væri hvergi nema hjer á Íslandi, að kvennaskólar væru hafðir fastir á ríkissjóði, en að þessi kvennaskóli væri ekki meira metinn hjer í bænum en raun væri á orðin hjá bæjarstjórn, mundi vera af því, að hún teldi hann ekki nauðsynlegan. Þetta hafði hæstv. ráðh. (JM) alveg misskilið, en af því að ræða hans var mjög út í hött, þarf jeg ekki að svara því, heldur aðeins endurtaka það um kröfu kaupstaðarskóla, sem væri vel liðinn, eins og kvennaskólinn gæti verið, að þar ættu næstu sýslur að veita talsvert mikið til hans, eins og jeg hygg, að mundi vera hjer í Reykjavík, ef litið væri á þá möguleika til náms, sem þar eru fyrir hendi, en það væri alt fyrirkomulag skólans, sem væri í ósamræmi við framtíðina, og að bæjarstjórn Reykjavíkur vilji ekki styrkja hann, vegna þess að hún finni, að það ætti að vera til svipaðir skólar bæði fyrir konur og karla; öðruvísi getur þessi skipu-

lagsbundna mótstaða ekki skilist hjá þeim, sem aðallega eiga að senda nemendur til hans. Við sjáum t. d. um Blönduósskólann, að þangað sækja stúlkur af öllu landinu, og jeg geri t. d. ráð fyrir því um þann skóla, að það muni vera einhverjir nemendur þar úr fjarlægum hjeruðum, þótt sýslusjóður styrki hann og hafi lagt þar í byggingarkostnað.

Þá var þetta atriði, sem hæstv. forsrh. (JM) gerði sig svo gildan yfir, um reglugerð fyrir skólann. Nú getur hæstv. ráðh. ekki neitað því, að hann hefir lagt fyrir þingið stjfrv. um þann skóla, þar sem það er nákvæmlega tekið fram, hvað þar á að kenna, og sama er að segja um frv. það, er hann lagði fyrir þingið í fyrra um sama skóla, svo að þetta er aðeins „after-thought" hjá hæstv. ráðherra (JM), enda sjer hann, að hann mundi jafnvel ekki koma frv. gegnum aðra deildina, ef hann vildi halda því fram, að þetta væri sjálfsagt reglugerðar-ákvæði, en ætti ekki að vera í lögunum sjálfum, og í kennaraskóla-lögunum er þetta ákveðið, en var meira að segja breytt, og yfirleitt er þetta sú almenna regla, að hæstv. ráðherra getur ekki neitað því, að fyrir háttv. 1. landsk. (SE), þegar hann verður ráðherra næst, er hægt að breyta skólanum algerlega með reglugerð og setja þar eintóma grauta- og kökugerð. Það gæti orðið svipað eins og í Ameríku einu sinni, þegar nýr stjórnarforseti setti 2000 embættismenn frá, þegar stjórnarskifti urðu. Jeg býst líka við, að hæstv. ráðherra (JM) sje það vel ljóst, að hann hefir ekki neista af möguleika til að breyta fyrirkomulagi háskólans, því að hann hefir sín eigin lög og reglur og mundi alls ekki leyfa neinni stjórn að breyta neinu af hans fyrirkomulagi. Og hæstv. ráðherra (JM) hefir líka sýnt það í verkinu, að hann trúir alls ekki á þá aðferð að breyta fyrirkomulagi skóla yfirleitt með reglugerð, því að hann kemur hjer með stjfrv., sem meðal annars fjallar um það, hvað kent skuli í skólanum, af því að hann veit, að þessi gamli siður um, að stjórnin ákveði, hvað kent skuli, er frá þeim tíma, sem við ekki höfðum eigin löggjöf, og þá var það vitanlega stjórnin, sem hafði þessi rjettindi, en ekki þingið. Nú eru t. d. allar líkur til, að hæstv. ráðherra (JM) ráði ekki neitt við, hvað þingið gerir í mentaskólamálinu. Frv. stjórnarinnar er nú víst bæði orðið botnlaust og vitlaust, eða ef það er ekki, þá vantar víst alveg miðpartinn í það. Hæstv. ráðherra (JM) myndi víst strax hafa samið reglugerð fyrir þann skóla, ef hann hefði sjeð sjer það fært, en alt hans ráðherrastarf er jafn-mikil endaleysa og það, sem hann hefir haldið hjer fram um skólamálin.

Þá kem jeg að hv. 4. landsk. (IHB). Mjer þykir leitt, að hv. þm. (IHB) skuli ekki muna betur, hvað gerðist í mentmn. í fyrra, þar sem við hv. 1. landsk. (SE) vorum í meiri hl. og hv. 4. landsk. (IHB) í minni hl., kom þetta undireins fram, að öll nefndin tók afstöðu í móti Blönduósskólanum. Jeg hefi nú sannfærst um, að það er sá skólinn, er helst fullnægir þeirri kröfu, sem jeg þá gerði, að breytingin er svo óðfluga í þá átt, húsmæðraskóla-áttina, en það er mjer eiður sær, að hv. 4. landsk. (IHB) barðist fyrst í nefndinni á móti skólanum og svo í þingræðum, sem þá lenti alt á sessunaut mínum, hv. þm. A.-Húnv.

(GuðmÓ), sem þá barðist vel fyrir því máli, en það er gleðilegt að sjá, hvernig góður málstaður sigrar, því að honum hefir nú tekist að snúa háttv. 4. landsk. (IHB) og sennilega allmörgum af hans samherjum. Svo hefi jeg komist að raun um, við það að sjá, hvernig skólinn hefir færst í þá átt, sem jeg hefi óskað, en það er alveg tilgangslaus snúningur af hálfu hv. 4. landsk. (IHB), sem ljet sig það engu skifta, hvort hjer var um sjerskóla fyrir kvenfólk að ræða eða ekki, og svo er það náttúrlega frá sjónarmiði þess hv. þm. (IHB) engin eldri reynsla, sem sá hv. þm. (IHB) getur metið neitt, vegna þess að hann kærir sig ekkert um, að skólinn þokist í hússtjórnaráttina. En hvað það snertir, að jeg sje að fleyga frv. með því að koma með alla þessa skóla á brtt. minni, þá vil jeg benda á afleiðingarnar, eins og hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) gerði í fyrra, nefnilega að allir þeir hv. þm., sem að þessum skólum standa, geri tilraunir til að koma þeim inn þegar á næsta þingi; það er sú aðvörun, sem hjer er komin fram, að ef menn ekki vilja taka við þeim líka, þá að gá að sjer við þessa atkvgr. Ef jeg nú greiði atkv. með því, að þessi skóli, kvennaskólinn í Reykjavík, verði að öllu tekinn á ríkið, þá býst jeg við, ef það skyldi koma fyrir, að honum yrði kastað út á götuna, húsviltum á næstu árum, þá yrði jeg að taka þeim afleiðingum af því að hafa nú greitt honum atkv. mitt, að jeg yrði þá að vera því fylgjandi, að það yrði að byggja yfir hann. Nú er hv. Nd. t. d. með heimavistarhús fyrir mentaskólann, sem mun kosta eitthvað 2—300,000 krónur, sem sennilega verður bygt yfir hann, því að þar er um ríkisskóla að ræða. Það gladdi mig mjög, að hv. 4. landsk. (IHB) sparaði mjer þá fyrirhöfn að fara að leita í skrifuðum ræðum, með því að hafa ræðu sína við hendina, og viðurkennir, að það þyrfti ekki að koma mikil breyting á til þess að gera úr kvennaskólanum gagnfræðaskóla. Það er alveg eins og hjá þjóðverjum á stríðsárunum, sem höfðu svo afskaplega fullkomnar verksmiðjur, að einn daginn bjuggu þeir kannske til flugvjelar, og svo kannske venjulegar bifreiðar eða mótora næsta dag. Eins koma úr kvennaskólanum húsmæður annan daginn, en gagnfræðingar hinn daginn. Að það sje sönnun fyrir því, að kvennaskólinn sje fyrir landið sjerstaklega og að bæjarstjórn vilji þessvegna ekki styrkja hann, leyfi jeg mjer að efast um, en verð að halda því fram, að það, að bæjarstjórnin vill ekki styrkja hann, sje mótmæli á móti skólanum, því að borgarstjóri er kunnugur hjer og maður vel viti borinn, og myndi naumast neita því, ef hann áliti skólann góðan; en jeg álít nú samt, að borgarstjóri sje of harður í þessu máli, því að skólinn er þó fyrst og fremst fyrir þennan bæ. En hvernig á svo að neita Árnessýslu, þegar þeir leggja fram 60,000 króna til þess að koma upp skólanum og vilja svo kannske koma honum á ríkissjóð á næsta ári? Og hvað gerir svo Reykjavík fyrir kvennaskólann? Ekkert, og þó er hann fyrir konur í Reykjavík.

Jeg ætla svo að taka það fram, að þessar till., sem jeg ber fram á þskj. 376, eru eingöngu miðaðar við það, að frv. verði samþykt; ef hv. deild aftur á móti fellir frv., þá er alveg sjálfsagt að mínar till. falli líka, þær eru aðeins bornar fram í sama tilgangi og till. hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) í fyrra, til þess að benda á þær eðlilegu afleiðingar af

gerðum deildarinnar. Ef ekki hefði verið þessi dæmalausa þrautseigja í hæstv. stjórn við að koma kvennaskólanum á landið, myndu hjeraðsskólarnir basla áfram eins og fyr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 4 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 9 : 4 atkv.

9. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.

10.—11. gr. samþ. með 9 : 4 atkv.

Brtt. 375, 1. samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 9 : 4 atkv.

Brtt. 375, 2. (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 9 : 1 atkv.

13.—14. gr. (verða 14.—15. gr.) samþ. með 8 : atkv.

Brtt. 375, 3. samþ. með 9 : 3 atkv.

15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 8 : 3 atkv.

Brtt. 376, I. C feld með 10 : 1 atkv.
— 376, I. D — — 10 : 1 —
— 376, I. E — — 10 : 1 —
— 376, I. F — — 11 : 1 —
— 376, I. G — — 10 : 4 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJ, EÁ, GuðmÓ, IP.

nei: SE, ÁH, BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

Brtt. 376, II. og III. sjálffallnar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BK, EP, GuðmÓ, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: EÁ, IP, JJ, SE, ÁH.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 406).

Einar Árnason: Það var aðallega fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM) út af þessu máli. Eins og kunnugt er, eru til lög frá 1917 um húsmæðraskóla á Norðurlandi í nánd við Akureyri. Er svo ákveðið í lögunum, að þegar hann kemst upp, skuli hann rekinn fyrir landsfje undir umsjón ríkisstjórnarinnar. Jeg vil nú spyrja hæstv. stjórn, hvað hún ætlist fyrir um þennan skóla. Er meiningin að hafa 2 húsmæðraskóla á Norðurlandi, sem ríkissjóður reki? Eða ætlar stjórnin að stefna að því, að ekkert verði úr Eyjafjarðarskólanum, sem stofnaður var með lögunum frá 1917?

Þá eru það tvö smáatriði, sem jeg óska frekari upplýsinga um. Það er út af 1. gr. frv., þar sem talað er um sjóði kvennaskólans í Reykjavík. Er það sjerstaklega hinn svonefndi kvennaskólasjóður, sem mun vera allstór, og er talað um, að ¾ hl. af vöxtum hans skuli ganga til reksturs skólans. Væri gott að fá upplýsingar um, hve mikið fje sjóðsins er, og eins um hitt, hvort nokkrar skuldir hvíli á skólanum, sem komi til að fylgja honum. Viðvíkjandi kvennaskólanum á Blönduósi er lagt svo fyrir, að sýslunefndir Húnavatnssýslu afhendi hann með öllum eignum, en það er ekkert sagt um, hvort skuldir fylgi. Mjer er ekki kunnugt um þetta, en þætti gott að vita, hvort svo er eða ekki.

Forsætisráðherra (JM): Það var talað um það við 2. umr., að húsmæðraskólinn við Akureyri væri mjer viðkomandi. En svo er ekki. Sá skóli heyrir ekki undir mína deild í stjórnarráðinu. Allir reglulegir húsmæðraskólar heyra undir búnaðarmálaráðuneytið, og getur hv. þm. snúið sjer þangað, ef hann óskar upplýsinga um það mál. En

þó að skólinn á Blönduósi hafi færst nokkuð í það horf að verða húsmæðraskóli, er hann samt sem áður almennur skóli. Hvað snertir sjóð kvennaskólans í Reykjavík, þá mun hann vera um 20 þús. kr. Enn var spurt um skuldir Blönduósskólans. Þær munu vera um 7 þús. kr. og hvíla á húseigninni þar. Jeg hygg, að þar sje ekki um aðrar skuldir að ræða, en jeg skal þó ekki fullyrða það. En fyrir utan sjóðina, sem nefndir eru í 1. gr., eru og aðrir sjóðir, er snerta nemendur og standa undir stjórn skólanefndar.

Hygg jeg svo, að jeg þurfi ekki að tala neitt frekar í þessu máli.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir nauðsynlegt að taka það fram nú við 3. umr., þar sem mikill hluti umr. hafa snúist um mentamálaatriðin, að þungamiðja málsins liggur alls ekki þar. Hjer er ekki um það að ræða að leggja áherslu á að fá fullkominn kvennaskóla, hjer er um engar breytingar að ræða í þá átt að greiða götu lærimeyjanna. Það er ekki að verða hjer nein stefnubreyting í mentamálunum, síður en svo; og þessvegna hefði mátt fella niður allar umr. um þessa hlið málsins. En það er fjárhagshliðin, sem alt snýst um, nefnilega það, hvort ástæða sje til að auka kostnað ríkissjóðs með því að setja á hann skóla, sem er einkafyrirtæki og mjög sómasamlegur í alla staði. Það er vel þess vert, að það sje athugað, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) mintist á viðvíkjandi lögunum frá 1917 um húsmæðraskóla á Akureyri, hvort ekki mundi heppilegra að verja fje, ef til er, til stofnunar þeim skóla, heldur en að auka útgjöld ríkissjóðs að óþörfu. Væri það ólíku skynsamlegra, enda hrein skylda Alþingis, þar sem nú allir Norðlendingar mæna vonaraugum eftir hinum nýja húsmæðraskóla.

Yfirleitt sýnast heldur daufar undirtektirnar undir sparnaðarhlið þessa máls. Jeg vil benda á, að það er farið að draga nokkuð úr þessum sparnaðarblæ, sem reynt hefir verið að festa á íhaldsflokkinn, og menn taka það ekki nærri sjer, þótt stjórnin sje nokkuð „flott“. Mjer þykir leitt, að hæstv. forsrh (JM) er ekki viðstaddur, en jeg verð að segja það, að jeg er mjög óánægður með stefnu stjórnarinnar í mentamálunum. Jeg býst við, að margir muni fyllast gremju, þegar stjórnin er að setja nýja skóla á ríkissjóðinn, rjett um það leyti, sem hún gerir ráðstafanir til þess að kasta gagnfræðaskólunum á gaddinn. Hræddur er jeg um, ef nú á að fara að setja á stofn latínuskóla með sama sniði og í gamla daga, og taka af Reykvíkingum gagnfræðaskólann, að það komi hljóð úr horni til stjórnarinnar. Og þá mun hún lítið geta varið sig með því, þegar hún hefir gleymt gagnfræðaskólanum, að hún hafi munað eftir kvennaskólanum í Reykjavík. Jeg vil, að það komi skýrt fram, að jeg er óánægður með stefnu stjórnarinnar í þessu máli. Hún hefir daufheyrst við því, þegar talað er um, að verið sje að auka útgjöldin að óþörfu. En hún er aftur næmari fyrir, ef minst er á að auka öryggið í Hæstarjetti, með því að bæta við einum tveim embættum, en berst fyrir því með hörku, þing eftir þing, að koma kvennaskólanum á ríkissjóðinn.

Forsætisráðherra (JM): Jeg sje eigi, að neitt nýtt hafi komið fram í málinu, og til andsvars hv. 1. landsk. (SE) er

sennilega nóg að minna á orðtækið: „klipt er það, skorið er það.“

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 406).

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að tala langt mál að þessu sinni. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sje nokkurnveginn kunnugt um þetta mál frá undanförnum þingum, þótt það hafi eigi komið fyrir hana fyr. Með frv. er ekki gert ráð fyrir, að kostnaður ríkissjóðs af skólanum aukist mikið. Laun kennaranna eiga þó að hækka óverulega, enda eru þau nú smánarlega lítil. Einnig eiga þeir að fá dýrtíðaruppbót. Þessu verður hagað ögn öðruvísi um Blönduós, enda er svo ráð fyrir gert, að báðir skólarnir starfi áfram með sama sniði og verið hefir. Eins og nú er ástatt er allur kostnaður við báða þessa skóla greiddur úr ríkissjóði, og er því eðlilegt, að ríkið hafi ráð yfir þeim. Jeg skal geta þess, að nokkur munur er á launakjörunum við skólana, að því er forstöðukonurnar snertir, en um það mun ekki vera nein óánægja.

Að öðru leyti held jeg, að heppilegt væri, að eigi yrðu langar umr. um þetta mál, fyr en nefnd hefir fjallað um það. Málið er í sjálfu sjer mjög einfalt, þótt nokkuð skiftar skoðanir sjeu um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv. og til mentmn. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 406, n. 518 og 531).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi lofað hæstv. forseta (BSv) því, að segja ekki nema örfá orð, og jeg vil ekki vekja neinar deilur um þetta mál, en vildi hinsvegar gjarnan, að ekki þyrfti að verða mjög langar umr. um það. Mjer er þetta ekki neitt kappsmál, svo að það er ekki þessvegna, að jeg er heldur að ýta undir, að það verði afgreitt nú, heldur af því að mjer kemur það við. En jeg þykist vera alveg laus við að hafa nokkuð leitast fyrir um það hjá hv. þm., hvernig þeir mundu greiða atkv. um það.

Það er öllum kunnugt, að á síðasta þingi kom fram frv. í Ed. um það, að ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Reykjavík, og jafnharðan kom fram brtt. um það, að ríkið tæki líka að sjer kvennaskólann á Blönduósi. Þetta mál fjell þar, en nokkuð snemma á þessu þingi fór að bóla á því, að þetta mál mundi verða tekið upp af stjórninni, og fór svo, að hún lagði frv. fyrir þingið um þetta efni, án nokkurrar tilhlutunar frá minni hendi, og var þá álitið rjettara að taka kvennaskólann á Blönduósi með. Þegar málið var komið af stað, var leitað umsagna sýslunefndanna í Húnavatnssýslum báðum, og jeg held, að þær hafi báðar svarað því til, að þær

væru samþykkar því að afhenda ríkinu skólann, ef þetta frv. yrði samþykt hjer, og jeg skal þessvegna leyfa mjer að lesa hjer upp skeyti frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, þar sem hún segir, að sýslunefndin hafi samþykt fyrir sitt leyti að afhenda ríkinu kvennaskólann á Blönduósi, með þessum skilyrðum:

„Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu samþykkir fyrir sitt leyti að afhenda ríkissjóði kvennaskólann á Blönduósi með þessum skilyrðum: A. Ríkissjóður tekur að sjer kvennaskólann með öllum eignum og skuldum, eins og það stendur, er afhending fer fram. B. Ríkissjóður tekur að sjer að reka skólann áfram á Blönduósi í líku sniði og nú er, og má aldrei leggja hann niður nje breyta honum í þá átt, að hann verði fjarlægari því að vera hagnýtur húsmæðraskóli en nú er."

Jeg les þetta upp vegna þess, að jeg vil taka það fram hvað þessum skóla viðvíkur, að það er ekki sótt sem neitt kappsmál frá hjeraðanna hálfu, og vilja þau jafnframt hafa hönd í bagga með því, hvernig skólinn verður rekinn eftirleiðis.

Þegar ræða skal um þetta mál, þá kemur vitanlega fyrst til greina það samræmi, sem kynni að verða á milli þessara skóla og annara, sem ríkið hefir tekið að sjer, og jeg held því fram, að þessir skólar sjeu algerlegir hliðstæðir búnaðarskólunum, þar sem þeir eru reknir sem sjerskólar, og að þeir sjeu í einu og öllu óviðkomandi unglingaskólum í landinu, þegar þeir eru komnir í það snið, eða hagnýttir með algerðri sjerþekkingu fyrir kvenmenn. Þegar jeg lít á þessa skóla báða, vil jeg geta þess um kvennaskólann í Reykjavík, að mjer finst, að hann sje í raun og veru ekki að öllu leyti sjerskóli, vegna þess að þar er meira af gagnfræðamentun en sjermentun. En á hitt er líka að líta, að við þann skóla er miklu meiri sjermentun fyrir konur, og ýms handavinna, en nokkru sinni verður kend í unglingaskólum, og auk þess er þar matreiðslukensla í sjerstakri deild. Að vísu mun það vera svo, að ekki eru allir nemendur skólans í húsmæðradeildinni, en jeg býst við, að þó svo sje nú, þá mundi skólinn engu að síður geta komist í það horf, þó að ríkið tæki að sjer skólann, heldur miklu fremur, og þá hefir líka þingið altaf í sinni hendi allar framkvæmdir og gæti gert kröfur um, að skólanum verði haldið í því formi, sem það óskar. Jeg vil um leið og jeg minnist á þessa sjermentun geta þess, að forstöðukona skólans hefir beðið mig að geta þess, ef þetta mál kæmi hjer til umræðu í dag, að ef hv. þm. vildu skoða handavinnu kvennaskólanemenda, þá væru þeir velkomnir þangað nú og á morgun, til þess að geta sannfært sig um, að þessi skóli er meira en nafnið eitt sem sjerskóli.

Aftur á móti vil jeg í framhaldi af þessu láta þess getið, að kvennaskólinn á Blönduósi hefir altaf verið sjerskóli, en er nú rekinn sem almennur húsmæðraskóli. Hann vantar því ekkert á móts við búnaðarskólana nema það, að vera rekinn á kostnað ríkissjóðs.

Námsgreinar skólans hafa verið: íslenska, stærðfræði, heilsufræði og uppeldisfræði, sem kent hefir verið í fyrirlestrum, og ef tími hefir unnist til, hefir einnig farið þar fram í fyrirlestrum kensla bæði í sögu og landafræði.

Þegar litið er á fjárhagshliðina, þá er frá mínu sjónarmiði og meiri hl. nefndarinnar það ekki aðalatriðið. Eins

og sjá má á nál. er aðalatriðið það, að skólarnir verði gerðir svo úr garði, að þeir nái tilætluðu gagni. Ef nú er litið á kostnaðarhliðina og hvernig hún mundi breytast, þá leggur Reykjavík skólanum hjer alt, sem hann þarf. Kostnaðurinn yrði þá hinn sami, nema ef bygt yrði. En yrði í það ráðist, hefir þingið það í höndum sínum og gerði ekki, nema að full nauðsyn væri á.

Um Blönduósskólann er það að segja, að hann má kallast vel stæður; hann á hús, innbú talsvert og útihús, er alt nemur um 100 þús. krónum. En á öllu þessu hvílir um 7 þús. kr. skuld. Það getur því ekki talist óefnilegt fyrir ríkið að taka hann að sjer. En það liggur fyrir að gera þar ýmislegt, sem talsverðan kostnað hefir í för með sjer, eins og t. d. að byggja leikfimisskála. Það hefir farist fyrir að koma því í framkvæmd, enda hefi jeg ekki lagt mikla áherslu á það, mest þó fyrir þá sök, að mjer hefir virst ríkissjóður þann veg á sig kominn, að jeg hefi kveinkað mjer við að leita á náðir þingsins um fjárframlag til byggingarinnar.

Í sambandi við þetta vil jeg taka fram, að skólinn hefir viljað vinna þjóðnytjastarf, og ætti að halda því áfram, þó að ríkissjóður taki hann að sjer. En þegar borið er saman við það, að einstakir þm. eru altaf að reyna að leita styrks handa skólanum, sem misjafnlega gengur, þá er það skaði stofnuninni, hvað það dregst, að ríkið taki að sjer reksturinn. Í þessu liggur kostnaður ríkissjóðs, en hann kemur bara seinna.

Jeg get ekki stilt mig um að geta þess, jafnhliða því, sem vakað hefir fyrir mjer í þessu efni, að einn hv. þm. hjer í þessari deild hefir verið mjer sjerstaklega hjálplegur og veitt mjer meira liðsinni en nokkur annar um fjárstyrk til skólans, en það er hv. þm. Str. (TrÞ), sem skilið hefir þarfir skólans öllum öðrum betur. Jeg er ekki með þessu að slá honum gullhamra, nje að fá hann til þess að greiða atkv. með mjer um þetta mál sjerstaklega, en jeg vildi láta hann njóta sannmælis, því oft hefir mjer gengið erfiðlega að koma fjárbeiðnum mínum, skólanum til handa, í trygga höfn.

Jeg held jeg geti nú bráðum látið máli mínu lokið.

Nál. minni hl., er byggist á því, að þessum sjerskóla verði skipað í flokk með unglingaskólunum, finst mjer ekki á rökum bygt. Þrátt fyrir það, þó að ríkið hafi á sinni könnu að leggja mikið af mörkum til gagnfræðamentunar í landinu, þá verður það að vera á valdi hv. deildar að skera úr, hvort sjerstæðir skólar eigi nokkuð skylt við unglingaskólana. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að hjer sje ólíku saman að jafna, og virðist mjer því, að dagskrártill. hv. minni hl. komi ekki þessu máli við.

Jeg lofaði að tala stutt og læt mjer þetta lynda, enda vona jeg, að atkv. um málið geti farið fram sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg vil vera hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) samtaka um það, að lengja ekki mikið umr., sjerstaklega vegna þess, að jeg tel víst, að frv. þetta geti ekki gengið fram vegna tímaskorts, og er þá þarflaust að fjölyrða um það.

Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ), að ágreiningur er um það, hvort þessir tveir skólar sjeu almennir skólar eða sjerskólar.

Eins og nál. minni hlutans ber með

sjer, þá hefir hann ekki getað fallist á að mæla með, að frv. þetta verði samþ.

Sú skipun, er nú gildir um skólamál landsins, er á þá leið, að ríkið rekur sjerskólana, svo sem bændaskólana, kennaraskólann og stýrimannaskólann, auk þess sem það heldur uppi hinum almenna mentaskóla, svo og gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem stendur í beinu sambandi við mentaskólann hjer í Reykjavík. En ríkið rekur ekki hina almennu unglingaskóla í landinu, þó það hins vegar styrki þá með nokkru fje í fjárlögum. Undantekning frá þessu er þó Eiðaskólinn, en það er af alveg sjerstökum ástæðum, sem kunnugt er, að ríkið hefir tekið á sína arma rekstur Eiðaskólans.

Hv. meiri hl. byggir álit sitt á því, að þessir tveir kvennaskólar sjeu sjerskólar og því hliðstæðir bændaskólunum.

Aftur á móti hefir minni hl. ekki getað fallist á, að hjer væri um sjerskóla að ræða, einkum þó þegar um er að ræða kvennaskólann hjer í Reykjavík. Þó að skólar þessir sjeu eingöngu fyrir konur, þá sjáum við ekki, að það eitt gefi þeim þá sjerstöðu, að þeir eigi að vera rjetthærri en aðrir unglingaskólar í landinu, þar sem í þeim eru kendar að mestu leyti sömu námsgreinar og í öðrum unglingaskólum. Það mun að vísu vera svo, að hjer við kvennaskólann er rekin sjerstök húsmæðradeild, þó í smáum stíl sje. Sjáum við ekkert á móti því, að ríkið taki að sjer að reka hana og auka þá um leið, en sá kostnaðarauki mundi hverfandi verða.

Samkv. frv. stendur það svart á hvítu, að í kvennaskólanum í Reykjavík skuli kendar ýmsar sömu námsgreinar og í öllum öðrum unglingaskólum landsins, svo sem íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði o. fl. Hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) benti á, að í Reykjavíkurskólanum væri kent ýmislegt, sem sjerstaklega væri ætlað konum, svo sem handavinna. Þetta mun rjett vera, en jeg hygg, að þetta sje kent sem aukanámsgreinar og aðaláherslan lögð á þær námsgreinar, sem jeg taldi upp. En þetta er ekkert einsdæmi. Allflestir unglingaskólar halda uppi að meira eða minna leyti handavinnukenslu. Svo þó að handavinna sje kend hjer í kvennaskólanum, ásamt öðru, þá sannar það eitt út af fyrir sig lítið um það, að hjer sje um sjerskóla að ræða.

Í þessu frv., sem hjer er um að ræða, liggur ekkert fyrir um, hverjar skuli vera námsgreinar Blönduósskólans, aðeins tekið fram, að þær skuli vera sömu og áður. Jeg er ekki kunnugur því, hvað kent er í skóla þessum, en þó skal jeg játa, bæði af því, sem jeg vissi áður, og eftir upplýsingar hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) nú, að það væri þó miklu nær að skoða Blönduósskólann sem sjerskóla heldur en kvennaskólann í Reykjavík, og í áframhaldi af þessu vil jeg því taka það fram fyrir hönd minni hl., að við mundum mikið frekar geta fallist á, að ríkið tæki að sjer rekstur Blönduósskólans.

Finst mjer þá, að komið gæti til mála að skifta frv., því þó að fyrri hl. frv. yrði feldur, sje jeg ekkert á móti því að samþykkja síðari hl. Formsins vegna skilst mjer, að þetta sje hægt, því þó að frv. sje eitt, er það í tvennu lagi og því um tvö mál að ræða. Annars skildist mjer á ræðu hv. frsm. meiri hl., að Húnvetningar, eða kjósendur hans, mundu ekki sækja það fast, að ríkið tæki að

sjer rekstur skólans. (ÞórJ: Jeg nefndi það ekki). Nú, jæja, mjer fanst það liggja í orðum hans. — En sem sagt, minni hl. lítur svo á, að því aðeins geti kvennaskólarnir talist hliðstæðir bændaskólunum, að þeir sjeu fyrst og fremst húsmæðraskólar, en ekki gagnfræðaskólar, sem leggi aðaláhersluna á almenna mentun.

Jeg verð því að telja, að kvennaskólinn í Reykjavík, eins og hann hefir verið og er nú, sje hliðstæður unglingaskólunum og gagnfræðaskólum, eins og t. d. í Flensborg, og því sje það misrjetti hreint og beint að taka hann út úr og gera hann rjetthærri en Flensborgarskólann eða aðra unglingaskóla í landinu.

Hinsvegar lítur minni hl. svo á, eins og vikið er að í nál. hans, að sem stendur sje skipun unglingafræðslunnar í mesta reiðileysi. Það eru þegar komnir á fót nokkrir unglingaskólar og verið að stofna aðra, og alla þessa skóla styrkir ríkisjóður að meira eða minna leyti með fjárframlögum, án þess þó, að slegið sje neinu föstu um það, hver afstaða ríkisins skuli vera gagnvart unglingafræðslunni. Við teljum fulla þörf á, að málið í heild sje tekið til gagngerðrar rannsóknar og að komið verði á ákveðnu skipulagi um unglingafræðsluna í landinu og skipað með lögum, hvernig skuli með hana farið í framtíðinni. Gæti þá komið til mála, að sú skipun yrði gerð, að ríkið tæki að sjer alla unglingafræðslu í landinu, og mundu þá kvennaskólarnir fylgja með að sjálfsögðu. Jeg skal engu spá um það, hvort þetta muni verða ofan á, en með því móti væri gætt jafnrjettis á báðar hliðar.

Út frá þessum forsendum leggur minni hl. til, að mál þetta verði afgr. með rökstuddri dagskrá, þar sem lögð er áhersla á, að stjórnin taki til grandgæfilegrar athugunar alla unglingafræðslu í landinu og leggi fyrir næsta þing frv. í þessu efni. Held jeg, að þetta sje betri lausn á málinu heldur en að flana að því nú, að samþ. sjerstök lög fyrir þessa tvo skóla, og það mætti fylgja með, að jafnhliða væri komið föstu skipulagi á húsmæðrafræðsluna í landinu. Það hefði verið alt öðru máli að gegna nú, ef frv. hefði stefnt að því að breyta kvennaskólanum hjer í húsmæðraskóla og tryggja betur, að Blönduósskólinn yrði líka slíkur skóli, — hefði þetta legið fyrir, gat komið til mála að samþykkja frv.

Hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) taldi kostnaðinn aukaatriði. Jeg get raunar vel fallist á það, að kostnaðurinn sje ekkert aðalatriði í þessu máli, ef um það væri að ræða, að ekki væri unt að tryggja sæmilega mentun kvenna á annan hátt en að ríkið taki á sig að reka kvennaskólana. En jeg sje ekki, að trygging sje fyrir, að skólarnir batni, þó að ríkið taki að sjer að reka þá.

Hins vegar er vitanlegt, að verði frv. þetta að lögum, þá hefir það í för með sjer aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Reynslan hefir vanalega sýnt það, að menn gera meiri kröfur til ríkisins um laun og annað heldur en annara. Og þegar ríkið væri búið að taka að sjer þessa skóla, býst jeg við, að ekki liði á löngu, þangað til að bygt yrði handa kvennaskólanum í Reykjavík. Og þó að Blönduósskólinn eigi gott hús, gat þó hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) þess, að þar þyrfti að byggja leikfimisskála og jafnvel fleira, sem ekki mundi dragast lengi,

eftir að ríkið tæki að sjer að halda skólanum uppi.

Fjárlögin, sem afgr. eru fyrir fáum dögum, eru ekki þann veg úr garði gerð — án þess þó að jeg sje að barma mjer fyrir hönd ríkissjóðs — að mjer finnist rjett að samþ. þegar á eftir frv., sem fyrirsjáanlegt er, að hefir allmikil aukin gjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð.

Að svo mæltu skal jeg efna það, sem jeg lofaði í upphafi, að fjölyrða ekki frekar um frv., svo að atkvgr. geti farið fram.

Forsætisráðherra (JM): Að vísu dregur nær þinglausnum, en engan veginn þó svo, að ekki mundi endast tími til að koma þessu frv. lengra, væri það samþ. nú, sjerstaklega þó með það fyrir augum, að efnt væri það, sem báðir frsm. meiri og minni hluta hafa viljað, að um málið yrðu engar óþarfar umr.

Mjer skilst, að það, sem um er deilt, sje það, hvort skólar þessir skuli skoðast sem sjerskólar eða ekki. Jeg skil ekki mótbárurnar, sem færðar eru gegn því, að skólar þessir sjeu ekki sjerskólar. Það mætti þá með jafnmiklum rjetti segja, að minsta kosti um gagnfræðaskólana, að þeir sjeu ekki sjerskólar, og eru þeir þó kostaðir af ríkinu.

Háttv. frsm. minni hl. (BSt) þarf jeg aðeins fáu að svara, enda hefir háttv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) fært svo rækilega rök fyrir frv. Jeg vil þó minna hv. frsm. minni hl. (BSt) á það, að ekki er hægt að segja, að kvennaskólar, sem eru aðeins fyrir konur, og þar sem kent er ýmislegt, sem ekki er hentugt að kenna í samskólum, sjeu í raun og veru almennir skólar.

Öðru máli er að gegna með bændaskólana og unglingaskólana, þar sem kend er almenn unglingafræðsla. Í bændaskólunum eru nú kend meir almenn fræði en áður, minna verklegt nám. Annars eru þeir yfirleitt ætlaðir bændum eins og kvennaskólarnir konum, með tilliti til verksviðs þeirra sjerstaklega. Kvennaskólar þessir eru auðvitað ekki fyrir konur, sem stunda ætla háskólanám, heldur fyrir þær konur sjerstaklega, er gegna því starfi, sem þær hafa hingað til alment gegnt í þjóðfjelaginu.

Það er villandi að segja, að eins sje ástatt um kvennaskólana og um almenna unglingaskóla. Frsm. minni hl. (BSt) mintist á kenslugreinirnar, en þegar hann segir, að handavinna sje aukanámsgrein, er það aðeins af ókunnugleika, því að þessi sjerkensla tekur meira en ⅓ af öllum námstímanum og getur þessvegna ekki talist aukanámsgrein. En þetta eitt sannar til fullnustu, að hjer sje um sjerskóla að ræða.

Mér skildist háttv. frsm. minni hl. (BSt) nefna skólana gagnfræðaskóla fyrir konur. Ef þeir væru nú það, sem þeir eru í rauninni ekki, þá ætti sama að gilda um þá og aðra gagnfræðaskóla.

Mjer finst það vera tilraun til að villa mönnum sýn, að halda því fram, að þetta eigi að bíða þangað til fult skipulag er komið á skólamál vor. Það getur orðið langt að bíða eftir því. Væri ekki eins gott að gera þetta nú, og svo þegar ríkið ræður algerlega yfir þessum skólum, getur það hagað þeim eins og því sýnist.

Háttv. frsm. minni hl. (BSt) virtist nú ekki vilja leggja mikla áherslu á kostnaðarhliðina. Þetta er líka rjett. Sú hlið á ekki að koma hjer verulega til greina, þar sem ríkið kostar þegar skólana. En það sáralitla fje, sem kemur

annarsstaðar frá, muh verða greitt eftir sem áður. Jeg held, að jeg megi segja, að sá hluti kostnaðar, sem kemur annarsstaðar frá til skólans í Reykjavík, sjeu einar 500 kr.

Háttv. frsm. minni hl. (BSt) sagði, að það væri engin sönnun fyrir því, að skólarnir yrðu fullkomnari, þótt þeir kæmust á ríkissjóðinn. Þetta er auðvitað satt. En mjer er það óskiljanlegt, að þm. skuli ómögulega vilja, að ríkið ráði yfir stofnun, sem ríkissjóður kostar að öllu leyti. Það er ekkert misrjetti gagnvart öðrum skólum, þó að þeir skólar verði ríkisskólar, sem fá alt úr ríkissjóði, sem þeir þurfa. Mjer þykir það koma úr hörðustu átt, þegar frsm. minni hl. (BSt) segir, að þau fyrirtæki kosti æfinlega meira, sem rekin eru af ríkinu, heldur en fyrirtæki einstakra manna. Það kemur ekki heim við þær kenningar, er koma úr svipaðri átt.

Það hefir verið talað mikið um nauðsyn nýs skólahúss fyrir barnaskólann í Reykjavík, sem fyr myndi heimtað, ef skólinn yrði tekinn á ríkisjóðinn. En ef skólinn þarf að byggja á annað borð, er það víst, að þingið mun leggja fram það fje, sem nauðsynlegt er, en ekki fara að leggja þenna hálfrar aldar gamla og góða skóla niður. Enda hefir þingið altaf sýnt, að það veitir það fje, sem skólar þessir þarfnast, t. d. nú síðast til viðbótarbyggingar við Blönduósskóla og til húsgagnakaupa fyrir Reykjavíkurskólann.

Jeg get verið samdóma háttv. frsm. minni hl. (BSt) um það, að þegar fjárlögin líta svo út sem nú, sje ekki rjett að samþykkja lög, sem hafa óþarfa kostnað í för með sjer. Og jeg get gengið enn lengra. Það er a l d r e i ástæða til þess að samþ. lög, sem hafa í för með sjer óþarfa kostnað, hvernig svo sem fjárlögin líta út. En hjer er ekki um önnur gjöld að ræða en þau, sem ríkissjóður verður hvort eð er að borga. Jeg segi það eins og er, að jeg get ekki skilið mótstöðuna gegn þessu máli. Jeg hygg, að það sje bara fyrirtekt og mótbárurnar gegn því aðeins fyrirsláttur. Sjerstaklega skil jeg ekki í mótmælum manna gegn því, að kvennaskólarnir sjeu sjerskólar, þar sem þeir kenna það, sem ekki er hægt að kenna í samskóla og stendur í sambandi við hin sjerstöku störf kvenna. Jeg verð að halda, að ef menn skilja ekki, að hjer er um sjerskóla að ræða, þá er það af því, að þeir vilja ekki skilja það.

Árni Jónsson: Það er í rauninni synd að vera að tefja umr. lengur, og skal jeg því vera stuttorður, svo að jeg verði ekki til þess að seinka afgreiðslu málsins. En jeg ætlaði aðeins að gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg get tekið undir það með háttv. frsm. meiri hl. (ÞórJ), að kvennaskólarnir eru sjerskólar, sem hafa sama rjett og t. d. búnaðarskólar. En þetta eru alrangar forsendur fyrir niðurstöðunni. Er nóg í þessu sambandi að líta á Reykjavíkurskólann. Hjer er ekki um sjerskóla að ræða. Þegar hann var stofnaður fyrir um 50 árum, stóð alt öðruvísi á. Þá var hjer enginn gagnfræðaskóli, verslunarskóli, unglingaskóli o. s. frv., og var því ekki í annað hús að venda en þangað. En bóklega námið þar er ekki annað en það, sem kent er í flestöllum skólum, — alþýðu og unglingaskólum.

Það var tvent, sem jeg hjó eftir í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (ÞórJ), sem mjer þótti merkilegt. Hann taldi upp skyldu-

námsgreinirnar við Blönduósskóla, og eru þær örfáar. En þar á meðal er þó sú námsgreinin, sem er afarnauðsynleg í slíkum skólum, og það er uppeldisfræðin. Er jeg bar þetta svo saman við frv., að því er snertir kvennaskólann í Reykjavík, sá jeg, mjer til mikillar undrunar, að í þessum svokallaða sjerskóla kvenna í höfuðstað landsins er þessari námsgrein slept.

Í frv. er vitnað til handavinnu, útsaums, ljereftasaums o. s. frv. En í öðrum skólum er handavinna líka kend, og þá í tvennu lagi, þannig að karlmenn stunda smíðar, en kvennfólkið saumaskap. Yfirleitt er auðsjeð, þegar maður lítur yfir námsgreinirnar, að það eru aðeins örfáar þeirra, sem eru sjereinkenni kvennaskóla, flestar eru þær einkenni gagnfræða- eða alþýðuskóla.

Jeg ætla ekki að ganga ítarlega inn á þetta mál eða víkja nokkuð að kostnaðarhliðinni. Háttv. frsm. minni hl. (BSt) tók það rjettilega fram, að kostnaðurinn mundi verða hinn sami.

Kvennaskólinn í Reykjavík er auðvitað alls góðs maklegur, og mundi jeg ekki sjá eftir því, þó að kennarar hans fengju þannig bætt kjör, ef hjer væri um sjerskóla fyrir konur að ræða. Háttv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) sagði, að ríkið gæti gert þá kröfu, að skólinn yrði meira húsmæðraskóli en hann nú er. En nú er málið ekki á því stigi, að breyting þessi sje gerð, en ef hún væri komin á, gæti jeg fylgt frv. En það er engin hætta á því, að skólinn komist í það horf á þessu þingi, enda hafa forgöngumenn frv. ekki sýnt neinn áhuga á því.

Alt öðru máli er að gegna með kvennaskólann á Blönduósi, og tel jeg illa farið, að hann sje í sama frv., því að hjer er um ólíka skóla að ræða. Blönduósskólinn er miklu meiri sjerskóli en Reykjavíkurskólinn, sem er ekki sjerskóli að neinu öðru leyti en því, að hann veitir ekki karlmönnum inngöngu. Annað einkenni hefir hann ekki fram yfir gagnfræða- og unglingaskóla.

Minni hl. nefndarinnar hefir borið hjer fram dagskrá. En jeg get ekki felt mig við hana, því að jeg tel enga þörf á að undirbúa þetta mál. Jeg greiði því atkv. móti dagskránni, og ef hún fellur, þá á móti frv.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Jónsson): Jeg get sagt í örfáum orðum það, sem jeg þarf að segja. Háttv. forsrh. (JM) hefir nú svarað háttv. frsm. minni hl. (BSt) svo rækilega, að jeg get að mestu komist hjá að minnast á ræðu hans.

Háttv. frsm. minni hl. (BSt) játaði, að kvennaskólinn á Blönduósi hefði á sjer öll sjereinkenni kvennaskóla, og gæti hann því frekar aðhylst hann. En ekki væri hægt að segja hið sama um kvennaskólann í Reykjavík. Jeg gat þess áður, að jeg væri ekki alveg ánægður með fyrirkomulag Reykjavíkurskólans. En þrátt fyrir það get jeg ekki fallist á, að hann sje ekki sjerskóli, þar sem í honum er kent annað og meira en í almennum skóla. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, er það á valdi þingsins, þegar skólinn er orðinn ríkisskóli, hvort það vill gera hann að húsmæðraskóla eða ekki. Og hann mundi fyr komast í rjett horf, ef ríkið hefði umráð yfir honum, en ella. Hefir það líka orðið til þess, að frv. fylgdust að.

Þá mintist hv. frsm. minni hl. (BSt) á kostnaðinn við húsabyggingu, sem mundi leiða af þessu frv. Þm. hafa þó venjulega ekki vílað það fyrir sjer að

greiða unglingaskólum kostnað við byggingar, er bygðar voru áður en ákvæði þingsins voru gerð. Þetta yrði því aðeins sanngirniskrafa Blönduósskólans á hendur þingsins, þar sem hann hefir engan byggingarstyrk fengið nema litla upphæð nú á fjárl. En ef Reykjavíkurskólinn væri tekinn á ríkissjóð, sem kostar hann nú að öllu leyti, væri það auðvitað á valdi þingsins að ákveða, hvenær það byggir, og eins hvort það breytir honum frekar í húsmæðraskóla en nú er.

Hv. þm. (BSt) mintist líka á kostnaðinn í sambandi við fjárlögin. En þó að frv. þetta yrði samþ., er engin hætta á því, að farið yrði að gera nokkuð árið 1927, sem aukið gæti kostnaðinn við skólana. Býst jeg heldur ekki við, að stjórnin mundi leggja til, að nokkuð verði gert á næstu fjárlögum. Það er því alveg óþarfi að vera að tala um þetta í sambandi við fjárlögin.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) þarf jeg lítið að svara. Jeg er honum þakklátur fyrir ummæli hans um Blönduósskólann. En aðaldeiluatriðið er, hvort kvennaskólinn í Reykjavík sje sjerskóli fyrir konur eða ekki. Tel jeg hann hiklaust vera það, enda hefir hann sjerkenni slíkra skóla og kennir það, sem ekki er kent í almennum unglingaskólum. Má þar nefna t. d. útsaum, ljereftasaum, fatasnið, prjón og baldýringu. Er kanske álitamál, hvort þetta geti ekki verið enn fullkomnara en það nú er. En alt stendur það til breytinga. Þá eru kend ýms innanhússtörf, þvottur o. fl. En alt þetta lýtur að sjerstöðu konunnar í þjóðfjelaginu.

Annars finst mjer ekki ástæða til að ræða þetta frekar, enda hefir hæstv. forsrh. (JM) rakið það allnákvæmlega, og ætla jeg því ekki að endurtaka það eða lengja umr. meira.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Þótt jeg vilji flýta fyrir, að atkvgr. geti farið fram, kemst jeg ekki hjá því að gera örstuttar athugasemdir við það, sem beint var til mín út af ræðu minni áðan.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að nægur tími væri til þess að koma málinu fram enn. Jeg efast þó um það, nema eigi að hroða því af með afbrigðum frá þingsköpum. Hann sagði einnig, að það væri ekki til neins að vera að ræða mikið um málið. Má það vel vera. En aðaldeiluefnið sagði hann að væri, hvort skólarnir væru sjerskólar eða ekki. Sagðist hæstv. forsrh. (JM) ekki geta skilið mótbárur okkar, sem álitum, að kvennaskólinn í Reykjavík sje ekki sjerskóli. Þá sagði hann, að gagnfræðaskólarnir væru ekki sjerskólar, en þó kostaðir af ríkissjóði. En það er alt öðru máli að gegna með þá, eða að minsta kosti með tvo af þeim, gagnfræðaskólana í Reykjavík og á Akureyri, því að þeir eru jafnframt undirbúningsskólar undir æðri mentun. Aftur á móti er þriðji gagnfræðaskólinn, Flensborgarskóli, ekki rekinn af ríkinu, heldur eins og kvennaskólarnir, með styrk úr ríkissjóði, og þessvegna ekki á ábyrgð hins opinbera.

Mjer skildist svo, að aðalrökin, sem þetta bygðist á, væru þau, að kvennaskólarnir væru sjerskólar, það er, aðeins fyrir konur einar. Jeg hefi aldrei borið á móti því, að svo væri, en jeg sje ekki, að þetta eitt geti rjettlætt að taka þá í tölu ríkisskóla. Mjer detta t. d. í hug bændaskólarnir, þar er heldur ekki kent neitt annað en það, sem

bændaefni þurfa sjerstaklega að læra. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, sem sagt hefir verið, að kenslan væri svipuð í kvennaskólunum og bændaskólunum. Í kvennaskólunum eru fræðigreinar kendar án tillits til þess, úr hvaða stjett nemendurnir eru. Þá var það talið sem sjerstök sönnun þess, að um sjerskóla væri að ræða, að einn þriðji hluti námsgreinanna væri aðeins fyrir konur einar. Jeg get ekki sjeð, að þetta nægi til að gefa neinum skóla sjerstöðu. Það hefði verið nær lagi, hefði verið hægt að sanna þetta um tvo þriðju hluta námsgreinanna, því það má tæpast minna vera en liðlega helmingur námsgreinanna væri sjerfræðigreinar; einn þriðji hluti getur ekki komið til mála, því það sannar ekki annað en það, að hjer er um almennan, en ekki sjerskóla að ræða. Þó sagði hæstv. háðherra (JM), og ýmsir fleiri hafa sagt það sama, að þegar ríkið fengi umráð yfir skólunum, gæti það skipað þeim eftir vild, t. d. væri hægt að gera þá að algerðum húsmæðraskólum. Þetta er rjett. En því var þá ekki þetta frv. lagt þannig fyrir, að þetta yrði gert þegar í stað? Ef það hefði verið gert, hefði alt öðru máli verið að gegna um þetta. Jeg er hissa á því, að hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ), sem er skynsamur maður, skyldi ekki sjá þetta og nota tækifærið til að bera fram brtt. um að gera skólana að húsmæðraskólum.

Þá sagði hæstv. ráðherra (JM), að kostnaðarhliðin á þessu máli kæmi ekki til greina. Þetta þótti mjer all-undarlegt, því hæstv. ráðh. (JM) er all-glöggskygn á þá hluti og veit manna best, að kostnaðarhlið allra mála á ætíð að koma til greina, en hitt játa jeg, að sú hlið er ekkert aðalatriði í þessu máli. Þá sagði hæstv. ráðh. (JM), að það kæmi úr hörðustu átt, að jeg færi að gera mikið úr reksturskostnaði ríkisstofnananna, eða færi í alvöru að halda því fram, að hann væri meiri en við einkastofnanir. Jeg skil ekki, hversvegna hæstv. ráðh. (JM) segir þetta; jeg hefi aldrei haldið fram ríkisrekstri neinna stofnana. Jeg hefi að vísu einu sinni greitt atkvæði á móti niðurlagningu ríkisstofnunar, og jeg játa, að jeg gerði það af yfirlögðu ráði, vegna þess að svo stóð á, að ríkið hafði haft góðar tekjur af þessari stofnun, en það var eins og er ennþá ósannað, að þeim tekjum verði náð í ríkissjóð á eins auðveldan hátt.

Það er því engin ósamræmi hjá mjer, þó jeg hafi sagt, að það yrðu gerðar meiri kröfur til fjár á hendur ríkissjóði handa þessum skólum, er þeir væru orðnir ríkisskólar, laun kennara yrðu aukin og ýms annar kostnaður kæmi til, sem ekki hefði verið ráðist í, og átti jeg aðallega við það, að í rauninni væru ætíð gerðar frekari kröfur til ríkisskólanna en til einkaskóla, og jeg átti ekkert við það, að ríkisskólar hlytu í sjálfu sjer að vera dýrari í rekstri. Það er alkunna, að þeir skólar, sem eru í umsjá ríkisstjórnarinnar, hafa meiri getu en aðrir skólar til að framkvæma hvaðeina, sem þarf til skólareksturs ins, og því eru meiri kröfur gerðar til þeirra; hitt þarf ekki að vera, að alt verði dýrara, sem ríkið lætur gera. Það er aðeins það, að getan er þar meiri, og því er meira krafist af þeim. Hæstv. ráðh. (MJ) sagði, að mótstaðan gegn þessu máli væri fyrirtekt, og ástæður þær, sem fram hefðu verið færðar, væru fyrirsláttur; þetta má nú altaf segja, en það sannar aðeins svo ákaflega lítið og

ber ekki vott um ákaflega mikinn forða af rökum hjá þeim, sem taka til slíkra hluta í rökræðum.

Jeg get yfir höfuð ekki sjeð, að svo mikill ávinningur sje við það, að ríkið reki þessa skóla, að það eitt geti skýrt það kapp, sem hæstv. ráðh. (JM) o. fl. háttv. þm. beita í þessu máli. Þó dettur mjer ekki í hug að segja, að það sje fyrirtekt fylgismanna frv., t. d. hæstv. ráðh. (JM) o. fl., en ekki nauðsyn skólanna að komast undir verndarvæng ríkissins, sem ráði fylgi manna við frv.

Hv. frsm. meiri hl. svaraði mjer ekki í ræðu sinni áðan, og jeg get því gjarnan gert honum sömu skil og látið ræðu hans í friði.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 531, frá minni hl. mentmn., feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JörB, KlJ, MT, PÞ.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO.

BSv greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, JK) fjarstaddir.

1. gr. frv. feld með 14 : 11 atkv.

Forsrh. (JM) tók frv. aftur, en þm. Str. (TrÞ) tók það upp.

2.—8. gr. feldar með 13 : 6 atkv.

9. gr. feld með 16 : 5 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Fátækralagabreyting.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 13. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 26).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg hefi á undanförnum þingum flutt allvíðtækar breytingar á fátækralögunum, en þeim hefir verið misjafnlega tekið. Hv. þm. hafa þó yfirleitt látið í ljós velþóknun sína á einni breytingunni, en það er sú, sem nú er á dagskrá. Hún er þess efnis, að fátækrastyrkur, sem veittur er mönnum 60 ára eða eldri, skuli ekki talinn sveitarstyrkur.

Í mínum augum er þessi breyting mjög sjálfsögð, og af því að mjer hefir virst hún fá mjög góðar undirtektir hjá hv. þm., taldi jeg rjett að bera hana fram sjerstaklega og gefa þeim þannig tækifæri til þess að koma henni fram.

Jeg tel ekki þörf á löngum skýringum, enda hefir áður verið um þetta rætt. Jeg get ekki sjeð, að þessi breyting þurfi nokkuð að raska viðskiftum milli sveitarfjelaga. Kröfurnar mundu ekkert breytast, og þótti mjer ekki þörf á að taka slíkt fram. Einnig lít jeg svo á, að ef breytingin verður samþykt, eigi þeir, sem þegið hafa sveitarstyrk yngri en sextugir, að öðlast þessi rjettindi, er þeir ná sextugsaldri. Með öðrum orðum: Allir 60 ára og eldri eiga að halda fullum og óskertum mannrjettindum, þó þiggja þurfi af sveit.

Vel má vera, að sumir líti svo á, að með þessum hætti muni einhverjir ómaklegir öðlast rjettindi. En hjer er um svo mikla rjettarbót að ræða þeim til handa, sem styrk verða að þiggja, án þess að þeim verði sjálfum um kent, að ekki má setja fyrir sig, þó að einhver óverðugur, að sumra dómi, kynni að slæðast með.

Jeg leyfi mjer að óska, að frv. þessu verði vísað til allshn., að lokinni 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 51 og 53).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Greinargerð meiri hl. í þessu mái er svo ítarleg, að það þarf í raun og veru engu við hana að bæta. Þetta smámál er eitt af þeim, sem hæstv. stjórn á að athuga á næstunni. Það er margt fleira, sem er eins þýðingarmikið eða þýðingarmeira en þetta atriði í lögum þessum, sem jeg fyrir mitt leyti gæti fallist á, að yrði breytt, en hinsvegar er varla ástæða til að taka þetta út úr sjerstaklega, einkum þegar tillit er tekið til þess, hvernig frv. er orðað.

Þetta er svo einfalt og fremur þýðingarlítið mál, að meiri hl. komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að láta bíða annara breytinga á þessum lögum og þangað til stjórnin hefir tekið þessi mál til athugunar. Vera má, að aðstaða okkar hefði orðið eitthvað á annan veg, ef málið væri þýðingarmikið. En í raun og sannleika munu vera margar heilar sýslur á landinu, þar sem enginn öðlaðist eða hefði gagn af þessum rjettindum, þótt veitt yrðu. Þörfin er því langt frá að vera aðkallandi, þar sem rjettarbót þessi nær til svo fárra einstaklinga.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að útskýra þetta frekar, þar sem aðal-niðurstaða meiri hl. er sú, að afgreiða málið með rökst. dagskrá

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Þegar jeg bar fram frv. þetta hjer í hv. deild, var mjer fyrst að detta í hug, að varla þyrfti að láta það ganga til nefndar, af því að það væri svo ofur einfalt og óbrotið og sjálfsagt. En jeg gerði það þó, til allrar ólukku, því að fjórir nefndarmenn úr allshn. hafa nú lagst á móti þessu sjálfsagða frv. og vilja fella það með rökst. dagskrá.

Það hafa undanfarin ár hvað eftir annað komið fram áskoranir um það, að breyta fátækralögunum. Jeg var að blaða í þingtíðindunum í morgun, en jeg gafst alveg upp við að vitna í þau, því að þá hefði jeg orðið að vitna í hver einustu þingtíðindi að minsta kosti alt frá 1905. Á síðustu árum hafa þráfaldlega komið fram áskoranir til stjórnarinnar í þingsályktunartillögu-formi um að breyta fátækralögunum. Og ávalt hefir þessi breyting, sem hjer er um að ræða, verið með. En þrátt fyrir allar þessar ályktanir og till., sem hafa verið gerðar, þá hefir það altaf dregist úr hömlu að hreyfa við þeim, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Skyldi það vera af því, að sá maður, sem lengst hefir verið í stjórninni, hæstv. forsrh. (JM), og er höfundur fátækralaganna, sje tregur til að breyta þessum gömlu handaverkum sínum, áliti þau svo fullkomin og góð. Jeg býst við, að þarna sje ástæðan. Jeg hefi heyrt þetta á honum, þótt hann reyndar játi, að einstöku breytingar hafi fullkominn rjett á sjer.

Hv. þm. hafa á undanförnum árum látið það ótvírætt í ljós, að þessi breyting, sem jeg kem nú fram með í tillöguformi, ætti fram að ganga. Þegar jeg á undanförnum þingum hefi borið fram till. í þessa átt, þá hafa menn tekið þessa breytingu út úr til þess að lofa hana, en sagst ekki geta verið með till. í heild, vegna annara skaðlegra breytinga, er fylgdu. Þess vegna vildi jeg nú nota mjer þetta góða umtal hv. þm. und-

anfárið, til þess að gefa þeim tækifæri til að samþykkja þessa breytingu út af fyrir sig.

En hvað skeður? Jeg vil auðvitað vona, að hv. deild fallist ekki á álit meiri hl. allshn., en það skeður þó það, að í fimm manna nefnd eru fjórir móti þessari breytingu. Hverjar eru ástæðurnar? Ástæðurnar eru nákvæmlega þær sömu, sem færðar hafa verið ár eftir ár gegn breytingum á fátækralögunum. Það á að bíða eitt ár enn, því að stjórnin á að athuga málið. Mér skilst, að hv. meiri hl. allshn. mæli með breytingu þessari, en vill bara ekki fá hana fram í ár. Þetta er ávalt sama sagan, þeir vilja draga þetta á langinn. Hv. frsm. meiri hl. (PÞ) sagði þetta vera einfalt mál og óbrotið. Því meiri ástæða er til þess að samþykkja það nú. Það virðist sem það væri meiri hætta að samþykkja það, ef það væri flókið, þá þyrfti breytingin kannske meiri tíma. En þó stjórnin yrði nú svo röggsöm að leggja fyrir þingið lagabálk til breytinga á fátækralögunum, við skyldum sjá, hvort ekki yrði einhver fyrirstaða á að samþykkja breytingar, ef þær yrðu til bóta. Ef þessi breyting verður feld nú, þá fer jeg að verða svo illgjarn að halda, að það hafi ekki verið meining hv. þm. sem á undanfarandi þingum hafa talað fagurlega, að vera með þessu, heldur hafi það aðeins verið fyrirsláttur. Þetta mál hefir oft verið rætt á kosningafundum, og jeg hefi aldrei heyrt neinn segjast vera á móti því, heldur talið það bæði eðlilegt og sjálfsagt. Því á þá að vera að spyrna á móti því nú og láta það bíða? Menn vita hvort sem er, að það hlýtur að líða langur tími áður en gagngerð endurskoðun getur farið fram.

Þetta er kannske ekki stórmál, og sumir segja, að breytingin fari of skamt. En þetta er mannrjettindamál, og ef það er rjettlátt, því á þá ekki að leyfa því að ná fram að ganga? Ef menn vilja ganga lengra í breytingum á fátækralögunum, þá skal ekki standa á mjer, en jeg þorði ekki að setja markið hærra að þessu sinni. En þessa breytingu tók jeg út úr vegna þess, að jeg þóttist þess fullviss, að hún mundi fljúga í gegnum þingið. Og jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að þessi hv. deild fresti þessari breytingu lengur, eða samþykki dagskrá háttv. meiri hl. allshn.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykir hlýða að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, af því að jeg get ekki fylgt frv., en vil þó ekki láta skilja það svo, sem jeg sje því mótfallinn að láta gamalmenni njóta styrks á elliárum án rjettindamissis. Ástæður hv. meiri hl. allshn. finnast mjer á hinn bóginn ljettvægar og er því ekki ánægður með rökstuddu dagskrána, þó að jeg neyðist til að greiða henni atkvæði. Það er alt annað, sem veldur því, að jeg get ekki verið með þessu frv. Jeg lít svo á, að Alþingi sje fyrir löngu búið að gera ráðstafanir til þess, að gamalmenni þurfi ekki að njóta sveitastyrks með rjettindamissi, og á jeg þar við ellistyrktarsjóðina. Þeir eru fyrir löngu teknir að starfa í sveitunum og koma í þessu efni að miklum notum og sumstaðar að fullum notum.

Annað er og, sem gerir það að verkum, að jeg er á móti þessu frv., en það er, að í sveitum, sem jeg þekki til, hafa menn tekið upp þann virðingarverða sið að veita gamalmennum samskotastyrk, ef ellistyrkurinn reynist ekki einhlítur. Sá hugsunarháttur er að færast í vöxt og dafna í sveitunum, að hlynna

að gamalmennum og bjarga þeim frá sveitarstyrk. Kann jeg betur við slík óskráð lög en þótt letruð væru, og vil jeg lofa þessari mannúðarstefnu að ryðja sjer til rúms, sem lögin um ellistyrktarsjóðina virðast hafa að nokkru vakið. Fyrir þessar sakir er jeg á móti frv. og greiði atkvæði mitt með rökstuddu dagskránni, þótt jeg sje ekki ánægður með ástæður meiri hl. allshn. fyrir henni. Jeg tel, eins og hv. flm. (JBald), litlar líkur til þess, að gagngerð breyting á fátækralögunum komi á næsta þingi, og af þeirri ástæðu er varla vert að hafna þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Það er ekki rjett, sem hv. frsm. minni hl. allshn. (JBald) sagði, að sömu ástæður og áður væru til þess, að fresta þessari breytingu nú. Það er meiri ástæða að fresta henni nú en áður, þar sem að því virðist vera komið, að gagngerð endurskoðun á fátækralögunum fari fram. Jeg hefi fulla ástæðu til þess að vænta þess, að almenn breyting á lögunum verði lögð fyrir næsta þing, því er meiri ástæða til frestunarinnar nú en verið hefir á undanförnum þingum. Hve mikil rjettarbót væri í þessu fólgin, vildi jeg ekki neitt fara inn á í fyrri ræðu minni, en ummæli hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gefa mjer tilefni til þess. Þessi rjettarbót mun ekki verða svo víðtæk, sem hv. flm. (JBald) ætlast til, og kemur það af því, að ellistyrktarsjóðirnir eru orðnir svo starfandi í þessu efni. Jeg hygg, að margt gamalt fólk kæmi ekki til með að þurfa á þessari rjettarbót að halda, vegna ellistyrktarsjóðanna. Auk þess mundi hún verða sumum hefndargjöf, þeim, sem orðnir eru svo örvasa, að þeir geta ekki neytt rjettar síns. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg telji ekki þessa breytingu rjettláta og sanngjarna, en hjer er ekkert, sem rekur á eftir, og enginn segir flýttu þér, svo að óþarft virðist vera að taka hana út úr sjerstaklega. Jeg hygg, að hún geti beðið og orðið samferða öðrum þýðingarmeiri breytingum. Eins og jeg tók fram áður, er þetta einfalt mál og fremur þýðingarlítið, og hirði jeg því eigi að deila um það, en læt hv. flm. (JBald) um að útlista, hve áríðandi það er nú.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vildi aðeins benda á það, að þótt hv. þm. Mýr. (ÞÞ) viðhefði sanngjörn ummæli um þessa breytingu, þá færði hann litlar líkur fyrir því, að hún kæmi fljótlega eða stæði fyrir dyrum á næsta þingi. Orðalag dagskrárinnar er líka mjög óákveðið. Þar er talið, að það sje „líklegt að þeirri endurskoðun verði lokið á þessu ári" og ennfremur um „væntanlegar" breytingar. Það er hart, að það skuli vera lagt til að slá þessu máli á frest, sem talið er bæði sanngjarnt og rjettlátt, og svo skuli ekki vera færðar sterkari ástæður fyrir frestuninni. Það væri skiljanlegra, að hjer væri eitthvert hik á mönnum, ef hjer lægi fyrir skýr og skýlaus yfirlýsing frá stjórninni um það, að þessi breyting skyldi verða tekin upp í fátækralögin á næsta þingi. En því er ekki til að dreifa, svo að þetta eru bara venjulegir vafningar til þess að tala sig frá málinu, án þess að leggjast beint á móti því.

Mjer þótti undarleg afstaða háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann felst ekki á ástæður meiri hl. um að fresta málinu, en hefir komið auga á ráð til að bjarga gamla fólkinu, sem sje ellistyrktarsjóð-

ina. En þetta er algerlega talað út í bláinn. Ef hann gæti fullyrt með rökum, að ellistyrktarsjóðir væru svo öflugir, að þeir væru þess fullkomlega megnugir að taka við gamalmennum, þá væri öðru máli að gegna. En það er síður en svo, að svo sje. Það væri kannske hugsanlegt í einhverri einstakri sveit, en þó efast jeg um, að svo sje nokkursstaðar á landinu. Hvað fá sextugir menn í ellistyrk, ef þeir þá fá nokkurn? Hjer í Reykjavík, þar sem saman er kominn fimtungur landsmanna, nær hann aldrei 100 krónum. Oft er hann 50 krónur, en fjöldinn allur er með 25—30 krónur, og hygg jeg, að það sje sem næst meðaltalinu. Hverjum vill nú hv. 1. þm. S.-M. halda frá sveit með slíkum styrk? Það væri nógu fróðlegt að fá upplýsingar um það. Þetta er blekking og ekkert annað. Það er nógu fallegt að segja, að allir eigi að fá ellistyrk og að auka beri og efla sjóðina, en þetta er langt framundan og á langt í land, og óvíst er, að þeir, sem ungir teljast nú, sjái árangurinn af því starfi. Það má vera, að það verði einhverntíma á komandi árum. Þetta eru aðeins yfirskinsástæður. Það er engin ástæða hjer komin fram, sem hægt er að taka til greina. Það er engin vissa fengin fyrir því, að lögin verði endurskoðuð fyrir næsta þing. Og þó svo væri, þá er því ekki yfirlýst, að þessi breyting verði tekin upp. Engar líkur eru færðar fyrir því, að ellistyrktarsjóðirnir geti starfað svo á næstu árum, að þeir verði færir um að halda gamalmennum frá sveit. Þeir, sem vilja fella þetta frv. nú og samþykkja hina rökstuddu dagskrá meiri hl., verða því að finna enn nýjar ástæður sjer til rjettlætingar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki tefja umræðurnar mikið. En jeg kann ekki við það, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) standi einn uppi í þessu máli, sem jeg tel hið mesta rjettlætismál. Jeg get alls ekki fallist á ástæðurnar í nál. meiri hl. allshn. Ef um er að ræða ranglæti í löggjöfinni, þá á alls ekki að fresta því að leiðrjetta það. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur trygging sje fyrir því, að bót verði ráðin á þessu á næsta þingi, þó það verði felt nú. Og jeg get ekki verið með í því að greiða atkv. á móti þessu sanngjarna og rjettláta máli og mun því greiða atkv. með frv. Það var mjög fallegt, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði um óskráð, fögur lög. Það er gott og blessað, að þau sjeu til. En hin skráðu lög, sem gilda, eiga líka að vera sanngjörn og fögur, og ef þau eru það ekki, þá á að nema þau úr gildi.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta efni, en af því að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) dró orð mín í efa, um getu ellistyrktarsjóðanna, verð jeg að svara nokkru til. Jeg hefi fyrir mjer ákveðin dæmi. Jeg þekki tvö hreppsfjelög, þar sem ellistyrktarsjóðirnir nægja að mestu eða öllu til þess að veita þeim gamalmennum, sem þar eru, nauðsynlegan styrk. Jeg veit, að í sumum sveitum, þar sem gamalmenni eru mörg, muni ellistyrkurinn ekki einhlítur, en þetta er þó að smáþokast í áttina.

Í sveit þykir það verulegur styrkur fyrir sextugan mann að fá 120—140 krónur, og nægir hann til þess að halda honum frá sveit, sje hann ekki veikur, jafnvel mun lægri styrkur nægir mörgum, sem vinnufærir eru.

En það var ekki eingöngu vegna ellistyrksins, að jeg var á móti þessu frv., heldur og vegna hins, að jeg veit, að til eru og til munu verða óskráð lög um það, að forða í lengstu lög gamalmennum frá því að þiggja af sveit og missa mannrjettindi. Jeg kann miklu betur við óskráð lög um slíkt mannúðarmál en lagabókstafinn, og vil láta stefnuna þróast án íhlutunar frá löggjafarvaldinu. Jeg hefði t. d. kunnað miklu betur við það, að aldrei hefði verið orðað í fátækralögunum, að börnum væri skylt að sjá um og framfæra foreldra sína á gamals aldri. Um svo sjálfsagða og helga skyldu ætti helst ekki að þurfa fyrirmæli laga.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira. Jeg held, að flestir hafi ráðið það við sig, hvernig þeir snúast í þessu máli. Jeg tel það ekkert óhapp, þó frv. nái fram að ganga, en get ekki fylgt því og vil ekki ýta undir það lengra en komið er.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil byrja á því að þakka hv. þm. Str. (TrÞ) fyrir þann stuðning, sem hann veitti þessu máli, en út af því, sem komið hefir fram í málinu, sjerstaklega hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg aðeins segja honum það, að ef allir væru nógu góðir, þyrfti enga til þess að sitja við að semja lög. En við komumst nú einu sinni ekki framhjá þessu ástandi, því að mennirnir eru nú ekki eins góðir og þeir eiga að vera, og það veit háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þó að hann þekki þessi tvö góðu sveitarfjelög, sem kunna að skilja og meta þessi óskráðu lög. Hinsvegar hefir mjer líka heyrst hjer vera einstakar raddir, sem segja, að þetta geti ekki verið eins og hv. þm. (SvÓ) vill hafa það, og líka veit hv. þm. (SvÓ) það, að þó að í einstökum tilfellum megi kannske segja, að 100 króna styrkur geti hjálapð manni, sem er yfir 60 ára, frá því að fara á sveitina, þá mun það ekki nægja víða. Mjer hefir t. d. verið sagt, að í Skaftafellssýslu geri menn sjer mjög mikið far um að hindra menn á öllum aldri frá því að fara á sveitina, t. d. ef einhverjum bónda vegnar miður en skyldi, þá er honum hjálpað um bústofn og annað, sem hann kann að þurfa með. Þetta er gott, þar sem það er gert, en þetta er því miður ekki alment, en það er einmitt það almenna, sem hjer er verið að tala um, og hvað snertir þessi tvö hreppsfjelög í Suður-Múlasýslu, sem hv. þm. S.-M. (SvÓ) var að tala um, gerir það ekki óþarft að breyta fátækralögunum.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. (HK) var að segja, þá vildi jeg leggja það til, að við færum ekki út í neinar lögskýringar, því að jeg lít svo á, að þeir menn, sem kæmu undir þessi lög og væru yfir sextugt, myndu ekki breyta miklu við kosningar í landinu, og þó að svo færi, að þeir yrðu nokkuð fleiri, sem fengju rjettindi sín með því móti, er jeg lýsti sem skoðun minni á framkvæmd þessa frv., þá held jeg, að það gæti ekki talist annað en bót á lögunum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Af því að mjer skildist það af ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), að hann drægi það í efa, hvort nokkuð myndi verða af endurskoðun á fátækralöggjöfinni, samkvæmt áskorun þeirri, er samþykt var á þinginu í fyrra, þá skal jeg geta þess, að það er tilætlunin að leggja slíkt frv. fyrir næsta þing, en vitaskuld er það ekki

víst, eins og hv. þm. (TrÞ) sagði, að það frv. verði samþykt á því þingi, en úr því að endurskoðun á þessari löggjöf er fyrir dyrum, þá finst mjer það vera mjög þýðingarlítið að fara að samþykkja frv. eins og þetta. Jeg get þessvegna fyrir mitt leyti verið sammála meiri hl. hv. allshn.; jeg skal líka geta þess, að verið getur, að till. til þál., sem er á ferðinni í hv. Ed., frá hv. 3. landsk. (JJ), komi til að hafa áhrif á þetta mál, það er áskorun til landsstjórnarinnar um að undirbúa frv. til laga um almenna ellitryggingu, og held jeg því, að rjettast væri að athuga þetta alt í einu lagi.

Árni Jónsson: Jeg á sæti í þessari nefnd, og hefir meiri hl. hennar borið fram þessa rökstuddu dagskrá, sem hjer er verið að tala um. Hv. flm. (JBald) gat þess, að hann vildi ekki fara út í neinar lögskýringar á þessu, og skil jeg ekki, hvernig hv. þm. (JBald) gat komist svo að orði, því að þetta frv. er ekki orðið að lögum og ekki líklegt til að verða það á þessu þingi. Hv. flm. (JBald) hjelt fast við þá skýringu, sem hann gaf við 1. umr., að þeta frv. ætti jafnt við þá, sem hefðu fengið sveitarstyrk og stæðu í sveitarskuld innan 60 ára aldurs, og þá, sem hefðu þegið sveitarstyrk eftir að þeir voru orðnir 60 ára. Jeg held líka, að þetta megi skilja þannig, og verður það þess valdandi, að jeg get ekki samþykt frv. Mjer finst það vera tvenns konar tilgangur, sem fram kemur í þessu frv., fyrst sá, að vernda rjettindi þeirra manna, sem fyrir elli sakir verða að leita styrks, en hinn tilgangurinn er sá, að veita svo og svo mörgum mönnum rjettindi, af því að þeir verða 60 ára að aldri, af þeim, sem standa í ógreiddri sveitarskuld. Þetta taldi hv. flm. (JBald) frv. til bóta, en mjer finst það ástæðulaust, að farið sje að verðlauna mann, sem altaf hefir verið á sveitinni, eða t. d. mann, sem altaf hefir verið hálfgerður afglapi, fyrir það eitt, að hann verður 60 ára að aldri og elliær í tilbót. Mjer finst það ekki bera vott um sjerstakt ófrjálslyndi, þótt lagst sje á móti slíkri lagasmíð.

Jakob Möller: Mjer þykir það undarlegt, ef hv. meiri hl. nefndarinnar villir afstöðu sína til frv. með þeim skýringum, sem hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) var að lýsa. Því að eftir því, sem hv. flm. (JBald) fórust orð, skilst mjer, að þetta geti ekki náð til annara en þeirra, sem þiggja styrk eftir að þeir eru orðnir 60 ára, vegna þess að þeir, sem hafa þegið sveitarstyrk áður, standa í sveitarskuld, og þessvegna geta þeir ekki fengið kosningarrjett, nema skuldin hafi verið strikuð út, því að sú skuld, sem þeir þegar hafa stofnað, getur ekki breytt eðli sínu, þó að þeir verði 60 ára. En í frv. er aðeins farið fram á, að sá styrkur, sem þeginn er eftir 60 ára aldur, skuli ekki talinn sveitarstyrkur, og þiggjendur skuli ekki missa rjett sinn. Mjer skilst, að allir, sem tekið hafa til máls, sjeu sammála um, að þetta sje rjettlátt og sanngjarnt, og þessvegna get jeg ekki skilið það, hversvegna á að hindra framgang þessa frv., að minsta kosti finst mjer það vel til fallið að undirstrika þann vilja þingsins, að endurskoðun fátækralaganna verði hraðað, með því að láta frv. ganga til 3. umr. Jeg skil ekki, að nokkur maður sje svo sinnaður, að honum virðist rjett að láta það varða

rjettindamissi, þó að 60 ára einstæðingur þurfi að leita hjálpar, og er frv. því fullkomlega rjettmætt.

Magnús Torfason: Við erum allir á sama máli um það, að þetta frv. sje í alla staði rjettmætt, og þessvegna finst mjer all-athugaverð aðstaða hv. meiri hl. allshn. En sjerstaklega vildi jeg athuga ummæli hæstv. atvrh. (MG). Hann lofaði að flýta fyrir því, að endurskoðun fátækralaganna færi fram, en engu um það, að taka upp þau ákvæði, sem hjer er talað um. Hefði hæstv. ráðherra (MG) lofað því, þá gæti jeg skilið það, að hv. deild vildi gera hæstv. atvrh. (MG) það til geðs, að falla frá málinu að þessu sinni, en þegar hæstv. ráðh. (MG) ekki lofaði neinu, sýnist ekki vera annað að gera fyrir þessa hv. deild en að láta málið ganga fram, því að vitanlega er þá enginn dráttur verjandi, ef þingið telur málið rjett.

Í þessu sambandi minnist jeg þess, að það var borið hjer frv. fram í hv. Ed. fyrir nokkrum árum, þar sem farið var fram á að hlúa að ellistyrktarsjóðum. Þetta frv. var samþ. í e. hlj. í Ed., en saltað í Nd.; mjer þykir vænt um að heyra, að nú er komið annað hljóð í þessa hv. deild heldur en þá var, því að ef það ráð hefði verið tekið þá, að hlúa að ellistyrktarsjóðnum, þá hefði kannske ekki þurft að koma fram með frv. eins og þetta, en með því að ekkert hefir verið gert í 8 ár að því að hlynna að þeim sjóðum, þá finst mjer það vera skylda okkar að samþykkja þetta frv. eins og það er. En verði dagskráin samþykt, vænti jeg þess, að þeir góðu menn, sem fyrir því ráða, komi þá þegar fram með frv. um að að hlúa eitthvað að ellistyrktarsjóðunum, í staðinn fyrir það, sem þeir hafa brotið af sjer.

Úr því að jeg stóð upp, skal jeg lúka máli mínu með því að óska nafnakalls um þá rökstudda dagskrá, sem fram er komin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 1. þm. Árn. (MT) var hissa á því, að jeg ekki lofaði að taka þetta frv. upp í frv. það til fátækralaga, sem væntanlega verður borið fram á næsta þingi, en jeg tel alls ekki rjett, að jeg strái um mig með loforðum um það, hvað skuli standa í þessu væntanlega frv., því að það gæti orðið nokkuð erfitt að uppfylla slíkt, enda mundi þá margur vilja fá loforð um hitt og þetta, og mundi þá ekki verða sem best samræmi í. Jeg mun því ekki gefa nein slík loforð.

Magnús Torfason: Jeg sagði alls ekkert um, að það undraði mig, svo að þetta er ekki rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), en jeg held ekki, þótt jeg hefði farið fram á það, að ráðherra gæfi einhver loforð um þetta efni, að þá væri um neina goðgá að ræða, því að þessi litla breyting hefir þegar verið borin fram á mörgum þingum, og jeg hygg, að hæstv. ráðherra (MG) hafi þegar myndað sjer fasta skoðun um það, hvað hún hafi að geyma. En hvað frv. sjálft snertir, þá er þess að gæta, að það er enn ein umr. eftir, til þess að það nái fram að ganga, svo að það getur glatt hæstv. ráðherra (MG), að það er ekkert hægra fyrir hann en að breyta því alveg eins og hann vill hafa það. En annars verð jeg að undirstrika það, sem hæstv. ráðherra (MG) sagði, að með atkvgr. þeirri, sem hjer fer fram, kem-

ur það glögglega í ljós, hvert fylgi frv. hefir, og ef dagskráin verður samþ., býst jeg við, að hæstv. atvrh. (MG) líti svo á, að breytingin hafi ekki fylgi í deildinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal lýsa því yfir, að þótt þessi rökstudda dagskrá verði samþ., þá mun jeg ekki skilja það svo, að þar með sje sagt, að þessi hv. deild vilji ekki hallast að þessu ákvæði, því að það getur verið önnur ástæða til þess, að hv. þdm. greiði atkvæði með dagskránni, sem sje sú, að nú er verið að endurskoða þennan lagabálk, sem þetta ákvæði á heima í.

Jörundur Brynjólfsson: Af því að hæstv. forseti (BSv) getur ekki gegn þingsköpum veitt hv. 2. þm. Reykv. (JBald) orðið, hefi jeg leyft mjer að taka til máls. Jeg skal alls ekki blanda mjer inn í verksvið forseta í þessu efni, því að það mun vitanlega rjett, að ekki hafa verið bornar sakir á hv. 2. þm. Reykv. (JBald), en mjer þykir vonlegt, eftir því, hvernig tekið hefir verið á móti frv., að hann vildi gjarnan tala fyrir þessu máli, því að það er enginn nýr gestur í þessari hv. deild. Það hefir verið hjer nokkrum sinnum áður og alt af verið skotið á frest, og þær ástæður færðar til, að endurskoðun fátækralöganna stæði fyrir dyrum; þessu er enn þá barið við, og þó veit enginn, hvort þeirri endurskoðun verður lokið fyrir næsta þing, nje heldur hvort þetta ákvæði verður tekið upp í lögin, þótt einhverjar breytingar verði gerðar á þeim.

Jeg hefi altaf verið því fylgjandi, sem í þessu frv. felst, að þeir, sem verða fyrir því að þurfa að leita sveitarstyrks og komnir eru yfir sextugsaldur, mistu ekki mannrjettindi sín. Nú mætti kannske segja, að það væri ekki svo mikill skaði skeður, þó að frv. væri látið bíða, ef það væri vissa fyrir því, að samhljóða breyting yrði borin fram á næsta þingi, og mjer hefði þá ekki þótt svo fjarstætt að greiða atkv. með dagskrá meiri hl. allshn., ef hann annaðhvort í nál. sínu eða hinni rökstuddu dagskrá hefði vikið að því, að það væri meining hans, að breyting í þessa átt yrði tekin upp í þær breytingar, sem stjórnin ætlar að láta gera á fátækralögunum. Hv. meiri hl. hefir aðeins lýst yfir því, að honum finnist ekki nema sanngjarnt, að breyting þessi nái fram að ganga, hann drepur stuttlega á það í nál. sínu, en í hinni rökstuddu dagskrá er ekki minst á það. Þetta tel jeg bágborna frammistöðu af heilli nefnd, og ekki hefir það orðið til þess að bæta fyrir frv., að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) fór að taka hjer til máls, þar sem hv. þm. (ÁJ) fór að drepa á það atriði í sambandi við frv., að þeir menn, sem mistu mannrjettindi sín innan 60 ára aldurs, sökum þegins sveitarstyrks, ættu að ná þeim aftur eftir þessu frv. Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. (ÁJ) ætlar að láta þá menn, sem þegar hafa tapað mannrjettindum sínum fyrir þeginn styrk, öðlast þau aftur án þess að greiða skuld sína aðeins með ákvæðum þessa frv.; jeg hygg, að það komi alls ekki til mála. Viðvíkjandi öðrum atriðum, sem hv. sami þm. drap á, vil jeg segja það, að mjer hefði fundist það miklu skemtilegra, ef hv. þm. (ÁJ) hefði gert sitt til þess að endurbæta frv. í nefndinni, í stað þess að finna aðeins að agnúunum sem á því eru, hjer við umræðurnar, en vera því þó fylgjandi, eftir því sem hv. þm. (ÁJ) gefur í skyn; sú af-

greiðsla málsins, að nefndin hefði lagt til þær breytingar, sem henni hefði þótt til bóta, hefði verið í alla staði skemtilegri og þinglegri. Út frá skoðun hv. meiri hl. allshn. get jeg sagt það, að mjer finst einstaklega hart aðgöngu, að þing eftir þing er verið að tala um þessa rjettarbót fyrir nokkur gamalmenni, og alt af er henni skotið á frest. Vona jeg, að hv. deild hendi það ekki að fella þetta litla frv. Það er víst, að það raskar í engu því þjóðskipulagi, sem hjer er, en það er mannrjettindabót fyrir nokkra gamla menn, sem oft á tíðum eiga það skilið, og það sýnir skilning og mannúð þessarar hv. deildar, hvernig hún fer með þetta mál.

Árni Jónsson: Mjer þykir mjög leitt, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skyldi ekki fá að taka til máls, því að það er í rauninni verk þess hv. þm. (JBald), en ekki mitt, að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2. þm. Árn. (JörB), því að mjer skilst, að af þeim, sem hjer hafa tekið til máls, sje jeg sá eini, sem hefi sama skilning á þessu frv. eins og hv. flm. (JBald), þó að jeg telji það ekki frv. til bóta, sem hann einmitt vill færa því til málsbóta. Þykir mjer það ákaflega einkennilegt, að helstu fylgismenn frv. eru honum ósamdóma um mikilsvert atriði í frv. En eins og stendur hjer í nál. meiri hl. allshn., þá er hann alls ekki fráhverfur því, að ný ákvæði verið sett í lögin, til þess að vernda rjettindi þeirra manna, sem fyrir elli sakir verða að leita opinbers styrks.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Jeg var búinn að taka það fram, að enginn í meiri hl. allshn. mundi gera þetta að kappsmáli. En nú sje jeg, að sumir háttv. þm. vilja gera það, þar sem þeir vilja taka atkvæðagreiðsluna um málið nú sem endanlegan úrskurð einstakra þm. í því, þrátt fyrir það, þó að nefndarálitið gefi fullkomlega í skyn, að meiri hlutinn sje ekki mótfallinn breytingunni, enda þótt hann telji breytinguna ekki tímabæra nú, þar sem það er víst, að fátækralöggjöfin endurskoðuð í einni heild verður lögð fyrir næsta þing. Þá hefir því verið haldið fram af háttv. 2. þm. Árn. (JörB), að verði breyting þessi á fátækralögunum ekki samþykt nú, þá sje með öllu útilokað, að hún komist að síðar. En þetta er hreinasti misskilningur, að minsta kosti sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að hún komist að, þegar lögin verða endurskoðuð.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 53, frá meiri hl. allshn., samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MG, MJ, PO, PÞ, ÓTh, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ.

nei: KlJ, MT, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

2 Vegalagabreyting.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (þmfrv., A. 37).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og hv. þdm. muna, voru spítalavegirnir til Vífilsstaða, Klepps og Laugarness teknir í tölu þjóðvega með vegalögunum 1924. Frv. þetta, sem jeg flyt nú, fer eingöngu fram á það, að vegarspottinn frá Akureyri til Kristness verði einnig tekinn í þjóðvega tölu, vegna heilsuhælisins, sem reisa á í Kristnesi. Mjer virðist þetta raunar vera svo einfalt og sjálfsagt mál, að það þurfi ekki að eyða að því mörgum orðum. Öllum hlýtur að vera það ljóst, að sömu ástæður, sem eru fyrir því, að spítalavegirnir hjer syðra eru í tölu þjóðvega, hljóta einnig að eiga við um þennan kafla af Eyjafjarðarbrautinni. Það er augljóst, að til þess að heilsuhælið komi að notum, verður að liggja þangað greiður vegur frá Akureyri. En trygging fyrir því, að svo verði, fæst ekki með öðru móti en því, að þessi vegur verði tekinn í tölu þjóðvega.

Jeg vænti þess fastlega, að þetta frv. dragi ekki svipaða dilka á eftir sjer og frv. það um breyting á vegalögunum, sem jeg flutti hjer í fyrra, um að taka Eyjafjarðarbrautina, frá Akureyri að Saurbæ, í tölu þjóðvega. Að vísu var sú tillaga rjettmæt og sjálfsögð að mínu áliti, og jeg sný ekki aftur með neitt, sem jeg sagði þá um rjettmæti þess máls. En þó vil jeg ekki fara fram á slíkt nú, svo hjer rigni ekki niður frv. um breytingar á vegalögunum, líkt og þá. Hjer fer jeg því aðeins fram á það, að þessi litli hluti — ¼ af Eyjafjarðarbrautinni — verði tekinn í tölu þjóðvega, af þeim sjerstöku ástæðum, sem jeg nefndi áður.

En fari nú svo ólíklega, að frv. þetta verði til þess, að fram komi frv. um fleiri nýja þjóðvegi, þá mun jeg koma með breytingartillögu við þetta frv., um að taka brautina alla í þjóðvega tölu.

Mál þetta er í sjálfu sjer svo einfalt og sjálfsagt, að það virðist ekki bein þörf, að nefnd fjalli um það. En þó vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til samgmn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 147).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefi í rauninni engu við að bæta það, sem í nál. á þskj. 147 stendur. Þar er það tekið fram, að vegamálastjóri áliti ekki vera ástæður til eða vera rjett, að taka þennan vegarkafla í tölu þjóðvega, vegna þess, að hann telur ekki líklegt, að umferð um veginn aukist svo mjög við það, þó heilsuhælið verði reist í Kristnesi. Aftur væri það alt öðru máli að gegna um sjúkrahúsvegina hjer syðra. Hjer hefir orðið nauðsynlegt að leggja sjerstakan veg um Laugarnes og inn að Kleppi. Hins vegar hefir Vífilsstaðahælið fengið veg af þjóðveginum og að hælinu, og er þessi vegarkafli í þjóðvegatölu ásamt veginum að Laugarnesi og Kleppi. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að Kristneshælinu verði sýnd sömu skil, að ríkissjóður kosti vegalagningu af Eyjafjarðarbraut og að hælinu og hjeldi þeim vegarspotta við á sinn kostnað. Kostnaðurinn við

þessa vegarlagningu, er áætlaður um 10 þús. kr., og vill meiri hl. nefndarinnar mælast til, að sú upphæð yrði veitt heilsuhælinu í Kristnesi. Nefndin getur ekki sjeð, að ástæða sje til að gera Eyjafjarðarbrautina að þjóðvegi. Brautin liggur öll innan hjeraðs, en ekki milli hjeraða, og er því ekki sambærileg við vegi, sem liggja hjeraða milli.

Klemens Jónsson: Eins og nál. ber með sjer, gat öll nefndin ekki orðið á einu máli um þetta frv., því að við vorum tveir í nefndinni þeirrar skoðunar, að það væri sanngjarnt, að sú breyting á vegalögunum, sem frv. fer fram á, næði að ganga fram, og töldum því rjett að samþykkja frv.

Jeg skal taka það fram, að það var eiginlega fyrst árið 1894, sem veruleg skipun komst á vegamálin. Þá voru fyrst settar í lög reglur um aðalflutningabrautir út frá helstu kauptúnum landsins. Þetta var mikill hagnaður ýmsum hjeruðum, að eiga von á að fá slíkar akbrautir, og Eyjafjarðarbrautin var með þeim allra fyrstu, sem lagðar voru eftir þessum lögum. Þegar tímar liðu fram, fór mönnum að vaxa í augum kostnaður landssjóðs af þessum vegum, og um 1907 voru ný lög sett, sem breyttu fyrirkomulaginu og lögðu viðhald veganna að mestu á sýslusjóðina. Þetta var ekki rjett gert; sýslusjóðirnir áttu margir erfitt með að standast þennan kostnað, og sumum var það nær ókleift, á jeg þar sjerstaklega við Árness- og Rangárvallasýslur. Eyjafjarðarsýsla var þá betur fær um þetta. Þegar frá leið, komu hvaðanæva fram kvartanir yfir því, að sýslurnar gætu ekki risið undir þessum kostnaði, enda sýndi og reynslan það, því viðhaldi veganna var mjög áfátt. Þó að gera hefði mátt við vegina á kostnað sýslufjelaganna, kom það fyrir ekki, því þær gátu ekkert greitt fyrir það. Því var það, að skorað var á stjórnina að láta semja ný vegalög, og var það gert árið 1924. Jeg var þá ráðherra, er stjórnin lagði frv. fram, og var það samið af eða gert í samráði við vegamálastjóra. Jeg sá mjer ekki fært að ganga í berhögg við tillögur hans í því máli, en þær hnigu allar í þá átt, að meðal annars varð að fella úr þjóðvegatölu tvær akbrautir, sem gerðar voru að sýsluvegum; en það voru Borgarfjarðar og Eyjafjarðarbrautirnar. — Mig tók þetta sjerstaklega sárt, einkum að því er snerti Eyjafjarðarbrautina, sem jeg taldi alls ekki rjettilega farið með, heldur væri hún hliðstæð vegum víða annarsstaðar, sem væru í tölu þjóðavega, svo sem Hvammstangabrautin, Skagafjarðarbrautin og fleiri. Jeg taldi það alls ekki rjett, að Eyjafjarðarbrautin væri ekki talin meðal þjóðvega, og tók það sjerstaklega fram í umræðunum þá í Nd., eftir að ný stjórn hafði tekið við. Jeg tek þetta fram nú, ef einhverjum kynni að þykja kenna ósamræmis hjá mjer í því, að hafa áður verið í þeirri stjórn, sem svifti þennan veg umsjá ríkissjóðs, en nú vilji jeg láta taka hann upp á arma ríkissjóðs. En hjer er ekki verið að fara fram á slíkt. Frv. ræðir aðeins um að taka upp í þjóðvega tölu vegarkaflann frá vegamótum fyrir framan Akureyri að Kristnesi. Þessi vegarspotti, sem farið er fram á að gera að þjóðvegi, held jeg að sje ca. ⅓, eða tæplega þó, af allri Eyjafjarðarbrautinni fram að Saurbæ. Þetta er máske ekki nákvæmlega rjett, en þó munar það aldrei mjög miklu.

Jeg get ekki betur sjeð, en að þessi krafa um veg þenna, sje í fullu samræmi við reglur þær, sem farið hefir verið eftir, þegar um önnur hliðstæð heilsuhæli hefir verið að ræða. Það er því ekki nóg að taka upp í þjóðvega tölu aðeins veginn frá akbrautinni heim að heilsuhælinu, brautin þaðan til Akureyrar verður að fylgja með. Háttv. meiri hl. nefndarinnar segir, að umferðin muni ekki aukast að neinu ráði, þegar heilsuhælið er komið upp. En það liggur í augum uppi, að umferðin hlýtur að aukast að miklum mun, því þarna verður altaf sifeldur erill fram og aftur, milli Kristness og Akureyrar, og þessi aukna umferð hlýtur að spilla veginum og baka sýslusjóði aukin útgjöld. Ennfremur verður þetta ljósara af því, að nokkur kafli þessa vegar liggur yfir mýri, og var aldrei í upphafi vel traustur þar; vegurinn sígur og gengur úr sjer af sjálfum sjer. En ef bílaumferðin eykst á þessum kafla vegarins, er enginn vafi á því, að hann gengur fyr úr sjer og þarf tíðari og meiri viðgerðir en ella. Jeg held því, að það sje mjög sanngjarnt að veita þetta, sem frv. fer fram á, enda er hjer aðeins að ræða um ⅓ þess, sem áður hvíldi á ríkissjóði að sjá um, og jeg vænti þessvegna, að hv. deild sýni þessu máli þá sanngirni að samþykkja þetta frv.

Það ber og að líta á það, að Norðlendingar hafa sýnt mikinn áhuga og fórnfýsi í því að komið verði upp þessu heilsuhæli, og þar sem jeg veit, að hið háa Alþingi telur ekki eftir styrk til heilsuhælis Norðurlands, þá mun það heldur ekki telja eftir að styrkja það á þennan hátt, sem hjer er farið fram á, og munar ríkissjóð svo sáralitlu.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi í raun-inni ekki miklu að bæta við það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) nú hefir sagt. Jeg undraðist stórum, þegar jeg fyrst sá nál., og að meiri hl. hv. nefndar lagði til að fella þetta frv. mitt. Frá mínu sjónarmiði er þetta svo sjálfsagt sanngirnismál, að mjer datt alls ekki í hug, að nokkur færi að leggja stein í götu þess.

Hv. meiri hl. byggir álit sitt á tillögum vegamálastjóra. En mjer finst samt ástæður hans, eins og þær koma fram í nál., harla veigalitlar. Þar er því haldið fram, að umferð um veginn aukist ekki við það, að heilsuhælið komi í Kristnesi. En hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir nú sýnt fram á, að umferðin hlýtur að aukast að stórum mun. Þá má og geta þess, að heilsuhælið er áætlað fyrir alt Norðurland, en ekki Eyfirðinga eina, og er því vegurinn þangað fyrir alla þá, sem hælið nota. En þetta skiftir auðvitað minstu máli. En hvað sem aukinni umferð annars viðvíkur, er það minna um vert í sjálfu sjer en hitt, að þarna verður heilsuhæli, sem ríkissjóður rekur, og verður þá að vera hægt að komast þangað frá Akureyri. Það er alls eigi trygt, að veginum verði haldið svo við, að hann verði ávalt fær fyrir bifreiðar, nema að ríkissjóður taki hann að sjer. Jeg er alls ekki að spá því, að Eyjafjarðarsýsla vilji ekki halda veginum við, en ríkið hefir þó ekki fulla tryggingu fyrir því, og Alþingi hefir ekki, að jeg fæ sjeð, vald til að krefjast þess af sýslunni.

Hv. meiri hl. leggur til, ef frv. verður felt, að veittar verði 10 þús. kr. til heilsuhælisins til vegagerðar. Fyrir þetta, út af fyrir sig, er jeg þakklátur hv. meiri hl., en formið á þessu þykir

mjer all-undarlegt. Þetta atriði kemur ekki til atkvgr. að þessu sinni, en má jeg þá skilja það svo, sem það sje loforð um, ef frv. fellur, að hv. meiri hl. beri fram brtt. við fjárlögin, um að þessi upphæð verði veitt? En þó að þetta verði veitt á fjárlögum, þá er með því ekkert ákveðið um viðhald á þessum vegarspotta af veginum og heim að Kristnesi, sem mjer skilst þó, að háttv. meiri hl. ætlist til að hvíli á ríkissjóði. Þessvegna hefði hv. meiri hl. átt að bera fram brtt. við frv. um upptöku þessa vegarspotta í tölu þjóðvega. Ef samræmi á að vera í tillögum hv. meiri hl., sje jeg ekki annað en háttv. meiri hl. verði að óska þess, að frv. gangi til 3. umr., svo hann geti komið með þessa brtt.

Ein af ástæðum þeim, sem hafðar eru móti þessu máli, er sú, að hjer sje um innanhjeraðsveg að ræða. Um það atriði var talsvert rætt á síðasta og næstsíðasta þingi, þegar vegalögin voru hjer til umræðu, og jeg hefi bent á, að þetta er ekki fremur innanhjeraðsvegur en ýmsir aðrir, sem taldir eru í þjóðvegatölu. Hefi jeg sannað þetta oftar en einu sinni. (**JAJ**: Hverjir?). Jeg get nefnt t. d. Hvammstangaveginn og Biskupstungnaveginn. Fleiri svipuð dæmi mætti nefna.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þetta, en mælast til, að hæstv. forseti láti fara fram nafnakall um frv., svo það sjáist, hverjir vilja styðja þetta sjálfsagða sanngirnismál.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg ætla ekki að leggja mikið kapp á þetta mál, en hinu held jeg fram, að alt öðru máli sje að gegna um Eyjafjarðarbraut en um Hvammstanga- og Biskupstungnabrautirnar. Hvammstangabrautin liggur frá aðalkauptúninu á þjóðveginn, en um Eyjafjarðarbrautina vita allir, að hún er aðeins innansveitarvegur. Hvað skal segja um þá vegi, sem liggja milli hjeraða og ekki eru í þjóðvegatölu? Jeg skal t. d. nefna veginn milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar, sem er mjög fjölfarinn. Er hann í þjóðvegatölu? Nei.

Annars hjelt jeg, að hv. flm. (BSt) þyrfti ekki að verða hissa, þó að meiri hl. nefndarinnar færi eftir áliti vegamálastjóra. Hvað er eðlilegra en farið sje eftir tillögum hans? Það má auðvitað búast við, að umferðin um veginn aukist eitthvað við byggingu heilsuhælisins. En er þá Eyfirðingum ekkert hagræði í því að fá hælið? Jeg trúi ekki öðru en að bændur í nágrenninu geti hagnast á að selja því afurðir sínar, og yfirleitt verður hjeraðinu mikill hagur að því að fá þessa stofnun. Jeg tel ekkert eftir hjeraðsbúum að kosta dálitið meiru til vegarins vegna þessara þæginda, enda eykst ekki umferðin svo mjög, þó að við bætist 40—50 manns. Það er álíka og þrjú meðalheimili í sveit.

Jeg ætla ekki að leggja út í deilur um þetta mál, en mjer finst, að hverjum manni ætti að vera auðskilið, að hjer er ekki um sanngirniskröfu að ræða, og að á mörgum öðrum stöðum er miklu brýnni nauðsyn á að kosta til vegagerða. Jeg held, að flestum hafi þótt Eyfirðingar bera óþarflega mikið úr býtum til vegar síns hjerna á árunum, en þá áttu þeir fulltrúa á þingi, sem mikil áhrif höfðu og sköruðu fullkomlega eld að köku hjeraðsbúa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg játa,

að jeg er þessu máli lítið kunnugur, en mér skilst, að hjer sje ekki um mikla upphæð að ræða. Í nál. er gert ráð fyrir, að kostnaður við að leggja þennan vegarkafla muni verða um 10 þús. krónur. Jeg geri ráð fyrir, að ekki sje hægt að komast hjá að leggja þennan veg, og verði þá kostnaðurinn við hann talinn með kostnaði við hælisbygginguna.

Nú tekur ríkið þátt í þeim kostnaði að minsta kosti til helminga, svo að hjer er ekki um stóra upphæð að ræða. Mjer finst sanngjarnt, að ríkissjóður kosti vegalagninguna að hælinu og viðhald þess vegar. En til þess ætti ekki að þurfa lagabreytingu. Sjerstök fjárveiting kæmi að sama gagni. Jeg held, að hv. flm. (BSt) ætti að bíða með þetta frv. þar til sjeð verður, hvort ekki tekst að fá sjerstaka fjárveitingu í fjárlögum í þessu skyni. Mjer skilst, að ríkinu beri að greiða helming þessa kostnaðar eins og annan kostnað við hælisbygginguna.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að benda hæstv. atvrh. (MG) á, að hann hlýtur að misskilja frv. Í frv. er farið fram á, að vegurinn frá Akureyri að Kristnesi verði tekinn í tölu þjóðvega og að ríkið kosti viðhald hans framvegis, en þetta er ⅓ af Eyjafjarðarbrautinni. Meiri hl. nefndarinnar álítur, að ekki beri að taka þennan veg í tölu þjóðvega, heldur eigi ríkið aðeins að kosta vegarspottann af aðalveginum heim að hælinu. Þetta er einnig álit vegamálastjóra.

ATKVGR.

Frvgr, samþ. með 17 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IngB, JakM, JBald, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, BSv.

nei: HK, JAJ, JK, JÞ, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 41. og 46. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars og þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 3. u m r.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Nefndin hefir athugað þær breytingar, sem fluttar voru síðan þetta frv. var til 2. umr., og leggur til, að bæði frv. og brtt. verði feldar.

Jeg fyrir mitt leyti skal viðurkenna það, að mjer finst mjög mikil sanngirni mæla með að samþ. brtt. á þskj. 208 og 211, svo framarlega að breyting verði gerð á vegalögunum. En jeg get verið samferða meðnefndarmönnum mínum, þar sem þeir leggja til, að einnig frv. verði felt. Ástæðan til þess, að nefndin hefir tekið þessa aðstöðu, og minni hl. hennar, sem lagði til við 2. umr. að frv. yrði samþ., er sú, að nú á milli umr. hefir verið samþ. fjárframlag á fjárlögum, 10 þús. krónur, til þess að gera veg að heilsuhælinu í Kristnesi og að taka hann síðan í þjóðvega tölu, þegar aðrar breytingar verða á vegalögunum.

Jeg skal ekki fara að orðlengja meira um þetta. Eins og jeg tók fram, mætti

færa ýmsar ástæður fyrir brtt. á þskj. 208 og 211, en þar sem nefndin leggur til, að frv. verði felt, leggur hún auðvitað einnig til, að þær breytingar verði feldar.

Sigurjón Jónsson: Jeg kom fram með brtt. við frv., sem hjer liggur fyrir, á þskj. 208, þar sem jeg fer fram á, að vegurinn frá Ísafirði til Dýrafjarðar verði tekinn í þjóðvega tölu. Jeg kom ekki fram með þessa brtt. við 2. umr., af því að jeg bjóst ekki við, að frv. það, sem liggur fyrir, næði samþykki deildarinnar. Bygði jeg þá skoðun mína á því, að nefndin, sem hafði fengið málið til meðferðar, lagði til, að frv. yrði felt. En eftir að atkvgr. hafði fram farið við 2. umr. og jeg hafði sjeð örlæti hv. deildar um það, að bæta þessum vegi í Eyjafirði í þjóðvega tölu, þá gat jeg ómögulega álitið rjett af mjer að láta farast fyrir að fara fram á, að þessi vegur yrði einnig tekinn í þjóðvega tölu.

Jeg þarf ekki að minna hv. deild á það, að þarna á Vestfjörðum er enginn vegur, sem heitir þjóðvegur. En hinsvegar er svo háttað þarna, að Ísafjarðarkaupstaður, sem er einn af fjölmennari kaupstöðum landsins, má heita upplandslaus, og því er mjög nauðsynlegt að hafa greitt samband við firðina fyrir vestan, Önundarfjörð og Dýrafjörð. En vegurinn, sem liggur þar á milli, er bæði alllangur og erfiður viðhalds. Bæði Ísafjarðarkaupstað og sveitunum í Önundarfirði og Dýrafirði yrði það því mikið hagræði, ef þarna gæti verið miklu betri vegur en er nú og væri trygt viðhald þess vegar.

Jeg gæti líka í þessu sambandi mint á það, að þó að kringum Ísafjörð sje enginn vegur í þjóðvega tölu, þá er samt tekinn af Ísafirði talsverður skattur af bifreiðum kaupstaðarins. Og eftir því, sem nú er ástatt, þá er ekki líklegt, að Ísafjarðarkaupstaður njóti þar neins í aðra hönd. Þessar bifreiðar eru auðvitað ekki margar ennþá, en samt mun skatturinn nema á ári 7—800 kr. Þar sem þetta gjald er árlegt og fer vaxandi, þá er auðsjeð, að eitthvað ætti að koma á móti frá ríkissjóðsins hálfu til vegar þar vestra. Auk þessa má og segja það, að það væri alveg sanngjarnt, að Ísafjarðarkaupstaður, sem slíkur, njóti einhvers af því fje, sem lagt er til samgöngubóta á landi, þar sem ekki verður talið, að kaupstaðurinn njóti nokkurs af því fje, er lagt er til samgöngubóta á sjó. Við myndum hafa okkar ferðir til Ísafjarðar nákvæmlega jafnmiklar og okkur hagkvæmar, þótt ekkert væri lagt fram til strandferða umhverfis landið.

Jeg vænti þess nú, að þar sem hv. deild hefir nú farið inn á þá braut að breyta vegalögunum, þá verði tekin til greina þessi sanngjörnu tilmæli mín, að þessi vegur verði tekinn í þjóðvega tölu. Jeg gerði ekki ráð fyrir í byrjun, að þessum lögum yrði breytt, ekki heldur eftir að nál. kom fram, en eftir atkvgr. get jeg búist við breytingum, og þá er þetta fylsta sanngirniskrafa að taka þennan veg í þjóðvega tölu.

Jeg skal ekki í þessu sambandi fara inn á það, að kaupstaðurinn eða sveitirnar, sem þarna eiga að standa að, muni ekki reyna að halda við veginum, þótt ekki verði hann tekinn í þjóðvega tölu. Jeg vil ekki hafa neitt í hótunum um það, eins og hv. þm. Eyf. (BSt), að hlutaðeigendur mundu láta grotna niður veginn. Jeg býst við, að sveitirnar, sem að liggja, muni reyna að halda við

veginum eftir getu sinni, þótt ekki sje sanngjarnt að láta þær gera það.

Ólafur Thors: Þrátt fyrir það, að mjer hafa borist einróma áskoranir úr hjeraði um að flytja breytingu á vegalögunum á þessu þingi, hafði jeg ekki hugsað mjer að verða við þeim óskum fyr en jeg sá, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) kom með brtt. við þessi lög. Þá fann jeg mig knúðan til að verða við þessum óskum, sem jeg fann, að bygðust á mikilli sanngirni. En því aðeins vildi jeg ekki verða við þeim í upphafi, að jeg gerði ráð fyrir, að ef flutt væri brtt. við vegalögin, myndu margar aðrar fylgja í kjölfarið. Og mjer þótti betra, að þeir menn, sem jeg er umboðsmaður fyrir, yrðu að búa við misrjetti í þessu efni, heldur en að eiga í vændum stórfeldar breytingar á vegalögunum eða þá langar umræður um slíkar breytingar, án þess að þær næðu framgangi.

Sýsluvegirnir í þessu hjeraði eru alls um 90 km. Til þeirra hefir verið kostað á síðustu 20 árum yfir 200 þús. kr. Af þessum sýsluvegum eru aðeins 38 km. taldir þjóðvegur, og ekki fyr en 1924, ef jeg man rjett. Jeg hefi borið fram þá tillögu, að til viðbótar þessum 38 km. verði tekinn vegarspotti í þjóðvega tölu, sem er 20 km. Þessi vegur er mjög fjölfarinn, og það af utansveitarmönnum, svo að viðhaldskostnaður verður mjög mikill. Og það er ósanngjarnt, að hann sje algerlega borinn uppi af því sýslufjelagi. Vil jeg í því sambandi benda á það, að umferð um þennan veg er mikið að aukast í þágu Reykjavíkur, þar sem mikið er flutt um hann af nýjum fiski til bæjarins frá Sandgerði og öðrum veiðistöðvum suður með sjó. Þetta er í sjálfu sjer til hagsmuna fyrir Reykjavík, lækkar verð á fiski hjer. Ýmsar nauðsynjar eru fluttar til bæjarbúa, sem þeir yrðu annars að neita sjer um. Miklir mjólkurflutningar eiga sjer stað til Reykjavíkur um þennan veg. Það er líka til hagsmuna fyrir bæinn. Jeg neita ekki, að hjeraðsbúar hafi hag af þessum flutningum, en jeg leyfi mjer að benda á, að það eru fleiri. Meðal annars er það ríkissjóðnum í hag, þar sem dýrtíðin í bænum verður minni en ella.

Á þinginu 1924 var rætt um þetta mál. Og þar sem hjer sitja þeir sömu hv. þm. og þá, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en leyfi mjer að vænta þess, að ef gerð verður breyting á vegalögunum, þá verði ekki þessi till. feld, sem byggist á fullri sanngirni.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil ekki vekja deilur um þetta mál, enda býst jeg ekki við, að það hafi neina þýðingu. En jeg verð að segja það, að mjer kom það mjög á óvart, sem hv. frsm. samgmn. (JAJ) sagði, að nefndin — að því er mjer skildist óskift — legði móti því, að frv. yrði samþykt. Áður hafði þó minni hl. lagt með málinu. Og jeg varð enn meira undrandi, þegar jeg heyrði ástæðuna fyrir þessari afstöðu nefndarinnar, sem sje, að nú er búið að samþ. hjer í hv. deild fjárveitingu til vegar heim að Kristnesi, að ríkið borgi stofnkostnað þess vegar. Mjer finst jeg verði að líta svo á, að hv. deild hafi með þessari samþykt fallist á það, að fyrst og fremst þessi partur af Eyjafjarðarbrautinni og heim að Kristnesi eigi að vera þjóðvegur, úr því að hún samþykkir að borga stofnkostnaðinn við að leggja hann. Jeg þykist nú sjá

fyrir um forlög þessa frv. á því, hver umskifti hafa orðið í nefndinni. En þrátt fyrir það hefi jeg ekki geð til þess að fara að taka það aftur, og verður að fara eins og fara vill um það í atkvæðagreiðslunni.

Út af þeim tveimur brtt., sem fyrir liggja við frv., vil jeg segja það, að þó þær kunni að vera sanngjarnar, þá er sjálfsagt víða á landinu eins mikil ástæða til að taka upp nýja þjóðvegi. Og þar sem mitt frv. er borið fram af alveg sjerstakri ástæðu, nefnilega vegna heilsuhælisins, þá álít jeg, að það hefði ekki átt að blanda öðrum vegum þarna inn í. Það hefði þá verið rjettara fyrir þá hv. þm., sem vilja breyta vegalögunum í ýmsum atriðum, að koma með sjerstakt frv. um það. Eins og jeg gat um við 1. umr., þá eru í raun og veru fleiri kröfur, sem jeg hefi fyrir mitt kjördæmi í þessu efni, en jeg hefi þó fallið frá þeim að sinni, af því að jeg vildi ekki blanda öðru inn í frv.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) kvað mig hafa haft í hótunum um það, að Eyfirðingar mundu ekki halda við veginum frá Akureyri að Kristnesi, ef þeir ættu sjálfir að sjá um hann, og fór að hæla sjer af því, að hann hefði engar hótanir í frammi fyrir hönd Ísfirðinga. Jeg man ekki eftir, að jeg hafi haft neinar hótanir um þetta. Það, sem jeg sagði um þetta atriði, var einungis, að ríkið hefði ekki trygt það á nokkurn hátt, að veginum yrði haldið við, svo að fullnægjandi væri. Jeg sagði ekkert um það, hvað Eyfirðingar mundu gera í þessu efni, en benti aðeins á það, að sýslan hefir enga lagaskyldu til að sjá um veginn. Það stendur öðruvísi á með Eyjafjarðarbrautina en veginn, sem hv. þm. talaði um. Sá vegur er sýsluvegur, en Eyjafjarðarbrautin alls ekki, því þegar vegalögin voru samþykt í hitteðfyrra, þá voru flutningabrautir lagðar niður, sem sjerstakur flokkur vega, og brautin hefir ekki verið tekin upp sem sýsluvegur.

Það þýðir auðvitað ekki að fara um þetta fleiri orðum. En jeg ætla að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti fram fara nafnakall um frv. sjálft, að lokinni umr., svo að það komi í ljós, hverjir standa stöðugir í fylgi sínu við málið. Þeir voru 17 seinast.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Það mun sýna, hvert stefnir, ef þetta frv. verður sett á. Jeg hygg það verði ekki einn klukkutími, sem við notum til að lengja umræðurnar, heldur talsvert margir, því það mun bætast við brtt. (**BSt:** Þetta er seinasta umr.). Já, en það er líka til önnur deild, sem heitir efri deild.

Annars er ekki hægt að neita því, að vegurinn frá Ísafirði til Dýrafjarðar er líklegastur til þess að vera með sanngirni álitinn þjóðvegur, fjölfarinn vegur milli tveggja hjeraða. Hitt eru innanhjeraðsvegir hvorttveggja. Eyjafjarðarbrautin kvað nú ekki vera sýsluvegur, ekki er hann þjóðvegur, — að hann sje vegleysa hygg jeg að fáir muni skrifa undir. Það myndu áreiðanlega mörg hjeruð vilja eiga álíka veg og Eyjafjarðarbrautina innan sinna endimarka, þótt þau yrðu að kosta sjálf viðhald. Við Vestfirðingar myndum þakka fyrir, ef við ættum 40 km. spotta, þar sem þörfin er mest, eins vel bygðan og Eyjafjarðarbrautina.

Annars er ekki til neins að tala langt

um þetta. Það er hægt með sönnu að segja, að það sje þörf að fjölga þjóðvegunum, mikil þörf víða, en jeg held, að okkur endist ekki tími til þess að tína það upp, og það sje því rjett að láta allar breytingar á vegalögunum bíða. Í samráði við meðnefndarmenn mína vil jeg því leyfa mjer að bera fram svofelda rökstudda dagskrá:

„Með því að ekki þykir rjett að gera breytingu á vegalögunum að svo stöddu, og með því að samþ. hefir verið hjer í deildinni fjárframlag til vegarins að heilsuhælinu í Kristnesi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin, frá þm. N.-Ísf. (JAJ), samþ. með 18 : 7 atkv.

3. Yfirsetukvennalög.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 25. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 (þmfrv., A. 54).

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg get varla gefið skýrari skýrslu um nauðsyn þesa máls en gefin er í greinargerð þessa frv., í brjefi ljósmæðrafjelagsins. Þar er ýkjalaust satt og rjett lýst kjörum ljósmæðra eins og hau hafa verið og eru nú, og getur hver og einn háttv. þm. gert upp með sjer álit sitt á þeim, samkvæmt þessum málsgögnum. Mun þá verða ljóst, hversu viðunanleg kjör þau eru, sem ljósmæðurnar eiga við að búa. Þær verða að leggja í talsverðan kostnað við nám sitt til undirbúnings starfinu, og má ætla þann kostnað um 600—700 kr. auk þess styrks, sem þær fá meðan þær eru við námið, — 45 krónur með dýrtíðaruppbót á mánuði í níu mánuði —. Því það er öllum kunnugt, að uppihald hjer í Reykjavík er mjög dýrt og einnig ef til vill langar ferðir hingað og hjeðan.

Að þessu námi loknu fær útlærð ljósmóðir um 300 krónur í laun á ári. Eru það meðalljósmóðurlaun, ef tekið er tillit til aldursuppbótar og aukatekna.

Það er alkunna, hversu erfitt getur verið að vitja ljósmóður í sveit að vetrarlagi, og því hefir nýlega verið lýst svo átakanlega hjer í deildinni. Það sýnir betur en nokkuð annað, hve starf þetta er mikilsvert, að menn verða oft að vitja ljósmæðra, hvað sem það kostar, jafnvel þó að við það verði að stofna lífi og limum í hættu. Yfirsetukonan verður ávalt að vera til taks, hvort heldur er í góðu veðri eða illu, á nótt eða degi. Hún verður að fara út í stórhríðar að vetrarlagi.

Ljósmæður mega ekki fara að heiman úr umdæmi sínu lengur en einn sólarhring, nema með leyfi hjeraðslæknis. Þær geta því ekki leitað sjer atvinnu utan umdæmisins þann tíma, sem þær ekki eru bundnar við ljósmóðurstörfin, og jafnvel innan umdæmisins eru þær bundnar svo, að þær geta ekki fest sig við önnur störf, því að þótt þær hafi ekki nema 5—6 fæðingar á ári, geta þær borið að á þeim tímum, þegar helst er atvinnuvon.

Ef ljósmóðir er gift, eða hefir heimili í sinni umsjá, verður það henni mun dýrara og fyrirhafnarmeira en öðrum húsmæðrum, því hún verður ávalt að

hafa kvenmann sjer til aðstoðar, til að sjá um heimilið meðan hún er fjarverandi.

Þegar menn vilja líta á það, hvað ljósmæður bera úr býtum fyrir að standa í ófrjálsri, kostnaðarmikilli, erfiðri og ábyrgðarmikilli stöðu, furðar mann á því, að nokkur kona skuli fást til þessa, og eigi síst, ef litið er á, að flestar þessar konur gætu átt kost á miklu frjálsari stöðum og mun betur launuðum.

Ljósmæður hafa 300 kr. laun á ári, og af því eiga þær að fæða sig, skæða, klæða, greiða fyrir húsnæði o. s. frv. Hvaða lausakona eða vinnukona halda menn að mundi fást fyrir þetta kaup, eða með öðrum orðum sætta sig við að vera langt fyrir neðan matvinnungur? Jeg hygg, að það gæti orðið leit að henni.

En hví gefur nokkur kona kost á sjer til slíks starfs, sem er svona illa launað? Þær munu flestar ganga að náminu af áhuga og löngun til að gegna þessu starfi, og munu lítið hugsa í fyrstu um kjör þau, sem þær eiga í vændum. En þegar lengra líður frá og þær eru komnar út í starfið, verður afleiðingin af þessu almenn óánægja með kjörin. Nú er svo komið, að allflestar ljósmæður á landinu hóta að segja af sjer, ef launakjör þeirra fást eigi bætt að mun, enda hafa fæstar þeirra eftir miklu að sjá, þó að þær leggi niður þessi störf, og er enginn efi á, að þær mundu hafa hagnað af að skifta um atvinnu.

Á Norðurlöndum hafa ljósmæður rúmlega ferfalt hærri laun en hjer, auk eftirlauna, og er því óliku saman að jafna.

Sumir halda því fram, að yfirsetukonur sjeu hjer óþarflega margar og mætti komast af með færri. Jeg er máske ekki fjarri því, að það mætti fækka þeim eitthvað lítið eitt, en þó veit jeg, að það mundi mæta mikilli mótspyrnu meðal þjóðarinnar. Út um land mega þær ekki vera svo strjálar, að það sje miklum erfiðleikum bundið að vitja þeirra. Jeg þekki t. d. eina sveit, þar sem það tekur fulla 12 tíma að sækja yfirsetukonuna, og nýlega hefi jeg heyrt, að þetta muni ekki vera einsdæmi. Það er ekkert sjerlegt mennnigarbragð að þessu, og því síður er það mannúðlegt, að svo að segja útiloka fæðandi konu frá nauðsynlegri hjálp. Nei! Þeim má alls ekki fækka að mun, allra síst í sveitum. En þótt þeim yrði eitthvað fækkað, þá ætti það síst að standa í vegi fyrir því, að launin yrðu bætt.

Vjer Íslendingar erum langt að baki ýmsum öðrum þjóðum í heilbrigðismálum. Eitt af því, sem okkur vantar tilfinnanlega, er hjúkrunarstarfsemi. Það þyrfti helst að vera ein eða tvær lærðar hjúkrunarkonur í hverri sveit; en þetta á langt í land hjá okkur. Jeg sje ekkert á móti því, að ljósmæður væru látnar gegna hjúkrunarstörfum hver í sinni sveit, ef það færi ekki í bága við ljósmóðurstörf þeirra. Sumir álíta að vísu, að þetta yrði til þess eins, að þær bæru sóttnæmi á milli, en þetta er að mínu áliti markleysa ein. Þetta er alt undir hjúkrunarkonunni sjálfri komið; ef hún er kærulaus trassi, þó hún sje að öðru leyti vel lærð, getur hún borið út sýki á milli fólksins. Nei, ef ljósmóðirin er þrifin og kann til verksins, er engin hætta á því, að hún beri sóttnæmi á milli, frekar en lærðar hjúkrunarkonur. Þótt við fengjum ekki hálærðar hjúkrunarkonur á þenna hátt, tel jeg það mundu verða til stórra bóta, ef samhliða ljósmæðranáminu væri látið vera

stutt námsskeið í hjúkrunarstörfum. Jeg hefi að vísu ekki sett í frv. ákvæði í þessa átt, en það gæti verið athugunarefni fyrir nefndina, sem fjallar um frv., hvort ekki væri fært að bæta þessu inn í frv.

Jeg vænti nú, af því, sem jeg hefi tekið fram, að það sje öllum háttv. þingdeildarmönnum ljóst, hversu kjör yfirsetukvenna eru óviðunandi. Hitt er aftur álitamál, hvort launabætur frumvarpsins eru of hátt settar eða eru of litlar. En jeg tel þær ekki of hátt settar, ef litið er á kostnað þann, sem námið hefir í för með sjer, en staðan er, eins og jeg hefi áður tekið fram, ófrjáls, erfið og ábyrgðarmikil. Loks vil jeg geta þess, að Ljósmæðrafjelagið bað um, að sett yrðu í frv. ákvæði um eftirlaun handa ljósmæðrum. Þetta er í sjálfu sjer sanngjarnt, og er, eins og jeg sagði áðan, lögákveðið erlendis. En jeg sá mjer ekki fært að setja frekari ákvæði í frv., því mjer virtist það mundi vera í ósamræmi við ákvæði um laun annara starfsmanna ríksins. Jeg skýt því hjer með til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi fært að fullnægja þessari kröfu á þann hátt að setja inn í frv. ákvæði um skyldu á hendur ljósmæðrum til að kaupa sjer lífeyri eins og aðrir opinberir starfsmenn ríkisins.

Jeg læt svo ekki frekara um mælt að sinni um þetta frv., en geri það að tillögu minni, að frv., að lokinni þessari umræðu, verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 54, n. 213).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Það þarf væntanlega ekki að tala mikið um þetta hjer, nefndin hefir á þskj. 213 gert grein fyrir stefnu sinni í málinu. Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin orðið sammála um, að óhjákvæmilegt væri að bæta kjör yfirsetukvenna. Eigi að síður hafa tveir hv. nefndarmenn skrifað undir nál. með fyrirvara, án þess þó að gera uppskátt, hvað fyrir þeim vakir. Býst jeg helst við, að þeim þyki nál. ekki ganga nógu langt í sumum atriðum þessa máls, er til hagsbóta horfa fyrir yfirsetukonurnar. Eins og nál. ber með sjer, gat nefndin ekki fallist á frv. í því formi, sem það var; þessvegna fanst henni rjettast að leggja til, að í staðinn fyrir 1. gr. frv. komi ný grein, er algerlega komi í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919. — Nefndin hefir ekki getað fallist á að hækka laun yfirsetukvenna eins og stungið er upp á í frv. Telur hún rjettara að fara hjer meðalveg og setja byrjunarlaunin nokkru lægri en gert er ráð fyrir í frv., sjerstaklega með tilliti til sveitaumdæma. Hinsvegar gat nefndin fallist á, að laun yfrsetukvenna í kaupstöðum væru ekki of hátt sett í frv., sjerstaklega með tilliti til þess, hve miklu meira er þar að gera. Hvað snertir eftirlaunin, sem frv. vill fá lögleidd, þá fanst meiri hl., eða ef til vill allri nefndinni, ekki rjett að ákveða þau með lögum, frekar en gert er í yfirsetukvennalögunum 1912. Hún lítur svo á, að yfirleitt muni sýslunefnd-

ir og bæjarstjórnir vera svo hlyntar yfirsetukonum, að treysta megi því, að heilsubilaðar eða gamlar yfirsetukonur fái styrk, ef þörf er á. Viðvíkjandi yfirsetukonum í sveitaumdæmum lítur nefndin svo á, að þær, sem stunda bú, leggi yfirleitt ekki svo mikið í sölurnar fyrir þetta starf, að þörf sje sjerstakra eftirlauna handa þeim, enda megi treysta hlutaðeigandi sýslunefndum til þess að sjá þeim fyrir styrk, ef þörf gerist. Nefndin hefir því lagt til, að 2. gr. frv. falli burt.

Ein af aðalbreytingum þeim, sem nefndin fer fram á, er sú, að ríkissjóður greiði helming af launum yfirsetukvenna í kaupstöðum eins og nú er gert í sveitum. Nefndinni þótti hjer kenna nokkurs misrjettis og vildi ekki gera upp á milli kaupstaða og sveita í þessu efni frekar en öðru. Var hún því sammála um að taka þetta ákvæði upp í frv.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að taka fleira fram þessu viðvíkjandi. Eins og jeg mintist á áðan, hefir nefndin viljað fara meðalveg í málinu. Væntir hún þess, að hv. deild sýni því velvilja og láti það ganga fram.

Jóhann Jósefsson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, vegna þess að jeg var ekki allskostar samþykkur því, að grein frv. um eftirlaun til yfirsetukvenna væri algerlega kipt í burt. Jeg vildi þó ekki gera þetta að svo miklu ágreiningsefni að fylgja ekki nefndinni að öðru leyti. Jeg vildi aðeins hafa óbundnar hendur um þetta atriði, ef síðar kynni að koma fram brtt.

Að öðru leyti en þessu er jeg nefndinni samþykkur.

Halldór Steinsson: Jeg get verið hv. nefnd þakklátur fyrir þá alúð, sem hún hefir lagt við að kynna sjer þetta mál, og að hún hefir sýnt lit á að bæta kjör yfirsetukvenna. Jeg er þó ekki allskostar ánægður með brtt. hennar, því að jeg lít svo á, að kjör þessara kvenna megi ekki vera verri en farið er fram á í frv. mínu.

Mjer þykir leitt, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp ákvæðin í 2. gr. Öllum þingmönnum ætti að vera ljóst, að þó nú sje heimild fyrir því að veita eftirlaun úr sýslu- og bæjar-sjóðum, þá kemur sú heimild að litlum notum. En það má ekki verða regla, að yfirsetukonur fái eftirlaun aðeins í fáum tilfellum og af mjög skornum skamti. Eins og jeg tók fram við 1. umr. taldi jeg heppilegast, að um leið og laun yfirsetukvenna væru bætt, væri þeim gert að skyldu að leggja fje í lífeyrissjóð, og fengju síðan styrk þaðan, að loknu starfi, eins og aðrir embættismenn. Nefndin hefir ekki viljað leggja þetta til, en jeg hygg, að þó það komist ekki fram nú, verði þess ekki langt að bíða, að sú tilhögun verði tekin upp.

Brtt. nefndarinnar, um að greiðsla á launum yfirsetukvenna fari eins fram í sveitum og kaupstöðum, finst mjer sanngjörn, og felli mig vel við hana. Yfirleitt gengur frv. með breytingum nefndarinnar verulega í þá átt, að bæta kjör yfirsetukvenna frá því, sem nú er. Maður verður að una því, þótt ekki nái fram að ganga fylstu kröfur við fyrstu sókn. Þegar ekki fæst það allra besta, verður að láta sjer nægja það næst besta. Jeg get lýst því yfir fyrir hönd yfirsetukvennanna, að þær muni verða nefndinni þakklátar fyrir tillögur hennar í þessu máli yfirleitt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Þar sem þetta mál snertir kjör kvenna, get jeg ekki setið hjá, án þess að láta í ljós ánægju mína yfir því, sem hjer er verið að breyta til bóta.

Hv. flm. (HSteins) hefir skýrt nauðsyn þess starfs, sem yfirsetukonur hafa að rækja, og lýst kjörum þeirra. Hefi jeg þar raunar engu við að bæta. Jeg vildi samt lýsa óánægju minni yfir því, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að láta 2. gr. standa. Þá hefði fyrst verið um verulega rjettarbót að ræða til handa þessum konum. Jeg get þó tekið undir með hv. flm. (HSteins), að vel megi una við það, sem komið er, í von um, að næst verði lengra gengið.

Í nál. er drepið á, að yfirsetukonum, sem verðskulda eftirlaun, muni auðsótt að fá styrk úr sýslusjóði. Jeg er nú hrædd um, að reynslan bendi stundum í aðra átt, bæði að því er snertir yfirsetukonur og aðra starfsmenn. Jeg vildi óska hverjum góðum starfsmanni þess, að hann fengi slíka viðurkenningu úr ríkissjóði fremur en úr sýslusjóði. Tel jeg það bæði viðfeldnara og tryggara. Vona jeg, að sú tilhögun komist bráðlega á. Hv. flm. (HSteins) kom inn á það, að yfirsetukonur legðu í lífeyrissjóð. En geta þær það með þeim launakjörum, sem þær eiga við að búa? Jeg held, að þær geti ekki sjeð af neinu til þess. Auðvitað væri æskilegast, að þær gætu lagt til hliðar af launum sínum, svo að væntanlegur styrkur yrði útborgaður sem innieign, og jeg vona, að kjör þeirra verði bætt svo, að þær verði þess megnugar.

Í nál. er eitt atriði, sem jeg sjerstaklega vildi drepa á. Þar stendur: „Því er haldið fram, — ekki að ástæðulausu, — að vinnukonur og lausakonur, sem stunda algenga vinnu, fái hærra kaup en yfirsetukonur.“ Það er vist, að vinnukonur eru þarfir starfsmenn, en yfirsetukonur eru það ekki síður. En það er óhjákvæmilegt, að yfirsetukonur njóti sjermentunar, en því fylgir talsverður kostnaður fyrir fátækar og umkomulausar stúlkur, en hinsvegar bíður þeirra ljeleg atvinna og lítið í aðra hönd. — Síðar í nál. segir: „Hinsvegar hefir nefndin ekki getað fallist á frv. eins og það liggur fyrir. Henni þótti fastákveðnu launin sett of há, aðallega með tilliti til sveitaumdæma, þar sem fáment er og lítið að gera.“ — Hjer er ekki rjett ályktað, því eftir því sem umdæmin eru minni, má búast við færri fæðingum og því minni aukatekjum. Það hefir verið tekið fram, að yfirsetukonurnar mega ekki fara út úr umdæminu nema með sjerstöku leyfi, og ekki vera frá heimili sínu nema 2—3 daga, ef jeg man rjett, og virðist þetta ákvæði hamla þeim að leita sjer annarar atvinnu.

Það þarf að bæta laun þessara kvenna svo, að þær megi vel við una. Þær munu þá sýna í verkinu, ekki síður en hingað til, hve þarfar þær eru. Þær eiga að vera trúnaðarmenn sængurkvennanna, og þær hafa aðstöðu til þess að vera menningarfrömuðir sveitanna í ýmsum efnum, bæði að því er snertir bættan þrifnað og ýmsa heimilishætti. Jeg segi þetta eftir að hafa heyrt álit mæðra í þessu efni.

Eftir atvikum læt jeg mjer nægja í bráð þær umbætur, sem hjer eru gerðar. Þetta er spor í rjetta átt, og seinna koma sumir dagar, en koma þó.

Sigurður Eggerz: Það er eitt atriði hjer í nál., sem jeg vildi vekja athygli á.

Þar segir: „Nefndin hefir meðal annars komist að raun um það, að mörg yfirsetukonuumdæmi sjeu óskipuð víðsvegar um landið, aðallega vegna þess, hve launin eru lág.“ — Jeg verð að játa, að jeg hafði ekki hugmynd um, að svona væri ástatt. En það er ákaflega alvarlegt mál, ef sum umdæmin eru yfirsetukonulaus. Hjer er einmitt mjög mikil þörf á því, að yfirsetukonur sjeu margar og vel mentaðar, ekki síst fyrir það, hve víða er erfitt að ná í lækni. Jeg hefi oft bent á, að varla muni eins illa farið með nokkra stjett og yfirsetukonur, þegar tekið er tillit til, hve starf þeirra er þýðingarmikið. Það er beinlínis hryllilegt að hugsa til þess, að sum umdæmi skuli vera yfirsetukonulaus, og er mesta þörf á að bæta úr því hið bráðasta. — Jeg held, að rjett hefði verið, úr því mál þetta var tekið til meðferðar, að láta eftirlaunagreinina standa, enda hefir mjer heyrst hv. deild taka svo í strenginn, að hún telji það rjettmætt.

Einar Árnason: Jeg býst við, að það sje ekki sjerlega árennilegt, eftir þessar ræður, sem hjer hafa verið haldnar, að ríða á vaðið til þess að gera almennar athugasemdir við frv. og málið yfirleitt.

Mjer finst lítið hafa komið fram um það, að nefndin hafi áttað sig á, hvað hjer er að gerast, að þetta er byrjun til breytinga á hinum almennu launalögum ríkisins, sem sett voru 1919. Á þinginu 1919, sem oft hefir verið kallað eyðsluþingið mikla, voru sett lög um laun embættismanna, yfirsetukvenna, barnakennara og alþingismanna. Nú mun öllum þingmönnum kunnugt, að flest árin síðan 1919 hafa komið fram kröfur frá ýmsum starfsmönnum og embættismönnum ríkisins um breyting á launakjörunum og hækkun þeirra. En þingið hefir að þessu ekki sjeð sjer fært að hreyfa við kerfinu frá 1919, af því að það hefir búist við, að væri því hreyft, þá yrði að breyta öllum launalagabálkinum, sem settur var á því þingi; þá yrði að hækka öll launin. Jeg geri ráð fyrir, að löggjafarnir frá 1919 hafi reynt að setja laun opinberra starfsmanna í sem mest samræmi, og enginn verið borinn fyrir borð, og jafnframt hafi verið haft fyrir augum, hversu há laun ríkið væri megnugt að greiða.

Því verður þó ekki neitað, að svo virðist ástatt um marga opinbera starfsmenn, að þeir eigi við þröngan kost að búa og hafi fulla þörf hærri launa.

Þegar jeg sný mjer að þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og lít á þær breytingar, sem gerðar eru á núgildandi lögum, þá virðist mjer í fljótu bragði, að lægstu laun yfirsetukvenna sjeu hækkuð um 300%, að meðtaldri dýrtíðaruppbót. Jeg neita því ekki, að ástæða sje til þess að bæta laun yfirsetukvenna að einhverju leyti. En mjer finst, að hjer megi á milli vera. Það lítur út fyrir, að þinginu 1919 hafi verið undarlega mislagðar hendur, ef nú er rjettlátt að hækka þessi laun um 300%, en láta önnur laun standa í stað. — Það hafa komið fram alvarlegar kröfur frá kennurum háskólans um launahækkun, en jeg hefi ekki orðið þess var, að það væri nein hreyfing í þá átt hjer á Alþingi að taka þessar kröfur til greina. Og þó eru þessar kröfur mjög vel rökstuddar. En jeg vil spyrja: Hvernig ætla þá þeir þingmenn, sem vilja hækka laun yfirsetukvenna um 300%, að fara að ganga á móti því, að veita þeim öðrum starfsmönnum ríkis-

ins bætur á launum sínum, sem beðið hafa um þær? Jeg held það sje óhjákvæmilegt, að á eftir þessu máli, verði frv. samþykt, þá hljóti að koma ákveðnar kröfur, sem illmögulegt verður að komast undan að sinna. Og skal jeg þá nefna til dæmis barnakennara í sveit. Strax eftir að þetta frv. kom fram, heyrði jeg einmitt þetta haft á orði: Þá held jeg, að við megum fara að koma með barnakennarana á eftir, þegar búið er að samþykkja þetta.

Jeg vildi aðeins vekja athygli á þessu, jafnvel þótt jeg þykist vita, að það þýði ekkert; því að sú stefna, sem kemur fram í frv., mun hafa yfirgnæfandi meiri hl. hjer í hv. deild. Það er hjer 5 manna nefnd, sem mælir með því að breyta lögunum um laun yfirsetukvenna. Þar að auki hafa 3 hv. þm., sem standa utan nefndarinnar, lýst fylgi sínu við málið.

Þá skal jeg minnast nokkuð á brtt. nefndarinnar. Þar dregur nokkuð úr því, sem ákveðið er í frv. Og þá virðist mjer tröppustig launanna verða þessi, — og bið hv. frsm. leiðrjetta, ef jeg fer rangt með: Nú geta lægstu laun yfirsetukvenna orðið hæst 275 kr.; eftir till. nefndarinnar geta lægstu laun orðið 800 kr., en eftir frv. 1120 kr. Jeg viðurkenni það fúslega, að það sje rjett að bæta kjör yfirsetukvenna. En jeg tel óþarft að fara svona hátt.

Það hefir verið talað um, hve vandasöm og mikilvæg þessi staða væri. Jeg játa þetta, en jeg veit hinsvegar, að starfið er alls ekki mikið. Hvað halda menn, að fæðingar sjeu margar árlega í almennum sveitaumdæmum? Þær eru alls ekki margar, þetta frá 6—7 og upp í 10. Það er áreiðanlega ekki mikið starf að sinna því. Og það er nú svo, að fólkið, sem er á besta aldri, er nú að flytja sig sem óðast úr sveitunum; þær eru að tæmast til kaupstaðanna, en eftir mestmegnis gamalmenni og börn, og reynslan sýnir, að fæðingum þar fer líka fækkandi.

Þá vildi jeg minnast ofurlitið á formhlið þessa máls, eins og hún er í brtt. nefndarinnar. En að sönnu hefir frv. sama ágalla. Það er sem sje í 1. gr. blandað saman óskyldum efnum. Í staðinn fyrir að rjett hefði verið, að í 1. gr. hefði aðeins verið talað um þau föstu laun, þá er þar bætt við dýrtíðaruppbót. Þetta gerir dálítið óþægilega atkvgr. að því leyti til, að það er alls ekki víst, að það sjeu allir, sem vilja hvorttveggja. Getur verið, að einhverjir vilji veita þeim dýrtíðaruppbót á þau laun, sem nú eru, en ekki gera meira; svo geta verið aðrir, sem vilja hækka launin, en ekki veita neina dýrtíðaruppbót. En eftir því, sem þetta liggur nú fyrir, eru menn bundnir við að taka hvorttveggja eða þá hvorugt. Það er ekki í neinum núgildandi launalögum, að þessu sje blandað saman í sömu grein. Í launalögum embættismanna er dýrtíðaruppbót í sjerstakri grein, líka í launalögum barnakennara. Sömuleiðis er þetta í launalögum þingmanna.

Auk þessa er blandað líka inn í 1. gr. hjá hv. nefnd algerðu nýmæli, sem sje því, að sama regla gildi í sveitum og kaupstöðum um það, að ríkissjóður borgaði þar helming launanna í staðinn fyrir að hingað til hefir ríkissjóður ekkert borgað í kaupstöðum. Þessu er blandað inn í laun yfirsetukvenna, en það er alt annars eðlis, hvað á að hafa launin há og hverjir eiga að borga þau. Það er alveg sjerstakt mál, hvort sem það er rjett að breyta þessu eða ekki.

Mjer finst það ekki stórt atriði í sjálfu sjer, hvort kaupstaðirnir borga öll laun yfirsetukvenna eða hálf. En mjer kemur í hug, hvort þessi breyting gæti nokkuð stafað af því, að fjórir hv. nefndarmenn eru búsettir í kaupstað og einn í væntanlegum kaupstað.

Jeg hefi gert þessar athugasemdir til þess að sýna fram á, að það er fullkomlega ástæða til að líta ekki alveg eins einhliða á þetta mál eins og komið hefir fram hingað til í þessum umræðum. Ekki svo að skilja, að jeg geri þetta að miklu kappsmáli. Jeg býst við að greiða atkv. með þessum brtt. til 3. umr., í þeirri von, að þá kunni að koma fram brtt., sem geri málið þannig úr garði, að jeg geti fylgt því út úr deildinni.

Guðmundur Ólafsson: Það er ekki margt, sem jeg ætla að segja um þetta mál, en helst yrði það í nokkuð svipaða átt og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Það virðist ekki verulega hafa vakað fyrir nefndinni annað en það, að þörfin á gagngerðri hækkun væri alveg sjerstök að því er snertir yfirsetukonur. Og eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) benti á, hefir hún ekki munað eftir því, að til væri aðrir embættismannaflokkar í landinu, sem altaf eru óánægðir með laun sín og krefjast hækkunar á þeim. Jeg verð að líta á þetta mál alveg eins og hv. 1. þm. Eyf., að það má fara varlega í að taka að miklu leyti til greina kröfur eins embættismanna- eða starfsmannaflokks í landinu, en neita öðrum harðlega.

Þó að jeg játi, að það sje ekki sambærilegt, hvað yfirsetukonur hafa lægri laun en flestir aðrir starfsmenn ríkisins, þá er það líka svo, að þeirra laun eru lægst í sveitum, þar sem starfið er í sjálfu sjer afskaplega lítið, eins og hv. 4. landsk. (IHB) tók fram, að í litlum umdæmum væru lítil laun. Það er eðlilegt, að lítil laun sjeu goldin fyrir lítið starf.

Mjer finst nefndin hafa litið nokkuð einhliða á þetta, en þó verð jeg að segja, að hún hefir fært sumt til bóta frá því, sem var í frv., því þar er ekki talað um minni launahækkun en helming í sveitaumdæmum. Nefndin lætur sjer þó nægja að bæta ⅓ við.

Jeg skal taka það fram, að jeg tel fylstu þörf, að einhverju sje bætt við það, sem nú er. En jeg hygg það hefði verið skynsamlegast af nefndinni að fara ekki svona langt.

Jeg hefði kannske minst eitthvað á þessa kynlegu frumvarps-grein, sem nefndin hefir sett þarna saman, en þarf þess ekki, þar sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir bent á gallana á henni.

Jeg man ekki, hvort jeg heyrði, þegar hv. frsm. (HSteins) mælti fyrir þeirri brtt. nefndarinnar, að launin væru borguð eins í bæjum og sveitum. Þessi breyting vil jeg halda að sje alveg ranglát. Að þetta fyrirkomulag er svo nú, stafar af því, að miklu fleiri yfirsetukonur þarf að tiltölu við fólksfjölda í sveitahjeruðum, og yrði kostnaðurinn því miklu þyngri á þeim en í bæjunum. Það eru sannarlega ekki svo margir gjaldendur í sýslusjóðina fyrir hverja yfirsetukonu. Jeg vil, fyrir mitt leyti, mæla á móti þeirri brtt., og held því fram, að hún sje hreint og beint ósanngjörn.

Það hefði ekkert verið verra, þótt hv. nefnd hefði gert hv. deild það greinilegra, þar sem hún segir, að yfirsetu-

kvennaumdæmi sjeu mjög víða óskipuð í landinu, aðallega vegna lágra launa. Jeg hefði kunnað betur við að sjá, hve víða þetta er svo, og það hefði verið gerð grein fyrir, hvort það væri beint af því, að illa sje launað. Jeg segi þetta blátt áfram, því þarna finst mjer ekki vera gengið vel frá ástæðum nefndarinnar. Mjer er kunnugt um það, að sumstaðar á landinu er alls ekki kvartað undan því, að þær sjeu ekki nógu margar. Jeg segi ekki, að nefndin hafi hjer ekkert fyrir sjer, skýrslu frá landlækni eða eitthvað slíkt, en það væri þó rjettara að taka það fram.

Í sjálfu sjer er engin ósanngirni í því að hafa launin lægri í sveitum en kaupstöðum, þar sem víða eru örfáar barnsfæðingar á ári. Yfirsetukonur geta hjer um bil gert hvað sem er þess vegna, ef þær þurfa ekki að taka á móti nema 4—6 börnum á ári, eins og talið er meðaltal sumstaðar. En mjer finst nefndin ekki hafa gert sjer það nægilega ljóst, að það geta aðrir komið á eftir með hækkunarkröfur fyrir ýmsa launaflokka, sem erfitt yrði þá að taka ekki til greina.

Halldór Steinsson: Það er aðeins athugasemd út af orðum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Hann sagði með mikilli alvöru, að hv. deildarmenn myndu víst ekki hafa áttað sig á, hvað hjer er verið að gera, eins og væri verið að gera eitthvert voðalegt óhæfu-strik, þar sem farið er fram á að breyta launalögunum frá 1919. Jeg verð að segja, að ef launalögin frá 1919 reynast ekki rjettlát að einhverju leyti, þá á ekki frekar að láta þau lög heldur en önnur lög haldast óbreytt. Auðvitað á að laga þær misfellur á lögum, sem síðar koma í ljós. Og þetta á sjer einmitt stað, að því er snertir laun yfirsetukvenna, laun þeirra voru á launalögunum 1919 sett alveg óhæfilega lág. Og með tilliti til þess er ekki nema sjálfsagt að breyta þeim, og hefði átt að vera búið að því fyrir löngu.

Þá fanst mjer ekki laust við, að kendi nokkurra ýkna hjá hv. þm., þegar hann talaði um hækkunina. Hann fjekk út 300%. Mjer er ómögulegt að sjá, hvernig það má verða, — kann að vera af því, að jeg sje ekki eins upplagður reikningsmaður og hv. þm. Eins og jeg vjek að við 1. umr., munu meðallaun vera 300 kr. En eftir frv. hugsa jeg að meðallaun verði um 400 kr. með aukatekjum. Á það bætist svo dýrtíðaruppbót, sem eftir nútímamælikvarða miðast við 300 kr. Meðallaunin fara ekki fram úr 700 kr. Ef þetta er 300% af 300 kr., þá kann jeg ekki að reikna.

Þar sem sami hv. þm. var að tala um barnakennara í þessu sambandi og ýmsa aðra starfsmenn, sem launaðir eru eftir þessum launalögum, þá vil jeg segja það, að hvaða starfsflokkur sem er tekinn, jafnvel barnakennarar í sveit, sem eru mjög lágt launaðir, þá þolir það engan samanburð við laun yfirsetukvenna. Þegar tillit er tekið til þess, að barnakennarar vinna ekki nema 5—6 mánuði ársins, en hafa besta tíma ársins til þess að vinna sjer inn fje við ýmsa atvinnu, þá verða laun þerra áreiðanlega þrefalt hærri árslaun en laun yfirsetukvenna með þessari hækkun. Svo þetta þolir engan samanburð.

Þess vegna held jeg það sjeu ekki nægileg rök hjá hv. þm. Eyf. (EÁ), að það megi ekki rjetta kjör þessara kvenna nú, með tilliti til þess, hvort aðrir starfsmenn verði þá útundan.

Hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) leiddist það

mjög, að hv. frsm. nefndarinnar hafði ekki tekið það fram, hve mörg yfirsetukvennaumdæmi væru óskipuð; og mjer skildist á ræðu hans, að hann teldi engan hörgul á ljósmæðrum. Eftir bestu heimildum, sem jeg hefi, munu óskipuð eitthvað um 20—30 umdæmi á landinu. Og jeg veit af einu læknishjeraði, þar sem eru óskipuð 3 umdæmi. Svo jeg get hugsað, að þetta muni ekki of hátt talið á öllu landinu. Mjer er líka kunnugt um það af eigin reynslu og sönnum sögnum, bæði frá landlækni og fleirum, að það er sífeldur hörgull á ljósmæðrum, enda þótt þær hafi verið 10—12 á ári á skólanum. Þær hafa ekki getað fullnægt þörfinni, af hverju sem það er. Margar hafa alls ekki gefið sig við því starfi, og aðallega vegna þess, að launin, sem stjettin átti við að búa, voru alls ekki viðunandi. Það er ekki glæsileg framtíð, sem blasir við þeim, eins og launin hafa verið hingað til. Þetta mun vafalaust mikil ástæða til þess, að þær að loknu námi fara eitthvað út í veður og vind. En hverju sem það er mest að kenna, þá verðum við að líta á málið eins og það er, að nú er hörgull á ljósmæðrum, við verðum að bæta úr því, en það verður ekki betur gert en með því að bæta að einhverju leyti hin slæmu kjör þeirra.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Það er eins með þetta sem annað, að sitt sýnist hverjum. Það hafa heyrst raddir um það, að nefndin hafi gengið of skamt í að hækka laun yfirsetukvenna, og það hafa heyrst raddir um það, að hún hafi gengið alt of langt. En eins og jeg tók fram áður, hafði nefndin það sjerstaklega fyrir augum, að fara meðalveginn og að stinga upp á, að launin væru sett eins og sanngjarnt er nú sem stendur. Nefndin var öll sammála um, að núverandi launakjör yfirsetukvenna væru alveg óviðunandi. Og jeg skal taka það fram, að nefndin átti tal um þetta mál við landlækni, og kvað hann sjálfsagt, að launin þyrfti að bæta. Einnig skal jeg taka það fram, í tilefni af því, sem hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) sagði, að landlæknir fullyrti, að mörg yfirsetukvennaumdæmi víðsvegar á landinu, væru óskipuð vegna þess, að launin væru svo lág. Konur vildu alls ekki binda sig í hjeraði, fyr en launakjörin yrði bætt. Það eitt, að yfirsetukonur eru of fáar, er ærin ástæða til þess að bæta kjör þeirra svo, að nægur fjöldi velhæfra kvenna fáist til þess að gegna ljósmóðurstörfum, bæði í sveitum og kaupstöðum þessa lands. Jeg ímynda mjer, að hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) viðurkenni, að það sje alveg nausðynlegt, að yfirsetukonur sjeu víðsvegar um landið eftir því sem þurfa þykir. Og jeg ímynda mjer, að þau umdæmi, sem enga hafa, kvarti undan því og geti ekki við það unað.

Nefndin tók það til íhugunar, hvort rjett mundi að ákveða yfirsetukonum eftirlaun frekar en nú er gert. Að öllu athuguðu þótti henni ekki rjett að leggja til, að svo yrði gert fyrst um sinn. Það er eins og tekið hefir verið fram og allir vita, að ef ætti að fara að stofna eftirlaun þarna, þá mundu fleiri á eftir fara. Annað var það, að þótt þetta sje nauðsynlegt starf, þá er þó lærdómurinn vitanlega ekki langur. Enn er það, að nefndin gerði ráð fyrir, að það myndi svo verða framvegis sem hingað til, að minsta kosti í sveitum, að oftast væru það giftar konur, sem ljósmóðurstörfunum gegna, og þá verður vitanlega

starf þeirra að skoðast sem aukastarf; aðal-starfið verður auðvitað við heimilið hjer eftir sem hingað til í hinum fámennu umdæmum. Enn er það vitanlegt, að margar slíkar húsmæður í ljósmóðurstöðu eru ekki svo aumlega staddar, að þær beinlínis þurfi að fá eftirlaun, jafnskjótt og þær hætta ljósmóðurstörfum.

Af því, sem hjer hefir sagt verið, og fleiru, sem til greina gæti komið, gat nefndin ekki fallist á að leggja það til, að eftirlaun yrðu lögákveðin.

Það er talsvert öðru máli að gegna um ljósmæður í kaupstöðum. En þá kemur það til greina, sem heimilað er í yfirsetukvennalögum frá 1912, að þar er ætlast til, eins og reyndar alloft hefir átt sjer stað, að bæjarstjórnir veiti yfirsetukonum, þá er þær láta af starfi sínu, hæfilegan styrk til þess að ljetta þeim ellina. Að láta ljósmæður fara að leggja fje í lífeyrissjóð, eins og sumir hafa haft á orði, vildi nefndin ekki leggja út í. Það hefði tafið tímann um of fyrir þessu frv., og annað það, að launahækkun sú, sem hjer er stungið upp á, er ekki svo mikil, að gerlegt þætti að lögskipa framlag af þeim í lífeyrissjóð. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að mjer þótti rjett að bæta kjör yfirsetukvenna. Um hitt má að mínu áliti deila, hvort nefndinni hefir tekist að þræða hina rjettu leið í þá átt.

Hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) var að tala um það, að með því að bæta kjör yfirsetukvenna væri skapað fordæmi um launabætur til annara, er ríkissjóður launar. Jeg held það sje alveg misskilningur. Það hafa svo oft verið bætt kjör einhverra starfsmanna landsins, án þess að þær bætur hafi skapað nokkuð sjerstakt fordæmi.

Ef slík hræðsla við fordæmi væri alment ríkjandi hjá löggjafarvaldinu, þá gæti það hreint ekkert gert, sem ekki var búið að gera áður.

Þó að þetta frv. verði að lögum, þá skapar það ekkert fordæmi fyrir því, að aðrir starfsmenn ríkisins eigi að fá launaviðbót, og ætti það að geta eytt allri hræðslu háttv. þm. í því efni.

Það, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hafði aðallega á móti brtt. okkar, var að nokkru leyti af sömu hræðslu sprottið og hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) var að tala um. En mótbárur hans sýndust ekki sterkar, enda bjóst hann við, að verða með brtt. okkar til 3. umr., og læt jeg mjer þá byrjun vel líka. En um útreikning hans verð jeg það að segja, að annaðhvort skildi jeg ekki, hvað hann var að fara, eða þá að hann hefir ekki reiknað rjett, og þykir mjer það sennilegra.

Ef gert er ráð fyrir, að í sveitaumdæmi sjeu um 1000 íbúar, þá fá yfirsetukonur, — verði brtt. nefndarinnar samþ. — hæst laun 500 krónur og dýrtíðaruppbót af allri upphæðinni, eftir því sem hún verður í það og það skiftið. Ekki er hægt að vita, hvað dýrtíðaruppbót þessi helst lengi, nje heldur hve há hún verður, þá er stundir líða. Hitt hefir nefndin sýnt fram á, að yfirsetukonur eru ekki ofhaldnar af launum þeim, sem þær fá, þó dýrtíðaruppbót fylgi. Enda leggur starfið haft á frelsi þeirra á þann hátt, að þær mega ekki án sjerstaks leyfis fara út úr umdæmi sínu á meðan þær ekki hafa sagt starfinu lausu.

Það er rjett, sem haldið er fram af þeim báðum, hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), að í litlum og fámennum umdæmum sjeu fæð-

ingar fáar. En það ber alveg að sama brunni með það, hvort yfirsetukonan hefir mikið eða lítið að gera, hún verður jafnt að vera heima í hjeraði sínu fyrir því. Aftur á móti, þegar talað er um eftirlaunin, leit nefndin svo á, þar sem um lítið starf væri að ræða, væri óþarfi að skipa með lögum, að eftirlaun skyldu greidd. Starfið væri svo lítið, að launin væru nægileg fyrir það, enda mundu viðkomandi sveitir og sýslunefndir þá hlaupa undir baggann eins og verið hefði, þegar yfirsetukonur láta af starfi og þurfa styrks við.

Jeg man ekki í svip, hvort fleira hefir komið fram í umr., sem ástæða er til að svara. Mjer hefir skilist, þrátt fyrir andmæli hv. þdm., að þeir sjeu því yfir höfuð hlyntir, að bætt verði að einhverju leyti kjör yfirsetukvenna.

Þó skal jeg taka það fram viðvíkjandi því, sem hv, 1. þm. Eyf. (EÁ) hafði að athuga við 1. gr. frv., eins og við leggjum til að hún verði, að mjer virðast aðfinslur hans ekki á miklum rökum bygðar, þótt segja mætti, að efni þessarar greinar hefði mátt skiftast í 2 gr., þá get jeg ekki sjeð, að því sje ver fyrir komið í einni gr. eins og nefndin leggur til. Aðfinslur hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) eru að þessu leyti á engum rökum bygðar frekar en margt annað í andmælum hans gegn frv.

Þeir, sem ekki geta sætt sig við greinina eins og hún er, verða þá að vera á móti henni, og hafa þá um leið fengið ástæðu til þess að vilja ekki sinna þessu máli.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), og jafnvel fleiri, þóttust finna keim af því, að meiri hl. nefndarinnar ætti heima í bæjum. En þó að svo sje, þarf það ekki að verða til þess, að þeir vilji toga í skækil bæjanna, heldur mætti eins líta á, að brtt. nefndarinnar væru fram bornar til þess að leiðrjetta það misrjetti, sem líklega er áður komið inn í lögin að tilstuðlan sveitaþm. Þessu vildi nefndin kippa í lag og fanst fara vel á að gera það jafnhliða því, sem launakjörin eru bætt.

Jeg geri ráð fyrir því, að þessir hv. þm., við nánari athugun á brtt. nefndarinnar, geti fallist á þær og viðurkenni, að þær sjeu sanngjarnar og í alla staði rjettmætar.

Einar Árnason: Jeg þarf ekki miklu að svara því, sem fram hefir komið í ræðum hv. þdm. síðan að jeg settist niður. Það eru að eins útreikningar mínir, sem valdið hafa einhverjum misskilningi, og virðist þá helst koma fram um þá, að jeg hafi lært reikning á aðra bók heldur en þeir hafa gert, hv. þm. Snæf. (HSteins) og hv. frsm. (GunnÓ). Jeg sje því ekki betur en að jeg verði að taka upp aftur útreikninga mína, svo þetta atriði verði þessum hv. þm. ljósara, því þeim hefir ekki tekist með þeim rökum, sem þeir þóttust bera fram, að sannfæra mig um, að jeg hafi ekki rjett fyrir mjer.

Jeg sagðist hafa athugað lægstu launin, hvað þau gætu komist hæst, en jeg mintist ekki á meðallaun.

Eftir lögum frá 1919 eru lægstu launin 200 kr. og geta hækkað upp í 275 kr., og er sú hækkun miðuð við 25 kr. í hvert sinn í þrjú skifti.

Þá athugaði jeg, hvað lægstu launin geta komist hæst nú. Í brtt. nefndarinnar stendur: „Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur upp í 500 krónur.“ Og í næstu málsgrein á eftir segir svo: „Á

laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins."

Ef dýrtíðaruppbót er reiknuð 60%, sem ekki er hátt áætlað, þá verður hún (af 500 kr.) 300 krónur og geta þá lægstu launin komist upp í 800 krónur á ári samkv. brtt. nefndarinnar.

Þá kem jeg að frv. Þar er gert ráð fyrir, að lægstu laun geti orðið 700 kr. og með 60% dýrtíðaruppbót komast þau þá upp í 1120 krónur. Þegar menn nú athuga, að 275 kr. laun eins og þau eru nú samkv. lögum frá 1919 geta t. d. með því, sem frv. fer fram á, hækkað upp í 1120 krónur, þá er launahækkun orðin yfir 300%.

Það má vera, að það, sem skakkar hjer á milli í útreikningum okkar hv. þm. Snæf. (HSteins), sje það, að hann vildi ekki einhverra orsaka vegna telja dýrtíðaruppbótina laun, en það geri jeg, því hún er jafngóðir peningar og þeir, sem fengnir eru með föstum launum.

Jeg er þess fullviss, að það er ekki hægt með neinum rökum að hnekkja því, að minn útreikningur sje rjettur, svo jeg þarf ekki að dvelja við þetta atriði frekar en orðið er. Og um málið að öðru leyti þarf jeg litlu við að bæta, þangað til að það verður hrakið, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni.

Hv. frsm. sagði, að jeg væri ekki á móti brtt. En þó jeg greiði atkv. með þeim, þá er það af þeirri einföldu ástæðu, að mjer er farið eins og líklega flestum öðrum mönnum, að af tvennu illu kýs jeg það fremur, sem að mínum dómi er þó skárra, þó jeg sje alls ekki ánægður með það. Hinsvegar lofa jeg engu um það, hvort jeg greiði atkv. með frv. út úr deildinni eða ekki.

En því er jeg fylgjandi að greiða dýrtíðaruppbót af þeim launum sem nú eru greidd, samkv. lögum frá 1919.

Guðmundur Ólafsson: Hv. þm. Snæf. (HSteins) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að eins og stendur væri enginn hörgull á yfirsetukonum. En þetta er ekki rjett eftir mjer haft, enda er mjer kunnugt um, að 20—30 umdæmi standa auð, sem engin yfirsetukona er fengin í. Jeg man nú ekki í svip, hvað umdæmin eru mörg (**IP og fleiri:** Þau eru 200). Nú, jæja, eru þau 200. Nefndin er þá búin að kynna sjer það.

Hv. sami þm. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri nóg, ef 12 nemendur sæktu yfirsetukvennaskólann á ári, og hinu sama hjelt landlæknir fram fyrir 2—3 árum, en svo misti hann þær allar út í veður og vind, um leið og þær útskrifuðust úr skólanum. Jeg gat nú ekki skilið, að þær sjeu svo óskynsamar að vita ekki, að hverju þær ganga og á hverju þær eiga von, þegar þær fara í skólann. Vanhöldin stafa af einhverju öðru en því, að þær viti ekki, að hverju er að ganga með launakjörin.

En svo hefi jeg ekki heldur sagt og segi ekki enn, að jeg vilji ekki bæta launakjör þeirra, þó jeg hinsvegar telji, að of langt sje gengið með þeim breytingum, sem nú á að gera.

Þá var það hv. frsm. (GunnÓ) og reipdrátturinn milli kaupstaða og sveita. Hann hjelt því fram, að misrjettið í lögunum væri að tilstuðlan sveitaþm., en reyndi ekki að hrekja það, sem jeg sagði, að misrjettið væri nú stofnað með brtt. nefndarinnar, en í henni ættu sæti menn, sem allir væru búsettir í kaupstað. Það er auðvelt að komast hjá

kjarna málsins, þegar svona rök eru notuð. Þetta vona jeg að aðrir hv. þdm. skilji betur.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Það eru útreikningarnir, sem okkur kemur ekki saman um, hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og mjer. Hann sagði, að eftir uppástungu nefndarinnar yrðu launin um 1000 kr. Mjer skilst, að ef uppástunga okkar nær fram að ganga, þá muni launin verða 500 kr. í umdæmi, sem ekki telur yfir 1000 íbúa. Nú, en geri maður ráð fyrir 60% dýrtíðaruppbót, þá eru það 300 krónur. Eftir þessu geta launin komist hæst upp í 800 krónur í sveitaumdæmum þeim, sem ekki telja nema 1000 íbúa. En eftir frv. eru launin 700 kr. og með 60% dýrtíðaruppbót, sem er 420 kr., verða þau 1120 krónur, svo jeg verð nú að segja, að lækkun nefndarinnar frá frv. sje allveruleg. En þetta vill hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) ekki viðurkenna með neinu móti.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) sagði og beindi til mín að sanna, hverjir hefðu skapað þetta misrjetti milli sveita og kaupstaða, þá skal jeg játa, að mjer var þetta ekkert kappsmál, að kenna það sjerstaklega sveitaþingmönnum. En eins og hann veit, hafa bændur ráðið mestu á þingi, eins og vera ber, og mjer finst gott og blessað, enda sagði jeg ekki þetta um afskifti bænda af þessu máli í þeim tilgangi, að jeg vildi niðra þeim á nokkurn hátt. Þvert á móti er það álit mitt, að þeim löndum sje best borgið, þar sem bændur og aðrir atvinnurekendur ráða mestu um löggjöfina, því fylgir alt af meiri festa og yfirvegun. Bændurnir eru eða eiga að vera aðall þjóðarinnar, og er því ekki ósanngjarnt af þeim að sýna þroska nokkurn í þjóðmálum, þótt reyndin verði önnur á köflum. Hann hjelt því líka fram, hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), að aldrei mundi takast að skifta launum hlutfallslega rjett á milli sveita og kaupstaða. Jeg skal játa, að í einstaka tilfellum geti orðið vandkvæði á því, en þegar til heildarinnar kemur, held jeg, að auðvelt verði að skifta eftir rjettum hlutföllum.

Jeg vil halda því fram, að í anda og sannleika sje það rjettmætt, að ríkissjóður greiði að helmingi laun yfirsetukvenna, og að sama gildi um sveitir og kaupstaði í þeim efnum. Hinsvegar geri jeg þetta ekki að ágreiningsatriði frekar.

ATKVGR.

Brtt. 213, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 9 : 1 atkv.
— 213, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 213, 3. (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 213, 4. (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. þar með orðin: **Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.**

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 11 : 1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 250, 258).

Einar Árnason: Við 2. umr. gerði jeg grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Í samræmi við það hefi jeg leyft mjer ásamt tveimur öðrum hv. þdm. að flytja hjer brtt. á þskj. 258, þess efnis, að

frv. breyttist í þá átt, að yfirsetukonur fái dýrtíðaruppbót úr ríkissjóði á núverandi laun sín frá 1. jan. 1926. Að öðru leyti ætlumst við flutningsmenn till. ekki til, að breytt verði að neinu leyti núgildandi lögum um laun yfirsetukvenna.

Eins og kom fram við 2. umr. málsins, þá geta hæstu lágmarkslaun yfirsetukvenna orðið 275 kr. Með þessari brtt. okkar, ef maður gerir ráð fyrir dýrtíðaruppbót 60%, verða launin 440 kr. Aftur geta hámarkslaun hjá þeim, sem hæst komast, hækkað úr 1000 kr. upp í 1600 kr. með dýrtíðaruppbót. Með þessu eru bætt allverulega launakjör yfirsetukvenna, að borgunin, sem þær fá frá því opinbera, hækki um meira en ⅓. Það sýnist vera all-sæmilegt, þegar á það er litið, að ekki virðist liggja neitt fyrir um það, að hækkað sje hjá öðrum opinberum starfsmönnum þjóðfjelagsins.

Þar sem jeg þekki til, er starf yfirsetukvenna alls ekki mikið í sveitum; og eftir því sem ýms störf í sveitum eru borguð, þá virðist þetta vera vel viðunanlegt.

Í kaupstöðum munu störfin vera allmiklu meiri, en þar eru líka launin hærri, og auk þess hafa yfirsetukonur þar talsverða aukaborgun, sjerstaklega hjer í Reykjavík, þar sem jeg veit ekki betur en að þær taki borgun fyrir að leiðbeina og segja til ljósmæðraefnum.

Eftir þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, þá er það óneitanlegt, að gjöldin til yfirsetukvenna aukast mjög mikið á sýslusjóði. Það mun svara því, að sýslur, sem þurfa nú að greiða um 1500 kr. í ljósmæðralaun, muni eftir frv. þurfa að greiða á 5. þús. Nú er það alkunnugt, að sýslusjóðir hafa ekki úr miklum tekjum að moða, eiginlega engar aðrar tekjur en af því, sem þeir leggja á hreppana. Og á sýslusjóðina hafa nú á undanförnum árum altaf verið lögð ný og ný gjöld. Má þar sjerstaklega tilnefna berklavarnir, sem eru orðnar ákaflega hár liður og tilfinnanlegur fyrir sýslusjóðina; auk þess sem kröfur til sýslusjóðanna frá hreppunum fara altaf vaxandi, sjerstaklega um það, að leggja alt af meira og meira fje fram til ýmissa samgöngubóta.

Af þeirri ástæðu, að við flm. þessarar till. teljum naumast fært að auka nú enn mikið útgjöld sýslusjóða í þessu skyni, þá höfum við lagt til, að þessi dýrtíðaruppbót verði greidd úr ríkissjóði.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, að svo komnu máli, að tala meira um þetta. Málið var nokkuð rætt við 2. umr., og þá tók jeg fram afstöðu mína til þess.

Guðmundur Ólafsson: Jeg talaði dálítið í þessu máli við 2. umr. og ljet þá í ljós, að mjer þætti launin áætluð fullhá, eins og nefndin leggur til, enda þótt hún hafi lækkað þau frá frv. En það er ef til vill enn athugaverðari sú breyting nefndarinnar á greiðslu launanna, að sleppa kaupstöðunum við að borga kostnaðinn nema að hálfu, eins og sveitirnar hafa borgað. Jeg færði rök fyrir því, sem ekki hefir enn verið reynt að hrekja, að með því yrði launagreiðslan miklu þyngri á sýslum en kaupstöðum, vegna þess, hve þær þurfa að borga mörgum yfirsetukonum að tiltölu við fólksfjölda, enda þótt launin sjeu þar lægri. Mjer fanst nú ekki álitlegt um framgang brtt. um þetta atriði, og fyrir það varð jeg of seinn fyrir með hana. Þá hugsaði jeg, að rjett væri þó að vita,

hvað hv. deild vildi gera við brtt. um þetta atriði, og kem þess vegna með skriflega brtt. og vil mælast til, að hæstv. forseti beri hana undir hv. deild, hvort hún vill taka hana til greina, til þess að kippa þessum agnúa af, sem frá mínu sjónarmiði er, auk óþarflega mikillar launahækkunar, einna tilfinnanlegastur á frv. eins og það er.

Eggert Pálsson: Jeg hefi nú undanfarið setið hjá og hlustað á mál manna viðvíkjandi frv., sem hjer um ræðir, og aðeins greitt atkv. um það. Býst jeg við, að hv. þdm. hafi getað sjeð á atkvgr., hvar jeg stend í þessu máli. En nú víkur málinu þannig við, að jeg hefi ásamt tveimur hv. þdm. komið með brtt. við frv., og hana allverulega, og þá þykist jeg ekki geta setið hjá lengur.

Það, sem mig furðar mest á viðvíkjandi þessu máli, er það, hversu mjer virðist fylgismenn þessa frv. og hv. nefnd hafa litið einhliða á málið. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki skjóta ásökuninni til hv. flm. (HSteins). Hann er eins og stendur eini læknirinn á þingi, og má því skoðast sem fulltrúi læknastjettarinnar og yfirsetukvenna, sem svo margt hafa sameiginlegt. Það er því ekki nema eðlilegt, þegar hann sem flm. og fulltrúi þessara tveggja stjetta hefir tekið málið að sjer, að hann reyni að stíga svo stórt spor, sem hann taldi sjer fært. Þessvegna er fjarri því, að jeg vilji átelja hann á nokkurn hátt fyrir það, þó að hann haldi fast við það, sem hann hefir borið fram í máli þessu.

Aftur á móti er öðru máli að gegna um hv. fjhn. (**GunnÓ:** Má hún þá ekki hafa sína skoðun?). Enginn neitar henni um það, en hitt er heimtað, að hún líti með sömu sanngirni á báðar hliðar. En það hefir hún ekki gert að því leyti, er til sýslusjóðanna kemur, eins og mjer mun reynast auðvelt að sanna.

Eins og frv. er orðað, kemur fram ljettir til stórra muna um gjöld bæjarsjóða frá því, sem nú er, en að sama skapi er hlaðið þungri gjaldaukabyrði á sýslusjóði. Í sambandi við þetta fjellu orð um það, hverng hv. fjhn. væri skipuð, og að sýslurnar mundu eiga þar formælendur fá. Enda er því ekki að neita, að útkoman er næsta kynleg eftir frágangi nefndarinnar á málinu: stórmikill ljettir fyrir bæjarsjóði, en margfaldur gjaldauki fyrir sýslusjóði.

Til þess nú að sanna betur, að jeg fer ekki hjer með staðlausa stafi eða marklaust fleipur, ætla jeg að koma með glögt dæmi.

Í mínu prófastsdæmi er bæði bæjarsjóður (Vestmannaeyja) og sýslusjóður (Rangárvallasýslu). Árið 1924 var mannfjöldi Vestmannaeyja 2841, en í Rangárvallasýslu 3752. Nú býst jeg við, að ekki líði á löngu þangað til Vestmannaeyjar verða jafn-fólksmargar og Rangárvallasýsla, því bærinn er í miklum uppgangi, og mundi þó mega komast þar af með 3 yfirsetukonur, en í Rangárvallasýslu væri ekki að tala um að fækka þeim frá því, sem þær eru nú. Þar er ein í hverjum hrepp nema Ásahrepp, sem er bæði víðáttumikill og skorinn sundur af vötnum, þar eru tvær yfirsetukonur, en í sýslunni allri eru þær 11.

Eftir því, sem lögin nú ákveða, næmu lægstu laun 3 yfirsetukvenna í Vestmannaeyjum samtals 1200 kr. eða nánar tiltekið 1170 kr., en með hæstu launum næmi upphæð bæjarsjóðs um 1400

krónum, eða nánar tiltekið 1395 kr. Í Rangárvallasýslu er útkoman sú, að með lögum nú þurfa 11 yfirsetukonur með ½ launum úr sýslusjóði 1100 krónur, en hæstu laun, greidd að ½ úr sýslusjóði, yrðu 1512,50. En eftir frv. verða greiðslur launanna á þessa leið: Af lægstu launum greiddi bæjarstjóður Vestmannaeyja 3 yfirsetukonum um 600 kr. eða nánara til tekið 585 kr., en af hæstu launum um 900 kr., eða nánar tiltekið 865 kr. Í Rangárvallasýslu yrði sýslusjóður að greiða 11 yfirsetukonum, sem væru í lægsta launaflokki, 1650 krónur, en af hæstu launum 2750 krónur.

Hjer sjá menn því, að skakkar æði miklu, þar sem gjöld sýslusjóðsins eru þrefalt hærri en bæjarsjóði Vestmannaeyja er gert að skyldu að greiða samkvæmt frv.

Af þessu yfirliti geta menn sjeð, hve afskaplega þungur baggi er bundinn sýslusjóðunum, verði frv. að lögum í því formi, sem það er nú. Vitanlega væri ekkert um þetta að segja, ef bak sýslusjóðanna væri svo breitt, að það gæti borið slíka byrði. En svo er ekki, enda hvíla nú á sýslusjóðum stórfeld útgjöld, sem Alþingi hefir velt yfir á þá síðustu árin, eins og t. d. berklavarnakostnaðurinn, sem kemur vitanlega engu ljettar niður á sýslusjóðum en bæjarsjóðum. Auk þess hagar víða svo til, að sýslusjóðir hafa þungan bagga að bera, þar sem eru langar og kostnaðarsamar vegalagningar. Og hvað Rangárvallasýslu snertir, þá hafa vegagerðir hennar orðið sýslusjóði sjerstaklega kostnaðarsamar.

Hins vegar má benda á það, eins og raunar allir vita, að fólkinu fer fækkandi í sveitunum og þyrpist til bæjanna, en eftir því verður búskapurinn erfiðari hjá þeim fáu, sem ekki vilja flýja sveitirnar. En eftir því sem bændunum verður örðugra um vik, bila smátt og smátt þær máttarstoðir, sem afkoma sýslusjóðanna byggist á.

Því hefir nú verið haldið fram, að tvær aðalástæður lægju til þess, að nauðsyn beri til að hækka laun yfirsetukvenna. Í fyrsta lagi sjeu launin svo lág, og í öðru lagi, að umdæmin standi auð árum saman, vegna þess að engin ljósmóðir fáist til að taka starfið að sjer.

Nú skal ekki neita því, að launin sjeu lág, en svo er líka um fleiri störf, að þau eru lágt launuð, t. d. eru það ekki neinar stórupphæðir, sem oddvitar og hreppstjórar fá fyrir starfa sinn, og vita þó allir, að störf þeirra eru talsvert umfangsmikil, og margur dagurinn, sem fer hjá þeim fyrir lítið.

Það er nú einu sinni venja hjer í landi, að launin sjeu lág, þar sem um lítið verksvið er að ræða. Og hvað yfirsetukonur til sveita snertir, þá getur verksvið þeirra, að minsta kosti sumstaðar, talist fremur lítið, eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) benti á, þar sem algengt er, að ekki fæðist í yfirsetukonuumdæmi nema 8—10 börn á ári. Þar sem ekki er um fleiri fæðingar að ræða, getur yfirsetukonustarfið aldrei orðið aðalstarf. Ljósmóðirin hlýtur þá að gegna húsmóðurstörfum á heimili sínu, eða sje hún lausakona, þá verður hún að gefa sig að einhverju öðru sómasamlegu starfi. Gæfi hún sig eingöngu að þessu litla ljósmóðurstarfi, mundi hún veslast upp eða deyja úr iðjuleysi og leiðindum.

En starfsvið ljósmæðra til sveita mætti stækka með því að gera þær jafnhliða að hjúkrunarkonum, og þá væri sjálfsagt að auka launin um leið. Það er áreiðanlegt, að það mundi margborga sig fyrir sveitirnar. Eftir því sem fólk-

inu fækkar þar, aukast örðugleikar heimilanna við að stunda veika menn, og þörfin því meiri að hafa lærða hjúkrunarkonu, sem ljetti undir með heimilunum í því efni, enda minkar að sama skapi ljósmóðurstarfið, eftir því sem fólkinu fækkar.

Mjer hefði fundist vel við eiga, að um leið og hækkuð væru laun ljósmæðra, þá væri gripið tækifærið og þessi tvö störf sameinuð: ljósmóður- og hjúkrunarstarfið, því að mjer getur ekki annað skilist en að hjer sje um tvö náskyld störf að ræða, sem hljóti að fara vel í höndum sömu konu, sem leggur stund á þau. Að vísu hefir hv. flm. (HSteins) ekki talað fyrir slíkri sameiningu, en hann hefir heldur ekki lagst á móti henni. Hinsvegar hafa sumir haldið því fram, að störf þessi væru ekki samrýmanleg vegna smitunarhættu, og byggja það á því, að ljósmóðir, sem sjúklingi hjúkrar, geti smitað sængurkonu, er hún stundar jafnhliða. En jeg á bágt með að skilja, að slíkar skoðanir sjeu á rökum bygðar. Því að væri það tilfellið, skilst mjer, að aldrei væri áhættulaust að sækja lækni til sængurkonu. Þeir komast þó ekki hjá því að stunda sjúklinga sína jafnhliða, og komist hann hjá því að smita sængurkonu, sem hann verður oft að fara höndum um, þá hlýtur hið sama að gilda um ljósmóður, ef hún á annað borð er þrifin og gætir sömu varúðarreglna og læknirinn. En þá eiginlegleika verður vitanlega hver ljósmóðir að hafa.

Jeg verð því að álíta, að sameining þessara tveggja starfa sje ekki aðeins hættulaus í alla staði, heldur hreint og beint sjálfsagt, að hún komist á, og eins og jeg tók fram áðan, virðist einmitt hentugt tækifæri nú, þar sem liggur fyrir dyrum að hækka ljósmæðralaunin, og ekki síður fyrir það, að hækkunin er jafnmikil og frv. fer fram á.

Hin ástæðan fyrir því að hækka launin, af því að yfirsetukonur fáist ekki í umdæmin, vegna þess hve launin eru nú lág, held jeg að hafi við lítil rök að styðjast, enda er reynsla mín sú, að þrátt fyrir þessi laun hafa í þau umdæmi, sem jeg þekki til, fengist miklu fleiri ljósmæður en þörf hefir verið á, og dæmi þekki jeg þess, að rifist hefir verið um þennan bita, og voru það þó lægstu launin, sem um var að gera. Svona er nú ástandið, þar sem jeg þekki til, þar fá færri en vilja þetta hnossgæti. Hinu er jeg ekki að bera á móti, að verið geti, að mörg umdæmin standi auð sem stendur. En fyrir það er ekki synt með hækkun launanna. Það er nú einu sinni svo með fólkið, að það tollir ekki nema þar sem það kann við sig. Þess vegna hjálpa launin ekkert til í því efni. Fyrsta skilyrðið er, að menn uni sjer þar sem þeir eru komnir. Við höfum mörg dæmi þessa frá læknastjettinni. Læknar sækja burtu úr hjeruðum, af því að þeir una þar ekki hag sínum, a. m. k. stundum. Læknahjeruðin, jafnvel þau, sem ekki eru lakast launuð, standa auð árum saman, af því að enginn vill líta við þeim, þykir þau vera afskekt og leiðinlegt þar að vera.

Jeg verð nú að segja það, að jeg hefði álitið rjettara að bíða enn um nokkur ár með að hækka launin og taka þá þetta mál til alvarlegrar athugunar á meðan og reyna um leið að koma því svo fyrir, að báðir málsaðilar mættu sem best við una. Og jeg er ekki í neinum vafa um, að heppilegasta lausnin væri sú, að hækkun launanna miðaðist við það, að þessi tvö störf, ljósmóður- og hjúkrun-

arstarfið, væru sameinuð. Yrði af slíku, er jeg þess fullviss, að sýslusjóðirnir teldu ekki eftir sjer að greiða þessi laun, sem þá mundu ekki verða talin há, en eins og sakir standa, virðast ekki vera á neinum rökum bygð. Jeg er heldur ekki í neinum vafa um það, að áður en langt um líður hlýtur að því að reka, að hjúkrunarkona verði að vera í hverjum hreppi, og mundi þá varla fært að ákveða þeim lægri laun en ljósmæðrunum eru ætluð í frv. En af því mundi leiða, ef borgað yrði fyrir bæði þessi störf í tvennu lagi, að þyngdist fyrir fæti hjá sýslusjóðunum

Af þessum ástæðum, sem jeg hefi nú talið, verð jeg að líta svo á, að enginn skaði væri skeður, þó að hrapað yrði ekki að þessari hækkun á launum yfirsetukvenna nú að þessu sinni. Eins og kunnugt er, hefir endurskoðun á launalöggjöf landsins verið skotið á frest til 1928, með því að framlengja til þess tíma lögin um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. Virðist því alt mæla með því, að sama væri látið gilda um yfirsetukonur og aðra starfsmenn ríkisins. Enda er hætt við, eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) benti á, að ef ein stjett er tekin út úr og laun hennar hækkuð upp úr öllu valdi, þá mun það auka óánægju hjá öðrum, er ekki áttu síður kröfu á hækkun, og gæti þá leitt að því, að á næsta ári kæmu aðrir, sem líka yrði að bænheyra, og svo koll af kolli, þangað til sá glundroði væri kominn á um launalöggjöf okkar, sem lítt væri unandi við.

En sú braut, sem við viljum með brtt. okkar á þskj. 258 beina málinu inn á, er að mínu viti langheppilegasta lausnin, því þar er fært í lag misrjetti, sem yfirsetukonur hafa orðið við að búa fram að þessu. Við leggjum sem sje til, að þær njóti dýrtíðaruppbótar á launum sínum eftir sömu reglum og gildir um aðra starfsmenn ríkins. Brtt. okkar gæti því á engan hátt skapað óánægju hjá öðrum starfsmönnum ríkisins.

Þá hefir því og verið haldið fram, að ljósmæðralaunin þyrftu að hækka vegna þess, að námið væri svo dýrt og kostnaðarsamt. En sú ástæða er hvorki fullnægjandi nje frambærileg. Því væri nú svo, að námið kostaði jafnmikið og af er látið, þá væri skakt að hverfa að því ráði að hækka launin, heldur væri miklu fremur ástæða til þess að ljetta undir námið, með því að ríkissjóður ljeti meira af mörkum en verið hefir.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti skildi svo 5. lið 1. gr. frv., að það væri tilætlunin, að dýrtíðaruppbótin greiddist öll úr ríkissjóði, því þar segir svo: „Á laun þessi er greidd dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins.“

Hinsvegar skal jeg játa, að þetta er engan veginn ljóslega orðað, því að segja mætti, að dýrtíðaruppbótin greiddist eftir sömu reglu og gildir um starfsmenn ríkisins, þó að helmingur hennar væri goldinn af bæjar eða sýslusjóðum, en hinn helmingurinn úr ríkissjóði. En því minnist jeg á þetta, að útreikningur minn, sá er jeg kom með áðan, byggist á þeim skilningi mínum, að dýrtíðaruppbótin öll sje greidd úr ríkissjóði. Ætti nú dýrtíðaruppbótin að skiftast til helminga á milli sýslusjóða og ríkissjóðs, þá liggur í augum uppi, að baggi sýslusjóðanna hlýtur að vaxa til stórra muna og verða afskaplega tilfinnanleg byrði fyrir þá.

Að endingu vil jeg þá taka þetta fram: Verði frv. þetta samþ. eins og það liggur

nú fyrir, þá er áreiðanlegt, að upp mun rísa óánægja um allar sveitir landsins út af þessum bagga, sem lagður er á bak sýslnanna. Og slíkar óánægju-raddir munu verða það magnaðar og láta til sín heyra, að erfitt mun reynast að kæfa þær. Þess vegna ræð jeg hv. deild til þess að fallast á brtt. okkar á þskj. 258, því eins og málið horfir við, er þar með fengin besta og heppilegasta lausnin.

Frsm. (Gunnar Ólafsson) Þeir hafa nú allir, þessir hv. flm. sem standa að brtt. á þskj. 258, stutt þá skoðun, sem þar kemur fram, með ræðum sínum, og sumir jafnvel farið lengra en brtt. gefur tilefni til.

Eins og hv. þdm. vita, þá er ein aðalorsök þess, að frv. þetta er fram borið, vöntun sú, sem er á ljósmæðrum í allmörgum sveitaumdæmum. Það hefir nú verið upplýst og enginn dregið það í efa, að ljósmæður vantar í um 20—30 umdæmi víðsvegar á landinu. Samhliða hefir og verið upplýst, og því heldur ekki neitað, að aðalorsökin til þessarar vöntunar muni vera sú, að launin sjeu fram úr hófi lág. Með þetta fyrir augum ætla jeg að frv. sje fram borið, auk þess, sem margir eru þeirrar skoðunar, að laun ljósmæðra sjeu alt of lág, samanborið við laun annara manna, sem opinberum störfum gegna. Tveir flm. brtt., hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), hafa tekið ljett á þessu og lítið farið í ræðum sínum út fyrir það, sem brtt. gefur tilefni til. Aftur á móti hefir þriðji flm., hv. 1. þm. Rang. (EP), gert aðfinslur sínar að alllöngu máli og laumað inn í það mörgu, sem ekki sýnist eiga heima á þessu stigi málsins. Það, sem jeg sjerstaklega hjó fyrst eftir í ræðu hans, var það, að hann hrósaði flm. frv., hv. þm. Snæf. (HSteins), en hinsvegar áfeldist hann fjhn., sem um málið fjallaði, og aðallega fyrir það, að mjer skildist, að nefndin er á sama máli um ýms atriði frv. eins og hv. flm. þess. Nú vildi jeg spyrja hv. 1. þm. Rang. (EP), hvort það sje ekki sanngjarnt, að nefndinni sje líka hrósað, þar sem hún er að mestu leyti sömu skoðunar og flm. frv.? Brtt. hennar voru allar í anda upphaflega frv. og fóru í þá átt að bæta launakjör yfirsetukvenna.

Hann kvartaði mikið yfir því, og það máske ekki að ástæðulausu, að með frv. væri lagður þungur skattur á sýslusjóðina. Það er að vísu rjett, — jeg ætla ekki að bera á móti því. En spurningin er þá þessi: Verður hjá þessum kostnaðarauka komist? Vilji konur ekki læra vegna þess, að þeim þykir ekki til þess vinnandi, af því að launin sjeu svo lág, verður ekki hjá því komist að breyta til, því ekki geta sveitirnar verið ljósmóðurlausar frekar en áður; þær verða væntanlega jafnnauðsynlegar hjer eftir sem hingað til. Hitt er vitanlegt, að ljetta mætti á sýslusjóðunum með því að láta ríkissjóð greiða öll yfirsetukvennalaunin. En hv. 1. þm. Rang. (EP) hefir ekki farið fram á það, enda er jeg hræddur um, að brtt. þess efnis ætti örðugt uppdráttar, eins og nú standa sakir. Óánægja hv. 1. þm. Rangæinga og fleiri hv. þm., út af brtt. nefndarinnar og frv. yfirleitt er sprottin af umhyggju fyrir sýslusjóðum, og er það út af fyrir sig ekki ámælis vert. En hjá þessum kostnaði verður ekki komist, ef hjer skal bót á ráðin. Það er í alla staði rjett, að ríkissjóður greiði launin að hálfu á móti kaupstöðum og sýslusjóðum, og þó að þessir hv. þm. tali um það, að sveitirnar verði

harðara úti hlutfallslega, þá er ekki öðru að svara en því, að sveitirnar geta ekki án ljósmæðra verið og verða því að taka á sig þau gjöld, sem af því leiðir. Eins og stendur greiða bæirnir launin að öllu leyti, en það er ósanngjarnt, úr því að sýslurnar sleppa með að greiða aðeins helminginn. Fyrir nefndinni vakti ekkert annað en að leiðrjetta það misrjetti, sem kaupstaðirnir hafa verið beittir. Því hefir nú verið kastað fram hvað eftir annað, að brtt. nefndarinnar væri framborin vegna okkar kaupstaðarbúa, sem í nefndinni eigum sæti. En fyrir nefndarinnar hönd vísa jeg slíkum aðdróttunum á bug sem algerlega ómaklegum og óviðeigandi.

Háttv. 1. þm. Rang. talaði um það, að laun yfirsetukvenna í sveitum væru of há í samanburði við laun oddvita og þesshättar manna. Jeg skal játa, að mjer er ekki vel kunnugt um laun oddvita sumstaðar, en mjer er kunnugt um það, að í sumum sveitum hafa þeir 4% af innheimtum sveitargjöldum, og þar sem því er svo farið, fá þeir eigi minni laun en yfirsetukonur. Það má vitanlega segja, að það sje meira starf, sem oddvitar vinna, en það er aftur á móti vandasamara starf, sem yfirsetukonur inna af hendi, og ætti það því að vera betur launað. Mig furðaði á því, að hv. 1. þm. Rang. ljet í ljósi, að nefndin hefði viljað íþyngja sveitunum með þessu. Eins og jeg hefi áður tekið fram er þetta gersamlega ástæðulaust. Nefndin sá, að hjer var um aukin útgjöld að ræða fyrir sýslurnar, en hún áleit, að hjá þeim kostnaði yrði eigi komist, ef bæta ætti úr hinum mikla núverandi skorti á ljósmæðrum, nema því aðeins að einhver vildi leggja það til, að ríkið greiði að öllu leyti laun þeirra í sveitum. Hvað snertr till. háttv. þm. A.-Húnv., þá hefi jeg ekki haft tíma til að bera mig saman við hv. samnefndarmenn mína um hana. En jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að þó að jeg sje með því, að ríkið greiði að hálfu laun yfirsetukvenna í bæjum, þá geri jeg það eigi að svo miklu kappsmáli, að jeg vilji með því hindra, að frv. þetta nái fram að ganga og að kjör yfirsetukvenna verði bætt.

Það var víst margt fleira, sem háttv. þm. sögðu, en jeg held ekki, að það hafi gefið sjerstakt tilefni til frekari umræðu.

Einhver hv. þm. mintist á það, að yfirsetukonur í sveitum ættu um leið að vera hjúkrunarkonur. Jeg skal viðurkenna, að það væri mjög heppilegt, ef það gæti farið saman, en jeg skal um leið taka það fram, að nefndin átti tal um þetta við landlækni, og setti hann þvert nei fyrir, að slíkt geti farið saman. Nefndin sá sjer ekki annað fært í þessu efni en hlíta hans ráðum. Um launakjörin sagði hann eins og tekið er fram í nál., að hann áliti hina mestu þörf á, að þau yrðu bætt, og það hefir nefndin með till. sínum viljað leitast við að gera. Í hinu upphaflega frv. var gert ráð fyrir meiri launahækkun en nefndin gat fallist á. Nefndin vildi fara meðalveginn og finna út þau launakjör, sem allir aðiljar gætu, eftir atvikum, unað við fyrst um sinn. Háttv. deild hefir, að undanteknum 3 hv. þm., viðurkent, að nefndin hafi einmitt hitt á sæmilega leið í þessu máli.

Jeg man ekki eftir, að fleiri hv. þm. hafi hreyft andmælum en þeir 3, er bera fram brtt. á þskj. 258. Jeg verð að taka það fram, að öll ámæli háttv. þm. Rang. í garð nefndarinnar eru með

öllu órjettmæt að mínu álíti. Nefndin hefir reynt að skipa þessu máli svo, að allir aðiljar mættu sem best við una. Það er rjett, sem háttv. 1. þm. Rang. sagði, að sýslusjóðirnir stynja undir þungri gjaldabyrði, en jeg vil benda honum á það, að það eru engu síður bæjarfjelögin, sem stynja undir gjaldabyrði sinni, og þau hafa að ýmsu leyti þyngri byrðar að bera en sveitirnar, þó að þær berji sjer svo mjög eins og títt er í mörgum tilfellum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir á þskj. 250, fer fram á allmikla hækkun á launum yfirsetukvenna. Jeg hygg, að meðallaun þeirra sjeu nú um 250 krónur. Jeg hefi ekki aðgætt þetta nákvæmlega, en það getur ekki skakkað miklu. Það má vel vera, að þessi laun sjeu of lág og að þar af stafi nú einhver skortur á yfirsetukonum. En þá er að líta á hitt, hvort sú breyting, sem frv. fer fram á, felur í sjer eðlilega launalækkun, og hvort hún muni auka eftirspurnina eftir þessum stöðum. Jeg geri ráð fyrir því, að það sje meiningin með frv., þó að það sje ekki tekið fram, að láta yfirsetukonur njóta aldursuppbótar fyrir þann tíma, er þær hafa starfað, þegar lög þessi ganga í gildi. Þá má gera ráð fyrir því, að svo mikill fjöldi yfirsetukvenna sje búinn að starfa lengi, að það samsvari því, að þær hefðu allar starfað í 8 ár. Þá er að athuga, hve há meðallaun þeirra mundu verða. Jeg ímynda mjer, að grunnlaunin mundu verða 400—450 krónur að meðaltali, auðvitað yrðu margar fyrir ofan þetta aldurstakmark, en nokkrar yngri fyrir neðan. Með núverandi dýrtíðaruppbót yrðu þá meðallaunin um 750 krónur. Mjer finst nú, að þegar á að hækka laun einhvers, enda þótt full þörf sje á hækkun, þá sje það ekki endilega nauðssynlegt að margfalda hin fyrri laun með 3, enda fyr viðunandi. Mjer finst það ekki hafa verið nægilega athugað, að svona stórt stökk er mjög varhugavert, enda verður ekkert samræmi milli slíks og þeirra launa, sem nú eru greidd fyrir önnur störf í sveitum, svo sem oddvita- og hreppstjórastörf.

Það hefir verið rjettilega tekið fram, að þessi hækkun mundi auka mjög útgjöld sýslusjóða, en jeg vil bæta því við, að eftir frv. er enginn efi á því, að sýslusjóðirnir yrðu skyldir að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta launanna. Jeg held, að það sje ótvírætt, þar sem beint er tekið fram í frv., að öll laun yfirsetukvenna skuli goldin að hálfu úr sýslu- og bæjarsjóðum og að hálfu úr ríkissjóði. Þetta held jeg að sje ómögulegt að skilja öðruvísi en svo, að sýslusjóðirnir eigi að greiða dýrtíðaruppbótina að sínu leyti. Hitt, að menn fái laun sín og dýrtíðaruppbót sitt úr hverri áttinni, væri heldur eigi í samræmi við þá reglu, sem gildir um starfsmenn ríkisins. Slíkt er aðeins til í einu tilfelli, að því er snertir barnakennara, og var sú undantekning gerð með sjerstöku lagaboði. Þetta gæti auðvitað orðið dómstólamál, en það virðist engin ástæða til að gera lagasmíðina þannig úr garði, að til slíks þurfi að koma.

Þá liggur fyrir brtt. á þskj. 258, frá þrem hv. þm., þar sem farið er fram á, að yfirsetukonur njóti, auk núverandi launa einna, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn ríkisins. Það er nú svo með þessa till., að hún er líka ef til vill tvíræð. Frv. segir, að á launin skuli greiðast dýrtíðaruppbót,

en segir ekki, hvaðan hún eigi að greiðast, en þó er gefið í skyn, að hún skuli greidd af þeim aðiljum, sem skifta launagreiðslunni á milli sín. En till. segir, að yfirsetukonum skuli greidd dýrtíðaruppbót úr ríkssjóði, sem öðrum starfsmönnum þess. Nýjustu lögin um laun yfirsetukvenna voru sett 1919, sama ár og hin almennu launalög. Þá var ákveðin *dýrtíðaruppbót* á laun opinberra starfsmanna, en laun yfirsetukvenna urðu útundan, sennilega viljandi. Mjer finst ekki ástæða til að kippa sjer upp við það, þó að ríkið eigi að greiða dýrtíðaruppbót á laun yfirsetukvenna að sínum hluta, en jeg veit ekki nema það sje tilgangur flm., að það greiði hana að öllu leyti. En þar sem það stendur ekki ljóst í tillögunni, verður hún ekki skilin á aðra leið en jeg hefi sagt. Ef það er rjett, að meðallaun sjeu 250 krónur, þá er hluti ríkisins 125 krónur, og dýrtíðaruppbót á það mundi nema um 75 krónum. Það væri þá sú launahækkun, sem hjer væri um að ræða, tæpur ⅓ hluti af núverandi launum. Og getur maður ekki annað sagt, svona alment tekið, en að það væri ekki óviðeigandi úrlausn að fá ⅓ hluta bætt við þau laun, sem áður hafa verið goldin, en þó er ekki þar með sagt, að það sje að þessu sinni nóg eða hæfileg hækkun.

Jónas Jónsson: Jeg ætla ekki að segja mikið, enda gerist þess eigi þörf, því að það hefir verið vel á spilunum haldið frá stuðningsmannanna hálfu. En jeg vildi segja fáein orð um þá sálarlegu undirstöðu, sem sá andi byggist á, er í móti blæs þessari rjettarbót og öðrum slíkum. Það sýnir ljóslega, hve þessi eina stjett hefir verið höfð útundan, að um 30 umdæmi, víðsvegar um landið, eru nú ljósmóðurlaus. Það var gott, að hæstv. ráðherra (JÞ) mintist á launalögin frá 1919 í sambandi við laun yfirsetukvenna og annara. En það var ástæðan til þess, að launamismunurinn varð svo mikill, að þingið ljet kúga sig af öðrum stjettum, en yfirsetukonur fengu aðeins örlitla hækkun. Á bak við stóðu föst samtök, sem þingið gat ekki rönd við reist, en yfirsetukonur höfðu engin samtök, enda urðu þær útundan. Jeg vil skjóta því til hv. deildar, að nú er mikið rætt í blöðunum um byltingar, og hjer er talað um, að menn geti átt von á slíku, bæði frá „organiseruðum“, launuðum starfsmönnum atvinnuveganna og ríkisins. Það er kvartað um, að ástandið sje slæmt og launin of lág. Það virðist næstum, að stefna hæstv. ráðherra (JÞ) sje sú að láta yfirsetukonur gjalda þess, að þær eru eina stjettin, sem ekki hefir sett sig í varnarstöðu gegn þjóðfjelaginu. En væntanlega er hæstv. ráðh. (JÞ) ekki nógu lítill stjórnmálamaður til þess, að hann láti það sannast, að hann gefi aldrei eftir nema fyrir hótun. Það hefir verið tekið fram af hv. frsm., að kaupgjald við algenga vinnu, svo sem fiskvinnu og þesshátar, er svo hátt, að það er af þeim ástæðum ómögulegt að fá kvenfólk í sveit yfirleitt eða til að gerast yfirsetukonur. Þá hefir og verið hert á kröfunum, sem gerðar eru til ljósmæðra, og námstíminn lengdur, og það hefir sína þýðingu, vegna þess hve dýrt er að lifa hjer við nám, þó að þær njóti nokkurs styrks. Jeg skal taka það fram, að mjer fanst háttv. 1. þm. Rang. (EP) ekki hafa nægan skilning á því, að þegar gerðar eru miklar kröfur til yfirsetukvenna, þá mega laun þeirra eigi

vera lægri en þau laun, sem hægt er að fá konur til við hlaupavinnu alveg undirbúningslaust. Jeg ætla ekki að taka ómakið af háttv. flm. (HSteins) að svara því, hvort tiltækilegt sje að láta yfirsetukonur vera um leið hjúkrunarkonur, en jeg skal geta þess, að þetta hafði komið til tals í nefndinni, og hún leitaði álits landlæknis á því, og áleit hann, að það væri ógerningur að sameina slík störf. Taldi hann aðalástæðuna smitunarhættu, sem um gæti verið að ræða, ef ljósmóðir þyrfti t. d. fljótlega að yfirgefa sjúkling með næmum sjúkdóm, til þess að gegna ljósmóðurstörfum. Hinsvegar er nauðsynlegt í strjálbýlum hjeruðum að sameina störfin eftir því, sem við verður komið, og mætti víða færa umdæmin saman. Jeg vil benda hv. 1. þm. Rang. (EP) á það, að það væri rjettari lausn á málinu. Við það væri það unnið, að meiri von væri um að fá dugandi yfirsetukonur, enda væri þá í sjálfsvald sett að hafa þær eigi fleiri en minst er hægt að komast af með.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla að minnast örfáum orðum á þetta mál frá einni hlið, sem ekki hefir verið rædd hjer. En það er sú hlið, sem að þjóðfjelaginu snýr. Það skiftir miklu máli fyrir þjóðfjelagið að hafa sem bestar yfirsetukonur og að ekki sjeu mörg umdæmi óskipuð. En eins og jeg drap á við 2. umræðu um þetta mál hjer á dögunum, þá vantar yfirsetukonur í sum umdæmin, og er hreinasta hneyksli, að slíkt skuli geta átt sjer stað. En af hverju stafar þetta? Af því að starfið er svo illa borgað, að það er ómögulegt að fá duglega konu í það. En það er hvergi meiri þörf en hjer að eiga völ á duglegum og vel mentuðum yfirsetukonum. Læknafæðin gerir það að verkum hjer, að oft er örðugt að ná til lækna, en það er nú svo með yfirsetukonur, að það er ekki aðeins, að þær hjálpi konum í barnsnauð, heldur bera þær og öðrum fremur skyn á ýms önnur læknisfræðileg efni og hjálpa oft á þessum sviðum, þegar ekki næst til læknis. Jeg álít, að ekki megi hugsa um, þó að hækkunin sje nokkuð mikil, tvöföld, þreföld eða fjórföld, undirstöðulaunin geta verið svo lág, að það sje rjett. Hvað eiga nú yfirsetukonur að fá í laun eftir þessu frv.? 300 kr. á ári, hækkandi 3ja hvert ár um 50 kr. upp í 500 kr., svo og dýrtíðaruppbót. Hún verður um 60%, svo launin verða þá samtals 800 kr. Er það ofmikið að bjóða slíkt konu, sem hefir lagt á sig töluvert nám og á að leysa af hendi þýðingarmikið starf? Jeg fæ ekki sjeð, að launin megi minni vera en farið er fram á í frv. Því hefir verið haldið fram, að með þessu kæmi fram misrjetti; menn, sem taka laun samkvæmt launalögunum, kynnu að verða óánægðir. En jeg hygg, að ekki væru margir, sem hefðu ástæðu til þess að kvarta, er þeir færu að bera sig saman við yfirsetukonurnar. Jeg vil taka það fram í þessu sambandi, að mjer finst, að launalögin sjeu einhver vitlausustu lög, sem hjer hafa verið sett. Þetta eru sterk orð, en sönn. Það hafa engin lög farið ver með embættismannastjett þessa lands en launalögin. Meginregla þeirra er sú að gera öll laun jöfn. Það er svo um sýslumannaembættin, að þau erfiðustu eru minst launuð, sem minst eru eftirsótt og þyrftu duglegasta menn. Launalögin eru engin fyrirmynd, þau eru bygð á skökkum grundvelli. Jeg get vel skilið hv. 1.

þm. Rang. (EP), að sýslunefndunum veiti þungt að leggja á sig nýjar byrðar; þær, sem fyrir eru, eru fullþungar. Mjer hefði fundist eðlilegast að launa yfirsetukonur algerlega úr ríkissjóði, bæði í kaupstöðum og sveitum. Þetta er mjög þýðingarmikið starf, og það má ekki láta smámuni valda því, að í starfið veljist lakari konur, eða umdæmin standi auð. Þjóðfjelaginu er nauðsyn á því, að fólkinu sje ekki stefnt í þann voða, að hvorki sje hægt að ná í lækni nje yfirsetukonu. Það er ósæmilegt síðuðu þjóðfjelagi, og slíkt hlýtur að hefna sín fyr eða síðar. Það er búið að sýna þessari stjett svo lengi ósanngirni, að nú er tími til kominn að fara að opna augum fyrir sjálfsögðum rjettlætiskröfum. Hjer er sannarlega ekki um annað en rjettlætiskröfur að ræða. Skemra en þetta má ekki fara. Jeg vænti þess því, að hv. deild standi fast um mál þetta og leyfi því fram að ganga.

Eggert Pálsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) tók það fram, að það kæmi ekki nógu skýrt fram í brtt. okkar á þskj. 258, hvort borga ætti dýrtíðaruppbótina úr ríkissjóði aðeins á ríkissjóðshlutann eða á öll launin. Það kann að vera, að þetta geti orðið misskilið, en fyrir mjer, og jeg hygg hinum flm. líka, vakti, að greidd yrði úr ríkissjóði dýrtíðaruppbót á öll launin. Það hefði verið skýrara að segja í brtt. sem svo: „dýrtíðaruppbót á öll laun sín úr ríkissjóði".

Hv. 3. landsk. (JJ) gat þess, að hann hefði verið á svipaðri skoðun og jeg um það, að sameina mætti yfirsetukonustarfið hjúkrunarstarfi í fámennum sveitum, en hann hefði fallið frá því vegna smitunarhættu, sem stafað gæti af því. En jeg get ekki sannfærst um þá hættu. Hún ætti þá líka að fylgja læknunum, og eins og læknar geta afstýrt henni ættu yfirsetukonur að geta það. Ef yfirsetukonur eru ekki gæddar þeim þrifnaði, þá eru þær ekki færar um starfið, því að fyrsta skilyrði, sem gera verður til þeirra, er, að þær sjeu hreinlátar. Þá benti hv. þm. á annan veg til þess að ljetta undir með sýslusjóðum, sem sje að sameina umdæmin og stækka þau. En þó það teldist nú kleift vegna vegalengdarinnar, þá gæti samt orðið hængur á því. Það gæti dregist lengi, því að ekki er hægt að kippa yfirsetukonu burtu, þar sem hún er komin, og ekki er víst, að yfirsetukonur vildu ganga að því að flytja á stað, sem haganlegt þætti fyrir hin sameinuðu umdæmi, ef þær eru búnar að koma sjer varanlega fyrir annarsstaðar. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar.

Einar Árnason: Jeg skal nú ekki tefja tímann lengi. Því var haldið fram við 2. umr. þessa máls, og hefir verið haldið fram nú, að yfirsetukonur hafi orðið harðast úti, er launalögin frá 1919 voru samin. Mjer dettur ekki í huga að neita því, að þetta sje rjett, og vil nú sýna það í verkinu, með því að bæta launakjör þeirra um fullan þriðjung. En það verður í þessu tilfelli að bera laun þeirra saman við laun annara starfsmanna ríkisins, og liggur þá beinast við að bera saman við laun barnakennara í sveitum. Þeir hafa orðið að eyða 2—4 árum til þess að afla sjer undirbúningsmentunar og verða að starfa samfleytt 6 mánuði ársins. Laun þeirra eru 300 krónur, að viðbættri 60% dýrtíðaruppbót, og er það 480 kr. Auk þess fæði í 6 mánuði, sem í sveitum reiknast ca. 500 kr. Þá eru laun þeirra samtals 980 kr., eða 180

kr. hærri en laun yfirsetukvenna í sveit, eftir frv. Þó held jeg, að starf barnakennara og ljósmæðra í sveit sje ekki sambærilegt. Hv. 3. landsk. (JJ) benti á þá leið, að sameina umdæmin og stækka þau. Þá leið vil jeg ekki fara og álít hana lakasta neyðarúrræði. Ferðalög eru svo erfið í sveitum á vetrum, að tjón gæti stafað af, ef umdæmin væru mjög stór. En ef umdæmin eru lítil, er starfið lítið, og þurfa því launin ekki að vera eins há.

Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi ekki nógu ljóst orðað í brtt. okkar, hvort dýrtíðaruppbótin ætti aðeins að greiðast á ríkissjóðsframlagið eða á öll launin. En það er ljóst, að hún á að greiðast af öllum launum. Hún er sniðin eftir tilsvarandi grein í lögunum um laun barnakennara, en barnakennarar fá laun sín að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. En sú grein hefir aldrei valdið misskilningi. Ríkisjóður hefir borgað dýrtíðaruppbót af öllum launum.

Þá er ljósmóðurfæðin. Það má vera, að það vanti ljósmæður, og er það allþung röksemd með því, að hækka beri launin. En jeg hefi ekki trú á því, að úr því verði bætt með 2—3 hundruðum. Það munu og vera aðrar ástæður, sem valda þessu, en launaspursmálið. Landlæknir mun vera borinn fyrir því, að ljósmæðraskólinn útskrifi nógu margar ljósmæður. En hvað verður um þær? Þetta eru ungar og ógiftar stúlkur, sem vita, að hvaða launakjörum þær hafa að hverfa, er þær ganga í skólann. En því hverfa þær frá fyrirætlun sinni, þegar þær eru búnar á skólanum? Ástæður geta verið margar, meðal annars giftingartækifæri. Jeg áfellist þær ekki, þó að þær taki slíkt fram yfir hitt. En jeg hygg, að þær sitji sig ekki úr færi með að gifta sig, hvort sem launin eru hækkuð um 2—3 hundruð krónur eða ekki.

Ingvar Pálmason: Jeg stend ekki upp til þess að bera blak af fjhn., þó ýmsu hafi verið að henni kastað, það er búið að gera það svo rækilega. En það er ýmislegt annað, sem fram hefir komið í þessum umræðum, er vert væri að taka til athugunar. Það hafa verið borin saman laun yfirsetukvenna og annara starfsmanna í sveitum og nefndir oddvitar og sagt, að ekki væri frekar knýjandi ástæða til þess að hækka laun yfirsetukvenna en oddvita. Jeg skal nú ekki fara út í þá sálma, að lýsa áliti mínu á því, hvort laun oddvita eru of há eða lág, en geta vil jeg þess, að það stendur ólíkt á með oddvita og yfirsetukonur. Lögin slá varnagla við því, að sveitin geti nokkru sinni orðið oddvitalaus. Auk þess er sá kostur við oddvitastarfið, ef maður hefir gegnt því í 3 ár og þykir launin of lág, getur hann heimtað að vera laus við starfið jafnlangan tíma. Að þessu leyti er alt öðruvísi ástatt með oddvitana en yfirsetukonurnar. — Það má ekki dragast lengur að bæta launakjör ljósmæðra, því að það eru að verða vandræði með yfirsetukonur. Mjer þótti vænt um útreikninga hæstv. fjrh. (JÞ). En er hann talaði um aldursuppbótina, misreiknaði hann sig, er hann taldi, að þær, sem starfað hefðu í 8 ár, kæmust undir hæstu launin. Mjer skilst, að til þess þurfi 12 ár. Annars þótti mjer vænt um, að hann komst að þeirri niðurstöðu, að meðal-yfirsetukonulaun í sveit mundu vera 700 krónur. En þá er að líta á, hver sjeu meðallaun venjulegra starfskvenna. Ætli það sjeu ekki 700

krónur? Jeg hygg, að það sje meira. Jeg hefi goldið kvenmanni fyrir 5 mánaða vinnu meira en 700 krónur, sem sje 100 krónur á mánuði og fæði. Kvenmenn, sem vinna algenga vinnu, þurfa ekki nema 5 mánuði til þess að vinna sjer inn sem þessu svari. Hæstv. fjrh. (JÞ) sannaði með dæmi, sem hann reiknaði út, að þrátt fyrir þá hækkun, sem hjer er farið fram á, þá yrðu laun yfirsetukvenna í sveitum ekki hærri en laun óbreyttra verkakvenna. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) jafnaði saman launum verkakonu og yfirsetukonu í sveit. Á 6 mánuðum vinnur verkakonan fyrir sama kaupi og yfirsetukona fær fyrir alt árið og hefir svo afgangs 6 mánuði ársins, og er því betur stödd. — Með öðrum orðum, hvar sem litið er, þá ber að sama brunni: laun yfirsetukvenna verða ekki hærri en algeng verkalaun, þó tillögur nefndarinnar nái fram að ganga. Jeg tel því, að umr. hafi sannað það, að frv. sje í hóf stilt og síst ástæða til þess að draga úr launaákvæðum þess. Jeg skal játa, að ein mótbára gegn frv. kunni að vera á rökum bygð, og verður það að skrifast á reikning nefndarinnar. Það er sú málsgr. 1. gr., sem talar um dýrtíðaruppbótina. Það er talið, að hún sje ekki nógu ljós í því, hversu uppbótina skuli greiða. En jeg verð að líta svo á, að það komi ekki að sök, því í upphafi greinarinnar er það skýrt ákveðið, að launin skuli greiða að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr bæjarsjóði, og gildir þá auðvitað sama um uppbótina. Ef þessu er yfirlýst af þeim, sem frv. hafa samið, þá skil jeg ekki, að það geti valdið misskilningi. En jeg játa að vísu, að frá lögfræðislegu sjónarmiði er þetta ekki nógu skýrt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara út í fleiri andmæli gegn frv., sem fram hafa komið við þessa umr. Þau hafa flest snúist á þá sveif, að hjer sje verið að íþyngja þeim, sem þessi laun eiga að greiða. Það er auðvitað heldur ekki hægt að hækka þessi laun án þess að taka þá hækkun einhversstaðar.

Þá hefir því verið andmælt hjer, að ríkissjóður greiddi þessi laun að hálfu móti bæjarsjóðum, og er fram komin brtt. um að breyta þessu þannig, að bæjarsjóður greiði launin öll. Mjer er þetta ekkert kappsmál, en tel þó eðlilegt, að þetta sje eins í bæjum og sveitum. En ef brtt. verður samþ., þá ruglast 1. gr. dálítið, og frv. verður óaðgengilegra. Jeg held því, að rjettast sje að taka það ráð að samþykkja frv. eins og það er, enda hefi jeg ekki heyrt nein mótmæli, sem geri það eðlilegt, að það sje í alla staði sanngjarnt, að bæjarsjóður greiði launin öll, en í sveitum greiði ríkið helminginn. Þess var getið við 1. umr., að í nefndinni væri maður úr væntanlegum kaupstað, og mun þar hafa verið átt við mig. En jeg get fullvissað menn um, að það hefir engin áhrif haft í þessu máli.

Þá er enn eitt atriði, sem komið hefir til greina við umr., sem sje að sameina yfirsetu- og hjúkrunarstarf í sveitum. Jeg skal játa það, að jeg hefði gjarnan kosið, að sú leið væri farin. En nefndin mintist á það við landlækni, og rjeð hann frá því. Nú er hann lærðari um þetta en nokkur maður í nefndinni, því þar er enginn læknisfróður maður, svo ekki var von, að nefndin treystist til þess að gera till. á móti áliti hans. En jeg tek það fram, að frá mínu leikmanns sjónarmiði álít jeg, að þetta gæti komið að miklu liði til sveita. Eini hængurinn er sá, að flestar þær yfir-

setukonur, sem nú eru í sveitum, eru ekki sjerstaklega lærðar sem hjúkrunarkonur, og breytingin hefði því það í för með sjer, að við fengjum ólærðar hjúkrunarkonur. Það gæti að vísu komið að liði í sumum stöðum, en að demba því á með lagaboði tel jeg óhagkvæmt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 3. landsk. (JJ) var hjer að segja sögu frá Alþingi 1919. Jeg veit ekki til þess, að hann ætti sæti þar, og það átti jeg heldur ekki. Hv. þm. sagðist hafa fyrir satt, að þingið 1919 hefði látið kúgast fyrir samtökum launamanna ríkisins. Jeg hefi nú aðeins heyrt þessa sögu frá hv. 3. landsk. (JJ), og jeg hefi lesið öll Þingtíðindin, að því er til launamálsins kemur, og ekki getað annað fundið en að þetta muni vera tilhæfulaust. Og jeg vil bæta því við, að jeg álít, að launalögin frá 1919 sjeu alveg sjerstaklega hagstæð fyrir ríkissjóð, sem sjest af því, að embættislaun hafa síðan verið mikið minni hækkun undirorpin en laun og kaup þeirra manna, sem starfa annarsstaðar en í ríkisins þjónustu. Það er því mjög ósennileg saga, að þingið hafi látið kúgast af samtökum launamanna. Hitt nær heldur engri átt, að yfirsetukonur gjaldi þess, að þær hafi ekki sett sig í varnarstöðu gagnvart þjóðfjelaginu. Sje slík hugmynd ekki beint sprottin af sjúkleika, þá ber hún þó a. m. k. ekki vott um fullkomna heilbrigði. Jeg veit vel, að það er mjög vanþakklátt verk, sem jeg gegni hjer, með því að reyna að halda í horfi launununum í hverju einstöku tilfelli, til þess að ekki komi fram ósamræmi, sem dragi á eftir sjer hækkun á öðru sviði, svo endirinn verði sá, að embættin og launabáknið vaxi þjóðinni algerlega yfir höfuð. Hitt er miklu þægilegra hlutskifti, sem hv. 3. landsk. (JJ) hefir valið sjer, og getur gengið um stund að láta sífelt undan kröfum þessa og hins, sem nauðsynlega þurfi á launabót að halda. Forlögin hafa nú hagað því svo, að hinu erfiða hlutskifti er varpað á mínar herðar um stund. En háttv. 3. landsk. (JJ) getur setið að fótum meistara síns, sem er lýðurinn, og talað eins og hver vill helst heyra.

Hv. 1. landsk. (SE) fór mörgum og fögrum orðum um nauðsyn yfirsetukvenna. Það atriði er nú ekki til umræðu hjer, heldur hitt, hve há laun þurfi að greiða, til þess að geta notið aðstoðar þessara nauðsynlegu borgara.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) gerði ljósa grein fyrir því, að eins og komið væri alment gjaldþoli sveita og sýslusjóða í landinu, þá væri heldur langt gengið í uppástungu hv. flm. brtt. á þskj. 258, nema með henni væri ætlast til þess, að ríkissjóður greiddi dýrtíðaruppbót einnig af þeim hluta launanna, sem sveita-, bæja- og sýslusjóði bæri að greiða. Einnig verður það að teljast óheppilegt, að einn aðili greiði grundvallarlaunin, en hinn uppbótina. Hjer var nefnt eitt dæmi upp á þetta, sem sje laun barnakennara, en slíkt er síður en svo til fyrirmyndar, og það mun sýna sig, þegar ný skipun verður gerð á launalögunum, að þessu verður breytt. Það er eðlilegast, að sett sjeu bein ákvæði um það, hvað ríkissjóður eigi að greiða, og það því fremur, sem hlutfallið milli þess, sem ríkið greiðir, og hins, sem sveitarfjelög bæjarsjóður greiðir, hlýtur að verða breytilegt, nema hvor aðili greiði uppbót á sinn hluta launanna. Þess ber að gæta, að orðin þriðja hvert ár eru notuð í lögum um laun og skipun barnakennara, og það framkvæmt á sama

hátt og háttv. 2. þm. S.-M. (IP) segir, að sje tilætlun nefndarinnar hjer: 3. hvert ár = á þriggja ára fresti; og kemur þá full aldursuppbót ekki fyr en eftir 12 ára þjónustu.

Það er mjer óskiljanlegt, að nokkur skuli vilja meta það, hvað há laun yfirsetukvenna skuli vera, eftir því, hvað hátt kaup þarf að gjalda vinnustúlkum fyrir störf alt árið. Það verður að líta á það, hvað stórt þetta starf er, en ekki hitt, hvað aðrir vilja fá fyrir önnur störf allan ársins hring. Jeg vil líka benda á það, í sambandi við þá launabót, sem hjer er farið fram á, að það er nokkuð óvenjulegt stökk að þrefalda laun alt í einu frá því, sem þau áður hafa verið.

Jeg hefi aðeins talað um frv. í sambandi við brtt., og hv. þdm. verða að ráða það við sjálfa sig, hvort þeir greiða hærri eða lægri till. atkvæði. En þegar litið er á þetta tvent, annars vegar launin þrefölduð frá því, sem verið hefir, og hinsvegar hvort sveitarfjelögunum muni ekki ofvaxið að greiða þessi laun eftir sömu hlutföllum og áður, þá finst mjer ástæða til þess að spyrja, hvort rjett sje að ganga svona langt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er ekki auðvelt að eiga að tala í þessu máli, eftir þær löngu umræður, sem á undan eru gengnar, og varla þess að vænta, að nokkuð nýtt komi fram. Þó skal jeg benda á eitt atriði, sem er nýtt og hefir ekki komið fram áður undir umræðunum, en það er þetta: Ljósmæðrafjelag Íslands krefst þessara launabóta, sem í frv. felast, og ljósmæðurnar standa sem einn maður að þeirri kröfu. Það liggur í augum uppi, að þetta er ekkert aukaatriði fyrir þeim. Launin, sem menn fá fyrir störf sín, eru aldrei aukaatriði.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) sagði, að nefndin, sem um málið fjallaði, hefði litið á það eingöngu frá annari hlið þess, sem sje frá hlið ljósmæðranna. Ennfremur sagði hann, að það væru ekki launin, sem rjeði því, hvort ljósmæður tyldu í sveitunum; menn dveldu alment þar, sem þeir helst kysu að vera. En ætli launakjörin sjeu ekki alment stór liður í því, hvar menn leita sjer atvinnu? Í sambandi við þetta var svo sagt, að þótt launakjörin yrðu bætt, þá væri ekki þar með bætt úr yfirsetukvennaskortinum. Jeg held, að það mundi nú samt bæta úr ljósmæðraskortinum, einkum ef lögin um yfirsetukvennaskólann væru endurskoðuð. Þegar þau lög voru sett 1924, þá var spurt um það, hvort skólinn mundi geta annast nám nógu margra yfirsetukvenna, og því var svarað játandi. En að reynslan hefir orðið önnur, hygg jeg að stafi að nokkru leyti af því, að styrkur sá, sem til námsins er veittur, er ekki skilyrðisbundinn, — nema á pappírnum. Það er að vísu sagt, að þær stúlkur, sem hans njóta, verða að gegna yfirsetukonustöðu um 5 ára bil, en það er ekki gengið nægilega eftir því. Þær upplýsingar hafa verið gefnar hjer, að ljósmæður vanti í um 30 umdæmi víðsvegar um land. Og það er vitanlega ekki meinalaust, að það vanti yfirsetukonu í hjerað; það getur riðið á lífi konu og barns, eins og allir vita.

Þá hefir verið talað um það, að yfirsetukonustarfið væri ekki aðalstarf. Hvað er aukastarf og hvað er aðalstarf — vilja hv. þm. svara því? Og er ljósmóðurstarfið aukastarf fremur öðrum störfum? Jeg held, að þessu sje örðugt að svara játandi.

Sem sagt, yfirsetukonur standa sem

einn maður á bak við þessar launakröfur. Og þær hafa sagt, að þær gerðu það ekki af því, að þær væru svo áfjáðar í peninga. En þær komast ekki af með þau laun, sem þær fá, hvorki hjer í Reykjavík og því síður til sveita. En fyrst svona er, þá er það sama og að segja: Við tökum ekkert mark á kröfum ljósmæðranna, þær hanga við starfið, þó þær fái ekki nema allra minstu úrlausnina, sem sje þá, er felst í till. á þskj. 258. Mjer er kunnugt, að ljósmæður vilja heldur, að málið liggi óbætt, en að þær gangi að slíku, og þess vegna er ekki um annað að ræða en að samþykkja frv. eins og það er, eða láta málið bíða betri tíma og sjá þá, hvort þessi stjett fær ekki að lokum sanngirniskröfum sínum fullnægt. — Hjer kom í ljós, við samanburð á kjörum verkakvenna og ljósmæðra, að ljósmæður hafa engu betri kjör, og hafa þær þó mun þýðingarmeira og bundnara starf, þar sem ljósmóðirin má aldrei vera lengur samfleytt að heiman úr hjeraði sínu en tvo daga, án sjerstaks leyfis. Þá hafa laun kennara til sveita einnig verið borin saman við laun og störf ljósmæðra. En þessi tvenn störf eru ósambærileg, því þó að minni vinna sje við annað og sjaldnar, þá er á það að líta, að sá, er að því starfar, er bundinn við það allan ársins hring, en við hitt ekki nema sex mánuði af árinu, og finst mjer því vera rjettlítill samanburður á þeim. Um hitt atriðið, hver skuli greiða dýrtíðaruppbótina, hafa orðið nokkrar umr., og býst jeg ekki við að geta kipt neinu þar í lag, þó að jeg segi eitthvað um það atriði. En jeg get tekið undir með þeim hv. þdm., sem hafa sagt, að þeim þætti æskilegast, að öll laun yfirsetukvenna væru greidd úr ríkissjóði, af þeirri ástæðu, að á sýslusjóði og bæjarsjóði sje svo hlaðið gjöldum, að ekki sje við það bætandi. Og jeg skyldi glöð ganga inn á það, að öll þessi laun yrðu greidd úr ríkissjóði, því að þá fyndist mjer, að ljósmæðrum væru gerð rjett skil, og þeirra ábyrgðarstarf metið sem rjett væri. Þá hefir verið talað um, að ósamræmanlegt væri, að ljósmæður fengjust að einhverju leyti við hjúkrunarstörf, og landlæknir verið borinn fyrir því, að það væri vegna hinnar miklu smitunarhættu; en þó veit jeg það, eins og líka hefir verið tekið fram af öðrum hv. þdm., að það stafar ekki meiri hætta af því, að ljósmæður aðstoði við hjúkrun, heldur en stafar af því, að læknirinn gengi frá einum sjúkling til annars, því að jeg geri ráð fyrir því, að bæði sjeu sjer þess meðvitandi, að menn heimta af þeim ítrasta hreinlæti og þekkingu á því, hvað gera skuli, til þess að ekki leiði hættu af. Jeg veit til þess, að alt fram á þennan dag hafa margar ljósmæður ekki aðeins gegnt störfum sínum sjer til mikils sóma og öðrum til hjálpar, heldur hafa þær jafnvel samtímis verið miklir menningarfrömuðir í sínu hjeraði og víða þar, sem þær hafa verið sóttar, útbreitt meiri þrifnað og yfirleitt verið nokkurskonar ljósberar í sveitunum. Það er mjer óhætt að fullyrða. Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild á fleiri eða lengri athugasemdum í þessu máli. Jeg vona sem sagt, að þessu máli verði gerð þau skil hjer í deildinni, að ljósmæðurnar geti orðið ánægðar, og það verði þinginu til sóma á þann hátt, að það sýni glöggan skilning á því, að það beri að verða við kröfum þessarar stjettar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætla nú

ekki að segja margt í viðbót við það, sem jeg hefi áður sagt, því að mjer er farið að ofbjóða, hvað umr. um þetta mál eru orðnar langar. En það er eins og vant er, að þegar verið er að ræða laun einhverra manna, þá verður mönnum allmjög skrafdrjúgt. Jeg vil taka það strax fram, að jeg lít ekki ósvipað á þetta mál eins og hæstv. fjrh. (JÞ), það verður að líta á fleira en að gera viðkomendur alveg ánægða, því að það eru ekki svo fáir starfsmenn, sem ríkið þarf að greiða laun, en hv. nefnd og fleiri hafa talað kröftuglega með þessu frv., og eru sumar ástæðurnar heldur skrítnar, að mjer þykir, þegar þær eru teknar saman. Hv. frsm. nefndarinnar (GunnÓ) sagði, að mikil þörf væri á að bæta launin vegna þess, hve mikil vöntun væri á ljósmæðrum, og svo kemur annar hv þm. úr nefndinni og segir, að það megi ráða bót á þeirri vöntun með því að hækka launin, og svo er í þriðja lagi talað um, að heppilegt mundi vera að láta þær líka starfa sem hjúkrunarkonur. En hvað kemur það málinu við? Ef þær eru hjúkrunarkonur um leið, myndu þær þá ekki þurfa að fá hærri laun? (IHB: Nei). Jæja, segir hv. þm. það, þá er alt gott, en það er þó ómögulegt þá að neita þeim um launaviðbót, því að þá væru launin, sem frv. ákveður handa þeim, alt of lág. En annars stóð jeg mest upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að þrír hv. þm., sem talað hafa, hafa lýst yfir því, að þeir mundu samþykkja þessa skriflegu brtt., sem jeg hefi borið fram, svo að jeg hefi þá bestu vonir um, að hún verði samþ., enda virðist mjer hún sanngjörn.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Jeg verð að byrja á því að taka undir með hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) um það, að talað hefir verið margt og mikið um þetta mál. Hv. andstæðingar frv. hafa við allar umr. klifað á því, að með frv. þessu væru laun yfirsetukvenna þrefölduð, og sama sagði hæstv. fjrh. (JÞ). Þetta er rjett að vissu leyti, en það er líka alveg rangt í sumum tilfellum. Þessi margföldun á sjer aðeins stað um þær ljósmæður, sem hafa verið lægst launaðar, þær, sem eru í sveitaumdæmum, og það er svo mörgum sinnum búið að taka það fram, að þessi launahækkun er bygð á þeirri vöntun á ljósmæðrum, sem nú er. Það skal enn tekið fram, sem líka er ómótmælanlegt, að ljósmæður í sveitum hafa talsverðan kostnað af því, að þær verða, eftir því sem ljósmæður hjer í Reykjavík hafa sagt mjer, að hafa talsvert af dýrum meðulum, og þeir, sem vit hafa á, segja, að þau meðul, sem þær verða að hafa, ónýtist, ef þau eru geymd nokkuð langan tíma. Þetta eru strax dálítil útgjöld á litlum launum, og þá er ekki lengi að fara kúfurinn af þessum háu launum, sem sumir kalla hjer. En þegar talað er um þreföldun á launum og litið er til kaupstaðanna, þá er þetta algerlega rangt. Eftir núverandi lögum eru hæstu laun yfirsetukvenna í kaupstöðum 1000 krónur; en verði þetta frv. að lögum, þá eru hæstu laun í kaupstöðum ákveðin 1500 krónur auk dýrtíðaruppbótar af fyrstu 500 krónum þessara launa. Ef gert er ráð fyrir 60% dýrtíðaruppbót á 500 kr., þá verður hún 300 kr., og launin þá öll 1800 krónur. Jeg vona, að hv. þm. sjái, að í þessu efni hafa þeir farið villir vegar, þegar þeir tala um þreföldun launanna yfirleitt. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði það í fyrri ræðu sinni, að auk þess-

ara miklu launa, sem yfirsetukonur fá, fengju þær einnig borgun fyrir störf sín. Þetta er rjett, lögin áskilja þeim laun fyrir störf sín, jeg ætla, að það sjeu 7 krónur fyrir að taka á móti barni og kr. 2,50 í daglaun. Jeg geri ráð fyrir, að í mörgum tilfellum innheimtist þessi borgun skilvíslega og ef til vill nokkru meira hjá einstöku mönnum, en hitt veit jeg líka, að það er víst oft og mjög oft, að ljósmæður fá ekkert og kalla ekki eftir neinu, þar sem um fátæk heimili er að ræða. Ætla jeg og, að miklu frekar megi finna þess dæmi, að yfirsetukona leggi fátæku heimili frekar til en taki þar laun, og mun það gilda engu síður í sveitum en í kaupstöðum.

Þegar nú þess er gætt, sem jeg hefi sagt og jeg hygg að menn þekki, þá býst jeg við, að menn verði að viðurkenna, að launin sjeu ekki of há, því að óneitanlega mun slík hjálp ærið nauðsynleg, bæði í sveitum og í kaupstöðum, þar sem fátækt fjölskyldufólk á hlut að máli. Með bættum launakjörum er ljósmæðrum, að minni ætlan, gert mögulegt að framkvæma vilja sinn um liðsinni við þá, er bágast eiga.

Hv. 1. þ. m. Eyf. (EÁ) viðurkendi það, að ljósmæður hefðu orðið verst úti, þegar laun opinberra starfsmanna voru ákveðin á þingi 1919. En þegar nú hv. þm. (EÁ) viðurkennir það, þá þykir mjer undarlegt, ef hann ekki vill viðurkenna það, að rjettmætt sje að bæta nú það, sem þá var rangt gert. Enn spurði hv. þm. (EÁ) um það, hvað yrði af þessum ljósmæðraefnum, sem lærðu, og bar fyrir sig umsögn landlæknis í þá átt, að nokkuð margar lærðu árlega. Það er sjálfsagt rjett, að það eru nokkuð margar að tiltölu, sem læra árlega, en að þær ekki láta skipa sig sem yfirsetukonur, því er víst fljótsvarað, það er vitanlega af því, að þeim býðst betra annarsstaðar en í ljósmæðrastöðunni. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin að nokkru leyti hefir fengið, og þeim, sem jeg hefi fengið persónulega, hefir það komið í ljós, að það er ákaflega mikil hreyfing meðal ljósmæðra í landinu að fá bætt kjör sín. Vitanlega segi jeg ekki, að þær leggi niður störf sín fyrir það, ef þau verða ekki bætt, og þó hefi jeg heyrt, að það hafi komið til orða.

Enn eru það nokkur orð viðvíkjandi till. hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ); jeg tók það fram áðan, að sú till., þótt samþykt yrði, breytti ekki aðstöðu margra til þessa frv., en hinsvegar vil jeg taka það fram, að mjer þykir hún ekki sanngjörn, og eins hitt, að jeg mun greiða atkvæði á móti henni. Mjer þótti vænt um að heyra það, að hv. 4. landsk. (IHB) óskaði þess helst, að öll laun yfirsetukvenna væru greidd úr ríkissjóði, ekki beint af því, að jeg ætlist til, að svo verði, heldur vegna þess, að þegar hv. 4. landsk. (IHB) er samþykkur því, að öll laun sjeu þannig greidd, þá býst jeg við, að hv. þm. (IHB) verði einnig fús til þess að fella þá skriflegu till., sem hjer er fram komin um það, að kaupstaðirnir njóti ekki sama rjettar í þessu efni eins og sveitirnar, því að hvernig sem maður reiknar það út og hvað sem maður segir um það, þá er það þó ekki nema alveg sanngjarnt, að uppástunga nefndarinnar, sem miðar að fullkomnu jafnrjetti milli sveitanna og kaupstaðanna, verði samþykt, eins og vitanlega á að vera. Það er margt, sem hv. andstæðingar frv. hafa fundið að því, en flest

af því hefir verið þannig lagað, að það krefst ekki andsvara, og eins hitt, að þeir hv. þm., sem með frv. eru, hafa mótmælt því, svo að jeg sje ekki ástæðu til þess að segja meira að sinni.

Halldór Steinsson: Það verða aðeins örfá orð, því að það, sem jeg hefði viljað segja, hafa þeir, sjerstaklega hv. 4. landsk. (IHB) og hv. 2. þm. S.-M. (IP), tekið fram og tekið af mjer ómakið. Það er þá fyrst þessi sífeldi jarmur um það, að þessi laun sjeu þrefölduð. Þessi jarmur kom svo greinilega fram hjá andstæðingum frv., og þó sjerstaklega hjá hæstv. fjrh. (JÞ), sem vildi halda því fram, að það ætti ekki að fara eftir sama mælikvarða á þessum launum og launum annara starfskvenna í þjóðfjelaginu, en það er algerlega rangt, það verður einmitt að miða við það, því að af hverju stafar þessi fæð af yfirsetukonum? Ekki af öðru en því, að laun annara starfskvenna hafa hækkað mikið á meðan laun yfirsetukvenna hafa staðið í stað, og þaðan stafar fækkunin og það, hve erfitt er að skipa yfirsetukvennaumdæmin. Það er einmitt það, að þó menn líti aðeins til launa annara kvenna hjer á landi, þá hafa laun þeirra síðan árið 1919 áreiðanlega meira en þrefaldast, svo að ef það er tekið til samanburðar, þá er ekkert við því að segja, þó að laun þessara kvenna yrðu þrefölduð, því að menn verða nú einu sinni að slá því föstu, að yfirsetukona í sveit eða kaupstað er ekki frjáls ferða sinna. Það væri ekkert við því að segja, ef hún gæti farið úr umdæmi sínu og leitað sjer atvinnu þar sem best er, eins og t. d. lausakonur gera; þær fara í fiskvinnu og koma svo kannske með 600 krónur eftir tímabilið, en yfirsetukonan verður að sitja heima og getur kannske, þegar best lætur, fengið einhverja kaupavinnu, og þó aðeins slitrótt, því að hún verður alt af að fara, þegar kallið kemur. Þessvegna þýðir ekki að segja það, að í fámennu hjeraði geti slík kona gefið sig við öðrum störfum, því að hún er of ófrjáls til þess. Þá hefir verið minst á hjúkrunarstarfsemi í sambandi við þær. Við 1. umr. þessa máls sagði jeg, að jeg áliti, að þessi starfsemi gæti vel farið saman, og þó að landlæknir áliti, að það sje ógerlegt, þá verð jeg að standa fast við mína skoðun, og jeg þykist líka, með allri virðingu fyrir landlækni, bera talsvert skyn á þetta. En jeg ætlast heldur ekki til, að yfirsetukonur séu algerlega ólærðar í þessu starfi, eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP) virtist gera ráð fyrir; jeg tók það fram, að þær yrðu látnar ganga á hjúkrunarnámsskeið, samfara náminu við yfirsetukvennaskólann, svo að þær yrðu ekki ólærðar. En þar sem svo hagar til eins og hjer á landi, að það eru svo mikil vandkvæði á að fá vel lærðar hjúkrunarkonur, vegna þess hve fáar eru til ennþá, þá yrði að taka því, þó að þær væru ekki hálærðar, og smitunarhættunni geri jeg ekki mikið úr, því að jeg verð eins og fleiri að halda því fram, að svo framarlega sem ljósmóðirin er starfi sínu vaxin, þá verði líka að gera þær kröfur til hennar, að hún geti varnað sjúkdómnum að berast frá einum til annars, því að hvernig ætti annars að vera hægt að gera ráð fyrir því, að hún bæri ekki smitun á milli sængurkvenna sinna? Ef hún t. d. bæri smitun frá taugaveikis-sjúkling, sem hún hjúkraði, þá gæti hún alveg eins borið smitun frá einni sængurkonu til annarar. Þá hefir verið, bæði við þessa

umr. og eins við fyrri umræður, minst á laun annara starfsmanna og þá oftast borið saman við laun barnakennara. Einn hv. þm. sagði, að barnakennari myndi hafa yfir 6 mánaða tíma um 980 krónur, en sá hv. þm. lagði ekki áherslu á það, eins og vera ber, að hinn helming ársins, og það er betri helmingurinn, getur barnakennarinn sannarlega haft annað eins, svo að laun þeirra verða alt af að minsta kosti helmingi hærri en yfirsetukvenna, þó að þau komist í þetta horf.

Þá skal jeg aðeins lýsa yfir því, sem flm. þessa máls, að jeg er ekki í neinum vafa um það, hvernig beri að skilja ákvæðin um að borga út dýrtíðaruppbótina. Jeg skil það svo, að hún eigi að vera borguð af sömu aðiljum og launin. Á sama máli er og hæstv. frjh. (JÞ). og finst mjer, að ekki þurfi að taka það frekar fram í frv. en gert er.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. (verður þskj. 268) frá þm. A-Húnv. (GuðmÓ). — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 258, 1. feld með 10 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EP, EÁ, GuðmÓ.

nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SE, BK, GunnÓ, HSteins.

Einn þm. (ÁH) fjarverandi.

Brtt. 258, 2.—4. teknar aftur.

— 268 samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SE, EP, EÁ, GuðmÓ, IHB, JM, HSteins.

nei: JJ, BK, GunnÓ, IP, JJós, JóhJóh.

Einn þm. (ÁH) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 270).

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. og 74. fundi í Nd., dagana 6. og 8. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Þetta mál er komið upp í Ed. og flutt af forseta þeirrar hv. deildar. Síðan fjekk það þá afgreiðslu hjá fjhn. Nd., að hún klofnaði á málinu. Meiri hl. nefndarinnar eða 4 þm. vilja leggja með, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Mál þetta er ekki svo flókið, að það sje veruleg ástæða til að fara frekar út í það, enda tilheyrir það ekki 2. umr. Með lögum 1919 voru kjör ljósmæðra bætt frá því, sem var í lögunum frá 1912. 1919 var eins og menn muna gert allmikið að því að bæta kjör opinberra starfsmanna, og eru m. a. launalögin frá þeim tíma. Kjör yfirsetukvenna voru bætt þannig, að þeim voru ákveðnar 200 krónur á ári, sem mátti hækka upp í 275 krónur. Auk þessa áttu þær að fá 10 króna uppbót fyrir hverja 50 íbúa í umdæmi þeirra. En þessir starfsmenn voru einir settir hjá dýrtíðaruppbót, og var það mjög einkennilegt, þar sem þeir voru lægst launaðir af öllum opinberum starfsmönnum. Það

var því augljóst, að þetta mundi vekja óánægju, og hún hefir magnast, og sterkar raddir hafa borist um það til forsvarsmanna þeirra hjer, að koma fram umbótum á kjörum þeirra, enda eru nú all-mörg yfirsetukvennaumdæmin laus. Það hefir verið dregið úr því, sem upphaflega stóð í frv. Þar var farið fram á 400 króna byrjunarlaun, sem mætti hækka upp í 720 krónur. en nú er þetta orðið 300 krónur, hækkandi upp í 500 krónur. Einnig var farið fram á eftirlaun, en nú er búið að sníða þau af. Jeg vil minna á, að upphæðin, sem hjer er um að ræða, mun nema um 40 þúsund krónum í aukakostnað fyrir ríkissjóð. Jeg var ekki við, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) átti tal við nefndina, en svo mikið er víst, að við liggur, að hið mikla og merkilega starf þessara starfsmanna verði gert ónýtt, ef frv. verður ekki samþykt. Það mun vera farið að þykna töluvert í þeim, og þeir geta ekki unað við núverandi kjör sín til lengdar, enda er auðvelt fyrir þá að hætta starfinu, því að það er engin ljósmóðir til hjer á landi, sem ekki gæti haft þessar krónur upp með einhverju öðru móti. Það má segja um þá menn, sem hafa af starfi sínu alt sitt lífsuppeldi, að ekki er að marka, þó að þeir hóti að leggja niður starfið. Jeg er ekki að segja, að Alþingi eigi að fara eftir slíkum hótunum, en þegar um kjör er að ræða, sem allir sjá, að eru ósanngjörn, hlýtur að koma að því, að þau verði að bæta. Það er heimtaður eins árs skóli undir þetta starf, en svo eru kjörin eins og vinnukonukaup. Það má vera, að hv. þm. þyki það aukaatriði, þó að af þeim 2—3 þúsundum kvenna, sem á hverju ári leggja líf sitt í hendur yfirsetukonum, dæju 3—4 á ári, fyrir þann sálarskap Alþingis, að vilja ekki sinna þessum sanngjörnu kröfum. Á því er enginn vafi, að fjöldi yfirsetukvenna hættir, ef þessi rjettarbót hefst ekki fram. Eftir skýrslu landlæknis eru nú um 40 umdæmi laus, og engin fæst í þau. 40 þúsund krónur þykir ekki mikið, þegar um bankamál er að ræða, og í raun og veru er það lítið atriði, þegar verulegt öryggi fæst á hinn bóginn. Jeg vil því fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar mæla með því, að frv. verði samþykt eins og það er nú. Það er „principbrot" að setja þessa starfsmenn hjá dýrtíðaruppbót. Ef bæta á kjör starfsmanna, virðist vera mest ástæða til að byrja þar, sem launin eru lægst.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Háttv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (MJ) hefir lýst aðstöðu sinni til þessa frv. og rakið sögu málsins, og hefi jeg ekkert við frásögu hans að athuga. Það þarf ekki langt mál til að lýsa afstöðu minni hl. Það bar að vísu ekki svo mjög á milli nefndarhlutanna, að ekki mætti færa fram nokkrar líkur fyrir því, að yfirsetukonur sjeu ekki fullvel launaðar, en það mun vera svo um marga aðra opinbera starfsmenn. Það þekkjum við frá hverju þingi. Það hafa þráfaldlega komið fram kröfur um hækkun, og nú síðast frá þeim mönnum, sem eru einna hæst launaðir. Þeir hafa líka getað gert sennilegt, að þeir hefðu ekki nógu há laun. Slíkum hækkunarbeiðnum hefir jafnan verið synjað, síðan 1919, af þeirri aðalástæðu, að menn óttast, að ef opnaðar eru dyrnar, muni verða erfitt að standa á móti kröfum, sem á eftir koma, en fyrst og fremst verður þó að líta á getur ríkissjóðs.

Í þetta sinn eru launakröfurnar mjög

fast sóttar, eins og skilja mátti á ræðu hv. frsm. meiri hlutans (MJ). Það er ógnað með ljósmæðraskorti og jafnvel verkfalli. Það eru einna hörðustu vopnin, og auk þess eru hækkunarkröfurnar að þessu sinni sóttar á þeim vettvangi, sem einna erfiðast er að standa á móti.

Þó að jeg vilji ekki segja, að aðrir opinberir starfsmenn standi þarna á bak við, þá mundu þeir áreiðanlega líta á það með velþóknun, ef nú yrði sveigt til og hækkað eins mikið við þessa starfsmenn og gert er ráð fyrir í frv. Og það er engin smáræðishækkun, sem hjer er farið fram á, miðað við hvað launin voru fyrir lækkunina. Það er geysimikil hækkun.

Þetta er önnur hlið málsins. Hin hliðin er annars vegar sú, hver fjárhagslega getan er, og hinsvegar, hverjir eiga að greiða launin. Ríkissjóður greiðir ekki öll yfirsetukvennalaunin, heldur aðeins að hálfu í sveitunum, en bæjarfjelögin greiða að öllu laun yfirsetukvenna í bæjunum. Hjer er því farið fram á, að sje ákveðinn útgjaldaauki fyrir aðilja, sem ekkert hafa fengið að segja í málinu, en hafa hinsvegar mjög takmarkaðar tekjur, sem segja má einkum um sýslusjóðina. Upphæðin mun nema 2—3 þúsund króna til jafnaðar í hverri sýslu. Við minni hl. menn teljum því alveg ófært að samþ. frv. nú þegar. Það gæti komið til mála, þegar búið er að ná samkomulagi við hina aðiljana.

Hinsvegar viðurkennir minni hl. nefndarinnar, að það er alls ekki sanngjarnt, hvernig farið hefir um laun þessara starfsmanna, að því leyti, að þeir einir allra opinberra starfsmanna hafa enga dýrtíðaruppbót fengið. Jeg veit ekki ástæðu fyrir því, að þessir starfsmenn skuli einir hafa orðið út undan. Líklega er það vegna þess, hvað margir aðiljar standa að því að greiða laun þeirra. Að þessu leyti er greinilegt misrjetti í launakjörunum. Við teljum því eðlilega lausn á málinu þá, að yfirsetukonum sje áskilin dýrtíðaruppbót nú þegar á ríkissjóðshluta launa þeirra og jafnframt sje skorað á hina aðra aðilja, sem hlut eiga að máli, að gera það sama. Jeg ætla því, fyrir hönd minni hl. nefndarinnar, að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá, og tek þá um leið aftur till. minni hl. að vísa málinu til stjórnarinnar:

„Þar sem þingdeildin álítur, að sanngjarnt sje, að yfirsetukonur fái dýrtíðaruppbót á laun sín eins og aðrir starfsmenn, og þar sem deildin álítur, að ríkisstjórnin geti samkvæmt ákvæðum laga nr. 16, frá 13. júní 1925, greitt yfirsetukonum dýrtíðaruppbót á ríkissjóðshluta launa þeirra, þá ályktar deildin, um leið og hún hún beinir áskorun til ríkisstjórnarinnar um að greiða að sínum hluta slíka dýrtíðaruppbót og til bæjarstjórna og sýslunefnda að greiða einnig dýrtíðaruppbót að sínum hluta, eftir því sem þeim þykir fært og nauðsynlegt, — að taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jeg skal svo að lokum aðeins geta þess, að leitað hefir verið álits stjórnarinnar um það, hvort heimilt væri samkvæmt núgildandi lögum að greiða dýrtíðaruppbót af ríkissjóðshluta launanna, og hún álítur, að heimildin til þess felist í þeim lögum, sem vísað er til í dagskránni.

Pjetur Þórðarson: Þegar jeg varð

þess var, að þetta mál var á ferðinni í Ed., hjelt jeg, að þingið mundi haga því svo, að jeg gæti orðið því fylgjandi. Þessi hugsun mín hefir farið á annan veg, og málið liggur nú svo fyrir, að jeg get ekki verið því meðmæltur. Aðalástæðan er sú sama og fram kom hjá hv. frsm. minni hl. (HStef), sem sje sú, að hjer er gert ráð fyrir miklu meiri útgjöldum fyrir sýslusjóðina en mjer þykir hæfilegt, sem þó er ekki hægt að bera undir hlutaðeigandi aðilja. Mjer hefði þótt sanngjarnt, að gengið yrði svo frá máli þessu, að trygt væri, að ljósmæður fengju fulla dýrtíðaruppbót, en mjer þykir of langt gengið að fara að gera frekari breytingar. Hvort hægt er að koma því við á þann hátt, sem hv. frsm. minni hl. (HStef) hefir lagt til, og hvort það er trygging fyrir ljósmæður, er mjer ekki nógu ljóst, og hefði jeg því heldur kosið, að þetta hefði komið fram í brtt. við frv. Hvort óttinn fyrir því, hvernig fara muni, ef mál þetta nær ekki fram að ganga, er á rökum bygður, skal jeg ekki um segja, en heldur þótti mjer hv. frsm. meiri hlutans (MJ) taka djúpt í árinni um afleiðingarnar. Jeg hirði ekki um að endurtaka spádóma hans, en jeg hygg, að flestir þdm. verði mjer sammála um, að svo dökkum augum er óþarft að líta á afleiðingarnar, sem fram kom hjá hv. frsm. (MJ). Jeg hefði viljað heyra frá hæstv. stjórn, hvort ekkert væri því til fyrirstöðu, sem hv. frsm. minni hl. (HStef) var að tala um, að hún gæti trygt yfirsetukonum dýrtíðaruppbót á ríkissjóðshluta launa þeirra, án þess að breyting verði gerð á lögunum. Það má kannske virða það til vorkunnar, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi öðru að sinna og megi ekki vera að gefa þessu gaum. En auk þess, sem þetta er aðalatriði, að mjer þykir frv. hafa gengið of langt í að breyta launakjörum þessara starfsmanna ríkisins, þá er líka annar galli á því sjálfu að formi. Það er það, að þegar 3. gr. var sett inn í frv. í hv. Ed., þá var einnig jafnsjálfsagt að fella 2. og 3. gr. laganna frá 1919 inn í gömlu lögin, svo að þau yrðu öll á einum stað. Jeg veit, að þetta mætti laga til 3. umr., ef frv. kemst svo langt, og vona jeg, að það verði gert.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hygg, að sá gjaldaauki, sem þetta frv. hefir í för með sjer, sje nálægt 45 þús. kr. fyrir ríkissjóð og jöfn upphæð fyrir sýslusjóði. Auk þess verður það til töluverðra útgjalda fyrir kaupstaðina, en jeg hefi ekki rannsakað, hve miklu það nemur. — Þessi útgjöld nema nú liðugum 50 þúsundum, sem skiftist til helminga á sýslusjóði og ríkissjóð, en eftir frv. fer það upp undir 150 þús. Jeg álít, að þörf sje á að breyta launakjörum yfirsetukvenna nokkuð, en hefi eigi þau gögn með höndum, að jeg geti sagt, hve langt skal farið í því. En þegar verið er að bæta launakjör starfsmanna hins opinbera, er óeðlilegt, að þau þrefaldist í einni svipan. Það er venjan, að hækkunin nemi aðeins örlitlu broti af allri launaupphæðinni. Hefi jeg ekki rök til að meta, hvað sanngjarnt er í þessu. — Út af till. hv. minni hl. og dagskrártill. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vildi jeg segja nokkur orð. Yfirsetukvennalögin voru afgreidd frá þinginu 1919, sama ár og launalögin. Var þá litið svo á, að ekki þyrfti að ákveða dýrtíðaruppbót af launum yfrsetukvenna. Náði hún þá aðeins til þeirra embætta, sem talin voru í launalögunum, en ekki til hinna, sem

stofnuð voru samkv. öðrum lögum, og aðeins nefnd í þeim. En á síðasta þingi var þessu breytt svo, að það var látið taka til allra þeirra embættis- og sýslunarmanna, sem voru í þjónustu landsins. Lá því mjög nærri, að yfirsetukonur gætu fallið þar undir. Það mun þó hafa orðið niðurstaðan í fjárhagsnefndum, að þær ættu ekki tilkall til dýrtíðaruppbótar, sakir þess að þær væru ekki starfsmenn landsins, heldur hinna einstöku hreppa, þótt ríkissjóður greiddi helming launa þeirra í sveitum. En nú er hv. Ed. búin að fallast á það með frv. þessu, að þær fái dýrtíðaruppbót af þeim hluta, er ríkissjóður greiðir. Ef hv. Nd. samþykkir það nú einnig, að sínu leyti, með þeirri dagskrá, sem hjer liggur fyrir, mun jeg ekki hafa neitt á móti að greiða það. En verði þetta á annað borð greitt, lít jeg svo á, að það beri að gera frá 1. okt. 1925, þegar lögin komu í gildi, sem breyttu dýrtíðaruppbótinni. Hitt verð jeg þó að segja, að með dagskrártill. er engan veginn trygt, að sýslusjóðir greiði dýrtíðaruppbót af sínum hluta launanna. En þó er gefin um það svo ákveðin bending með þessu, að jeg geri ráð fyrir, að það muni víðast gert, ef sýslusjóðir sjá sjer það fært sakir efnahagsins. En þótt allir sýslusjóðir sjái sjer það eigi fært þegar í stað, er þó betri nokkur úrlausn þegar í stað heldur en að málinu sje skilyrðislaust vísað til stjórnarinnar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg verð að segja, að jeg er dálítið hissa á þeirri afgreiðsluaðferð, sem hjer á að fara að taka upp. Jeg á að vísu ekki langa þingsögu að baki, en held þó, að það sje einsdæmi, að nefndarhluti leggi annað til í áliti sínu en þegar til framsögu kemur. Svo á að fara að afgr. það með rökstuddri dagskrá, flókinni að orðalagi, sem sjálfsagt var að bera fram sem brtt. við frv. sjálft. Liggur því miklu nær, ef hv. deild vill afgr. málið, að vísa því nú til 3. umr. og bera þá fram brtt. um að fella alt niður nema ákvæðin um dýrtíðaruppbótina. En stjórnin virðist nú raunar ætla að vera svo frjálslynd að borga út eftir rökstuddri dagskrá, sem venjulega hefir verið álitin hógvær frávísun á málum. Þykir mjer þetta einkennileg afgreiðsla málsins og mun greiða atkv. á móti dagskránni.

Hv. þm. Mýr. (PÞ) gat ekki sjeð neinar alvarlegar afleiðingar af því, þótt afgreiðsla þessa máls biði svo sem eitt ár. Hann ætti að líta í hagskýrslurnar og sjá, að fyrir fám árum var barnadauði ákaflega mikill hjer á landi, en nú mun hann óvíða eða hvergi vera minni. Má óefað þakka það því, að yfirsetukonum hefir fjölgað og þær orðið mun betur að sjer en áður var. Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga dauðsföll af barnsförum fyr og nú, — þar ber áreiðanlega að líkum brunni. Hjer er því um beint heilbrigðismál að ræða, og skilar sjer undir eins árangurinn af því. Jeg fyrir mitt leyti held, að best væri, að þingið veitti yfirsetukonunum nú annaðhvort fulla rjetting eða lýsti yfir, að það vildi ekkert sinna þeim. Sjerstaklega er þessi aðferð, að breyta launakjörunum með dagskrá, alveg ófær. Auk þess er hún ófullkomin að því leyti, að hún snertir aðeins helming af launum ljósmæðra til sveita og ekkert í kaupstöðum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um, að það væri óvenjulega mikil launahækkun að þrefalda launin. Jeg skal viðurkenna,

að þetta er hlutfallslega allmikil hækkun. En hún stafar af því, hve ógurlega lítil launin voru áður. Eins var það 1919, að þá voru laun ljósmæðra hækkuð meira en nokkurra annara starfsmanna hlutfallslega, enda voru þau áður ekki nema 75 kr. á ári. En þessi mikla breyting er eðlileg að því leyti, að áður þurftu ljósmæður lítið að kosta sig við nám, því að bæði var þetta styttra en nú, og auk þess voru þær mjög ríflega styrktar. En þetta þótti óheppilegt fyrirkomulag, því að ungum stúlkum þótti gaman að koma hjer til bæjarins og láta kosta sig, en slógu þá stundum slöku við námið. Leist mönnum því rjett, að þær legðu ögn meira ómak á sig, en fengju í staðinn betri kjör að náminu liðnu. Þetta, sem hjer er farið fram á, er því í allra mesta lagi tvöföldun.

Ástæður hv. minni hl. fyrir að vilja koma þessu frv. frá eru eins og gömlu meðulin, sem dugðu við öllu. (HStef: Það virðast hafa verið bestu meðulin). — Já, að minsta kosti þau handhægustu. — Höfuðástæðan er sú, að það verði að spyrja sýslunefndirnar álits, áður en svo ógurlegir skattar væru lagðir á sýslusjóði. Jeg held, að það sje nú ekki siðurinn að spyrja gjaldþegninn, hvort hann vilji borga, þegar verið er að leggja álögur og skatta á menn. Enda vita menn líklega svona hjer um bil, hvert svarið verður hjá sýslunefndum.

Það var minst á það í þessu sambandi, að hreppstjórar hefðu lág laun. Það var nú svo, þegar jeg var í sveit, að hreppstjórarnir voru helstu höfðingjar í hreppum, og fengu þá tign færri en vildu. Mjer var raunar sagt um daginn, að nú væri sjerstaklega farið að velja fátæklinga í þessar stöður, hvað sem til er í því. Annars skal jeg vera manna fúsastur til að fylgja hreppstjórum í því að fá launaviðbót, ef þeir fara fram á hana og sýna einhver rök fyrir máli sínu. En það bara liggur ekkert fyrir um það og hefir aldrei gert.

Þá var talað um fordæmið. Sú grýla er nú ærið mikil með sig. Á þessu þingi fóru 2 prófessorar, fyrverandi og núverandi, fram á að fá nokkra viðbót við laun sín, svo að þeir gætu skrifað um áhugamál sín. Ein helstu rökin móti því voru, hve ógurlegt fordæmi það gæfi. En þá virðist mjer seilst nokkuð langt, ef menn óttast, að 100 kr. hækkun á byrjunarlaunum ljósmæðra dragi á eftir sjer hækkanir á launum háskólakennara og hæstarjettardómara.

Þá hefir það verið fært fram sem ástæða, að tekjustofnar sýslusjóða væru svo takmarkaðir, að ekki mætti leggja á þá meira en nú væri. Jeg hafði nú haldið, að útgjöldum sýslusjóðs væri skift á hreppana og þeir jöfnuðu þeim síðan niður eftir efnum og ástæðum. Tekjustofnar sýslusjóðs takmarkast því ekki af öðru en gjaldþoli einstakra gjaldenda. En um ýmsa tekjustofna ríkissjóðs má segja, að þeir eru í mesta máta takmarkaðir.

Til þess að koma í veg fyrir hina óvenjulegu afgreiðslu þessa máls, vil jeg því á ný beiðast þess, að hv. þdm. hleypi frv. til 3. umr. Þá geta þeir menn, er nú flytja dasgkrána, borið fram brtt. við frv. sjálft og fengið þær afgr. á þinglegan hátt.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Jeg vil fyrst lýsa yfir því, að minni hl. nefndarinnar hefir fallist á þá skoðun hæstv. fjrh. (JÞ) að greiða bæri dýrtíðaruppbótina frá 1. okt. 1925. — Þá langar mig til að segja örfá orð við hv.

frsm. meiri hl. (MJ). Hann virtist mjög óánægður með það, að minni hl. vill nú miðlun í málinu. Hann verður að eiga við sjálfan sig um það, hvort hann vill aðeins alt eða ekkert. Það má vera, að satt sje, að formlegra hefði verið að bera fram brtt. við lögin sjálf, en það gat hæglega orðið til þess, að það kæmist ekki fram eins og við vildum hafa það. Þeim ummælum, að dagskráin byggist ekki á lagaheimildum, vil jeg vísa algerlega frá, og get jeg um það vitnað bæði í hæstv. stjórn og aðra. Flest af því, sem hv. meiri hl. hafði fram að færa, voru vandræðamálsbætur, en þó mjög í hóf stilt. Hann vildi meðal annars gera fordæmið að engu, en það hefir of oft verið tekið tillit til þess hjer á Alþingi, til þess að hann geti alt í einu gert það einskis vert. Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin, frá 1. þm. N.-M. (HStef), samþ. með 17 : 9 atkv.

4. Útrýming fjárkláða.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um útrýming fjárkláða. (þmfrv., A. 179).

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg álít þörf á því, að ræða þetta mál hjer við þessa umr., þar sem engar umr. urðu um það við 1. umr. Það eru ýmsar athugasemdir, sem jeg vildi gera, en þó skal jeg ekki vera langorður.

Það er svo um frv. þetta, að frá hv. nefnd hefir því ekki fylgt neitt álit nje greinargerð um það, hver þörf sje á því að ráðast í þetta fyrirtæki, sem jeg álít nokkuð stórt. Frv. fylgir að vísu brjef frá dýralækni, en engin skýrsla um það, hvað kláðinn sje útbreiddur í landinu. En áður en þessu máli er ráðið til lykta, álít jeg, að skýrslur þurfi um það atriði og eins um hitt, hvort kláðinn sje að magnast svo, að taka verði til þessara ráða.

Það eru nú 22 ár síðan að ráðist var í þá útrýmingu kláðans, er allir trúðu þá á, að koma mundi að fullu gagni. En það sýnir sig, að sú tilraun mishepnaðist, því að skömmu á eftir fer að bóla á kláðanum aftur. Nú er spurningin sú: Mun takast betur nú en þá að útrýma kláðanum? Það væri náttúrlega ágætt, ef það væri hægt, en jeg leyfi mjer að efast um það.

Svo sem jeg drap á áðan, þá er engin skýrsla frá hv. nefnd um það, hvað kláðinn er útbreiddur. Fyrir nokkrum

árum var talað um mikinn kláða í Árnessýslu, en nú er hann þar ekki, og má búast við, að honum hafi því verið útrýmt þar. Einnig hefir verið talað um kláða fyrir norðan og vestan, en eftir öllum sólarmerkjum að dæma er hann þar í rjenun, og sýnir það, að honum má halda í skefjum með þeirri aðferð, sem höfð hefir verið.

Það eru hreinustu vandræði, að leggja út í útrýmingarböðun, jafn-kostnaðarsöm og hún er, með stuttu milibili, nema því aðeins að menn sjeu vissir um, að hún komi að því gagni, sem til er ætlast.

Það er sannfæring mín, að því aðeins sje hægt að útrýma kláðanum, að allur almenningur leggist þar á eitt, og að nákvæmt eftirlit sje haft með því. En það hefir nú sýnt sig, að almenningur hefir ekki mikla trú á þeirri hættu, sem af fjárkláðanum stafar, og því er hætt við því, þótt þessi tilraun verði gerð, að fara muni sem áður, en á hinn bóginn mundi miklu fje á glæ kastað. Þótt sá kostnaður nemi ekki meiru en 100 þús. kr. fyrir ríkissjóð, verður tilraunin dýr fyrir almenning, því að böðunin kostar langa innigjöf fyrir fjenaðinn. Mjer skilst, að hafa verði fjeð í haldi fram yfir allar baðanirnar. Þetta hefir að vísu ekki mikið að segja, þar sem fje er á innigjöf hvort sem er, en víða er útbeit mikið notuð, og þar er teflt á tvær hættur um heybirgðir bænda, ef þeir verða að taka alt fje til innigjafar um langan tíma. Jeg býst líka við því, að fje þurfi betri hjúkrun eftir baðanir en ella.

Það er aðalgallinn á frv. þessu, að gert er ráð fyrir, að ekki sje hægt að útrýma fjárkláðanum nema með því móti, að alstaðar sje baðað, jafnt í þeim hjeruðum, þar sem aldrei hefir orðið kláða vart, sem í hinum. Í Austur-Skaftafellssýslu hefir aldrei verið fjárkláði, hvorki fyr nje síðar, og líklega er sama máli að gegna um Vestur-Skaftafellssýslu. Og því væri hart fyrir þær sýslur, ef þær yrðu að sætta sig við þetta frv.

Jeg vildi, að ítarleg fjárskoðun yrði látin fram fara um alt land, og þar sem kláða verður vart, þar verði baðað kláðabaði, en þeim hjeruðum, þar sem enginn kláði er, verði slept við böðun. Þess hefði verið óskandi, að hv. landbúnaðarnefnd hefði tekið þetta til athugunar áður en málið kom hjer til umr., og eins hvort nauðsynlegt sje að leggja út í þessa stórböðun, sem á að ganga jafnt yfir allar sveitir.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð að segja líkt og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að mjer þykir mál þetta bera einkennilega að. Nú er komin önnur umr., en ekkert nál.

Það er rjett hjá hv. þm. (ÞorlJ), að til eru stór hjeruð hjer á landi, þar sem þessi vágestur, kláðinn, hefir aldrei komið. Skal jeg ekki dæma um, hvort það er af hepni eða hreinlæti, en hvort heldur er, eiga þau hjeruð ekki að gjalda þess.

Dýralæknir ætlast nú til þess, að Alþingi lýsi yfir vanþóknun sinni á þeim mönnum, sem rjeðu fyrri böðuninni 1903, en því vil jeg mótmæla kröftulega. Það má ef til vill segja, að verk Myklestads hafi ekki orðið svo góð sem skyldi, en jeg vil ekki kasta steini að honum fyrir það, heldur að dýralækni landsins, sem ekki rækti þá sitt starf svo vel sem skyldi. Starf Myklestads bar góðan árangur, og jeg vil ekki vera

með í því að sparka í hann eða þá menn, sem unnu með honum.

Frsm. (Árni Jónsson): Það hefir verið ráðist hjer á landbúnaðarnefnd alveg að ástæðulausu. Nefndin leit svo á, að þetta mál væri svo náskylt því máli, er hjer er næst á undan á dagskrá, að hún taldi eigi þörf á því að halda um það langa framsöguræðu af nefndarinnar hálfu, það því fremur sem háttv. þdm. hafa haft nægan tíma til þess að átta sig á hinni ítarlegu greinargerð, sem frv. fylgir.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) var efablandinn um það, hvort rjett hefði verið að flytja frv. og hvern árangur það mundi bera. Hann vitnaði í það, að útrýmingarböðun hefði farið fram fyrir 22 árum, en þrátt fyrir það væri kláðinn lifandi enn. Þetta er alveg rjett. En það sannar einungis það, að útrýmingarböðunin, sem hann vitnaði í, var ekki framkvæmd á rjettan hátt. En það, sem einkum olli því, að sú böðun kom ekki að fullum notum, var það, að menn stóðu þá í þeirri villutrú, að nægilegt væri að einbaða fjeð. Nú vita menn betur. Vil jeg leyfa mjer að benda á, að það er skoðun dýralæknis hjer og allra dýralækna, að fjárkláða verði ekki útrýmt með einni böðun. Má í því sambandi einnig vitna í handbók fyrir bændur, sem Coopers-verksmiðjan hefir gefið út. Þar er það skýrt tekið fram, að allar kláðakindur skuli baða tvisvar, með 15 daga millibili. — Hjer hefi jeg með höndum enskt kláðarit, og er þar mælt svo fyrir, að baða skuli tvisvar, og sje nokkur grunur, þá hið þriðja sinn. Þetta er það sama og hjer á að gera. Í frv. er farið fram á 3 baðanir, ekki af því að 2 sje ekki nægilegt, ef rjett er að farið, heldur til þess, að vera viss um að hafa gengið af hverjum einasta kláðamaur steindauðum. Þá kvartaði hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) undan því, að eigi lægju fyrir nákvæmar skýrslur um útbreiðslu kláðans. Það er náttúrlega alveg rjett, en bæði mætti eflaust fá nokkrar skýrslur með litlum tilkostnaði, og auk þess vitum við, að kláðagemlingar eru um land alt eða svo að segja. Því verður ekkert örugt nema almenn landhreinsun. Þessi sami hv. þm. (ÞorlJ) hjelt því fram, að halda mætti kláðanum í skefjum með þeim aðferðum, sem nú tíðkast. Þetta kann nú að að vera rjett að nokkru leyti. En það er alveg víst, að þegar til lengdar lætur, verður það gróðafyrirtæki að útrýma kláðanum öllum í einu, enda þótt það kosti nokkuð í bili. — Þá var hv. þm. (ÞorlJ) að tala um, að ekki væri hægt að framkvæma þetta nema bændur hefðu trú á, að það mætti takast. Jeg verð nú að segja það, að mjer finst hálf-kindugt að sjá hvern Framsóknarmanninn af öðrum standa upp og vitna um það, hve lítið traust þeir hafi á sínum marglofuðu og ágætu bændum. — Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. hafi átt við, að kláðinn yrði læknaður með trúlækningum einum, þó að það væri raunar ágætt ráð að fá þennan mikla Eyjafjarðar-lækni í kláðann. Hann hefir víst sjeð það svartara stundum heldur en einn kláðagemling, ef trúa má sögunum, sem annað framsóknarblaðið hefir sagt af honum.

Þá talaði hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) um, að hjer yrði miklu fje á glæ kastað, því að kostnaður af böðunum yrði svo gífurlegur. Það er nú gert ráð fyrir, að baðlyfin kosti 150 þús. kr., og á ríkissjóður að greiða af því ⅔ hluta, eða 100 þús. ⅓ skulu bændur sjálfir greiða.

Vitanlega yrði við þetta ýmislegur annar kostnaður, en frá þessu má einnig í raun og veru draga það, sem hvort sem er fer í hin árlegu böð, og það er ekki lítið fje. Hv. þm. (ÞorlJ) hjelt, að mánaðar innigjöf þyrfti, ef þrisvar skyldi baða. Það held jeg að sje nokkuð hæpið. Enginn lætur fjeð standa inni 10 daga við eina böðun, og jeg fæ ekki sjeð, að það þurfi að vera meira en þrisvar sinnum lengri innigjöf við 3 baðanir.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) þótti það hart fyrir kláðalaus hjeruð að þurfa að baða sitt fje þrisvar sinnum. Það er náttúrlega satt og rjett, en hve lengi verða þessi hjeruð kláðalaus? Jeg hugsa, að kláðinn gæti hæglega borist til hans kjördæmis úr Suður-Múlasýslu. (**ÞorlJ:** Er kláði þar?) Þar var hann a.m.k. árið 1911, því að þá kom það̃an kláðagemlingur og smitaði Norður-Múlasýslu, og eins getur líklega komið fyrir, að óþverrinn berist þaðan suður á bóginn til Skaftafellssýslu. Hv. þm. vildi helst sleppa þeim hjeruðum, sem álitin væru kláðalaus. En enginn veit, hvar kláðinn getur leynst. Má því ekkert heimili og engin sveit komast hjá böðuninni. Kláðaskoðun er ónóg trygging, og getur hann vel leynst þrátt fyrir hana. Jeg get nefnt hjer eitt dæmi, sem Gísli gerlafræðingur sagði frá á fundi í haust. Hann hafði keypt kláðagemling ofan úr Kjós, til þess að gera tilraunir með hann. Þegar Gísli eignaðist gemlinginn, var hann alveg útsteyptur í kláða. Nú var hann alinn í nokkurn tíma, og fór þess fljótt að sjá merki. Gemlingurinn fitnaði og varð sællegur, — og kláðinn hvarf. Þá fór Gísli aftur að draga úr fóðrinu, og hvað skeður? — Gemlingurinn steyptist út í kláða að nýju, svo að hann var aldrei ljótari. Af þessu má ráða það, að fóðrunin er mikið atriði og að skoðun er altaf óviss.

Hv. þm. Str. (TrÞ) virtist vera hálfsnakillur í garð nefndarinnar fyrir það, hvernig hún hefir borið mál þetta fram, og fann hann mjög að greinargerðinni. Jeg vil geta þess, að greinargerðin er ekki frá nefndinni, heldur frá dýralækni. Þar með er ekki sagt, að nefndin ímyndi sjer, að hún hefði samið betri greinargerð. Þvert á móti. Enginn ætti að vera þessum málum kunnugri en einmitt dýralæknirinn. En þess er getið í innganginum, sem nefndin skrifaði, að ýms ummæli standa algerlega á reikningi dýralæknis sjálfs. Og þótt einstakir nefndarmenn vildu ekki ganga inn á sjerskoðanir dýralæknis í öllum atriðum, þá vildum við þó flytja frv. Það er raunar álit mitt persónulega, að dýralæknir hafi alveg rjett fyrir sjer um a. m. k. eitt atriði viðvíkjandi þessum Myklestad, sem hv. þm. Str. (TrÞ) var svo ant um. Það er það, að Myklestad ljet ekki baða grunað fje nema einu sinni. En einmitt þetta gæti hafa valdið því, að kláðanum varð eigi útrýmt þá. — Magnús Enarsson dýralæknir hefir frá upphafi haldið fram þessari kenningu. T. d. hefir hann skrifað um þetta í bækling frá 1911, sem jeg hefi með höndum. — Þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En í því er skaðlegasta villa hr. Myklestads fólgin, að hann taldi eitt bað nægja, til þess að lækna kláða á „grunuðu“ fje.“*

Hákon Kristófersson: Það stendur

* Undirstrikað af M. E.

svo á, þótt frv. þetta komi frá landbn., að jeg hefi nokkra sjerstöðu innan nefndarinnar. Skal jeg strax lýsa því yfir, að jeg er alveg sammála hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. þm. Str. (TrÞ). Og þótt jeg beri mikla virðingu fyrir dýralækni, held jeg, að hann geti þó farið villur vegar. Skal jeg nefna eitt dæmi: Nú slær hann því föstu, að alt fje skuli baða þrisvar, en í bæklingi frá í haust segir hann, að til fullrar lækningar þurfi 2 baðanir. Það ætti öllum að vera ljóst, að þetta getur eigi farið saman, og annaðhvort hlýtur að vera rangt hjá þeim góða manni.

Jeg er alveg sammála hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) um, að þetta kemur hart niður á ýmsum hjeruðum landsins, sem aldrei hafa fengið kláðavott, eins og t. d. hans kjördæmi og vesturhluta míns kjördæmis. Þar er útigangur ágætur á sumum jörðum, en ákaflega lítið til af heyi, er hægt væri að gefa fjenu, og það sýnir, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) muni vera kunnugri einhverju öðru en landbúnaði, ef hann veit ekki, að þriggja vikna eða mánaðar innigjöf á útigangsjörðum er talsverðar búsifjar. Það er svo langur tími, að þá mundi heyið farið, sem ætlað var til vetrarins. Það verður því að telja það vandræði, að hverfa að því ráði að stofna til útrýmingarböðunar á þenna hátt, sem gert er ráð fyrir. Það teldi jeg heldur hið eina rjetta í málinu að framfylgja hinum venjulegu þrifaböðunum mjög stranglega í 3—4 ár, og sjá þá að því loknu, hvort ekki skipaðist til hins betra.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) sagði, að það væri leiðinleg aðdróttun til bænda, að þeim væri eigi treystandi til að framkvæma baðanirnar, svo sem fyrir verði mælt. En jeg vil segja, að þetta sje ekki aðdróttun, heldur sannleikur, sorglegur sannleikur. Það kemur fyrir í öllum stjettum, að áhugi manna og skyldurækni er misjöfn, og hygg jeg, að það sje alveg eins í þeirri stjett, sem hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) er talinn til, eins og í bændastjettinni.

Svo að jeg snúi mjer aftur að útiganginum, þá held jeg, að óhætt sje að slá því föstu, að það fje, sem vant er útigangi, yrði kulvíst við baðanirnar og þollaust til útigangs, og þyrfti því langa innigjöf. Mjer skilst, að gert sje ráð fyrir í 3. gr. frv., að skoðun fari fram eftir þessar baðanir, til þess að sjá, hvort kláði kynni nú enn að leynast einhversstaðar. En ef treysta má þessari skoðun, hví má þá ekki eins treysta skoðun þeirri, sem fram fer eftir hina árlegu böðun? Það væri nógu fróðlegt að vita, hvernig stendur á því, að þessi skoðun á að verða svo ógurlega áreiðanleg, gagnstætt öllum öðrum.

Jeg er alveg ósammála hæstv. atvrh. (MG), að lítið sje leggjandi upp úr hinum árlegu þrifaböðunum. Jeg held þvert á móti, að þær sjeu mjög mikils virði og alveg fullnægjandi, ef góð skoðun fer fram, því að þá er baðað aftur, ef nokkur vottur finst af kláða.

Það er alveg rjett, sem haldið hefir verið fram, að kláði er nú allvíða, en hitt hygg jeg að sje nokkurt vafamál, hvort hann sje nú í uppsiglingu. Jeg held þvert á móti. Fyrir nokkrum árum komu t. d. brjef frá Dalasýslu til þm. þeirra, með tugum undirskrifta, og skoruðu á hann að útvega lagalega hjálp á móti kláðanum. Það mun hafa stafað af því, að upphaflega var illa baðað í Dalasýslu. — Til Barðastrandarsýslu

barst kláðinn fyrir fám árum úr Dölum. En hann er ekki enn kominn vestur fyrir Vatnsdalsá, svo menn viti.

Jeg er alveg sammála vini minum, hv. þm. Str. (TrÞ), um það, að baðanir Myklestads hafa ekki verið eintómur hjegómi, heldur mikils virði. Einnig er jeg þess viss, að kláðanum má útrýma með hinum árlegu böðunum, ef rjett er að farið, eins og jeg hefi tekið fram. Þótt það hafi ekki orðið enn, sannar það lítið, því að frá því að kláðalögin voru sett, 1914, og til 1920, voru baðanirnar víða vanræktar, og málið lá í dvala. (**ÁJ**: Það er þá hreppstjórunum að kenna). Nei, ónei; Alþingi fól ekki þeim þetta verk, heldur fjekk það í hendur hreppsnefndunum, og áttu þær aleinar að sjá um framkvæmdir, en því miður hafa þær margar hverjar látið málið afskiftalítið. Það má vel vera, að hreppstjórum hafi borið að skifta sjer frekar af málinu en þeir hafa gert, en jeg held þó, að tæplega sje rjett að kasta sökinni á þá, nema ef vera mætti af því, að þeir hafi ekki kært hlutaðeigendur fyrir vanrækslu á framkvæmd baðananna. (**BL**: Lögreglustjórarnir hafa yfirumsjónina). Það er nú svo. Og þó að jeg efist ekki um ágæti þessa hv. þm. (BL), er jeg þó í nokkrum vafa um það, hvort hann mundi fara höndum um hverja kláðakind í sínu umdæmi, ef hann væri lögreglustjóri einhversstaðar.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil taka undir með hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. þm. Str. (TrÞ), að full þörf er að ræða og athuga þetta mál. Jeg vil meira að segja kveða svo sterkt að orði, að það hefði verið óhæfa, að það hefði farið umræðulaust gegnum hv. deild, svo mikinn kostnað sem þessi útrýmingarböðun mundi hafa í för með sjer. Þessi orð mín ber þó ekki að skilja sem andstöðu gegn frv., því að jeg álít, að mikið sje vinnandi til að útrýma kláðanum. Því að svo sem menn vita, er það hann, sem stendur mest í vegi fyrir, að við fáum að flytja lifandi fje til Englands.

Út af kostnaðinum, sem mikið hefir verið um rætt, vil jeg segja, að allur þessi kostnaður verður ekki aukakostnaður fyrir ríkissjóð. Því að eins og kunnugt er, er altaf verið að gera ýmsar kák-ráðstafanir til útrýmingar kláðanum, þeim ráðstöfunum fylgir altaf kostnaður, sem má draga frá þessu. En þessar kláðabaðanir eru aðeins kák. Haustið 1921 voru t. d. 2 kláðabaðanir í nokkrum hluta Eyjafjarðar. Þó tekist hefði að útrýma kláðanum í bili á því svæði, þá hefði það samt orðið alveg gagnslaust, því að næsta sumar gekk fjeð saman við annað fje, og hefði því getað fengið kláðann aftur. — Jeg held, að eina ráðið sje almenn böðun um land alt, eða a. m. k. meiri hluta landsins. Það kann að vera, að svo hátti í Austur-Skaftafellssýslu, ef aldrei hefir komið kláði þar, að vötn og aðrar torfærur hefti samgang fjár á milli hjeraðanna, og að af þeim ástæðum mætti sleppa eins strangri böðun þar. Hinsvegar álít jeg, að ef þetta er ekki fullkomlega trygt, þá verði böðunin að fara fram um alt land, ef átt er við hana á annað borð.

Það hefir verið minst á útrýmingarböðunina 1903 og 1904, og í því sambandi á greinargerð dýralæknis, sem fylgir frv. Jeg verð að segja það, að jeg er ósamþykkur ummælum dýralæknis um starf þeirra manna, sem

unnu að böðuninni 1903—4. Jeg álít það algerlega ómaklegt, að gert sje lítið úr því. Hinsvegar hafa aðrar ástæður ef til vill legið til þess, að útrýmingin tókst ekki betur en raun varð á. Það stóð svo á, að ekki var hægt að koma því við að baða alstaðar á landinu sama veturinn, og þó að verðir væru hafðir um sumarið og yfir höfuð varúðar gætt, þykist jeg hafa ástæðu til að ætla, að sú varsla hafi eigi verið fullnægjandi. — Í mínu kjördæmi var það svo, að eftir þessa böðun fjell kláðinn niður um mörg ár, en kom upp aftur síðar, og einkum í því fje, sem ástæða var til að ætla, að hefði gengið saman við fje Skagfirðinga, — en böðunin fór fram vetri seinna vestan Hjeraðsvatna heldur en í Eyjafirði og austurhluta Skagafjarðar. — Þetta hygg jeg að hafi verið ein af ástæðunum til þess, að ekki tókst að útrýma kláðanum á árunum 1903—5.

Jeg hafði ætlað mjer að koma fram með litla brtt. við frv., en vil nú í þess stað beina þeim tilmælum mínum til hv. landbn., að hún athugi til 3. umr., hvort ekki væri rjett að breyta 1. gr. frv. lítilsháttar. Í 1. gr. stendur, að böðunin skuli framkvæmd í ársbyrjun 1929, en mjer finst, að heppilegra væri að breyta þessu. Það væri víða miklu hentugra, að böðuninni gæti verið verið lokið fyrir jól, að minsta kosti þar sem fje er tekið snemma í hús. Mjer þykir rjettara, að um þetta atriði kæmi fram brtt. frá hv. nefnd, en að jeg fari að flytja hana.

Í 3. gr. er atriði, sem jeg vildi gjarnan fá upplýsingar frá hv. nefnd um, hvað meint er með. Það er ákvæðið um það, að hreppsnefndir skuli annast flutning baðlyfjanna frá höfnum. En í 2. málsgrein er svo ákveðið, að fjáreigendur skuli greiða ⅓ andvirðis baðlyfja og flutningskostnaðar, eftir fjártölu, en ríkissjóður allan annan kostnað, eða ⅔ hluta hans.

Er það þá meiningin, að ríkissjóður eigi að endurgreiða hreppunum ⅔ af flutningskostnaðinum frá höfnum og heim í hreppana? Það er vitanlega lítið atriði þetta, en jeg vildi þó gjarnan fá skýringu á því.

Tryggvi Þórhallsson: Háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hefir gert grein fyrir frv. af hálfu landbúnðarnefndar, en mjer finst sú greinargerð tæplega nógu fullkomin.

Það er einkum kostnaðarhliðin, sem mjer finst, að þörf væri að gera sjer betri grein fyrir. Það mun vera áætlað, að verð baðlyfjanna einna mundi nema 150 þús. kr., og þar við bætist vitanlega mikill annar kostnaður. Í 3. gr. er svo ákveðið, að fjáreigendur skuli greiða ⅓ hluta baðlyfja og flutningskostnaðar innan sveitar, en að allur annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Jeg verð að segja það, að jeg kynni nú betur við að hafa einhverja hugmynd um það, hvað mikill þessi kostnaður mundi verða, bæði fyrir bændur og ríkið. Það er ljóst, að kostnaðurinn verður æði mikill, en jeg mun þó fylgja þessu frv., ef næg rök koma fram fyrir því, að slík útrýmingarböðun sje nauðsynleg eða jafnvel óhjákvæmileg. Mjer skilst, að hv. nefnd hafi aðeins leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta, en mjer sýnist, þar sem um svo stórvægilegt mál er að ræða eins og þetta, að það væri ekki úr vegi að fá álit annara dýralækna hjer á landi um þetta. Hjer er um að ræða mál, sem

varðar alt landið, og því finst mjer, að það hefði verið sjálfsagt að leita umsagnar, helst allra dýralækna á landinu, og ekki síst vegna þess, að till. dýralæknisins hjer í Reykjavík hafa mætt andúð utan af landi og jafnvel einnig hjer í þessari hv. deild.

En það var annað atriði, sem olli því sjerstaklega, að jeg stóð upp, og skal jeg nú víkja að því. Jeg vil mótmæla mjög eindregið þeim orðum, sem sögð eru í áliti dýralæknisins hjer í Reykjavík um þá menn, sem unnu að útrýmingarböðuninni 1903. Jeg vil láta það koma fram, að þingið vilji ekki á neinn hátt taka undir það, að sparkað sje í ágætismenn eins og Myklestad, sem áreiðanlega unnu mjög mikið og gott starf í þágu útrýmingarinnar á þessum árum. Jeg vil, að það komi fram frá hv. landbn., að hún mótmæli þeirri skoðun dýralæknisins, sem kemur fram í áliti hans, og fordæmi það, að kastað sje steinum að þessum mönnum. Dýralæknir leggur mikinn áhuga á það í sinni greinargerð, að lögin frá 1914 verði afnumin. Þetta hefir nefndin ekki getað fallist á, auk þess getur nefndin þess, að einstakir nefndarmenn vilji ekki gera sum ummæli hans að sínum. Þetta finst mjer benda til þess, að nefndin vilji ekki skrifa undir þann áfellisdóm, sem dýralæknir kveður upp yfir aðgerðum þingsins í þessu máli og þeirra manna, sem unnu að böðuninni 1903—1905. Það var þetta, sem jeg vildi, að kæmi skýrt fram hjer í þinginu, að það mótmælti þessari tilraun dýralæknisins til þess að fá þingið til þess að sparka í Myklestad og samverkamenn hans, sem unnu áreiðanlega mikið og gott starf fyrir þetta mál á sínum tíma, þó að árangurinn yrði hinsvegar ekki fullur sigur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg veit ekki, hvort hv. nefnd hefir kynt sjer það, hve mikið fjárkláðinn hefir útbreiðst á síðustu árum. En það er mikið og fer sífelt í vöxt. Það má vera, að enn sjeu einstöku hjeruð laus við kláðann, en ef ekkert væri að gert til þess að hindra útbreiðslu hans, þá hygg jeg, að ekki yrði langt þess að bíða, að hann kæmist um land alt. Jeg álít, að það sje skylt að reyna að stemma stigu fyrir útbreiðslu þessa leiða sjúkdóms, og er jeg alveg sammála dýralækni um það, að alt kák sje ónýtt í þessu efni, og að ein böðun á ári sje gagnslaus til útrýmingar. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um Myklestads böðunina, en hún hefir sýnt það, að það má mikið tefja fyrir kláðanum með einni böðun, en hinsvegar ekki hægt að útrýma honum. Eina leiðin er sú að reyna 2—3 böð með hæfilegu millibili, en það eru miklar líkur til þess, að með því megi takast að útrýma kláðanum, að minsta kosti svo, að hann geri ekki skaða á næstunni.

Út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um skoðun dýralæknis á þessu, vil jeg geta þess, að jeg hefi skilið hann svo, að hann væri að berjast á móti þeirri almennu trú, að kláðanum sje hægt að útrýma með einni böðun. Vitanlega er nauðsynlegt að baða fje einusinni á ári til þrifa, þó ekki sje hægt að skoða slíkt neina kláðaráðstöfun. Það er þetta stríð, sem dýralæknir á í, sem hefir gert það að verkum, að hann hefir viðhaft harðari orð en viðeigandi þykja af sumum. Það sýnir, að nefndin hefir ekki viljað taka undir

neinn áfellisdóm, að hún hefir ekki viljað afnema þrifaböðin. Með einni böðun er ekki hægt að útrýma kláða, en þó er altaf nauðsynlegt að baða einu sinni á ári til þess að halda þrifum í fjenu.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er fylgjandi þessu frv., og þó að segja megi, að þeir landshlutar, þar sem kláða hefir eigi orðið vart, verði hart úti, þá er þetta öryggisráðstöfun einnig fyrir þessa landshluta, sem búast má við, að ekki verði lengi lausir við sjúkdóminn, sje ekkert að gert. Ef kláðinn fær að halda áfram að breiðast út, má vissulega búast við, að brátt komi að þessum hjeruðum, sem enn eru laus við hann. Það hagar víða svo, að fje gengur saman á afrjetti, þó að það geri það ekki í bygðum. Jeg vil benda á það, að t. d. í Skaftafellssýslu var lengi góð vörn í Fúlalæk, en nú er hann ekki lengur til varnar síðan brúin kom, og óhugsandi er, að Skaftafellssýsla geti varist kláðanum, ef hann magnast í Rangárvallasýslu, meðal annars af því, að hætt er við, að fje gangi saman að fjallabaki. Í sumum sýslum landsins er kláðinn á mjög háu stigi, en líklega einna verstur í Dalasýslu sem stendur.

Jón Kjartansson: Mjer þykir eðlilegt, að mikið sje um þetta mál rætt, því að hjer er um stórmál að ræða. Jeg vil fyrst og fremst undirstrika það, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði, að hjer vantar skýrslur um ástandið eins og það nú er og hefir verið á undanförnum árum. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að kláðinn væri nú mjög að færast í aukana, en að hinsvegar væru nokkur hjeruð enn laus við hann. Mjer finst vanta, hvaða hjeruð þetta eru, því það getur haft mikla þýðingu að fá vitneskju um þetta atriði.

Í mjög ítarlegu nál. frá 1903, frá nefnd þeirri, er hafði þetta mál til meðferðar, eru talin þessi hjeruð, sem þá voru talin laus við kláða: Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjar og Vestur-Skaftafellssýsla, og telur nefndin, að svæðið frá Jökulsá á Breiðamerkursandi að Þjórsá sje alveg hreint. Mjer er ekki kunnugt um, að kláða hafi nokkurntíma orðið vart í Vestur-Skaftafellssýslu síðan, eða síðan böðunin 1903—4 fór fram. Jeg verð að segja það, að mjer finst það nokkuð hart að skylda nú þessi hjeruð til þess að taka þátt í útrýmingarböðun, ef það er víst, að þau hafi ekki haft kláða fyrir böðunina 1903 og heldur ekki síðan. Það er að vísu satt, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að samgöngur hafa batnað, t. d. er nú komin brú á Jökulsá á Sólheimasandi. Þó hygg jeg, að þetta skifti litlu máli, vegna þess að sjaldan er þar fje á ferli á söndunum. En mestu máli skiftir þó hitt, að enginn kláði hefir verið undir Eyjafjöllum, hvorki fyrir böðunina 1903—4 nje heldur síðar. Eða mjer er ókunnugt um, að svo hafi verið. Hvað snertir hitt, að fje gangi saman að fjallabaki, þá mun það vera mjög lítið. Jeg skal ekki fortaka, að það eigi sjer stað, en það mun vera sjaldgæft. Yfir höfuð finst mjer engin ástæða til að skylda þessi hjeruð til þess að taka þátt í útrýmingarböðun, þessi hjeruð, sem hvorki hafa haft kláðann fyrir eða eftir böðunina 1903. Jeg vildi helst leggja það til, að þetta mál yrði rannsakað betur, og gefnar skýrslur um það, hvaða hjeruð eru laus við kláðann og hvar hann er mestur o. s. frv.

Jeg vænti þess, að málið verði rannsakað, og mun jeg greiða frv. atkvæði mitt nú, í því trausti, að hægt verði að leggja fram skýrslur um málið við 3. umr., en ef svo verður ekki, mun jeg ekki sjá mjer fært að greiða atkv. með því lengra.

Sveinn Ólafsson: Jeg get tekið undir það, að mjer finst þetta mál hafa komið nokkuð hastarlega inn í þingið og ekki fengið þann undirbúning, sem nauðsynlegur hefði verið. Í rauninni hefir hv. þm. Str. (TrÞ) tekið af mjer ómak að mótmæla þeim ummælum dýralæknis, um böðunina 1903—5, sem mjer fanst ástæða til að átelja. Þarf jeg ekki að bæta neinu við það, sem hann sagði um þetta efni. En hitt vildi jeg taka fram, að jeg hefi hvergi orðið var við þá villukenningu, nema í áliti dýralæknis, að fólk trúi því alment, að hægt sje að útrýma fjárkláða með einni böðun. Hinsvegar hefi jeg heyrt menn segja, sem við baðanir hafa fengist, að með einu þrifabaði megi halda kláðanum í skefjum, svo að hann komi ekki að sök, en engan mann hefi jeg heyrt halda því fram, að ein böðun útrýmdi kláða, og veit ekki til, að nokkur maður standi í þeirri meiningu.

Jeg verð að segja, að jeg hefi enga tröllatrú á því, að það takist að útrýma fjárkláðanum, þótt þessi leið verði farin, eða að skorið verði fyrir rætur hans. Jeg hygg, að fjárkláðinn sje lítill eða enginn í mörgum hjeruðum landsins. Mjer er ekki kunnugt, að hann þekkist í mínu hjeraði sem stendur. Sjálfur hefi jeg aldrei sjeð kláða, og hefi þó gert mjer far um að kynna mjer ástand kinda, sem grunur hefir leikið á, að hefðu kláða. Það hefir oft komið upp kvittur um kláða, þar sem hann hefir þó eigi fundist, sýnishorn hafa verið send og dýralæknir skoðað, en oftast hefir niðurstaðan orðið sú, að um kláða væri ekki að ræða. Þó mun kláði hafa verið sannprófaður tvisvar eða þrisvar í örfáum kindum í Suður-Múlasýslu, og hefir þá slóð hans verið rakin norður fyrir Lagarfljót. En hins hefi jeg oftar heyrt getið, að hann hefir gert vart við sig nokkrum sinnum norðan Jökulsár og Lagarfljóts. Jeg hefi það fyrir satt, og hefir verið sagt það af fróðum mönnum, að Skotar, sem eru ein af mestu fjárræktarþjóðum álfunnar, hafi aldrei lagt út í það, að útrýma fjárkláðanum, heldur haldi þeir honum í skefjum með þrifaböðunum, svo að hans verði naumast vart.

Nú er í 3. gr. þessa frv. svo ákveðið, að allur kostnaður við útrýmingarböðunina, að undanskildum ⅓ af andvirði baðlyfja og flutningskostnaði, skuli greiddur úr ríkissjóði. Eftir þessu ætti þá ríkissjóður að kosta fóðrun fjárins meðan á böðun stendur. Ekki verður hjá því komist að hafa fjeð mikið í húsi milli 1. og 3. böðunar, en í útigöngusveitum kostar það ærna peninga. Eftir þessari frvgr. á allur slíkur kostnaður að greiðast úr ríkissjóði, og er þó fremur ólíklegt, að hv. landbn. hafi ætlast til þess, en það liggur ótvírætt í orðum greinarinnar. Það hefir verið fullyrt af ýmsum í dag, að fjárkláðinn hafi útbreiðst hin síðari ár. Mjer er ekki kunnugt um slíka útbreiðslu, en hitt veit jeg, að sumstaðar þar, sem grunur var um nokkurn slæðing kláða áður, verður hans ekki vart nú. Þetta er árangur þrifabaðananna, þar sem þær eru vel ræktar.

Mjer er ókunnugt, hvar þau hjeruð

eru, sem kláðinn hefir náð útbreiðslu um, en ef um slíkt er að ræða, þá er mjer nær að halda, að útbreiðslan stafi af vanrækslu þrifabaðana, ljelegu eftirliti eða ónýtum baðlyfjum. Fleira hefi jeg ekki um þetta að segja í bili. Jeg get tekið í sama streng og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að það er rjett að sjá hvað setur til 3. umr., og mun jeg ráða við mig þá, hvort jeg fylgi frv. eða ekki.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg ætla nú ekki að elta ólar við alt, sem sagt hefir verið hjer í dag. Það mundi taka of langan tíma og hindra það, að atkvæðagreiðsla geti farið fram áður en fundarhlje verður. Umræður hafa líka farið mjög fyrir ofan garð og neðan. Það hefir mikið verið þráttað um það, að mönnum virðist í greinargerð frv. vera sneitt að þeim mönnum, sem stóðu fyrir böðuninni 1903. En slíkt er alt bygt á misskilningi. Hv. þm. Str. (TrÞ) mintist á kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða, og þótti ilt að fá ekki nánari upplýsingar um hann. Það er sjálfsagt, að nefndin tekur þetta atriði til athugunar til næstu umræðu, til þess að reyna að komast að einhverri fastri niðurstöðu með hann. Þá gat hann þess, að ekki hefðu komið fram óskir um þessa allsherjar útrýmingarböðun. Það er að vísu rjett, að slíkar kröfur hafa ekki komið fram í þingmálafundargerðum, en jeg hygg, að það eigi rót sína að rekja til þess, að menn hafi haft þá trú, að árleg þrifaböðun mundi nægja til þess að útrýma fjárkláðanum. Menn hafa alment ekki gert sjer ljóst, að þrifaböðin eru ekki nægileg. Þá áfeldi sami hv. þm. landbn. fyrir það, að hún hefði ekki leitað álits annara dýralækna en dýralæknisins í Reykjavík. En þar er því til að svara, að hann er reyndastur hjer í þessum efnum; hefir starfað hjer lengur en allir hinir, eða um 30 ára skeið, og skoðun hans hefir í aðalatriðunum reynst rjett. Því er nefndin ekki ámælisverð fyrir það, þótt hún hafi snúið sjer til hans. En jeg er því ekki mótfallinn, þótt líka væri leitað álits dýralæknanna í Stykkishólmi og á Akureyri, og skal skjóta því til meðnefndarmanna minna. Jeg get ekki fallist á það, að sparkað sje í Myklestad, þótt sagt sje, að baðanir hans hafi ekki orðið að tilætluðum notum eða gert eins mikið gagn og æskilegt hefði verið. Menn voru alment þeirrar skoðunar þá, að ein böðun dygði, en það reyndist ekki rjett. Myklestad er ekki áfellisverður, þótt hann hjeldi fram ríkjandi skoðunum síns tíma og bygði á þeim.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) talaði alllangt mál, og hefir því flestu verið svarað áður. Hann beindi því til nefndarinnar, hvort ekki væri betra að ákveða tímann í árslok 1928 heldur en ársbyrjun 1929. Jeg skal skjóta því til nefndarinnar til athugunar.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) var á móti þessari útrýmingarböðun, einkum vegna Skaftfellinga, og tók í sama strenginn og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Hann sagði, að það hefði ekki orðið kláða vart í Skaftafellssýslu eftir baðanirnar 1903—5. Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú bent á, að þarna er nú komin samgöngubót, sem gerir það að verkum, að það er ekki lengur örugt, að kláðinn berist ekki inn í sýslurnar. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) bjóst við því, að kláðinn hefði borist yfir brúna á Lagarfljóti. Þá gæti hann eins vel borist yfir brúna á Jökulsá. Annars býst jeg við því, að Skaftfellingar sjeu svo góðir þegnar, að þeir snúist ekki

gegn þessu þjóðþrifafyrirtæki, þótt lítill eða enginn kláði sje hjá þeim.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kvað frv. þetta hafa komið nokkuð hastarlega og óvænt inn í deildina. Það er þó rúmur mánuður síðan því var útbýtt, svo það er ekki hægt að segja, að það beri mjög bráðan að. Þá vitnaði þessi sami hv. þm. í 3. gr. frv., og kvað það vera samkvæmt orðalagi greinarinnar, að ríkissjóður greiddi allan fóðurkostnað fjárins meðan það stæði inni milli baðananna. Nefndin hefir nú talið sjálfsagt, að fóðurkostnaðurinn yrði greiddur af fjáreigendunum sjálfum, enda hafa allir skilið það svo; svo að þetta er ekkert annað en útúrsnúningur og vífilengjur hjá þessum hv. þm., eins og hans er vandi. En úr því að farið er að fjargviðrast út af kostnaðinum, þá er best að það komi fram, að þessi aukna innigjöf mun ekki þurfa að vera nema svo sem vika. Jeg geri ráð fyrir því, að það þurfi að gefa fjenu inni svo sem 2—3 daga eftir hvert bað. Svo að þetta yrðu þá 6—9 dagar.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) gat þess, að þessi kostnaður væri ekki aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð, því að meðan kláðahættan væri yfirvofandi, væri hætt við því, að ríkissjóður yrði árlega að leggja fram fje til þess að koma í veg fyrir hann. Þetta er alveg rjett. Hjer er um það að ræða, hvort menn vilja leggja ofurlítið á sig í eitt skifti fyrir öll, til þess að útrýma þessum vágesti, eða hvort menn vilja hafa hann yfir sjer vofandi ár eftir ár. Þetta er kjarni málsins.

Halldór Stefánsson: Jeg hefði vart tekið til máls að þessu sinni, ef eigi hefðu fallið þannig löguð orð frá háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að jeg get eigi látið þau vera athugasemdalaus. Háttv. þm. sagði, að meira hefði jafnan orðið vart við fjárkláðann norðan Lagarfljóts en austan. Þetta er alveg öfugt við það, sem átt hefir sjer stað, að því er jeg best veit. Mjer er kunnugt um, að kláða hefir ósjaldan orðið vart í Hjaltastaðahreppi, austan Lagarfljóts, en norðan fljótsins veit jeg aðeins til, að hans hafi einu sinni orðið vart á Jökuldal, og hafði hann borist þangað með sauðfje, sem kom þangað austan yfir fljót með manni, sem fluttist þangað búferlum. — Þetta er að vísu smáatriði, sem ekki skiftir miklu máli, en úr því það bar á góma og jeg þóttist vita betur, hvað rjett var, þykir mjer rjett að taka þetta fram.

En úr því jeg nú stóð upp á annað borð, vil jeg með fáeinum orðum drepa á nokkur atriði málsins, sem fram hafa komið við umræður. Það hefir verið fundið að því, að landbn. hefir ekki lagt fram neinar skýrslur um kláðann eða útbreiðslu hans á síðari árum. Þetta er að vísu rjett, en nefndin taldi, að sú almenna vitneskja ætti að nægja, sem þegar er fengin um það, að fjárkláðinn hefir breiðst allmikið út á síðari árum, og það taldi nefndin, að enginn mundi verða til að vefengja. En ef svo er, að kláðinn útbreiðist, þá vaknar sú spurning, hvort eigi að bíða eftir því, að hann útbreiðist ennþá meir, eða halda menn, að auðveldara verði að fást við vágest þenna, eftir því sem hann færist í aukana?

Þá er það kostnaðurinn við útrýmingarböðunina. Því er ekki hægt að neita, að talsverður kostnaður er þessu samfara, þó að ætlast sje til, að fjáreigendur greiddu aðeins ⅓ af baðlyfja-

kostnaði, yrði það þó allmikill kostnaður, sem fellur á fjáreigendur, vegna þess að á þá fellur alt af allmikill fóðurkostnaður, sem stafar af þríböðun fjárins. Þetta kemur harðast niður á hjeraðsbúum þeirra hjeraða, sem annaðhvort enginn fjárkláði er í eða aðeins lauslegur grunur hvílir á. Það var meðfram með tilliti til þessa, að nefndin leggur til, að fjáreigendur greiði ⅓ baðlyfjakostnaðarins, en ekki ½, sem einnig kom til athugunar í nefndinni. Sumir háttv. ræðumenn hafa gert alt of mikið úr þessum kostnaði við útrýmingarböðunina, t. d. að af henni leiddi alt að mánaðar innigjöf fjárins o. s. frv. Þetta atriði er mjög komið undir veðráttu. Sje veðrátta mjög óhagstæð, getur þurft að gefa inni samfelt á meðan á böðununum stendur, en þá þyrfti að gefa mikið hvort sem er. Ef veðrátta þar á móti er góð, þarf ekki að halda fjenu lengi í húsi, en fóðureyðsla verður þó alt af nokkur.

Það hefir einna mest borið á mótmælum frá fulltrúum þeirra hjeraða, sem annaðhvort enginn eða lítill fjárkláði er talinn í. Jeg hefi skilið þá svo, að þeir telji að vísu ekki óþarft að útrýma kláðanum, en þeir vilja láta undanþiggja þessi hjeruð útrýmingarráðstöfunum. En ef alvara á að vera í því að útrýma kláðanum, má ekkert slíkt kák eiga sjer stað; annaðhvort á að láta fara fram allsherjarböðun á sauðfje eða alls enga.

Að útrýmingarböðunin skömmu eftir aldamótin (1903—5) mistókst, stafaði af því, að þá var látið nægja að baða aðeins einu sinni, þar sem álitið var, að kláði væri ekki. Þetta var það, sem var kákkent við þá útrýmingu, og svo mundi ekki síður fara nú, ef það yrði leyft, að undanþiggja hjeruð eða hjeraðshluta, þó ógrunuð væri talin. Það má benda mönnum á það, að fje gengur viðar saman nú en fyrrum, vegna þess, að stórár hafa verið brúaðar, sem taldar hafa verið fullkomin hindrun fyrir samgöngum fjár. Auk þess er fje, einkum hrútar, nú alloft flutt milli hjeraða til kynbóta.

Í þessu máli sem öðrum verður að meta ástæðurnar með og móti. Það, sem mælir með því að ráðist verði í útrýmingarbaðanir, er hið mikla tjón, sem kláðinn veldur árlega. Það er ekki hægt að áætla þetta hjer nákvæmlega; það kemur fram í afurðatjóni og vanhöldum fjárins og álitshnekki ísl. varna, — lifandi sauðfjár, kjöts, ullar — sem veldur markaðsspjöllum á erlendum markaði. Þetta verður alt að metast á móti kostnaðinum við útrýmingu fjárkláðans. Menn verða að gera það upp í huga sjer, hvort þeir vilji heldur, að kláðinn fái að breiðast út og magnast og valda meira og meira tjóni, eða hvort á að ráðast í þann kostnað, sem því er samfara að losna við þenna leiða sjúkdóm.

Það, að menn efast um, að takast muni að útrýma kláðanum, vegur eigi þungt á metunum, er það er athugað, að erlendis hefir það tekist með einfaldari aðferðum en hjer eru í ráði.

En auk alls þess tjóns, sem kláðinn veldur, sem fer í vöxt með útbreiðslu kláðans, er skömmin að ala þenna leiða kvilla, eftir að það er alment vitað, að hægt er að útrýma honum alveg.

Jeg hefi reynt að tala þannig, að ekki þyrfti að vekja deilur, en hefi aðeins stuttlega fært fram ástæður mínar, og læt svo útrætt um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 179, 404).

Pjetur Ottesen: Jeg leyfi mjer fyrir mína hönd og nokkurra annara deildarmanna að fara fram á, að mál þetta verði tekið af dagskrá, því að jeg hefi viljað athuga það og koma fram með brtt., en það hefi jeg ekki getað enn, af því að jeg ætla fyrst að leita álits dýralæknis.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg skil ekkert í hv. þm., að geta ekki verið búinn að koma fram með brtt. sínar. Dýralæknir hefir verið til viðtals í morgun, svo að hans vegna hefði það átt að vera hægt. Jeg er hræddur um, að þetta sje gert til að tefja fyrir málinu, og því er mjer illa við, að það verði tekið af dagskrá.

Pjetur Ottesen: Tillögurnar voru ekki tilbúnar í morgun, þegar jeg átti tal við dýralækni, en jeg vil, að þær sjeu bornar undir hann, áður en þær eru fluttar í þinginu.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að lýsa því yfir sem nefndarmaður, að nefndin hefir ekkert á móti því, að málið sje tekið af dagskrá. Jeg vil ekki væna nokkurn mann um, að hann sje með þessu að tefja fyrir málinu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal geta þess, að jeg er ekki viðriðinn þessa ósk um að taka málið af dagskrá. En mig langar til að spyrja hv. landbn.: Er hún búin að afla sjer þeirra upplýsinga, sem hún hjet svo góðu um að afla sjer? Hefir hún leitað álits hinna dýralæknanna? Mjer virðist, eftir því, sem fram hefir komið, málið vera mjög ófullkomlega undirbúið, og finst mjer það koma úr hörðustu átt, ef nefndin ætlar að spyrna á móti því, að það verði athugað til hlítar, þegar ekkert orð fylgdi því við 1. umr.

Frsm. (Árni Jónsson): Áður en jeg svara hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg fá úrskurð hæstv. forseta um það, hvort málið er hjer til umræðu eða ekki. En út af orðum hv. þm. Barð. (HK) vil jeg benda á, að hv. formaður nefndarinnar er ekki flm. að frv. Hann skar sig úr nefndinni og er andvígur því.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, hvort hún geti ekki fallist á, að málið verði tekið af dagskrá núna, ef það kemur fyrir aftur á mánudag.

Hákon Kristófersson: Jeg vil aðeins vísa tilgátum háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) aftur heim til föðurhúsanna.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg hefi ekki farið með neinar tilgátur, heldur er það staðreynd, og býst jeg ekki við, að hv. þm. Barð. (HK) snúist hugur. Annars vil jeg ekki gera þetta að meira kappsmáli en orðið er.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 179, 404, 420, 421).

Frsm. (Árni Jónsson): Það er viðvíkjandi brtt. á þskj. 404, sem jeg þarf að segja nokkur orð. Við 2. umr. benti hv. þm. Eyf. (BSt) á, að heppilegra væri að ákveða tímann eins og gert er í þessari till., og felst landbn. á það. Þá hefir nefndin eftir bendingu frá sama þm. orðað um 2. og 3. málsgrein 3. gr. Er þar ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur orðalag greinarinnar gert skýrara. Þá er rjettast að jeg svari um leið nokkrum athugasemdum frá hv. þm. Str. (TrÞ), sem fram komu í fyrradag, þegar um það var rætt, hvort taka skyldi málið af dagskrá eða ekki. Hann gat þess, að hann stæði ekki upp til að senda nefndinni hnútur, en ljet þó fjúka hverja hnútuna af annari. Hann vildi fá að vita, hvort nefndin hefði athugað kostnað við böðunina meir en segir í greinargerðinni. Jeg hefi átt tal um þetta við dýralæknirinn, og um kostnaðinn er það að segja, að ómögulegt er að áætla hann nákvæmlega á þessu stigi málsins. Það er gert ráð fyrir, að einn maður verði í hverjum hreppi til yfirumsjónar, og ef til vill fleiri í stærri hreppum. Mætti kannske áætla kostnaðinn 30—50 þúsund krónur.

Þá vildi hv. þm. (TrÞ) fá að vita, hvort nefndin teldi ekki þörf á að tala um þetta mál við fleiri dýralækna en dýralæknirinn í Reykjavík. Jeg bar þetta undir nefndina, en verð að hrella háttv. þm. með því, að hún sá ekki ástæðu til að taka þetta til greina. Nefndin álítur, að dýralæknirinn hjer sje þessu máli kunnugastur. Hann hefir haft það með höndum um 30 ára skeið, og sú skoðun, sem hann hjelt fram strax í byrjun, hefir reynst rjett. Honum lenti þá saman við ýmsa merka menn, svo sem Pál Briem. Nú sjest, að hann hefir haft rjett fyrir sjer í þeirri deilu, því kláðanum hefir ekki verið útrýmt með þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar. Hann hefir frá upphafi sýnt áhuga í þessu máli og fylgst vel með því, sem gerst hefir, svo það virðist rjett, að hann hafi veg og vanda af þessari fyrirhuguðu böðun. Framkvæmdir þessa máls verða þá á hans ábyrgð, og teljum við það rjettara en að dreifa ábyrgðinni á margar hendur.

Að málið sje illa undirbúið, eins og hv. þm. (TrÞ) hjelt fram, því mótmæli jeg. Það er rjett, að jeg var ekki viðstaddur 1. umr., en við 2. umr. voru málinu gerð nægileg skil. Hinsvegar var þetta frv. svo vel undirbúið og því fylgir svo glögg greinargerð, að engin þörf var á ítarlegri framsöguræðu. Háttv. þm. talaði um, að frv. hefði legið hjer í mánuð, án þess að nokkur brtt. kæmi fram. Jeg get mint háttv. þm. á annað frv., sem lítið var eftir af nema fyrirsögnin, þegar það kom til 2. umr. Hann gat þess sjálfur um frv. um áburð, að lítið hefði verið eftir af því nema eitt orð. Gæti það ekki verið bending um, hvernig frv. eigi ekki að vera.

Þorleifur Jónsson: Þegar þetta mál var hjer til umr. síðast, skaut jeg því til landbn., hvort hún vildi ekki breyta frv. þannig, að fram fari kláðaskoðun um land alt, áður en hafist væri handa um böðun. Nefndin hefir ekki tekið þetta til greina, og því ber jeg fram brtt. í þessa átt ásamt tveim öðrum þm. Mjer finst hastarlegt, að Alþingi fari að setja lög um útrýmingarböðun, áður en fengin sje vitneskja um, hve mikil brögð eru að útbreiðslu kláðans. Jeg hefi ekki í umr. hjer heyrt neina skýrslu eða fengið neinar upplýsingar um, hve

útbreiddur kláðinn er nú. Um það er ekkert í skjölum frá nefndinni, og hv. frsm. (ÁJ) hefir ekki gefið um það neinar upplýsingar. Mjer finst því eiga að renna hjer nokkuð blint í sjóinn. Mjer hefir verið sagt, að nú væri minni kláði fyrir austan fjall en verið hefði fyrir nokkrum árum. Í Mýrasýslu er hann sagður upprættur. Ef þetta er rjett, bendir það í þá átt, að lækna megi kláða, ef honum er tekið tak, þar sem hann er. En til þess að ganga úr skugga um, hvar kláðinn er, sje jeg ekki annað ráð en fyrirskipuð verði kláðaskoðun um land alt, eins og brtt. okkar fer fram á. Þessi skoðun ætti að fara fram undir eftirliti dýralækna og sveitarstjórna og yrði að vera sem öruggust í alla staði. Skoðunarmenn yrðu skipaðir af dýralækni, og gætu þeir jafnframt kent mönnum að þekkja kláðann. Ef í ljós kæmi, að kláðinn væri mjög útbreiddur, gerir till. okkar ráð fyrir, að atvrh. verði falið að láta fara fram útrýmingarböðun á þann hátt, sem lýst er. Ef svo reyndist, að kláði væri ekki nema í 4—5 sýslum eða svo, og kannske á örfáum bæjum, væri viðsjárvert að láta fara fram útrýmingarböðun um land alt, því kostnaður, fóðureyðsla og ýms óþægindi yrði ekki lítilsháttar. Það er engum vafa bundið, að á ýmsum svæðum hefir verið kláðalaust í mörg ár, eða svo er álitið. Reyndist svo, að kláðinn væri útbreiddari en búist er við, yrðu menn fúsari að vinna að málinu og öllum framkvæmdum.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir komið fram með brtt. á þskj. 421, við brtt. okkar þm. Borgf. (PO) og þm. V.-Sk. (JK), á þskj. 420, þess efnis, að útrýmingarböðun skuli því aðeins fara fram, að Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin telji, að heyafli hafi orðið svo mikill, að áhættulaust sje að láta böðunina fara fram þessvegna. Jeg er samþykkur þessari brtt., því að það er ákaflega hæpið að binda böðunina við eitt tiltekið ár, t. d. áramótin 1928—29, því vel getur árferði næsta sumar á undan orðið þá svo slæmt, að bændur megi ekki við því að ala fje aukreitis vegna baðananna.

Þá kem jeg að 2. brtt. okkar á þskj. 420, um nýja 2. grein inn í frv., þess efnis, að það megi undanskilja almennri böðun þau hjeruð eða landshluta, sem kláða hefir ekki orðið vart í, að því tilskyldu, að dýralæknir samþykki það. Jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að jeg veit ekki til, að kláða hafi orðið vart í Austur-Skaftafellssýslu um langan aldur, og jeg held helst, að kláði hafi aldrei verið þar, hvorki fyr nje síðar, og jeg hygg einnig, að hans hafi alls eigi orðið vart á síðari áratugum í Vestur-Skaftafellssýslu, og yfir höfuð hafa litlar sögur farið af kláða á Austurlandi á síðari árum, og er þó venja, að slíkir hlutir spyrjist, ef mikil brögð eru að. En ef svo er, að stór svæði á landinu eru ef til vill alveg laus við þenna sjúkdóm, tel jeg rjett að undanþiggja þau ákvæðum þessara laga, einkum ef um litlar samgöngur fjenaðarins er að ræða. Það er því aðeins óþarfa kostnaður, að baða fje þrisvar sinnum, þar sem fjeð er alheilbrigt og kláða hefir alls ekki orðið vart í mörg ár. Ef t. d. enginn kláði finst á svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum að Skeiðarársandi, verð jeg að segja, að þetta svæði alt er svo vel takmarkað frá náttúrunnar hendi, að hættulaust ætti að vera að undanþiggja þessi hjeruð algerlega almennri útrýmingarböðun. Þetta á þó aðeins að ske að því tilskildu, að dýralæknir sam-

þykki, og ber ríkisstjórninni að leita hlutaðeigandi dýralæknis um þetta. Telji dýralæknir agnúa á því að undanþiggja einstök hjeruð útrýmingarböðuninni, skal skylt að fara eftir tillögum hans. En jeg tel æskilegt, að þessi undanþáguheimild komist inn í lögin. 4. brtt. b-liðurinn er um það, að auk ⅔ hluta andvirðis baðlyfja og flutningskostnaðar á hafnir greiði ríkissjóður einnig skoðunar- og eftirlitskostnað allan við böðunina. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta atriði, en vil þó taka það fram, að þetta er sjálfsagt, að skoðanirnar sjeu einnig greiddar úr ríkissjóði og eftirlitið með þeim.

Í raun og veru er það mesta neyðarúrræði, að verða að skipa fyrir almenna útrýmingarböðun, því að ef almennur áhugi er vaknaður á því að lækna fjárkláðann og eftirlit af hendi dýralækna og ríkisstjórnar er mjög öflugt, tel jeg það beinan klaufaskap, ef ekki er hægt að halda kláðanum í skefjum, að minsta kosti meðan hann er ekki orðinn því magnaðri. Jeg tel og mjög hæpið, að það takist að hafa svo hendur á hverri kind á landinu, að hægt verði að segja, að nú hafi síðasti kláðamaurinn á landinu verið drepinn. Jeg hygg, að það verði seint hægt alveg að fullyrða, að öllum kláða hafi verið útrýmt. Það ber t. d. oft við, að fje gengur úti til fjalla allan veturinn og kemst ekki undir manna hendur fyr en næsta haust þar á eftir, og ef eitthvað af þessu fje hefir verið sjúkt, getur kláðinn þannig sloppið við tortýminguna. En svona tilfelli um útigangsfje eru ekki sjaldgæf. Mjer finst málið vera svo stórt, að ekki sje rjett að ana út í útrýmingarböðun, fyr en sannprófað er, hve mikið fjárkláðinn er útbreiddur, og þessvegna þurfa skoðanir að fara fram, áður en ráðist er í slíkt.

Ef það kemur í ljós við skoðanirnar, að kláðinn er mjög útbreiddur, þá myndi jeg ekki setja mig á móti því, að rækileg tilraun væri gerð til þess að útrýma honum með því að fyrirskipa þrjár baðanir.

Tryggvi Þórhallsson: Fyrst vil jeg segja fáein orð til háttv. frsm. landbn. (ÁJ), því hann var að senda mjer kveðju sína áðan. Hann kvartaði undan því, að jeg hefði sent hnútur í garð nefndarinnar, og má það vel vera, að þetta megi kallast svo. Jeg fann að því, að málið væri ekki nægilega undirbúið, og frá nefndarinnar hálfu kom ekkert hljóð fremur en hún væri ekki til, hvorki við 1. eða 2. umr. málsins, og það þó jafnstórt mál og þetta ætti í hlut. Nú hefir háttv. frsm. (ÁJ) upplýst, að hann hafi ekki verið við, þegar þetta mál var rætt í nefndinni, og hefir hann nú gert grein fyrir sinni afstöðu til þessa máls. En jeg sný alls ekki aftur með það, að málið er illa undirbúið frá nefndarinnar hálfu, og því hefir orðið að bera fram við það ýmsar brtt. við meðferð þess í deildinni. Háttv. frsm. (ÁJ) sagði, að jeg hefði flutt illa samið og óundirbúið frv. inn í þessa háttv. deild, og átti hann þar við frv. mitt um tilbúinn áburð. Hefði það verið gott sýnishorn þess, hvernig frv. ættu **ekki** að vera úr garði gerð o. s. frv. Háttv. frsm. veit þó vel, að engar verulegar efnisbreytingar hafa verið gerðar á þessu frv. mínu, og ef hann vill halda því fram, að frv. hafi þannig verið, að svo ættu frv. **ekki** að vera, — en frv. vill veita og varðveita bændum ýms og

ákveðin hlunnindi, — þá kemur þetta úr allra hörðustu átt, er það er frsm. landbn., sem svona talar.

Háttv. frsm. (ÁJ) fór ýmsum orðum um, að stórfje hefði verið varið til útrýmingarböðunarinnar um aldamótin síðustu. Mjer virðist hann aftur hafa vegið í þann sama knjerunn, er hann vill kasta rýrð á þá menn, er að Myklestads-böðuninni stóðu og sjerstaklega á Myklestad sjálfan. En þetta tel jeg mjög ómaklegt. Jeg álít, að Myklestad hafi gert alt, sem þá var hægt að gera, og aðeins það, sem rjett var að gera. Hann ávann og það, sem mest er um vert, að kenna bændum að baða fje sitt og halda þannig fjárkláðanum í skefjum, enda var kláðinn stórkostlega brotinn á bak aftur.

Jeg vil annars taka það fram, að eins og þessu máli nú er komið, og vegna þeirra upplýsinga, sem jeg hefi aflað mjer í málinu, þá treysti jeg mjer alls ekki að verða á móti þessu frv. í heild, þó að jeg hafi ýmislegt að athuga við einstök atriði þess. Jeg hefi talað við ýmsa menn, sem fróðir eru um þessi mál, enda þótt ekki væru þeir dýralæknar, og eftir það, sem jeg þannig hefi fengið upplýst, treysti jeg mjer ekki til að fella þetta frv. Viðvíkjandi brtt. hv. þm. A-Sk. (ÞorlJ), þm. Borgf. (PO) og þm. V-Sk. (JK), vil jeg taka það fram, að jeg vil láta rannsaka þetta mál betur en þegar hefir verið gert. Fjárkláðinn er svo mikill vágestur, og auk þess er skömm mikil að dragast lengi með hann, ef hægt er að losna við hann með öllu, þessvegna treystist jeg ekki til að greiða atkv. á móti frv., enda þótt jeg trúi ekki á það, að samkvæmt ákvæðum þess verði hægt að komast að því marki, að síðasti kláðamaurinn í landinu verði drepinn.

Þá vík jeg að brtt. á þskj. 421, sem er svo hljóðandi, að eigi skuli útrýmingarböðun fara fram fyr en fengnar eru upplýsingar um útbreiðslu kláðans og að hættulaust sje vegna heyforða bænda að láta böðunina fara fram.

Útrýmingarböðunin verður allþungur skattur á bændum, bæði beinlínis og óbeint. Böðunin leggur allþungar kvaðir á bændur að ýmsu leyti. Ef böðunin á að fara fram um áramótin, þ. e. um fengitímann, þá verður afleiðingin ábyggilega, að búast má við meiri lambadauða en ella næsta vor. Fjeð rýrnar við þetta, og önnur afleiðingin verður því sú, að bændur eiga færri kjöt-kg. á næsta hausti að versla með, og í þriðja lagi mundi það leiða af almennri útrýmingarböðun, að bændur yrðu að kosta miklu til aukalega í fjárgæslu og eyða miklum heyjum til innigjafa vegna baðananna. Jeg hefi reynt að gera mjer ljóst, um hversu mikla heyeyðslu þarna væri að ræða, fram yfir það, sem venjulegt er á þessum tíma árs, og hefir skólastjórinn á bændaskólanum á Hvanneyri o. fl. verið mjer hjálplegir í því að gera þessar áætlanir, sem jeg nú ætla að lesa upp til að rökstyðja með mál mitt.

Jeg geri ráð fyrir, að alt sauðfje á landinu sje um 600 þús. fjár og að innistöður vegna baðana verði um 30 dagar og 2 kg. af töðu sjeu gefin hverri kind; verður þetta ca. 18 milj. kg. af töðu, en þó er þetta ekki alt aukaeyðsla á fóðri, þessvegna hefir skólastjórinn dregið frá helminginn af heygjöfinni, sem mundi hafa orðið að eyða í fjeð hvort eð var, og verða þá eftir 9 milj.

kg. af töðu eða um 90 þús. hestar. Nú mun meðaltöðufall á öllu landinu vera um 600 þús hestar og verður þetta þá því hjer um bil 1/6 af allri töðu landsmanna. Jeg er ekki að taka þetta fram, til að draga úr mönnum kjark, eða segja, að þetta megi alls ekki gera, heldur hitt, að það má alls ekki leggja út í þetta, nema þegar bændur standa mjög vel að vigi hvað heybirgðir snertir, og við þetta er miðuð brtt. á þskj. 421. Verði nú brtt. samþ., get jeg betur felt mig við frv. en ella. Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að ræða, nema það að heimila að undanþiggja tiltekin hjeruð eða landshluta ákvæðum þessara laga tel jeg ekki rjett. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, er þetta ekki trygt, og ef það á að ráðast í þetta á annað borð, er rjettast að gera það um alt land og alstaðar í einu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja út af brtt., sem fram eru komnar og hv. flm. nú hafa talað fyrir. Það er mitt álit, að áramótin (ársbyrjun 1927 (Brtt. 420, 1.) sjeu ekki heppilegur tími til almennrar kláðaskoðunar, því þá er ekki eins auðvelt að finna hann. En á vorin er það, sem kláðinn einna helst kemur upp. Sá tími ársins mundi því vera heppilegastur til að láta kláðaskoðunina fara fram á. Mjer finst, að orðalag brtt. á þskj. 421 vera mjög óákveðið, t. d. þetta: „leiði skoðun í ljós, að mikil brögð sjeu að“ o. s. frv. Þetta hygg jeg að verði allmikið álitamál, hvað telja skuli „mikil brögð að“ og hvað ekki, og munu verða um það skiftar skoðanir. Ennfremur er þess að gæta, að allerfitt er að finna þenna sjúkdóm, því hann leynir sjer all-lengi, og ber ekki verulega á honum fyr en hann er kominn á allhátt stig. Skoðunin mun því verða óábyggileg í flestum tilfellum.

Þá er 2. brtt. á þskj. 420, um að undanskilja einhverja landshluta eða hjeruð böðunarskyldunni. Fyrst er þetta ákaflega óákveðið, því það er ekki hægt að sjá af brtt., við hvað stór svæði eða landshluta er átt (**MJ:** Einn bæ!) Jú, það mætti t. d. hártoga þetta þannig. Háttv. frsm. (ÞorlJ) nefndi svæðið frá Jökulsá á Fjöllum að Skeiðarársandi, og sýnir það, að hann hefir allstóra landshluta í huga, aðrir hafa nefnt aðeins eina sýslu eða jafnvel minni hjeruð en það. Svo er orðatiltækið: „hlutaðeigandi dýralæknir“. Hvaða dýralæknir er það? Er ekki sá dýralæknir hlutaðeigandi, sem um málið er spurður, t. d. af stjórninni? Það gæti hugsast, að sama atriðið yrði borið undir þá alla. Þeir eru fjórir alls á landinu, og ekki er ómögulegt, að þeir gætu orðið ósammála, þeir gætu komið með tillögur eða fyrirskipanir hver á móti öðrum. Auk þess gerir brtt. ráð fyrir miklu meiri tilkostnaði ríkissjóðs en upphaflega var til ætlast í frv. En aðalatriðið í þessu öllu er það, að jeg trúi ekki á það, að skoðun þessi geti leitt í ljós, hve mikill kláði er á landinu, og allra síst á þessum tíma árs.

Aftur á móti er það vitað, að kláðinn er næstum orðinn að hjeraðsplágu á sumum stöðum, t. d. í Dalasýslu, og næst verstur mun hann vera í Húnavatnssýslum og í Skagafjarðarsýslu, Árnessýslu o. fl. Eins er hitt vitað, að mjög lítið mun vera um hann í Skaftafellssýslum. Jeg veit ekki um, hvort háttv. nefnd hefir aflað sjer þeirra upplýsinga, sem er að fá í sjórnarráðinu af þeim kláðaskýrslum, sem þar eru til. En að

vísu er það, að þangað koma ekki skýrslur nema úr þeim hjeruðum aðallega, þar sem svo mikil brögð eru orðin að kláðanum, að hjeraðsstjórnirnar óska eftir ókeypis baðlyfjum. Jeg fæ ekki sjeð, að brtt. þessar bæti um frv. á neinn hátt. Ef þessi háttv. deild telur ekki nægilega upplýst ennþá um útbreiðslu kláðans, mætti t. d. safna skýrslum um hann til næsta þings og fresta afgreiðslu frv. þangað til, því samkv. þeim tíma, sem ákveðinn er í frv. til böðunarinnar, er þetta óhætt, þó annars sje ilt að fresta þessu máli mjög lengi, því kláðinn getur útbreiðst allsnögglega og sýkt ýms ný hjeruð, sem nú eru talin heilbrigð. Þeir, sem nú telja sín hjeruð laus við þenna sjúkdóm, munu fljótt kveða við annan tón, þegar kláðinn er kominn þangað til þeirra, því hann er hinn mesti vágestur.

Þá kem jeg að brtt. hv. þm. Str (TrÞ), jeg skil hana svo, að ef Búnaðarfjelag Íslands, eða jafnvel aðeins eitthvert eitt búnaðarsambandið telur ekki fært að láta almenna böðun á sauðfje fara fram vegna ljelegs heyafla, verður ekki hægt að láta böðunina fara fram.

Það er því viðbúið, að aðeins eitt einasta nei, einhversstaðar að af landinu, geti hindrað allsherjar böðun árum saman, og þetta tel jeg mjög varhugavert ákvæði. Jeg skal gjarnan viðurkenna það, að böðunin getur orðið allþungbær fyrir þá, sem hafa heyjað illa, en ef þessi ákvæði komast að, er æði hætt við, að búnaðarsamböndin verði hneigð til að mótmæla böðun, ef heyafli er í rýrara lagi. Reikning hv. þm. Str. (TrÞ) um fóðureyðslu vegna útrýmingar baðanna tel jeg vera alt of háan, og málar hann þar eitthvað ljótt á vegginn, sem ekki er ástæða til að gera í þessu sambandi. Áætlun hans er altof há, því að það þarf oft að gefa inni á stórum svæðum landsins hvort sem er. (**TrÞ**: Jeg dró helming frá. Samt eru eftir 90 þús. töðuhestar). Þá segi jeg, að þetta nái ekki nokkurri átt. Það er það eina, sem hægt er um það að segja.

En það, sem jeg hefi sjerstaklega á móti brtt. hv. þm., er þetta vald, sem einu búnaðarsambandi er gefið yfir böðunum. Annars verð jeg að segja, að mjer fanst talsvert annað hljóð í hv. þm. Str. (TrÞ) nú en við næstu umr. á undan. Það gleður mig; því að jeg er viss um, að verði ekki innan skamms tekið í taumana, þá breiðist þessi sjúkdómur óðfluga út. Það hefir reynsla síðustu ára sýnt. Jeg get vorkent þeim mönnum, sem alls ekki hafa fengið fjárkláðann í fje sitt og ekki þekkja hann, þótt þeir líti á hann dálitið öðrum augum en þeir, sem þekkja hann. En jeg vildi biðja þá sömu að athuga, að það getur komið að því fyr en varir, að þeir fái þann gest inn á sín heimili, og þá munu þeir ekki verða fegnir.

Frsm. (Árni Jónsson): Hæstv. atvrh. (MG) hefir talað um þessar brtt., sem komið hafa frá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. þm. Str (TrÞ), svo að jeg get verið stuttorður. Hæstv. atvrh. gat þess, að kláðinn væri að aukast, og væri þess vegna tímaspursmál, hvenær hann kæmi á sum svæði landsins. En till. hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) byggjast ekki á því, að óþarft sje að baða, þar sem kláða hefir orðið vart. Hv. þm. hafði orð á því, að honum þætti háskalegt að skylda menn til að baða á þeim stöðum, sem kláða hefir ekki orðið vart á seinustu árum. Og hann gat þess jafnframt, að ef það sýndi sig við þessa skoðun, sem hann

gerir ráð fyrir, að kláðinn væri svo að segja um land alt, þá myndu menn fá meiri áhuga fyrir böðunum en ella. Nú hafa stjórnarráðinu borist skýrslur um þetta úr flestum sýslum landsins. Hefir þó — eins og hæstv. atvrh. (MG) gat um — eflaust ekki verið getið um öll þau tilfelli, sem upp hafa komið. Jeg hefi hjer í höndum útdrátt, sem sýnir, hve kláðinn var útbreiddur 1922—25. Þá gerði kláðinn vart við sig í Húnavatns-, Suður-Múla-, Borgarfjarðar-, Eyjafjarðar-, Norður-Ísafjarðar-, Skagafjarðar-, Stranda- og Rangárvallasýslu og dálítið í Árnes-, Snæfellsnes-, Barðastrandar- og Norður-Múlasýslu. (HK: 1925 í Barðastrandarsýslu?). Líklega heldur á þessu ári, og þá er hann þar nú sem stendur. Það eru þá örfáar sýslur á öllu landinu, þar sem ekki hefir orðið kláða vart þessi árin. Það eru Skaftafellssýslur og Þingeyjarsýslur. Að minsta kosti eru þær ekki á þessari skýrslu, og mjer vitanlega liggja ekki fyrir skýrslur í stjórnarráðinu um kláða í þessum sýslum. Hinsvegar er ómögulegt að fullyrða, að þær sjeu friar við hann. Fje gengur saman milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, svo að vel getur kláðinn borist á milli. Það er auðsætt, að kláðinn er svo víða, að þessvegna ættu menn að hafa fullan áhuga að útrýma honum. Býst jeg við, að hv. þm. A-Sk. (ÞorlJ) snúist hugur, þegar hann hefir fengið þessar upplýsingar.

Hv. þm. hjelt, að kláðinn hefði ekki verið á Austurlandi síðustu árin, eða ekki frá Jökulsá til Skeiðarársands. Því miður hefir fundist kláði í báðum Múlasýslum á síðustu árum.

Þá kvaðst hv. þm. (ÞorlJ) halda, að það mætti halda kláðanum niðri með núgildandi lögum. Í núgildandi lögum er fyrirskipað eitt bað árlega. En eins og margbúið er að taka fram, er eitt bað ekki nægilegt til útrýmingar. En það var dálítil mótsögn í því hjá hv. þm., þegar hann var efablandinn um það, að þessar baðanir mundu nægja. Mjer fanst hann vonlaus um, að hægt væri að útrýma með þremur böðunum, þó hann teldi alls ekki vonlaust um það með einni böðun.

Hv. þm. Str. (TrÞ)) hefi jeg fáu að svara. Mjer þykir vænt um að heyra, að hann er orðinn eindreginn stuðningsmaður þessa frv., og það því fremur, sem mjer fanst blása heldur kuldalega úr þeirri átt við síðustu umr. málsins. Hann talaði um, hvað sjer hefði fundist óviðurkvæmilegt af mjer að kasta rýrð á þá, sem stóðu að kláðamálinu eftir aldamótin. Jeg get ekki gengið inn á, að svo hafi verið. Jeg gat þess við 2. umr. og held fast við það, að það er ekki hægt að kasta rýrð á menn fyrir þetta. Þeir gerðu sitt besta og framkvæmdu böðunina eftir þeirra tíma þekkingu. Nú er komin frekari reynsla á þessi mál. Það er þegar búið að sýna sig, að þessar ráðstafanir hafa ekki dugað, og þá er eðlilegt, að frá þeim sje vikið. Með því er alls ekki verið að kasta neinni rýrð á þessa menn.

Hv. þm. (TrÞ) gat þess, að ef nægilegur vilji og festa hefði fengist frá bænda hálfu, þá hefði mátt vinna bug á kláðanum. Honum þótti ummæli mín í sinn garð koma úr hörðustu átt. Jeg vil þá segja, að á eftir þeim traustsyfirlýsingum, sem hann hefir í tíma og ótíma gefið íslenskum bændum, þá virðist mjer þessi ummæli hans koma úr hörðustu átt. Og jeg býst við, að yfir-

lýsing hv. þm. um það, að hann væri ekki trúaður á, að þessar ráðstafanir myndu drepa síðasta maurinn í landinu, hún byggist á því, að hann hafi ekki nægilega trú á þeim, sem hlut eiga að máli, til þess að fylgja þeim reglum, sem settar verða í þessu efni. Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg hefi þá trú á íslenskum bændum, að þeim takist að útrýma fjárkláðanum með þeim ráðstöfunum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Þótt hv. þm. (TrÞ) sje hlyntur frv., var hann að tala um það, að nauðsynlegt væri, að fram færi frekari undirbúningur, svo sem skoðun. Eins og jeg hefi tekið fram í umr. um þetta mál, þá er þessi skoðun óskaplega stopull grundvöllur til þess að byggja á, vegna þess að kláðinn getur leynst svo, að varla sje mögulegt að hafa upp á honum. En það er þegar sýnt, að kláðinn er í hjer um bil öllum sýslum landsins.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú svarað nokkru um þann þunga skatt á bændum vegna heygjafar meðan á böðun stendur. Það er náttúrlega rjett, að þetta verður til að auka heygjöfina að nokkru. En jeg held þessi útreikningur sje nokkuð hár. Þar sem jeg þekki til, þarf alls ekki að gefa inni meira en 2—4 daga við hverja böðun. Hitt getur ekki borið sig, að þetta alment skoðað þurfi að leiða af sjer mánaðar innistöðu; nema þá í þeirri tíð, sem fje er alls ekki beitt. En þá kemur alt í sama stað niður. Þessi útreikningur hv. þm. Str. (TrÞ) er svo fáránlegur. (**TrÞ**: Það er ekki minn útreikningur). Að vísu er það rjett, að hv. þm. hefir þetta eftir Halldóri á Hvanneyri, en enginn vandi er að komast að þessari niðurstöðu um heyeyðsluna, þegar gengið er út frá mánaðar innigjöf, en það held jeg sje algerlega skakt.

Hv. þm. sagði, að ⅙ af öllum töðufeng á landinu færi í þetta. Mjer finst það ekki geta náð nokkurri átt, að stofnað verði til almenns heyleysis með þessu.

Hvað viðvíkur till., sem hv. þm. Str. (TrÞ) ber fram, þá kom hún fyrst til útbýtingar á þessum fundi, svo að nefndin hefir ekki getað tekið neina afstöðu til hennar enn. En þetta hefir borið á góma á nefndarfundum, hvort þyrfti að vera sjerstakt ákvæði, ef svo illa tækist til, að alment heyleysi væri um land alt. En nefndinni fanst ástæðulaust að setja um þetta ákvæði í frv., vegna þess að hún taldi víst, að fresta mætti að framkvæma lögin, og hver stjórn mundi gera það, ef sjerstaklega illa stæði á. Vil jeg skjóta því til hæstv. atvrh., hvernig hann fyrir sitt leyti lítur á þetta.

Tryggvi Þórhallsson: Örfá orð út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) og hv. frsm. (ÁJ) sögðu um mína till. á þskj. 121. Hæstv. atvrh. skildi hana þannig, að það þyrfti ekki nema eitt nei hjá einu búnaðarsambandi til þess að stöðva þetta alt saman. Mín hugsun er einmitt, að sú ætti ekki að verða útkoman; og þess vegna var það, að jeg nefndi ekki einungis búnaðarsambönd, heldur Búnaðarfjelag Íslands, sem er landsstofnun. Jeg ætlast til, að stjórnin geti haft í hendi sinni að skera úr um það, ef um einhvern smávægilegan ágreining væri að ræða. Hinsvegar get jeg fallst á það, að þessi till., sem maður hefir orðið að bera fram fljótlega í miklu annríki, sje ekki alstaðar greinilega orðuð, og mætti koma skýrar fram, að þótt örkað gæti tvímælis um einhvern stað á landinu um heyöflun, þá mætti það ekki stöðva

framkvæmdir. Vil jeg því leyfa mjer að koma með skriflega brtt. og lesa hana með leyfi hæstv. forseta.

„Fyrir orðin: „Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin“ komi: „Búnaðarfjelag Íslands að fengnum umsögnum frá búnaðarsamböndunum.“

Með öðrum orðum, að það sje landsstofnunin, sem afli þessara upplýsinga og beri till. fram fyrir stjórnina. Hygg jeg, að það, sem hæstv. atvrh. (MG) setti fyrir sig, sje leyst með þessari brtt.

Þá hafa hæstv. atvrh. (MG) og hv. frsm. (ÁJ) talið, að þessi útreikningur, sem jeg kom fram með um heyeyðsluna, næði ekki nokkurri átt, eins og þeir orðuðu það. Mjer þykir það nokkuð hart að fella þann dóm um þetta, þar sem jeg gerði grein fyrir heimildum fyrir þessum útreikningi. Jeg geri ráð fyrir, að ekki margir á þessu landi hafi nánari þekkingu á, hvað þurfi að gefa skepnum undir þessum kringumstæðum. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá vil jeg ekki efa, að það sje rjett, að þessar þrjár baðanir hafi í för með sjer 30 daga innistöðu. Það gengur áreiðanlega nærri fjenu að baða það þrisvar í rykk. Víða þarf að vera talsvert mikill rekstur á fjenu, því að laugar eru ekki til á hverjum bæ. Ekki mun hægt að efa, að 600 þús. fjár sje á landinu, eða að kindin þurfi eitt kg. á dag. Og þá er útkoman 18 miljónir kg. Það, sem helst er vafasamt í þessari áætlun, er það, hvort eigi ekki að taka meira en helming frá. En jeg álít þetta nær lagi. Það er ekki einungis að líta á þessa 30 daga, sem gert er ráð fyrir, að fjeð standi inni, heldur líka, að það, sem eftir er vetrarins, verður fjeð mun óþolnara til beitar og óhraustara. Þess vegna vil jeg hiklaust halda mjer við þessa áætlun. Og þess vegna segi jeg: Það er um mikið að ræða, upp undir ⅙ af meðaltöðufeng ársins.

Hæstv. atvrh. (MG) ljet einhver orð falla um það, að komið væri annað hljóð í strokkinn hjá mjer viðvíkjandi þessu frv. Mjer fanst málið ekki nægilega undirbúið. Það held jeg fast við. En það hljóð, sem aðallega kom úr mínum strokk, voru mótmæli gegn þeim ásökunum í greinargerð frv. til þeirra mætu manna, sem stóðu fyrir böðunum 1903—5. En við fyrri umr. málsins var mín afstaða alls ekki á móti sjálfri megin-stefnu frv.

Þorleifur Jónsson: Jeg þarf í raun og veru ekki að segja margt, því það hefir ekki verið ráðist mjög óþyrmilega eða með miklum rökum að þessum tillögum okkar. Hæstv. atvrh. (MG) hefir að vísu mælt nokkuð á móti þeim, en jeg var svo óheppinn að vera ekki viðstaddur, þegar hann hóf ræðu sína. Jeg heyrði sagt, að hann hafi talið óheppilegt, að skoðun færi fram í ársbyrjun, betra að vorinu. Jeg skal játa það, að heppilegast væri, að skoðun og baðanir gætu farið fram að vorinu, þegar fje er gengið úr ullu. En það er svo, að þá er ekki hægt að baða eða skoða vegna þess, að fjeð er farið af húsi og alls ekki hægt að ná í hverja kind, langt frá því. Þess vegna verður þetta að fara fram meðan fjeð er alt á húsi.

Svo taldi hæstv. atvrh. (MG) skoðunina handahófsverk, sem ekki væri á að byggja. Jeg held, að fyr og síðar í kláðamálinu hafi menn reitt sig á skoðun. Jeg man eftir, að á næstu 3—4 árum eftir Myklestadsbaðanirnar var fyr-

irskipuð skoðun um alt land. Jeg held þá hafi fyrst orðið vart við kláðavott, einmitt við slíkar skoðanir.

Hæstv. atvrh. (MG) viðurkendi, að ef til vill væri nokkuð hrapað að því að koma þessum lögum í gegn, og hefði kannske verið heppilegra að safna skýrslum til næsta þings um útbreiðslu kláðans. Jeg er honum samdóma, en jeg held, að slíkar skýrslur fáist ekki nema fram fari almenn kláðaskoðun á öllu landinu.

Jeg skal víkja að því, sem hv. frsm. (ÁJ) sagði um útbreiðslu kláðans. Við seinustu umr. kvaðst hann ekki hafa yngri skýrslur en frá 1911, en nú sagðist hann hafa aflað sjer upplýsinga frá 1922, að þá sje kláðinn í 13 sýslum. Í morgun fór jeg til skrifstofustjóra atvinnumáladeildar stjórnarráðsins og spurði, hvað væri nýjast í þessu máli. Nú í vetur kvað hann það upplýst, að kláði hefði komið upp í Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu á einum bæ eða svo, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Einnig mun kláða hafa orðið vart nýlega í Borgarfirði. Þetta eru þá 5 sýslur, sem kláða hefir orðið vart í í vetur. Ef svo væri nú, að kláði sje ekki í fleiri sýslum í vetur, þá sýnir það sig, að honum hefir verið útrýmt í mörgum sýslum síðan 1922. Finst mjer þá, að það bendi til þess, að það megi halda kláðanum mjög mikið niðri með þeirri löggjöf, sem nú gildir.

Það var dálítill misskilningur hjá hv. frsm. (ÁJ), þar sem hann kvað mig hafa sagt, að jeg hefði trú á, að útrýma mætti með einni böðun, en hefði ekki trú á, að það tækist með tveimur. Jeg sagði, að eftir þeim lögum, sem við höfum nú frá 1901, þá mætti halda kláðanum það niðri, að ekki yrði til skaða. En hins vegar teldi jeg ekki hægt að ábyrgjast, jafnvel þótt hafnar yrðu útrýmingarbaðanir, að kláðanum yrði útrýmt algerlega af landinu.

Mjer virðist eftir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, að ekki verði vitað greinilega, hvað kláðinn er útbreiddur, og þess vegna með öllu rangt að fara nú að fyrirskipa allsherjar útrýmingarbað fyr en búið er að fá góðar upplýsingar í þessu máli.

Þá er það, hvort skoðunin sje ábyggileg. Jeg hefi tekið það fram, að oft áður hafa skoðanir verið fyrirskipaðar til þess að fá vitneskju um, hvort kláði sje eða hvað mikill. Og jeg vil minna á það, sem kemur fram í frv. sjálfrar landbúnaðarnefndar um þetta atriði. Þar segir: Hver sá, er hefir fje á fóðrum, leggur ókeypis til nægilega aðstoð við s k o ð u n og böðun þess. Auðsjeð, að hún ætlast til skoðunar á eftir böðun. En ef menn mega byggja á skoðun á eftir böðun, þá hlýtur auðvitað að mega byggja á skoðun á undan böðun. Þessi till. okkar ætti því ekki að vera eins fráleit eins og sumum virðist.

Ef það kemur nú upp við skoðanirnar, að mikil brögð eru að fjárkláðanum, ef hann er í flestum sýslum lands eins og 1922, þá er sennilegt, að atvrh. (MG) sæi sjer ekki fært annað en að hefja útrýmingarbaðanir í samráði við dýralækni. En ef það sýndi sig, að hann væri aðeins í fáum sýslum, þá virðist það hreinasti óþarfi. Þá mætti halda sig við núgildandi lagafyrirmæli til þess að halda kláðanum í skefjum eða jafnvel bæla hann niður með öllu.

Þá hafði hæstv. atvrh. (MG) talað um, hvað jeg hefði átt við, þegar jeg nefndi svæði, sem ekki þyrfti að baða

á. Jeg á auðvitað við þau svæði, sem kláðinn hefir ekki verið á. Jeg tók fram, að það gæti verið á stórum svæðum, jafnvel í heilum sýslum. Samkvæmt skýrslum frá 1922 er t. d. enginn kláði í Skaftafellssýslu. Hæstv. atvrh. (MG) tók fram, að kláðinn væri mikil plága, og er jeg honum þar fullkomlega samdóma. Það er afleitt, ef kláðinn magnast, og þessvegna þarf að hefjast handa til að útrýma honum, þar sem hann er. En það eru því miður til fleiri dýrasjúkdómar, eins og t. d. lungnaormasýki, sem herjar á sauðfje og gerir stórkostlegt tjón. Væri mjög æskilegt, ef hægt væri að finna ráð til að stemma stigu fyrir slíkum vágest. Hygg jeg, að hún sje engu betri en fjárkláðinn.

Þá held jeg, að jeg þurfi ekki að taka fleira fram. Skynsamlegast held jeg að verði það, að kynna sjer rækilega, hvar og hversu magnaður kláðinn er, áður en farið er að baða.

Atvinnumálaráðherra (MG):. Gagnvart hv. þm. Str. (TrÞ) þarf jeg aðeins að segja það, að jeg var ekki að vefengja þann útreikning, að sauðfje þyrfti svo mikið af töðu, sem hann sagði, ef því væri gefið inni í 30 daga vegna böðunarinnar. En jeg held, að það sje langt of mikið í lagt, að gefa þurfi því inni 30 dögum lengur vegna böðunarinnar. Jeg hugsa, að kindurnar sjeu orðnar mikið til þurrar eftir 2 daga, og á mörgum stöðum á landinu stendur þannig á, að það þarf að gefa þeim inni hvort sem er.

Jeg tel þessar skoðanir, sem hv. þm. A.-Sk.(ÞorlJ) vill láta framkvæma, óábyggilegar, af því að jeg þekki það af reynslu, að þó að fje sje skoðað nákvæmlega, jafnvel að vorinu, rjett áður en slept er, getur það komið útsteypt af kláða í fyrstu smalamensku á eftir. Slíkar skoðanir hljóta líka að vera mjög dýrar, og nákvæmar skoðanir eru líka æði tímafrekar. Hv. þm. (ÞorlJ) vitnaði í, að skoðun hefði farið fram eftir Myklestads-böðin. Já, það var ein af öryggisráðstöfununum, en árangurinn var sá, að kláðinn fanst ekki við skoðunina, og síðan hefir hann breiðst út. Jeg efast ekki um, að þeir menn, sem þektu kláðann og voru búnir að reyna hann, hefðu baðað, hefðu þeir fundið hann við skoðun.

Það getur verið, að hingað til hafi ekki á þessum vetri komið skýrslur um kláðann úr meira en 5 sýslum. En það sannar ekkert um, að hann sje ekki víðar. Hans versti tími er vorið, og þætti mjer ekki undarlegt, þó að fregnir kæmu af honum í vor, um það leyti sem rúið er.

Jeg get ekki snúið aftur með það, að mjer finst þessi orðatiltæki „mikil brögð“ og „einhverjir lanshlutar“ vera alt of ótiltekin. Það er eðlilegt, að þeir, sem eru lausir við þenna skæða fjársjúkdóm, haldi, að ekki sjeu mikil brögð að honum annarsstaðar, og stanslaus rekistefna yrði úr því, ef undan böðun ætti að þiggja einhverja landshluta.

Ef kláði er í Rangárvallasýslu, get jeg ekki sjeð, hvernig Skaftafellssýsla getur komist hjá að smitast. Mjer er sagt af kunnugum mönnum, að fje af Landinu komi saman við fje Skaftártungumanna að fjallabaki. Um Austur-Skaftafellssýslu er mjer ekki eins kunnugt, en úr því að kláðinn er í Suður-

Múlasýslu, hygg jeg, að ekki verði gott að verja hana. Menn flytja milli sýslna, og þá er auðvitað hætta á smitun.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði, að fleiri plágur sæktu á sauðfje en fjárkláðinn, og er það alveg rjett, og vonandi verður fundið upp meðal við þeim. En meðan það er ekki fundið, er ekki um annað að gera en reyna að lækna þá sjúkdóma, sem lækna má. Nú vita menn, að hægt er að lækna kláðann.

Hákon Kristófersson: Því er ekki að neita, að þetta mál er stórmál og krefst nákvæmrar rannsóknar. Jeg hefi ekki getað orðið samferða hv. meðnefndarmönnum mínum. Við viljum allir fara mismunandi leiðir að sama takmarki. Jeg tel ekki rjett að stofna til allsherjar útrýmingaböðunar og vil taka undir með hv. þm, A-Sk. (Þorl.J) um, að það hafi engan smáræðiskostnað í för með sjer. Jeg skal ekki fullyrða neitt um nákvæmni útreiknings skólastjórans á Hvanneyri, en jeg er viss um, að sje fóðureyðsla og annar kostnaður metinn til verðs, nemur kostnaðurinn í heild stórfje, því að eftir fjárbaðanir er fjeð mjög þollaust til útigangs og þarf því miklu meira hey en annars, auk þess sem það þarf að ýmsu öðru leyti nákvæmari meðferð.

Jeg vil skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), sem hefir mikinn hug á útrýmingaböðunum, að þetta hefir hann alveg í hendi sinni. Hann getur hvenær sem er fyrirskipað allsherjar útrýmingabaðanir. En jeg lái ekki þeim mönnum, sem ekki vilja taka á sig að nauðsynjalausu slíkar framkvæmdir, sem hafa mikinn kostnað í för með sjer. Jeg er líka sannfærður um, að kláðinn er víðar en í þessum 5 sýslum, sem þegar hafa sagt til sín. Eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram, getur kláðinn flutst á milli sýslna um leið og bændur flytja búferlum. Þannig komst hann í Austur-Barðastrandarsýslu með fje úr Saurbæ í Dalasýslu. Enginn vissi um það fyr en um seinan. Það er ekki vantraust á bændum, þó að jeg segi, að þrifaböðum hafi verið ábótavant, og er það eitt meðal annars, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir í hendi sinni að herða á, að þeim verði framfylgt.

Jeg býst við, að jeg geti fylgt þeim að málum, sem flytja brtt. á þskj. 420, og grundvalla jeg mína skoðun á því, að jeg álít ekki rjett að hefjast handa með algerðum útrýmingaböðum, fyr en einskis hefir verið látið ófreistað í að leita upplýsinga um það, hvort slík útrýmingaböð eru nauðsynleg. En mjer er spurn: Eru menn yfirleitt svo einhliða trúaðir á það, að þó að útrýmingaböð færu fram, megi sleppa öllu eftirliti? Jeg held, að þrátt fyrir það sje ekki síður þörf á árlegum þrifaböðum, með það fyrir augum að útrýma þessum vágesti fullkomlega.

Jeg get verið sammála hv. þm. Str. (TrÞ) um tillögu hans á þskj. 421. Það hlýtur að vera að mestu leyti í höndum atvinnumálaráðherra, þegar á að meta, hvernig möguleikar eru fyrir framkvæmd baðananna, heyja vegna.

Þá vil jeg beina fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG). Það hefir komið upp fjárkláði í einhverjum hluta Austur-Barðastrandarsýslu. Hvað hefir verið gert? Hafa farið fram baðanir? Vitaskuld sýnast baðanir árangurslausar, ef það er satt, að einn ónefndur maður í Barðastrandarsýslu hafi látið þess getið, að baðlyfið sje meðal til að ala upp fjár-

kláða. Vonandi er þetta ekki rjett skýrt frá í símskeytinu, eða sá, sem þetta símaði, hefir ekkert vit á málinu.

Jón Kjartansson: Jeg tók það fram við 2. umr., að mjer fyndist mál þetta illa upplýst, bæði hvað snerti kostnaðarhlið þess og eins hitt, hversu mikil brögð væru að fjárkláðanum í landinu. Jeg óskaði eftir frekari upplýsingum til 3. umr. og greiddi atkv. í þeirri von, að sú ósk mín yrði uppfylt. En ekkert nýtt hefir komið fram í málinu síðan þá. Mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að hann teldi það lítinn skaða, þó að málið biði til næsta þings. Jeg vil því gera það að tillögu minni, að því verði vísað til stjórnarinnar og að hún noti tímann á milli þinga til þess að rannsaka og undirbúa það. Vilji hv. deild ekki fallast á þetta, vænti jeg, að hún samþykki brtt. á þskj. 420, sem jeg er meðflutningsmaður að. Jeg skal ekki orðlengja um þær. brtt., þar sem hv. þm. A-Sk. (ÞorlJ) mælti rækilega fyrir þeim, enda get jeg ekki sjeð, að mótbárur, sem fram hafa komið gegn þeim, sjeu á rökum bygðar.

Hæstv. atvrh. (MG) vill lítið leggja upp úr almennri skoðun. Er þá hægt að leggja upp úr böðun alment? Er það ekki fyrir trassaskap ýmissa manna, að kláðinn breiðist út? Mjer finst hart, ef þau hjeruð, sem aldrei hafa orðið vör við kláða, eigi að gjalda hinna. Þau hjeruð, sem altaf hafa sjeð um rækileg þrifaböð og kláðaböð, ef nokkur grunur hefir verið um kláða, og yfirleitt gætt hinnar mestu varúðar, eiga vegna hinna að fara að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir að nauðsynjalausu. Í Vestur-Skaftafellssýslu hefir ætíð verið gætt mjög mikillar varúðar í þessum efnum; t. d. með fóðrafje og annað aðkomufje. Þó er ekki vitanlegt, að nokkur kláði hafi verið undir Eyjafjöllum. Jeg hefi spurt háttv. 1. þm. Rang. (EP) um það, og hann veit ekki til þess.

Mjer finst, að hæstv. atvrh. (MG) ætti vel að geta skilið, hvað átt er við í till., þegar stendur einhverjum landshluta. Hv. frsm. landbn. (ÁJ) nefndi nokkrar sýslur, sem hann segir, að kláða hafi aldrei orðið vart í, og vil jeg biðja hv. þdm. að taka eftir því, að þær sýslur eru einmitt þær **sömu** og ekki var kláði í 1903 eða áður. Finst mjer hart að skylda þær enn til útrýmingarbaðana. Annars held jeg ekki, að málið sje svo undirbúið, að það eigi að ganga fram á þessu þingi, og vil jeg því vísa því til stjórnarinnar.

Sveinn Ólafsson: Jeg ljet í ljós skoðun mína á þessu máli við 2. umr. og ætlaði að leiða það hjá mjer að þessu sinni, en mjer hefir virst sitthvað koma fram hjá fylgismönnum útrýmingarbaðana, sem jeg tel ekki rjett að láta ómótmælt. Hinsvegar hefði jeg getað fallið frá orðinu, ef jeg hefði verið viss um, að tillaga hv. þm. V-Sk. (JK) um að vísa málinu til stjórnarinnar yrði samþykt, því að með samþykt hennar væri allur vandi af höndum þingsins í bili. En um útrýmingarböðun alment verð jeg að segja það, að hún er viðurhlutamikið fyrirtæki, ef hittist á harðan vetur

Það hefir verið vefengt, bæði af hv. frsm. (ÁJ) og hæstv. atvrh. (MG), að heyeyðsla þurfi að vera svo mikil við þrefalda böðun að vetri sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir áætlað. Jeg skal geta þess, að eftir minni skoðun og reynslu

mundi heyeyðslan verða ennþá meiri en hv. þm. Str. (TrÞ) ætlar, ef hittist á harðan vetur. Bæði hv. frsm. (ÁJ) og atvrh. (MG) eru, að því er jeg hygg, lítt vanir fjárfóðrun eða böðun, að minsta kosti benda orð þeirra til þess. En þeir, sem þessu eru kunnugir, vita, að fje er fóðurfrekt, óhraust og kvillasamt eftir böðun, og þarf mestu nærgætni við að hafa, ef kalt er í veðri næstu daga eftir böðun, enda hefir oft beinlínis leitt skaða af þrifaböðun, ef hitst hefir á kuldatimabil. Það má ekki loka augunum fyrir því, að nokkur áhætta fylgir þessari margendurteknu böðun að vetri, einkum ef gaddhörkur ganga, auk þess sem það kostar mikið fóður í útigangshjeruðum. Og þessi hlið málsins er það, sem mjer finst ekki hafa komið hjer nógu ljóslega fram. Hinsvegar virðist reynsla síðari ára benda til þess, að ef þrifaböð eru vel rækt, þá verði kláðanum skákað meir og meir. Með einu baði á ári verður honum að vísu ekki útrýmt, en það má vissulega halda honum mjög í skefjum með því, ef til vill gera hann ósaknæman.

Það er alls eigi fullkomin trygging fyrir því, að kláðinn verði landrækur, þótt þessar þreföldu baðanir, sem hjer um ræðir, verði framkvæmdar. Kláðaegg, sem geymast í grasi, heyi og veggjarholum, verða ekki drepin með kláðaböðun fjárins og geta auðveldlega komist á sauðkindur eftir á.

Jeg hefi þá lýst yfir skoðun minni á máli þessu og fylgi mínu við till. hv. þm. V-Sk. (JK) um að vísa málinu til hæstv. stjórnar. Með því að samþykkja hana mætti svo fara, að málið komi fyrir næsta þing betur undir búið og með frekari skýrslum en nú.

Jón Sigurðsson: Eftir umr. að dæma virðist svo sem þdm. skiftist í 3 flokka. Í 1. flokknum eru þeir, sem frv. eru andvígir, þá koma þeir, sem vilja draga málið á langinn, og svo þeir, sem vilja gera alvarlega tilraun um að útrýma fjárkláðanum.

Það, sem sjerstaklega hefir verið borið fram af andmælenda hálfu, er kostnaðurinn við framkvæmdirnar, og hafa þeir fært til stóra útreikninga um það. Það má auðvitað slá slíku fram og koma með aðra reikninga á móti, en á slíkum staðhæfingum er vitanlega ekkert byggjandi.

Um kostnaðinn vil jeg þó benda á, að síðan 1922 er búið að verja talsvert á annað hundrað þúsund kr. úr ríkissjóði í þetta útrýmingarkák, eða hærri upphæð en allsherjar útrýmingarböðunin kostar. Og ef þessu verður haldið áfram, þá verður varið svo miklu fje úr ríkissjóði til þessa, að það skiftir hundruðum þúsunda.

Jeg sje því ekki, að hundrað sje í hættunni, þótt þessi tilraun verði gerð. Að vísu getur aldrei verið full vissa fyrir, að hún takist, en ef hún tekst, þá er svo mikið við það unnið, að það væri áreiðanlega ekki horfandi í þennan kostnað, þótt ríkissjóður hefði engan árlegan kostnað haft af þessum kláðafaraldri.

Jeg skal svo ekki fara meira út í þessa hlið málsins, en jeg vil benda á ummæli hv. þm. Str. (TrÞ), að þótt hann teldi sig fylgjandi útrýmingu, taldi hann þó öll tormerki á, að hún gæti farið fram, og talaði þá sjerstaklega um kostnaðinn, er bændur hefðu af útrýmingunni. En jeg vil spyrja: Hve mikinn kostnað höfðu bændur í Árnessýslu af kláðanum, er stjórnarráðið varð að skipa þar fyrir

um allsherjar kláðalækningu árið 1922, eða bændurnir í 5 hreppum Eyjafjarðarsýslu og 3 hreppum Strandasýslu, þar sem þeir urðu að baða fje sitt, eigi aðeins einu sinni, heldur 2—3 sinnum á einu missiri, hvað kostaði þetta bændurna í vinnu, heyeyðslu og peningum, og svona mætti lengi telja.

Það er ekki hægt að bera á móti því, að ástandið knýr menn til að hefjast handa á einhvern hátt.

Það hafa fallið orð um, að hægt væri að halda kláðanum niðri. Það hefir nú sýnt sig. Það hefir nú verið stritað við það í meira en 20 ár, og hver er árangurinn. Þó teknar hafi verið einstakar sýslur og varið stórfje úr ríkissjóði til baðana, þá er kláðinn orðinn svo útbreiddur eftir nokkur ár, að byrja verður aftur á nýjan leik.

Þetta er ályktun af reynslu undanfarinna ára.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast á kláðaskoðanir, og jeg hefði eigi furðað mig á því, þótt þeim væri haldið fram af mönnum, sem aldrei hafa skoðað fje, en hitt undrar mig, að bændur skuli gera það. Þeir ættu þó flestir að vita, að eftir að menn hafa skoðað, segjum t. d. 300 kindur, eru þeir margoft orðnir svo dofnir í gómunum, að þeim getur auðveldlega skotist yfir bólu í kind. Því er það, að oft kemur fyrir, að þótt eigi verði kláða vart við skoðun, finst hann þó skömmu seinna. Er þetta ekki ljós ábending um það, að á kláðaskoðun sje ekkert byggjandi? Jeg álít, að hún þýði ekki neinn skapaðan hlut, enda er kláði í flestum sýslum þrátt fyrir skoðun. (**PO:** Landbn. gerir ráð fyrir skoðun). Það var gert í frv. dýralæknis og nefndin haggaði ekki við því.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg gleymdi að svara fyrirspurn hv. frsm. (ÁJ) um það, hvort ekki væri unt að fresta böðun, ef bændur hefðu heyjað illa.

Það er hægt að gera það með bráðabirgðalögum, en jeg býst ekki við, að nein stjórn grípi til þess, nema heyskapur hafi verið mjög slæmur á öllu landinu.

Hv. þm. Barð. (HK) sagði, að atvinnumálaráðherra gæti hvenær sem er látið fara fram útrýmingarböðun, og á hann þar víst við tilskipun frá 1870. En hún er eigi nóg heimild nema á grunuðum svæðum. Heimildin er ekki nærri því eins víðtæk og þetta frv., enda hefir jafnan verið litið svo á á þingi, að til útrýmingarböðunar þyrfti beina lagaheimild.

Þá spurði sami hv. þm. (HK), hvað hefði verið gert við kláðann í Barðastrandarsýslu. Jeg man ekki eftir því sjerstaklega, en jeg býst við, að fyrirskipaðar hafi verið tvær baðanir á þeim bæjum, þar sem kláði var, og á þeim bæjum öðrum, er samgöngur höfðu verið á milli síðan í haust.

Hv. þm. V-Sk. (JK) gat þess sem dæmis um varkárni Vestur-Skaftfellinga, að þeir böðuðu jafnan fje sitt, er því væri skilað úr fóðrum. En baða þeir þá tvisvar? (**JK:** Nei). Þá er það fje ekki trygt gegn fjárkláða.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg á bágt með að skilja, hvernig menn ætla að samþ. till. hv. þm. V-Sk. (JK) um að vísa málinu til stjórnarinnar.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) var að ásaka mig um það, að jeg hefði gert of mikið úr óþægindum þeim og tjóni, sem

bændur verða fyrir með útrýmingarböðun. Jeg vil ekki leggja á bændur svo mikla heygjöf, að þeim standi neinn voði af því heldur en af kláðanum. En um kostnaðinn mun áætlunin ekki of há. Elsti bóndi þessarar hv. deildar telur hana meira að segja of lága.

Ef till. mín verður samþ. að binda ekki böðunina við vist ár, heldur að hún færi þá fram, er bændur gætu risið undir henni, þá mundi jeg geta felt mig við, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar. En það hefir verið svo lítið tillit tekið til minnar till., að jeg býst helst við, að flestir sjeu á móti henni, og óttast jeg, að frv. verði drifið í gegn án þessarar umbótar. En fái jeg rök fyrir því hjá flm., að eigi sje tilgangurinn að binda böðunina við ákveðið ár, þá get jeg þó verið með frv.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil tjá hv. nefnd þakkir fyrir það, að hafa tekið þær bendingar til greina, sem jeg gaf henni við 2. umr. málsins, því hv. nefnd flytur nú brtt., sem ganga í sömu átt og jeg óskaði.

Eins og jeg hjelt fram við 2. umr. álít jeg aðeins tvær skynsamlegar leiðir í þessu máli:

1. að láta sitja við það, sem nú er, í nokkur ár.

2. að gera gangskör að útrýmingu fjárkláðans, í því formi, sem frv. fer fram á.

En nú eru komnar fram brtt. á þskj. 420, er mjer finst miða að því að fara hjer mitt á milli, svo að framkvæmdin yrði tómt kák. (**ÁJ:** Heyr!). Get jeg því ekki greitt þeim brtt. atkvæði.

1. till. er um það, að útrýmingarböðun skuli því aðeins fara fram, að skoðun hafi sýnt, að mikil brögð sjeu að kláða í landinu. En skoðunin mundi ekki sýna hið sanna í þessu efni, einkum ef hún færi fram á þeim tíma, sem ráðgert er í till., því kláðinn kemur vanalega fyrst fram seinna. Þessarar skoðunar er og varla þörf, því upplýsingar eru um það, að kláðinn sje í mörgum sýslum. Hv. 2. þm. Skagf. (JS) vjek og að því, að enda þótt skoðun væri framkvæmd á heppilegasta tíma, þá er hún aldrei ábyggileg. Og til þess að ganga úr skugga um, að ekki sje maur á kind, þarf svo nákvæma skoðun, að hún verður ekki framkvæmd, svo að ábyggilegt sje. Því að maur getur verið á kind, þótt hún sje ekki orðin sýkt af kláða.

Ver lýst mjer þó á till. á þskj. 420 um að undanþiggja vissa hluta landsins. Það er engin trygging fyrir því, að kláðinn geti ekki leynst þar. Og þá er ver á stað farið en heima setið, að leggja í mikinn kostnað til útrýmingar, en gera þó ekki það, sem hægt er, til að sigrast á kláðanum. Jeg skil ekki, að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. þm. V.-Sk. (JK) geti ábyrgst, að enginn kláðamaur sje í þeirra hjeruðum.

Sú brtt., sem á mestum rökum er bygð, er till., hv. þm. Str. (TrÞ), um að fresta megi böðun vegna yfirvofandi fóðurskorts. Það er veruleg ástæða, sem sjálfsagt er að taka til greina. En sá galli er á henni, að hún er brtt. við brtt., sem ekki má samþ. Jeg get því ekki greitt henni atkv., en mun koma fram með skriflega brtt. við frv. sjálft, sem gengur í sömu átt og till. hv. þm. Str. (TrÞ).

Þá er komin till. um að vísa málinu til hæstv. stjórnar. Þótt jeg álíti, að mikil nauðsyn sje á því að hefjast handa, álít jeg betra að taka það ráð, að vísa málinu til stjórnarinnar, heldur en samþykkja brtt. á þskj. 420. Þó sú leið verði

tekin, sýnist mjer, að framkvæma megi böðunina á sama tíma og frv. gerir ráð fyrir, ef lög um það yrðu samþ. á næsta þingi, og er þá ekki mikill skaði skeður, þótt málið yrði ekki afgreitt nú, og er það vænlegra heldur en að stórspilla því, eins og gerð er tilraun til með brtt. á þskj. 420. En verði þær brtt. feldar, mun jeg greiða atkv. með frv.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg skal reyna að vera stuttorður, því að umr. eru nú orðnar ærið langdregnar. Hv. sessunautur minn, þm. A.-Sk. (ÞorlJ), var enn að tala um skoðun og lagði eigi lítið upp úr henni. Þessa skoðun hafa aðrir þegar hrakið, og þarf jeg eigi að eyða orðum að henni. Jeg vil aðeins gera örlitla athugasemd út af því, að haldið hefir verið fram, að landbn. gerði sjálf ráð fyrir skoðun í sínu frv. Það var bent á það á síðasta fundi nefndarinnar, að þetta orð væri óþarft, og kom til orða að fella það niður. En þó fjell nefndin frá því, sakir þess að hún áleit, að þetta gerði ekkert til, væri meinlaust og gagnslaust.

Þessi sami hv. þm. (ÞorlJ) gat um, að í vetur hafi aðeins komið skýrslur um kláða úr 5 sýslum. Þetta var mjer nú kunnugt um, en jeg get eigi litið svo á, að kláðinn sje eigi víðar, þótt eigi hafi komið frekari skýrslur. Því að hjer kemur margt til greina. Fyrst og fremst má líta á það, að í vetur var óvenju-góð tíð, bændur vel heyjaðir, svo að sauðfje hefir þrifist vel. En svo sem jeg gat um við 2. umr. er nær ómögulegt að finna kláða á holdgóðu fje, sbr. gemlinginn hans Gísla gerlafræðings. Það má vel vera, ef vorið yrði hart, að kláði fyndist víðar og bærust þá skýrslur um það. Auk þess er ekki víst, að skýrslur hafi komið um kláða frá öllum þeim stöðum, sem hann hefir fundist. Að minsta kosti mun mega telja það víst, að kláði sje mun víðar en í þessum 5 sýslum.

En brtt. hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) álít jeg, að sje bein fjörráð við frv. Held jeg, að frv. væri betur felt, því að í henni er gert ráð fyrir eintómu káki, sem engin vissa er fyrir, að komi að gagni.

Þá var það vinur minn, hv. þm. Barð. (HK). Honum hefir atvrh. (MG) svarað. Hann talaði um, að skipa mætti böðun um öll sýkt og grunuð svæði. En nú er svo komið, að öll hjeruð landsins eru grunuð, enda þótt eigi hafi enn fundist kláði í þeim öllum.

Næst var það hv. þm. V.-Sk. (JK). Hann vildi helst senda stjórninni fjárkláðann, sakir þess að málið væri eigi nóg undirbúið. Þetta hefir kveðið við frá öllum hv. þm., sem vilja drepa frv., en hefir eigi við neitt að styðjast. Jeg þykist hafa greitt fyllilega úr öllum spurningum um undirbúning málsins, og ætti það að liggja nægilega ljóst fyrir öllum skynsömum mönnum. — Enda hefir t. d. hv. þm. Str. (TrÞ) fullkomlega sætt sig við upplýsingar þær, sem jeg gaf um kostnaðinn við útrýmingarböðunina. — Hv. þm. V.-Sk. (JK) sagði, að jeg hefði gefið í skyn, að kláðans hefði aldrei orðið vart í Skaftafellseða Þingeyjarsýslum. Þetta er alls eigi rjett. Jeg talaði aðeins um árin 1922—1925.

Þá talaði hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og lagðist fastlega á móti frv. Þótti honum allviðurhlutamikil sú framsókn að útrýma óþrifum. Sagði hann, að heyeyðslan við þetta yrði enn meiri en hv. þm. Str. (TrÞ) gerði ráð fyrir. Hann sagði,

að þeir, sem hefðu gert lítið úr þessu, þektu ekkert til fjárgæslu. Nefndi hann þar til hæstv. atvrh. (MG) og mig. Sjálfur sagðist hann hafa fengist við fjárgæslu í 30 ár, svo enginn þarf að efa hans mikla vísdóm í þeim greinum. En það vill nú svo vel til, að fleiri af hv. þdm. en hann hafa gætt sauða. Þar á meðal eru ýmsir hv. meðnefndarmenn mínir í landbn. Hefi jeg borið þetta undir þá, sem mjer fróðari menn, og hafa þeir gefið mjer þær upplýsingar, að við hverja böðun þyrfti 2—4 daga innigjöf, eftir því hvort fjeð væri vant útbeit eða ekki. Þegar talað er um heyeyðslu, á það því aðeins við, að um útbeit geti verið að ræða. Ef fjeð er á gjöf hvort sem er, er ekki um neina eyðslu að ræða. Þetta ætti annar eins spekingur og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) að sjá, án þess að honum sje bent á það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) fanst lítið tillit tekið til sumra tillagna hans. Jeg sagði, að þær hefðu komið svo seint fram, að nefndinni hefði eigi gefist kostur á að taka þær til athugunar á sameiginlegum fundi. Hefir hún því eigi tekið afstöðu til þeirra. Jeg get þess til, að atvrh. gæti með bráðabirgðalögum frestað framkvæmd þessara laga, ef mjög illa horfði með heyfeng. Hefir hann nú sannað þessa tilgátu mína. En nú er það svo, að oft er góður heyfengur á Suðurlandi, þótt hann sje slæmur á Norður- og Austurlandi, og öfugt. Verður auðvitað varla hægt að taka mikið tillit til þess, þótt eigi heyjaðist vel í litlum hluta landsins. Bráðabirgðalög kæmu helst til greina, ef afarslæmt sumar væri um land alt, eins og t. d. 1918. Get jeg fyrir mitt leyti sætt mig við þessa úrlausn, og mun jeg greiða atkv. á móti till. bæði háttv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt).

Vil jeg eigi orðlengja þetta frekar, en vona, að hv. deild komi kláðanum af sjer í kvöld og sendi hann til hv. Ed.

ATKVGR.

Till. frá þm. V.-Sk. (JK), um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, BL, HK, IngB, JK, BSv.

nei: MJ, SigurjJ, ÁJ, HStef, JakM, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB, KlJ.

Fjórir þm. (MG, MT, TrÞ, BSt) greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (ÓTh, ÞórJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 420 og 421 of seint útbýtt.

Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Tvær skrifl. brtt. komu fram (verða þskj. 428 og 429).

Afbrigði leyfð og samþ. með 17 : 1 atkv.

Brtt. 429 samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 421, svo breytt, samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HK, IngB, BSv.

nei: JBald, JS, JÞ, JörB, MJ, SigurjJ, ÁJ, BL, HStef, JakM, JAJ.

Einn þm. (BSt) greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÓTh, ÞórJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 420, 1., svo breytt, feld með 13 : 8 atkv.

— 404, 1. samþ. með 14 : 6 atkv.

— 428 samþ. með 13 : 4 atkv.

— 420, 2. feld með 16 : 5 atkv.

— 420, 3. sjálffallin.

Brtt. 420, 4 a. feld með 14 : 9 atkv.
— 420, 4 b. feld með 13 : 9 atkv.
— 404, 2. samþ. með 14 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JakM, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, SigurjJ, TrÞ, ÁJ, BSt.

nei: BL, HK, JK, MT, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, BSv.

Fjórir þm. (ÓTh, ÞórJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 430).

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta er flutt af landbn. hv. Nd., og jeg held, að landbn. beggja deilda hafi unnið í sameiningu að undirbúningi þess. Þessvegna tel jeg hæpið, að vísa þurfi því til nefndar hjer, en legg það á vald hv. deildar.

Ástæðan til þess, að frv. er fram komið, er sú, að skæðasti fjársjúkdómur, er við höfum átt við að stríða, breiðist nú út um landið, er magnaður í einni sýslu þetta ár, en brýst svo út í annari á næsta ári. Reynslan hefir nú sýnt, að þrátt fyrir það, þótt kláðanum sje haldið í skefjum um nokkur ár með böðunum, gýs hann upp aftur og fer þá eins og logi yfir akur. Á síðustu 4 eða 5 árum hefir þessi faraldur gengið um flestar sýslur landsins, en eins og stendur mun hann vera einna skæðastur í Dalasýslu. Um 100 þús. kr. hefir það kostað ríkissjóð á síðustu 5 árum að halda kláðanum í skefjum, og hefir hann þó ekki lagt annað til en baðlyfið, þar sem kláða hefir orðið vart, þessvegna er það skoðun margra, að það mundi borga sig fyrir ríkissjóð að leggja fram allháa upphæð til útrýmingarböðunar, til þess að reyna að útrýma þessum sjúkdómi, sem mjög hefir staðið fyrir þrifum landbúnaði vorum í ýmsum sveitum landsins. Þó má ekki gera sjer alt of miklar vonir um, að takast muni að reka þennan vágest alveg af höndum, en kláðanum má þó halda í skefjum, það sýndi almenna böðunin, sem fram fór laust eftir aldamótin.

Það hafa komið fram raddir frá þeim sýslum, sem engan kláða hafa, að þær skuli undanþegnar skylduboði. En slíkt er fjarstæða, því eins og kunnugt er, gengur fje saman á afrjettum, svo enginn getur með vissu sagt, hvenær röðin kemur að þeim sveitum, sem nú eru ósýktar. Jeg veit ekki sem stendur nema um tvær sýslur, Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjar, sem talið er, að lausar sjeu við kláða. Gæti þá komið til mála að ívilna þeim, eins og t. d. með því að láta þar fara fram 2 baðanir í stað 3 annarsstaðar. En að baða þar alls ekki, finst mjer ekki koma til neinna mála.

Þær raddir voru uppi í hv. Nd., að frv. væri tæplega nógu vel undirbúið, og bent á í því sambandi, að engar skýrslur lægju fyrir um það, hvað víða kláðinn væri. Jeg geri lítið úr þessu. Mjer er kunnugt um, að kláðinn er víða að breiðast út sem stendur, og frá gamalli tíð þekki jeg, hve óðfluga þessi faraldur breiðist yfir. Í vetur hefir ekki mikið borið á honum, enda tíðin góð og fjeð lítið í húsi, en versti tíminn er

líka eftir, þegar fer að vora og hlýna í veðri.

Ef einhverjir vilja, að málinu sje vísað til nefndar, hefi jeg ekkert á móti því, en tel það óþarft.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 430, n. 532).

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Þegar nefndin hafði athugað frv. þetta, komst hún að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera fullskjótráðið að lögskipa þegar allsherjar baðanir til útrýmingar fjárkláðanum. Svo að vitanlegt væri, höfðu ekki komið fram neinar óskir um þetta frá bændum, eða að þeir teldu þetta nauðsynlegt. Nefndin áleit því, að það væri sjerstaklega ástæða til að bera þetta mál undir bændur og aðra sauðfjáreigendur úti um land, áður en því yrði ráðið til lykta. Það er flestum vitanlegt og nefndinni vel kunnugt, að í sumum sýslum landsins verður fjárkláðans vart, án þess þó að hjer þurfi til skjótra ráða að taka, eins og sjest á því, að sauðfjáreigendur kvarta ekki. — Hinsvegar er það talið alveg víst, að í öðrum sýslum, einkum sunnanlands, finnist ekki fjárkláði. Þegar nú þannig er ástatt, þá virðist nefndinni nægur tími fyrir hendi til þess að leita nánari upplýsinga um þetta, áður en útrýmingarböðun er lögskipuð, og því vill hún fresta því, að minsta kosti til næsta þings. Eins og málinu nú horfir við, og tekið er fram í nál., telur nefndin rjett að leggja það til við háttv. þingdeild, að farið verði fram á það við hæstv. ríkisstjórn, að leita umsagnar 6 bænda út um land um þetta mál, fyrir næsta þing, er að sjálfsögðu mundi skipa þessu máli eftir því, sem þörf krefur og bændur alment óska. — Nefndin taldi því rjett að bera fram rökstudda dagskrá þess efnis, að stjórnin leiti umsagna hrepps- og sýslunefnda um þetta mál, áður en lengra verði farið.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta, en leyfi mjer fyrir mína hönd og meðnefndarmanna minna að óska þess, að málið verði afgreitt með dagskrá þeirri, sem er að finna á þskj. 532.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hjelt vissulega, að þessu máli lægi meira á en út lítur fyrir, að háttv. landbn. áliti. Jeg verð að segja, að jeg varð talsvert hissa, þegar jeg sá, að háttv. landbn. var sammála um að telja enga þörf á að flýta þessu máli, og það lítur út fyrir, að henni þyki ekki vera komnar nægar umkvartanir yfir kláðanum. Þó að það megi að vísu finna eitthvað að undirbúningi þessa máls, hjelt jeg þó, að það væri alveg óhætt að samþykkja þetta frv., þar sem framkvæmdir þess eiga að bíða þar til í ársbyrjun 1929. Jeg sje enga nauðsyn bera til að bera þetta mál undir álit hreppsnefnda út um land. Það er alkunna, að kláðinn er orðinn mjög útbreiddur, og jeg sje enga ástæðu til þess að bíða eftir því, að hann komist í sýslur, þar sem hann hefir ekki fundist í áður. — Það er alveg víst, að þó þrifaböðunum verði haldið áfram, verður fjárkláðanum aldrei útrýmt með þeim, ekki síst ef baðlyfin

eru misjöfn, eins og stundum hefir verið kvartað undan.

Jeg get því ekki mælt með þessari dagskrártillögu háttv. landbn.; jeg tel sjálfsagt að samþykkja frv., því það er að öllu leyti hægt að ganga svo frá þessu máli, að undirbúningur geti orðið sæmilegur, þar sem hálft þriðja ár er ætlað til þessa. Jeg held, að kláðinn sje allflestum svo kunnur og hvimleiður, að flestir muni fremur kjósa að losna við hann sem allra fyrst. Jeg tel því hreinasta óþarfa að fresta nokkurn hlut frv. þessu eða draga úr framkvæmdum til útrýmingar kláðanum.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Honum þótti það undarlegt, háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), að landbn. skyldi verða sammála um þetta mál. Það get jeg ekki sjeð, að sje neitt undarlegt. Eins og hv. þm. (GuðmÓ) tók fram, bíða framkvæmdir þessa máls, ef frv. verður samþykt, til ársloka 1928 eða ársbyrjunar 1929. Það er því nægur tími til að ráða fram úr þessu máli. Telji næsta þing þess þörf, mun það gera einhverjar ráðstafanir til þess, að framkvæmdir verði hafnar á sínum tíma, og þá ætti að vera hægt að hafa hliðsjón af tillögum manna úr ýmsum sveitum, sem málið hefði verið borið undir, og óneitanlega verða að fá að hafa tillögurjett um þetta mál. Mótbárur háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) hafa því við lítil rök að styðjast.

Nú hefir verið losað á ýmsum höftum, sem voru á notkun ýmsra baðlyfja, og sumir halda því fram, að það eitt ætti að nægja til þess að halda kláðanum í skefjum. Jeg legg engan dóm á þetta, en get þess aðeins, að raddir hafa heyrst í þá átt, að mistök þau, sem orðið hafa á fyrirskipunum um notkun baðlyfja, eigi drjúgan þátt í aukningu fjárkláðans.

Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, liggur málinu ekki svo á, að ekki sje óhætt að samþykkja dagskrártillöguna. Þar sem tíminn er svona nægur, getur næsta þing tekið fullnaðarákvarðanir um málið, ef það telur þess þörf.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 5. landsk. (GunnÓ) byrjaði og endaði ræðu sína með því, að það mætti samþ. lög um þetta efni seinna, ef þá yrði þess talin þörf. Jeg tel enga þörf að fresta þessu til næsta þings, sem sjálfsagt er að útkljá nú þegar. Jeg tók það fram áðan, að það mætti ef til vill finna ýmislegt að undirbúningi þessa máls, og það bætir ekki úr skák, ef frv. verður svæft nú, því það mundi draga mjög úr öllum áhuga manna fyrir undirbúningi útrýmingar fjárkláðans. Það gæti og vel hugsast, að næsta þing fyndi upp á því að telja það einnig of fljótt þá að afgreiða málið. Þó tel jeg líklegt, að menn vilja losna við kláðann, ef það er hægt; þrátt fyrir það, að ómögulegt er ekki að halda honum í skefjum að einhverju leyti með þrifaböðunum, verður honum aldrei útrýmt með öðru en því, sem frv. gerir ráð fyrir, og flestir munu því verða á því, að útrýma fjárkláðanum strax.

Eggert Pálsson: Háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) furðaði sig mjög á því, að nefndin hefði verið sammála; jeg skil ekki, af hverju háttv. þm. er svo hissa á því, nema hann álíti og telji sjálfsagt, að allar nefndir klofni, af því að allsherjarnefnd hefir nýlega klofnað í einu

einasta máli. Landbúnaðarnefnd fanst sjálfsagt, að máli þessu verði ekki ráðið til lykta án þess, að það verði borið undir sýslunefndirnar. Hún telur alveg óviðeigandi og rangt að ganga alveg fram hjá rjéttum aðiljum þessa máls. Málið hefir ekki ennþá verið lagt undir dóm þjóðarinnar, en það verður að fá vitneskju um það, hvort menn alment óska eftir allsherjar útrýmingarböðun eða ekki. Það er kurteisisskylda gagnvart svo stórri stjett í landinu sem bændstjettin er, að hún fái að láta álit sitt í ljósi um þetta, áður en það verður lögboðið. Jeg fæ ekki skilið, að neitt tjón geti af því hlotist, þó að máli þessu verði frestað um eitt ár, aðeins til þess að fjölmennasta stjettin í landinu geti fengið tóm til að athuga það og láta uppi sinn dóm og tillögur um það.

Þó að svo færi, að útrýmingarböðuninni seinkaði um eitt ár vegna þessa, og færi t. d. ekki fram fyr en um áramótin 1929—30, í stað 1928—29, þá get jeg ekki sjeð, að það hafi mikla þýðingu; en jeg tel talsvert um vert, að þessari stjett, bændastjettinni, verði gefið tækifæri til þess að segja eitthvað um þetta mál, áður en lögunum verður skelt yfir. Hitt nær engri átt, og nefndin hefir aldrei sagt neitt í þá átt, að útrýmingarböðunin væri óþörf. Vitanlega er kláðinn ekki eins magnaður alstaðar, og þar sem hann er, má búast við, að menn hafi vakandi áhuga á því að losna við hann. En úr þeim hjeruðum, sem fjárkláði hefir ekki ennþá fundist í, þarf þess varla að vænta, að háværar raddir heyrist um útrýmingarbaðanir. Jeg býst við, að landstjórnin fái nógar óskoranir um að hefjast handa, úr þeim hjeruðum, sem kláðinn er í, svo að ekki þurfi að óttast, að málið sofni til fulls, þó að því sje frestað í þetta sinn. — Jeg hefi svo ekki fleira að segja, en vildi aðeins taka þetta fram, að jeg vildi ekki leggja til, að máli þessu yrði ráðið til lykta áður en bændastjettinni gæfist kostur á að gera sínar tillögur um það.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. form. landbn. (EP) er hissa á því, að jeg skyldi taka til þess, að nefndin væri sammála. Það gerði jeg heldur ekki; jeg var ekki hissa á því, að nefnd var sammála, heldur á því, að hún var sammála um þetta. Hann vill vanda afgreiðslu þessa máls meir en frv. um útsvör, sem nú er nýlega útkljáð í þinginu, og var hann ekkert hræddur við að afgreiða það án þess að bera það undir dóm almennings. En við þetta mál er hann hræddur. (**EP:** Breyting á sveitastjórnarlögunum og fátækramálunum hefir einmitt verið borin undir allar sveitastjórnir). Jeg er óhræddur við það, þó að bændur fái að vita það með samþykt þessa frv., að þeir eigi að losna við fjárkláðann eftir 2 ár; þeir vita allir, að þetta kostar eitthvað, bæði þá sjálfa og ríkissjóð.

En hvaða vissu getur háttv. landbn. gefið mönnum um það, ef frv. verður nú frestað, að því verði ekki hnýtt aftan í einhver önnur mál, sem samtök eru um, að megi ekki ganga fram að sinni, eins og t. d. bankamálin?

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) spurði um það, hvaða vissa væri fyrir því, að þetta mál yrði afgreitt á næsta þingi, ef því verður nú frestað? Þessu er ekki hægt að svara alveg ákveðið, það liggur í nauðsyn málsins sjálfs, hversu hún verður

talin mikil. Í dagskránni er farið fram á það, að bændur verði spurðir að því, hvort þeir telji nauðsyn á því, að láta böðunina fara fram. Ef þeir svara þessu játandi, tel jeg vissu fyrir því, að útrýmingarböðunin verði lögleidd. — Það er einmitt þetta, sem nefndin vill; hún vill ekki, eins og háttv. 1 þm. Rang. (EP) tók fram, láta lögskipa allsherjarböðun, án þess að raddir frá bændum hafi verið heyrðar áður. Það er vitanlegt, að allmargir bændur eru þessu mótfallnir og vilja komast hjá því, ef hægt er. Jeg tel víst, að háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) sje það fullkunnugt, að auk kostnaðar, sem útrýmingarböðunin sjálf hefir í för með sjer, þá fylgir þar með ýmislegur annar kostnaður og óþægindi fyrir bændur, svo sem fóðurbirgða-eyðsla o. fl.

Nefndin hafði þetta alt fyrir augum, er hún ákvað að baka ekki bændum stór fjárútlát og aukinn kostnað, ef hægt væri að komast hjá því, og því vill hún láta þá segja til um það, hvað þeir telja rjett að gera í þessu máli, og jeg álít, að ráð þeirra sjálfra verði hollast í þessu efni.

Ágúst Helgason: Hv. meðnefndarmenn mínir eru þegar búnir að lýsa vel og rækilega afstöðu nefndarinnar til þessa máls, en jeg vil taka fram það, sem einkum vakti fyrir mjer. Jeg er ekki viss um, að þörf sje á svona mörgum útrýmingaböðum. Kostnaðurinn er líka gífurlegur við þrefalda böðun. Og hugsum okkur t. d. sveitir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Langanesi og Melrakkasljettu, þar sem fje gengur sjálfala. Bændur þeirra hjeraða yrðu neyddir til að fella niður fje sitt, ef fyrirskipaðar eru þrefaldar baðanir. Jeg held, að þar sem nú er búið að gefa baðlyfjaverslunina frjálsa, og bændur geta nú notað það lyf, sem reynst hefir þeim best og sýnt hefir, að hægt er að lækna fjárkláðann, geti menn verið vongóðir um, að ef bændur vilja lækna kláðann, geti þeir það án útrýmingarbaðana. Í mörgum sýslum hefir tekist að útrýma kláðanum alveg, með því að þríbaða, þar sem grunur hefir verið um fjárkláða. Þetta er ekkert smámál og mjög viðurlutamikið að skella þessum þreföldu útrýmingarböðunum á bændur, án þess að gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 532, frá landbn., samþ. með 8 : 4 atkv.

---

5. Strandferðaskip.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips (þmfrv. A. 320).

Á 55., 57., 59., 61., 63. og 65. fundi í Nd., dagana 16., 19., 21., 24., 27. og 29. apríl, var frv. tekið til 1 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal ekki hafa langa framsögu fyrir máli þessu. Það er þektur gestur hjer í hv. deild, þótt eigi hafi það áður legið fyrir í frum-

varpsformi. Í einhverri mynd blasir það við á hverju þingi, þegar rætt er um strandferðir og flóabáta, og togstreitan um þau mál stafar ekki síst af því, að þetta hentuga strandferðaskip vantar.

Vjer flm. þessa frv. erum nú þeirrar skoðunar, að með byggingu og rekstri þessa strandferðaskips megi þoka almennum samgöngubótum innanlands miklu lengra áleiðis til gagnkvæmra hagsmuna öllum landslýð en með nokkru öðru móti verður gert fyrir jafnlítið fje og jafn-fljótlega. Þetta hlýtur líka öllum að vera ljóst, sem málinu gefa gaum. Allur þorri landsmanna býr með ströndum fram eða í þorpum við sjó, og á sjónum er því sú sjálfgerða og sjálfkjörna braut samgangnanna. Ef tilætlunin er, að bygð skuli haldast í öllum hjeruðum landsins, þá er það blátt áfram óhjákvæmileg nauðsyn, að tengja öll hjeruð saman með tíðum skipagöngum, sem tengd verða, og útvega þeim hjeruðum, sem fjær eru ströndinni og höfnunum, svo greiðfæra sjávargötu, sem kostur er á. Samgöngur á landi, sem fullnægt geti öllum hjeruðum til líka við hentugar strandferðir, verða verk nokkurra kynslóða, og kosta meira fje en þjóðin getur haft til umráða á næstu áratugum. Og þótt ýms hjeruð landsins sjeu svo illa sett vegna hafnleysa og torveldra siglingaleiða, að þeim nýtist illa strandferðir, þá leiðir ekki af því, að hin eigi að fara á mis við samgöngurnar, heldur hitt, að bæta verður þeim hafnlausu og afskektu hjeruðum muninn með þeim samgöngutækjum, sem þau geta notið. Að nokkru leyti ætti það að gerast með flóabátum, líkt og verið hefir, ef þetta strandferðaskip yrði bygt, að nokkru leyti yrði með þessu skipi hægt að koma á strandferðum, þar sem þær nú vantar, en þar sem hvorugt gæti að liði orðið, þar yrði að leggja því meira kapp á samgöngubætur og vegi á landi.

Póstflutningur á landi, sem enn í dag er hjer á landi með úreltum tækjum, afar-seinfær og dýr, getur ekki breytst til verulegra bóta, nema þetta strandferðaskip verði fengið. Aðalpóstskipið „Esja“ ætti, þegar slíkt skip væri fengið og þegar hún losnaði að mestu við vöruflutninga, að geta farið hringferðir um landið á 10—11 dögum að sumrinu, með póst og farþega, og komið á 40—50 hafnir í ferð hverri. Slíka hringferð fór skipið nú síðast á 10 dögum og kom á 36 hafnir, og þó með farm. Á vetrum mundi hæfilegt að ætla 15—20 daga til þessara hringferða.

Þegar slíkar ferðir væru reglubundnar, virðist liggja beint við að fella niður mikið af þeim lengri landpóstaferðum og láta aukapósta frá aðalhöfnunum dreifa og safna pósti fyrir hafnarstaðina. Með því mundi vinnast það tvent, að póstflutningur yrði örari og útgjöldin minni við landpóstaferðir.

Ekki þarf getum að leiða að óskum fólksins í fjarlægum hjeruðum um slíka samgöngubót sem þetta. En vitanlegt er það, að engir finna eins sárt til einangrunar og samgönguerfiðleika eins og þeir, sem mest eru afskiftir samgöngum. Kröfurnar um auknar samgöngur eru líka almennari en flestar eða jafnvel allar umbótakröfur, þótt hvergi hafi þær jafnháværar verið eða stórfeldar eins og hjer á suðurláglendinu, þar sem beðið er um margra miljóna samgöngutæki, aðallega til að tengja tvær sýslur við örugga höfn. Það er jafnalvarleg óskin um þetta, þótt efnin skorti til framkvæmda, og óskin er að vissu leyti mælikvarði þarfarinnar.

Hjer er með skipsbyggingunni ekki stefnt að neinu ókleifu eða tvísýnu fyrirtæki. Skipið mun að öllum líkum kosta nálægt 400—450 þús. kr., og að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir nokkrum rekstrarhalla á því, þótt jeg enganveginn kannist við, að hann þurfi að vera mikill. En sá óbeini hagur hlýtur og að vega þar á móti, enda verður ekki betur sjeð en að skipið gæti tekið að sjer og annast ýmsa flutninga, sem nú eru kostaðir að meira eða minna leyti af opinberu fje, svo sem beinu vöruflutningana frá útlöndum til suðurstrandarinnar, sem nú eru styrktir með 4 þús. kr. fyrir eina einustu ferð. Ennfremur ætti skipið að taka að sjer 2000 kr. vjelbátaferðir, sem nú eru áformaðar til Rangársands og Árnessýsluhafna, því að engin frágangssök er fyrir slíkt skip að koma um hásumarið á Stokkseyri og Eyrarbakka og aðra lendingarstaði þar eystra fremur en áður var, er strandferðabáturinn „Austri" átti þar viðkomur. Sama má segja um Hornafjörð; með slíku skipi sem þessu, er hjer um ræðir, myndi hann komast í nokkurnveginn örugt strandferðasamband, og þar með ættu þær 7000 kr., sem Hornafjarðarbátur fær, að geta fallið niður að mestu eða öllu. Slík samgöngubót væri eigi aðeins stór fengur fyrir Austur-Skaftafellssýslu, heldur jafnframt þjóðfjelagslegur ávinningur, þar sem verstöðin á Hornafirði er orðin ein af fjölsóttari verstöðvum landsins, og getur ekki samgöngulaus verið án stórskaða fyrir þjóðfjelagið. Flóabátaferðir til Breiðafjarðar ættu og að geta fallið niður, eða sá 9500 kr. styrkur, sem Suðurland fær nú fyrir fáar ferðir þangað, því að skipið verður að sjálfsögðu bygt sjerstaklega til þess að geta komið á hinar torsóttari hafnir, þar sem grynningar eru eða þröngar siglingaleiðir og önnur siglingavandkvæði fyrir stór skip. Sama má segja um ýmsa aðra staði, þar sem flóabátar annast nú samgöngurnar. T. d. ætti þá ekki lengur að vera þörf á styrk til Grímseyjarbáts og Eyjafjarðarbáts, o. s. frv. Yfir höfuð hygg jeg, að ýmsir slíkir bátar geti horfið eða styrkur til þeirra takmarkast vegna þessara auknu strandferða, og hygg jeg, að fullur helmingur af þeim 100,000 kr. styrk, sem nú er áætlaður, mundi að skaðlausu geta horfið, er skipið kæmist í strandferðir. Öðru máli er að gegna um þá báta, sem ganga innfjarða eða á vötnum, eins og t. d. Djúpbátinn eða Lagarfljótsbátinn. Á slíkum stöðum geta vjelbátar komið að fullu liði.

Nú má benda á, og á það legg jeg sjerstaka áherslu, að hjer hljóta að verða mjög hæpnar og óábyggilegar strandferðir meðan ekki er bætt nýju skipi við. Komi eitthvert óhapp fyrir með „Esju" — sem ætíð getur að borið — þá eru allar strandferðir settar í vetrarnaust í einum rykk, og kyrstaða komin um lengri tíma. Þegar skipin eru tvö, þarf tæpast að gera ráð fyrir slíkri stöðvun póstferða og flutnings, þótt öðru berist á. En auðvitað hljóta ferðirnar þá að strjálast í bili. Verulegt öryggi um strandferðir fæst því ekki án þess að bæta þessu skipi við. Alt þetta, sem nú hefir sagt verið, er í raun og veru viðurkent og sannað mál. Enginn neitar því, að æskilegt væri að fá þetta skip.

Nielsen framkvæmdastjóri hefir svo sem kunnugt er lagt og leggur áherslu á þetta, eins og líka milliþinganefnd frá síðasta þingi gerði. Einnig hefir samgmn. þessarar deildar látið í ljós, að hún teldi

eigi vel fyrir strandferðunum sjeð fyr en hentugt skip fengist til þeirra í viðbót við „Esju“.

Það, sem um er spurt og ágreiningur kann að vera um, er sá hentugi tími til að byggja skipið. Vjer flm. teljum hann einmitt vera fram undan og styðjum það með því, að fyrningar ríkissjóðs frá fyrra ári eru svo miklar, að vart mundi þurfa á lánsfje að halda til skipkaupanna. En vjer höfum þó talið rjett að setja í frv. lánsheimild fyrir stjórnina, ef þurfa kynni á henni að halda. Vjer höfum þá líka hugsað okkur byggingu skipsins nokkru síðar en áður hefir verið ráðgert, einkum af því, að kostnaður virðist fara lækkandi.

Kæliskip það, sem áformað er að byggja, verður væntanlega til hlítar reynt haustið 1927. Til þess tíma verður viðbúnaður allur að gerast. En eitt af því, sem ætti að tryggja góðan árangur af útflutningi kælda kjötsins, er greiðleg söfnun vörunnar fyrir kæliskipið. Þess vegna leggjum vjer flm. til, að strandferðaskipið, sem við eftir till. Nielsens framkvæmdastjóra ætlumst til að hafi talsvert kælirúm, verði tilbúið í strandferðir fyrir sláturtíð 1927. Annars vegar er líka þörf fyrir margháttaðan annan kæliflutning með ströndum fram, sem oft hefir skort bagalega undanfarið. Hefir það einkum átt heima um beitusíld, sem tíðum þarf að senda langar leiðir og oft skemmist við slíkan flutning vegna vöntunar kælirúms.

Það hefir oftlega verið um það kvartað, að útlend skip, sem sigla hjer í strandferðum, taki farþegaflutning frá innlendum skipum og rýri þannig tekjur þeirra mjög. Við þessari órðugu samkeppni er það ráð eitt, að bæta við strandferðaskipi og hraða meir ferðum „Esju“. Þegar vjer sjálfir getum boðið innlendum mönnum sæmilega tíðar og hraðar ferðir með ströndum fram, get um vjer goldið frændum vorum, Norðmönnum, líku líkt, og bannað þeim fólksflutninga með ströndum landsins, á sama hátt og þeir banna oss og öðrum útlendum þjóðum fólksflutninga með ströndum Noregs. Skipsbyggingin er því alt í senn: nauðsynjaverk vegna samgangna og flutninga, þjóðfjelagslegt hagsmunamál vegna kæliflutninga og póstferða og metnaðar og menningarmál vegna sjálfsbjargar og sjálfstæðis þjóðarinnar, sem við getum ekki látið vera að sinna. Jeg geri hiklaust ráð fyrir þeim heilbrigða metnaði hjá þingbræðrum mínum, að allir vilji þeir, að við getum hjálpað okkur sjálfir, svo vjer þurfum ekki að vera upp á útlendinga komnir um fólksflutninga með fram ströndum landsins.

Það mun því miður ekki vera oss fært sem stendur, að útiloka samkepni Dana í strandferðum hjer við land, en væntanlega dreymir þó einhverja um það, að oss muni vaxa svo fiskur um hrygg, að vjer getum annað þessum fólksflutningum sjálfir. Sennilega verður líka sú breyting gerð á sambandslögunum, að ákvæðin um jafnan atvinnurjett í báðum löndum hverfa áður langt um líður. Rjettast mundi því að búa sig undir breytinguna dálítið fyrirfram, venja oss smámsaman af móðurbrjóstunum dönsku um samgöngur og fleira.

Í umr. um strandferðir er oft bent á ferðir millilandaskipanna eins og ígildi strandferðaskips. En mjer virðist þá venjulega gleymast það, sem er aðalatriðið, að þau skip sigla fyrst og fremst þar, sem nægilegur flutningur býðst og

aðallega hans vegna, og því koma þau yfirleitt á þær smáhafnir, enda eru þau líka eftir stærð sinni og ákvörðun of dýr og óhentug til skottuferða og snúninga. Hinsvegar er bersýnilegt, að þeirra verkahringur er eigi fyltur meðan 4 eða fleiri útlend milliferðaskip ganga stöðugt hingað og hjeðan í flutningaferðum. Og auk þessara skipa verður Eimskipafjelagið að leigja 1 eða 2 aukaskip til millilandaflutninganna í ár. Það er því hrein og bein eyðsla að láta Fossana snúast í strandferðum, að því leyti, sem það er gert.

Jeg vil ætla, að þessu máli verði hjer vel tekið og að enginn vilji láta smávægilega sýtingssemi verða því að fótakefli. Það hefir vissulega margt tvísýnna fótmál verið stigið hér í seinni tíð en þótt ráðist verði í kaup á slíku farartæki og litlu strandferðaskipi bætt við til ferða meðfram okkar 1600 sjómílna löngu strönd, þar sem aðeins eitt skip er í ferðum fyrir.

Eg mun svo ekki þreyta hv. þdm. meir en komið er. Jeg veit, að jeg hefi reynt mjög á þolinmæði þeirra. En jeg hefi líka reynt að takmarka mig við aðalþráð málsins og forðast aukaatriði. Loks vil jeg benda á það, að þótt það væri ætlun margra í upphafi þessa þings, að efni mundu tæplega á því vera að ráðast í skipakaupin bráðlega, þá er um þetta talsverð breyting orðin.

Hv. fjhn. þessarar deildar, sem sennilega er kunnugri fjárhag ríkissjóðs en þdm. alment, þar sem það er hennar sérstaka ætlunarverk að rannsaka hann og gera till. um fjárhagsáætlanir allar, hefir nú þessa síðustu daga komist að þeirri niðurstöðu, að vel mundi mega fella niður af verðtolli þeim, sem stjórnin vildi lögfesta fyrir komandi ár, 160—170 þús. kr. Einnig hefir hún lagt til, að feldur verði niður vörutollur, sem nemur 470—500 þús. kr. Þegar svo er, þá virðist mjer augljóst, að nefndin hafi gengið úr skugga um það, að ekki sjeu nein sjerstök fjárhagsvandræði að óttast. Nefndin hefir með öðrum orðum lagt til, að felt verði niður af tekjustofnum ríkissjóðs miklu meira en nemur verði þessa margeftirræskta og langþráða strandferðaskips, og með því sýnt, að fjeleysi þarf ekki að aftra skipskaupunum. Mjer virðist því, að jeg geti vænst þess, að þingið taki nú betur þessu máli heldur en þegar því var hreyft hjer fyrst.

Í öðru lagi er líka á það að líta, að breyting mikil hefir orðið um tímaákvörðun, þar sem í öndverðu var gert ráð fyrir, að í framkvæmdir yrði ráðist nú þegar, en nú er lagt til, að það verði meira en ári síðar, eða eftir 1½ ár. Þessvegna er líka undirbúningstíminn lengri og auðveldara að koma þessu í kring. Jeg held í raun og veru, að þingið geti tæplega, eins og á stendur, gefið þeim afskektu og afræktu landshlutum aðra betri sumargjöf í þetta sinn, en fyrirheitið um það, að þeir fái að njóta þessarar samgöngubótar. Jeg veit vel, að ekki er hægt að veita nema fyrirheit að sinni, en fyrirheitið er hægt að veita, og þá kemur fullnægingin á eftir. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar og vænti þess líka, að þótt einhverjum mótmælum verði hreyft, sem jeg tel eigi ólíklegt, að þá muni jeg ekki biðja um orðið aftur, nema sjerstök og brýn ástæða sje til. En til þess vil jeg mælast, að þegar þessari umr. er lokið, og ef hv. deild felst á að vísa þessu máli lengra, þá

verði því vísað til fjhn. Jeg tel málið fyrst og fremst fjárhagsnefndar-mál, og sú hliðin á því, sem að samgöngunum veit, hefir áður verið athuguð í samgmn., svo sem greinargerð frv. sýnir og álit nefndarinnar á þskj. 60. Hún taldi þar æskilegt að fá skipið sem fyrst, en treystist aðeins ekki til að krefjast skipskaupanna þegar í stað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að frá sex hv, deildarmönnum hefir mjer borist svolátandi krafa:

„Með skirskotun til 43. gr. þingskapanna óskum vjer þess, undirritaðir þingdeildarmenn, að frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips verði tekið á dagskrá á morgun, og eigi síðar en svo, að 3. mál verði í röð dagskrárinnar."

Sveinn Ólafsson. Þorleifur Jónsson. Klemens Jónsson. Tryggvi Þórhallsson. Halldór Stefánsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Samkvæmt ákvæðum 43. gr. þingskapanna mun jeg bera kröfu þessa undir atkv. í byrjun næsta fundar.

Á 77. fundi í Nd., næsta dag, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Þá vil jeg bera undir atkv. hv. deildar kröfu þá um dagskrárbreytingu, sem fram kom í lok síðasta fundar.

Þórarinn Jónsson: Jeg vil benda á það, að samkvæmt 43. gr. þingskapanna þarf samþykki ¾ fundarmanna til þess, að mál, sem ekki er á dagskrá, verði tekið fyrir.

Forseti (BSv): Jeg vil benda hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) á það, að hjer er nokkru öðru máli að gegna, og verður að fara um þetta mál eftir öðrum ákvæðum 43. gr. þingskapanna, þar sem þess var krafist af þdm. á fundi í gær, að málið yrði tekið fyrir. Þótt ekki sje það á dagskrá, þá er hjer ekki um afbrigði að ræða, þar sem þessi áskorun er rjett fram komin, og þarf því ekki nema einfaldan meiri hluta fundarmanna til þess, að þetta mál megi koma fyrir.

ATKVGR.
Krafan samþ. með 13 : 6 atkv., og lýsti forseti yfir því, að frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips skyldi teljast 2. mál á dagskrá.

Á sama fundi var frv. tekið til 2. umr. (A. 320, n. 497 og 583).

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Eins og þskj. 497 og 583 sýna, hefir samgöngumálanefnd ekki verið sammála um till. í þessu máli. Þó þykist jeg mega segja, að ekki sje langt á milli nefndarhlutanna; hvortveggi hafa komist að þeirri niðurstöðu, að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Aðeins er nokkur munur á því, hvernig nefnd-

arhlutarnir vilja rökstyðja dagskrár sínar. Þar sem engar líkur eru til þess, að sjálft málið, eins og það liggur fyrir í frv. á þskj. 320, geti orðið afgreitt eins og ætlast var til, virðist sú lausn, sem dagskrá minni hl. vill gera á málinu eftir atvikum mega teljast sómasamleg. Jeg vil líka ætla, að hæstv. stjórn hafi heldur ekki á móti svo mjúklegri afgreiðslu á málinu.

Eins og hv. þdm. er kunnugt er frv. á þskj. 320 aðeins nokkur nánari ákvæði um það, sem þegar er búið að lögfesta, með lögum nr. 53 frá 1913, um kaup og rekstur tveggja strandferðaskipa. Þau lög gera ráð fyrir, að stjórnin kaupi tvö skip og hafi í förum kringum landið. Gert var ráð fyrir, að þau lög kæmu til framkvæmda 1916. Nú er aðeins komið annað þessara skipa og er að mestu gert eftir þeirri fyrirsögn í lögum frá 1913, sem laut að því, hversu betra skipið skyldi útbúið. Fyrirmælum þessara laga er því ekki enn fullnægt nema að hálfu leyti. Þar sem nú er langt liðið og engar líkur eða möguleikar til þess, að Eimskipafjelagið taki að sjer strandferðirnar og byggi nýtt strandferðaskip eins og upphaflega var ætlað, virðist tími til kominn að fullnægja þessum lögum og byggja síðara strandferðaskipið. Að þessu lýtur dagskrá minni hl. En hann gerir jafnframt ráð fyrir, ef stjórnin sæi færi á að fullnægja fyrirmælum þessara laga, að þá yrði eins og nú er ástatt tekið nokkurt tillit til þess við útbúnað skipsins, sem fyrir okkur vakir, flutningsmönnum frv. á þskj. 320, t. d. um hraða skips og kælirúm. Það væri ef til vill ástæða til þess að fara út í álit meiri hl., en það er svo nýlega komið, að jeg hefi ekki fengið ráðrúm til þess að lesa nema sem svarar helmingi þess og skal því ekki tala margt um það að svo komnu. En mjer virðist sú rökstudda dagskrá, sem meiri hl. ber fram, líkjast meira þáltill. en rökstuddri dagskrá. Jeg hefi ekki, svo jeg muni, sjeð rökstudda dagskrá í þeim búningi, sem hjer kemur fram, stafliðir með fullyrðingum og engin rök. Annars vildi jeg segja það út af orðum meiri hl., þar sem hann vill láta rannsaka áður en til framkvæmda komi, hvort ekki megi komast að samningi við Eimskipafjelagið eftir lögunum frá 1913, að þetta er tómt fálm og til tafar. Jeg veit ekki betur en að búið sje að reyna að komast að slíkum samningum árangurslaust, þeir ekki tekist, enda mun búið að greiða þau 400 þúsund sem hlutafje, sem lögin 1913 heimila, án nokkurrar skuldbindingar frá fjelagsins hálfu um að taka að sjer sjerstakar strandferðir öðruvísi en með millilandaskipunum. Jeg hygg því öldungis þýðingarlaust að benda til samninga, sem löngu eru strandaðir. Annað er það í áliti meiri hl., sem kemur mjer líka nokkuð á óvart. Það virðist vaka fyrir honum, að innan nokkurra ára muni verða teknar upp bílferðir milli Norðurlands og Suðurlands og fyrir þá skuld sje minni þörf á nýju strandferðaskipi. Mjer finst þetta óskylt mál og ekki líklegt, að þörf á strandferðaskipi minki eða hverfi, þótt slíkar bílferðir yrðu teknar upp á mjög takmörkuðu svæði. Að minsta kosti er tæplega hægt að gera ráð fyrir, að slíkar bílferðir komi að notum yfir háveturinn eða að þær að nokkru ráði verði til flutninga þungavöru. Um þá fullyrðingu hv. meiri hl., að strandferðir sjeu góðar nú sem stendur og því ekki þörf að bæta við skipi, nægir mjer að benda til þess, sem svo oft hefir verið minst

á hjer áður, að þessar strandferðir eru ennþá ekki betri en svo, að ýmsir landshlutar fara alveg á mis við þær, og verða að bjargast við lítilfjörleg mótorskip, ýmist, eða vera samgöngulaus. Og þar sem hv. meiri hl. bendir á lausnina í þessu máli, sem fengist hefir með því að leigja skip til 4 mánaða á þessu ári, þá er það bert, að slíkt er ekki ráðstöfun fyrir komandi tíma eða næstu ár. Þessi ráðstöfun er gerð aðeins fyrir yfirstandandi ár, og verður væntanlega eitthvað í stað hennar að koma, þegar lengra líður. Hv. þdm. geta að von minni fallist á þá rökstuddu dagskrá minni hl., því að í henni finst mjer ekki felast neitt, sem þeim eða hæstv. stjórn gæti verið á móti skapi. Till. er ekkert annað en einföld tilvísun til laganna frá 1913 og ósk um það, ef ástæður leyfa, að þeim verði fullnægt.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. frsm. minni hl. (SvÓ) vill nú halda því fram, að það sje mjög skamt á milli þesara tveggja dagskrártillagna, sem liggja fyrir. En það er öðru nær. Meiri hl. till fer fram á, að beðið sje eftir reynslu þeirri, sem fæst með því að auka einu skipi við um mesta annatímann, 4 mánuði ársins, og fresta þessu máli. En hin till. fer beint fram á, að ríkisstjórnin taki á sig ábyrgð á að framkvæma lögin frá 1913 um að láta byggja strandferðaskip. Já, meira að segja, þegar á þessu ári. Jeg skil nú ekki í, að það sje gerlegt, að bera fram slíka dagskrá að nýafstöðnum fjárlögum, að skora á ríkisstjórnina að ráðast í fyrirtæki til útgjalda sem kosta 50 þús. kr. og máske 100 þús. eða upp í 200 þús.króna árlega útgjaldaaukningu. Það má öllum vera ljóst, að ef við höfum tvö skip hjer til strandferða með öllum millilandaskipunum, þá verða tekjurnar af þessum skipum minni en svo, að nokkur von sje til, að við komumst af með líkt hlutfall í tilkostnaði og tekjum og við höfum af „Esju".

Lögin frá 1913 eru nú fyrst og fremst áskorun til stjórnarinnar um að leita samkomulags við Eimskipafjelag Íslands. Það er rjett, að þetta samkomulag strandaði í bili, sennilega vegna þess, að jeg hefi heyrt það fullyrt, að sá ráðherra, sem fór með þessi mál, var of lengi að ákveða sig um, hvort taka bæri tilboði Eimskipafjelagsins.

Hv. frsm. minni hlutans (SvÓ) sagði, að þessar fjögur hundruð þúsund kr. væru óbundnar í hlut í Eimskipafjelaginu. Þetta er ekki rjett. Ríkissjóður á ekki nema 100 þús kr. hlut í Eimskipafjelaginu. Vegna þess að ekki fengust samningar við fjelagið, var ekki látið meira hlutafje. En nú hefir, eins og allir vita, þingið gengið inn á þá braut að semja við Eimskipafjelagið, þegar á að byggja nýtt skip í sjerstöku augnamiði, þ. e. kæliskip. Og jeg er viss um, að allir hv. deildarmenn eru þeirrar trúar, að þetta sje til hagsbóta fyrir landsmenn og fyrir ríkissjóð líka; því að Eimskipafjelagið mun geta tekið þetta skip mun ódýrara heldur en ef við rækjum það fyrir ríkisins reikning. Lætur það að líkum, þar sem fjelagið getur haft þess meiri not en ríkissjóður gæti. Og jeg er alveg viss um, að Eimskipafjelagið getur gert út skip til strandferða með jafn-góðum árangri og ríkissjóður, með talsvert minna fje. Mjer finst það ekki nema eðlilegt, að það sje að minsta kosti talað við Eimskipafjelagið og leitað hófanna hjá því um það, hvort það vill taka að sjer þess-

ar ferðir eins og aðrar ferðir. Þar sem þetta má nú heita þjóðarfyrirtæki, þá hygg jeg menn amist ekki við þessu; jafnvel ekki þeir, sem vilja þjóðnýta slíkar framkvæmdir.

Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að það væri óskylt samgöngum á sjó, þó að maður gæti annast fólksflutning á landi á ódýrari og hagkvæmari og þægilegri hátt. Jeg held þvert á móti, að það sje skylda okkar að taka tillit til þess, þegar við ræðum um strandferðir, ef við getum með þeim framkvæmdum, sem ríkið hefir áformað að ráðast í með samgöngubætur á landi, annast fólksflutninga betur. Hv. þm. vildi ekki neita, að fólksflutningar myndu fara fram talsvert á landi, þegar bílvegur væri kominn alla leið norður í Skagafjörð. Það er áreiðanlegt, að þá fara færri með strandferðaskipum norður fyrir Strandir, ef þeir geta komist landveg til Borgarness. Hann sagði, að þetta gilti aðeins á sumrin. Það er rjett, eins og stendur. En við höfum nýlega samþ. till., sem við væntum að verði til þess, að innan ekki langs tíma verði ráðin bót á þessu, svo hægt verði að fara í bílum einnig að vetrunum. Sumir leggja svo mikið upp úr þessari till. um kaup á snjóbíl, að þeir telja þetta nokkurnveginn trygt nú þegar. Jeg hygg það eigi þó nokkra bið, en vænti þess, að innan ekki margra ára verði hægt að notfæra sjer þessa uppgötvun, að hún verði svo endurbætt.

Það er enginn vafi, að sum hjeruð leggja miklu ríkari áherslu á að fá samgöngurnar innan hjeraðs bættar en nokkurn tíma strandferðir. Má nefna Eyjafjarðarsýslu, sem heimtar talsvert framlag til reglubundinna bátsferða um Eyjafjörð. Jeg veit það líka, að Eyfirðingar, Húsvíkingar, Siglfirðingar og Fljótamenn, og má nærri segja að miklu leyti Skagfirðingar, hafa miklu meiri not af þessum gufubát, sem heldur uppi reglubundnum ferðum milli Akureyrar og þessara staða, heldur en þótt auknar yrðu strandferðir. Það er nú svo, að þau hjeruð, sem næst liggja aðalkaupstöðunum norðanlands, vestanlands og austanlands, hafa lítil bein viðskifti við Reykjavík nema fólksflutning. Vörur eru seldar til þessara kaupstaða því nær eingöngu; það eru aðeins haustvörur, sem lítillega eru seldar til Reykjavíkur utan af landi. Allar sumarvörur eru yfirleitt seldar til næstu kauptúna. Og það er einmitt til þeirra flutninga, sem mönnum er nauðsynlegt að fá góðar innanhjeraðssamgöngur.

Jeg skil ekki, að hæstv. stjórn geti tekið á móti dagskránni á þskj. 497, nema með því að leggja hana í skúffuna; því að mjer er óskiljanlegt, að stjórnin geti nú, eftir að búið er einu sinni að fella þál. um byggingu nýs strandsferðaskips, farið eftir þessari dagskrá og látið byggja nýtt skip jafnvel þegar á þessu ári. Jeg teldi það vera hreint og beint brot á þeim yfirlýsta þingvilja nú fyrir skömmu.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Aðeins örfáum orðum verð jeg að víkja til hv. frsm. meiri hl. (JAJ). Honum fanst ekki geta átt við, þegar búið er að afgreiða fjárlög, að koma fram með dagskrá eins og þá, sem minni hl. hefir borið fram; af því að stjórnin, skildist mjer, hefði þá ekki ráð á neinu fje til að framkvæma skipsbyggingu fyrir. Jeg vil minna hv. frsm. á það, að í lögunum frá 1913, sem hjer er skírskotað til, er gert ráð fyrir, að þetta komist í framkvæmd með lántöku, og þar er

heimild fyrir stjórnina til að taka lán, alt að 450 þús kr., ef með þarf. Þess vegna er frá þeirri hlið skoðað ekkert í vegi.

Út af því, að hv. þm. endurtók fleirum sinnum, að hjer væri lagt til að hefja verkið á yfirstandandi ári, þá verð jeg að minna hann á það, sem allir geta reyndar sjeð á dagskr., að þar er berlega sagt „á þessu eða næsta ári", og auk þess með þeim fyrirvara, að stjórnin sjái sjer fært að ráðast í fyrirtækið. Dagskráin er nefnilega svo varlega orðuð, að engin stjórn getur haft á móti henni í þessu formi nema þá af skorti á velvild. Dagskráin er aðeins tilvísun til þeirra laga, sem eru löngu í gildi komin og eru enn í gildi.

Ein fullyrðing af hendi hv. frsm. meiri hl. (JAJ) fanst mjer dálítið ljettúðug og loðin, sú, að Eimskipafjelagið gæti tekið strandferðir með minni tilkostnaði en það opinbera. Hvar er sönnunin? Jeg held hún sje engin. Það er alt annað mál, að fjelagið getur betur staðið sig við að halda uppi þeim strandferðum, sem standa í sambandi við millilandaferðirnar, en ríkið að kosta strandferðir. En það eru engar venjulegar strandferðir eða póstferðir, sem Eimskip annast, þótt millilandaskip affermi á ýmsum höfnum eða taki farm.

Þá vildi hv. frsm. meiri hl. (JAJ), að því er mjer virtist, bíða með umbætur strandferða þangað til snjóbílar væru komnir til sögunnar og farnir að kafa fannir og flytja fólk milli landshluta. Hugvitssemin er þarna einstök! Ef hann vildi eitthvað í sölurnar leggja til að flýta fyrir því, að slík samgöngutæki fengjust og yrðu bráðlega í notkun, þá væri dálítið mark takandi á þessu hjali. En mjer virðist þetta einungis út í hött sagt hjá honum, og sennilega með það fyrir augum, að draga framkvæmd laganna frá 1913 á langinn. Þessi tilraun sem gera á hjer með snjóbíl eða reimabíl samkv. samþ. till., er aðeins til þess að vita, hvort möguleikar nokkrir eru á samgöngubótum með þessu tæki. Og þó að einn snjóbíll fengist, færi hann ekki milli allra hjeraða landsins eða gæti á nokkurn veg komið í stað strandferða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er reyndar orðið til lítils að halda ræður í þessari hv. deild, ef þær eiga að vera handa hv. þm., því það er nú komið svo, að menn hemjast alls ekki í þessum sal. En jeg vil þó láta í ljós þá skoðun, að stjórnin muni sjá sjer fært á þessu eða næsta ári að koma á fullri framkvæmd laganna frá 1913 um strandferðir.

Jeg skal þá víkja fáeinum orðum að þessum lögum. Þar segir í 1. gr., að stjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 400 þús. kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Svo segir í 2. gr., að ef ekki náist samningar við Eimskipafjelagið um það, þá sje stjórninni heimilt að láta byggja tvö strandferðaskip. Í 4. gr. segir, að skipin skuli hefja strandferðir ekki síðar en í apríl 1916. Nú hefi jeg í vasanum samning milli Eimskipafjelags Íslands og stjórnarinnar um það, að það taki að sjer þessar strandferðir með tveimur strandferðaskipum, gegn því, að ríkissjóður legði fram 400 þús. kr. Var hann gerður í ráðherratíð Hannesar Haf-

steins. En áður en kæmi til að fullnægja þessum samningi, skellur stríðið á. Þessvegna fór það svo, að það voru aldrei borgaðar inn nema 100 þús. kr., ekki 400 þús., eins og háttv. þm. S.-M. (SvÓ) sagði. Það vita allir, að meðan á stríðinu stóð margfaldaðist verð skipa, þannig að ekki voru nokkur tiltök að fá tvö strandferðaskip fyrir 400 þús. kr. Og þó að þessi samningur hafi verið gerður, þá sá stjórnin ekki fært að halda honum upp á Eimskipafjelagið, því að það hefði verið sama sem að eyðileggja það. Þar af leiddi, að nokkru seinna — um stríðslokin — var Eimskipafjelagið leyst frá þessum samningi.

Nú lít jeg svo á, að þar sem 10 ár eru nú liðin síðan þessi lög áttu að vera komin í fulla framkvæmd í síðasta lagi, og þar sem heimildin í 1. gr. um samning við Eimskipafjelag Íslands hefir þegar verið notuð, þá sje ekki unt að nota þessi lög frá 1913 lengur. Og jeg verð að segja, að þótt þessi dagskrá verði samþykt, þá mun jeg ekki sjá fært að kaupa strandferðaskip eftir heimild í lögunum frá 1913. Jeg álít ekki vera neina stoð í þeim. Þau eru tímabundin og gilda aðeins að því er snertir skipakaup þangað til í apríl 1916. Þá segja þau, að skipin skuli vera komin í strandferðir. (**SvÓ**: Mega þau ekki koma síðar?). Nei, ekki eftir lögunum.

Þessi lög hafa verið notuð eftir sínum upprunalega tilgangi, samkvæmt 1. gr., en samningurinn var upphafinn af því, að ófært þótti að krefja fjelagið að standa við hann. Jeg skal ekki fullyrða, hvort stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að uppfylla kröfur Eimskipafjelagsins, jeg var ekki viðriðinn slík mál þá.

Annars er þessi dagskrá þannig orðuð, að lagt er í stjórnarinnar vald, hvort framkvæmdir verði á þessu eða næsta ári. Út af því vildi jeg segja það, að jeg mun alls ekki sjá mjer fært að leggja út í þetta á yfirstandandi ári, og skal færa nokkur rök fyrir því.

Við þurfum vissulega nú á næstunni að athuga viðskiftareikning okkar við útlönd, því að á honum byggist okkar peningagengi að mjög miklu leyti. Nú hefir þessi hv. deild samþ. að skora á stjórnina að gera það sem unt er til þess að halda genginu föstu til næsta þings. (**Trþ**: Ekki að gera það sem unt væri!) Eitthvað var það í þá átt. (**Trþ**: Kappkosta!). Það fylgdi með að sjerstaklega ætti að leggja kapp á, að gengið lækkaði ekki. En ef við nú á þessu ári, sem lítur út fyrir að verði vont útflutningsár, förum að kaupa frá útlöndum skip og annað, sem við verðum að borga með ársframleiðslunni, þá er jeg hræddur um, að fari að koma halli á okkar ársviðskifti við útlönd. Þessvegna væri það mjög svo ógætilegt af Alþingi, ef ætti að fara að skipa stjórninni að láta byggja svo dýrt skip á þessu ári, eftir að hafa lagt fyrir hana að sjá um, að gengið fjelli ekki. Einnig verðum við að gá að því, að það eru miklar opinberar framkvæmdir á þessu ári. Við erum að byggja Landsspítala, við erum að byggja Klepp, við erum að byggja heilsuhæli Norðurlands. Svo er fjöldi einstakra manna að byggja sjer hús. Til alls þessa þarf mikið af erlendu efni. Við erum að leggja talsvert af símalínum hingað og þangað, og til þess þarf einnig mikið af erlendu efni. Alt þetta verðum við að borga annaðhvort með útfluttum vörum á árinu eða með því að stofna til skulda erlendis. Nú finst

mjer það muni vafasamt, að Alþingi vilji fara inn á þá braut að safna miklum skuldum erlendis. Býst við, að það sje vilji meiri hl. þingsins að hafa nokkurn veginn jöfnuð á viðskiftunum við útlönd. En það er ómögulegt að búast við slíkum jöfnuði. ef farið er að leggja út í slíkt, — að kaupa skip, sem kostar að minsta kosti hálfa miljón króna. Við skulum líka athuga, að á þessu yfirstandandi ári erum við að kaupa mjög stórt og dýrt skip, kæliskipið, og að minsta kosti þarf að borga hálfa miljón króna á þessu ári upp í það. (JAJ: Strandgæsluskipið líka). Já, það er líka rjett. Það er 500 þús. kr., og kemur að mestu leyti á þetta ár.

Ef maður athugar möguleikana fyrir jöfnuði á reikningi þessa árs við útlönd, þá verð jeg að segja, að það má skipast vel, eftir því sem nú er útlit fyrir, ef ársviðskiftin við útlönd sýna ekki halla, þó að við leggjum ekki út í annað eins fyrirtæki. Jeg skal þess vegna strax lýsa því yfir alveg afdráttarlaust, að þótt dagskrá þessi verði samþykt, þá verður ekkert á yfirstandandi ári gert til þess að byggja þetta skip. En með því er ekki sagt, að ekki verði að einhverju leyti lifað eftir dagskránni. Hún nær líka til næsta árs. En þá vil jeg benda á, að næsta þing kemur saman snemma á árinu, svo að hægt er að taka málið upp á ný. Getur verið, að viðskiftamál okkar skipist þannig, að þá yrði hægt að leggja út í þessi skipakaup. En ekki er hægt að fullyrða neit um það nú.

Jeg minnist þess, að á öndverðu þingi lýsti samgmn. yfir því, að mig minnir í einu hljóði, að hún vildi ekki leggja til, að keypt yrði strandferðaskip á þessu ári. Jeg veit ekki, hvað breytst hefir okkur í hag síðan — get ekki komið auga á neitt. Jeg læt mjer því í ljettu rúmi liggja, hvað samþ. verður í þessu máli, því að stjórnin mun ekkert gera í því fyr en á næsta þingi. En ef eitthvað sæist lýsa fram undan, þá mætti leita sjer vitneskju um, hvað slíkt skip muni kosta. Nú er engin vissa um það — öðru nær.

Jeg hefi átt tal um þetta við formann Eimskipafjelags Íslands, og hann leit svo á, að það væri of mikil aukning á skipastólnum að kaupa nú tvö ný skip, og hann undirstrikaði það, að með kæliskipinu væri einmitt mikið bætt úr strandferðunum. Þessu hafði jeg áður haldið fram hjer í þinginu, og það gladdi mig að heyra það, að formaður Eimskipafjelags Íslands skyldi vera mjer þannig alveg samdóma.

Jeg lít svo á, að þótt dagskráin á þskj. 497 verði samþ., með stoð í lögunum frá 1913, þá sje það ekki nægileg heimild fyrir stjórnina til þess að láta smíða skip. Stjórnin mun því leita annara heimilda, ef hún skyldi sjá sjer fært að kaupa skip.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Út af því, sem hv. frsm. minni hl. samgmn. (SvÓ) sagði, að það væri ótrúlegt, að Eimskipafjelagið gæti rekið strandferðir með minni kostnaði en ríkissjóður, þá vil jeg benda honum á þessi atriði:

Eimskipafjelagið hefir nú þegar skrifstofur, sem það þarf eigi að stækka, þótt það bætti við sig skipi. Það hefir einnig framkvæmdastjóra og stjórn og nægilegt starfsfólk, bæði í skrifstofu og vörugeymsluhúsum. Af þessu sjest, að það verða sama sem engin aukin útgjöld fyrir það í landi, þótt nýju skipi yrði bætt við. En ríkissjóður verður

annaðhvort að greiða Eimskipafjelaginu stórfje á ári fyrir það að hafa afgreiðslu skipsins á hendi — (SvÓ: En losnar þá jafnframt við skrifstofukostnað) — eða þá að hann verður að verja ærnu fje til eigin skrifstofuhalds og afgreiðslu.

Það er enn eftir að vita, hver flutningaþörfin er, en við fáum reynsluna á næsta hausti, þegar leiguskip það, er stjórninni hefir verið heimilað að leigja um 4 mánaða tíma, er komið hingað.

Það er undarlegt, að hv. frsm. minni hl. (SvÓ) skuli halda því fram, að eftir sje að framkvæma meiri hlutann af því, sem getur um í lögunum frá 1913. Jú, það hefir eigi verið gerður samningur við Eimskipafjelagið. Svo er mælt fyrir um, að ríkið leggi fram 400 þús. kr. til skipakaupa. Jeg held, að það hafi nú verið gert, og vel það, því að ríkissjóður mun nú hafa lagt fram í þessu augnamiði 860 þús. kr. Stjórninni er með lögum heimilað að taka 450 þús. kr. lán til strandferðaskipakaupa. Jeg hygg, að það lán hafi verið tekið og meira til. Það er þá aðeins samningurinn við Eimskipafjelagið, en í lögunum sjálfum er gert ráð fyrir því, að sá samningur muni eigi nást. Og þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður kaupi „tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minsta kosti jafnmikið farþega og lestarrúm og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912.“ Jeg held nú, að „Esja“ sje eins gott skip og komi að eins miklum notum eins og bæði skipin „Austri“ og „Vestri“. Síðast liðið ár hefir hún haldið uppi eins góðum strandferðum eins og bæði þessi skip til samans, því að hún er miklu hraðskreiðari en þau voru. Auk þess hefir hún langtum betra og meira farþegarúm en þessi skip.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 497, frá minni hl. samgmn., samþykt með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin á þskj. 483, frá minni hl. samgmn. sjálffallin.

6. Stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga (þmfrv., A. 50).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. u mr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Við höfum heyrt það utan að okkur, þingmenn, síðustu dagana, að þingið væri enn tíðindalítið. Má vera, að svo sje og verði.

En ef þingið ber gæfu til að afgreiða það mál, sem hjer liggur fyrir, svo að vel sje, takist því að finna ráð til að festa verðgildi peninganna og koma í veg fyrir hinar skaðlegu afleiðingar lausgengisins, sem orðið hafa þjóðinni þungbærari en alt annað á undanförnum árum, takist því að gera nú þær ráðstafanir í gengismálinu, sem sá dómur

sögunnar verður síðar á lagður, að hafi verið hinar farsælustu fyrir alda og óborna — þá hygg jeg, að engum komi til hugar að kalla þetta þing tíðindalítið, heldur þvert á móti.

Jeg hika ekki við að fullyrða, að þetta er langstærsta og þýðingarmesta málið, sem fyrir þinginu liggur nú. Jeg gæti haft þau ummæli, að allur landslýður mætti standa á öndinni meðan beðið er eftir úrslitum þess, því að það snertir beint og óbeint hvern einasta einstakling í landinu. — Hvað gert verður eða ógert látið í máli þessu, mun koma fram í afleiðingum, sem merkjast munu á hverju einasta heimili á Íslandi, nú og um langa framtíð.

Mál þetta snertir ekki eingöngu útgerðarmanninn, hagsmuni hans og afkomu, þó að flestum komi hann fyrst í hug, því að á stærstum upphæðum veltur fyrir honum í þessu efni. Mun jeg ekki tala um það langt mál, því að mig brestur kunnugleik, en verð að fara eftir frásögn annara. Er fullyrt, að mikill þorri útgerðarmanna landsins hafi tapað til muna á árinu sem leið, vegna lausgengisins, þó að það væri yfirleitt ágætt aflaár. Er fullyrt, að enginn útgerðarmaður geti nú hugsað um framtíð útgerðarinnar öðru vísi en með ugg og ótta. Enginn, hversu bjartsýnn sem hann er, geti búist við, að útgerðin beri sig á þessu ári, eins og horfur eru. Og allir útgerðarmenn verði að gera ráð fyrir þeim möguleika — verði enn stefnt sem hingað til í gengismálinu — að verða að gefast upp við atvinnureksturinn á árinu.

Mál þetta snertir ekki heldur eingöngu hagsmuni og afkomu bóndans, þótt hann muni koma mönnum næst í hug. Bændastjettin hefir árum saman verið undir þær afleiðingar lausgengisins seld, að allar hinar stórfeldu gengissveiflur, hvort heldur til lækkunar eða hækkunar, hafa borið þannig að yfirleitt, að hún hefir beðið tjón af. Þó að árferði væri yfirleitt víðast um land, á árinu sem leið, ágætlega gott, hefir bændastjettin, er á heildina er litið, safnað skuldum, svo miklu munar. Miklu alvarlegri afleiðingar eru þó vafalaust framundan, ef stefnt er enn í sömu átt, svo sem dæmi sanna um erfiðleika bænda hjá sambandsþjóð okkar. Í annan stað vofir yfir landbúnaðinum kyrstöðu hættan, sem vegna núverandi ástands er honum hættulegri en alt annað. En yfir ungu kynslóðinni í sveitum, ungu bændunum, þeim, sem mestar framtíðarvonirnar eru bundnar við, vofir hættan að standast ekki hinar þungu, ranglátu byrðar, sem stafa af gengishækkuninni. Það er fyrirfram vitað, að þeir verða þá margir að flosna upp.

Mál þetta snertir ekki heldur eingöngu fjármálamanninn eða stjórnandann, hvort heldur hann á sæti í landsstjórn eða bankastjórn eða er einn í hóp löggjafanna á Alþingi. Jeg fullyrði um þessa menn alla, að þeir hljóta að finna á sjer hvíla heljarþunga ábyrgðarinnar í þessu mikla alvörumáli. Enginn þeirra getur verið óhræddur við hinar margháttuðu afleiðingar lausgengisins. Jeg fullyrði, að enginn okkar, sem sæti eigum á þessari virðulegu samkomu, getur verið óhræddur um, að vegna lausgengisins vofi yfir hrun atvinnuveganna, og þar af leiðandi fyrst og fremst það, að bankarnir rísi ekki undir þeim töpum, sem þeir verða fyrir, og því næst stórfeld

þurð á tekjum ríkisins og einstaklinga, með þeim afleiðingum, sem slíkri þjóðarógæfu er samfara.

Mál þetta snertir einnig mjög hagsmuni og afkomu þeirra aðilja í þjóðfjelaginu, sem hingað til hafa látið tala og rita, af sinni hálfu, móti þeirri leið, sem hjer er bent á að fara, til þess að losna við hættur lausgengisins.

Nefni jeg þar fyrst til verkamennina. Hafa þeir þegar margir fengið að þreifa á einni afleiðing gengishækkunarinnar, atvinnuleysinu. Veit jeg og, að flestir þeirra, og allir hinir góðgjörnustu, hugsa óglaðir til hinna harðvítugu kappdeilna, sem orðið hafa og áfram hljóta að verða á lausgengistímum, þótt þeir að sjálfsögðu sjeu þeir drengir, að svíkja ekki fjelagsskap sinn. Hver einasti hygginn verkamaður hlýtur að vita, að þessar afleiðingar vofa yfir í miklu stærri stíl, ef áfram verður haldið að hækka krónuna, — og því hlýtur hann því samfara að vera kvíðinn um afkomu sína og sinna.

En síðast nefni jeg innstæðueigendur, sem við fyrstu sýn virðast hafa mest einhliða hagsmuna að gæta af að reynt sje að klífa brattann. Því að, ef það er rjett, að gengishækkunarleiðin liggi yfir lík atvinnurekendanna, — hvar er þá tryggingin fyrir, að sú hækkun, sem nú er orðin, verði annað en gengissveifla? Hvar er tryggingin fyrir, að ekki komi á næstunni ný gengissveifla niður á við, hversu langt niður á við veit enginn. Jeg hygg, að margir þeirra skilji, hvað í húfi er í þessu efni. Jeg hygg, að mörgum þeirra þyki betri ein kráka í hendi en tvær í skógi. Jeg hygg líka, að margir þeirra vilji ófúsir taka við ranglátum gróða, sem í mjög mörgum tilfellum mundi falla þeim í skaut með áframhaldandi gengishækkun.

Um öll lönd Norðurálfunnar hefir verið þrautrætt um þetta mál í ræðu og riti undanfarið. Og upp á síðkastið hefir það einnig verið mjög rætt á okkar landi. Deilurnar hafa staðið um það hjer, eins og annarsstaðar, þó að allir verði að játa, að aðalatriðið sje það, að losna við lausgengið og fá verðfasta peninga.

Með því að bera fram þetta frumvarp bendi jeg á ákveðna leið. Alþingi leggur sinn úrskurð á, hvort það álítur, að þetta sje rjetta leiðin.

En mjer er það kært, að geta bent á, að það er ekki einungis mín sannfæring, að þá leið beri að fara, sem hjer er bent á. Kunnustu og vitrustu sjerfræðingar erlendir í fjármálavísindunum hafa árum saman bent lausgengisþjóðunum á að fara þessa leið. Jeg hrósa happi yfir að mega fylgjast með þeim, sem hafa fullkomnasta þekkinguna.

Jeg játa hinsvegar afdráttarlaust, að þá sjerþekking, sem æskileg væri þeim, er ber fram slíkt mál, á jeg ekki. Jeg hefi ekki öðlast slíka sjermentun.

En jeg gerist samt svo djarfur að bera það fram og tel skyldu mína að bera það fram:

1. í trausti hinna erlendu fræðimanna, sem jeg hefi vikið að,

2. af því að jeg er skipaður í gengisnefndina og taldi mjer skylt að inna af hendi þann undirbúning málsins, sem síðasta Alþingi fól gengisnefnd að vinna.

3. af því að jeg óttaðist, að ef jeg yrði ekki til þess að bera málið fram, þá yrði það ógert látið, — en sannfæring mín knúði mig til að gera það, sem

jeg gæti, ef sannast mætti, að betra er að veifa röngu trje en öngu. —

Þessi almennu inngangsorð læt jeg svo ekki vera lengri, enda þótt mál þetta sje svo merkilegt, að það verðskuldaði hina rækilegustu framsögu.

Ber það til fyrst, að jeg hefi látið fylgja frumvarpinu alllanga greinargerð, sem allir, sem hjer eru staddir, hafa átt kost á að lesa, sem viljað hafa. Vísa jeg um öll aðalatriði til hennar og vil ekki þreyta menn með endurtekningum.

Í annan stað hygg jeg, að það skifti nú mestu máli, að mál þetta fái rækilega meðferð í nefnd, en hitt sje miður nauðsynlegt, a. m. k. á þessu stigi málsins, að hafa um það langar umræður.

Í þriðja lagi vil jeg, a. m. k. að sinni, gera mitt til, að sem minstar deilur verði um málið. Jeg vil forðast að gefa nú tilefni til þess, — eins og jeg beinlínis reyndi að forðast það í skýrslu þeirri, er frumvarpinu fylgir. Jeg álít málið svo afleiðingaríkt og alvarlegt, bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina, að jeg vil ekki verða til að blanda inn í það flokkadeilunum. Jeg álít mál þetta svo stórt mál, að það eigi að vera yfir flokkadeilurnar hafið. Vil jeg sjerstaklega benda á, að þar sem rás viðburðanna hefir orðið sú, að flestir fulltrúar aðalatvinnuvega landsins hjer á Alþingi hafa skifst í tvo stjórnmálaflokka, — en hljóta, að mínu viti, að eiga samleið um þetta mál, og ber skylda til að setja þetta mál öllum ofar, — þá vildi jeg ekkert segja, sem klyfi, heldur gera alt af minni hálfu til þess, að samvinna gæti tekist.

En jeg verð að taka fram nokkur einstök atriði, bæði um skýrslu þá, sem frumvarpinu fylgir, og um frumvarpið sjálft.

Um söguna, sem jeg segi um rekstur gengismálsins á árinu sem leið, vil jeg taka þetta skýrt fram.

Sú saga er ekki nema ófullkomin saga, því að jeg tók ekki með annað en það, sem jeg komst ekki undan að segja. Jeg tók það eitt með, sem nauðsynlegt var að taka með til að gera skiljanlegar og rökstyðja þær tillögur, sem jeg bar fram fyrir landsstjórnina á síðast liðnu hausti.

Jeg vík í þeirri sögu ekkert að aðstöðu fulltrúa landsstjórnarinnar og bankanna í gengisnefndinni til gengishækkunarinnar, nje að því, hvernig það bar að, að hin gríðarlega mikla gengishækkun hófst. Fulltrúar atvinnuveganna höfðu ekki atkvæði um sjálfa gengisskráninguna, — illu heilli — þess vegna vildi jeg ekki verða til þess að segja þá sögu. Hefði jeg gert það, hefði jeg og ekki komist hjá að leggja þungan dóm á framkomu landsstjórnarinnar, en á þessu stigi málsins vildi jeg reyna að komast hjá að vekja miklar deilur, eins og jeg hefi áður sagt. — Jeg geri ráð fyrir, að þessi saga málsins hljóti að koma fram, og þá mun jeg gera grein fyrir minni skoðun. Nú vildi jeg ekki verða til að brjóta þann ís. En jeg endurtek, að það er mikil saga, sem er enn ósögð almenningi í þessu máli.

Enn vil jeg víkja að því, að jeg er sannfærður um, að það var mikil ógæfa, að fulltrúar atvinnuveganna fengu ekki að hafa atkvæðisrjett um skráning gengisins. Jeg er sannfærður um, að hefðu þeir haft þann rjett, þá væri máli þessu nú öðruvísi og betur komið. Jeg er sannfærður um, að málið hefði þá verið sett svo á oddinn, að ekki hefði verið hægt að komast hjá að gera einhverjar

ráðstafanir til að hindra það, sem nú er fram komið.

Í sambandi við skýrslu mína vil jeg loks geta þess, að hagstofustjóri hefir skotið því að mjer, í fullri vinsemd, að jeg, á bls. 10 í skýrslunni, segi of mikið um verksvið hans í þessu máli. Orð mín eru þessi: „Hagstofustjóri var boðaður á fund gengisnefndarinnar 4. des., og honum falið að rannsaka, hvert væri hið raunverulega (innra) verðgildi íslensku krónunnar.“ Hann telur sitt verkefni ekki hafa verið svona víðtækt, heldur hafi hann aðeins tekið að sjer að finna vísitölu heildsöluverðs fyr og nú. En þessi umræddu orð mín hefi jeg skrifað í samræmi við það, sem stendur bókað í gerðabók gengisnefndarinnar. Þar stendur:

„.... Spurði form. hagstofustjóra, hvort hann vildi útbúa og láta nefndinni í tje ýms gögn viðvíkjandi innra verðgildi íslensku krónunnar á yfirstandandi tíma, og tjáði hagstofustjóri sig fúsan til þess.“ Þarna ber ekki í milli, og tel jeg því frásögn mína í samræmi við bókunina, þó að mig hinsvegar reki nú ekki minni til, að hagstofustjóri ljeti slík orð falla á nefndarfundinum, sem hann nú ber fram.

Út af síðari kafla skýrslu minnar, — þeim, sem ræðir um rökin fyrir því að festa verðgildi krónunnar, — vil jeg einkum taka fram tvö atriði.

Eftir að jeg hafði ritað skýrslu mína, barst mjer í hendur merkilegt rit, sem snertir þetta efni — skýrsla gengisnefndarinnar norsku. — Vil jeg beina því til þeirrar nefndar, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að kynna sjer þá skýrslu rækilega. Þó að norsk króna hafi nú síðustu dagana hækkað, er það einróma álit nefndarinnar, og færir hún fyrir því þung og mörg rök, að festa beri verðgildi norsku krónunnar — í bili að minsta kosti. Og mjer finst það skína út úr hverri línu, að sú festing eigi að verða endanleg, þótt ekki sje sagt berum orðum. Sömu stefnu hefir þjóðbankinn norski tekið. Er okkur Íslendingum þarft að veita eftirtekt aðgerðum Norðmanna, sem hafa svipaðasta aðstöðu okkar, af Norðurlandaþjóðunum.

Í öðru lagi vil jeg leggja alveg sjerstaka áherslu á þau atriði, sem jeg hefi tekið fram í tillögum mínum og röksemdum í þessu máli, um sjerstöðu þá, sem okkar land hafi í gengismálinu. Það er mín bjargföst sannfæring, að eins og menning okkar er sjerstök, saga, atvinnuvegir og þjóðaraðstaða öll, — eins sje þetta mál svo sjerstaklega vaxið hjá okkur, að það sje beinn háski að heimfæra til okkar margt það, sem kann að eiga við í þessu efni í Danmörku og Svíþjóð. Við verðum að sníða stakkinn eftir okkar vexti. Mjer virðist það augljóst og óhrekjanlegt, að lausgengið er margfalt hættulegra okkar ungu og fámennu þjóð en nokkurri þjóð annari.

Þá skal jeg víkja að frv. sjálfu og geta þess fyrst, að inn í það, eins og það er prentað hjer í deildinni, hafa slæðst tvær villur. Í upphafi 7. gr. er tvítekið orðið „laga“, og í upphafi 3. gr. er prentað „árlega rannsókn“, en á að vera „ítarlega rannsókn“. Er sú villan bagalegri og kann að hafa vilt einhverjum sýn, sem ekki hefir athugað frumvarpið til hlítar.

Vitanlega er það svo, að það getur orkað mjög tvímælis um ýms atriði í framkvæmd málsins, hversu kveða skal á um þau. Jeg hefi hjer tekið þá meginreglu að leggja sem mest á vald gengis-

nefndar, en jeg skýt því til hv. fjárhagsnefndar, sem væntanlega fær frumv. til meðferðar, að athuga það atriði rækilega. Þau atriði, sem mest orka tvímælis, eru ákvæði 3. og 4. greinar. Nefni jeg þar til fyrst það viðkvæma atriði málsins: ákvörðun verðgildis krónunnar. Þar fer jeg eftir tillögum útlendra fræðimanna um slík efni. Það er vitanlega ekkert vit, að ætla sjer að festa verðgildi krónunnar á öðrum grundvelli en þeim, að nákvæm rannsókn skeri úr því, hvert sje hið raunverulega verðgildi peninganna. Jeg álít ekkert vit í að reyna að festa verðgildið á öðrum grundvelli. En jeg skal engar getur leiða að, hvað sú rannsókn muni leiða í ljós.

Annað viðkvæmt atriði er það, hvernig og hvenær eigi að færa hið skráða verðgildi til samræmis við niðurstöðu rannsóknarinnar. Jeg vil sem minst um það tala á þessu stigi málsins, en skýt því mjög ákveðið til nefndarinnar, að athuga það, en hygg þó, að erfitt verði að finna annað ráð en að leggja það á vald gengisnefndar.

Þriðja atriði frv. er það, hvað verðsveiflan skuli vera mikil upp og niður eftir að stöðvun er fengin. Hvort hún skuli t. d. vera eins og hjá Finnum 2% upp og niður, eða 4% alls. Jeg hefi sett í frv. 2½% upp og niður eða 5% alls. En þetta þarf að athuga rækilega.

Enn eru fleiri vafaatriði í 4. gr. frumvarpsins: Hvernig á að jafna niður því tapi, sem af festingunni kann að leiða, meðan hún er að komast á? Á ríkissjóður að bera það alt eða bankarnir, eða á það að koma að einhverju leyti á báða þessa aðilja?

Jeg hefi sett hjer sama hlutfall milli ríkisins og bankanna og ákveðið er í lögunum um kostnaðinn af gengisnefnd, — þ. e. í hlutfalli við gengisnefndina, rjett til fulltrúa í nefndinni, og eru þá fulltrúar atvinnuveganna taldir á ríkisins ábyrgð samhliða fulltrúa landsstjórnarinnar.

Sú hugsun, sem fyrir mjer vakti við þessa skifting, var sú, að láta bankana hafa hitann í haldinu, láta þá bera beina fjárhagslega ábyrgð, sem hafi áhrif á framkvæmdir þeirra. En ekki er jeg viss um, að þetta sje nákvæmlega rjett.

Þá er annað atriði enn stærra. Þarf ekki beinlínis að koma fram í lögunum, að tryggingarráðstafanir þurfi að gera til þess, að óhindruð verslun fari ávalt fram með erlendum gjaldeyri með skráðu gengi? Og þurfa lögin ekki að heimila landsstjórninni að gera samning við bankana um að annast þá verslun altaf óhindrað? Þurfa lögin ekki að heimila landsstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem gera henni mögulegt að veita bönkunum slíka aðstöðu? Jeg játa það, að jeg var í miklum vafa um þetta fram á síðustu stundu. En hefði jeg þá verið búinn að lesa álit norsku gengisnefndarinnar, þá mundi jeg líklega hafa komið með ákveðnar tillögur um þetta. Bið jeg nefndina að athuga þetta sjerstaklega.

Loks ber að athuga, hvort burt megi falla þær heimildir, sem nú eru í gengisskráningarlögunum, sem miða að því að hindra verðfall krónunnar og heimila landsstjórn að gera ýmsar ráðstafanir til að ráða yfir gjaldeyri einstaklinga. Mega þau ákvæði falla burtu? Jeg minni aðeins á þau, því að þau eru öllum kunn.

Þá þarf jeg ekki fleira að segja að sinni nema fá niðurlagsorð, að nokkru leyti persónulegs eðlis, en sem þó gæti

varpað nokkurri birtu yfir málið. Þau orð segi jeg sem fulltrúi landbúnaðarins í gengisnefndinni:

Fyrir nýárið kom til mín ungur maður austan úr sveitum. Hann er af einni merkustu bændaættinni þaðan úr hjeraði. Hann var nýlega farinn að búa við ágæta aðstöðu. Óvenjulega duglegur og mikilvirkur maður. Hann segir við mig: „Nú er jeg ráðinn í því að hætta að búa. Jeg sel búið mitt og flyt mig hingað til bæjarins. Mjer er ómögulegt að halda áfram búskap, eins og nú horfir. Þó jeg hafi tapað á undanförnum árum vegna krónuhækkunarinnar, þá vona jeg samt, að jeg geti enn staðið í skilum, með því að selja nú. Hækki krónan enn, falla eignir mínar svo í verði, að jeg get ekki staðið í skilum, þegar jeg jafnframt er dæmdur til að tapa á búskapnum. En jeg vil ekki verða óskilamaður."

Fyrir um viku síðan kom til mín ungur og efnilegur maður ofan úr Borgarfjarðarsýslu, sem líkt var á komið fyrir að öllu leyti. Atorku- og reglumaður er hann, og af einni merkustu og farsælustu bændaætt í Borgarfirði. Honum fórust líkt orð: „Nú verð jeg að hætta búskapnum, til þess að geta haldið áfram að vera skilamaður. Haldi jeg áfram að búa, kaupi jeg nú t. d. jörð, sem jeg gæti, og haldi gengishækkunin áfram, þá veit jeg, að jeg rís ekki undir því."

Þetta eru að vísu einstök dæmi, en þau kasta ljósi yfir ástand heildarinnar. Þau sýna, að ef haldið verður áfram að hækka gildi krónunnar, þá má að vísu vera, að gildustu bændur fái staðist raunina, hryggurinn brotni ekki í þeim. En við höfum sjeð, hvernig fer með hina yngri. Þeir bogna til jarðar undir ofurþunga gengishækkunar, og þar með er framtíð bændastjettarinnar í veði. Því að það er víst, að þó bændastjettin hafi tapað miklu af þess völdum undanfarið, þá er enn meira framundan.

Það er meira að þakka gæfu en gjörvuleika, að ekki varð enn meira verðhrun á útfluttum vörum landbúnaðarins síðasta haust. Olli því að nokkru leyti útflutningur til Englands á frosnu kjöti, sem jók eftirspurnina í Noregi, og ennfremur hitt, að verðlag þar innanlands var ekki búið að laga sig eftir hækkun norsku krónunnar og því óeðlilega hátt; nærri 50% hærra haustið 1925 en 1924, í gullkrónum. Þetta væri nú gott, ef gera mætti ráð fyrir, að það hjeldist. En verði nú stöðugt gengi í Noregi í ár, eins og fjármálavöldin vilja keppa að, þá er fyrirsjáanlegt, að verðlag innanlands í Noregi verður komið nokkuð í samræmi við hið skráða verð krónunnar fyrir næsta haust. En verð á íslensku kjöti í Noregi verður auðvitað að vera í samræmi við verð á öðrum matvælum í landinu, og hlýtur því að falla stórkostlega. Jeg er því sannfærður um, að langmesta tap íslenskra bænda á gengishækkun á enn eftir að koma fram alfarið á þessu ári.

Jeg get svo lokið máli mínu. Jeg óska þess, að þessu máli verði tekið með þeirri alvöru, sem slíkt mál verðskuldar, og jeg vona, að háttv. þingdeildarm. láti það í engu gjalda ófullkomins undirbúnings af minni hálfu; og einkum vil jeg áminna menn um að láta enga flokkadrætti komast að í þessu stærsta fjárhagsmáli þjóðarinnar. Vegna þess, hve málið er mikilsvert, óska jeg, að þessari umræðu verði frestað, svo að mönnum gefist kostur að ræða það alment, er það kemur úr nefnd, áður en

farið verður að tala um einstök atriði þess, og því verði vísað til fjárhagsnefndar.

Fjármálaráðherra (JÞ):* Mjer þykir rjett, nú þegar við byrjun þessarar umr., að fara nokkrum orðum um gengismálið frá almennu sjónarmiði, — einkum þar sem greinargerð hv. flm. fyrir sjálfu frv. og framsöguræða hans gefa beint tilefni til þess.

Jeg ætla þá að byrja á því, að rifja upp aðaldrættina í þeim viðburðum, sem gerst hafa í gengisbreytingunni á síðasta ári. Í byrjun síðasta árs var íslensk króna ca. 63 gullaura virði og hækkaði svo jafnt og þjett fram í maí, í beinu framhaldi af þeirri hækkun, sem verið hafði allan síðari hluta ársins 1924. Í maí 1925 varð þessi hækkun dálítið örari í bili en verið hafði, og var það þá samróma vilji bankanna og gengisnefndar, að láta þarna staðar numið að sinni, fram eftir sumrinu og fram á haustið. En þegar leið á sumarið, í lok ágústmánaðar, var gengið ákveðið 69 gullaurar.

Grundvöllurinn undir þessari breytingu á genginu var að nokkru leyti það, sem gerst hafði í gengismálinu í Danmörku. Þar stóð líkt á og hjá okkur, þeirra króna var að vísu heldur skemmra komin niður á við en okkar króna, en þó munaði það ekki mjög miklu. Þar var svo ákveðið í ársbyrjun 1924, að gjaldeyrir þeirra skyldi vera undirorpinn stígandi hækkun um næstu tvö ár, þannig, að ákveða lágmarksbreytingu gengisins á hverju misseri fyrirfram. Þetta gekk vel í fyrstu. Dönsk króna sætti sig við þessa kúgun. En í lok júnímánaðar síðast liðins hætti danska krónan að sætta sig við þessa hægfara hækkun og tók stökk langt yfir þau takmörk, sem henni höfðu verið sett, úr 70 gullaurum í 92 gullaura.

Þegar það vitnaðist hjer í lok ágústmánaðar, að svona var komið með dönsku kr., sem í maí hafði staðið líkt og íslensk kr., er hækkun hennar var fyrst stöðvuð, en var nú nær 30% hærri, þá lýsti stjórn Landsbankans því, að bankinn sæi sjer ekki fært að kaupa áfram sterlingspund fyrir 26 krónur. Tjáði hún gengisnefnd þetta, og niðurstaðan varð svo sú, að lækka sterlingspund niður í 25 kr., og svo fór það lækkandi niður í kr. 22,15 í septemberlok. Framboð á erlendum gjaldmiðli var á þessu tímabili miklu meira en nokkru sinni, og þessu var svarað hjer á sama hátt og í Danmörk og Noregi — með lækkuðum tilboðum um kaupgengi. Afstaða bankanna til þessa máls næstu mánuði eftir þetta var svo sú, að Íslandsbanki dró sig út úr og seldi sinn útlenda gjaldeyri, sem safnast hafði hjá honum smátt og smátt, þar til hann var nær útseldur í októberlok. En þá hafði safnast fyrir hjá Landsbankanum mikill útlendur gjaldeyrir, sem náði hámarki í byrjun nóvember og var þá ca. 565 þús. sterl.pd. Jafnhliða þessu hafði aukin innstæða í íslenskum krónum, sem var eign erlendra manna, er hingað vildu selja erlendan gjaldeyri, og hafði þannig myndast sjóður, sem nema mundi 100 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Til samanburðar skal jeg geta þess, að þær erlendu innstæður, sem þar höfðu myndast af sömu ástæðum, voru ekki meiri en um 150 milj. kr. eða ca. 50 kr. á mann. Hvorki þjóð-

* Óleiðrjett af ræðumanni.

bankinn í Höfn nje Osló höfðu þorað að kaupa áfram erlendan gjaldeyri með óbreyttu verði, er framboðið var svo mikið. Og jeg held, að ekki verði heldur hægt að ásaka bankana hjer, þó þeir lækkuðu verðið svo miklu meira sem framboðið var hjer hlutfallslega, enda hefir það ekki verið gert, samanber það, sem hv. flm. (TrÞ) segir á 5. bls. í skýrslu sinni: „Verður Íslandsbanki að mínu viti ekki ásakaður fyrir þetta." Þetta er rjett, og jeg hygg, að ekki muni þurfa að gera nánari grein fyrir þeim almennu ástæðum, sem hlutu að ráða hjá bönkum þessara þriggja landa, sem auðvitað var einkum sú, að þeir treystust ekki til að svara framboðinu með óbreyttu kauptilboði. Það er hættuspil fyrir gengi hvers lands, að framboðið á erlendum gjaldeyri verði meira en góðu hófi gegnir. Að vísu geta bankarnir haldið áfram að kaupa, í von um að framboðið þrjóti. En vilji þeir ekki halda kaupunum áfram, þá er ekki annað ráð en að svara framboðinu með lækkuðu kauptilboði þangað til seljanda fer að þykja verðið of lágt.

Útlendingar ráða yfir nógu miklum gjaldeyri. Vilji þeir halda áfram að bjóða, getur framboðið orðið óendanlegt á móts við kaupgetuna. Ef reynt væri að halda áfram með slíkt, er hættan sú, að svo mikið kæmi af innstæðum, þ. e. eignum erlendra manna, að þegar á að fara að svara því út aftur, er ekki unt að gera það, án þess að fella í verði innlenda gjaldeyrinn. Þetta áttum við við að glíma 1921. Útlendingar eignuðust hjer meira af innstæðum en unt var að svara út eftir þáverandi gengi. Það er mögulegt að verjast hækkun með því að kaupa þann erlenda gjaldeyri, sem býðst, og setja mikið af seðlum í umferð, en það er algerlega á valdi útlendinga eða tilviljunarinnar einnar, hvort framboðið hættir fyr en gjaldeyririnn fellur í verði. Menn verða að gæta að því, að ef svona stendur lengi, er aldrei hægt að komast hjá því, að meira eða minna fje renni út sem lánsfje, sem verður heimtað aftur, þegar útlendingar ganga eftir gjaldeyrinum. Jeg held, að við verðum að gera okkur ljóst, að hjer lútum við sama lögmáli og aðrir. Við getum ekki svarað tilboðinu með öðru, meðan við búum við óinnleysanlega peninga. Þessvegna held jeg, að hv. flm. (TrÞ) geri rjett í því, að átelja ekki stjórn Landsbankans fyrir afstöðu hennar í þessu máli.

Þá er að líta á afstöðu stjórnarinnar. Í framsöguræðu sinni vjek háttv. flm. (TrÞ) engum ádeilum að henni, en það gerir hann aftur í greinargerð frv., og vegna greinargerðarinnar verð jeg að taka það atriði til meðferðar, þó að hann áfelli ekki stjórn Landsbankans fyrir að treysta sjer ekki til að kaupa gjaldeyri hærra verði en hann gerði.

Hv. flm. (TrÞ) kallar gengishækkunina óviturlega, óþarfa og órjettmæta, og beinir hann öllum ásökunum um þetta í garð stjórnarinnar. Jeg vil byrja með því að minna á, að afstaða stjórnarinnar var sú, að hún hafði lög um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, frá 1924 og 1925, eftir að fara. Í lögunum frá 1924 er sú skylda lögð á gengisnefndina að gera tillögur til stjórnarinnar um ráðstafanir til þess að festa eða hækka gengi íslenskrar krónu, og þetta orðalag minnir á ástandið hjer 1924. Menn þorðu ekki að gera hærri kröfur en að frekari lækkun væri hindruð, en sú ósk var jafnframt látin í ljósi, að hún yrði hækkuð. Á þinginu í fyrra

var þessu breytt þannig, að gengisnefnd á að gera tillögur til stjórnarinnar um ráðstafanir til að festa gengi íslenskrar krónu og stuðla að hægfara hækkun hennar, eða með öðrum orðum er hjer yfirleitt stefna hægfara hækkunar, sem þá var ríkjandi í Danmörku.

Út af skipun gengisnefndarinnar talar hv. flm. (TrÞ) um fulltrúa sjávarútvegarins, landbúnaðarins og svo stjórnarinnar. Jeg verð að segja, að jeg lít öðruvísi á það mál. 5 menn frá 3 stofnunum eru skipaðir í nefndina, en það kemur hvergi fram í löggjöfinni, að þessir menn eigi að skoða sig sem fulltrúa þeirrar stofnunar, sem skipar þá, heldur er það skylda þeirra allra að skoða sig sem fulltrúa þjóðarinnar í heild sinni. Skipunaraðferðin á einmitt að tryggja, að ekki sje unnið í hagsmunaskyni fyrir aðra en þjóðina í heild sinni. Það er stjórnarinnar að skipa formann nefndarinnar og hefir hún valið til þess þá menn, sem hún taldi hafa þá stöðu og það álit, að þeir væru færir um að koma þar fram sem sjálfstæðir fulltrúar fyrir hagsmuni þjóðfjelagsins, en ekki fulltrúar stjórnarinnar eingöngu.

Nú átti nefndin að gera tillögur til stjórnarinnar um ráðstafanir til að festa gengi íslenskrar krónu eða stuðla að hægfara hækkun hennar. Þetta er ágæt aðferð, sem tryggir það, að málið komi til athugunar á tveim stöðum. En hvað hefir svo stjórninni borist af tillögum frá gengisnefnd árið 1925? Ein tillaga frá einum manni. Það kann að vera, að sá maður hafi haft einhvern frekari stuðning á bak við sig, en hann bar tillöguna fram einn, og hún fór fram á það, að í stað þess að lofa krónunni að halda áfram að hækka, væri gengi hennar fest í 21 kr. sterlingspundið. Áhættuna af þessu lagði nefndarmaður svo til, að ríkissjóður tæki á sig. Hvorugur bankanna vildi það. Nú verð jeg að segja það, að þingið hefir ekki skilið eftir hjá stjórninni heimild til þess að taka á ríkissjóð áhættu, sem ekki er hægt að meta fyrirfram. Með því að kaupa þessu verði, er tvent í hættu. Í fyrsta lagi það, að ríkissjóður verði fyrir miklu tapi, ef við kaupum mikið og gefumst upp, og í öðru lagi, ef við höldum áfram að kaupa mikið, að af stafi hætta á lækkun. Það gat því ekki komið til mála, að stjórnin tæki slíka áhættu á sig, og hefði leitt af sjer sömu erfiðleikana og 1921. Þetta hefði verið hið mesta brot gegn yfirlýstum þingvilja 1925, sem stjórnin gat framið.

Jeg hygg, að það sje yfirleitt ekki leggjandi út í að kaupa erlendan gjaldeyri fyrirfram ákveðnu verði, nema svo standi á, að löggjöfin hafi ákveðið, að þann veg skuli vera framtíðargildi peninganna. Þá er það kannske forsvaranlegt, en þó er hættulegt að ætla þannig að fóta sig á vissu þrepi, meðan alt er í umróti.

Það, sem hv. flm. (TrÞ) í greinargerð sinni ámælir stjórninni fyrir, er það, að hún hafi ekki framkvæmt þingviljann um hægfara hækkun. En háttv. flm. (TrÞ) hefir sjálfur tekið af mjer það ómak að bera þetta blak af stjórninni, því að hann kemst að þeirri niðurstöðu, að hægfara hækkun sje óframkvæmanleg. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa hjer upp nokkur orð úr greinargerð frv. Þar segir svo:

„.... Af þessari ástæðu leiðir það einnig, að hægfara hækkun krónunnar, sem svo margir tala um sem hina æskilegustu lausn í gengismálinu, verður enn

óframkvæmanlegri á Íslandi, þar eð aðstaðan er þessi, að langsamlega meginhluti útflutningsvarnanna fellur til á fáum mánuðum. Í nágrannalöndunum hefir reynslan og sýnt allra best á árinu sem leið, að hægfara hækkun er óframkvæmanleg, enda hafa hinir færustu hagfræðingar sýnt fram á óframkvæmanleik hennar. En í allra ríkustum mæli á þetta við á Íslandi."

Þetta eru nú orð hv. flm. (TrÞ), og jeg get ekki skilið, hvað þá er eftir af ásökunum í garð stjórnarinnar fyrir að hafa ekki trygt hægfara lækkun á árinu sem leið. (**TrÞ**: Hver var fyrsta krafan til stjórnarinnar?) Jeg veit ekki, hvað hv. flm. (TrÞ) á við. Jeg hefi talað um þau fyrirmæli, sem lágu fyrir stjórninni í lagaformi frá síðasta Alþingi.

Þá get jeg látið þessum kafla lokið og snúið mjer að því að líta á ástandið nú, sem hv. flm. (TrÞ) vill reyna að færa til betra vegar. Öll viðleitni í þessa átt er náttúrlega virðingarverð, hvaðan sem hún kemur, en það má ekki gleyma því, að ástandið nú er ekki mótað eingöngu af gengisbreytingum gjaldeyrisins. Til að gera mönnum það ljóst, verð jeg að segja nokkur orð um aðdraganda ann að ástandinu.

Við höfðum við mjög harða fjárkreppu að búa seinni part ársins 1920 og fram á árið 1921, sem stafaði af óvenjulega hröðu verðfalli í heiminum. Síðan var ládeyðutímabil til ársloka 1923 eða vel það. Þetta er sá tími, sem atvinnulífið var að jafna sig eftir skellina. Svo byrjaði uppgangstímabil snemma á árinu 1924. Það byrjaði með hækkuðu verðlagi og miklum auknings arhug í atvinnurekstrinum, einkum sjávarútveginum. Samfara þessu var hækkað kaup og hækkaður tilkostnaður. Þetta heldur áfram til hausts 1925. Þá byrjar kreppa á alveg eðlilegan hátt. Aukningin á atvinnurekstrinum hefir í för með sjer aukna framleiðslu, meiri en markaðurinn þolir með því háa verði, sem orðið er. Eftirspurnin minkar, vörurnar verða illa seljanlegar og verðið lækkar. Þetta er ástandið, sem við nú horfast í augu við, og það er ekki annað en eðlilegur gangur sjerhverrar sveiflu, og lækningin er engin önnur en sú venjulega, að hin litla eftirspurn og hið lækkaða verðlag dregur úr framleiðslu vörunnar og minni eftirspurn verður eftir verkafólki og kaupgjald lækkar, þ. e. a. s. framleiðslukostnaðurinn lækkar. Við þetta rýmkast til á markaðinum, svo að eftirspurnin fer að glæðast og nýtt uppgangstímabil byrjar. Það er talið óleyfilegt í hverju þjóðfjelagi að grípa til þess að svíkja gjaldeyri landsins til þess að afstýra afleiðingum venjulegrar viðskiftakreppu.

Þessi kreppa nær eingöngu til sjávarútvegsins enn sem komið er. Þó að landbúnaðurinn hafi orðið fyrir verðfalli á ullinni, hefir hann árið 1925 átt því láni að fagna, að verð á aðalútflutningsvöru hans var mjög hagstætt. Hv. flm. (TrÞ) hefir sjeð þetta að ýmsu leyti rjett og gefur lýsingu á hag útgerðarinnar, alldökka, á bls. 13—14. Hinsvegar ber því ekki að neita, að við hliðina á eðlilegum gangi hagsveiflunnar hefir hækkun íslenska gjaldeyrisins sín áhrif. Landbúnaðurinn hefir sloppið árið sem leið, því að norska krónan hækkaði samtímis. Um sjávarútveginn er það að segja, að hin mikla gengishækkun í september hafði engin veruleg áhrif á þá atvinnugrein. Það stóð svo á, að óvenju mikill hluti af framleiðslu sjávarins var í ágústmánaðarlok seldur í hendur út-

lendingum, og það voru útlendingar, sem höfðu keypt innlendar afurðir, eða ætluðu að kaupa þær, sem voru að bjóða hingað gjaldeyrinn. Þeir vildu ekki bíða með að kaupa, þangað til íslenska krónan hækkaði.

Fyrstu vikurnar eftir gengishækkunina breyttist verð á stórfiski ekkert verulega. Hún kom fyrst fram sem hækkun á fiski að gullverðlagi. Þegar fram á haustið leið, minkaði eftirspurnin, því að það var litið svo á, að of mikið væri til af vörunni með því verði, sem hún var þá komin í.

Þá er eftir að reyna að gera sjer grein fyrir, hvers háttar erfiðleikum gengishækkunin hefir valdið, til þess að hægt væri að finna ráð til að greiða fram úr þeim. Þetta hefir og hv. flm. frv. (TrÞ) gert á sína vísu. Í greinargerð frv. reiknar hann út, að sjávarútvegurinn hafi fengið um 4 milj. kr. minna fyrir afurðir sínar vegna gengishækkunarinnar, og að landbúnaðarafurðir hafi af sömu ástæðum farið fyrir um 1 milj. kr. minna en ella, ef gengi sterlingspundsins hefði verið haldið kyrru í 26 kr. íslenskum. Hann segir að vísu hvergi, að atvinnuvegir þeir, er hann tilfærir, hafi tapað þessu beinlínis, en í 7 stöðum í greinargerð frv. heldur hann því fram, að þetta sje beinn skattur á atvinnuvegina. Auðvitað þarf engum orðum að eyða að slíku; skattar eru settir með lögum og skulu renna til opinberra sjóða eða ríkisþarfa. Þetta er ekki neitt annað en að þyrla upp þoku og ryki í máli, sem þarf að skýra og gera sem ljósast.

Þá er að athuga, hvernig háttv. flm. fær þetta út úr reikningi sínum. Hann gengur út frá, að upphæðir þær, sem hver atvinnuvegur fær fyrir sínar afurðir, hefðu ávalt verið þær sömu í sterlingspundum, þrátt fyrir gengisbreytingarnar, eða, með öðrum orðum, að gengisbreytingarnar hefðu eigi haft áhrif á gullgildi afurðanna. Þetta gæti að vísu átt sjer stað, að gengisbreytingarnar hefðu eigi haft nein raunveruleg áhrif á verð afurðanna eða hag þjóðarinnar að því leyti, en þá verðum við einnig að leita að orsökum erfiðleikanna á öðrum sviðum Og við verðum að leitast við að finna hinar rjettu orsakir, en eigi ímyndaðar, ella tekst oss aldrei að finna rjettar úrlausnir fram úr erfiðleikunum. En það er alveg eðlileg afleiðing af hugsun háttv. flm., að hann vill, að menn fái fleiri, en verðminni krónur fyrir afurðir sínar.

Það sanna er, að tilkostnaður allur hefir hækkað í verði, reksturskostnaður atvinnufyrirtækjanna hefir orsakað skuldir. Þetta er erfiðasti þröskuldurinn í vegi gengishækkananna. Reynslan hefir sýnt, að þannig er þessu varið víðast hvar í Norðurálfunni, enda eru þar og alstaðar stærri upphæðir og meira fjármagn, sem stendur í skuldum, en hjer hjá okkur. Það er bót í böli fyrir okkur, að við erum ennþá skemra á veg komnir á lánsfjárbrautinni, þessvegna er þetta okkur ljettbærara en öðrum þjóðum, og sjerstaklega hygg jeg, að landbúnaðinum okkar sje ljettari róðurinn en hinum aðalatvinnuveginum, sjávarútveginum.

Hv. flm. (TrÞ) segir í greinargerð frv., að bændur sjeu, einkum á síðari árum, orðnir skuldugri en heilbrigt sje. En jeg held samt, að landbúnaðurinn sje skemst á veg kominn í lánsfjárnotkun hjer á landi, enda skýrir háttv. flm. frá því um leið í greinargerð frv., að sjávarútvegurinn sogi til sín megnið af

fjármagni því, sem til sje í landinu. Hvernig geta bændurnir þá skuldað, ef þeir eigi ekki kost á fje til láns? Eins og eðlilegt er, er verslun og sjávarútvegur mest megnis rekið með lánsfje og lifir svo að segja á lánum, og þar ættu því eðlilegast erfiðleikarnir af gengishækkuninni að koma tilfinnanlegast fram. Jeg hefi talað við marga þá menn, sem þessa atvinnu stunda, og spurt þá að, hvort þeir teldu fært að hækka krónuna upp í gullgildi, og þeir hafa talið alls eigi ókleift að standa í skilum á skuldum þessvegna, ef ekki kæmu aðrir erfiðleikar fram sem afleiðingar af gengishækkuninni; gengishækkunin sjálf mundi ekki draga verulegan þrótt úr atvinnuvegum þeirra.

Næstu erfiðleikarnir eru þeir, að kaupgjald alt hækkar í gullgildi við það, að gjaldeyririnn lækkar, en auratalan helst óbreytt. Það er álit margra, að þetta sjeu aðalerfiðleikarnir við gengishækkunina. Menn álíta, að framleiðslan svari ekki kostnaði vegna hins háa gullgildis kaupgjaldsins. En maður verður að gá að því, að þetta stendur aldrei mjög lengi. Ekki lengur en á meðan kaupgjaldið er að laga sig eftir hinu breytta gengi, því það þarf ekki að efa, að kaupið gerir það. Kaupgjaldsbreytingar koma víða fyrir þannig, að kaupið hækkar ört í góðærum, en þegar krepputímar koma, þarf kaupið að lækka, og þó það verði eigi þegar í stað, verður það þó úr að síðustu, að kaupið lækkar í samræmi við hækkað verðgildi peninganna. En þetta er atriði, sem er allþungbært atvinnuvegunum meðan það stendur yfir.

Þriðju erfiðleikarnir eru innifaldir í hækkun á verðlagi allrar vöru, og fylgir það sömu reglum og kaupgjaldið, það tekur alt sinn tíma, en verðlagið breytist að síðustu þar til samræmi er komið á. Að sumu leyti getur þó orðið úr því varanleg verðlagshækkun, ef framboð á einhverri vöru er t. d. ónógt. En yfir höfuð má vænta þess, að þessir síðasttöldu erfiðleikar hverfi, þegar hinir erfiðleikarnir, þ. e. kaupgjaldserfiðleikarnir, eru horfnir. Því er þannig varið, að það getur verið miklum erfiðleikum bundið að kippa kaupgjaldinu í samræmi við breytt verðlag, en um það ætla jeg ekki að ræða nú, fer því heldur ekki út í það, hvaða kaupgjald atvinnuvegirnir geta borið. En jeg bendi aðeins á það, að hvort sem gengishækkunin stendur stutt eða lengi yfir, þegar að henni kemur, verða menn að taka erfiðleikunum, sem henni eru samfara; þeir eru hinir sömu, hvort sem aðdragandi gengishækkunarinnar er langur eða skammur.

Jeg verð að segja það, að ágreiningurinn um það, hvort eigi að hækka gjaldeyrinn eða „stýfa“ hann, er aðallega sprottinn af því, að mönnum vaxa svo mjög í augum erfiðleikar þeir, sem stafa af breyttu kaupgjaldi.

Jeg vil svo bæta hjer við einu atriði, sem ekki er afleiðing af gengishækkuninni. Það hefir borið á því, sem vænta mátti, að mestir erfiðleikar hafa orðið hjá þeim atvinnuvegum okkar, sem fjárfrekastir eru og mest lánsfje nota, t. d. sjávarútveginum. Þó streymir fólkið burt úr landbúnaðarhjeruðunum, til þess að fá atvinnu við sjávarútveg. Það blandast engum hugur um, að þetta stafar af því, að sjávarútvegurinn er í uppgangi og getur því boðið verkalýðnum betri launakjör heldur en fáanleg eru við landbúnaðinn. Nú er að því komið, að uppgangur sjávarútvegsins er liðinn

hjá í bili og krepputímar eru þar í vændum. Jeg álít því sjálfsagt, að gerðar verði allar eðlilegar tilraunir til þess að ljetta undir með sjávarútveginum á þeim krepputímum, sem hann á í vændum, en „stýfing“ á gjaldeyri er úrræði, sem ekki getur komið til greina. Það er óleyfilegt úrræði til þess að koma í veg fyrir fólksstrauminn úr sveitunum. Menn verða að gera sjer ljóst, að hann hættir af sjálfu sjer, er krepputímar fara í hönd við sjóinn.

Um frv. sjálft get jeg verið fáorður. Hv. flm. (TrÞ) hefir nú, í framsögu, gert við það mikilsverða breytingu, með leiðrjettingu á einni prentvillu í því. Jeg verð að játa, að jeg hefði eigi haft eins niðrandi álit á þessu frv. hans, ef jeg hefði vitað, að prentvilla var í 3. gr. þess, — að í stað „árlega“ á að standa ítarlega o. s. frv. Hitt, að fella krónuna í verði í ár, fara svo næsta ár ef til vill lengra niður með hana, máske á stuttum tíma niður úr öllu valdi, var eigi í anda hægfara gengislækkunar.

Frv. þetta á að heita að sje „stýfingarfrv.“, en er þó mun verra en að svo sje. Það á að vera á valdi gengisnefndarinnar, hvernig verðgildi gjaldeyrisins breytist, en um það verð jeg að segja, að það er alveg óframkvæmanlegt í þessu landi, eins og nú er ástatt.

Hagstofustjórinn hefir sagt, að hann treystist eigi til að gera þær rannsóknir, sem frv. gerir ráð fyrir, en hann hafi aðeins lofað að útvega gengisnefndinni ákveðin gögn, sem hún svo geti notað eins og henni sýndist. Hann hafi aðeins fengist við að finna út vísitölur fyrir verðlagsbreytingum síðan 1913 og 1914. Um vísitölurnar vil jeg taka það fram, að mönnum hættir til að gera meira úr þeim en þær eru verðar. Menn skoða verð-vísitölurnar sem óbrigðulan vott um, hvernig gildi peninganna hefir breytst síðan 1914. Þó svo sje yfirleitt víða, að verðlag sje vottur um gildi peninga, getur þó svo verið ástatt í einstaka landi, að aðrar ástæður komi til greina, sem mikil áhrif geti haft á verðlag í landinu. Jeg vil til dæmis nefna eitt atriði, sem hjer hefir komið fram síðan 1914 og ætla má um, að hafi haft veruleg áhrif á verðlag hjer á landi, án þess að það standi í sambandi við verðgildi peninganna. Síðan 1914 höfum við orðið sjálfstætt ríki og höfum samkvæmt því, eins og óhjákvæmilegt var, skipað ýmsum málum vorum á annan veg en áður. Vjer höfum t. d. stofnað nýjar stjettir í landinu, t. d. kennarastjettina o. s. frv. Þetta alt hefir eflaust valdið hækkun á sköttum og þesshättar, sem ekki stendur í sambandi við verðgildi peninganna, en hefir þó ákveðin áhrif á verðlagið í landinu. Auknir skattar koma nær ætíð fram breytingu á verðlagi.

Þá hafa síðan 1914 tvær aðalgreinar sjávarútvegsins, mótorskipa-útvegurinn og togara-útgerðin, náð þeim vexti og aukist svo, að þær ráða algerlega kaupgjaldi við sjávarsíðuna. Það er algild regla, að breytt og betri tæki til fullkomnari atvinnurekstrar og aukinnar framleiðslu hækka kaupgjaldsþolið, og geta því þær atvinnugreinar, sem svo er ástatt um, boðið betri kjör en aðrar, og hefir það aftur áhrif á verðlagið. Af þessu er ljóst, að til greina geta komið aðrar ástæður til hækkaðs verðlags en þær, sem stafa af breytingunni á verðgildi peninganna. Þetta hefir og gengisnefndinni verið ljóst. En jeg drep á þetta til þess, að menn haldi ekki, að hægt

sje að reikna út verðgildi íslensku krónunnar á þeim grundvelli, sem hv. flm. (TrÞ) heldur fram.

Það virðist vera skoðun háttv. flm. og aðalhugsun hans með frv., að þegar eigi með lagasetningu að byrja á framkvæmdum til lækkunar á verðgildi krónunnar. Jeg tel slíka löggjöf alveg óverjandi. Jeg sje ekki annað fram undan en að leitast verði við að halda genginu óbreyttu, meðan ekki koma fram nýir erfiðleikar eða aðrar orsakir til hækkunar. Meðan kaupgjald helst óbreytt, er ekki hægt annað en að halda genginu föstu þangað til verðlagið hefir lagað sig eftir núverandi gengi á peningunum. Þetta sama hefir verið gert víða erlendis, t. d. í Finnlandi, hvort sem um hefir verið að ræða hækkandi verðgildi á móts við gull eða lækkandi verðgildi peninganna miðað við gull. Hjer höfum við búið við fast gengi síðan í október síðast liðinn, og verðlag á vöru hefir færst dálítið í áttina til samræmis við þetta gengi, en mun þó taka lengri tíma enn til þess, að það verði til fulls. En jeg hafði haldið, að bæði hækkunarmenn og stýfingarmenn mundu verða sammála um að halda föstu fyrst um sinn því gengi, sem nú er á peningunum. Mjer sýnist það liggja fyrir að reyna að verjast gengissveiflum eins og reynt hefir verið og tekist hefir síðan 1924; væri og holt að fara að dæmi sumra erlendra þjóða í því að draga úr þeim erfiðleikum, sem gengishækkunin orsakar á tilteknum sviðum í þjóðfjelaginu.

Jeg ætla ekki að fara langt út í það mál. En vil benda á, ef litið er á þjóðfjelagið sem heild, sem rekur verslun sína út á við, þá hafa gengisbreytingarnar lítil áhrif á verslunarjöfnuðinn, því að útlenda varan lækkar ekki altaf í hlutfalli við þá innlendu. Er því hjer ekki um annað að ræða en tilfærslu verðmætanna.

Af þessu leiðir, að þjóðfjelagið gæti gert eitthvað til þess að milda þessa tilfærslu verðmætanna manna á milli. En frv. þetta fer ekkert fram á það, en það hafa aðrar þjóðir látið sjer sæma að taka til yfirvegunar.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Str. (TrÞ) má búast við því, að mál þetta verði tekið til alvarlegrar athugunar, og jafnframt, að allir verði ekki sammála um það.

Í frv. þessu felst fyrst og fremst stýfing krónunnar, og ennfremur, að gengi íslenskra peninga verði lækkað í hlutfalli við verðlagið innanlands, að minsta kosti virðist það fullkomlega meining flutningsmannsins.

Af greinargerð frv. er og fyllilega ljóst, að háttv. flm. telur hækkun krónunnar síðast liðið haust alt of mikla, og jafnvel, að hann telji, að sterlingspund hefði eigi átt að lækka niður úr 26 kr. Stefna sú, sem kemur fram í frv., er því þvert ofan í stefnu Alþingis undanfarið. Þegar lögin um gengisskráning og gjaldeyrisverslun voru sett 1924, voru allir á því að hækka krónuna og koma henni í hið gamla gullgengi. Og í fyrra fór þessi hv. þm. (TrÞ) þó ekki lengra en það, að vilja styðja að hægfara hækkun krónunnar, en nú fer hann feti lengra, þar sem hann vill stýfa hana fyrir neðan það skráða gengi, sem nú er á íslenskum peningum.

Að Alþingi 1925 vildi ekki fara þessa leið, sýnir, meðal annars, að þrátt fyrir það, þótt tveimur mönnum væri bætt í gengisnefndina, sem vitanlegt var um,

að myndu standa á móti hækkuninni, sló það þann varnagla að láta menn þessa ekki hafa atkvæðisrjett um sjálfa skráninguna.

Það er nú vitanlegt, að menn þessir hafa neytt allra sinna áhrifa til þess að halda krónunni niðri, en þrátt fyrir alla mótstöðu þeirra hækkar hún samt. Sýnir þetta ljóslega, að ekki hefir verið hægt að halda henni niðri. Enda hlaut svo að verða, þar sem árið 1924 var meira aflaár en þekst hefir áður, og sömuleiðis fyrri hluti ársins 1925. Og samfara þessum mikla afla var svo ágæt sala á afurðunum. Jeg vil því spyrja, hvenær hafi verið ástæða til að hækka verðgildi peninganna, ef ekki á þessum tímum?

Háttv. flm. (TrÞ) talaði miklu hóflegar í framsögu sinni en búast mátti við, eftir frv. og greinargerð þess, en þó andaði gegnum ræðu hans sömu stefnunni og þar. Einmitt til að mótmæla þeirri stefnu finn jeg mig knúðan til þess að taka til máls, og sömuleiðis fyrir þá sök, að jeg eða flokkur minn hefir ekki tækifæri til þess að hafa áhrif á málið í nefnd þeirri, er því mun ætlað að fara í.

Háttv. flm. (TrÞ) vildi reyna að sýna fram á, að það væru ekki aðeins útgerðarmenn og bændur, sem töpuðu á gengishækkuninni, heldur gerðu verkamenn það líka, en þetta er misskilningur. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að stefna sú, sem vakað hefir fyrir Alþingi undanfarið, að þoka krónunni smátt og smátt upp í gullgengi, sje sú happadrýgsta, því að þá er víst, þegar krónan er komin upp í gullgildi, að annar endinn er fastur, því að aldrei kemur til, að hún fari upp fyrir það.

En eftir kenningu hv. flm. (TrÞ), þá ætlast hann alls ekki til, að krónan verði fest fyrst um sinn, heldur á hún að svífa í lausu lofti, getur bæði hækkað og lækkað. Auk þess, sem mestar líkur eru fyrir, að halda megi krónunni fastri, ef hún kemst í sitt gamla gullgengi, og það hlýtur altaf að vera áhugamál verkamanna, að peningamálum þjóðarinnar sje komið á sem traustastan grundvöll.

Þá talaði háttv. flm. (TrÞ) um, að mikið atvinnuleysi blasti við verkalýðnum og vildi kenna gengishækkun peninganna um það. Út af þessum ummælum vil jeg benda háttv. flm. (TrÞ) á, að slíkt ástand hefir oft komið fyrir áður,og það jafnvel á þeim tímum, sem krónan var að lækka. Sömuleiðis hafa slíkir atvinnuleysiskaflar líka komið, þegar atvinnurekendur hafa ekki sjeð sjer hag í að gera út, og því lagt skipum sínum, sem oft hafa verið töluvert langir kaflar. Er þetta atvinnuleysisástand því í engu sambandi við hækkun peninganna. Þessi ástæða háttv. flm. er því út í bláinn.

Út af því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um þetta mál, sem annars voru mest almennar hugleiðingar, vil jeg víkja að einu atriði í starfi gengisnefndarinnar, sem mjer finst vítavert. Þetta atriði er ályktunin frá 19. maí f. á., þar sem samþykt var að halda gengi sterlingspunda á kr. 26.00 fram í miðjan september. En að gengisnefndin hefði gert slíka ályktun, komst upp í deilum þeim, sem urðu út af hækkun krónunnar seinni partinn í ágúst, þegar bankarnir fóru, út af miklu framboði á erlendum gjaldeyri, að kaupa hann fyrir lægra verð en nefndin hafði samþykt. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa ályktun þessa upp, eins og hún var bókuð hjá nefndinni: „Samþykt var að skrá gengi

sterlingspunda á kr. 26,25. Er gert ráð fyrir, að þetta gengi standi fram í miðjan september, eða að sterlingspundið fari a. m. k. ekki á þessum tíma niður fyrir kr. 26,00.“

Jeg álít þessa ályktun, sem mjer hefir verið sagt, að hafi verið gerð eftir tilmælum Íslandsbanka, alveg óforsvaranlega. Að sjálfsögðu skal jeg taka það fram, að þeir fulltrúar atvinnuveganna, sem síðar tóku sæti í nefndinni, voru þá ekki komnir í hana. Var það því sá hluti hennar, sem atkvæðisrjett hefir um sjálfa skráninguna, sem gerði þessa ályktun. Jeg tel þessa ályktun mjög óheppilega, fyrir þá sök, að jeg held, að sakir hennar hafi sveifla gjaldeyrisins orðið sneggri og óþægilegri en hún hefði þurft að vera, ef fylgt hefði verið hægfara eðlilegri hækkun. Tilgangur ályktunarinnar var vitanlega sá, að gefa útgerðarmönnum, fiskkaupmönnum og bönkum tækifæri til að gera fjárhagslegar ráðstafanir á öruggum grundvelli. En það, sem mjer finst vítaverðast við þetta, er það, að ályktun þessi var hvergi auglýst, heldur sagði nefndin þetta mörgum, sem málið skifti, en með því skapaðist mikið misrjetti og mikill aðstöðumunur fyrir hina ýmsu aðilja, því að það liggur í augum uppi, hversu óendanlega sá útgerðarmaðurinn stendur betur að vígi, sem veit þetta fyrirfram, en hinn, sem ekkert veit um það.

Jeg hefi viljað taka þetta fram hjer, til þess að sýna fram á, hversu mjög þessi ráðstöfun hefir verið óheppileg og jafnframt órjett gagnvart almenningi.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að kaupgjaldið myndi laga sig eftir ástæðunum. Það má vel vera, að svo verði, en jeg lít svo á, að það eigi að miðast við, hvað menn þurfi til sómasamlegs framfæris, en ekki annað. Og jafnframt megi ekki telja eftir, þó að verkalýðurinn hafi einu sinni örlítinn hag af gengishækkun, því að hann hefir miklu oftar liðið tap af gengislækkun, og þá hefir ekki verið um það fárast.

Hefi jeg svo þessi orð mín ekki öllu lengri. En jeg kvaddi mjer hljóðs til þess að mótmæla þeirri stefnu, að fara að fella íslenska peninga í verði nú, og jafnframt að stýfa krónuna, þar sem allar ástæður mæla á móti því, að farið sje inn á þá braut nú. Því að hvenær hafa bankarnir staðið betur út á við en nú? Og hvenær hefir ríkissjóður staðið betur en nú? Þó að jeg vilji vitanlega ekki fara að „komplimentera“ stjórnina fyrir það, því að tekjur ríkissjóðs hafa verið teknar með óhæfilegum sköttum. — Það er því langt síðan að ástandið hefir að þessu leyti verið eins gott og nú. Það er þeim mun undarlegra, að þessi stefna skuli einmitt nú vera að reka upp höfuðið.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mun halda mjer á hinum sama grundvelli og í fyrri ræðu minni, og forðast að vekja deilur um málið. Enda hefir síst meira tilefni gefist til þeirra en búast hefði mátt við, því að bæði hæstv. fjrh. (JÞ) og háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafa talað mjög rólega.

Út af sögn hæstv. fjrh. (JÞ) um það, hvernig gengishækkunin bar að, síðast liðið haust, finn jeg ástæðu til að taka það fram, að jeg tel hann ekki hafa sagt þar rjett frá að öllu leyti. Jeg tel, að hann hafi látið hjá líða að segja frá einu mikilvægu atriði. En jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar inn á það nú.

Þá talaði hæstv. ráðherra um tillögur mínar o. fl. Að því er snertir þær, þarf

jeg engu að bæta við það, sem stendur í skýrslu minni. Þá hafði hann sterk orð um það, að ef hann hefði fylgt tillögum mínum, þá hefði það verið stórt brot á þingviljanum, og jafnframt vildi hann halda því fram, að aðeins hefði komið fram ein tillaga frá einum manni í gengisnefndinni. En þetta er ekki rjett. Tillagan kom frá tveimur mönnum, báðum fulltrúum atvinnuveganna, sem sje sú krafa, að kallað yrði saman aukaþing. Jeg skal játa, að þetta hefði kostað hæstv. ráðh. (JÞ) mikla ábyrgð og djörfung. En jeg er þeirrar skoðunar, að menn, sem gegna ábyrgðarmiklum stöðum og embættum, eigi að hafa djörfung til að gera rjett.

Þetta voru nú aðalatriðin, sem jeg vildi taka fram, út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). En örfáum orðum verð jeg að bæta við. Hæstv. ráðh. flutti alllangt mál, — og að sumu leyti talsvert fróðlegt, — um viðskifti og viðskiftakreppu. Hann heldur því fram, að hjer sje um eðlilega viðskiftakreppu að ræða. En jeg spyr hæstv. ráðh.: Er það eðlilegt ástand, að verðgildi peninganna sje laust og ruggi fram og aftur? Ef gengishæðin stendur í sambandi við viðskiftakreppu, hversvegna kom þá ekki fram hækkun og lækkun fyrir stríð? Jeg fer ekki út í það, hvort atvinnuvegirnir tapa eða græða, en jeg segi, að það skifti bóndann litlu, hvort krónan er 70 eða 90 aura, þegar þær ganga allar til þess að borga eftir á kostnað af búrekstrinum síðasta ár.

Hæstv. ráðh. (JÞ) kom inn á það, hvar festa skyldi krónuna, ef til kæmi, og hann beindi þungum orðum að mjer í því sambandi. En hæstv. ráðherra er mjög vel kunnugt, að það er samhuga álit útlendra fræðimanna í þessu efni, að verðfesta beri krónuna í samræmi við innra kaupmagn hennar. Það kemur hvergi fram hjá mjer, að krónan eigi endilega að falla. Aðalatriðið er, að samræmt sje skrásett verð hennar og raunverulegt kaupgildi.

Að síðustu skal jeg segja hæstv. ráðh. (JÞ) út frá því, sem hann sagði til mín og annara, sem festa vilja gengið, að hann þarf ekki að vænta samvinnu við mig til þess að festa núverandi gengi, ef ekki verður jafnframt gefið ákveðið loforð um að festa það endanlega.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hjelt ræðu, sem mjer kom ekki á óvart. Jeg skal ekki eyða um hana mörgum orðum. Hv. þm. spurði meðal annars, hvenær hefði verið ástæða til að hækka krónuna, ef ekki á árunum 1924—25. Jeg svara því á þá leið, að yfirleitt er aldrei ástæða til að hækka peninga. Höfuðnauðsynin er sú, að hafa verðgildi peninganna fast. Hafi verið ástæða til þess að hækka peningana á þessum árum, þá ætti yfirleitt að vera nauðsynlegt að hækka þá og lækka eftir árferði. — Hv. þm. (JBald) heldur fram kenningu, sem jeg álít ranga, að meiri hætta sje á sveiflum, ef reynt sje að festa verðgildi krónunnar. Vitanlega er hættan í þessu efni mest meðan gengið er laust. Það er viðurkent, að ef þing og stjórn og fjármálamenn eru sammála um að festa gengi peninganna, þá er það hægt, ef farið er rjett að.

Hv. þm. (JBald) kom inn á eina samþykt gengisnefndarinnar, sem valdið hefir miklu umtali. Hann hafði um þetta hörð orð, en tók þó fram, að jeg hefði ekki verið við þessa samþykt riðinn. Jeg skal ekki leggja dóm á þetta. En mín skoðun er sú, að aðalgallinn á þeirri samþykt hafi verið sá, hve skamt hún

fór. Genginu átti, samkvæmt samþyktinni, að halda föstu til 15. sept., en hefði átt að vera haldið föstu alla tíð, frá því samþyktin var gerð.

Hv. þm. (JBald) talaði mjög um atvinnuleysið, en vildi samt halda áfram að hækka krónuna. Jeg veit, að hjer eru margir verkamenn mjög áhyggjufullir út af atvinnuleysinu. Utan af landi hafa komið hingað margir menn í atvinnuleit, sem ekkert fá að gera. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) er fulltrúi þeirra. Fyrirgefi þeir honum framkomu hans í þessu máli, — fyrirgefi verkafólkið honum, sem hjer er búsett, — fyrirgefi sjómennirnir honum, því að hann veit ekki, hvað hann er að gera.

Jakob Möller: Jeg ætla ekki að koma verulega inn á málið að þessu sinni, aðeins segja orfá orð vegna tilefnis, sem hv. þm. Str. (TrÞ) gaf mjer. Annars á jeg sæti í nefnd þeirri, sem fjalla mun um málið, og því nægur tími fyrir höndum. Það var út af því, sem hv. þm. (TrÞ) sagði um ráðstafanir til að hindra verðfall krónunnar. Jeg man, að hv. þm. hallaðist fyr á þá sveif, að krónan ætti að fá greiðan gang niður á við. Jeg hjelt, að hann væri nú búinn að þreifa á þeim sannleika, að „hæg er leið“ — o. s. frv., og leiðin upp á við jafnan nokkuð örðug. Eða er það meining hv. þm. Str. (TrÞ), að krónan eigi stöðugt að hrapa niður, en aldrei hækka. Hvar mundi það lenda? Eða á að slá genginu föstu til bráðabirgða, svo að láta það hrapa, og síðan að taka upp nýjan gjaldeyri? Hvernig mundi mögulegt að byggja þjóðfjelag á slíkum grundvelli? Nei, auðvitað er lífsspursmál fyrir alla að hafa fastan og ábyggilegan gjaldeyri. Sannleikurinn er sá, að hægt er að gera hvort sem vera skal, að vinna móti hækkun eða lækkun. Það vantaði ekki, að sagt væri, þegar krónan var að lækka, að hjer væri aðeins um eðlilegt viðskiftalögmál að ræða. En síðan hefir verið sannað, að hægt er að hindra verðfall. Danir gerðu ráðstafanir til að hindra verðfall, þegar þeim skildist, að frá því var ekkert undanfæri, og það reyndist mjög auðvelt. Krónan stórhækkaði. Hitt er líka tvímælalaust hægt, að koma í veg fyrir óholla hækkun gjaldeyrisins. Jeg læt ósagt, hvort ástæða hefir verið til þess hjer undanfarið ár, en það hefði verið hægt. Hæstv. fjrh. (JÞ) gerir meira úr þeim örðugleikum en ástæða er til, en líklega gerir hann það vegna þess, að hans sannfæring er, að best sje, að krónan komist upp í gullgildi.

Mjer skilst hv. flm. (TrÞ) ganga inn á, að krónan megi lækka, en það er alveg óforsvaranleg aðstaða. Nú liggur málið svo fyrir, að fyrst og fremst verður að hindra lækkun. Jeg sje ekki miklar líkur til, að ástæður verði til hækkunar. Aðstaðan er að ýmsu leyti óhagstæð, sjávarútvegurinn á við talsverða erfiðleika að stríða. Það er því auðsætt, að hjer muni verða fyrir höndum fyrst um sinn svipaðar ástæður og undanfarin ár, er gengið var að falla. Ráðstafanir þær, sem gerðar verða, hljóta að miðast við það að hindra verðfall, ef hugsa á til þess að festa gengið. En frv. fer í öfuga átt.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 1. mars, var aftur fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á að vísu sæti í nefnd þeirri, sem um málið fjallar að lokinni þessari umr. En jeg tel betra, að það verði rætt ítarlega í hv. deild áður en það gengur til nefndar, einkum sú hlið þess, sem snertir gengisskráninguna á síðasta ári. Nefndinni er full þörf á að fá að vita, hvaða vald gengisnefnd og bankarnir hafa í raun rjettri yfir genginu. Sje það rjett, sem hjer hefir verið haldið fram, að þessi máttarvöld hljóti að missa gengið úr höndum sjer, líkt og varð síðast liðið sumar, ef nokkur vöxtur hleypur í framboð eða eftirspurn, þá þýðir ekki að husga til þess, að reyna að festa gengið. En eftir því að dæma, sem þegar er fram komið í umræðunum, þá fæ jeg ekki sjeð, að nokkur nauðsyn sje á, að það þurfi að fara eins og fór á síðasta ári.

Hæstv. fjrh. (JÞ) skýrði frá því, að gengisnefndin hjer hefði starfað á líkum grundvelli og danska gengisnefndin, enda hefði íslenska krónan verið látin fylgja dönsku krónunni, er hún tók að hækka, og seinna hinni norsku. En nú má spyrja, hvaða ástæða hafi verið til þess að elta dönsku og norsku krónuna? Ekki eru vorar útflutningsvörur seldar í dönskum glaldeyri nje atvinnuvegir vorir bundnir við Danmörk eða danskt gengi, svo nokkru nemi. Við kaupum að vísu allmikið af vörum frá Danmörku. En skilyrðin fyrir gengisbreytingum skapast af því, hvert við seljum, meira en hinu, hvar við kaupum. Því hefir oft verið haldið fram af hækkunarmönnum, að vjer yrðum að fara sömu leið og önnur ríki á Norðurlöndum í gengismálinu. Þessu vil jeg alveg neita. Jeg hefi ekki heyrt eina nýtilega röksemd færða fyrir því. En svo heyrir maður sífelt þessa sömu menn, sem vilja í þessu efni hengja sig aftan í Norðurlönd, segja í öðru orðinu, að það sje góðærið, sem hafi valdið hækkun krónunnar. Þannig er sífelt flögrað á milli þessara sjónarmiða. En það er ljóst, að slíkur tvískinnungur er óhugsanlegur. Vjer verðum annaðhvort að reka sjálfstæða gengispólitík eða þá að elta dæmi annara. Allir ættu að vera á eitt sáttir um, að við eigum í þessu máli að fara okkar eigin brautir, reka sjálfstæða gengispólitík. Allir ættu að vera á einu máli um þetta, segi jeg, af því að með því einu móti er gengishreyfing heilbrigð, að hún sje í samræmi við ástand atvinnuveganna og stafi þaðan. Vil jeg í þessu efni vitna í bók hæstv. fjrh. um „Lággengi". Þar segir, að gengissveiflur eigi ætið sínar rætur í atvinnulífinu, stafi af breytingum, sem þar verði. Svo á það að vera. Óeðlilega hækkun mun vera hægt að stöðva með litilli eða engri áhættu. Nú er það víst, að hreyfing gengisins síðan í fyrra á ekki rót sína í atvinnuvegunum. Enda gerði hæstv. fjrh. enga aðra tilraun til þess að verja hækkunina en þá að benda á, að framboð á útlendum gjaldeyri hafi verið svo mikið, að því hafi orðið að svara með lækkandi kauptilboðum og þar með hækkun á gengi íslensku krónunnar. Það er ljóst af þingt. 1922, að þá höfðu menn ekki komið auga á aðra ástæðu fyrir gengissveiflunum en framboð og eftirspurn. Þá var tekið lausatökum á málinu, og lausgengi var afleiðingin. Á þingi 1923 voru menn farnir að skilja betur lögmál gengisins, a. m. k. má nú svo heita um tvo hv. þm., sem enn eiga sæti á Alþingi. Annar þeirra er einmitt hæstv. frjh. (JÞ), en nú virðist hann hafa gleymt því, sem hann þá vissi, þar sem hann nú leggur

áherslu á einveldi framboðs og eftirspurnar. En ef framboð og eftirspurn á að ráða lögum og lofum, þá getum við aldrei vænst fastgengis í þessu landi, eins miklar og sveiflurnar eru á gjaldmiðilsþörf atvinnuveganna á ýmsum tímum ársins. En nú kom það skýrt fram í ræðu hæstv. fjrh., að hann telur hækkun óviðráðanlega, þegar framboð er mikið, en vill þó hindra lækkun, þegar eftirspurnin kemur til sögunnar. Mjer virðist ekki gott samræmi í þessu, að vilja láta framboðið fá að njóta sín fullkomlega, en draga hinsvegar fjöður yfir það, að eftirspurnin þurfi að hafa sín áhrif líka. Það er algengt í gengismálinu, að menn skjóta sjer frá einu sjónarmiði yfir í annað, líkt og Grímur ægir, er hann sökk í jörð niður í viðureigninni við andstæðinga sína og kom upp annarsstaðar. Við slíka andstæðinga er ekki gott að eiga, þegar menn hafa myndað sjer ákveðna skoðun um eitthvert mál, þá ber að gæta þess vel, að nota ekki önnur rök máli sínu til stuðnings en þau, sem rjett eru frá því sjónarmiði sem talað er. Það er ósamræmi í því, að vilja hindra lækkun, en telja hækkun óviðráðanlega, því að það mun viðurkent af öllum, sem nokkurt skyn bera á eðli gengisbreytinga, að miklu auðveldara er að stöðva, þegar krónan leitar upp, en ef hún leitar niður.

Þó að hæstv. fjrh. tæki það ekki skýrt fram í ræðu sinni, að hann vildi koma krónunni í hið gamla gullverð, þá lá það í röksemdafærslu hans. Það er siður margra að játa ekki hækkunarstefnu sína berum orðum, að segja einungis, að gengið megi ekki lækka. Þetta þykjast þeir gera af klókindum til að hindra gengisbrask. En auðvitað vitnast það fljótt, hvort stefnt er að hækkun eða ekki, og þannig komast þeir góðu hækkunarmenn aldrei hjá því að bjóða heim bröskurunum, þar sem braskhættan er yfirvofandi. Stefnunni er ekki hægt að leyna, en hinum einstöku breytingum gengisins, og því, hvenær þær eiga að verða, er auðvitað hægt að leyna og ber að halda leyndu.

Það er ekki eingöngu framboð og eftirspurn, sem genginu ræður. Það eru fyrst og fremst þjóðhagsástæður, sem genginu eiga að ráða, og það er skylda löggjafans að líta á þær fyrst og fremst. Nú er það viðurkent, eins og jeg sagði áðan, að hægra sje að halda gengi niðri en uppi. Segi menn, að það sje nú hægt að halda genginu uppi, þá er um leið viðurkent, að það hefði verið hægt að komast hjá hásveiflunni í haust sem leið, því ef það var ókleift, þá er ekki heldur hægt að halda genginu uppi nú. Það mun vera álit viðurkendra hagfræðinga, að það sje óhætt að kaupa erlendan gjaldeyri og það endalaust eins og hæstv. frjh. komst að orði, ef stefnan er sú að halda genginu föstu. En hjer á landi er ekki um neina ótæmandi eftirspurn að ræða, enda er braskhættan hjer lítil. Geta bankarnir, ef þeir óttast, að þeim berist of mikill erlendur gjaldeyrir, neitað að greiða vexti af geymslufjenu, og þá ber engin nauðsyn til að lána það fje út. Þetta er mjög einfalt. Bankarnir geyma fjeð og greiða af því enga vexti eða sömu vexti og þeir geta fengið af því erlendis og hafa það þannig í handraða, þegar til þarf að taka. Sje svona farið að, þá þarf ekki að óttast nein vandræði af aukinni seðlaútgáfu fram yfir óbreytta þörf viðskiftalífsins eins og látið hefir verið í veðri vaka. Sje fjeð geymt erlendis, þarf enga seðlaútgáfu þessvegna, og sje það ekki lánað

út innanlands til nýrra framkvæmda, þá er hægt að grípa til þess hvenær sem kallað er til þess. Þó dæmi sje til þess í okkar bankasögu, að slíkt fje hafi verið fest og ekki verið handbært, þegar til þurfti að taka, þá er slíkt engin nauðsyn. Til þess eru vítin að varast þau.

Hitt, sem hæstv. fjrh. talaði um, að hin útlenda inneign hafi verið orðin svo mikil, 100 kr. á nef hjer á landi, en ekki nema 50 kr. á nef í Danmörku, og að þessvegna hafi ekki verið þorandi að halda áfram að kaupa, það sannar í sjálfu sjer lítið og ekki neitt. Samanburður á Íslandi og Danmörku sannar ekki neitt, því að viðskiftalíf Danmerkur er miklu stöðugra en okkar viðskiftalíf. Okkar viðskiftalíf er „periodiskt", og eg býst við, að reglan sje sú, að einhverntíma ársins sje meira keypt hjer á landi af erlendum gjaldeyri á hvert nef en í kannske nokkru öðru landi. Það er ekki einungis, að viðskiftalífið sje „periodiskt", heldur er líka umsetningin á hvert nef meiri hjer á landi en sennilega í nokkru öðru landi í Evrópu. Þetta hefir ekki lítið að segja, þegar ofan á bætist, að gengisnefndin gerði á síðast liðnu sumri samþykt, sem hlaut að bjóða erlendu fjármagni heim, en stöðva innlenda fjármagnið í landinu. Hún hefir gert samþykt um að halda genginu óbreyttu fram í september. Þetta er vitanlega ákvörðun um festingu krónunnar, og ekkert við henni að segja annað en það, að sú festing er ákveðin fyrir alt of stuttan tíma. Ef á að ákveða festingu, þá er ekkert vit í öðru en gera það til lengri tíma, að minsta kosti svo langs, að landbúnaðurinn njóti hennar ekki síður en sjávarútvegurinn. Auk þess má ekki birta neina dagsetningu um það, hvenær megi vænta breytingar. Því að það leiðir af sjálfu sjer, að þeir, sem hafa útlendan gjaldeyri til að selja, þeir flýta sjer að selja fyrir þennan dag, til þess að fá sem flestar krónur. En hinir, sem hafa innlendan gjaldeyri til umráða og þurfa að borga skuldir eða kaupa vörur, reyna að bíða fram yfir þennan tíma. Því er það ekkert undarlegt, þegar gjaldeyrisnefndin gerir svona samþykt, þó að hrúgist mikið upp af erlendum inneignum. Samþyktin er stífla, sem gjaldeyririnn hleðst upp við. Og þegar gjaldeyrisnefndin fer að óttast slíkt, þá hræðist hún einungis skuggann af sínum eigin gerðum. Hún mátti búast við þessu og ganga út frá því. Reynslan hefir sýnt, að það var ekkert óeðlilegt fje þarna á ferð. Alt fjeð stóð í sambandi við afurðasöluna og þörf atvinnuveganna. Þetta er sannað af reynslunni. Þegar sveiflan varð, vissu menn þetta, að hjer var um ekkert óeðlilegt fje að ræða. Jeg spurði þá að minsta kosti einn bankastjóra að því, hvort mikið af gengisbrasksfje væri komið inn í landið, og svaraði hann, að það væri ekki neitt teljandi. Það mun einnig hafa verið dómur Íslandsbanka, því að hann vildi halda áfram að kaupa með háa verðinu á sterlingspundum. Ef bankarnir hefðu keypt saman með hærra verði en varð, þá var engin hætta á ferðum. Íslandsbanki, sem þarf að hugsa um sína hagsmuni, af því að hann er hlutafjelag, býðst til að halda áfram að kaupa með hærra verði á pundum. En Landsbankinn, sem ekki er hlutafjelag, er enn skyldari til að styðja að því, að þjóðhagslegar ástæður einar ráði skráningunni.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að þessu mikla framboði hefði verið nauðsynlegt að svara með hækkandi verði á ísl.

krónu. Nú væri gaman að vita, hvort landsstjórnin og Landsbankinn heldur, að framboðið hafi takmarkast af hinu hækkandi verði ísl. krónu. Svo framarlega, sem einungis hefir verið um eðlilegt fje að ræða, þá hefir ekki lækkandi verð á erlendum gjaldeyri takmarkað framboðið á nokkurn hátt. Þegar framboðið er eðlilegt, þá takmarkast það ekki mjög af breyttu gengi, enda engin þörf á takmörkun. Þörfin kemur fyrst, þegar óeðlilegt fje er komið í spilið.

Mjer kom þetta á óvart, að hæstv. fjrh. (JÞ) skyldi aðallega skýra gengisbreytinguna með framboði erlends gjaldeyris, vegna þess, sem hann hefir áður skrifað um þetta mál á annan veg. Þá lagði hann höfuðáhersluna á kaupmáttarjafngengið. Þetta er einmitt höfuð-sannleikurinn í gengismálinu, að mest er um vert, að skráningin fari sem næst kaupmáttarjafngenginu. Sá sannleikur hefir rutt sjer til rúms síðari árin. Hæstv. fjrh. hefir heiðurinn af að hafa skilið þetta einna fyrstur manna á voru landi. Einmitt þessum sannleika hefi jeg kynst í hans góðu bók um „Lággengi". Er það merk bók og verður vafalaust síðar meir talin ágætari en til þessa hefir raun á orðið. Jeg get því sagt, að jeg sje lærisveinn hætsv. fjrh. í þessu, að leggja höfuðáhersluna á jafngengið, kaupmáttarjafngengið, en hann lærisveinn Cassels, eins hins þektasta festingarmanns Norðurálfunnar. Að því leyti ætti ekki að þurfa að vera svo mikið ósamræmi milli skoðana okkar á þessu máli, svo framarlega sem kennifaðir minn er eins rjetttrúaður og hann áður var í þessu efni.

Í ræðu sinni lagði hæstv. fjrh. (JÞ) áherslu á það, að ekki sje gott að finna kaupmáttarjafngengið. Það er auðvitað ekki eins einfalt og að margfalda tvo með tveimur. Það verður að taka tillit til margra hluta. En það á að vera hlutverk hagstofunnar að láta í tje upplýsingar um þessi efni, og komast með útreikningum eins nálægt sanngenginu og hægt er. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það ætti einmitt að vera aðalhlutverk hagstofunnar á þessum gengisbreytingatimum, að gefa sem bestar upplýsingar um hið sanna verð ísl. krónu. Hæstv. fjrh. orðar „gengislögmál Cassels fyrir pappírspeninga" í bók sinni á þessa leið: „Þegar mismunandi verðlagsbólgnun hefir orðið í tveim löndum, þá er eðlilegt ávísanagengi milli þeirra sama sem hið gamla gengi margfaldað með hlutfallinu á milli bólgnunarstigsins í öðru landinu móti hinu" (bls. 70). Einfaldara væri máske að orða lögmálið svo: Eðlilegt gengi milli tveggja landa, sem nota pappírsgjaldmiðil, er hlutfallið milli verðlagsins í löndunum margfaldað með hinu gamla gullgengi. Bls. 72 orðar hæstv. fjrh. lögmálið þannig: „Það er eðlilegt gengi (sama sem kaupmáttarjafngengi) pappírsgjaldeyris, ef vísitala verðlagsins í landinu margfölduð með gullgengi gjaldeyrisins sýnir sömu vísitölu fyrir gullverðlag, sem er í öðrum löndum yfirleitt." Og enn segir ráðherrann: „Þessi orðun á gengislögmálinu hefir þann mikilvæga kost, að eftir henni er auðvelt að rannsaka, hvort reynslan staðfestir það eða ekki, og það verður auðvelt að gera grein fyrir ýmsum afleiðingum þess, ef haldið er uppi öðru gengi en þessu eðlilega." Og loks vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa þessi ummæli hæstv. fjrh. (bls. 70): „Cassel hefir rjettilega bent á, að þessi „vara" (pappírsgjaldeyririnn) breytist við það, að kaupmáttur gjaldeyrisins

breytist, og að ekkert hlutfall á milli framboðs og eftirspurnar getur haldið svikinni eða rýrnaðri vöru í sama verði og ósvikinni vöru sömu tegundar, þótt reynt sje að villa mönnum sýn með því að halda nafninu óbreyttu. Jeg hefi sannfærst um, að gengislögmál Cassels er rjett, og mjer finst vera mögulegt að gefa þær skýringar á því, sem taka af allan efa.“ Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir ekki aðeins sannfærst sjálfur. Hann hefir sannfært fleiri, og mig þar á meðal.

Hjerna notar hæstv. fjrh. orðtækið „svikin vara“ eða „svikinn gjaldeyrir“ í rjettri merkingu. Í ræðu sinni við þessa umr. notaði hæstv. fjrh. orðtækið „svikinn gjaldeyrir“ í merkingu hækkunarmanna, þeirri, að allur gjaldeyrir, sem hefir lækkað og er ekki búið að hækka aftur, sje svikinn. (**Fjrh. JÞ:** Þetta er ekki rjett). Notaði hæstv. fjrh. þá orðið í þeirri merkingu, að svikinn gjaldeyrir sje sá, sem ekki er í samræmi við kaupmáttarjafngengi? Jeg fjekk svar áðan, þegar jeg bað ekki um það, en nú ekki, þegar jeg bið um það. (**Fjrh. JÞ:** Tek til máls síðar). En það kæmi sjer betur vegna umræðnanna, að fá svar strax. Það má nú vera, að jeg hafi misskilið hæstv. fjrh., en það, sem jeg vildi segja, er það, að svikinn er sá gjaldeyrir einn, sem ekki er í samræmi við kaupmáttarjafngengi. Sama, hvort hann er fyrir ofan eða neðan, hann er svikinn alt að einu. Og hafi hæstv. fjrh. notað orðatiltækið „svikinn gjaldeyrir“ í þeirri merkingu, þá erum við fullkomlega sammála. Sá einn er í samræmi við sjálfan sig í þessu máli, sem gerir altaf þá kröfu, að gengið sje sem næst kaupmáttarjafngengi. Og gangi menn út frá þessu sanngengi, þá verður krafan stundum um hækkun, en í öðrum kringumstæðum lækkun, ef litlar líkur er til, að verðlagið lagi sig fljótlega eftir hinu skráða gengi. Öll afstaða festingarmanna er undir því komin, hvort hágengi er eða lággengi miðað við jafngengi eða sanngengið. Jeg sá, að hæstv. ráðh. (JÞ) hristi höfuðið, og jeg býst við, að jeg skilji, hvað það er, sem hefir valdið þessum hristingi. Er það ekki svo, að hæstv. fjrh. vill ekki vita af lækkun á genginu, vegna þess, að hann treystir því, að verðlagið breytist vegna hágengisins og komist í samræmi við það? Jeg vildi aðeins bæta því við, að það getur verið svo örðugt að lækka verðlagið í landinu eða tosa hið sanna gildi krónunnar upp á við, að það eigi alls ekki að verja fje til þess. Óeðlilega hátt gengi veldur það miklum örðugleikum fyrir atvinnuvegi landsins, að ekki er álitlegt að veita styrk til að halda kreppunni við. Þó skal það játað, að það er einn helsti og stærsti örðugleikinn, þegar á að festa gengi, ef það hefir verið skráð of hátt áður en byrjað var á festingarviðleitninni.

Hæstv. fjrh. sagði í sinni ræðu, að Finnar hefðu farið þá leið, að halda föstu sínu gengi, en láta svo verðlagið laga sig eftir því. Eftir því, sem mjer er kunnugt, er þetta ekki rjett. Þegar Finnar hófu festingarviðleitni sína, byrjuðu þeir á því að færa gengið mikið til, þangað til komið var í það horf, sem þeir hjeldu, að samsvaraði innlendum kaupmætti marksins. Þegar þeir höfðu skapað samræmi milli hins innlenda og erlenda kaupmagns marksins var tilætlunin að láta gengið hvíla þar. Markið leitaði þá heldur niður, og var að lokum fest nokkuð fyrir neðan kaupmáttarjafngengi, enda er það viðurkent, að rjettara er að vera heldur fyrir neðan

en ofan sannvirðið. Það fyrsta, sem Finnar gerðu í festingarpólitíkinni, var því að laga gengið eftir verðlaginu. Þeir gerðu ekki það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) ætlast nú til að við reynum, sem sje að klifa þrítugan hamarinn til að laga verðlagið eftir genginu. Ef jafngengi er nú fyrir neðan hið skráða gengi, skapar það mikla örðugleika. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir óviljandi látið skýrt í ljósi það álit, að jafngengi sje nú fyrir neðan hið skráða gengi, með því að skilja frv. þannig, að af því mundi leiða lækkun frá núverandi gengi. Nú skal jeg ekki fyrir mitt leyti leggja sömu áherslu og hv. flm. (TrÞ) á það, að hjer sje samþykt að færa gengi íslensku krónunnar niður. Og hafa frumvarpsákvæðin þó við góð rök að styðjast. Jeg mun geta tekið undir með hæstv. fjrh. (JÞ), að við skulum byrja á því að reyna að halda því, sem nú er, og vita, hvort verðlagið getur ekki færst niður. Því að það er svo í gengismálinu, að þegar búið er að gera einhverja vitleysu, þá er örðugt að leiðrjetta hana, og verður aldrei til fulls leiðrjett. Þess vegna segi jeg með hæstv. ráðh. (JÞ), að það sje rjett að byrja á því að sjá, hvort ekki sje hægt að festa í núverandi gengi. En jeg bæti því við, að það á ekki að verja neinu sem nemur af tekjum ríkissjóðs til þess. Ef við ætluðum að festa það gengi, sem nú er skráð, hvað sem það kostar, þá er hætt við, að færi um hvern þann sjóð, sem til þess væri varið, eins og fór um „egaliseringssjóð" Dana. Hann tæmdist. Það stóðst ekkert við, vegna þess að það var óeðlilegt gengi, sem halda átti við.

Um það tvent ætti Alþingi að geta orðið sammála, að Íslendingum ber að hafa sjálfstæða stefnu í gengismálinu og láta ekki skráningu íslenskrar krónu fara eftir breytingum annarlegs gjaldeyris, og að víkja aldrei langt frá kaupmáttarjafngengi. Jeg veit, að hæstv. fjrh. (JÞ) taldi í ræðu sinni töluverð tormerki á að finna það. En hann hefir samt fyrir nokkru gert tilraun til að reikna það út eftir gengislögmáli Cassels og segir, að sú aðferð, sem hann þá notar, sje góð, vegna þess að auðvelt sje að rannsaka, hvort reynslan staðfesti niðurstöðuna. Að vísu þarf að gera ráð fyrir ýmsum truflunum. Þegar hæstv. ráðh. ritaði „Lággengi", virðist hann ekki hafa talið þessar frávikningar aðalatriðið, heldur lögmálið sjálft. Kaupmáttarjafngengi má reikna eftir þrem reglum. Ein er að miða við framfærslukostnað, önnur að miða við smásöluverð og hin þriðja, sem mun best og venjulegast er viðhöfð, að miða við heildsöluverð. Hæstv. fjrh. hefir í „Lággengi" (bls. 82) bent á aðferð til að finna vísitölu fyrir heildsöluverð. Nú vil jeg segja, að þegar hæstv. ráðh. (JÞ) getur gert svona útreikninga 1924, þá hefði Hagstofan átt að geta bætt svo um, að hún nú, svo löngu síðar, geti gefið nokkurn veginn fullnægjandi skýrslu um kaupmáttarjafngengið. Finska þjóðin hefir samkvæmt þessu Cassels-lögmáli fest gengið mjög heppilega og forðað sínu atvinnulífi frá þeim hörmungum, sem enn bíða þeirra landa, sem ætla sjer að fara þá örðugustu braut, sem nokkurt land getur farið í þessum efnum, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) kemst að orði í „Lággengi", en það er að hækka pappírsgjaldeyririnn.

Ólafur Thors: Mjer heyrðist á hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann mundi ekki ó-

kviðinn um, hverju hæstv. fjrh. (JÞ) mundi svara ræðu hans. Mjer er ánægja að lýsa því yfir, að jeg er í mörgum atriðum sammála hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann hefir þegar sagt ýmislegt af því, sem jeg hefði viljað taka fram, og mun jeg því tala skemur en jeg hefði hugsað mjer í fyrstu.

Það, sem gaf mjer tilefni til að taka til máls, var það, að hv. flm. (TrÞ) hefir getið mín í greinargerð frv. og í framsögu sinni, sökum þess, að jeg átti sæti í gengisnefnd. Jeg vil strax taka það fram, að það, sem hann fer með um mitt hugarfar í gengismálinu, er ekki rjett, en þó er þar ekki um svo mikla villu að ræða, að mér þyki ástæða til að leiðrjetta það nú.

Þegar jeg kom í gengisnefnd, hafði hún gert þær ákvarðanir að reyna að halda sterlingspundinu í kr. 26,25, þangað til í miðjum september. Mjer er ekki kunnugt um, hverjir stóðu að þessari ákvörðun, en hún hefir verið skilin á tvennan hátt. Sumir hafa skilið hana þannig, að hún væri bindandi, aðrir hafa skilið hana á þann hátt, sem síðar reyndist að vera rjettur, sem sje, að hún væri ekki bindandi.

Í tilefni af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um það misrjetti, að aðeins útflytjendur og einstaka framleiðendur hefðu vitað um þessa ákvörðun, vil jeg segja það sem mitt álit, að jeg held, að þetta hafi engum misrjetti valdið, því að útflytjendur hafa þá bygt verðlagið á þessu verði krónunnar, en samkepnin er það mikil um fisksölu, að menn selja ekki án þess að hafa talað við marga útflytjendur, og má því ætla, að verðlagið hefði skapast af þessari ákvörðun og orðið framleiðendum til góðs. En ákvörðunin var rofin, til stórtjóns fyrir þá, sem treystu henni, og vil jeg ekki fjölyrða um, hverjir því hafa valdið, nje að hve miklu leyti það voru sömu mennirnir, sem að henni stóðu.

Síðan breyttist verðlag krónunnar hröðum skrefum, og voru 22,15 í sterlingspundinu 27. október. Eins og hv. flm. frv. (TrÞ) hefir tekið fram, fylgdumst við að í að vera á móti breytingunni. Mjer þykir ástæða til að gera grein fyrir, af hverju jeg greiddi altaf atkvæði á móti hækkun krónunnar.

Þá vil jeg fyrst geta þess, að jeg leit svo á komu mína í gengisnefnd, að jeg væri þangað sendur samkvæmt þingvilja, til þess að stuðla að festingu eða hægfara hækkun krónunnar. Jeg taldi mjer skylt að hlýða þessu boði, og áleit, að þingið ætlaði að tryggja sjer framkvæmd þess með því að senda í nefndina 2 nýja menn, þó að það um leið gerði þá villu, að taka af þeim atkvæðisrjett. Jeg spurði því sjálfan mig, þegar ræða var um hækkun: Er þetta nauðsyn? Ef jeg áleit, að svo væri ekki, taldi jeg mjer skylt að sporna á móti, ekki síst, þegar hækkunin fór að verða ör.

Hækkunin var upphaflega bygð á því, að hækkunarmenn töldu hana óhjákvæmilega, þar sem danska krónan hækkaði, og síðar bygðu þeir á hækkun norsku krónunnar, af því að við verslum við Norðmenn með kjöt og keppum við þá á fiskmarkaðinum. Þetta hafði auðvitað mikið til síns máls. En svo vildi svo óheppilega til, að norska krónan tók að lækka um leið og okkar króna hækkaði. Þá þurfti að finna nýjar ástæður fyrir hækkuninni, og þær voru fljótlega fundnar, nefnilega þær, að erlendan gjaldeyri bæri svo ört að bönkunum, að valdhafarnir töldu, að bankarnir gætu ekki haldið áfram að kaupa, vegna

áhættunnar, sem mundi fylgja slíkum kaupum. Um þetta urðu miklar deilur í gengisnefndinni. Strax og hækkun krónunnar hófst, hjelt jeg fram mínum skoðunum í málinu. Mjer var kunnugt um, að útlendir menn höfðu keypt mikið af íslenskri vöru og samið um kaupin gegn greiðslu í íslenskum krónum, sem átti að fara fram vissan dag löngu eftir kaupin. Hjer er því um að ræða menn, sem voru búnir að taka á sig skuldbindingar í íslenskum krónum. Þegar þeir sáu, að dönsk og norsk króna hækkaði, hjeldu þeir, að íslenska krónan mundi líka hækka, og gerðu ráðstafanir til að tryggja sig. Þannig byrjaði sjóðmyndunin. Það leið ekki á löngu áður en grunur þeirra varð að staðreynd. Krónan hækkaði, og hækkuninni var svarað með nýrri eftirspurn.

Jeg vil taka það fram, að það var ekki alveg rjett, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hjelt fram, um að aðalsjóðmyndunin hefði orðið á undan hækkuninni. Hún varð þvert á móti ekki fyr en eftir að hækkunin byrjaði.

Nú þykir mönnum undarlegt, að nokkur sje svo grunnhygginn, að kaupa vöru, þegar hún er að verða dýrari, en það, sem knúði menn til þess, var óttinn við, að hún yrði enn dýrari.

Þetta er önnur hlið málsins. Hin hliðin veit að þeim, sem vildu selja íslenska krónu. Þeir sáu, að verðið fór daglega hækkandi, og fóru að engu óðslega. Þeir gátu heldur aldrei átt annað á hættu með því að bíða en að hin öra hækkun stöðvaðist. Þeir vissu, að sjóðir voru að myndast, og að ekkert vit var af þeim, sem stjórnuðu, að hleypa krónunni svona ört upp á við og láta hana svo strax falla. Þess vegna áttu þeir þá óvenjulegu aðstöðu verslunarmannsins, að ekki var hætta á verðlagslækkun á vöru þeirra, en von um hækkun. Þeir seldu því eðlilega ekki vöru sína, þ. e. a. s. keyptu ekki erlendan gjaldeyri. Af þessu hlaut að leiða sjóðmyndun, og það voru þessir miklu sjóðir, sem hækkunarmenn óttuðust. Þeir játuðu, að um „spekulation“ væri að ræða í Noregi og Danmörku, en neituðu, að hjer væri um slíka „spekulation“ að ræða, og samt blanda þeir saman dönsku og norsku krónunni annarsvegar og íslensku krónunni hinsvegar.

Jeg vil skýra frá því, að þessi sjóðmyndun var ekki vottur um hagstæða verslun Íslendinga, því að jafnóðum og sjóðirnir stækkuðu, óx inneign erlendra manna í íslenskum bönkum. En þótt bankarnir hefðu þurft að eiga á hættu að kaupa erlendan gjaldeyri hærra verði en þeir seinna gátu selt fyrir, þá stendur svo á um bankana, að þeir skulduðu h. u. b. 500 þús. sterlingspund erlendis, sem þeir höfðu selt fyrir nálægt 30 kr. hvert sterlingspund. Þeir þoldu því að taka á sig áhættuna, vegna þess hagnaðar, er þeir höfðu á því að hafa selt þau sterlingspund á 30 kr., er þeir nú keyptu aftur á 26 kr. En aðalatriðið er, að hjer er um eðlilega sjóðmyndun að ræða, og var það fyrirfram sjáanlegt, að fara mundi eins og síðar varð raun á.

Loks kom að því, að gengisnefnd varð sammála um að stöðva hækkunina, og 27. október var sterlingspundið skráð á kr. 22,15. Enda þótt engin bein samþykt laga lægi fyrir um það, var hugur manna sá, að nú væri nógu langt gengið.

Skömmu síðar tóku spár manna að rætast. Þegar krónan hafði staðið í þessu verði nokkra daga, fór að draga úr eftirspurninni, en framboðið óx. Þetta sjest best á skýrslum yfir inneign íslenskra

banka erlendis. Í ágústmánaðarlok munu þeir hafa átt 200 þús. sterlingspund. Þessi inneign hækkaði jafnt og þjett um leið og krónan hækkaði, og 2. nóvember, 5 dögum eftir að hækkunin hætti, var þessi inneign orðin 565 þús. sterlingspund. En nú taka sjóðirnir að rjena, svo að um áramót eru aðeins eftir 250 þús. sterlingspund, í lok janúarmánaðar 130 þús. sterlingspund, og í lok febrúarmánaðar 20 þús. sterlingspund. En jeg vil geta þess, að þessi 20 þús. sterlingspund segja ekki til um hina raunverulega aðstöðu út á við, því að enn stendur inni hjer 3½ milj. króna inneign erlendra manna.

Reynslan virðist því hafa staðfest, að sú hækkun, sem byggist á því, að bönkunum berst erlendur gjaldeyrir fyr en venja er til, sje ekki nauðsynleg og ekki gild ástæða til að virða að vettugi þingviljann.

Þá er enn ein hlið málsins, nefnilega hvort hækkunin sje æskileg. Jeg skal leiða fram hjá mjer nú að tala um kost og löst á festingu krónunnar. Um það munu vera skiftar skoðanir, en hitt eru allir sammála um, að þessi hækkun krónunnar var ekki heppileg, ef hún þyrfti að falla fljótt aftur, og yrði svo ef til vill verðminni en verið hefði, ef hækkunin hefði verið hægari, því þá hafa jafnvel sjálfir hækkunarmennirnir færst fjær markinu. Það skiftir því miklu máli frá þeirra sjónarmiði, hvort hækkunin er varanleg. Þau áhrif, sem hækkunin hefir haft á hagsmuni manna, er aðallega tilfærsla innan þjóðfjelagsins. Skuldir hins skulduga hafa vaxið, og eignir hinna hafa líka vaxið. Þessi tilfærsla nemur mörgum miljónum.

Því hefir verið haldið fram, að gengishækkunin hefði engin áhrif á aðstöðuna út á við. Þetta er tæpast rjett. Frá mínu sjónarmiði er það svo, að ef gengisbreyting eykur kreppuna svo, að atvinnufyrirtækið verður að hætta að starfa, minkar útflutningurinn meira en innflutningurinn, því að menn hafa sínar mannlegu þarfir, þótt þeir missi atvinnuna. Það hefir verið rjettilega tekið fram, að atvinnurekendur tapa á gengishækkun, en það er vegna þess verðfalls afurðanna, er kemur fram á tímabilinu milli tilkostnaðar og afrakstrar.

Þegar hækkunin skall á í ágúst s. l., var alt kjöt í eign og vörslu framleiðenda. Töluvert af fiski og síld var einnig eign innlendra framleiðenda og útflytjenda, en nokkur hluti hjerliggjandi sjávarafurða áttu erlendir útflytjendur.

Um suma hinna útlendu og innlendu útflytjenda er það að segja, að þeir gátu ekki eða vildu ekki standa við skuldbindingar sínar, heldur hlupu frá þeim, svo að loks lenti á innlendum framleiðendum, og er ekki ofmælt, að þeir hafi tapað miklu. Spurningin er, hvernig þeir voru undir það búnir. Mjer er kunnugast um sjávarútveginn, og þá helst um þá hlið hans, er að togurunum lýtur. Skal jeg víkja nokkrum orðum að togaraútgerðinni.

Árferði er, eins og menn vita, mjög misjafnt. Af því leiðir, að afkoma útgerðarinnar er mjög misjöfn ár frá ári. Annað árið er hagnaður, hitt árið er tap. Þegar vel árar, verður þessi útgerð að greiða alt að 30% arðsins í tekjuskatt og frá 10—50% í útsvar, en hvernig sem árar, verður hún að greiða þung útsvör, þó að hún kannske tapi hundruðum þúsunda. Þessi atvinnugrein verður að rekast með lánsfje og þarf að greiða 8—10% í vexti af því, auk þess sem hún

kaupir erlendan gjaldeyri 1½% hærra verði en hún getur fengið fyrir hann. Allar helstu nauðsynjar framleiðslunnar mjög þungt tollaðar, og sjálf framleiðsluvaran með 1½%. Það er því augljóst, að þessi atvinnurekstur á mjög svo erfiða aðstöðu, þó að alment sje talið, að hjer sje um hreinustu gullnámu að ræða. — Þetta er nú rjett frásögn um aðstöðu þessa atvinnureksturs, alment talað.

En um getuna til þess að standast skakkaföll í bili, er það að segja, að arður ársins 1924 fór hjá flestum til greiðslu þeirra skulda, er safnast höfðu á undanförnum tapárum; en þeir fáu, sem betur stóðu að vígi fyrir góðærið 1924, hafa flestir varið arði þess árs til aukningar framleiðslutækjanna. Hafa þeir með því gert sitt til að stuðla að hækkun krónunnar, því geta þjóðfjelagsins til að bera þessa byrði hækkunarinnar byggist eingöngu á spörun eða f j á r m u n a a u k n i n g u þess, og þess vegna verður að beina allri athyglinni að því, að styðja aukningu arðberandi eigna í þjóðfjelaginu, ef menn vilja á annað borð vinna að gengishækkun.

Jeg geri þetta innskot, vegna þess, að einn hv. ræðumaður hefir minst með nokkru kaldlyndi á þá kreppu, er sjávarútvegurinn á við að búa, en að svo miklu leyti, sem kreppan stafar af of mikilli framleiðslu, þ. e. a. s. af aukinni arðberandi eign í þjóðfjelaginu, færi vel á því, að minsta kosti að hækkunarmenn skildu, að hún er þó afleiðing af lofsamlegum tilgangi, sem mishepnaðist.

Um mitt síðast liðið ár voru horfur um sæmilega afkomu útgerðarmanna, en síðari hluta ársins syrti að, og þó meir, er nær dró áramótum. Fór þar saman hin gífurlega gengishækkun, afarljelegur aflafengur og verðfall fiskjar í neyslulöndunum, svo að nú þegar er af mörgum framleiðendum dregið.

Útlitið fyrir afkomuna á þessu ári er því næsta geigvænlegt. Af útgerðarkostnaði togara eru um 60% gjöld í íslenskum kr., að mestu kaupgjald bæði á skipsfjöl og við fiskverkun.

Árlegur útgerðarkostnaður togara hefir hæst numið um 12—1300 þús. kr. Sje hann í ár áætlaður um 600 þús. kr., en það tel jeg ekki ósennilegt, að hann verði, ef skipunum er haldið til veiða lengur en yfir blá-vertíðina, eru þar af um 360 þús. kr. gjöld í íslenskum kr. Þrátt fyrir hækkun krónunnar má heita, að þau að krónutali verði óbreytt í ár frá því, sem var í fyrra, en afurðaverð hefir á þeim tíma fallið einungis sakir gengishækkunar um meira en 20%. Ef jafnvægið á að haldast, verða hin innlendu gjöld að falla að sama skapi, en þar sem þau eru nær því óbreytt, eru afkomuhorfur hvers skips um 50—70 þús. kr. verri í ár en í fyrra. Það er því alt annað en björgulegt að líta fram á veginn, þegar þess er þá líka gætt, að heildarútkoma síðasta ár hefir fært útgerðinni tap.

Af þessu er bert, að þrengingar standa fyrir dyrum, og verður þó berara, þegar menn hafa hugfest, að miðað við gull er verðlag fiskjarins í neyslulöndunum töluvert lægra en í fyrra. — Og jeg bæti því við, sem minni skoðun, að jeg tel ekki ráðlegt að ætla okkar atvinnurekendum að þola sömu raun og Norðmönnum og Dönum, og það af þeirri einföldu ástæðu, að þar eru atvinnurekendurnir margfalt ríkari en hjer, og geta því haldið áfram að bera gengishækkun, án þess að jafnvægið raskist í peningamálum þeirra. Hjer eru at-

vinnurekendur yfirleitt svo fátækir, að þeir geta ekki til lengdar risið undir þeim byrðum, sem leiða af röskun jafnvægis milli afurðaverðs og framleiðslukostnaðar, vegna gengishækkunar.

Jeg fullyrði því, að núverandi verðgildi krónunnar er ekki í samræmi við þörf framleiðenda og afkomuhorfur atvinnulífsins. Og það byggist heldur ekki á glæsilegum hag bankanna út á við.

Jeg skal þá leitast við að leiða líkur að því, hvernig hagur landsins út á við muni verða í júlíbyrjun næstkomandi.

Síðast liðið ár var flutt mikið út af nýju framleiðslunni fyrir þann tíma (1. júní). Svo að segja hver uggi, sem veiddist úr sjó fyrstu 3—4 mánuði ársins, var ýmist seldur strax úr landi, sem saltfiskur, eða þurkaður í þurkhúsum og fluttur út í apríl og maí.

Í ár er þetta mjög á annan veg. Saltfiskur má heita óseljanlegur, og horfurnar um verðlag á þurkhúsþurkuðum fiski svo ljelegar, að ekkert þurkhús starfar. Má af því nokkuð marka ástandið, að um þetta leyti árs í fyrra voru öll þurkhús í landinu starfrækt nótt og nýtan dag, en nú ekki eitt einasta þeirra.

Við verðum því til 1. júlí í sumar að búa að þeim sjóðum, sem við eigum, en þeir eru um ½ miljón króna, og því sem við fáum fyrir óútflutta fyrra árs framleiðsluvöru, og skal þá gert ráð fyrir því, að hún verði öll útflutt og greidd fyrir 1. júlí, en það er þó næsta ólíklegt. Andvirði þessarar útflutningsvöru mun nema um 8 miljónum króna. Frá þeirri upphæð ber þó að draga nokkurn hluta inneigna erlendra manna í hjerlendum bönkum, en þær eru nú alls um 3½ miljón króna. Áætla jeg, að 2½ miljón kr. af þeim verði varið til greiðslu á útflutningsvörunni, og höfum við þá afgangs 6 miljónir kr., til þess að mæta notaþörfinni fyrir erlendan gjaldeyri til júlíbyrjunar.

En þá er spurningin: Er sú upphæð þá nægjanleg?

Ef við spyrjum reynslu síðasta árs, svarar hún því á þann hátt, að á tímabilinu frá 1. mars til 1. júlí hafi bankarnir selt erlendan gjaldeyri fyrir upphæð, sem nemur nú um 19 miljónum í ísl. kr. Yrði hið sama í ár, mundum við þurfa á að halda láni erlendis, er næmi 13 miljónum kr., og mundum þá, 1. júlí, skulda þessa upphæð erlendis. En 1. júlí síðast liðinn áttu íslensku bankanir inni hjá erlendum bönkum um 4 milj. kr., og yrði því allverulegur munur á aðstöðunni út á við.

En jeg skal taka það fram, og leggja áherslu á, að hægt er að gera ýmsar ráðstafanir til þess að draga úr eftirspurn erlends gjaldeyris, og tel jeg líklegt, að eftirspurnin verði minni í ár en í fyrra, enda hefi jeg aðeins reiknað með þeirri sölu erlends gjaldeyris, er fram fór í bönkunum, en það er á allra vitorði, að mjög mikil sala fór fram utan þeirra.

Þá verður mjer að spyrja: Er nú líklegt, að krónan haldi núverandi gildi sínu? Jeg hefi sagt, að jeg áliti hana of hátt metna. Hæstv. fjrh. (JÞ) sannar með órækum rökum í bók sinni „Lággengi“, að þótt þessu væri ekki til að dreifa, mundi mjög hætt við, að hún fjelli, því þegar afkoma atvinnurekenda sje sú, sem nú er hjer í landi, — þ. a. að atvinnurekendur tapa, — þá leiði, alment talað, altaf af því mikil verðfallshætta á gjaldeyri landsins. Er sú hætta óumflýjanleg, nema alveg sjerstakar, óvenjulegar og erfiðar ráðstaf-

anir sjeu gerðar, — ráðstafanir, sem hæstv. fjrh. (JÞ) rjettilega bendir á, að af alveg eðlilegum ástæðum sjeu venjulega of seint framkvæmdar. Hirði jeg ekki að rekja það efni nánar, enda munu flestir hv. þdm. þekkja þessa bók, „Lággengi".

En hvað á þá að gera? Jeg álít óheppilegt að ræða það mál á opnum deildarfundi, slíkt gæti orðið að tjóni. En það skal jeg segja hispurslaust, að það er alveg óþolandi, að löggjafarvaldið haldi áfram að skattpína borgarana til þess að skapa valdhöfunum aðstöðu til þess að stritast við að ríghalda í svo hátt verðlag krónunnar, að það eitt nægi til þess að koma framleiðslunni á knje.

Að endingu leyfi jeg mjer að leiða athygli hækkunarmanna að því, að það er viðurkend vísindaleg staðreynd, að sjerhverri gengishækkun verður að fylgja alveg tilsvarandi kauplækkun. Annars verður hækkunin aðeins gengissveifla, og krónan hlýtur þá að falla aftur í það verð, sem svarar kaupgjaldinu og öðrum framleiðslukostnaði.

Krónan íslenska er nú 82 gullaurar, en kaupgjaldið í landinu er ýmist sama eða hærra en þegar hún var 48 gullaurar. — Af þessu geta svo hv. þdm. dregið sínar ályktanir.

Fjármálaráðherra (JÞ)*: Þessar umr. gefa mjer ekki ástæðu til langra andmæla. Þær hafa að mestu leyti snúist um það, sem liðið er og um garð gengið, en það sje jeg ekki ástæðu til að rifja upp, nema þá að því leyti, sem það snertir það, sem fram undan er. Það hefir líka í því sambandi skotið upp ýmiskonar misskilningi á þessu máli, sem jeg verð að telja, að sje hættulegur fyrir framtíðina, ef hann fengi að festa rætur, og það er um það, sem jeg ætla að tala.

Jeg ætla þá að byrja á því, að mótmæla þeirri staðhæfing hv. flm. (TrÞ), að fleiri till. hefðu komið úr gengisnefnd til stjórnarinnar en sú eina, sem hann telur í greinargerð sinni og umr. hafa nú snúist um að nokkru leyti. Jeg sagði það líka um daginn, að stjórninni hefði ekki borist önnur tillaga en sú, frá hv. flm. (TrÞ) um stöðvun íslensku krónunnar, þegar sterlingspundið var skráð á 24 krónur. Hinsvegar gat jeg þess þá, að tillagan hefði legið á því sviði, að stjórnin hefði ekki sjeð sjer fært að sinna henni.

Nú bætir hv. flm. (TrÞ) við annari till., sem hann segir einnig komna til stjórnarinnar úr gengisnefnd, en það er ósk hans sjálfs eða tilmæli um, að stjórnin kveðji saman aukaþing, til þess að taka endanlega ákvörðun um, hvaða verði íslenska krónan skuli skráð. Þetta get jeg ekki undir neinum kringumstæðum skoðað sem tillögu gengisnefndar, þó að hann sjálfur, einn síns liðs og atkvæðislaus í gengisnefndinni, láti þá ósk uppi við stjórnina, að líklegasta lausnin á gengismálinu sje sú, að kveðja saman aukaþing. Hjer er um alt annað mál að ræða og annars eðlis. Það er heldur ekki mitt að svara því, hversvegna stjórnin varð ekki við því, að kveðja til aukaþings, þótt 2—3 þm. ljetu þá ósk uppi, að með því mundi málinu bjargað.

Þessvegna held jeg mjer við það, sem jeg hefi áður sagt, að stjórninni hefir aðeins borist ein till. úr gengisnefnd,

* Ólesið af ræðumanni.

eins og hv. flm. (TrÞ) tekur rjettilega fram í greinargerð sinni.

Þá hefir því verið haldið fram af hv. flm. (TrÞ) og árjettað frekar af hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að reynslan hafi nú sýnt, að áhættulaust hefði verið fyrir bankana að halda áfram að kaupa erlendan gjaldeyri, er hann bauðst, með ákveðnu verði. Þetta er rökstutt með því, að komast megi hjá öllum óþægindum þessa peningastraums inn í landið, með því að leggja innstæðuna í banka erlendis, lána ekkert út, en geyma fjeð vaxtalaust í bókum bankans. Þegar svo að útlendingarnir kalla eftir skuld sinni, þá sje innstæðunni skilað, aðeins á þann hátt, að færa hana á milli í bókum bankans.

Því er síst að neita, að þetta lítur vel og sakleysislega út, svona við fyrstu sýn, en sá er galli á, að svona gengur það ekki í veruleikanum.

Jeg skal þá fyrst minnast á, að ef erlendur maður á hjer innstæðu í banka, þá er um tvo aðilja að ræða, eigandann og bankann. Bankinn verður að greiða þá vexti af innstæðunni, sem útlendingurinn gerir sig ánægðan með og taka tillit til þeirra, er hann lánar fjeð út. Hitt, að halda fjenu vaxtalausu í bankanum, getur því aðeins átt sjer stað, að báðir málsaðiljar komi sjer saman um það. En fyrir því mun varla þurfa að gera ráð. Allir vilja hafa vexti af peningum sínum, og þá sem hæsta, þessvegna mundi vandalaust fyrir útlendinginn að ávaxta peninga sína einhversstaðar annarsstaðar, enda meiri freisting fyrir hann að leita út fyrir bankann, eftir því sem vextir þar eru lægri. Og jeg vil bæta því við, að sú eftirspurn hefir verið, og er, eftir lánsfje, að það mundi ekki reynast sjerstaklega erfitt þessum erlendu innstæðueigendum að finna þá menn hjer innanlands, sem mundu fúsir til þess að hjálpa þeim að ávaxta fje sitt með góðum vöxtum.

Nú er viðurkent, að bankarnir hafa ekki verið örlátir á lánsfje, og ekkert fje runnið frá þeim til neinna muna út í atvinnulífið síðast liðið haust. Hefir því valdið varkárni bankanna, eins og þegar hefir verið tekið fram.

Og hver er þá niðurstaðan, Háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) tók af mjer ómakið að svara því. Hann sagði, að bankarnir ættu erlendis um 20 þús. sterlingspund eða tæpa ½ miljón ísl. króna, og að innstæða erlendra manna í bönkum hjer mundi nema um 3½ miljón króna. Hvað er þá orðið um mismuninni, 2½—3 miljónir kr. Ekki er sú upphæð geymd í kassa bankanna, nei, hún er runnin út í atvinnulífið eins og háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) tók rjettilega fram. Við verðum að greiða þessa upphæð af andvirði þeirrar vöru, sem flutt verður út á fyrra helmingi þessa árs.

Nei, það er falskenning að halda því fram, að engin takmörk sjeu fyrir því, hvað veita megi miklu flóði erlends gjaldeyris inn í landið, og það er sú falskenning, sem steypir fjármálum hvaða þjóðar sem er, og hlýtur að leiða til þess fyr en síðar, að stýfing verði óhjákvæmileg. (**TrÞ**: Þetta var ekki í till. þeirri, sem kom frá gengisnefnd). Hv. flm. (TrÞ) lagði þó áherslu á það í till., að hættulaust væri að veita móttöku innstæðu innlendra manna, en þetta hefir verið betur árjettað af hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), eins og jeg veit, að hann mun kannast við. (**ÁÁ**: Jeg kannast við það). Viðskiftalífið er það viðtækt, að við getum ekki skotið okkur undan því, að fylgja þeim varúðarregl-

um, sem af öllum víðsýnum fjármálamönnum eru taldar sjálfsagðar.

Jeg hefi ekki mikla tilhneiginu til að rökræða við hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um bók mína „Lággengi", þó jeg hinsvegar þakki honum fyrir að draga hana hjer inn í þingsalinn með lofsamlegum ummælum. En einu atriði í því sambandi verð jeg þó að svara lítilsháttar.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að það stæði einhversstaðar í „þessari ágætu bók", eins og hann orðaði það, að allar gengissveiflur ættu rætur í atvinnulífi þjóðarinnar, en þær væru þó komnar undir framboði gjaldeyris, og fanst honum þetta ósamræmi.

En þetta er ekkert ósamræmi, enda er því hvergi haldið fram, þar sem talað er um framboð gjaldeyris og áhrif þess á gengið, að í því sje annað fólgið en að nokkur hluti af afurðum atvinnureksturs þjóðarinnar hafi farið fram hjá bönkunum. Og jeg vil benda á það, að síðasta sumar átti slíkt framboð sjer stað í atvinnulífinu. (**ÁÁ**: Er ráðherrann þeirrar skoðunar, að slíkt gengisbrask hafi átt sjer stað?). Jeg get svarað hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) því, að allir þeir, sem stóðu að gengismálinu, höfðu gætur á því, hvort slíkar „spekulationir" ættu sjer stað í stórum stíl. (**ÁÁ**: Og hver varð niðurstaðan?). Ja, menn geta rifist um það mikið eða lítið, sem „spekúlerað" var með framhjá bönkunum, en hinu mun enginn halda fram, að slík „spekúlation" hafi ekki átt sjer stað.

Nokkur hluti hinnar útlendu innstæðu hefir orðið innlyksa í atvinnurekstri vorum. Það er hægt að sýna það reikningslega, að útlendingar, sem keyptu gjaldeyri, hefðu eignast að minsta kosti 1 miljón íslenskra króna meira, ef haldið hefði verið áfram með óbreyttu gengi. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) spurði, hvort jeg hjeldi, að framboðið hefði takmarkast af hinu hækkandi verði íslensku krónunnar. Já, það er sannfæring mín, að straumurinn hefði haldið áfram og meira verið „spekúlerað", ef við hefðum ekki varist þess með hækkandi gengi, eða lækkandi tilboðum á erlendum gjaldeyri. Jeg þarf ekki að ræða mikið við hv. þm. um möguleikana á því að reikna út eða finna kaupmáttarjafngengið. Vegna mikilla breytinga hjer síðan 1914 er mjög erfitt að framkvæma þá útreikninga. Jeg gerði tilraun til þess í bók minni „Lággengi", en hefi ekki talið, að jeg gæti gert það, svo að ábyggilegt væri. En þetta er verulegt atriði, vegna þess að þetta frv. byggir annað höfuðákvæði sitt á því, að slíkt sje mögulegt. Það verður ekki fundið hlutfallið milli peningagengis og verðgildis peninga innanlands, nema haldið sje föstu genginu svo lengi, að verðgildið komist í samræmi við það.

Þetta hefir verið gert, þar sem gengið hefir verið stöðvað. Í Finnlandi var því haldið föstu í 3½ ár áður en þeir lögfestu hjá sjer gengið. Sama var gert í Svíþjóð, og þessi aðferð hefir yfirleitt verið notuð alstaðar.

Þá vil jeg leiðrjetta það, sem háttv. þm. sagði um „egaliseringssjóð" Dana.

. . . . . *

Út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, að komið hefði fram hjer í umr., að kreppa sjávarútvegsins væri sjálfskaparvíti, þá held jeg, að enginn hafi komist svo að orði, eða að minsta kosti

* Hjer vantar í ræðuna frá hendi skrifarans

hefi jeg ekki látið nein kaldyrði falla um þennan atvinnuveg, og jeg held, að þetta sje í fyrsta sinn í mörg ár, sem ekki hafa fallið kaldyrði í hans garð hjer á Alþingi, er um hann hefir verið rætt. En það er eðlilegur gangur hlutanna, að eftir uppgangstíma komi krepputímar. Á uppgangstímum kemur of mikið af framleiðslu á markaðinn, markaðurinn þrengist, verðið lækkar. Þetta er aðeins venjulegur gangur. Mjer telst svo til, að fáanlegt verð fyrir stórfisk sje nú ¼ lægra en það ætti að vera borið saman við verðlag fyrir stríðið. Fyrir stríð var verðið 80 kr. fyrir skippundið. Því ættum við að fá 160 kr. nú, ef kaupendur ljetu jafnmikið verðmæti af hendi, en markaðurinn gefur ekki vonir um hærra verð en 120 kr. Þetta er mikið verðfall og hörð kreppa, þegar þar við bætist erfiðleikar og hörð framleiðsluskilyrði vegna undanfarandi gengishækkunar. En jeg er ekki hræddur við þá hlið, sem háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) lýsti, afstöðu bankanna út á við. Jeg efa ekki, að þessi kreppa dregur mjög úr innflutningi, svo hann verður minni en í fyrra, en þá var hann mjög blómlegur. Jeg get tekið undir það, að mest ríður á því hjer nú, að taka saman höndum um það, að koma dýrtíðinni niður. Þetta tekur til margra: kaupmanna, almennings, sem skiftir við þá, verkafólks, sem fengið hefir kauphækkun vegna gengislækkunarinnar, sem auðsjeð er, að atvinnuvegirnir geta ekki borið. Þetta er langþýðingarmesta atriðið, að minka dýrtíðina. Það hafa skeð atburðir í Danmörku, sem sýna, hve liðlega þetta getur gengið, þegar allir leggjast á eitt. Danir hafa orðið fyrir meiri gengishækkun á krónunni en við, en verð innanlands var rannsakað í febrúar, kom það í ljós, að verðlagið var komið niður, fullkomlega í samræmi við gengishækkun þá, sem orðin var. Enda var það svo, að ekki var hægt að taka sjer danskt blað í hönd, án þess að finna í því hvatningarorð um að koma dýrtíðinni niður. Þeir voru vel vakandi, og átti það eflaust mestan þátt í því, að svona fór. Þeir hafa trygt sjer til frambúðar þá gengishækkun, sem orðin er.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer kom í hug við svarræðu hæstv. fjrh. (JÞ) gömul saga um íslenskan prest, sem átti að hafa verið trúboði á Grænlandi. Hann var ekki sem best rjetttrúaður áður en hann fór, en þegar hann hitti Eskimóana, ofbauð honum, að þeir skyldu trúa öllum þeim fræðum, er hann þuldi yfir þeim, og er því sagt, að hann hafi kveðið þessa vísu:

Þá aldrei hendir orði guðs að hafna.
Öllu trúa í einfeldne,
ótrúlegt þó næsta sje.

Þessi vísa er mjer minnisstæð af því, að hún lýsir svo góðlátlega rjetttrúnaði nemenda efagjarns læriföður. Mjer finst líkt ástatt hjer. Jeg hefi fengið mild tilsvör fyrir að halda fram sumum aðalatriðunum í bók hæstv. fjrh., „Lággengi". En þar eru rjett festingarök rakin. Ef menn fallast á kenningar Cassels, um kaupmáttarjafngengið, sem enginn fræðimaður hefir enn vogað sjer að neita, þá ættu menn að vilja festa gjaldeyri lands síns fljótlega.

Jeg hóf umræðurnar með því, að minnast á sögu gengismálsins á síðasta ári. Það er ekki einskisvert að ræða um liðna tímann, því að hvergi nema í fortíðinni er hægt að fá vitneskju um,

hvað gera skuli í framtíðinni. Jeg hefi ekki sannfærst af skýrslu ráðherrans um nauðsyn þeirra ráðstafana, sem gerðar voru. Það er einkum í gjaldeyrismálinu nauðsynlegt að hafa eldhúsdag einu sinni á ári. Það hefir verið einhver lausung yfir stofnun gengisnefndarinnar. Það hefir enginn fengið að koma inn í það allra helgasta hjá henni nema tveir atkvæðislausir fulltrúar sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er mjög óviðunandi. Það er að sjálfsögðu þingið, sem á að ráða stefnunni í gengismálinu, og því er það nauðsynlegt, að það fái allar upplýsingar, sem hægt er að fá í þessu máli. Það verður að fá að vita allar ástæður þeirra, sem ráðið hafa gengisskráningunni. En jeg veit ekki til, að þinginu eða fjhn. hafi borist nokkur skýrsla um störf nefndarinnar, en það er þó beint skilyrði þess, að fjhn. geti unnið það starf, sem henni er ætlað og hún á að vinna.

Það er rjett haft eftir mjer, að jeg taldi enga hættu af því, þó haldið hefði verið áfram að kaupa erlendan gjaldeyri með óbreyttu gengi. Það er að vísu rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að þar eru tveir aðiljar, sem hafa vald yfir inneigninni, sem myndast, sem sje bankarnir og sá, sem innlenda gjaldeyrinn, inneignina, hefir keypt. Hann g e t u r lánað fje sitt út meðal landsmanna. En hann g e r i r þ a ð e k k i. Það fje, sem hann ætlar að hirða af gengisgróða á skömmum tíma, má hann ekki binda í innlendum atvinnuvegum eða mannvirkjum. Það gerir enginn gengisbraskari að lána braskfje sitt út í þá kreppu, sem hann er að skapa með gjaldeyrisverslun sinni. Það er því fullkomlega einhlítt, eins og jeg sagði, að bankarnir gæti þess að binda ekki fjeð, heldur hafi það handbært.

Hæstv. fjrh. þótti iskyggilegt, hve erlendar inneignir í Landsbankanum hefðu minkað, og mjer fanst hann gefa í skyn, að það fje, sem farið er, væri komið út í umferð, án þess að vera borgun fyrir afurðir landsins, það kann að vera eitthvað örlitið, en ekki sem neinu nemur til þess að þurfa að hafa áhrif á gengið eða gjaldeyrisverslunina. Það vantar, að hæstv. fjrh. (JÞ) þori að koma með þá fullyrðingu, skýrt og skorinort, að mikið óeðlilegt fje hafi verið á ferðinni. Án þeirrar fullyrðingar er ástæðulítið að koma með almennar hugleiðingar um það, að tveir hafi umráðin yfir inneignunum, en ekki bankinn einn. Jeg hefi látið bæði bankastjórnirnar og stjórnarblaðið Vörð telja mjer trú um, að ekkert óeðlilegt fje sje í umferð. Þetta hefi jeg lesið tvisvar í Verði, í ágúst- og desemberblaði, í greinum undirrituðum með „G r.“, sem mun vera skammstöfun á: Gangráður, sem hjer mun merkja, að greinarnar sjeu eftir þann, sem ræður genginu.

Nú vil jeg fyrst drepa á það, að þegar hæstv. fjrh. (JÞ) svarar þannig, hverfur hann burt frá fyrstu fullyrðing sinni, að um óeðlilega fjársöfnun hafi verið að ræða, er hann nú byggir á því, að ekkert óeðlilegt fjármagn hafi borist að. Svona lagaða rökfærslu er erfitt að taka gilda. Hæstv. fjrh. (JÞ) verður að gefa yfirlýsingu um það, hvort nokkur óeðlileg fjársöfnun hafi átt sjer stað, og í öðru lagi um það, hversu mikið fje var um að ræða, er þannig var ástatt um. Sú áætlun þarf ekki að vera fullkomlega nákvæm, það er nóg að fá að vita svona hjer um bil, um hve miklar upp-

hæðir var að ræða. Bankastjórar eða fjrh., sem hafa haft grun um, að þetta ætti sjer stað, hljóta að hafa gert sjer einhverja lauslega ágiskun um það. Það, að hæstv, fjrh. (JÞ) er ófáanlegur til að gefa skýr og afdráttarlaus svör um „óeðlilega fjeð", og byggir í röksemdaleiðslu sinni ýmist á því, að eitthvert slíkt fje hafi verið á ferðinni, eða á hinu, að jeg segi, að svo hafi ekki verið, — ber ótvíræðan vott um, að ráðh. stendur hjer ekki föstum fótum. Svör hans — eða vöntun hans á svörum —ber þess skýran vott, að það er rjett, sem jeg segi, að krónan þurfti ekki að hækka vegna „spekulationshættu". Í því er aðalásökunin fólgin. Stjórnin var sjálfráð um aðgerðir sínar og þurfti ekkert tillit til annars að taka en atvinnuveganna og fjárhagslegra ástæðna.

Hæstv. fjrh. (JÞ) tók vel í það að vera mjer samtaka í því að halda í hið núverandi gengi á íslensku krónunni, og það er alveg rjett, að við getum vel átt samleið í því — til að byrja með.

En það er sá mikli munur á skoðunum okkar festingarmanna og hæstv. fjrh., að hann vill leggja stórfje í áhættu til þess að hanga í núverandi gengi, en jeg og skoðanabræður mínir viljum ekki eyða til þess grænum eyri; það er óskynsamlegt, fávíslegt og skaðlegt að streitast við að halda uppi óeðlilegu gengi á gjaldeyri, sem eins og háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði svo skorinort í ræðu sinni áðan, að sje eitt nægilegt til að sliga atvinnuveginn. Dálaglegt að láta þá greiða skatta, sem svo er varið til að halda uppi drepháu gengi! Það er hið sama og að ríkið ætli að kaupa erlendan gjaldeyri, sem það svo altaf selur út aftur of lágu verði. Þetta er þá einskonar Landsverslun, sem selur út vörur við lægra verið en þær voru keyptar inn fyrir, til að sliga framleiðsluna á sömu vöru í landinu sjálfu. Eða hvað mundi t. d. Íhaldsflokkurinn segja um þess háttar landsverslun, ef t. d. Ólafur Friðriksson eða einhver annar gerði þá tillögu, að stofnuð yrði ríkisverslun, sem flytti inn dósamjólk, sem svo yrði seld langt undir innkaupsverði og framleiðsluverði bændanna hjer í Mosfellssveitinni. Og til þessarar starfsemi ættu svo bændur að greiða skatta!

Það er einmitt þetta, sem núverandi hæstvirt ríkistjórn er að gera með gengisstefnu sinni, atvinnuvegum landsins til stórtjóns. — Hreint og beint leggur fje til höfuðs atvinnuvegunum!

Hitt er satt, — og það munu allir vera sammála um, að ákjósanlegt væri að draga úr dýrtíðinni. Jeg er því sammála, að það væri best, ef hægt væri að draga úr dýrtíðinni, — sem er sama og að lækka svo framleiðslukostnaðinn, og þar á meðal kaupið, — að hann komist í samræmi við núverandi gengi peninganna. En jeg held samt, að þetta muni taka alt of langan tíma og harmkvæli fyrir atvinnulífið. Háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, að kaupið á togurunum væri hærra nú en þegar krónan var í kr. 0,48 gulls. Jeg held það sje ekki hægt að jafna þetta með góðu móti. Það tókst ekki í Svíþjóð. Það er víða hægt að lesa yfirlýsingar helstu fjármálamanna Svía um það, að ef þeir hefðu vitað fyrirfram, hvað hækkunarstefna þeirra mundi kosta, þá mundu þeir aldrei hafa lagt út á þá braut, og að þeir ráðleggi engum að feta í fótspor sín á þeirri leið. Þeir segja: „Þið eigið ekki að tala um það, að þið ætlið að hækka gjaldeyririnn í verði. Þið eigið að segja, að þið viljið stofna til verkfalla og verk-

banna. Þið viljið koma af stað atvinnuleysi og óáran meðal alls almennings, og ef þjóðin þá vill halda með ykkur út á þá þyrnibraut, er auðvelt fyrir ykkur að koma hækkuninni fram.“ En þetta tekst ekki. Þjóðin krefst nýrra framkvæmda, aukinnar útgerðar og umbóta í landbúnaði, vill fá lagða nýja vegi, ár brúaðar, lagðar járnbrautir o. s. frv. Það er ekki sjerlega ánægjulegt að stöðva allar slíkar framkvæmdir í full 10 ár eða kannske meir, til þess að nota sveita þjóðarinnar til gengishækkunar, sem enginn hefir gagn af! Allar slíkar framkvæmdir, sem jeg nefndi, þurfa fje; það þarf erlend lán og ýmislegt fleira, sem er alveg ósamræmanlegt við hækkunarstefnuna. Hækkunarstefnan er kyrstaða, verkföll, illdeilur og óáran.

Hæstv. fjrh. (JÞ) ætti annars að taka höndum saman við háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), skoðunarbróður sinn, um harmkvælalausa gengishækkun. Ef þeir geta orðið samtaka, með allan verkalýð landsins að baki sjer, um kauplækkanir og alt það, sem þarf til rólegrar gengishækkunar og verðlagslækkunar, hefi jeg von um, að það kunni að takast að fá hækkunarstefnunni framgengt. (**Fjrh. JÞ**: Hvað fæ jeg í staðinn?). Verði þeir samtaka og geti fengið verkalýðinn til að fallast á lækkun kaupsins, að hætta verkföllum o. s. frv., þá er jeg líka hækkunarmaður!

Nei, hækkuninni fylgja margir og illir örðugleikar, og jafnvel í Sviþjóð, þar sem jafnaðarmennirnir framkvæmdu hækkunarstefnuna, gerðu þeir sjer þetta vel ljóst. Jeg geri varla ráð fyrir, að við eignumst fjármálaráðherra, sem fari jafn-skynsamlega að ráði sínu og þeirra fjármálaráðh., Thorson, sem m. a. sagði: „Á meðan á þessu stendur, styðjum vjer enga atvinnuvegi til að framleiða óseljanlegar vörur. Við greiðum í hæsta lagi einhverja styrki, aðeins til að tryggja það, að líkami og sál geti hangið saman.“ Hjer hjá okkur er hætt við, að annað yrði uppi. Hjer held jeg, að hætt yrði við því, að ríkissjóður fengi eitthvað á sig af skakkaföllum atvinnuveganna, atvinnurekenda og verkalýðs. Ekki mundi standa á kröfunum. Ríkissjóður á að bæta alt! Og þó er hann ekkert annað en skuggi af afkomu þjóðarinnar. Gengishreyfingar geta verið hraðar, en þjóðfjelagið hreyfist hægar, og á meðan verðbreytingarnar eru að elta gengisbreytingarnar eru hættulegir tímar. Og hvað er unnið, þegar fullri hækkun er náð? Dýrtíðin minkar! segja menn. Hvað er dýrtíð? Það er „relativt“ hugtak, hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags í landinu. Ef það hlutfall helst óbreytt, er dýrtíðin ávalt hin sama. Er þá vert að fórna miklu af þessum ástæðum? Þegar ávinningurinn er ekki meiri en sá, að maður, sem þarf 200 kr. til að lifa fyrir, fær 200 kr., en þurfti áður 100 kr. og fjekk þær, þá er ekki ástæða til að leggja mikið í sölurnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg gleymdi að svara spurningu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um það, við hvað jeg átti, er jeg talaði um „að svíkja gjaldeyrinn“. Jeg átti við það, ef löggjafarvaldið ótilneytt lækkar verðgildi gjaldeyrisins. Þetta frv. fer fram á, að það verði gert. Það er engum blöðum um það að fletta, að verðlagið í landinu er ekki ennþá búið að laga sig eftir gengishækkuninni, og ef reikna á út verðgildi peninganna eftir verðlaginu eins og það er nú, hlýtur gengið að verða lægra en það er. Nema þá að svo lengi standi á þeim útreikn-

ingi, að verðlagið geti lagað sig eftir genginu á meðan. En jeg hjelt, að háttv. flm. frv. (TrÞ) vildi ekki bíða eftir því. En jeg kalla það svik á gjaldeyri, ef hann er lækkaður að nauðsynjalausu.

Um gengisnefndina er það að segja, að lögin ákveða, að hún skuli bundin þagnarskyldu, án þess að tiltaka neitt nánar, í hverju það er fólgið; en það hafa aldrei verið lagðar fram neinar skýrslur um störf nefndarinnar.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) virtist ekki skilja það, sem jeg hafði sagt um innstæður þær, sem hafa orðið innlyksa í landinu. En jeg benti á það, samkvæmt upplýsingum, sem fram komu áðan á þessum fundi hjer í deildinni, að svo hefði farið, þrátt fyrir varúð bankanna, að 3 milj. króna af erlendu fje væru nú bundnar í atvinnuvegunum. Jeg benti á það, að reynslan sýndi, að svona gæti farið, þrátt fyrir mikla varúð frá bankanna hálfu. Jeg fer ekki að rekja það, hvernig þetta hafi átt sjer stað, en það er auðskilið, að svona fer, ef ekki er hugsað ítarlega um, hvað er að gerast. Það er málinu óviðkomandi, hvort þessar innstæður hafa verið sendar til að kaupa fyrir íslenskar afurðir, eða til annars; það gerir engan mismun, því það er hægt að geyma þær, án þess að þær renni til atvinnuveganna, þó að þær eigi að vera til að kaupa fyrir afurðir, sem ekki eru fallnar í gjalddaga. Í öðru lagi hafa „spekúlantar“ auðveldar leiðir til að ávaxta fje sitt. Í Danmörku stóð þeim opið að kaupa verðbrjef, og þegar þeir vilja draga fjeð inn aftur, eru brjefin seld. Það tjáir ekki að vísa til þess, að „spekúlationir“ skapi kreppuna. Þess eru svo mörg dæmi, að menn hafa „spekúlerað“ í von um hækkun, og orðið að trú sinni. Því verður ekki neitað, að slíkt getur heppnast.

Háttv. þm. (ÁÁ) lagði áherslu á það, hvort fjársöfnun þessi hefði verið eðlileg eða óeðlileg. Það er mjög erfitt að draga þar merkjalínurnar. Jeg skal nefna dæmi: Erlendur maður kaupir hjer fisk, og kaupir hjer um leið íslenskar krónur til að borga hann með. Hann sendir hjeðan fiskfarm til útlanda, en hann kaupir nýjar íslenskar krónur til að borga með farminn, því hann villi heldur geyma hinar, sem hann keypti áður. Það er því fullerfitt að draga markalínur milli afurðakaupa og „spekúlationa“. Þessi maður hefði getað haldið áfram að kaupa íslenskar krónur meðan á hækkuninni stóð; hann hefði getað keypt meir og meir, eftir getu sinni í því efni; en þegar hækkunin hættir, hætta öll slík kaup.

Menn virðast hafa aðeins tvær afstöður í þessu máli, — hækkun eða stýfingu. Jeg skal játa, að það er hægt að hindra gengisbrask með stýfingu. Jeg hygg, að háttv. þm. Str. (TrÞ) hafi álitið svo í sumar, og viljað þá þegar stíga fyrsta sporið til stýfingar. Mál þetta er of flókið til þess, að það verði skýrt með dæmum um dósamjólk.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vitnar í Svía. Þeir hafa stýft einu sinni áður, um miðja síðustu öld, þá einir allra Norðurlandabúa, sem það gerðu. Þeim, Svíunum, hefði núna verið ósárt um, þó hinar allar Norðurlandaþjóðirnar hefðu stýft sinn gjaldeyri, því þá hefðu þeir staðið einir eftir með hreinar hendur. Þegar þeir stýfðu forðum, fengu þeir að kenna á afleiðingunum. Um 50 árum síðar urðu þeir að greiða margfalt hærri vexti af ríkisskuldum sínum en ella.

Við háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) eigum enga samleið. Jeg er hækkunarmaður, og jeg trúi því ekki, að þetta verði svo erfitt, að kosti kyrstöðu um 10 ár o. s. frv. Jeg er sannfærður um, að sömu grundvallarreglur gilda enn um þjóðfjelag okkar og undanfarna áratugi. Öll okkar afkoma veltur á því, að fá það verð í gulli fyrir afurðir okkar, sem við þurfum. Þegar við höfum fengið sanngjarnt verð fyrir afurðir okkar, hefir alt gengið vel, en hafi verðið lækkað, hallar okkar hag, og svona verður það í gengismálinu einnig.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það mætti nú margur ætla, að jeg vildi segja margt um þetta mál, en svo er þó ekki, og er það fyrst af þeirri ástæðu, að jeg tók það fram, þegar jeg bar fram þetta frv., að jeg óskaði ekki eftir að fá miklar umræður um það nú, nje vekja miklar deilur, og í öðru lagi vil jeg taka það fram, að jeg vildi helst láta það komast sem fyrst til nefndar, en nú er fundartíma að verða lokið, vildi jeg því óska, að því yrði vísað til nefndar í dag, og að ekki yrði lengri umræður að sinni. En jeg get ekki látið hjá líða að mótmæla algerlega þeim orðum hæstv. fjrh. (JÞ), að það liggi beint í frv. mínu að skapa viljandi svikinn gjaldeyri. Jeg þykist vita, að hæstv. ráðh. (JÞ) er svo vel að sjer í þessum greinum, að hann veit, að allir fræðimenn á þessu sviði fullyrða, að það sje ekki viðlit að stöðva verðgildi peninga á öðrum verðpunkti en þeim, sem jeg hefi nefnt í frv., sem sje á raunverulegu verðgildi peninganna innanlands. Að kalla það að vilja skapa viljandi svikinn gjaldeyri, verð jeg fastlega að mótmæla, og jeg vil halda mjer við grundvöll fræðimannanna, hver sem endirinn verður. Hæstv. ráðh. (JÞ) segir, að krónan þurfi þá mjög að lækka, og sama segir hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh); jeg vil ekkert um það segja, reynslan verður að skera úr því.

Jeg get líka skotið því inn um leið, að dæmið um fiskkaupmanninn, hjá hæstv. ráðh. (JÞ) verður altaf eftir því, hvernig ástandið er í það og það skiftið; tilgangurinn er altaf og verður altaf sá, að fá verðfasta peninga. — Mjer er því ljúfara að lengja ekki þessar umræður, sem jeg er yfirleitt mjög vel ánægður með þær. Mjer þykir vænt um, að það er hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem er sá eini í þessari deild, sem setur sig við hlið hæstv. ráðh. (JÞ), en hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) setja sig mjög við mína hlið í þessu máli. Vona jeg, að það viti á það, að endalokin verði góð í þessu máli, og á það, að ekki verði blint flokksfylgi látið ráða í málinu, heldur þörf þjóðarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjhn. með 20 : 2 atkv.
Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., laugardaginn 1. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Frá sex hv. deildarmönnum hafa mjer borist svolátandi tilmæli:

„Með skírskotun til 43. gr. þingskapanna krefjast undirritaðir þingmenn þess, að frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga verði tekið á dagskrá neðri deildar, þegar atkvæði hafa verið greidd um þessa kröfu.“

Tryggvi Þórhallsson, Ingólfur Bjarnarson, Jörundur Brynjólfsson, Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson, Pjetur Þórðarson.

Samkvæmt ákvæðum 43. gr. þingskapanna mun jeg bera tilmæli þessi undir atkvæði hv. deildar í byrjun næsta fundar.

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. mai, áður en gengið var til dagskr., bar forseti (BSv) undir atkvæði deildarinnar kröfu þá um dagskrárbreytingu, er fram kom í lok síðasta fundar.

Deildin samþ. með 16 shlj. atkv., að krafan skyldi tekin til greina.

Á sama fundi var enn fram haldið 1. u m r. um frv. (A. 50, n. 441).

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil óska eftir samkomulagi milli hinna tveggja hluta fjhn. um, að máli þessu verði vísað til 2. umr. umræðulaust. Ef það samkomulag fæst, vinst vonandi tími til þess, að nál. meir hl. komi fram, áður en sú umr. fer fram.

ATKVGR.

Frv, vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mai, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 50, n. 441).

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Þar sem nál. meiri hl. er rjett að koma úr prentsmiðjunni, þá vænti jeg þess, að hæstv. forseti (BSv) vilji taka málið af dagskrá eða færa það að öðrum kosti til, svo hv. þdm. geti fengið nál. í hendur um leið eða helst áður en málið kemur til umr.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil eindregið mótmæla ósk hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Skjölum um þetta mál var útbýtt hjer í hv. deild 23. febrúar. Síðan er liðinn marsmánuður allur og aprílmánuður, og nú fyrst, þegar komið er undir þinglok, á að taka málið fyrir, en þá er meiri hl. nefndarinnar ekki búinn að skila áliti sínu. Jeg vil því halda mjög fast við þá kröfu, að málið verði ekki tekið út af dagskrá. Jeg hefi enga tryggingu fyrir því, ef málið verður nú tekið út af dagskrá, að það verði ekki dregið í það óendanlega.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vil jeg taka það fram, að hjer gegnir öðru máli en um lærða skólann, að því leyti, að álit vantar frá meiri hlutanum, og get jeg því fallist á, að málið verði tekið af dagskrá nú, með því skilyrði, að það verði tekið sem fyrsta mál á dagskrá á næsta fundi.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Áliti meiri hl. nefndarinnar er skilað, en því er ekki útbýtt. Jeg hjelt ekki, að á því mundi stranda, hvort málið væri tekið fyrir einum klukkutíma fyr eða síðar, en jeg skal ekkert hafa á móti því, ef kvöldfundur verður, að málið haldi áfram þá, því að jeg býst við, að álitið verði tilbúið til útbýtingar innan tveggja stunda.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil ekki vera svo einstrengingslegur, að halda fast við kröfu mína um, að málið verði ekki tekið af dagskrá, ef jeg fæ tryggingu fyrir því, að það verði fyrsta mál á dagskrá á næsta fundi. Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. frsm. meiri hl. (JAJ) um, að nál. sje að koma, mun jeg því ekki amast við ósk hans.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er ekki

nema eitt mál eftir á dagskránni, ef þetta verður tekið út, og mjer finst ástæða til, af því að svo mjög er liðið á þingtímann, að æskja eftir, að ef þetta mál verður tekið af dagskrá, sem jeg engan veginn fer fram á, verði það ekki til þess að tefja tímann. Stjórnin hefir ekki óskað eftir þessu, og mjer finst hæpið, að hægt sje að taka ástæðu hv. frsm. meiri hl. (JAJ) gilda.

Forseti (BSv): Þess er óskað mjög fastlega, að mál þetta verði tekið af dagskrá, og þar sem von er á nál. og sennilega brtt., ætla jeg að verða við þeirri ósk. Er þá málið hjer með tekið út af dagskrá, en verður fyrsta mál á dagskrá á morgun, ef nál. verður þá komið.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 50, n. 441 og 449).

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta mál hefir nú verið nokkuð rætt á undanförnum þingum og einnig í blöðunum. Það má og segja, að það hafi oft borið á góma hjer í deildinni, þó það hafi ekki verið á dagskrá. Fjhn. Nd. hefir haldið nokkra fundi, eingöngu um þetta mál, og niðurstaðan hefir orðið sú, að nefndin hefir klofnað um það. Jeg skal geta þess, að það þurfti að koma nál. meiri hl. í prent í gærmorgun, og nefndarmenn höfðu ekki tíma til þess að lesa það yfir. Má því vera, að einhver atriði sjeu í því, er þeir hefðu kosið að orða öðruvísi.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er í mesta máta „principmál". Það ræðir um festing íslensku krónunnar og stýfing hennar í lægra gullgengi en lög mæla fyrir nú. Allar hinar hlutlausu þjóðir hafa kept að því, að halda peningum sínum í gullgengi, engin þeirra hefir ennþá fært niður gildi sinna peninga. Með þessu er ekki sagt, að það g e t i ekki verið nauðsynlegt fyrir oss, að taka aðra stefnu í gengismálinu og stýfa krónuna, en jeg held, að það sjeu ekki færðar nægar sönnur á, að það sje óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka þessa stefnu nú, og því hefir meiri hl. fjhn. ekki getað fallist á frv. á þskj. 50. Menn hafa haldið því fram, að gengið hafi verið sett of hátt síðast liðið haust, og meiri hl. nefndarinnar er sömu skoðunar; að það hefði átt að halda krónunni í lægra gullgengi en hún var skráð að lokum, eða um 81 eyri. En það er hægt að finna ástæðu fyrir því, að gengið var sett svona hátt. En jeg skal ekki tefja tímann með því að leiða rökin fram, því að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir gert það og mun gera það.

Það verður ekki hjá því komist, að gengið verði ekki í samræmi við innlenda verðlagið á vissum tímum, það er, fari fram úr verðlaginu, ef á að hækka peningagildið, því ef ætti að bíða eftir því, að innlenda verðlagið lækkaði meðan fyrri skráningar gilda, þá myndu hækkanir vera því nær ófáanlegar, því að einmitt með því að hækka gengið fram yfir það, sem innanlands verðlag segir til, fæst það, að þá lagast fyrst og

fremst verð innfluttu vörunnar eftir því breytta gengi, og á þá hitt verðlagið að sjálfsögðu að koma innan ekki mjög langs tíma. Það urðu að vísu stórfeldari hækkanir á gengi íslenskrar krónu á síðast liðnu hausti heldur en venjulega er annarsstaðar. Þó hefir eins hraðfara hækkun átt sjer stað í Danmörku á síðast liðnu ári, og í Englandi um áramótin 1919—20. Það er eðlilegt, að slíkar hækkanir þyngi fyrir hjá öllum framleiðendum, sem byggja að mestu sína framleiðslu á erlendum markaði, eða að selja vöru sína til útlanda; hinir, sem selja vöru sína innanlands, verða ekki nándar nærri eins varir við þessar sveiflur, vegna þess, að þeir njóta hærra verðlagsins, verðlags innlendu vörunnar, sem altaf kemur á eftir, oft litlu fyr en verkalaun lækka. Það viðurkenna allir, að það hafi verið mjög erfiður tími seinni hluti ársins 1925, og það, sem af er þessu ári, fyrir atvinnurekendur, og þá sjerstaklega fyrir sjávarútvegsbændur. En aðalástæðan til þess, að það hefir verið sjerstaklega erfitt fyrir sjávarútveginn, er, að samfara gengishækkuninni, eða litlu eftir það, að gengið hækkaði, lækkaði verð á útflutningsvörum þeirra, bæði síld og fiski, einkum í Svíþjóð og á Spáni, og þá ekki síst á Ítalíu, mjög mikið, og það er enginn efi á því, að sú lækkun á afurðunum hefir gert erfiðleikana miklu meiri heldur en gengishækkunin nokkurn tíma hefir gert, því að það er nú svo, að ef gullverðið hefði haldist óbreytt og verið sæmilega auðvelt að selja fiskinn við því verði, sem var fyrri hluta ársins 1925, þá hefðu afleiðingar gengisbreytingarinnar orðið miklu minni, jafnvel ekki orðið sjerlega tilfinnanlegar. Það, sem mestu erfiðleikunum veldur við hækkun gengisins, er að sjálfsögðu það, að það er svo erfitt, að fá verðlagið innanlands í samræmi við hið breytta gengi, og það mun að sjálfsögðu reynast okkur erfiðast að fá vinnulaunin niður, eins og breytt gengi og þar af leiðandi lækkandi söluverð framleiðslunnar og minkandi tekjur framleiðenda heimta. Jeg er nú nokkurn veginn sannfærður um það, að allir hv. deildarmenn myndu vera hækkunarmenn, ef þeir ættu það víst, að innlenda verðlagið og þá sjerstaklega kaupgjaldið, verkakaupið í landinu, færðist niður í samræmi við það, sem hækkandi gengi heimtar. Það er auðvitað ekki hægt að fá þetta alt í einu, en það ætti að geta fengist á 3 mánuðum til hálfu ári, ef alt væri með feldu. Maður verður nú að vænta þess, þar sem verkalýðsfjelögin hafa lýst yfir eindregnu fylgi sínu við það að hækka gildi íslensku krónunnar upp í 100 gullaura, þá hafi þau um leið hugsað að fylgja þeim ráðum, sem til þess eru, að þetta megi verða. Jeg efast ekki um, að svo sje, og að það sje mælt af heilum hug og frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að fylgja þessari hækkun. En lægi hjer annað á bak við, þá er auðvitað með því gert ennþá erfiðara fyrir að ná þessu marki, sem verkamenn, ásamt öðrum launamönnum og fjölda annara, vilja keppa að, eða þeir gera það með öðrum orðum algerlega ómögulegt. Það er auðvitað aldrei hægt að komast hjá því, að gengishækkun hlýtur að baka atvinnurekendum tap að einhverju leyti, en ef hægt er að stilla öllu í hóf, eins og vera ber, þá geta líka gengisbreytingar farið fram án verulegrar truflunar á atvinnuvegunum, með því að verðlagið og kaupgjaldið innanlands lagi sig eftir breyttu gengi, og þar við minkandi

dýrtíð, því það er ekki eðlilegt, ef gengið í einhverju landi fer hækkandi, að dýrtíðin sje hin sama og áður eða nálega hin sama, miðað við krónutölu, en það er ekki að vænta annars en að atvinnurekendur verði einhvers í að missa við hækkun krónunnar, því að það er ekki hægt að bera á móti því, að þeir urðu hlunninda aðnjótandi, þegar gengið fór lækkandi. Þeir, sem hafa grætt á gengislækkuninni og þar af leiðandi verðlagsbreytingu, þeir hljóta að tapa því aftur, þegar gengið fer á hinn veginn, að verðlagið lækkar og gengið hækkar. Menn greinir ekki svo mjög á um það, hvort gengið sje í samræmi við verðlagið í landinu, en menn líta þar þó nokkuð misjafnt á, sumir segja, að gengið sje svo langt á undan því verðlagi, sem nú er, að ekki sje viðunandi. Það er eðlilegt, að verðlagið sje ekki enn þá komið í samræmi við gengisbreytingu þá, sem varð í haust, vegna þess, að gengishækkunin varð svo mikil á skömmum tíma, en þó hygg jeg, að t. d. verð á aðfluttum vörum sje nokkurn veginn í samræmi við þetta breytta gengi. En það er vitanlegt, að verðlagið á innlendu vörunum og kaupgjaldið er miklu hærra en sem svarar þessu breytta gengi. Við sjáum það eftir seinustu útreikningum Hagstofunnar, þá er vísitöluverðlagið á 33 vörutegundum af innfluttum vörum 234, en á 19 innlendum vörutegundum er það 306. Okkur er nú reyndar öllum kunnugt um, að verðlagið á innlendum vörum er langt fyrir ofan verð á innfluttum vörum, við þurfum ekki annað en líta á reikninga, sem við fáum til heimilis okkar, og ástæðan til þess, að innlenda verðlagið er svo miklu hærra, er auðvitað sú, að varan er framleidd við miklu hærra kaupgjald en það, sem svarar til núverandi gengis krónunnar. Nefndin hefir ekki fengið þær upplýsingar, sem hún var að bíða eftir frá Hagstofu Íslands, um það, hvað væri hið svokallaða kaupmáttarjafngengi íslensku krónunnar. Held jeg, að hagstofan hafi ekki treyst sjer til að gefa um þetta ábyggilegar og óvefengjanlegar skýrslur, að minsta kosti hafa þær ekki komið til nefndarinnar. En menn geta farið nokkuð nærri um það, hve verðlagið innanlands er í samræmi við gengið, með því að leggja til grundvallar annaðhvort heildsöluverð eða smásöluverð. Jeg veit, að smásöluverð er lagt til grundvallar fyrir vísitöluútreikningi hjá okkur, en í öðrum löndum mun venjan vera sú, að nota til þess heildsöluverð. Og annarsstaðar hefi jeg sjeð, að talið er, að smásöluverð muni vera um 12% fyrir ofan heildsöluverð. Jeg skal ekki þreyta hv. þdm. á tölum og útreikningum, en mjer hefir talist svo til, að smásöluverð á innfluttum vörum myndi samsvara nokkurn veginn því gengi, sem við nú höfum, en á innlendum vörum myndi verðlagið samsvara 28 króna gengi á sterlingspundi, og verðlag á almennri vinnu mundi svara jafnvel enn þá hærra gengi á sterlingspundi. Af þessum sökum finst mjer, að við þurfum sjerstaklega að stefna að því, að færa niður innlenda verðlagið. Það er að vísu á leiðinni, en veruleg breyting getur ekki orðið á því fyrri en á þessu sumri, eða jafnvel ekki fyr en kemur fram undir haust. Jafnframt verður þá, ef innlenda verðlagið lækkar, kaupgjald að sjálfsögðu að lækka, og það er enginn efi á því, að það er öllum fyrir bestu, að samræmi haldist á þessum hlutum. Og það er

ekki skynsamlegt af almenningi að standa á móti því, að slík verðbreyting á vinnu og verðlagi fari fram. Jeg hygg líka, að það sje skoðun þeirra manna, sem standa fyrir málum verkamanna, embættismanna og annara starfsmanna, sem vinna fyrir föstu kaupi. Náttúrlega eru þar, eins og í öllum flokkum, einstakir menn, sem eru blindir fyrir því, sem þarf að vera og á að vera. En jeg vænti þess, að slíkir menn sjeu í miklum minni hluta meðal þeirra manna, sem fyrir þessu ráða, að þessir menn sjálfir hljóti að viðurkenna, að það er nauðsynlegt að kaupgjaldið lækki, til þess að við getum framleitt vörur, sem eru samkepnisfærar á heimsmarkaðinum, og getum stefnt að því marki að ná gullgildi krónunnar. Þær einustu ástæður, að mínu viti, sem geta valdið því, að við yrðum að „stýfa“ krónuna í einhverju lægra gullgildi en hún hefir, eru þær, að það verði ómögulegt að fá þá verðlagsbreytingu, sem nauðsynleg er innanlands, bæði á kaupgjaldi og vörum, og svo máske sú, að sú þjóðin, sem hefir líkust skilyrði og við, og keppir á sömu mörkuðum og við með okkar útflutningsvörur, að hún „stýfði“ sína krónu. Það eru Norðmenn, sem jeg á hjer við, því að við höfum svo margra hagsmuna að gæta á líku sviði og þeir; við seljum mestallan fisk okkar til Spánar, og þeir selja líka mikið þangað og sömuleiðis til Ítalíu; báðar þjóðir selja síld til Svíþjóðar og eru því keppinautar á þeim markaði. Við seljum þeim mikið af kjöti, enn sem komið er, og gerum það líklega um nokkuð langan tíma enn, þar af leiðir, að það gæti verið okkur erfitt og óhagstætt, máske ómögulegt, að hafa hærra peningagildi en þeir.

Nú eru margar raddir uppi um það í Noregi, hvort eigi að „stýfa“ krónuna eða ekki. Það er þar eins og ávalt verður, að þegar þyngist fyrir fæti, þá vilja menn reyna að ljetta haginn með ýmsum meðulum, og með þeim meðulum, sem þeir þá sjá nálægust sjer. Þannig er það, að einkum í Noregi eru framleiðendur í flestum atvinnugreinum mjög ákveðnir gegn hækkun krónunnar, og sumir vilja fá „stýfingu“. Maður sjer það af áliti gengisnefndarinnar norsku, að það eru margir atvinnurekendur þar, sem vilja fá krónuna „stýfða“, sumir fara svo langt, að þeir segja, að krónan eigi ekki og megi ekki hafa meira en svona 65—70 aura gullgildi. Þetta verður mörgum fyrir, þegar erfiðleikar steðja að, þá vilja þeir leita ráða til þess að draga úr mestu erfiðleikunum, og þannig er það hjá sumum hjer á landi, en maður verður líka að líta á, hverjar afleiðingar þau meðul hafa, sem menn nota. Þær þjóðir, sem staðið hafa utan við heimsstyrjöldina, hafa nú flestar komið peningum sínum í fyrra gullgildi; Danir eru langt komnir, það má segja að þeir sjeu svo að segja komnir í gullgildi, það er örlítið, sem á vantar. Þá eru það Norðmenn og Íslendingar, sem eru eftir, og auðvitað er það, að við eigum, báðar þessar þjóðir, að mörgu leyti erfiðara með að hækka gengið heldur en t. d. Danir. En jeg hygg, að við Íslendingar stöndum ekki ver að vígi en Norðmenn með hækkun gengisins, ef þeir halda þeirri stefnu, sem ennþá virðist vera ofan á hjá þeim, að „stýfa“ ekki krónuna, heldur halda þeirri hugsun, að þeir geti með tíð og tíma komið henni upp í 100 gullaura. Við erum að sumu leyti betur staddir en þeir. Norðmenn

hafa feiknamiklar ríkisskuldir, og skuldir hins opinbera þar eru svo miklar, að þær eru taldar ⅓ allra þjóðareigna, sem eru ca. 9500 milj. kr., en allar skuldir hins opinbera eru samtals 3130 milj. kr., þar af eru ríkisskuldirnar 1730 miljónir, en bæjar- og sveitarstjórna 1400 miljónir. Af þessu leiðir, að þeir verða að leggja á sig talsverðar byrðar, til þess að standa í skilum með vexti, þótt lítið sje greitt af þessum skuldum. Á árinu 1924 fóru 23% af öllum tekjum ríkisins til þess að borga vexti af ríkisskuldunum. Af skattskyldum tekjum og eignum allra landsmanna, framtalsárið 1924, fóru 6,6% til ríkissjóðs, en til bæjarsjóða um 17,7%, eða alls af þessum eina gjaldstofni 24,3%, fyrir utan alla óbeina skatta og tolla.

Fyrir utan verðlagsbreytingar, er röskun á eignarverðmæti einn af erfiðleikum gengishækkunar. Þeir menn, er hafa fengið innstæðu í bönkum og sparisjóðum á lággengistíma, græða á því að gengið hækkar. En þeir, sem hafa stofnað skuldir á lággengistíma, verða fyrir þungum búsifjum, því að þeir verða að greiða skuld sína með verðmeiri peningum heldur en þeir tóku á móti.

Þennan agnúa viðurkenna allir, og það er ekkert hægt við þessu að gera, nema skrifa niður innstæður og skuldir. En þetta getur líka valdið misrjetti, þó það sje hugsanlegur möguleiki.

Jeg hefi ekki álitið það ófrávíkjanlega skyldu ríkisins að bæta upp slíka röskun á verðmæti. Og aðrar þjóðir hafa ekki gert það heldur. Það eru t. d. í Þýskalandi og Finnlandi þúsundir manna, er höfðu safnað sjer verðmætum fyrir gengishrunið, er þeir bjuggust við að geta lifað á alla æfi. En er peningagildið breyttist, mistu þeir svo að segja alt sitt. Og það er ekki hægt að neita því, að þeir eru hart leiknir af ríkisvaldinu.

Jeg hygg, að öðru jöfnu, þá sje hollara að hafa peningagildi hátt heldur en lágt. Það skapar meiri sparnaðarhugsun hjá almenningi, eins og margir erlendir fræðimenn hafa bent á, því að ef maður hefir handa á milli verðmikla peninga, sóar maður þeim síður heldur en verðlitlum peningum. Þýskur hagfræðingur gekk svo langt fyrir nokkru, að hann fullyrti, að sterlingspund hafi skapað meira aðhald til sparnaðar heldur en mörkin. Mönnum væri sárara um shillinginn, af því að hann væri brot úr stærri gjaldeiningu, heldur en mörkin, sem voru aðalgjaldeining.

Meiri hl. nefndarinnar vill því ekki útiloka möguleikana til þess að gengi hækki. Vær frv. þetta samþ. nú, er það álit okkar, að gengishækkun væri útilokuð og mætti ganga að því vísu, að krónan yrði „stýfð“ í 75—80 aura gullgildi, eða ef til vill ennþá lægra. Hinsvegar neita jeg því ekki, að þær ástæður geta komið fyrir, að lækka verði krónuna. En sem stendur álít jeg, að þær ástæður sje ekki fyrir hendi.

Það er ekki nema eðlilegt, að erfiðleikar verði á því hjá atvinnuvegunum, að koma verðlagi í samræmi við gengið. En við sjáum ekki ástæðu til þess að „stýfa“ krónuna, meðan ekki er annað sjeð en að þeir, sem miklu ráða, t. d. verkalýðsfjelögin, vilja hækka krónuna í gullgildi. Ef við eigum að „stýfa“ krónuna, þá álít jeg, að við verðum um leið að gera seðlana innleysanlega með gulli. Og jeg hygg, að enginn af þeim þjóðum, sem stýft hafa gjaldeyri sinn,

hafi gert það fyr en ákveðin var gullinnlausn á hinu breytta peningagengi.

Það stendur í nál. meiri hl. fjhn., að stjórn Landsbankans hafi lýst yfir því við nefndina, að það muni vera lítil vandkvæði á því að halda genginu óbreyttu, ef það væri yfirlýstur vilji Alþingis, að svo væri gert. Þetta er ekki nákvæmt. Bankastjórnin telur, að til þessa þurfi ennfremur að hafa hemil á útlánum og jafnvel að Alþingi geri ráðstafanir til þess, að ríkisstjórnin taki áhættu að einhverju leyti af gengisversluninni.

Í svari sínu hefir stjórn Landsbankans líka tekið fram, að það muni eigi hægt að hafa f u l l a n h e m i l á genginu, þannig, að eigi komi s m á s v e i f l u r, en telur líklegt, að hægt sje að halda því óbreyttu ef hemill er hafður á útlánum bankanna og tekið tillit til þess í ráðstöfun Alþingis á fjárlögum. Það er nú líka svo, að þótt seðlar væru gulltrygðir, þá væri samt sem áður eigi hægt að halda genginu sveiflulausu — hvað þá heldur eins og nú stendur.

Það er ágreiningur um það, jafnvel innan meiri hl. fjhn., hvort eða að hve miklu leyti ríkissjóður skuli leggja fje til þátttöku í gjaldeyrisverslun. Jeg býst við því, að ef bankinn treystist ekki til þess að halda núverandi gengi sveiflulitlu, þá verði ríkisvaldið að taka í taumana og styrkja hann til þess, annaðhvort með ábyrgð eða fjárframlagi. Það er engin vissa fyrir því, að gengi það, sem nú er, haldist, nema ríkið lofi slíkum stuðning.

Þá eru innan meiri hl. fjhn. skiftar skoðanir um það, hvort fjölga beri atkvæðisbærum mönnum í gengisnefnd. Það er ýmist um þá, sem vilja fjölga, að þeir vilja, að allir, sem nú eru í nefndinni, fái atkvæðisrjett, eða að bætt sje við fleiri mönnum og að allir hafi atkvæðisrjett. Jeg held fyrir mitt leyti, að það sje tilgangslítið að bæta við atkvæðisbærum mönnum í nefndina, nema gengisnefnd sjeu um leið gefnir möguleikar til þess að sjá um, að keypt sje á því gengi, sem meiri hl. gengisnefndar skráir. Því að bankarnir munu ekki telja sjer skylt að kaupa á því gengi ef þeim þykir það áhætta.

Meiri hl. fjhn. getur fallist á orðabreytingar á dagskránni á þskj. 449, ef þær raska eigi þeirri skoðun, er í henni felst.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Minni hl. fjhn. hefir skýrt afstöðu sína til frv. allgreinilega í nál. sínu, enda voru mörg aðalatriðin tekin hjer fram við 1. umr., og hirði jeg eigi að endurtaka það.

Um brtt. minni hl. er það að segja, að hann telur heppilegt að festa hið raunverulega gengi, er rannsókn leiðir í ljós, að rjett sje. Og þeir, sem treysta núverandi gengi, ættu ekki að óttast þá rannsókn.

Önnur brtt. okkar fer í þá átt, að fella niður ríkisábyrgðina. Hún er óþörf, ef gengið er fest, og hættuleg, ef það er laust.

Minni hl. fjhn. lítur einnig svo á, að það geti ekki verið nema um einn banka að ræða, er beri ábyrgð á gengisversluninni, og það sje seðlabankinn. Má hann óhætt gera ráð fyrir því, að Alþingi taki ábyrgð á þeim fyrirskipunum, sem það hefir gert. Þegar Alþingi hefir látið í ljós sinn vilja, þarf landsstofnun, eins og Landsbankinn, ekki að óttast, því að það hefir um leið tekið

ábyrgð á ákvörðunum sínum. Með þessum breytingum hefir minni hl. fjhn. lagt til, að frv. verði samþ.

Minni hl. fjhn. telur ekki þurfa að fárast út af þeim verðbreytingum, sem orðið hafa af völdum ófriðarins mikla, þó þær verði varanlegar. Þær koma jafnt fram í kaupi og vöruverði. Það verður ekki sagt með sanni, að dýrtíð sje meiri í landinu nú en var fyrir ófriðinn, ef orðið „dýrtíð" er notað í rjettri merkingu. En þetta hefir margfaldlega verið misskilið. Þótt verðgildi krónunnar sje nú lágt, þá jafnast það upp, ef kaupgreiðslur hafa hækkað að sama skapi. Dýrtíð er því aðeins, að ósamræmi sje milli kauphæðar, vöruverðs og verðgildis peninga.

Jeg þarf ekki að nefna nein söguleg dæmi um hið sama, sem ófriðurinn mikli hefir leitt af sjer, að gjaldeyrir falli í verði. Þegar hann hefir þannig lækkað, þá er það engin ógæfa, þótt verðgildi hans festist. Og það hefir reynst bjargráð, þar sem stöðvun hefir komist á, enda verður það mesta rjettlætið, eftir langvarandi verðlækkun hans. Því að þegar verðlækkun gjaldeyrisins hefir staðið svo lengi, að verðlag í landinu hefir lagað sig eftir því, þá er hlutfalli milli kaups og vöruverðs ekki raskað.

Út af öllu þessu og mörgum fleiri ástæðum leggur minni hl. fjhn. það til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem jeg hefi talað um.

Hv. meiri hl. fjvn. virðist aftur á móti ekki samstæður, nje hafa „stabiliserað" skoðanir sínar, eða svo virtist mjer á ræðu hv. frsm. hans (JAJ).

Í frv. er ætlast til, að landsstjórn, bankastjórn og gengisnefnd starfi í sameiningu að því að koma festingu á verðgildi erlends gjaldeyris. Því er ekki rjett að nota orðið stýfing, eins og háttv. frsm. (JAJ) gerði. Enda kom það fram hjá honum, að þessari notkun á orðinu stýfing fylgir og annar misskilningur. Best er að halda sjer við það, að kalla það eitt stýfing, þegar myntlögunum verður breytt, og til þess kemur ekki fyr en festingarviðleitnin hefir sigrað.

Meiri hl. segir, að engin hlutlaus erlend þjóð hafi stýft gjaldeyri sinn. Þetta tal um, hvort þjóðirnar hafi verið hlutlausar eða ekki, kemur ekki þessu máli við, að öðru leyti en því, að hve miklu leyti það hefir áhrif á verðlagið í löndunum. Vitanlegt er, að þjóð vor hefir ekki auðgast á stríðinu. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sýnt fram á það í bók sinni „Lággengi", að íslenska þjóðin sje ekki auðugri nú en hún var fyrir stríð. Er líklegt, eftir þeim rökum, sem hann færði fram, að þetta sje rjett hermt. En hitt er vitanlegt, að ófriðurinn hafði áhrif á verðlagið í landinu, jafnmikil og hjá mörgum ófriðarþjóðunum. Alt tal um hlutlausar þjóðir og ófriðarþjóðir á hjer ekki heima. Aðalástæðan fyrir festingu gjaldeyrisins eru hinir miklu örðugleikar á því að breyta verðlaginu í landinu sjálfu, framleiðslukostnaði útflutningsvarnanna. Þetta er aðalatriðið, en eigi, hvort þjóðirnar hafa verið hlutlausar eða ekki. Þessir örðugleikar eru jafnmiklir hjá oss og hjá ófriðarþjóðunum, ef okkar gjaldeyrir er jafnfallinn í verði og þeirra, að rjettu lagi.

Nú er það að vísu rjett hjá frsm. minni hl. (JAJ), að allir deildarmenn, já, allir landsmenn, mundu vera hækkunarmenn, ef þeir væru vissir um, að verkakaupið, skuldir atvinnuveganna o. fl. færðist niður sem svaraði gengishækkuninni. En þetta lögmál hv. meiri

hl. hangir alt á þessu litla orði: e f, sem er aðalorðið í þessu spakmæli hv. frsm. Það má búa til ótal sannleikskorn með samtengingunni e f aftan í. Ef-ið táknar bara, að hjer sje ekki um sjálfan raunveruleikann að ræða. Af slíkum sannleika var líka mikið í ræðu hv. frsm. (JAJ). Meiri hl. nefndarinnar hyggur, að auðvelt sje að koma verðlaginu niður. Í nál. stendur: „Þess er að vænta, að allir sjái nauðsyn þess, að kaupgjaldið fari lækkandi, samfara þverrandi dýrtíð.“ Og enn segir þar: „Svo framarlega sem atvinnurekendur og vinnusalar eru samtaka, og verkamenn sjá nauðsyn og sanngirni kauplækkunar í samræmi við hækkandi gengi og þverrandi dýrtíð, þá er hækkun í gullgildi vel framkvæmanleg, án tilfinnanlegrar röskunar á atvinnulífinu.“ Það er þetta e f, s v o f r a m a r l e g a s e m og þ e s s e r a ð v æ n t a, sem álit meiri hl. byggist á. En reynslan hefir sýnt, að það gengur ekki eins og í sögu að koma verðlaginu niður. Langvarandi deilur og verkföll hafa hlotist af hækkuninni, jafnvel „5 aura stríð“ hefir verið háð hjer í bænum nýlega. Þó segir meiri hl., að þess sje að vænta“, að þetta geti gengið friðsamlega. Það væri rjettara fyrir þá að útvega sjer vottorð, t. d. frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) eða Alþýðusambandinu, um, að hann sje þessu sammála. Jeg býst við, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem mun vera skoðunarbróðir meiri hl. í þessu hækkunarmáli, lýsi því yfir, að treysta megi þessu e f og þ e s s e r a ð v æ n t a o. s. frv. En sannarlega hefir ekki í þeim kaupgjaldsdeilum síðustu mánaða verið sýnd sú sanngirni, sem hefði „mátt vænta“. En meiri hl. segir „ef“ og „þess er að vænta“ rjett eins og Jótinn sagði: „A benægter facta“.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) skýrði frá því, að verðlagið á aðfluttum vörum væri nú komið í samræmi við gengið, en innlendu vörurnar væru eftir. Hann sagði, að innlenda verðlagið væri 306, en hið útlenda fyrir neðan 250. En slík skýrsla kippir fótunum undan því, að „vænta megi“ rólegrar gengishækkunar. Minni hl. beygir sig fyrir reynslunni og fylgir festingu, af því að engin von er til þess, að samstarf komist á, enda þótt það væri hið æskilegasta.

Háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) sagði, að atvinnurekendur hefðu orðið hlunninda aðnjótandi við lækkun gengisins, en nú ættu þeir að tapa því aftur við hækkunina En jeg segi, að þeir sjeu þegar búnir að tapa því. Það er alt farið, og veit háttv. þm. það best sjálfur. Svona er það um alt land. Það, sem þeir græddu á „inflationinni“ er alt tapað, meira og minna, enda var sá gróði að miklu leyti skynvilla. Frsm. meiri hl. (JAJ) ætlar að taka það, sem eftir er! En hvar er það? Það er hjá innstæðueigendunum, og jeg skil þetta svo, að leggja eigi þá skatt á þá. Það er afleiðing af kröfu þeirra manna, er ekki vilja festa gildi innstæðunnar. Ef því á að taka þennan gróða aftur, þá er hann hjá innstæðueigendunum og hvergi annarsstaðar. Við viljum ekki fara svona langt, en óskum, að verðgildi innstæðunnar verði fest. Það er hin minsta sanngirni, sem innstæðueigendum verður sýnd, og þeir eiga heimtingu á henni. En þetta fje er „inflationsfje“, dregið saman í þeim seðlum, sem valdið hafa gengislækkuninni. Örlítill hluti af þessari innstæðu er síðan fyrir stríð. Til þess er varla hægt að taka tillit. Hjer verður að gera það

eitt, sem flestum verður til góðs, mesta rjettlætið skapar og þjóðarhagurinn heimtar.

Háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) gat þess, að hið háa verðlag í landinu stafaði af háu kaupi og framleiðslukostnaði. En mundi ekki þá hinn hái framleiðslukostnaður koma niður á vörum þeim, er út eru fluttar, og af því stafi svo aftur vandræðin, sem koma af því, að útflutta varan er framleiðendum of dýr og ekki samkepnisfær, nema hún sje seld með miklu tapi. Það er þessvegna hin mesta nauðsyn á því, að kaupmáttarjafngengi komist á. Það eitt gefur atvinnuvegunum fastan grundvöll.

Þá kom háttv. þm. með þá upplýsingu, að hagstofan treystist ekki til að reikna út kaupmáttarjafngengið. Jeg hefi ekki heyrt þetta fyr. Og þegar jeg færði þetta í tal við hagstofustjóra, fjekk jeg ekki það svar, að svo væri. Hún væri einmitt að reyna að kanna þetta til botns. Enda bar háttv. þm. þetta til baka með því að fara sjálfur að reikna þetta út, og hjelt hann því fram, að verðlagið á erlendri vöru væri sem næst í samræmi við núverandi gengi. Ef miðað er við innlendu vöruna, ætti gengið á sterlingspundi að vera 28 kr. En ef hann treystir sjer til að reikna þetta út, hve miklu fremur ætti þá ekki að vera hægt að treysta hinum lærðu hagfræðingum til þess, með allar þær skýrslur og skilríki, sem þeir hafa til þess.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) taldi, að ef menn miðuðu gengið við vinnulaunin, ætti sterlingspundið að vera hærra en 28 kr. Jeg vil nú benda á samræmið milli þessa og smáorðanna „ef“, „svo framarlega sem“ og „þess má vænta“, sem er undirstaðan í nál. meiri hl. Dregur þessi staðreynd ekki eitthvað úr trú þeirra á, að „þess megi vænta“, að kaupið fylgi genginu. Þetta, að vinnulaunin eru nú í miklu ósamræmi við gengið, ætti að gera það að verkum, að menn leyfðu sjer ekki að „vænta“ þess, að alt gengi hljóðalaust, ef hækka skal krónuna upp í sitt fyrra gullgildi. Annars skal jeg ekki deila mikið um þetta við háttv. þm. Jeg get fallist á margt af því, sem hann sagði um verðlagið og slíkt, en alt undirbyggir það stefnu okkar festingarmanna og grefur undan honum. Meiri hl. viðurkennir nauðsyn þess, að hafa vinnulaunin og verðlagið í samræmi við það, sem það er í þeim löndum, er við skiftum við og keppum við. En gengisskráningin á einmitt að koma á því samræmi. Við það er hún bundin, ef skráð er af nokkru viti. Verðlagið er aðalatriðið. Það gleður mig, að þessi kenning hefir rutt sjer til rúms, sem annars hefir verið lítið nefnd í sambandi við gengismálið hjer á þinginu alt til þessa. Að allir viðurkenni þetta aðallögmál gengismálsins, er fyrsta skilyrðið til þess, að festingarstefnan sigri. Hún stendur því nær markinu, því betri skilning, sem menn hafa á þessu atriði, en því fjær því, sem menn eru fávísari um það.

Háttv. þm. gat þess, að í Noregi væru framleiðendur fylgjandi festing gengisins, af því miklir erfiðleikar steðjuðu að, til þess að losna við þá. En hví eru framleiðendur hjer ekki líka með festingu? Það mun víst vera af því, að hinir norsku framleiðendur skilja betur þýðingu gengisskráningarinnar fyrir hag þjóðar sinnar. Undarlegt er það, hve litla áherslu hinir íslensku framleiðendur leggja á festingu gengisins. Jeg skil

ekki þetta tómlæti um hið þýðingarmesta mál fyrir afkomu þjóðarinnar og atvinnulífs hennar, sem til þessa hefir komið til kasta þingsins.

Háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) bað mig að athuga afleiðingar þess að festa gengið. Afleiðingarnar verða þær, að viðskiftalífið verður öruggara, grundvöllur atvinnuveganna traustari, fjárlögin rjettar áætluð og hægt að reikna út framtíðina með meiri vissu en verið hefir um langt skeið. Það verður auðveldara að segja fyrir um afkomu atvinnuveganna, þegar gengið er fast og óbreytt. Þegar gengið er fest, losnum við við kreppur, stöðvun atvinnufyrirtækjanna, verðföll o. s. frv., að svo miklu leyti, sem slíkt á rætur sínar í gengisbreytingum. Það er vegna þessara afleiðinga, að við hikum ekki við að leggja til, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, verði samþ.

Þá kem jeg að samanburðinum á Noregi og Íslandi og möguleikunum þar til hækkunar. Ríkisskuldir Noregs eru hærri en okkar, en jeg hygg, að skattaálögurnar sjeu þyngri hjer en í Noregi. Einnig sje jeg það á fjárlögunum, að ekkert útlit er fyrir, að skattar verði lækkaðir svo nokkru nemi í náinni framtíð. Til þessa verða menn að taka tillit, auk ríkisskuldanna. Atvinnuvegirnir verða að bera gífurlega skatta, sem einir nægja til þess að tæma sjóði þeirra, svo að ekkert verður afgangs. Þess væri óskandi, að fulltrúar framleiðenda, þeir, sem sæti eiga á þingi, hefðu vit á að leggja meiri áherslu á festing gengisins en á hinar litlu lækkanir á sköttunum, sem þeir nú leita skálkaskjóls hjá gagnvart kjósendum sínum. Hjer má þó vinna höfuðorustuna! Það elga ekki að vera þessar smáskærur eða metningur, sem mestu ræður um flokkadeilurnar. Aðalmálin eiga að fá sinn rjett. En það sjer á gengismálinu og lækkun smátolla, t. d. á síldartunnum, að menn þekkja ekki úlfaldann frá mýflugunni.

Um það, hvort hollara sje að hafa hátt eða lágt peningagildi, skal jeg fátt segja. Það er óþarfi að tala um slíkt. Hjer er ekki um meira að ræða en það, hvort krónan á að vera í 75 aurum eða 100 aurum. Og það er enginn sparnaður í því að hækka gildi krónunnar um 30%. Það er ekkert hættulegt að hafa t. d. líka mynt og Frakkar, sem eru ein mesta sparnaðarþjóð heimsins. En ef svo væri, að þetta hefði mikla þýðingu, þá ættum við að taka upp einhverja gífurlega mynt, sterlingspundið eða eitthvað enn hærra. Jeg hygg þó, að jafnljett yrði í buddunni hjá fólkinu fyrir það. Sennilega er þetta tal háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) komið til af því, að hann ruglar saman áhrifum hárrar eða lágrar myntar á fólkið og hinu, hvaða áhrif það hafi að hafa gullmynt eða pappírsmynt. Það, að menn spari fremur gull en seðla, hefir stundum verið rætt um meðal hagfræðinga — en við gengismálið á það ekki skylt. Annars hygg jeg, að hv. frsm. meiri hl. (JAJ) hafi fremur vilst inn á þetta atriði en að hann hafi ætlað að leggja nokkra áherslu á það.

Jeg verð að játa, að háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) lagði ekki eins mikla áherslu á hækkun krónunnar og jeg hafði búist við og fjrh. (JÞ) hafði gert hjer í deildinni áður. Hv. þm. vill ekki útiloka möguleikana fyrir hækkun, og er það þó vafasamt, eftir rökum hans að dæma. Yfirleitt fanst mjer á ræðu hv. þm. sem hann væri staddur miðja vegu

milli hækkunar- og festingarmanna. Þar sem jeg nú geri ráð fyrir, að hv. þm. sje á leiðinni úr flokki þeirra hækkunarmanna, vona jeg, að þess verði ekki langt að bíða, að hann, ásamt fleiri fjelögum sínum, komi alveg yfir um til okkar, sem ekki hikum við að mæla með verðfesting ísl. krónunnar sem næst núverandi sanngildi.

Háttv. frsm. sagði, að ef krónan yrði stýfð, yrði að gera seðlana innleysanlega í gulli þegar í stað. Jeg hefi því ástæðu til að halda, að hann hafi ekki gert sjer vel ljósan muninn á verðfestingu og stýfingu eins og jeg hefi raunar áður drepið á. Frv. er þess efnis, að halda verðgildi krónunnar föstu, en ekki að stýfa hana. Tilgangur þess er að reyna að koma verðgildi krónunnar í rjett samræmi við verðlag í landinu, þá fyrst, þegar í það er komin festa, sje krónan stýfð með breytingu á myntlögunum. Frv. er því alls ekki stýfingarfrv., heldur verðfestingarfrv.

Þegar um verðfestingu er að ræða, er um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að lögleiða gullmyntfót þegar í stað og gera seðlana um leið innleysanlega, og ef mjer skjátlast ekki, er það skoðun hv. meiri hl., að þetta verði að gera, nýrri mynt hleypt af stokkunum og innlausnarskylda þegar lögleidd. Jeg held, að þetta væri mjög ógætilega að farið. Hitt er betra, að byrja með að hafa gullvíxilfót, þ. e., að seðlabankarnir hafi jafnan á boðstólum verðfasta „valutu", t. d. enska. Þetta er það, sem jeg kalla verðfestingu. Finnar stýfðu ekki sinn gjaldeyri fyr en þeir höfðu haldið honum sæmilega föstum í 2—3 ár; það var ekki fyr en á síðast liðnu hausti, að þeir samþyktu stýfinguna. Austurríki hafði gullvíxilfót fram að ófriðnum. Þar var engin gullinnlausn lögleidd, heldur voru seðlarnir innleystir, þegar óskað var, með erlendum gjaldeyri, sem gull stóð á bak við. Það, sem við viljum með þessu frv., er það, að gengið sje fast og að til sje ávalt í bönkunum á reiðum höndum „valuta", sem hægt sje að selja við fastákveðnu verði. Þetta er gætilegri og öruggari aðferð en hitt, að skella á gullinnlausn þegar í stað.

Jeg hefi nú sýnt fram á, hversu veigalitlar ástæður hv. meiri hl. eru, og það að treysta á það, að allir geti orðið samtaka um að hækka gengið og lækka verðlag sem því svarar, er svo barnalegt, að það tekur engu tali. Jeg eyði ekki frekar orðum að því.

Þá virðist mjer dagskrártillaga meiri hl. engu síður fótfúin en nál. Hv. frsm. (JAJ) sagði, að Landsbankinn hjeldi fast við þær kröfur, sem hann ljet bera hjer fram á lokuðum fundi í þinginu í vetur, um ábyrgð ríkissjóðs á gengistapi á þeim lánum, sem bankinn kynni að verða að taka vegna gjaldeyrisverslunarinnar, ef hann á að hafa hana á hendi framvegis. En þessi krafa er miðuð við, að stjórnin hjeldi við sömu stefnu og áður í þessu máli. Ef stöðugt skal hækka, getur hann auðvitað aldrei verið öruggur fyrir tapi á erlendum viðskiftum sínum. En ef tekin er ákvörðun um festingu, þarf hann ekki að óttast.

Í dagskránni er lagt til að afgreiða þetta mál „í fullu trausti" þess, að stjórnin hagi sjer alt öðruvísi en áður og taki nú upp þverófuga stefnu við þá, sem hún hefir haft til þessa. Jeg veit ekki, hvort ber að skoða þetta sem „traust". Jeg held jafnvel, að rjettara orðalag hefði verið „í fullu vantrausti þess" o. s. frv.

Jeg segi svo ekki fleira um þetta að

sinni, en get þess aðeins aftur, að þingið getur ekki sóma síns vegna afgreitt svo mikilvægt mál með jafnfúinni dagskrá, sem þessari.

Fjármálaráðherra (JÞ):* Það var aðeins af því að jeg kann ekki við, að umræðum þessum verði lokið, án þess að jeg tæki þar til máls, en að öðru leyti hafði jeg ekki hugsað mjer að skifta mjer af þeim ágreiningi, sem kominn er upp milli hv. meiri og minni hl. fjhn., því að jeg tel þá fullfæra til að eigast þar við. Mál þetta var talsvert rætt frá almennu sjónarmiði við 1. umr. þess. og síðan hefir það alloft borið á góma í sambandi við ýms önnur mál.

Það er svo komið, að mjer skilst, að báðir nefndarhlutarnir viðurkenni, að verðlag á útlendum vörum sje í samræmi við hið núverandi gildi peninganna í viðskiftum landsmanna, og nærri mun láta, að á standist inn- og útflutningur úr landinu. Þessvegna fela viðskiftin það í sjer, að landsmenn fá jafnmikið af útlendum varningi fyrir útfluttar vörur hjeðan og þeim ber að fá. Það er þá ekki um það að ræða, að þjóðin tapi á núverandi gengi, samkvæmt skoðun nefndarhlutanna. Allir erfiðleikarnir nú af undanfarinni gengishækkun hljóta því að stafa af því, að við komum okkur illa saman um að skifta á milli okkar þeim verðmætum, sem til falla í þjóðarbúskapnum, t. d. er kaupgjaldið eitt af deiluatriðunum. Það er viðurkent, að verðlag á innlendum vörum er of hátt, en það mun lagast, ef kaupgjaldið kemst í samræmi við núverandi gengi á peningunum. En af þessu draga nefndarhlutarnir mismunandi ályktanir, og vill minni hl. stýfa peningana.

Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) vill ekki láta tala um stýfingu fyrst um sinn, heldur festingu, og hann er að leitast við að sýna fram á, að báðir sjeu jafngóðir, festingarmenn, sem vilja verðfesta krónuna í 80 aurum, og þeir, sem vilja hafa hana í 100 aurum. Að hv. þm. (ÁÁ) vill ekki nefna þá verðfestingu, sem hann ræðir um, stýfingu, ber vott um fremur slæma samvisku, er hann vill ekki nota orð, sem er búið að fá fullkomna festu í málinu og er hin besta og fullkomnasta lýsing á því hugtaki, sem hjer ræðir um.

Það er fúslega viðurkent, að kaupgjaldið sje að krónutali of hátt á ýmsum sviðum, en síðan er þetta tilfært sem ástæða til að þjóðin gripi til þeirra óyndisúrræða að stýfa gengið.

Þjóðin hefir ávalt búið við miklar og margvíslegar verðlagssveiflur, því verðlag á útfluttum vörum hefir verið mjög breytilegt. Það hefir ýmist verið há- eða lággengi á afurðunum. Þegar verðlagið hefir fallið að mun, hefir kaupgjaldið orðið of hátt, svo að afrakstur framleiðenda hefir orðið of lítill til að standast framleiðslukostnaðinn, og það er ekkert útlit fyrir annað en þetta sama ástand haldi áfram í framtíðinni.

Ef á að stýfa peningana nú, vegna þess að kaupgjaldið sje of hátt, getur orðið að gera það aftur eftir 5—7 ár og oftar. Það er því hin mesta villa að halda því fram, að með festingunni verði hægt að reikna út fyrirfram alla hluti í ókominni framtíð. (**ÁÁ:** Þó það sje ekki alveg hægt, er þó meiri vissa). Það er ekki fremur hægt þá, því það yrði aðeins enn meiri óvissa; næsta stýfing væri altaf yfirvofandi.

* Ólesið af ræðumanni.

Þeir, sem vilja stýfa nú vegna kaupgjaldsins, verða að búast við því, að það þurfi oftar að gera en í þetta eina skifti, því það verður ekki hægt að losna við verðlagssveiflur með þeim hætti. Jeg er ekkert hræddur við að sú kauplækkun, sem við nú þörfnumst, komi ekki. Kaupgjaldið fer eins og annað eftir framboði og eftirspurn, og það er engin hætta á, að þetta eðlilega lögmál viðskiftalífsins fái ekki beitt sínum venjulega krafti til að koma þeim jöfnuði á, sem þarf. (**ÁÁ:** Hvaða lögmál er þetta?). Jeg get vísað hv. þm. á allar venjulegar skóla- og kenslubækur í hagfræði, og getur hann þar lært það, sem þar er sagt, um þetta alviðurkenda lögmál viðskiftanna, um framboð og eftirspurn.

Það var aðeins eitt atriði af því, sem hv. þm. (ÁÁ) sagði, sem jeg ætla að nefna hjer. Hann kom með einhverja nýja skýringu, og óljósa þó, um dýrtíð, hvað væri dýrtíð. Hann virtist eitthvað tala um þetta sem hlutfallið milli vöruverðs og kaupmáttar peninganna, en þó var þetta alt hálf-þokukent hjá hv. þm. Það er dýrtíð, þegar minna fæst af vörum fyrir sömu peninga en áður, eða fleiri peninga þarf til að kaupa sama vörumagn. Þetta er dýrtíð, sem þó er ekki jafn-tilfinnanleg fyrir alla, en orsakar þó ýmislega röskun í þjóðfjelaginu, sem getur orðið all-tilfinnanleg á mörgum sviðum. Samkvæmt skýringum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á dýrtíðinni og eðli hennar, vill hann endilega, ef dýrtíð skellur yfir, láta lögfesta hana þegar í stað. Hún má ekki ganga sinn eðlilega gang og hverfa aftur fyrir þeim kringumstæðum, sem rás viðburðanna gefur tilefni til. Nei, heldur á að grípa til ýmislegra óvenjulegra ráðstafana til að takast mætti að lögfesta dýrtíðina í landinu.

Jeg hefi þegar áður tekið fram það, sem jeg hefi að segja gegn stýfingu að nauðsynjalausu, og þarf því ekki að fara lengra út í það að þessu sinni. En af því hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) lagði svo mikla áherslu á, að það gætu komið þær kringumstæður, að engin mundi mæla gegn stýfingu, þá vil jeg segja aðeins það, að það geta stundum komið fyrir atvik, sem gerðu það að verkum, að meira rjettlæti væri í því að leyfa það, sem lögin ella banna eða refsa fyrir. Það gæti t. d. staðið svo á, að það væri meira rjettlæti í því, að leyfa bændum að svíkja vinnufólk sitt eitt árið, um tiltekinn hluta af kaupi þess, í stað þess að láta lögin neyða þá til að inna þær greiðslur af hendi, eða leyfa hjúum að stela af húsbændum sínum. En ekkert þjóðfjelag leyfir þegnum sínum að fara út á þær brautir, eða að fara út fyrir þau siðferðislegu takmörk, sem nauðsynleg eru til, að sambúð þegnanna verði viðunandi. Stýfing er ekki annað en lögleiðing þess, að annar helmingur landsmanna, skuldunautarnir, megi svíkja hinn helminginn, lánardrotnana. (**ÓTh:** Þetta er þveröfugt.). Sje það svo, eru það hrein mismæli, sem auðvelt er að leiðrjetta. Það yrði að vera mjög rík nauðsyn, sem ekki væri unt að komast undan, ef það yrði talið forsvaranlegt að taka til slíkra óyndisúrræða.

Það er ekki hægt að ábyrgjast, að genginu verði haldið föstu, nema gerðar sjeu einhverjar sjerstakar ráðstafanir, og meiri hluti gengisnefndarinnar lýsti því, hvaða ráðstafanir það væru. Það er fyrst og fremst það, að ríkisstjórn taki þátt í áhættunni af gjald-

eyrisversluninni með lántökum eða ábyrgð á lánum og þeim halla, sem verða kynni af notkun slíks láns. Jeg skil nál. meiri hlutans svo, sem það sje ekki hans skoðun, að það eigi að beita ríkisábyrgð á gengistöpum eða styrk úr ríkissjóði, því að meiri hlutinn segir sem svo, að svo lítil hætta sje samfara gjaldeyrisversluninni, að ekki þurfi til ríkisábyrgðar að koma. Jeg skil þessi ummæli og sambandið á milli þeirra þannig, að látin sje í ljós mjög eindregin ósk um, að gengið haldist óbreytt til næsta þings, en að meiri hlutinn vilji ekki gera tillögur um ráðstafanir til þess, að stjórnin leggi ríkisfje í áhættu. Jeg verð að játa, að þetta verður dálítið óljóst, eftir því á hvora málsgreinina í nál. er lögð meiri áhersla. Ef þetta er ekki rjett skilið hjá mjer, vænti jeg, að hv. frsm. (JAJ) leiðrjetti það.

Viðvíkjandi sjálfri tillögunni finst mjer, að þetta, sem jeg var að segja, felist einnig í sjálfri dagskrártillögunni, en það kynni þó að orka tvímælis um orðalagið á upphafi hennar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Neðri deild Alþingis lítur svo á, að halda beri núverandi gengi íslenskrar krónu föstu til næsta þings.“ Ef þetta er tekið eftir orðanna hljóðan, er það svo, að ef beri að halda því föstu, er hjer tiltekin skylda, sem hvílir á einhverjum, en í tillögunni er engin bending um, að það sje tilætlunin að leggja þetta sem skyldu á neinn. Gengið á erlendum gjaldeyri er ákveðið eftir framboði og eftirspurn. Jeg geri ráð fyrir, að samkvæmt till. líti neðri deild Alþingis svo á, að æskilegt sje, að núverandi gengi verði haldið föstu til næsta þings. Með þessum skilningi skal jeg ekki hafa á móti dagskránni. En jeg vil taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. frsm. minni hl. (ÁÁ), þegar hann heldur, að það þýði fult traust til fjármálaráðherra og stjórnarinnar um, að farið verði öðruvísi að en á síðasta ári. Jeg verð að segja um mig, að jeg veit ekki, í hverju jeg ætti að fara öðruvísi að en á síðasta ári. (**ÁÁ**: Ef eftirspurnin verður mikil, hvað gerir hæstv. fjrh. þá?). Það eru ekki þær kringumstæður fyrir hendi nú, sem voru fyrir hendi síðast liðið ár. Jeg get sem sagt fallist á rökstuddu dagskrána, ef hún er þannig skilin. En ef meiningin er að leggja skyldur á einhvern, þætti mjer æskilegt að fá að vita, hvort þær skyldur á að leggja á stjórnina. Ef þingið vill heimta eitthvað af stjórninni, verður það að leggja henni í hendur tækin og valdið til að framkvæma það.

Jón Baldvinsson: Jeg frestaði við frh. 1. umr. þessa máls að taka til máls, af því að jeg vildi flýta þeim málum, sem þá voru fyrir, og geymdi því þessi orð mín til 2. umr. Það er svo að minsta kosti um stærri málin nú orðið, að það leyfist að tala alment um þau við 2. umr. Nú eru loks komin bæði nál. um frv. hv. þm. Str. (TrÞ); en það er sýnilegt af því, hvað seint þau koma fram, að frv. getur ekki komist í gegn á þessu þingi.

Jeg ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að hv. frsm. meiri hl. fjhn. (JAJ) og að einhverju leyti að nál. meiri hl. Það er ákaflega mikil áhersla á það lögð hjá hv. frsm. (JAJ), að kaupgjald þurfi að lækka, og eins er í nál. oft og mörgum sinnum vikið að því, að vinnulaun verði og hljóti að lækka. Það er vandalaust að segja þetta, en það verða þá líka að vera þær ástæður fyrir hendi,

að slík lækkun geti átt sjer stað. Ef farið er niður úr kaupgjaldsgreiðslu þeirri, sem verkamenn þurfa til þess, að þeir geti komist af, leiðir það af sjálfu sjer, að þeir verða að fá annars staðar að það, sem á vantar. Þá tekur sveitin við, svo skemtilegt sem það er, og þegar hana þrýtur, verður að flýja til Alþingis, og það verður í fyrsta lagi að veita hreppunum lán og síðan gefa þeim þau eftir aftur. Nei; það, sem þessir hv. þm. ættu að athuga, er það, hvað sje sæmilegt kaupgjald. Það, sem á að miða við, er þetta: Hvað verkamannafjölskylda þarf í árskaup til þess að hún geti lifað sómasamlegu lífi. En þetta getur verið dálítið mismunandi á ýmsum stöðum í landinu. Það hefði átt að gera tilraunir af hálfu hins opinbera til þess að rannsaka þetta og einnig vinnuleysistímabilin; með því móti mátti fá nokkurn grundvöll til þess að byggja á, hvað tímakaupið ætti að vera. Að kaupgjaldið geti fylgt öllum sveiflum á markaðsvörum nær engri átt, enda er það svo, að þótt útflutningsvörur standi hátt nokkurt tímabil og atvinnurekendur hafi hagnað af því, þá er ekki venjan sú, að greiða verkamönnum á því tímabili hærra kaup. Þessvegna er ekki heldur sanngjarnt að lækka kaupið, þó að afurðirnar falli í verði eitthvert tímabil. Atvinnurekendur vilja taka á sig áhættuna af atvinnurekstrinum og vilja hafa verkamenn fyrir eitthvert ákveðið kaup og þykjast vilja láta svo ráðast, hvort þeir sleppa með það eða ekki. Þegar svo gengur miður, vilja atvinnurekendur láta verkamenn taka þátt í tapinu, og þá árekstra eða vinnudeilur, sem nú eru tíðastar, er ekki hægt að kenna verkamönnum eða bera þeim ósanngirni á brýn, enda er sýnilegt, að verkamenn bera síður en svo of mikið úr býtum. Lággengið bitnaði líka fyrst og fremst á verkafólkinu, og það viðurkendi hv. frsm. (JAJ) að minsta kosti óbeinlínis, því að hann sagði, að atvinnurekendur hefðu hagnast á lággenginu, en það var auðvitað á kostnað verkalýðsins.

Ef það væri rannsakað, sem jeg nefndi áðan, hvað meðalfjölskylda þarf til þess að lifa af yfir árið, þá myndi koma í ljós, að það kaupgjald, sem nú er greitt, er þó nokkuð þar fyrir neðan. Í kaupdeilum hefir stundum verið gert yfirlit yfir það, sem 5 manna fjölskylda þyrfti yfir árið, og þá hafa menn altaf komist upp fyrir þá fjárhæð, sem hugsanlegt er, að verkamenn hefðu í laun.

Í sambandi við hækkun krónunnar má benda á það, að kaupgjald var 1914 of lágt, og ef það ætti að komast á eðlilegan grundvöll, ætti kaupið nú að vera tiltölulega miklu hærra en það var þá, auk þess sem menn gera meiri kröfur nú, bæði hvað snertir húsakynni og mataræði, og þær kröfur eru þó enn allvíða of lágar. En þeir menn, sem sífelt eru að tönnlast á ósanngirni í kaupgjaldsmálum og of háu kaupi verkalýðsins, verða þó að játa, að það hafa farið fram miklar lækkanir á kaupi. Kaup sjómannastjettarinnar hefir lækkað mikið árlega, og hennar kaup reiknast eftir dýrtíð í landinu. Verkamenn í landinu hafa líka lækkað tímakaup sitt svo, að enn frekari lækkanir eru mjög ósanngjarnar.

Jeg get ekki verið samþykkur hæstv. fjrh. (JÞ) um, að kaup eigi að fara eftir framboði og eftirspurn, m. ö. o., að með verkamenn eigi að fara eins og hverja aðra dauða vöru. Jeg álít, að um kaupgjald fólks eigi þó að minsta kosti

að taka tillit til þess, að hjer er um lifandi verur að ræða, en ekki dauða hluti.

Þó að jeg sje ekki sammála hv. meiri hluta í mörgu í hans áliti, býst jeg samt við, að jeg greiði atkvæði með till. til rökstuddrar dagskrár. Jeg hugsa, að hún verði, eftir því, sem nú er komið, sú lausn á gengismálinu, sem gæti sameinað flesta. Það má að vísu greiða atkvæði með henni út frá mismunandi forsendum, og jeg hefi mínar sjerstöku ástæður til þess. Jeg held, að það eitt að hindra verðfall peninga myndi verða til þess, að verðgildi íslensku krónunnar hækkaði heldur; að minsta kosti hafa þesskonar ráðstafanir, að hindra verðfall peninga, þótt ekkert væri gert sjerstakt til þess að hækka þá, haft þá verkun annarsstaðar, að peningar þess lands hafa hækkað, ef engin ófyrirsjáanleg atvik hafa komið fyrir. En það eru ekki allir, sem álíta það „praktiskt" að láta uppi, að stefna eigi að því, að koma peningunum upp í gullgengi, af því að það gæti orðið til þess að gefa þeim mönnum, sem vildu „spekúlera" í gjaldeyrinum, byr undir báða vængi til þess að hafa óheppileg áhrif í þessu efni. Þessvegna geta þeir, sem vilja festa gjaldeyrinn um stund, án þess að stýfa, og þeir, sem vilja koma honum upp í gullgildi, sætt sig við þessa úrlausn málsins.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir bæði nú og við 1. umr. sagt margt um gengismálið, og yrði það að sjálfsögðu of langt mál, ef ætti að svara honum orði til orðs. Þessvegna ætla jeg ekki að drepa á nema örfá atriði í sambandi við málið og út af orðaskiftum, sem urðu milli okkar, þegar mál þetta var til 1. umr. Svo var ýmislegt í ræðu hans þá, sem ekki var rjett.

Hv. þm. (TrÞ) tók svo til orða, að enginn útgerðarmaður vonaðist eftir því, að útgerðin myndi borga sig á þessu ári. Þetta kalla jeg nokkuð freklega fullyrðingu, enda getur hver maður skilið það, að ef útgerðarmenn hefðu slept allri von um það, að hún myndi bera sig, þá myndu þeir alls ekki gera út, en það hafa þeir gert til þessa, hvað sem við tekur, þegar vertíð er búin, því að þótt illa kunni að líta út núna í bili, þá hafa slík tímabil oft komið, að verðfall hefir orðið á afurðum, og menn ekki slept allri von fyrir það, að atvinnuvegurinn geti borið sig. Svipað sagðist hv. þm. Str. (TrÞ) um landbúnaðinn. Hann var að segja sögu af tveimur bændum, sem hefðu orðið að hætta búskap vegna lággengisins. Um þetta atriði verður að sjálfsögðu að taka meira tillit til þess, er hv. þm. (TrÞ) segir, heldur en þegar hann talar um sjávarútveginn, því að bæði hefir hann mikinn áhuga fyrir landbúnaði og hefir sjálfsagt mikla þekkingu á sveitabúskap. Og sje þetta nú rjett, að ungir, efnaðir og duglegir bændur sjeu að flosna upp af jörðum sínum vegna lággengisins, þá hlýtur manni að koma sú spurning í hug, hvort ekki sje eitthvað bogið við búskaparlagið hjer hjá okkur, því sje sá atvinnuvegur svo illa staddur, sem hv. þm. (TrÞ) segir, þá hlýtur hann að vera á heljarþröminni, ef ungir, duglegir og efnaðir bændur treysta sjer ekki til þess að búa. En jeg held, að þetta sje nú eins og hitt, að hv. þm. Str. (TrÞ) líti of svart á hlutina.

Hv. þm. Str. (TrÞ) taldi það hin mestu bjargráð fyrir verkamenn, að

peningar landsins hefðu fast og stöðugt gildi. Þessu vil jeg alls ekki neita. En jeg er hræddur um, að hans aðferð til að festa peninga landsins sje ekki óyggjandi. Gæti ekki svo farið, ef nú verður farið að fella peninga í verði, en það er ljóst af öllu, að slikt er ætlun hv. þm. (TrÞ), að þá verði fallið meira en hann ætlar, og að við fáum nýtt lággengistímabil? En það vil jeg segja hv. þm. (TrÞ), að mesta lággengistímabilið er eitt hið allra versta tímabil, sem komið hefir yfir verkalýð þessa lands. Nú, en hvað er svo þessi stýfing, sem hv. þm. Str. (TrÞ) krefst, að fulltrúi verkamanna fylgi sjerstaklega? Það, sem ómótmælanlega vakir fyrir hv. þm. (TrÞ), er það, að fella krónuna í verði. Síðan á að finna með einhverri rannsókn, sem enginn veit hvernig á að verða, kaupmátt krónunnar innalands og stýfa hana þar eftir kannske svo og svo langan tíma. En á meðan á þessu öllu stendur, á aumingja krónan að vera á sálnaflakki milli þessara „póla", sem um getur í 3. gr. frv. Og svo er engin vissa fyrir því, að þótt krónan yrði nú feld í verði og reynt að halda henni þar, að ekki komi „samhljóða og sameiginlega" krafa frá fulltrúum landbúnaðar og sjávarútvegs og heimti enn meiri lækkun, af því að útlitið sje svo vont og iskyggilegt um afkomu atvinnuveganna.

Þetta er sú braut, sem mjer finst að hv. þm. Str. (TrÞ) vilji fara út á, þótt mjer detti ekki í hug að efa það, að hans ætlun er að halda verðgildinu föstu, þar sem krónan er „stýfð". En hann verður að fyrirgefa það, sá góði maður, þótt fulltrúi verkamanna geti eigi fylgt honum út á þessa braut, því að það er ekki að mínu áliti ráðið til þess, að verkamenn fái fasta peninga. Jeg skyldi vera með því að „stýfa" krónuna, ef jeg hefði nokkra trú á því, að sú aðferð lukkaðist, en það eru þessi hundrað „ef", sem eru milli þess að tala um stýfinguna og koma henni fram í raun og veru, sem gera það að verkum, að jeg get ekki verið með frv. hv. þm. Str. (TrÞ).

Jeg hefi aldrei dregið dul á það, að jeg tel það rjett, að við ættum að hafa það markmið fyrir augum að koma krónunni okkar í hið gamla gullgildi. Og þetta tel jeg kleift. Hinsvegar dettur mjer ekki í hug að halda því fram, að það eigi vísvitandi að skapa óeðlilegar gengissveiflur upp á við. En að jeg tel það kleift, að koma krónunni aftur í gullgildi, er af þeim ástæðum, sem jeg gat um við 1. umr. þessa máls, að góðærið 1924—1925 gerði bönkunum kleift að losna við talsvert af erlendum skuldum, og að hagur ríkissjóðs hefir batnað stórkostlega. Þetta hvorttveggja á að mínu viti að gera það mögulegt, að halda áfram stefnu hins háa Alþingis í þessu máli, að hindra verðfall krónunnar og jafnvel stuðla að varlegri hækkun hennar. Það má vel vera, að það sje rjett, sem hv. samþingismaður minn, 3. þm. Reykv. (JakM) sagði við 1. umr. málsins, að ráðstafanir, sem gerðar væru aðeins til þess að hindra verðfall peninga, verkuðu þannig, að gengið hækkaði.

En hvort við eigum að halda þeirri skipun um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, sem nú er, er annað mál. Verði gengisnefnd haldið áfram, þá ætti að minsta kosti að bæta í hana mönnum frá Alþýðusambandi Íslands og sambandi starfsmanna ríkisins, svo sem

farið var fram á í fyrra. En mjer finst, að komið gæti líka til mála að fela Landsbankanum málið á þeim grundvelli, að hann sæi um, að ekki yrði verðfall á íslenskum peningum. Þetta er frá mínu sjónarmiði því eðlilegra, sem Landsbankinn var á stríðstímunum og síðar bjargvættur landsins um peningaskifti út á við, þótt öðrum stæði það jafnvel nær þá, og ennfremur af því, að af greinargerð frv. háttv. þm. Str. (TrÞ) er það ljóst, að Landsbankinn hefir haft alla forgöngu gengismálsins á síðast liðnu ári, og að mínu áliti á hann þökk skilið fyrir það, að hann ljet ekki hafa sig til þess að halda verðgildi íslenskra peninga í óhæfilega lágu verði, og að hann sprengdi þá afaróheppilegu ráðstöfun gengisnefndar að halda föstu gengi um ákveðinn tíma, hvernig sem alt veltist.

Í umræðunum um gengismálið hefir oft verið bent á Finnland sem fyrirmynd. Þar hafa peningar að sögn verið festir í $^1/_{10}$ af upprunalegu verði. Það er náttúrlega ekki saman berandi að hækka peninga úr 10 í 100 eða úr 80 í 100. En þessu má þó gefa gaum.

Af stýfingarmönnum hefir verið talað um þá feikna áhættu, sem bankarnir taki á sig með hækkun peninganna, og það kann náttúrlega vel að vera, að því fylgi tap. Í blaði hv. þm. Str. (TrÞ) hinn 7. nóv. s. l., er gert að umtalsefni tap, sem danski þjóðbankinn hefir orðið fyrir vegna gengishækkunar. Þetta er svo notað til þess að koma þeirri spurningu að, hvort íslensku bankarnir muni þola tap af gengishækkun, og segir svo í greininni:

„Spurningin, sem valdhafar eiga að svara, er þessi: Þola íslensku bankarnir að taka á sig í viðbót töpin, í ár og síðar, í hundruðum þúsunda og jafnvel miljónum króna, sem beinlínis stafa af gengishækkuninni?“

Þetta er náttúrlega ekki álitlegt fyrir bankana og sjálfsagt rjettara fyrir þá að hallast að stýfingunni, — ef það væri þá nokkuð áhættuminna.

Þessi grein, sem jeg drap á, virðist skrifuð af ritstjóranum sjálfum, og var hún á 1. síðu í blaðinu. En á 2. síðu er grein eftir aðstoðarritstjóra blaðsins og heitir hún „Festing peninga í Finnlandi“. Upphaf þeirrar greinar hljóðar svo:

„Áður er frá því sagt, að í Finnlandi hafi myntin um mörg ár verið fallin og svikin eins og hjer. En síðustu þrjú árin hefir þjóðbankinn finski, oft með miklu fjárláti, haldið markinu nokkurnveginn stöðugu.“

Já, þarna sjer maður það. Á fyrstu síðu er sagt frá miklu tapi banka við að hækka gengið, en á 2. síðu er líka sagt frá „miklu fjárláti“, sem finski þjóðbankinn þyrfti að inna af hendi til þess að halda peningum þeirra „nokkurnveginn“ stöðugum í þrjú ár, svo að myntin yrði hæf til stýfingar.

Athugi menn nú þetta. Að hækka gengið og koma því í gullvirði, kostar bankana fjárútlát. En það kostar líka mikil fjárútlát að undirbúa stýfinguna. — Fara þá ekki rökin fyrir stýfingu, að því, er þessa hlið málsins snertir, að verða nokkuð vafasöm?

Hv. þm. Str. (TrÞ) endaði ræðu sína hjerna á dögunum með bæn, eins og góðum klerki sæmdi. Hann bað verkamennina að fyrirgefa mjer, af því að jeg vissi ekki, hvað jeg gerði. Þetta var nú ósköp fallega gert af honum. En skyldu það nú ekki vera fleiri en jeg, sem ekki vita, hvað þeir eru að gera, og þyrftu á fyrir-

gefningu að halda? Jeg er hálf-hræddur um það. — Jeg ætla ekki að enda með því að stíga í stólinn eins og hv. þm. Str. (TrÞ). Slíkt mun ekki leyft óvígðum mönnum. En mig langar til að segja háttv. þm. (TrÞ) sögukorn, sem einu sinni gerðist í kjördæmi hans. Þar fóru einu sinni þrír menn á rjúpnaveiðar, og var einn þeirra útlendur. Bjó hann sig ekki nógu vel til að þola íslenskan vetrarkulda, og varð honum kalt á fótum. Kvartaði hann um það við fjelaga sína. En þeir hafa sjálfsagt verið nokkuð galsafengnir, því að þeir gáfu honum það ráð, sem jafnan hefir verið nefnt „skammgóður vermir". Maðurinn leiddist til að fylgja þessu ráði; honum hlýnaði í svip, en sagan segir, að hann hafi prísað sig sælan að komast ókalinn heim. — Mjer finst ráð hv. þm. Str. (TrÞ) í gengismálinu eitthvað svipað þessu. Hann vill með því ylja atvinnuvegunum, en gæti ekki farið svo, að það slái að þeim á eftir?

Mjer þykir vænt um, að hæstv. fjrh. (JÞ) virðist nú eindreginn þeirrar skoðunar, að koma beri íslensku krónunni aftur í hið fyrra gullgildi. Vona jeg, að áframhald verði á þessari skoðun hans. En jeg get ekki haft algerlega óbifandi trú á honum í þessum efnum, því að árið 1923 skildist mjer hann vera að predika mönnum lággengi af miklum sannfæringarkrafti. Sagði hann þá meðal annars, að með því fengju menn afslátt á framleiðslukostnaði á vörum sínum. Kallaði hann lággengi læknislyf fyrir sjúkt viðskiftalíf. Það örvaði útflutning, en minkaði innflutning o. s. frv. Þessi skoðun hæstv. fjrh. (JÞ) er nú orðin þriggja ára og því úrelt; nú er hann orðinn eindreginn fylgismaður hágengis. — Jeg segi þetta ekki til að víta það, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir skift um skoðun í þessu máli. En hann hefir snúist einu sinni, og þá getur maður ekki verið öruggur um, að hann geri það ekki í annað sinn. (**MT**: Ætli það yrði ekki 3. sinn!).

Jeg mun greiða atkvæði með dagskrá hv. meiri hl. En jeg hefi þegar skýrt, að jeg geri það af nokkrum öðrum ástæðum en í nál. greinir.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi heyrt á ýmsum hv. deildarmönnum, að þeir hafa búist við löngu og miklu máli frá mjer, þar sem jeg er flm. frv. Munu þeir og hafa dregið það af því, að jeg hefi oft komið að þessu máli í umræðum, og sýnt viðhorf þess frá ýmsum hliðum. Hefir ekki farið dult, að jeg hafi álitið það stærsta og langþýðingarmesta málið, sem nú er á dagskrá með þjóðinni. En þetta mun ei fara svo sem menn hafa búist við. Jeg skal játa það, að jeg er farinn að þreytast á þessum löngu fundum dag eftir dag. Virðist mjer að einnig megi sjá þreytumörk á öðrum hv. þm., þar sem nú er ekki viðstaddur nema helmingur hv. þdm. Veit jeg því, að ekki þýðir að lengja mikið umræðurnar. — Við þetta bætist og enn það, að ekki þarf að fara út í einstök atriði þessa máls, þar sem háttv. frsm. minni hl. fjhn. (ÁÁ) hefir gert það mjög vel og rækilega. — En jeg vil láta það koma fram, að hvenær sem jeg tala um þetta og hvernig sem jeg er fyrir kallaður, þá tala jeg út frá þeirri bjargföstu sannfæringu, að hjer sje bent á þá leið, sem happadrýgst verður fyrir alda og óborna og öllum landslýð til mestrar blessunar.

Vil jeg sem flm. byrja á því, að þakka hv. minni hl. fjhn. undirtektir og með-

ferð þessa máls. Hann hefir skilað rækilegu og vel sömdu áliti og tekið alveg sömu stefnu í málinu og jeg. Því miður get jeg ekki fært hv. meiri hl. jafnmiklar þakkir, því að hæði hefir staðið á nál. frá honum og auk þess er afgreiðsla hans öll losaralegri. — Jeg ætla ekki að víkja að einstökum atriðum í nál. hv. minni hl. eða brtt. hans. Þær eru ekkert aðalatriði fyrir mjer, og munar því einu, að hv. minni hl. er nokkru djarfari en jeg var í frv. mínu, og álítur óhætt að stíga nokkru stærra spor.

Það varð svo við 2. umr. bankamálsins, að þá urðu nokkuð almennar umræður, enda þótt það sje ekki í fullu samræmi við þingsköp. Eins hlýtur nú að verða. Um hin sjerstöku atriði málsins get jeg vísað til hv. frsm. minni hl. (ÁÁ), enda hefir hann skýrt þau ljóslega. En mig langar til að sýna afstöðu þeirra, sem nú vilja stíga sporið, og hinna, sem halda vilja lausgenginu. Jeg vil bregða upp mynd af því, hvernig aðstaðan er á þessum alvarlegustu og erfiðustu tímum, sem nú virðast vera framundan fyrir atvinnuvegi vora. Jeg vil benda á, í stórum dráttum, hvernig tíðindi þau, sem gerast hjer heima, og þau, sem berast utan úr heimi, tala til okkar og skipa okkur að hefjast handa. En hinir hv. andstæðingar vilja ekkert gera og daufheyrast við öllu, sem fram fer í kringum þá. Þá brestur kjarkinn til að stíga það spor, sem hæstv. fjrh. (JÞ) vill ekki stíga. Hópurinn, sem stendur á móti okkur, er tvístraður og ekki sammála nema um það eitt: að gera ekkert. Og það hefir aldrei þótt giftusamlegt að fara að ráðum þeirra, sem ekkert vilja gera.

Nú vil jeg bregða upp myndum af ástandinu í öðrum löndum og hjer heima, til þess að skýra málið. Mun jeg þá fyrst benda á það, sem gerist úti í heimi og muninn á aðstöðu okkar verðfestingarmanna og þeirra, sem ekkert vilja gera. Við höfum okkur til stuðnings hina frægustu fræðimenn á Norðurlöndum og í hinum breska heimi. Við viljum fara að ráðum þessara manna, eins og sjúklingur, sem hlýðir lækni sínum. Við getum líka vitnað í það, að á alþjóðafundum fjármálafræðinga hafa verið samþyktar áskoranir til þjóðanna um að festa verðgildi peninga sinna sem fyrst. Við viljum fara eftir því, sem þessir menn kenna. Andstæðingar okkar vilja ekki hlusta á þá. — Þá er vert að líta á reynslu þjóðanna: 1. þeirra, sem fest hafa gjaldeyri sinn, 2. þeirra, sem hafa hækkað hann, og 3. þeirra, sem enn eru óráðnir. Í fyrsta flokki eru Þjóðverjar, Finnar og Tjekkar. Þeir áttu allir við mikla örðugleika að stríða vegna lausgengisins, en hefir tekist vel að festa gengið. Þetta er eftirtektarvert fyrir okkur. Úr því að þessum þjóðum, sem svo átakanlega voru þjakaðar af stríðinu, tókst að fara þessa leið, hví skyldi okkur þá ekki takast það líka? — Þá er annar flokkurinn, þeir, sem reynt hafa að þokast upp á við. En jeg vil benda mönnum á það, að enn hefir engum tekist að koma peningum sínum í gullverð, sem fallnir hafa verið eins djúpt og okkar. Danir og Bretar hafa tekið þá stefnu að festa peningana. Jeg mun tala fátt um Dani. Mönnum er kunnugt, hvílíkt atvinnuleysi er hjá þeim, hvernig iðnaðurinn á í vök að verjast og hve illa bændur eru staddir. Auk þess hefi jeg það eftir mönnum, sem vel fylgjast með og þeim blöðum, sem jeg hefi sjeð að tala um þetta, að

óvíst sje, hvort Dönum takist að halda gjaldeyri sínum í því verði, sem hann er nú. — En sjest það nokkursstaðar betur en í Englandi, hvílíkar afleiðinar hækkunarstefnan getur haft? Það er nú orðið alllangt síðan pundið komst í gullverð, og nokkuð síðan það var gert innleysanlegt. En þetta hefir haft þær afleiðingar, að ríkissjóður hefir orðið að standa straum af kolanámunum með stórkostlegum fjárframlögum. 1. maí nú síðast gáfust menn loks upp við þetta skipulag. 5 miljónir manna eru atvinnulausar og ástandið alvarlegra en það hefir verið í margar aldir, þannig að sjálft breska heimsveldið riðar vegna gengishækkunarinnar. Þó liggur í augum uppi, hve mikið auðugri þjóð Englendingar eru heldur en við, og hve mikið færari þeir hefðu átt að vera um það, að stíga þetta spor. Keynes, hinn stórfrægi fjármálafræðingur, segir, að afleiðingarnar af þessu standi í 12 ár. — Þessi eru nú tíðindin úr þeim löndum, sem valið hafa þá leið, að hækka peninga sína, og í þeim, sem fest hafa. Hrópa þau ekki til okkar, og benda okkur, hvaða leið skuli farin? Hvernig geta andstæðingar okkar skelt skollaeyrunum við öllu þessu. Þrjú lönd hafa þegar fest peninga sína, og líklegt er, að Noregur geri það líka, svo að það yrði ekki eins dæmi, þótt við færum þá leið. — En þótt þeir menn, sem ekkert vilja aðhafast, sjeu daufir og sljóir, ætti þó ástandið í Englandi að hafa áhrif á þá. Þar vofir nú borgarastyrjöldin yfir, og þetta stafar af engu öðru en því, að þeir hafa hækkað peninga sína.

Hjer á landi hafa einnig gerst stórtíðindi, ef hitt er ekki nægilegt til að sannfæra þessa menn. Öllum er í fersku minni, hve ákaflega atvinnuvegirnir voru skattlagðir í haust, með hinni miklu gengishækkun. Því eiga þeir nú erfitt með að taka á sig ný áföll. — Nú er nýútkomin hjer í bæ fróðleg bók, skrá yfir útsvör manna. Á sumum helstu útgerðarfjelögunum er nú tífalt lægra útsvar en í fyrra. Sýnir þetta ekki greinilega afkomuna? — Og hvað er nú fram undan? Jeg veit, að á landbúnaðarafurðum stendur fyrir dyrum mikið verðfall á þessu ári. Þarf jeg ekki að nefna neinar tölur um það. Hitt vita allir, hve lágt verð er á sjávarafurðum. Hið þriðja er það, að sá tími, sem mestu ræður um afkomu sjávarútvegsins er nú nær um garð genginn, og er verri en menn muna dæmi til. Eftir því, sem allra kunnugustu menn segja, má búast við, að öllum togaraflotanum verði lagt í höfn eftir nokkrar vikur. Í öllu þessu á hækkunin sinn drjúga þátt. Þá skal jeg bregða upp annari mynd af ástandinu. Í haust sem leið var áætlað, að íslenskir bankar mundu eiga ca. 200 þús. sterlpd. inneign erlendis um þetta leyti. En ástandið er það, að þeir **skulda** nú ca. 180 þús. sterlpd. Og nú má búast við því, að á morgun eða hinn daginn verði hjer samþ. óbreytt fjárlög, sem enginn getur sagt, að afsakanlegt sje að samþykkja, nema verðgildi krónunnar sje fest.

Þetta er það, sem nú blasir við, það er þetta, sem hrópar til okkar og segir, hver leið skuli farin. Og með þetta fyrir augum verða hv. þm. að taka ákvörðun sína. Jeg vil spyrja háttv. meiri hl. fjhn.: Hvar sjáið þið vonirnar um, að hægt verði að halda krónunni í stað, hvað þá hækka hana? Það má furðu gegna, ef menn gera sjer vonir um slíkt.

Allir vilja ná því marki, að verðfesta

peningana, en sú leið, er við viljum fara, er öruggust.

Jeg er ókvíðinn um dóm framtíðarinnar um afstöðu þá, er við höfum tekið til þessa máls. En jeg öfunda ekki háttv. meiri hl. af eftirmælum þeim, er þeir munu hljóta fyrir samþykt sína í þessu máli, að gera ekkert.

Jeg skal nú eigi tala mikið lengur, nje fara út í einstök atriði. Geri það ef til vill síðar.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi vefengja þau ummæli mín, að ungir bændur gæfust upp við búskapinn sökum gengishækkunarinnar. En jeg hefi þar fyrir mjer sögn sjálfra þeirra. Má hann og vita, að ekki er heiglum hent á þessum tímum að reisa bú með skuldum.

Hv. þm. (JBald) sagði, að jeg vildi ekki láta krónuna hrapa. Hann segir það, jeg hefi ekki sagt það. Mjer gengur það eitt til, að jeg vil festa verðgildi hennar, þar sem það er nú, raunverulega. En hann vill ekkert aðhafast, og í því felst hættan, að krónan falli þá og þegar. Og ef hann bæri hagsmuni verkamanna eins fyrir brjósti og vera ætti, ætti hann á hverri nóttu að dreyma vonda drauma um afdrif krónunnar.

Hv. þm. (JBald) kvaðst vilja festa krónuna, ef hægt væri, en áleit hinsvegar, að það mundi ekki takast. Jeg hefi við fáa menn talað, sem efast um, að hægra sje að festa hana nálægt raunverulegu gildi, heldur en fara fyrst upp í gullgengi. Enginn óvitlaus maður getur haldið því fram.

Fyrir verkamenn mun stefna hv. þm. (JBald), að gera ekkert, skammgóður vermir og auka á hættuna, sem þeim stafar af hruni atvinnuvega og atvinnuleysi, og hætt er við, að hv. þm. verði skammgóður vermir hið óbifanlega traust, er hann hefir á hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg skal eigi lengja umræður úr hófi fram og hefi þó margt að athuga og mörgu að svara. Sumt má bíða ósvarað. Háttv. deildarmenn hafa og að líkindum þegar myndað sjer skoðun og munu eigi frá víkja, hvað sem sagt verður.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að meiri hl. vildi ekkert gera, en hann og minni hl. fara eftir reynslu erlendra þjóða og áliti hinna merkustu hagfræðinga. Nefndi t. d. Þjóðverja, Tjekka og Finna, sem hefðu stýft gjaldeyri sinn. Hvað Þjóðverja snertir, þá er þetta eigi rjett, heldur hafa þeir tekið upp gullmark, sem er að minsta kosti jafnhátt og fyrir stríð. Hinsvegar hafa Tjekkar og Finnar stýft, hinir síðarnefndu t. d. í ⅙ gullgildis. En jeg hygg óhætt að segja, að aðstæður allar þar og hjer hafa verið næsta ólíkar, alvarlegri miklu, vegna verðlagsbreytinga á útflutningsvörum.

Jeg held, að allir verði að játa, að erfitt sje fyrir eina þjóð að koma aftur upp í gullgildi peningum, sem fallnir eru niður í ⅙ fyrra gullgengis. 1920 var gjaldeyrir Finna kominn niður í 7—8%, síðan hækkuðu þeir hann upp í 13% og stýfðu þar. Ef taka ætti þetta dæmi og heimfæra upp á okkur, ættum við að geta hækkað okkar krónu upp í gullverð. Tjekkar hækkuðu gjaldeyri sinn um tæpan ⅓ eða 30% áður en þeir stýfðu. Háttv. þm. benti á reynslu þeirra, er hækkað hefðu upp í gullgengi, t. d. Englendinga, og taldi afleiðingar þess það, er nú er þar að gerast. Jeg efast um, að vandræði þessi stafi af þessu,

og verður ekki sannað, að þeim valdi gjaldeyrishækkun. Kolanámudeilur Englendinga eiga sjer rætur eldri öllum gengisbreytingum. Síðan um 1874, að minsta kosti, hafa menn þar sífelt brotið heilann um, hvern veg mætti verða afstýrt verkföllum og öðru slíku í þessari miklu iðngrein Englendinga. Háttv. þm. sagði, sem og satt er, að búast mætti við verðfalli á landbúnaðarafurðum þegar á næsta hausti. En hið mesta óráð fyrir landbúnaðinn væri að krefjast lækkaðs gengis nú. Vörur mundu þá hækka í verði. Verkamenn fengju þá ástæðu til að krefjast kauphækkunar, sem væri hið versta bragð landbúnaði vorum. Þá sagði hv. þm. ennfremur, að lægi við borð, að togaraflotanum yrði lagt upp eftir 3 vikur til mánuð. Hygg jeg það rjett vera. En því verður ekki varnað með lækkun á gengi, þó að pundið færi t. d. upp í 24 kr. hefir það ekki þau áhrif, að hægt sje að gera skipin út, vegna verðlags á erlendum mörkuðum. Annars veltur alt á því, hvort hægt er að koma verðlagi innanlands (þar á meðal kaupgjaldi) í samræmi við gildi eða kaupgetu ísl. krónunnar eins og nú er. Margir hafa trú á, að þetta takist, og það áður langt líður, og þeir ráða ekki til stýfingar. En hinir, sem ekki hafa trú á slíku, vilja færa ísl. kr. niður í það gildi, sem er í samræmi við innlent verðlag.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) virtist tregur til að lofa að stuðla að því, að verðlag innanlands nálgaðist kaupmátt krónunnar. Virtist hann vilja miða kaupgjald við þurftarlaun, með hliðsjón af því, hve margar stundir verkamaðurinn fengi vinnu. En að miða við vinnudaga fjölda er ekki rjett, því að ef vinna er of dýr, verður ekki unnið nema hið allra nauðsynlegasta, en ef kaupgjald er í samræmi við innlent verðlag, ganga fyrirtækin vel, og þá er vinna mikil. Það er heilbrigðara, að vinnulaun komist í samræmi við gengi krónunnar, svo að von sje til, að atvinnuvegirnir beri sig. Háttv. þm. sagði, að kaupgjald gæti eigi fylgt markaðsverði. Rjett er það. En það getur og á að fylgja gengi og innlendu verðlagi. Mjer hefir skilist, að hv. þm. hafi lagt til síðast liðið haust, að kaupgjald í hafnarvinnunni yrði kr. 1,25 um klukkutímann, þar með lækkað um 11—12% frá því sem áður var. Ef þetta var lagt til eftir verðlagi í haust, mætti það nú vera 5% lægra. Ef kaupgjald á ekki að stjórnast af innlendu verðlagi og gengi, ætti það að vera jafnhátt, hvort heldur vísitalan er 160 eða 400. Slíkar kröfur valda því, að fleiri og fleiri komast á þá skoðun, að lækka beri gullgildi peninganna. Þeir, er slíkum kröfum halda fram, hjálpa á besta máta þeim, er stýfa vilja. Dylst engum, að ef verðlag innanlands fæst ekki lækkað með hækkandi gengi, þá lendir það í stöðvun atvinnuveganna, og sá möguleiki verður einn fyrir hendi, að stýfa. Þessi möguleiki getur komið, og því vill meiri hl. ekkert ákveða, hvorki til nje frá nú sem stendur.

Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) sagði, að seðlabanki, sem færi með seðlaútgáfu, mundi haga sjer eftir ályktunum Alþingis, eða ætti undir öllum kringumstæðum að gera það. En um það er næsta erfitt að fullyrði nokkuð.

Jeg segi fyrir mig, og jeg býst við fleiri, að væri jeg bankastjóri og Alþingi hefði aðra skoðun en jeg áliti heilbrigða, mundi jeg heldur fara frá en láta segja mjer, hvað jeg ætti að gera.

Hv. þm. talaði um, að samræmis væri

þörf á innlendum og erlendum gjaldeyri. En á hvaða grundvelli á það að vera? Á innlendu vöruverði eða erlendu? Honum þótti og undarlegt, að jeg sagði, að engar hlutlausar þjóðir hefðu stýft, og taldi hann, að það ætti ekki að koma ófriði við. En heimilt er talið þjóðum, sem lenda í annari eins styrjöld og þeirri, er nú er nýlega um garð gengin og ekki er af þeirra völdum, að þær lentu í henni, sem þær reyndar segja hver um sig, heimilt er þeim talið, þó þær hafi önnur tök á fjármálum sínum en aðrar, sem ekki hafa orðið fyrir því óláni, að lenda í heimsstyrjöld. En þær sögðu: Við höfum lent í vandræðum styrjaldarinnar, land okkar hefir eyðilagst, við getur ekki staðið við fjármálaskuldbindingar okkar. Við strikum yfir þær. Við það er látið sitja. En jeg hygg, að það hefði verið tekið fastara á hlutunum, ef Danir eða Svíar hefðu viljað gera slíkt hið sama. Í meðvitund allra fjármálamanna er mikill munur á því, hvort vandræðin stafa af annara ráðstöfunum eða eigin tilverknaði. Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) segist ekki vera trúaður á það, að kaupgjaldið færist niður, þar sem verðvísitala innlendu vörunnar sje 306, en á aðfluttum vörum sje hún 234. Því sje óhugsandi að fá kaupgjaldið niður. Nú er þess að gæta, að verðlag á allflestri innlendri vöru er sett einu sinni á ári, því að það er ekki nema ein kauptíð, haustið. Þessvegna stendur verðlagið venjulega heilt ár, hvort sem það er of hátt eða lágt. Á þeim tíma, sem landbúnaðurinn seldi vörur sínar undir gengisverði, þá stóð það eitt ár, og hann bar hallann, nú er selt hærra verði en gengisverði, og tekur hann þá ágóðann. Jeg tók það fram, að útreikningar mínir á verðlagi innlendrar og erlendrar vöru og kaupgjaldinu gætu ekki verið með öllu ábyggilegir. Þeir geta að einhverju skakkað, en munu þó fara nærri sanni. Háttv. frsm. minni hl. sagði, að við ættum að hafa líkt gengi og viðskiftalöndin. En það er nú ekki hægt, því að í sumum löndum er lággengi, en í öðrum hágengi. Ítalía hefir t. d. lágt gengi, en Svíþjóð hinsvegar hátt. Við bæði þessi lönd skiftum við. En þau lönd, sem við skiftum mest við, hafa hærra gengi en við, svo sem England og Danmörk. Þá fullyrti hann, að afleiðingin af því að stýfa krónuna eða festa hana, væri sú, að við losnuðum við verðbreytingar, kreppur og vinnudeilur. Ef það væri nú rjett, að við losnuðum við þessi óþægindi við stýfingu, en þau margfölduðust við hækkun, þá væri spurning, hvort við ættum ekki að stýfa. En við losnum ekki við þessi óþægindi, þótt við stýfum. Það hafa verið stórar verðbreytingar í löndum, þar sem gengið er fast. Einnig hafa orðið kreppur og harðvítugar vinnudeilur. Þótt það sjeu nokkrir erfiðleikar að fá kaupgjaldið niður, samfara hækkandi gengi, þá álít jeg ekki, að það eigi nú þegar að taka ákvörðun um stýfingu gjaldeyrisins.

Jeg skal játa, að mörg rök hníga að því, að ekki hefði þurft að hækka gengið eins mikið og gert var á síðastliðnu hausti. (**Trþ**: Þurfti þá nokkuð að hækka það?). Já, jeg álít, að það hefði verið hættulegt, ef genginu hefði verið haldið óbreyttu. (**Trþ**: En nú eru bankarnir stórskuldugir ytra). Það mætti vera góður búskapur, ef bankarnir skulduðu ekkert nú, þegar ekkert er flutt út af afurðum vertíðarinnar, og mikið er eftir frá síðast liðnu hausti. Það er óvanalegt, að ekkert skuli vera selt

af húsþurkuðum fiski frá þessari vertíð, og litið af saltfiski. Þegar þar við bætist, að þessi vertíð er ein með lökustu vertíðum, sem komið hafa, þá er ekki við því að búast, að stórútgerðin standi í miklum blóma.

Magnús Torfason: Jeg hefi í öðru sambandi lýst skoðun minni, og skal því ekki vera margorður að þessu sinni. Jeg verð að líta svo á, að eins og ástatt er nú, hvert sem litið er, þá bendi alt til þess, að það hollasta fyrir okkur sje, að okkar króna haldist sem allra sveifluminst. Og jeg játa fúslega, að það er ósk mín, að hún lækki ekki. Jeg mundi telja það mikla ógæfu, ef svo færi. Hinsvegar dylst mjer það ekki, að að því geti rekið, að við neyðumst til þess að lækka krónuna. En reki að því, þá verð jeg að leggja mikla áherslu á, að það verði ekki gert of seint, þess verði vandlega gætt, að lækka hana í tíma, en alt verði ekki látið reka stjórnlaust fyrir vindi og straumi.

En það, sem knúði mig til þess að standa hjer upp, var ein staðhæfing í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Hann lýsti því yfir og lagði á það mikla áherslu, að þetta frv. væri stýfingarfrv. Jeg vil mótmæla því, að hægt sje að kalla þetta stýfingarfrv. Meira að segja liggur það einmitt í orðum 1. gr. frv., sem hæstv. fjrh. (JÞ) taldi sanna sína staðhæfing. Í þeirri grein stendur, að það beri að stöðva gildi ísl. kr. með það markmið fyrir augum, að festa verðgildi peninganna. Og einmitt í orðinu **markmið** liggur það, að þetta er ekki stýfingarfrv. Það er ekki meira en undirbúningur undir stýfingu, undirbúningur undir það, að unt verði að stýfa krónuna. En til þess að geta stýft, þarf ný ákvæði. Reynslan er sú, að til að undirbúa stýfingu, þarf langan tíma. Til þess að stýfa gjaldeyririnn á rjettum grundvelli, þá þurfa menn að hafa fengið fulla vissu um það, hver sje kaupmáttur krónunnar, og sú vissa fæst ekki nema á nokkuð mörgum árum, og sjeu þau ár heldur erfið heldur en hitt. Með öðrum orðum, þessi spurning, hvar stýfa skuli, verður að ganga gegnum eldraun reynslunnar. Það verður að vera reynslan, sem kennir okkur, hvar stýfa skuli. Og þess vegna er það, að stýfingarfrv. getur ekki legið fyrir þinginu að þessu sinni. Og hvað mig snertir, vil jeg ekki taka ákvörðun um hlut, sem hvorki þarf nje á að taka ákvörðun um fyr en eftir mörg ár. Jeg vil, að reynslan kenni okkur, hvað hollast er og rjettast í þessu efni sem öðrum, og þar á meðal þetta, hvort rjett sje að stýfa krónuna. Og það felst ekki annað í frv. en það, að opna leið til þess, að krónan geti orðið stýfð, ef reynslan sýnir, að það sje rjett. Og jeg verð að telja það óverjandi að loka þessari leið, allra helst nú, því hvað ætti til bragðs að taka, ef krónan hrapaði t. d. ofan í 60 aura? Þá hygg jeg, að engum mundi detta í hug að leita þess að koma hennj í gullgengi. Engum mundi detta í hug að kemba upp á þá Bröttubrekku, sem tekið gæti ekki aðeins mörg ár, heldur marga tugi ára. Það er af þessari ástæðu, sem jeg fyrir mitt leyti tel sjálfsagt að fylgja minni hl. fjhn.

En úr því jeg er staðinn upp, þá vil jeg leyfa mjer að benda á eitt fyrirbrigði í gengismálinu, og það er sambandið milli danskrar og íslenskrar krónu. Vjer vitum, að danskri krónu

var haldið of lengi. Það er enginn vafi á því, að land okkar hefir beðið stórkostlegt tjón af því, hvað lengi við höfðum danska krónu. Við athuguðum það ekki, að við áttum ekki að hafa danska krónu, heldur íslenska. Í fyrra vor var íslensk króna komin á hælana á danskri krónu, og stóð þá pundið í ca. 26 kr. En hvað skeður? Krónan er látin halda áfram að standa í stað án nokkurrar nauðsynjar, sökum þess, að það þótti ekki hæfa, að íslensk króna færi upp fyrir danska krónu. En þegar danska krónan fór að fara upp, þá er hún elt á harðastökki. Jeg er viss um, að ef danska krónan hefði farið hægar upp, þá hefði okkar króna líka farið hægar, og þá værum við ekki komnir í fult eins mikið öngþveiti og nú er raun á orðin, hvað snertir afkomu atvinnuvega vorra.

Nú vil jeg benda á það, að það sje mjög hættulegt að elta útlendan gjaldeyri svo sem gert hefir verið. Jeg vil benda á það, að við eigum ekki að hafa danska krónu og ekki heldur laundanska krónu, heldur íslenska krónu með verðgildi, sem miðað er við íslenskt ástand. Þetta vil jeg taka fram hjer vegna þess, að það hefir ekki áður verið gert nógu greinilegа. Jeg vil alvarlega vara við því að líta til annarar handar í þessu þýðingarmesta og merkasta máli þjóðar vorrar.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það lætur að líkum, að jeg sje mjög ósammála hv. meiri hl. um ýms atriði þessa mikla máls. Jeg verð að segja það, að það sje alveg ósannað mál, að hjer sje best að hafa litlar umr., vegna þess að skoðanir manna og umr. sjeu hjer fyrirfram bundnar. Þetta er yfirleitt rangt, og þó einkum hvað snertir slíkt mál sem þetta. Umr. hjer hafa tvennskonar tilgang. Fyrst og fremst hvað snertir afgreiðsluna á þessu þingi og ennfremur afdrif málsins í framtíðinni. Og jeg held, að umr. nú muni ekki eiga lítinn þátt í því að skýra málið og á þann hátt fá þýðingu fyrir endanleg úrslit þess, þó síðar verði.

Þetta er eitt af þeim málum, sem þarf mörg þing til að útkljá, og jeg fæ ekki betur sjeð af sögu gengismálsins, alt frá árinu 1922, en að það hefir þegar unnist mikið að því, er snertir skilning þingmanna á gengismálinu, þó að aldrei hafi verið tekin föst stefna í því. Og mjer virðist alt benda til þess, að þó að þetta þing láti undir höfuð leggjast að afgreiða málið með þeim eina hætti, sem þinginu sómir, þá vona jeg samt, að málið fái á sínum tíma, þó síðar verði, heppilegan enda, og því sje jeg ekki eftir því, þótt nokkurar umræður standi um það, og einkum þar sem nú er viðbúið, að þetta verði síðasta umr. um málið að sinni. Ávextirnir af umræðunum verða að koma eftir á.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) lagði mjer ýmsar skoðanir í munn, sem jeg hefi aldrei látið í ljós, og spurði mig meðal annars um það, hvort samræmið, sem eigi að verða í gengisskráningunni, ætti, að því er mjer skildist, að grundvallast á íslensku vöruverði eða á útlendu. Þetta er fávíslega spurt, því að auðvitað á gengisskráningin, samkvæmt nál. minni hl. nefndarinnar, að fara eftir hvorutveggja. Gengið á að skrá með tilliti til hlutfallsins milli innlenda verðlagsins og verðlagsins í viðskiftalöndunum. Þetta er svo einfalt og ljóst, og raunar aðallögmálið um skráning allr-

ar pappírsmyntar, að jeg fæ ekki skilið, hvernig hv. frsm. meiri hl. fjhn. (JAJ) fer að koma með slíka spurningu.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) gat og um það, að ófriðurinn mikli kæmi þessu máli við að því leyti, sem utanaðkomandi ástæður hefðu ráðið verðlækkun peninga í ófriðarlöndunum, en í landi, sem var fyrir utan styrjöldina, sje það eigin ráðstöfun, sem veldur öllu verðlagi, og því sje skömmin að meiri, ef þarf að verðfesta gjaldeyrinn lægra en var fyrir ófriðinn. Nú vil jeg benda hv. frsm. meiri hl. (JAJ) á það, að það eru einmitt utanaðkomandi áhrif, sem valdið hafa verðbólgnuninni í okkar landi. Við stóðum í svo nánu sambandi við önnur lönd, að við lentum inni í hringiðunni og gátum ekki losnað þaðan. Þetta verður altaf okkar afsökun, en hitt kann líka að verða nokkur afsökun fyrir okkur, að við höfðum ekki ráð og þekkingu til að varast afleiðingarnar af heimsstyrjöldinni, því að þetta gjaldeyrismál er nýtt viðfangsefni fyrir okkar þjóð síðan við urðum sjálfstæðir; það er í fyrsta skiftið, sem þetta mál varð aðkallandi hjá okkur, og við nutum ekki þeirrar reynslu, sem aðrar þjóðir höfðu eftir Napóleons-styrjaldirnar, bæði vegna þess, að við miðuðum ekki viðskifti við peninga í þá daga nema að litlu leyti, eins og aðrar þjóðir, og svo líka af því, að við vorum hluti af öðru ríki. En þær þjóðir, sem áttu aðra eins menn eftir Napóleonsstyrjaldirnar eins og Ricardo og Schweigaard, lentu í kreppu, og tel jeg, að ekki þurfi að ásaka okkur, þótt við höfum lent í viðskiftaöngþveitinu líka að þessu sinni. Okkar skömm er ekki meiri en annara, sem hafa þurft að verðfesta gjaldeyri sinn, og þegar sú breyting er á undan gengin, sem knýr til að taka þessa föstu ákvörðun, þá er það engin lítilmenska og engin undansláttur í því fólgin að taka fasta ákvörðun og hefja fasta stefnu; það þarf karlmensku, dugnað og heilan hug til að leiða festinguna til lykta á heppilegan hátt.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) sagði, að jeg hefði haldið því fram, að við ættum að hafa lágt gengi eða hátt, alt eftir því sem viðskiftaþjóðirnar höguðu sjer. En mjer hefir aldrei dottið í hug að segja slíkt. Vitanlega getum við ekki miðað okkar gengi við það, sem er hjá öðrum þjóðum, sjerstaklega ef það væri stundum hágengi og stundum lággengi. Jeg sagði, að við ættum að miða gengið við hlutfallið milli verðlagsins hjer og í viðskiftalöndunum. Þetta vil jeg ekki þurfa að margendurtaka. Í slíkum misskilningi á mínum orðum liggur töluverð vanþekking eins og þegar hv. frsm. meiri hl. (JAJ) sagði, að jeg hefði fullyrt, að gengisbreytingar ættu að verða einu sinni á ári; það hefi jeg aldrei fullyrt, jeg hefi aðeins sagt það, að ef það þyrfti að verða gengisbreyting, þá á jeg bágt með að skilja, að okkar seðlabanki geti ekki framkvæmt þær á þeim tíma, sem honum er heppilegast, þannig, að hann sjálfur verði ekki fyrir tapi, og ráðið gengisbreytingar við sig að nokkru leyti fyrirfram og til sem lengsts tíma. Hjá hinu verður aldrei komist, að viðskiftamenn hans verði fyrir tapi af hækkunum, bankinn sjálfur getur nokkuð valið tímann, ef hann gerir sjer ljóst fyrirfram, hvaða stefnu skuli hafa á árinu. Og þar sem svo hagar til eins og hjer, með miklum viðskiftasveiflum, þá virðist mjer, að

slíkt sje nauðsyn, að hafa einhverja áætlun um, hvað gera skuli, en láta ekki alt ráðast og breyta kannske genginu, þegar verst gegnir fyrir alla og jafnvel bankann sjálfan. Nei, það hefi jeg aldrei sagt, að það ætti að gera gengisbreytingu einu sinni á ári, því að það er mín skoðun, að gengisbreyting eigi aldrei að verða, þ. e. a. s., að það eigi engin breyting að verða á hinu raunverulega gengi, sanngenginu, þótt það að vísu til þess að byrja með verði að færa hið skráða gengi til móts við sanngengið. Það, að halda föstu genginu, verður altaf áhættuminst. Þá er ekki boðið heim neinni spákaupmensku, og þó að litið sje um hana í okkar landi, þá hljóta þó þeir, sem vilja leggja áherslu á þá hættu, að viðurkenna, að fast gengi hlýtur að draga úr henni, eða öllu heldur gera út af við hana.

Auk þess vildi jeg spyrja hv. frsm. meiri hl. (JAJ), hvort hann sjái ekki nú ástæðu til að taka dagskrá sína aftur, þar sem hann hefir lent í deilum við þann mann, sem hann þyrfti helst að hafa samkomulag við, samkvæmt sínu nál., en það er hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Þeirra samkomulag í deildinni lofar engu góðu, þegar út í kaupdeilur er komið, og þegar hæstv. fjrh. (JÞ) hefir tekið svona í dagskrána, eins og hann hefir gert, og þegar stjórn Landsbankans hefir óskað leiðrjettingar á því, sem haft er eftir henni í nál. Þegar þetta kemur alt saman, fæ jeg ekki betur sjeð en að eina ráðið sje að taka hina „rökstuddu“ dagskrá aftur og annaðhvort fylgja ákveðinni hækkunarstefnu eða ákveðinni festingarstefnu í þessu máli.

Til þess að ljetta undir með hv. meiri hl. og gera honum ljósara, hvert hann stefnir, vildi jeg leggja tvær spurningar fyrir hæstv. fjrh. Fyrri spurningin er sú, hvað hann muni gera, eða að hverju hann muni stefna, ef þessi dagskrá verður samþykt og að því kæmi um líkt leyti og í fyrra, að innieign Landsbankans erlendis yrði 200 þús. sterlingspund. Síðast liðið haust þótti ekki fært að hafa áhættuna af að halda genginu föstu, eftir að innieignin var orðin svo mikil, en í dagskránni er engin ábyrgðarheimild, enda ekki hægt að fela slíkt í dagskrá, og sje jeg heldur ekki, að fyrir liggi nein sú ábyrgð, ef málið er afgreitt með rökstuddri dagskrá. Þessvegna vildi jeg spyrja, að hverju hæstv. ráðh. (JÞ) muni stefna í gengismálinu, ef á næsta hausti verður sama innieign á sama tíma og á síðasta hausti, þegar gengisbreytingin varð. Í öðru lagi vildi jeg spyrja um það, hvaða stefnu hæstv. fjrh. (JÞ) myndi hafa á sínum tíma, ef skuldir beggja bankanna við útlönd fara hærra upp eða lengra niður — hvort heldur sem á að segja — heldur en í 200 til 300 þúsund sterlingspund. Jeg óska að fá að vita, hvaða áhrif hæstv. fjrh. (JÞ) vill leyfa framboðinu að hafa á genginu, og hvaða áhrif hann vill leyfa eftirspurninni að hafa, ef núna fæst engin ábyrgð fram yfir það, sem til var á síðasta ári. Þessar fyrirspurnir ber jeg að vísu fram nokkuð mín vegna, en þó ekki síður vegna háttv. meiri hl. í nefndinni, sem hefir láðst að koma með þær.

Þá vil jeg snúa mjer að hæstv. fjrh. Það var nokkur ágreiningur okkar á milli um notkun tveggja orða; jeg hafði óskað eftir að „festing“ væri notað um það að festa gjaldeyrinn, og „stýfing“ um það að breyta myntlögunum, til þess að hafa ákveðin, „verðföst“ orð,

svo að merking orðanna þurfi ekki að valda misskilningi. Nú þótt hæstv. ráðh. (JÞ) neiti að nota orðin í þessari merkingu, hann um það, ef hann gerir jafnan ljóst, um hvað hann er að tala. Jeg nota orðin í þessari merkingu, og þessvegna nota jeg ekki orðið „stýfing“ um frv. það, sem hjer liggur fyrir. En því verður ekki neitað, að frv. stefnir að því, að hægt verði að stýfa, síðar meir, ef tilganginum verður náð.

Svo var það annað orð, sem jeg hafði notað í nokkuð annari merkingu en ráðh. líkaði, sem fjekk mjög óblíðan dóm hjá honum, það var orðið „dýrtíð“. Hæstv. ráðh. (JÞ) segir, að þetta orð tákni aldrei annað en það, að minna fáist af vöru fyrir sama gjaldeyrismagn. Jeg vil ekki taka undir þennan skilning hæstv. ráðh. (JÞ). Þegar við segjum, að dýrtíð fari vaxandi, þá eigum við venjulega ekki við þetta í daglegu tali, heldur að vöruverð fari hækkandi meðan að kaupið standi í stað. Og þegar sagt er, að dýrtíðin fari minkandi, á allur almenningur við það, að vöruverð fari lækkandi, en kaupið standi í stað. Um þetta hygg jeg, að ekki sje hægt að deila, og því er það rjett, sem jeg sagði áður, að dýrtíð sje: óhagstætt hlutfall milli launa og vöruverðs. Þessa merkingu ætti að „verðfesta“. Í slíkum málum sem þessum þarf þess oft með að skilgreina orðin, og stundum þarf þess við að nota gömul orð í nokkuð nýrri merkingu, og er ekki við því að amast. En orðið „dýrtíð“ nægir að nota í þeirri merkingu, sem tíðkast, en það sjest best á ummælum hæstv. ráðh., að ekki er vanþörf á að gera sjer grein fyrir, hver hún er. Það á ekki að nota það í þeim veiðihug, sem hæstv. fjrh. (JÞ) og flokksmenn hans nota það. Þeir segja: við viljum ljetta dýrtíðinni af almenningi. Og svo skilur allur almenningur það þannig, að vöruverð eigi að lækka, en kaupgjaldið að standa í stað. Nei, það á að nota orðið í rjettri merkingu og ekki að villa menn með slíkum flugum sem þessum. Það, sem um er að ræða, þegar talað er um dýrtíð, er ekki krónufjöldi, heldur kaupmáttur dagsverksins, það, hvað fæst fyrir eins dags kaup. Það er það, sem skiftir máli, en ekki hver krónufjöldinn er, margar smáar, eða fáar stórar krónur. Ef hæstv. ráðh. (JÞ) og hv. meiri hl. fjhn. vill tala svo, að almenningur skilji, þá eiga þeir ekki að segja: við viljum minka dýrtíðina, því að það verður misskilið, heldur eiga þeir að segja: við viljum hækka kaupmátt dagsverksins. En það skilst mjer, að hæstv. ráðh. (JÞ) ætli ekki að gera, en það er aftur stefna hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Nei, þessi notkun orðanna á ekki heima í þingsal, og ekki er heldur rjett að nota þau í kosningabaráttu, þó að slík beita gæfi þar kannske nokkur atkvæði, því að þegar það svo á að skiljast þannig, að það eigi bæði að lækka vöruverðið og kaupið, þó ekki sje haft orð á því, þá er hætt við, að kjósendurnir fari að tala um, að þessir menn, sem eru svo hræddir við svikinn gjaldeyri, sjeu ekki eins hræddir við svikin orð.

Hæstv. ráðh. (JÞ) tók undir með nefndinni um það, að verðlag á erlendum vörum væri nú að miklu leyti komið í samræmi við núverandi gengi, en svo bætir hann við, að afleiðingin sje sú, að við fáum jafnmikið fyrir okkar útflutningsvörur eins og okkur beri eftir framleiðslukostnaði. En þetta er ekki rjett, því að framleiðslukostnað-

urinn er háður hinu háa verði á öllum innlendum vörum og vinnu, ekki síður en verðlaginu á erlendu vörunni. En það er öllum vitanlegt og líka margsagt, að hið innlenda verðlag er miklu hærra en sem svarar genginu. Atvinnurekendurnir, sem þurfa að láta sína reikninga vera í jafnvægi, þeir fá ekki það, sem þeir þurfa að fá til að komast hjá tapi, jafnvel þótt verðlag hinnar innfluttu vöru sje komið í samræmi við gengið. Út af þessu sagði svo hæstv. ráðh. (JÞ), að deilan sje í rauninni ekki um annað en það, að við eigum erfitt með að koma okkur saman um, hvernig skuli skifta því andvirði, sem við fáum fyrir okkar útflutningsvörur. En þetta er heldur ekkert smáræði. Jeg veit ekki betur en að það sje stærsti þátturinn í allri innanlandsbaráttu okkar, einmitt þetta, hvernig skuli skifta andvirðinu fyrir okkar framleiðsluvörur. Það er hægt að segja, að deilan sje „ekki um annað“ en þetta eina, en það er nú einmitt það, sem mestu máli skiftir.

Hæstv. ráðh. (JÞ) virtist undrast það stórlega, að við kæmum nú fram með kröfu um verðfesting gjaldeyris, þegar við hefðum ekki aðra ástæðu fram að færa en þá, að kaupið væri heldur hátt, miðað við núverandi gengi, og þótti það heldur rýrar ástæður til að byggja á það, sem hann kallar „gífurlega röskun á öllu“. En er það ekki einmitt svo, að það er kaupgjaldið og verðlagið á innlendu vörunum, sem veldur mestu um framleiðslukostnaðinn, og á þá og að ráða mestu um gengið? Það má segja eins um þetta, að það sje ekki annað en „þ e t t a“, en þetta er enginn hjegómi, heldur aðalatriðið. Að segja þetta „ekki annað“ í sambandi við alla örðugleika, er „ekki annað“ en að loka augunum fyrir þeim. En hjer þarf annars við. Hjer þarf að horfast í augu við örðugleikana, en það er dygð, sem hækkunarmenn iðka ekki, að játa fullkomlega, hvaða örðugleikar sjeu á þeim vegi, sem þeir eru að leggja út á.

Hæstv. ráðh. (JÞ) hefði ekki þurft að verða svona hissa á því, að við leggjum aðaláhersluna á innlenda verðlagið og kaupgjaldið í landinu, því ef hann hefði litið í bók, sem heitir „Lággengi“, á bls. 152, þá hefði hann sjeð, að „sjerhverri gengishækkun verður að fylgja tilsvarandi verðlagslækkun.“ Þetta kemur okkur öllum saman um, og um að erlenda varan lagast tiltölulega auðveldlega eftir genginu, og að verð útfluttu vörunnar verður líka að lagast eftir genginu, þótt menn hafi ekki efni á að selja hana eins lágt og hið hækkaða gengi heimtar. Öll reynsla og skynsamleg athugun sýnir einmitt, að erfiðast er að fá þá lækkun á kaupi og innlendum afurðum, sem þarf til þess að gengishækkunin geti staðist. En nú er einmitt mestur hluti framleiðslukostnaðarins fólginn í kaupi. Segir prófessor Cassel, að kaupgjaldið verði ætíð „þýðingarmesta atriðið, þegar til lengdar lætur („det alldeles övervägande momentet“) til ákvörðunar á gildi gjaldeyris þjóðanna í millilandaviðskiftum“. Það er enginn nýr sannleikur, sem við flytjum, og jeg býst við, að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi gert sjer þann sannleik ljósan manna fyrstur á þessum síðustu og verstu tímum. Nei, það eru þessvegna mjög „billeg“ rök, sem mjer finst vera hæstv. ráðh. ósamboðin, að halda því fram, að frá okkar sjónarmiði verði heimtuð stýfing, eins og hæstv. ráðh. (JÞ) orðar það, í hvert skifti sem nokkurt ósamræmi kemur á milli kaup-

gjalds og verðlags á útfluttum vörum. Þetta eru alt of ljettvæg rök, þar sem það er viðurkent, að kaupið er of hátt, miðað við gengið og við það kaup, sem var 1914. Og ef við samt eigum að hækka gengið óðar en jafnvæginu er náð, úr 80 aurum, upp í 85, 90, 95 og alt upp í 100 gullaura, þá er þetta ekki nein venjuleg kreppa, heldur samanhangandi röð af kreppum, þar sem má líkja hverju fyrir sig við eðlilega kreppu á venjulegum tímum. Þetta myndi kosta mörg ár og taka mjög mikið af arði atvinnuveganna. Á síðasta ári hækkaði gengið eitthvað um 20%; atvinnuvegirnir borguðu 8% af lánum sínum. Til þess að geta borið sig, hefðu þeir átt að hafa 28% í arð, en það er nokkuð mikill ágóði, og ógætilegt að reka gengispólitík á þeim grundvelli, að þeir geti þolað slíka blóðtöku ár eftir ár.

Hæstv. fjrh. (JÞ) lagði áherslu á, að það væri misskilningur hjá minni hlutanum, að við losnuðum við kreppur og verðfall, ef við festum. Og hv. frsm. meiri hl. tók mjög ánægjulega undir þennan visdóm. En jeg hefi aldrei sagt þetta, hvorki viljandi nje óviljandi, eða heyrt annan segja það. Skilningur hv. frsm. meiri hl. á orðum mínum er bara ekki meiri en þetta. Jeg hefi aldrei sagt annað en það, að við losnuðum við allar kreppur, sem að öðrum kosti myndu stafa af gengishækkuninni. Það, að vilja ekki losna við slíkar kreppur af þeirri ástæðu, að aðrar kreppur geti dunið yfir, er líkt og ef læknir, sem ætti að laga fótbrot á gigtveikum manni segði: „Það er til lítils að gera við fótbrotið; gigtin batnar ekkert fyrir það."

Jeg býst ekki við, að hv. meir hl. fari út í þær ógöngur, að halda því fram, að kreppa fylgi ekki gengishækkunarpólitík, og til þess að vara hann við að fara lengra út í þá sálma, vil jeg lesa dálítið upp úr „Lággengi" Jóns Þorlákssonar. Á bls. 54 stendur: „Það hafði þannig tekið 32 ár, frá 1813 til 1845, að koma fullri lögun á peningamálin, og þó hafði verðfall seðlanna móts við silfur á því tímabili numið meira en 33%. Allan tímann, sem seðlainndrátturinn stóð yfir, hafði þjóðbankinn mjög haldið að sjer hendinni um útlán. Verðhækkun peninganna á þessu tímabili leiddi af sjer verðfall á eignum og afurðum; innstæðumenn fengu sína eign hækkaða í verði fyrirhafnarlaust, en athafnamenn báru byrðina, arðsvonir þeirra brugðust sí og æ vegna lækkandi verðs. Fullyrt er, að þessi hjöðnun (Deflatio) eða eyðing verðlagsbólgunnar, með þeim sífeldu vonbrigðum fyrir athafnamennina, framsóknarmennina, sem henni fylgdu, hafi gert þá kynslóð svartsýna í öllum efnum, sem hafði lifað æskuár sín á þessu tímabili."

Hjerna er mjög ljós lýsing á því, hvaða áhrif hækkunin hefir, og þessi lýsing er ekki gerð í hita baráttunnar, heldur er hún gerð á rólegum tímum, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) af vísindalegum áhuga liggur yfir þessu viðfangsefni.

Hirði jeg svo ekki um að lesa upp fleiri lýsingar, en þeir, sem vilja kynnast þessu nánar, geta lesið um það á bls. 33—34 í „Lággengi".

Það er alveg rjett hjá hæstv. háðherra, að þau lögmál eru til í viðskiftalífinu, sem munu valda verðlækkun, ef haldið er til langframa óeðlilega háu gengi. Viðskiftalífið læknar sig jafnan sjálft — en með þjáningum. Þegar hæstv. ráðherra sagði þetta, greip jeg fram í

fyrir honum. Vísaði hann mjer þá að kynnast þessu í einhverri byrjunarbók í hagfræði. Jeg var alls ekki að spyrja hann um lögmálið sjálft. Heldur hefði mjer þótt gaman að fá hann til að útskýra verkanir þess, því að það er aðalatriðið, hvernig slík lögmál verka. Og jeg kann betur við, að hækkunarmenn dragi ekki upp eintóm köld „abstrakt" lögmál, heldur dragi upp fyrir okkur myndir af veruleikanum, því að það talar til skynsemi og tilfinninganna að auki. Viðskiftalífið læknar sig sjálft, en með slíkum harmkvælum, að engin huggun er að því að vita af lögmálunum, ef þekkingunni er ekki beitt til að afstýra hættunni.

Orðalag hæstv. ráðherra er altaf þetta sama, að hann sje mótfallinn stýfingu gjaldeyrisins „að nauðsynjalausu". Þarna býr hann sjer til dyr til þess að smjúga út um. Hann er ekki búinn að brenna skip sín eða rífa brýrnar. Þessar dyr eru ekki lokaðar. En það hefir þær afleiðingar, að hann má ekki tala um „svik" í þessu sambandi eins mikið og hann gerir. (**Fjrh. JÞ:** Jú). Nei! Því þá leiðir af því, að það megi svíkja, ef nauðsynlegt þykir.

Það er þjóðarhagur að því að festa gengið. Þeir einu, sem geta haft tap af því, eru þeir fáu innstæðueigendur, sem eiga fje frá fornu fari. En það væri mögulegt að bæta þeim mönnum upp, sem fyrir mestu tapinu verða, t. d. þeim, sem eiga peninga frá 1914. Þó að það hafi kostað mikið umstang á Frakklandi á sinni tíð, þá efast jeg um, að það sje óframkvæmanlegt á okkar litla landi. Er jeg því ekkert á móti því, að þetta sje rannsakað, og þessum mönnum sje veitt linkind, ef kleift þykir.

Það var mjög harðorð setning hjá hæstv. ráðherra, og honum ekki samboðin, að segja, að festing væri sama og leyfa skuldunautum að svíkja lánardrottinn sinn. (**Fjrh. JÞ:** Jeg sagði stýfing). Það er sama, því festing er leið til stýfingar. En úr því hann sagði stýfing, þá skal jeg fletta upp í „Lággengi", þar standa á bls. 148 þessi orð: „Þetta eru svik, sem þjóðfjelagið getur ekki leyft sjer, ef aðrar færar leiðir eru, segja hækkunarmenn. Óneitanlega væri verknaðurinn hinn sami sem sviksemi fyrri tíma í peningamálum, en hvort verknaðurinn með rjettu verður nefndur sama ljóta nafninu, ef hann er framkvæmdur opinberlega með lagasetningum, það er annað mál."

Jeg fæ ekki skilið þessi orð öðruvísi en hæstv. ráðherra finnist þetta ljóta nafn óviðeigandi. Og að þetta mál heimti önnur orðatiltæki en þau, sem freistast er til að nota, þegar afla á kosningarfylgis.

Úr því jeg er með „Lággengi" í höndunum, þá vil jeg fletta upp á „kúrantseðlunum" dönsku, sem stóðu einu sinni í „pari", en voru stýfðir. Á bls. 52 stendur: „Það er fljótsjeð, að handhafar gömlu „kúrantseðlanna" urðu ekki fyrir neinu ranglæti, þó verð seðlanna væri með lögum fært niður í námunda við hið raunverulega verð þeirra á sama tíma."

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að ráðherrann sjálfur hefir látið gefa út ríkissjóðsseðla, sem ekki eru trygðir með gulli og engin innlausnarskylda fylgdi. Og með þeim seðlum hefir hann látið greiða innstæðueigendum fyrir seðla, sem þeir hafa lagt inn og staðið hefir á, að væru innleysanlegir í gulli. Ef það orð ætti við í þessu sambandi, eru þarna svik. En að ráðherrann leyfir

sjer þetta og enginn kvartar, stafar af því, að í þessu sambandi er ekki hægt að tala um svik. Því að seðlar eru ekki venjuleg skuldabrjef, og gjaldeyririnn er fyrst og fremst reikningseining.

Ef við getum orðið sammála um, að gera mun á venjulegum skuldabrjefum og gjaldmiðli, þá þurfum við ekki að nota orðið „svik“ í þessu sambandi. Ef um svik er að ræða í þessu efni, þá er marga búið að svíkja. Þannig eru það þá alt af svik, í hvert skifti sem maður borgar skuld, sem stofnuð er fyrir stríð, með lággengisseðli, og ef stýfingin á að heita svik, þá er Cassel, okkar ágæti lærifaðir, foringinn í þessu svika og þjófafjelagi, sem fyrir verðfestingunni berst.

Hjer á landi er kannske sjerstaklega óviðeigandi að tala um svik í þessum málum, því að þegar Íslandsbanki var settur á stofn, var honum ekki falin sjerstaklega sú skylda, að halda föstum gjaldeyrinum, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir bent á í „Lággengi“. Aðeins óbeint, að því er fólst í innlausnarskyldunni. En þegar hún fjell burtu, var ekkert lagaákvæði eftir, sem skyldaði bankann til að halda gjaldeyrinum föstum. Við höfum hingað til verið eins og óvitar í þessum efnum. Við vissum fyrst ekki af því, þegar gjaldeyririnn okkar fjekk sjálfstætt gildi erlendis, hvernig á því stóð, að hann fjell. Menn kendu þetta jafnvel dönskum selstöðukaupmönnum. Og þegar verðlagshækkunin var hjer sem mest, heyrðist ekkert talað um, að hún gæti verið hættuleg, en svo hlaut þó að fara, að hún leiddi af sjer verðfall peninganna.

Jeg get svo endað ummæli mín á því, sem jeg byrjaði þau, að okkur er ekki eingöngu minni svívirðing í að festa okkar peninga en öðrum þjóðum, heldur er okkur líka meiri vorkunn. Því að við höfðum ekki vit á þessum málum fyr en of seint. Og fullorðinn maður getur ekki borið ábyrgð á því, sem hann gerði, meðan hann var óvita-barn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir hv. frsm. minni hl. fjhn. (ÁÁ) hafa gefið meira tilefni til langra umræðna en sanngjarnt er gagnvart sárþreyttum þingdeildarmönnum. Jeg get ekki komist hjá því að svara nokkrum atriðum ræðu hans, því að hann beindi henni meira til mín en til hv. frsm. meiri hl. fjhn. (JAJ). Jeg skal þá byrja á því, er hann kom að, undir ræðulokin, er hann gerðist siðavandur, og vítti það, að jeg nefndi orðið svik í sambandi við stýfingu að nauðsynjalausu. Hann fórloflegum orðum um bókina „Lággengi“ og sagði, að hún væri ekki skrifuð í hita, heldur með rólegri og nákvæmri athugun. Hann las kafla úr bókinni. En þar segi jeg hið sama og nú. Hvað stendur í bókinni? Þar stendur þetta: „Þetta eru svik, sem þjóðfjelagið getur ekki leyft sjer, ef aðrar færar leiðir eru til, segja hækkunarmenn“. Þetta er skrifað með rólegri athugun, og jeg hefi ekki gert annað hjer en að endurtaka þetta. Jeg bæti svo við í bókinni, að annað mál sje, hvort verknaðurinn verði nefndur sama ljóta nafninu, þegar hann sje framkvæmdur opinberlega með lagasetningu. Því sama hefi jeg haldið fram nú. Altaf þegar jeg hefi viðhaft þetta ljóta orð, þá hefi jeg haft fyrirvarann: að nauðsynjalausu. Þá er stýfing sama eðlis sem svik. Hitt verða ekki kölluð svik, þótt þjóðir, sem eru kúgaðar og hrjáðar af langvarandi styrjöldum, grípi

til þessa úrræðis, þegar þær eiga ekki annars kostar.

Hitt er misskilningur, að það sjeu svik, þegar þær breytingar verða á genginu, að þjóðirnar geri seðla sína óinnleysanlega. Það er í eðli sínu líkt og greiðslufrestur. Innstæðueigendur halda rjetti sínum óskertum, þar til innlausnarskyldan er lögleidd aftur. Þá var það rjett, sem þessi hv. þm. hafði eftir mjer um stýfingu dönsku „kúrant-seðlanna". Handhafar þeirra urðu ekki fyrir neinu ranglæti, þó að verð þeirra væri með lögum fært niður í námunda við hið raunverulega verð þeirra á sama tíma. En hv. þm. var á villigötum, er hann talaði um, að jeg hefði leyft mjer að gefa út seðla, sem ekki voru trygðir með gulli, og engin innlausnarskylda hvíldi á, og menn hefðu svo orðið að taka við slíkum seðlum upp í kröfur sínar. En það er misskilningur, að jeg hafi leyft mjer að gera þetta. Jeg gerði það samkvæmt lögum frá Alþingi. Samkvæmt stöðu minni var jeg ekki annað en verkfæri til þess að framkvæma vilja löggjafarvaldsins. En hjer er heldur ekki um svik að ræða, því að seðlarnir eru ekki almenn skuldabrjef, og á því byggist, að handhöfum þeirra er ekki órjettur ger með þessu.

Jeg skal ekki fara mikið út í rjettlætið í því að fella seðlana í verði. Það er satt best að segja, að ef fara ætti að skifta gæðum milli manna eftir einhverju ímynduðu rjettlæti, þá hygg jeg, að þyrfti að stinga hendi í margra vasa og láta í vasa annara. En auðlegð og fátækt skiftast ekki eftir slíku rjettlæti. Hingað til hefir sá grundvöllur verið látinn nægja, að eignirnar væru fengnar á löglegan og heiðarlegan hátt. Annar betri grundvöllur undir vernd eignarrjettarins hefir ekki enn verið fundinn. Þessu verðum við að fylgja, og á þessum grundvelli standa hækkunarmenn. Þeir vilja ekki kippa í burt þeim löglega grundvelli, sem eignir og skuldir byggjast á, frekar en taka t. d. fasteign frá auðugum manni og fá hana í hendur öðrum fátækari, þótt jafnari skifting gæðanna fengist á þann hátt. Jeg skal setja fram reikningsdæmi, til skýringar á ranglæti því, sem stýfingin veldur, og háttv. þm. mun í rauninni viðurkenna. Hugsum okkur, að maður hafi átt 100 kr. 1914, og hafi haft þær á vöxtum síðan og lagt vextina við höfuðstólinn. Eftir þessi 12 ár væru 100 kr. með þessu móti orðnar að 170 kr. Árið 1914 gat hann fengið tiltekið vörumagn fyrir peninga sína. Nú vill hann kaupa vörur fyrir peninga sína, og skulum við gera ráð fyrir því, að verðlagið fari eftir smásöluvísitölu hjer. Þá fær hann nú fyrir þessa peninga sína vörur, sem kostuðu árið 1914 66 krónur. Í stað þess að fá vextina, hefir hann tapað þeim og ⅓ af höfuðstólnum. Þetta hefir hann gefið þjóðfjelaginu. Svona fer, ef stýft verður. Þá er tekinn af innstæðueigendum allir vextir og ⅓ innstæðunnar. En þetta er ekki rjettlæti, heldur lögleysa, ef önnur úrræði eru fyrir hendi. En ef krónan er hækkuð upp í gullgildi, þá verður niðurstaðan sú, að innstæðueigandinn tapar vöxtunum og ⅕ af innstæðunni. (**ÁÁ**: Vilja þá hækkunarmenn svíkja?) Nei, þetta hefir tapast vegna breytinga á kaupmætti gullsins, rás viðburðanna hefir svift innstæðueigandann þessu.

Þá skal jeg snúa mjer að byrjun ræðu hv. þm. Hann beindi til mín tveim spurningum. En hann getur ekki vænst þess, að jeg svari þeim nú. Verði jeg

í þeirri stöðu, sem jeg er nú í, til næsta hausts, þá mun jeg fylgja ákvörðunum þingsins. Jeg hefi spurt meiri hluta nefndarinnar, hvað leggja beri í dagskrána, en ekki fengið svar, og svo er ekki vitað enn, hvort dagskráin verður samþykt eða ekki.

Um orðin festing, stýfing og dýrtíð þýðir ekki að deila mikið. Það er misskilningur hjá hv. þm., að menn hugsi um hlutfallið milli kaupgjalds og vöruverðs, er þeir tala um dýrtíð. Menn miða við, hvað þeir fá fyrir peninga sína. Þannig hefir það verið alla tíð frá því að Columbus fann Ameríku. Menn hafa talað um dýrtíð í sambandi við það, að þeir fengu minna fyrir peninga sína en áður.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði það fullum fetum í ræðu sinni, að í haust mundi verða mikið verðfall á innlendum afurðum. Jeg vil nú trúa því, af því að mjer finst það eðlilegt. Verðvísitalan af innlendu afurðunum er nú 306, en af þeim útlendu 234. Þessi mismunur hlýtur að rjettast á þann hátt, að hin innlenda vara fari niður. Þegar því er nú haldið fram af flm. frv., að verðlag muni lækka mikið, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að gera örvæntingaráðstafanir; jeg hygg, að óhætt sje að bíða til hausts. Verðbreytingar á lanbúnaðarvörum fara fram einu sinni á ári. Eftir slíkum verðbreytingum verður að bíða til þess árstíma, sem er haustið.

Jeg skal ekki fara mikið út í það, sem hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) sagði um gengishækkunina í Danmörku á árunum 1813—1845. Alt, sem í „Lággengi" stendur um það, er eftir öðrum bókum haft. Það kemur ekki oft fyrir, að menn fái tækifæri til þess að öðlast reynslu á þessu sviði. En Napóleonsstyrjaldirnar og ófriðurinn mikli hafa fært mönnum heim sanninn um það, að hægfara gengishækkun er óhagstæðari fyrir þjóðfjelögin en hröð gengishækkun. Ef hækkunarstefna er upp tekin, er betra, að hækkunin komi fljótt, heldur en hún sje dreifð yfir langan tíma. Jeg veit, að hv. þm. kannast við þessa skoðanabreytingu, sem er bygð á reynslu síðustu ára. En ef á að fara að bera saman erfiðleikana hjer og í Danmörku 1813, þá er mjög ólíku saman að jafna. Á árunum 1807—1813 dundu miklar hörmungar yfir Danmörku. Bretar skutu höfuðborgina í rústir og tóku skipaflotann o. fl., o. fl. Þetta er nokkuð annað en það, sem gerðist hjer á stríðsárunum. Við höfum ekki orðið fyrir þeim efnalegum áföllum, sem rjettlæta það, að við fellum gjaldeyri vorn í verði. Það hefir mikla þýðingu fyrir rás viðskiftalífsins, hvort það tekst að hækka gjaldeyrinn og hve auðveldlega sú hækkun tekst. Hækkunin 1924—5 var framkvæmd auðveldlega. Jeg skal engu spá um þá hækkun, sem eftir er, hvort hún er möguleg eða ekki. — Jeg get ekki verið að eyða tíma í að útlista lögmálið um framboð og eftirspurn og verkanir þess á vinnulaunin. Það þekkja allir, sem komnir eru til vits og ára.

Að síðustu fann þó hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) það, að það þurfti að leita að afsökunum fyrir þjóðfjelagið fyrir að bera fram, fylgja og lögtaka aðra eins ráðstöfun og þá, sem gerð yrði, ef frv. væri samþykt.

Og afsökunina fann hann þar, sem hennar var helst að leita. Hann taldi okkur hafa verið óvita. Og eins og fullorðinn maður eigi ekki að bera ábyrgð á því, sem hann gerði meðan hann var óviti, eins getum við ekki borið nú á-

byrgð á þeim málum, sem fóru úr lagi, meðan þjóðin var óviti.

Þetta getur e. t. v. gilt sem afsökun í sumra augum. En út á við verður þessi afsökun lítils metin. Ef við tökum þetta okkur til afsökunar, verða aðrar þjóðir hræddar um, að við sjeum ennþá óvitar, fyrst við vorum það 1918 og næstu árin þar á eftir. — Jeg er hræddur um, að lagasetning í þessa átt myndi verða lögð okkur út til ámælis í nágrannalöndunum og veikja traust á okkur. Myndi það ekkert bæta úr, þótt við gætum gefið þá skýringu, að við hefðum verið óvitar frá því 1918—23, en værum nú orðnir svo klókir, að vilja ekki bera ábyrgð á því, sem þá mistókst.

Að síðustu skal jeg aðeins svara því, sem hv. frsm. (ÁÁ) gat um í ræðu sinni, að hjer hefði aldrei verið tekin nein stefna í gengismálinu. Jeg verð nú að segja það, að mjer finnast þetta ómakleg ummæli. Á þinginu 1924 var tekin svo ákveðin stefna í gengismálinu, að hún hefir aldrei komið betur í ljós. Á því þingi voru gerðar allar þær ráðstafanir, sem stöðvuðu lækkun, en ýttu undir hækkun krónunnar, — og það var hárrjett stefna. En það hefir verið sagt af kunnugum mönnum, að þá hafi aðeins eitt verið látið ógert, og það var að taka lán erlendis. Alt annað var gert; það voru föst tök, sem þá voru tekin í gengismálinu. Það er fyrst nú, að horfið er frá þessari stefnu. Nú er að koma fram stefnuleysi í þetta mál. Og þótt mönnum hafi verið þetta mál óljóst, þá verða þó allir að viðurkenna, að bæði vilji og viðleitni þjóðarinnar hefir altaf miðað að því, að hindra lækkun, en auka hækkun krónunnar eftir því, sem efni hennar hafa staðið til. Svo að afstaðan 1924 var ekki annað en fullkomnun og festing á þeirri viðleitni, sem áður hafði gert sig gildandi hjá bönkum, þingi og stjórn; viðleitni, sem áður hafði ekki borið eins sýnilegan árangur og síðar fram kom.

Jeg held, að meðan ekki fylgja þessari stefnu meiri erfiðleikar en nú eru fram komnir, þá eigi ekki að víkja frá henni og fara að samþykkja frv.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg hafði búist við því, að aðrir tækju til máls á undan mjer, og ef hv. frsm. meiri hl. (JAJ) vildi tala nú, sparaði það mjer að tala aftur. Mjer þykir einkennilegt, ef hv. frsm. meiri hl. ætlar ekki að segja meira í þessu máli. Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um, að upplýsingar ættu eftir að koma í málinu frá þeim, Jeg á og eftir að fá upplýsingar frá hæstv. fjrh. (JÞ) áður en atkvæði falla um málið. Jeg geri ráð fyrir því, að meiri hl. segi við hæstv. ráðh. (JÞ), ef hann verður tregur til svara, vegna óvissu embættisins: Við gerum ráð fyrir, að ráðh. (JÞ) sitji til næsta hausts, og að dagskráin verði samþykt. Þá er spurningin: Hvað myndi hann gera? Hann hefir áður lent í þessum vanda og ætti að vera ljett um svar.

Hæstv. ráðh. (JÞ) hjelt því fram, að verknaðurinn sje hinn sami, þegar stýft sje, eins og þegar á miðöldunum var blandað saman gulli og eir. Þetta kallaði hann svik. En hjer er tvennu óskildu jafnað saman. Í þá daga var örðugt fyrir almenning að átta sig á gildi málmpeninga og blöndunarhlutföllum, og þurfti hálærða menn og víxlara til þess að ganga úr skugga um, að ekki væru svik í tafli. En nú geta allir, um leið og þeir taka við seðli, vitað, hvaða gullgildi hann hefir, og menn eru frjálsir að

því, hvort þeir vilja eiga hann lengur eða skemur, vegna áhættunnar. Þeir hafa alla þekkingu á verðmæti seðilsins og þeim breytingum, sem á því kann að verða, — og er því ómögulegt að tala um, að þeir sjeu „sviknir. Ef um svik væri að ræða, þá er þegar búið að fremja þau, en það var þegar innlausnarskyldan var upphafin, og nú orðið er ómögulegt að bæta þeim, sem þá voru „sviknir" skaða sinn. Skaðabætur koma ekki í hlut hinna rjettu manna, við hækkun krónunnar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kvaðst ekki hafa gefið út seðla, sem væru óinnleysanlegir. Hann gerir það þó samkvæmt lögum frá Alþingi. Ef hann teldi það rangt og sviksamlegt, þá hefði hann komið fram með yfirlýsingu um, að þingið yrði að vera við því búið, að innleysa þurfi þessa seðla í „pari". Jeg skal ekki halda því fram, að þetta beri vott um, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje deigur hækkunarmaður. En það ber vott um, að úr því að hann hefir enga athugasemd gert um þetta atriði, þá er það af því, að hann í rauninni telur innlausnarskylduna aukaatriði fyrir almenning, og til þess eins gerða, að vera aðhald að seðlaútgáfunni. Slík seðlaútgáfa er undir öllum kringumstæðum frávik frá hinni miklu áherslu, sem hæstv. ráðh. (JÞ) leggur n ú á gullinnlausnina almennings vegna.

Hæstv. fjrh. gerir mikið úr því, hve rjettlætið sje lítið í þessum jarðneska táradal og vill láta sjer nægja að tryggja mönnum það, að eignir, sem þeir hefðu fengið á löglegan og heiðarlegan hátt, yrðu ekki frá þeim teknar. Þetta er að vísu gott og blessað, en þó er nú svo, að frá þessu hefir oft verið vikið, þegar söfnunin er orðin of mikil annarsvegar og örbirgðin hinum megin. Þegar munurinn er orðinn of mikill, grípur rjettlætið í taumana, og verða þá þeir, sem sjerrjettindanna njóta, að gefa upp nokkuð af hlunnindum sínum eða eiga byltingu á hættu. Svo var það í Róm og á Frakklandi á dögum stjórnarbyltingarinnar miklu. En ýmsar þjóðir hafa komist hjá byltingu með því að vera ekki alt of harðar á þeirri meginreglu, sem ráðherrann gaf. Jeg nefni þetta ekki af því, að það hafi þýðingu fyrir okkur. Við erum bændaþjóð og megum sæmilega una við rjettlætið í okkar fjelagslífi og þurfum vart að óttast byltingar, sem af auðsöfnun og örbirgð leiða, og komumst hjá því harðhenta rjettlæti, sem byltingum er samfara. En jeg nefndi þetta af því, að hækkunarpólitík hæstv. ráðherra er í sjálfu sjer bylting. Aðrar byltingar eru gerðar til þess að skapa meira rjettlæti. En sú bylting, sem hækkunarstefnan felur í sjer, er ekki gerð til þess að skapa rjettlæti, heldur til þess að auka ranglæti og til þess að fullnægja dauðum lagabókstaf og rjettlætistilfinning þeirra manna, sem heldur vilja sjá himin og jörð forganga en að einn stafkrókur lögmálsins líði undir lok. Svona er það, og jeg hefði svarið fyrir það í fyrra, þegar við „byltingamennirnir" í Framsóknarflokknum ætluðum að steypa þjóðskipulaginu með því að verja tóbakseinkasöluna, — eins og hv. andstæðingar okkar sumir hjeldu fram —, að við mundum standa hjer eftir eitt ár og verja þjóðskipulagið gegn fjármálabyltingu hækkunarmanna. Það þýðir ekki að einblína á það, að skila eigi seðlamagninu í gulli og undir því eigi almenningur alt. Því að menn miða ekki við gull, heldur gæði. Og þau gæði, sem menn fá fyrir sama seðlamagn og

áður, eru ⅓ minni, þótt í gullverði sje. Gullið hefir fallið í verði í heiminum, og stórveldin halda verði þess sjálfrátt niðri til að komast hjá „deflation". Menn fá því ekki greidda til fulls innstæðu, sem til var orðin fyrir stríð, þó krónan verði hækkuð. Gullið gefur ekki fullkomið rjettlæti þessum fáu innstæðum, sem rjett hafa á sjer. Í öðru lagi byggir þessi fullyrðing, að skila beri í gulli þeim innstæðum sem menn eiga, á þeirri kröfu, að gullið falli í skaut hinna sömu manna, sem áttu þær, þegar er þær fjellu í verði, því að annars væri engu rjettlæti fullnægt. En það rjettlæti fæst ekki með hækkun, því að í flestum tilfellum yrði með hækkuninni öðrum skilað fjármununum en þeim, sem þeir hafa verið teknir frá; margir, sem innstæðu áttu, þegar þær voru að falla í verði, hafa tapað öllu, sem þeir áttu, sumir eytt því og aðrir dánir. Það er ekki hægt að skila þeim aftur með hækkuninni, sem tekið hefir verið með lækkuninni. Hækkunarágóðinn lendir í alt annara manna vösum. Þetta er að hengja bakara fyrir smið.

Jeg ætla ekki að þrátta frekar um það við hæstv. fjrh. (JÞ), hvor okkar noti „dýrtíð" í rjettari merkingu. Hann nefndi dæmi, sem sannar mitt mál, því að þegar verðlækkunin varð á 16. öldinni vegna gull- og silfurstraumsins frá Ameríku, voru það peningarnir, sem byrjuðu að lækka í verði, en kaupið kom fyrst á eftir og hækkaði að sama skapi. En þetta dæmi sannar mitt mál, að alla 16. öldina var dýrtíð, þ. e. hlutfallið milli kaups og verðlags var óhagstætt. Í sambandi við þessa staðreynd má geta þess, að menn þurfa ekki að óttast, þó verðhækkunin nú verði varanleg, því að þá kom einhver hin stærsta verðhækkun, sem sögur fara af. — — —*

Það má líka benda á þýsku stríðin í þessu sambandi. Þau gerðu Dani ekki svartsýna, heldur bjartsýna. Þau sköpuðu framtak og framfarir á öllum sviðum og gerðu Dani að öndvegisþjóð heimsins í búnaði. Gengishækkunin þar á fyrri hluta 19. aldar hafði aftur ekki í för með sjer örðugleika, sem slær inn og skapa dáð og dug, atorku og eldmóð. Erfiðleikar hækkunarinnar valda svartsýni og deyfð, eins og hæstv. fjrh. hefir lýst í „Lággengi".

Jeg get ekki tekið undir það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að 1924 hefði verið tekin ákveðin stefna í gengismálinu, sú, að hækka krónuna. Þá var svo ástatt, að lækkunin var orðin svo mikil, að áður en stöðva bæri gengið, þurfti að hækka það nokkuð, svo að það kæmist í samræmi við verðlagið. Verðlagið lagaði sig aldrei fullkomlega eftir genginu eins og það var lægst. Það, sem gert var 1924, var ekkert annað en að stöðva á brautinni niður á við. En 1925 vildu menn hægfara hækkun eða festingu. Og hæstv. fjrh. hefir lýst yfir því, sem skoðun sinni, að nú bljesi byrlegar meðal fjármálamanna fyrir hraðfara hækkun en hægfara. En fyrst nú hægfara hækkunar möguleikinn er úr sögunni, þá er aðeins hinn möguleikinn, festingin, eftir af þeim tveimur, sem gert var ráð fyrir á síðasta þingi. Hafi því verið tekin nokkur stefna í gengismálinu á Alþingi, þá var það sú, að halda genginu föstu, og hækka það ekki.

Jakob Möller: Enda þótt umræður

* Óleiðrjettanlegur kafli frá hendi skrifarans. *Á. Á.*

hafi gefið tilefni til þess að segja margt, ætla jeg þó ekki að halda langa ræðu, því að mjer finst, satt að segja, umr. vera orðnar óþarflega langar. (**Fjrh. JÞ:** Alveg rjett). Alveg rjett, sagði hæstv. fjrh. (JÞ). Hann sagði þó í dag, að ágreiningsatriðin milli meiri og minni hl. gæfu tilefni til margskonar hugleiðinga um málið. Eftir nál. er ágreiningurinn hjer ekki annar en sá, hvort taka eigi ákveðna afstöðu til gengismálsins nú eða síðar. Minni hl. vill taka ákvörðunina nú og samþykkja verðfesting eða stýfingu, en meiri hl. vill láta halda genginu föstu til næsta þings og sjá, hvað setur. En hann vill ekki taka ákvörðun um það nú, hvað síðar eigi að gera, en eins og stendur í nál., álítur hann, að fyrir geti komið, að færa þurfi gengið niður og jafnvel stýfa það lægra en í gullgildi. Aðalágreiningurinn er aðeins um það, hvort eigi að taka ákvörðun um þetta eða fresta því til næsta þings.

Meiri hl. telur ekki, að það sje neinn vinningur að lækka gengið, ef komast má hjá því, og álítur, að það verði ekki til annars en að gera glundroðann enn meiri en hann nú er. Hann vill því, sem sagt, ef unt er, halda því gengi, sem nú er, og hyggur, að verðlagið muni laga sig eftir því. Það er ekki ómögulegt, að það geti orðið eins og hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) alls ekki vill neita, þó að hann álíti erfiðleikana svo mikla, að ekki muni borga sig að leggja út í þá. Ef á að festa gengið, þá veit maður ekki, hve langt á að fara í því að elta þetta kaupmáttarjafngengi. Hjer er runnið alveg blint í sjóinn. Það geta jafnvel komið áhrif, sem verka beint á móti, og það er lítt hugsanlegt, að hægt sje að reikna þetta út.

Meiri hl. vill vinna að því, að verðlagið komist í samræmi við það gengi, sem nú er, og sjá síðan, hvort það muni borga sig að hækka krónuna upp í gullgildi. En til þess að samræma þetta, þarf kaupgildið að komast í samræmi við afrakstur atvinnuveganna. Náist það ekki, er alt í óvissu í framtíðinni, enda þótt verði farið að rjála eitthvað við gengið, og það getur jafnvel leitt til hækkunar á kaupi eða að minsta kosti tekið af alla lækkun.

Nú höfum við haft ákveðið gengi í ½ ár, og verðlagið hefir verið að laga sig eftir því. Við viljum halda í þennan fasta punkt, en ekki kasta okkur út í hringiðuna. Það er auðvitað erfiðara sem stendur, því að við eigum við kreppu að búa, verðlag á útfluttum afurðum er fyrir neðan það, sem venjulegt er, og ekki hægt að segja um, hvað kaupgjaldið má vera, til þess að komast í samræmið við gengið.

Það kom fram í umr., og vil jeg undirstrika það, að hagsveiflur gætu komið á venjulegum tímum, án þess að hafa áhrif á gengið, þegar peningarnir hafa fast gildi, seðlar innleysanlegir með gulli. Það hefir verið látið of mikið undan slíkum hagsveiflum nú að undanförnu, og af því stafar að miklu leyti sú ringulreið, er við komumst í og ógöngur. Gengið hefir verið notað til þess að jafna upp hagsveiflur, sem það á alls ekki við.

Um dagskrártill. get jeg sagt fyrir mig, að jeg vil halda mjer við orðalagið, að halda beri genginu föstu. Er það því mjög skýrt.

Rökst. dagskráin er stíluð til stjórnarinnar, og þar sem hún segir, að eitthvað beri að gera, þá ætlast þingið til, að stjórnin taki það til greina eða geri

það. Í seinni málsliðnum er sagt, að treysta megi, að þetta sje hægt að gera án fjárhagslegrar áhættu. En ef ekkert ætti að gera, væri auðvitað um enga áhættu að ræða. Till. er því ekki í ósamræmi við nál., þótt hæstv. fjrh. (JÞ) líti svo á. Það er að vísu tekið fram á öðrum stað, að meiri hl. álíti, að ef yfirlýsing kemur um, að þetta eigi að gera, þurfi eigi ríkisábyrgð. Vegi það svo mikið, að til slíks þurfi ekki að taka. Það er óþarfi að vera að deila um skilning á þessu, en það er rjett, að nefndarmenn hafa viljað taka mismunandi ríkt til orða um þetta atriði.

Mjer finst, að deildin ætti að geta komið sjer saman um að afgreiða málið á þennan hátt og fresta því til næsta þings.

Í nágrannalöndunum hafa menn verið að glíma við þetta mál, t. d. í Noregi, en það hefir dregist á langinn að ákveða, hvað gera skuli, og er vandsjeð, hvaða leið þeir fara. En það er óeðlilegt og í raun og veru óheppilegt, að taka ákveðna afstöðu til þessa máls, án þess að vita, hvað þeir gera. Okkur liggur heldur ekkert á að taka endanlega ákvörðun fyr en á næsta þingi.

Þeir, sem ekki vilja hækka gengið upp í gullkrónu, vilja hætta þar á hækkunarbrautinni, sem verðlagið kemst í jafnvægi við gengið. En hækkunarmenn álíta, að jafnvægi geti komist á, þó að ekki sje stýft. Ef það nú sýnir sig, að þessu jafnvægi er eigi hægt að ná, og ef reynslan sýnir, að málinu verði ekki ráðið á annan hátt, þá gæti bæði meiri hl. og minni hl. nefndarinnar orðið ásáttir um að festa gengið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg mun ekki nú, fremur en áður, fjölyrða um einstök atriði málsins. Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) hefir fullkomlega haldið á málstað okkar festingarmanna að því leyti.

En úr því að nú fer að síga á seinni hluta þessarar umræðu, sem jeg geri ráð fyrir, að verði síðasta umræðan á þessu þingi, vil jeg enn víkja að nokkrum almennum atriðum, jafnframt því, sem jeg geri ráð fyrir, að skiljast við málið að sinni.

Það kom í ljós, sjerstaklega í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM), hve mismunandi skoðanir eru í þeim hóp, sem verður nú til þess að koma máli þessu fyrir kattarnef.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að allir væru í rauninni festingarmenn, sumir vildu festa í ca. 80 aurum en aðrir í 100 aurum. Þessa flokka má báða, með miklum rjetti, kalla festingarmenn. En í hópnum, sem fylgir hæstv. ráðherra til að drepa þetta frv., eru líka aðrir. Sumir samferðamenn hæstv. fjrh. (JÞ) vilja fresta öllum ákvörðunum, eins og t. d. 3. þm. Reykv. (JakM), og vita ekkert, hvað á að gera. Og loks eru í hópnum þeir menn, sem greiða atkv. gegn frv. með það fyrir augum, að krónan falli, án þess að hafa hugmynd um, til hvers kunni að draga. Jeg tek það fram, að jeg beini þessu ekki til hv. 3. þm. Reykv. (JakM). En þeir eru samt í þeim meiri hl., er fellir frv. Það vantar því mikið á, að allir megi bera nafnið festingarmenn.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. (JakM) eitt, sem jeg vil draga fram og mótmæla. Hann sagði, að við festingarmenn vildum kasta okkur út í hringiðuna. En það er einmitt hið gagnstæða. Við festingarmenn viljum losa okkur úr hringiðunni og ná föstum grundvelli. Og við förum þá leið, sem merkustu og bestu

menn, sem nú eru uppi, hafa bent til, að farin yrði.

Þá eru það enn tvö atriði, sem jeg vil víkja að. Vænt þótti mjer um það, að hæstv. ráðh. (JÞ) skyldi játa, að hæg hækkun krónunnar væri erfið. Hann tekur þá líklega hjer eftir þátt í því með okkur, að kveða niður tröllatrú manna á því, sem er mjög almenn, að hæg hækkun sje hið æskilegasta og besta. En fjrh. sagði aftur á móti, að margir væru komnir á þá skoðun, að ör hækkun væri ákjósanleg. Mjer finst ástæða til þess að spyrja hæstv. fjrh. (JÞ), hvort hann ætlar að keppa að því eða beita sjer fyrir því, að ör hækkun verði á hinni íslensku krónu. Mjer finst það, satt að segja, liggja beint við að álykta af orðum hans, að hann muni beita áhrifum sínum til þessa. Því ber ekki að neita, að hækkunarmenn í Danmörku eru á þeirri skoðun, enda hrósa þeir nú sigri yfir hækkun dönsku krónunnar. En skoðun þessi er ný og engin reynsla enn fengin. Er það því alveg óverjandi að slá því þegar föstu, að skoðunin sje rjett. Og eftir frjettum, sem jeg hefi frá Danmörku, vil jeg halda því fram, að það muni bráðlega koma í ljós, hve háskalegt var að gera þetta.

Kem jeg þá að síðasta atriðinu, og það er tal hv. frsm. meiri hl. (JAJ) og þó sjerstaklega hæstv. fjrh. (JÞ) um svikin, ef fest yrði verðgildi krónunnar. Fjrh. vildi halda því fram, að sú leið, sem við færum í þessu máli, væri sama og að fremja svik. Jeg ætla að fara nokkrum orðum um þetta, af því að höfuðástæðan fyrir festingu er sú, að jeg er sannfærður um, að við komumst næst rjettlætinu með því að taka það ráð. Það verður ekki hægt að ráða fram úr þessu máli eftir neinni leið, án þess að framið verði eitthvert ranglæti eða svik. En jeg fullyrði, að svikin verða minni með því að festa en hækka, og vísa um það atriði til greinargerðar frv. og rita erlendra fræðimanna. Jeg vildi láta þetta koma fram, án þess að taka upp öll rök og tilvitnanir til hinna færustu manna, enda hefir hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) minst rækilega á þetta. En það er persónuleg skoðun mín, að við náum m e i r a r j e t t l æ t i með því að fara þessa leið.

Út af dæminu um manninn, sem hafði 100 krónur á vöxtum síðan 1914 og verður nú fyrir miklu ranglæti við festinguna, vil jeg taka annað dæmi. Það er maður, sem tekur 1000 kr. lán, þegar krónan er sem lægst. Þetta lán notar hann til þess að rækta jörðina. En á meðan hækkar krónan, og loks verður þessi maður, sem unnið hefir þjóðþrifaverk, að borga lánið 50% hærra. Þetta er þó miklu þarfari maður þjóðfjelaginu en sá, sem 1914 lagði 100 kr. í sparisjóð, og þetta er miklu átakanlegra ranglæti en hitt.

Jeg ætla ekki að tala meira um einstök atriði, en jeg vil fylgja málinu til grafar með örfáum orðum. Það var samkvæmt kröfu fjhn. Nd., að þetta mál kom inn í þingið. Hún lagði fyrir gengisnefndina að athuga það og koma fram með till. í því. En jeg einn af gengisnefndarmönnunum hefi lagt á mig það verk að undirbúa þetta mál og bera fram frv. viðvíkjandi því. Jeg veit, að það muni falla, og jeg harma það, því að jeg er sannfærður um, að þetta er besta og rjettlátasta lausnin á málinu. Jeg fullyrði, að ráðherra vinnur þennan sigur með atfylgi manna, sem

hafa gerólíkar skoðanir á gengismálinu, en sameinast um það eitt, að gera ekkert. Sigur hans verður Pyrrusarsigur, og það mun sannast um hann, eins og um Pyrrus forðum: „Ef hann vinnur annan slíkan sigur, er úti um hann."

En þó að jeg biði nú ósigur um þetta frv. mitt, má jeg um margt vel við una. Jeg hefi unnið stórkostlega mikið á í máli þessu. Jeg er viss um, að hundrað sinnum fleiri menn fylgja þessari stefnu nú en þegar jeg hreyfði henni fyrst í fyrra. Þeir verða allmargir hjer í þinginu, sem greiða atkv. á móti þessari dagskrá og fylgja frv. Og sumir þeirra manna, sem hjálpa munu hæstv. fjrh. (JÞ) að koma þessu frv. fyrir kattarnef nú, hafa látið þau orð falla, að ef til vildi, yrði fyr eða síðar að fara þá leið, sem jeg held fram. Jeg get því í raun og veru að töluverðu leyti hrósað sigri um leið og jeg geri ráð fyrir, að þetta frv. muni falla.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil ekki þreyta hv. deild á því að svara hv. frsm. minni hl. (ÁÁ). Aðeins skal jeg benda honum á, hversvegna varð að gefa út millibilsseðlana. Það voru lög frá 1921 um inndrátt Íslandsbankaseðlanna, sem gerðu það óhjákvæmilegt, af því dregið var að gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni.

Það var misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að þessi rökstudda dagskrá væri stíluð til stjórnarinnar. Það þarf ekki að liggja í henni neitt til stjórnarinnar. Jeg get viðurkent það, að hún snúi sjer til stjórnarinnar að því leyti, sem hún fjallar um aðgerðir af hennar hálfu eða meðferð á ríkisfje.

Jeg skal lýsa því, hvernig jeg skil dagskrána að því er snertir aðgerðir í málum, sem jeg get ímyndað mjer, að til stjórnarinnar muni koma. Jeg skil till. svo, sem stjórnarvöldin eigi ekki að gera neitt það, sem gæti gert stýfingu óhjákvæmilega eða hindrað eðlilega hækkun krónunnar síðar meir, ef svo ber undir. Jeg skil till. ennfremur svo, og get þar einnig vísað til viðtals við meiri hl. nefndarinnar, sem ekki sje ætlast til þess, að ríkissjóðsfje sje lagt í verulega áhættu til að afstýra gengissveiflum á árinu, en þó sje ekki tilætlunin að binda hendur stjórnarinnar beinlínis í því efni.

Út af ummælum hv. flm. (TrÞ) skal jeg geta þess, að jeg var ekki beinlínis að lýsa minni skoðun á kostum og löstum hægfara og hraðfara hækkunar. Jeg var að lýsa breytingum þeim, sem almennt hafa orðið á skoðunum manna um það efni á síðustu tímum. En þessi reynsla manna um öra hækkun er svo ný, að ekki er hægt að byggja beinlínis skoðun sína á þeirri reynslu.

Háttv. flm. spurði, hvort jeg vildi beita áhrifum til þess að stöðva mjög öra hækkun krónunnar. Jeg hefi sagt áður, að svo miklu leyti, sem þessi mál geta farið eftir mínum vilja, byggi jeg ósk mína og von um hækkun krónunnar á velgengni atvinnuveganna, að hún komi á eðlilegan hátt. Hvernig jeg beiti áhrifunum fer eftir því, hvernig á stendur fyrir atvinnuvegunum. **(TrÞ:** Á þá gengið að lækka, ef illa gengur?). Þar tek jeg undir með hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að reynt mun í lengstu lög að verjast því, að sveiflur fari með gjaldeyrinn á ringulreið. Enginn þarf að ímynda sjer, að hægt sje að bæta úr örðugleikum slæms árferðis með því að lækka gjaldeyrinn í verði.

Jeg skil vel, að hv. flm. (TrÞ) vilji

ekki láta mann, sem tekið hefir 1000 króna lán til jarðræktar, komast í þá raun að borga þær aftur hærra verði. En löggjafarvaldinu til afsökunar má færa það, að þegar maðurinn tók lánið, voru landslögin þannig, að hann varð að vera við því búinn að greiða aftur gullgildi peninganna. Hinsvegar hafði sá, sem lagði fje inn í sparisjóð 1914 enga ástæðu til að búast við, að hann með lögum yrði sviftur þeim rjetti, að fá fje sitt greitt aftur fullu verði. Dæmið var annars klóklega valið hjá hv. flm. (TrÞ), og vissulega hefði honum ekki verið eins ant um þennan skuldunaut, ef hann hefði tekið lán til þess að versla, t. d. með sement.

Jeg tel engan óstyrk í því fólginn, þó að þeir menn, sem nú standa á móti frv., hafi mismunandi hagsmuna að gæta. Jeg tel það einmitt styrk hækkunarstefnunnar, að um hana sameinast menn, sem að öðru leyti hafa mismunandi skoðanir. En það er af þeirri ástæðu, að mörgum þykir varhugavert að gera þá röskun á peningamálunum, sem stýfing mundi leiða af sjer.

Spádóm háttv. flm. um, að þetta sje Pyrrusarsigur fyrir mig, læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. Afstaða mín er sú, að jeg byggi von mína um hækkun krónunnar á velgengni atvinnuveganna. Mjer finst það sannarlegt gleðiefni, ef atvinnuvegunum vegnar svo vel í framtíðinni, að takast má að lyfta þessari byrði. Jeg get látið mjer standa á sama, þó að það gleðji hv. flm., ef atvinnuvegunum verður svo þungt fyrir fæti, að þetta tekst ekki. En jeg gleðst ekki yfir því með honum. Jeg hefi reynt að kynna mjer gang atvinnulífsins hjá okkur undanfarin ár, og jeg verð að segja, að þó oft hafi komið erfið ár, hefir þó jafnan verið blessunarlega stutt í milli hinna áranna, sem svo mikinn arð hafa gefið, að afgangur hefir orðið. Þetta held jeg að rjettlæti fullkomlega þá stefnu að bíða hins hentuga tækifæris í þessu máli. Jeg geri mjer von um, að þessi ládeyða, sem atvinnulíf okkar er nú að sigla inn í, verði ekki svo löng, að hún nái að drepa úr þjóðinni kjarkinn nje draga úr þeim áformum að skila gjaldeyrinum í löglegu verði.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg get staðfest, að sá skilningur, sem hæstv. fjrh. leggur í dagskrána, er rjettur, að svo miklu leyti sem ekki greinir á innan meiri hl. nefndarinnar. En það er svo, að við meiri hl. menn erum ekki alveg sammála um, að hve miklu leyti ber að taka áhættu af sveiflum yfir á ríkissjóðinn. Við teljum, að ekki þurfi að óttast sveiflur til næsta þings, ef gengið er ekki lækkað, vegna þess að um hækkun geti varla verið að ræða eins og nú horfir við um atvinnuvegina.

Að öðru leyti skal jeg ekki lengja umræðurnar, þó að ærið tilefni væri til að svara ýmsu, sem hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) hefir haldið fram. Það er aðeins eitt atriði, sem jeg vildi benda honum á. Hann vill ekki viðurkenna, að hann hafi sagt, að gengið eigi að grundvallast á verðlaginu í viðskiftalöndunum. En hjer stendur á bls. 3 í nál. minni hl.:

„Aðalgrundvöllur gengisins er, þegar til lengdar lætur, verðlagið í viðskiftalöndunum."

Jeg sje, að deildin býst við atkvæðagreiðslu, og skal því ekki tefja tímann.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins

örfá orð út af því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði síðast. Jeg vil sem þingmaður mótmæla þeirri skoðun, að stjórnin hafi heimild til að hætta nokkru af fje ríkisins til að halda núverandi gengi, ef dagskráin verður samþykt. Jeg held, að í meiri hl. fjhn. sjeu menn, sem leggja áherslu á það atriði.

Hæstv. fjrh. sagði, að dæmi mitt um 1000 krónurnar til jarðræktar hefði verið klóklega valið. Já. Það var það. Hann sagði, að jeg mundi ekki hafa borið eins mikla umhyggju fyrir manninum, ef hann hefði tekið lán til að versla með sement. Það er alveg rjett. Jeg álít, að sá, sem ræktar jörðina, vinni miklu þarfara verk heldur en sá, sem verslar með sement. Auk þess munu þeir, sem versluðu með sement í sumar sem leið, hafa grætt ekki alllítið á hækkun krónunnar, svo raunar er hjer óliku saman að jafna. — Hæstv. fjrh. sagði, að styrkur hækkunarstefnunnar væri í því fólginn, að menn með ólíkar skoðanir að öðru leyti sameinuðu sig um hana. En hann verður að viðurkenna, að það eru fjölda margir, sem alls ekki fylgja þessari stefnu. — Hann sagðist byggja hækkunarvon sína á velgengni atvinnuveganna. Mjer fanst hann um leið vilja leggja mjer í brjóst, að mjer mundi ekki vera sjerlega ant um atvinnuvegina. En auk þess að ná meira rjettlæti er það höfuðtilgangur þessa frv., að gera atvinnuvegunum mögulegt að búa við velgengni. Það er nokkurn veginn augljóst mál.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg bjóst við því, að hv. flm. (TrÞ) væri ekki eins ant um þá skuldunauta, sem lán hafa tekið til verslunarreksturs, og hina, sem fjenu hafa varið til jarðræktar. En má jeg benda hv. þm. á, að yfirgnæfandi hluti þeirra skulda, sem nú stendur ógreiddur frá lággengisárunum, er einmitt fé, sem tekið hefir verið að láni til verslunarreksturs. Mjög mikill hluti þeirra skulda, sem hv. flm. er nú að berjast fyrir, að hlutaðeigendur fái ódýra úrlausn á, er til orðinn vegna verslunarreksturs. Hitt, sem farið hefir til jarðræktar, er örlítið. Jeg get varla farið að skattyrðast enn út af aðgerðum stjórnarinnar í gengismálinu. En það litla, sem stjórnin hefir gert í því máli, hefir alt verið í þá átt að halda í hemilinn á hækkun, bæði árið 1924 og 1925, en þingið hafði ekki þá ætlað stjórninni eiginlega neinar sjerstakar aðgerðir á því sviði, og ef sú dagskrá, sem nú liggur fyrir, verður samþ., er það einnig svo, að ekki heldur þetta þing ætlar stjórninni sjerstaklega miklar aðgerðir í málinu til næstu þings.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) fer ekki með rjett mál, þar sem hann heldur því fram, að hans aðgerðir hafi fyrst og fremst miðað að því að halda í hemilinn á hækkun krónunnar. Hæstv. ráðh. á sök á því, að þessi mikla hækkun hófst í haust, þegar hann neitaði Íslandsbanka um styrk til þess að kaupa erlendan gjaldeyri.

Út af hinu, sem okkur hefir farið á milli um lánin, vík jeg ekki frá því, að mjer er annara um þann skuldunaut, sem varið hefir fjenu til jarðræktar. En jeg vil ekki heldur láta fremja það ranglæti gagnvart hinum, sem skulda vegna verslunarreksturs, að þeir sjeu látnir borga miklu dýrari krónur en þeir fengu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil að-

eins gera þá leiðrjettingu, að í minni stjórnartíð hefir Íslandsbanka aldrei verið neitað um neitt, sem hann hefir farið fram á í sambandi við gjaldeyrisverslun. Hitt er rjett, að neitað hefir verið tilmælum eins manns úr gengisnefndinni (TrÞ).

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það, sem jeg var að mótmæla hjá hv. frsm. meiri hl. (JAJ), var það, að jeg hefði sagt, að okkar gengi lagaði sig eftir verðlaginu í viðskiftalöndunum. Hv. þm. (JAJ) hefir líklega misheyrst. Eins og hann veit, hefir minni hl. í nál. sínu lýst, í hverju verðfestingarstefnan er fólgin, — að peningunum sje haldið í því verði, sem samsvarar kaupmætti þeirra í innanlandsviðskiftum. Hinu hefi jeg aldrei neitað, að til er sú leið, að láta verðlagið í landinu laga sig eftir genginu, en sú leið er torfærari og hefir enga kosti fram yfir hina. Þó mun jeg taka vel undir sáttaumleitanir hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og get fallist á það fyrir mitt leyti, að frv. sje breytt í það horf, að núverandi gengi verði fest um óákveðinn tíma. Næstu þing gætu svo gert nauðsynlegar ráðstafanir til stýfingar. Þó er jeg aðeins einn um það ennþá að játa þessu sáttaboði, sem komið er frá einum manni úr hv. meiri hl. fjhn. En ef menn vilja sinna þessu, þarf ekki nema stutt hlje til að semja skriflegar brtt. við frv. til að laga þetta. (**TrÞ:** Það má líka vel bíða til 3. umræðu.). Það tel jeg þó óráðlegra, þar eð svo gæti farið, að frv. yrði felt áður.

En jeg segi aðeins þetta til hæstv. fjrh. (JÞ), að þar sem hann byggir von sína um velgengni atvinnuveganna á hækkun krónunnar, byggjum við verðfestingarmenn vonir okkar um velgengni atvinnuveganna á föstum gjaldeyri, og um það er enginn ágreiningur, að það, sem atvinnuvegirnir þarfnast helst til að geta þrifist, er, að verðlagið sje í samræmi við gengið, en samkvæmt stefnu hæstv. fjrh., ef á að fara eftir henni, hygg jeg, að þess geti orðið alllangt að bíða, að atvinnuvegirnir hljóti þetta öryggi. Þó vil jeg freista samkomulags á þeim grundvelli, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir stungið upp á, ef hv. meiri hl. fjhn. vill fylgja honum að því máli.

Halldór Stefánsson: Þessi dagskrá er svo einkennileg og þannig orðuð, að út lítur fyrir, að enginn skilji hana til hlítar, því bæði þeir, sem ætla að fylgja þessari dagskrá fram og stjórnin sjálf, sem dagskráin er stíluð til, hafa orðið að gefa orðmargar skýringar á henni, en þó svo ónákvæmar og óskýrar, að engu er enn um bættara. Nú vil jeg óska þess, að hæstv. stjórn gefi þegar skýringu, sem hún leggi skjallega fram, áður en gengið er til atkvæða, svo að menn geti áttað sig á þessu áður og ekki verði um það deilt eftir á, hvað menn hafi samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi þegar lagt skriflegar skýringar frá minni hendi, fyrir hv. frsm. meiri hl. fjhn., og var það rjettur vettvangur. Hins get jeg ekki vænst, að skoðanir mínar falli vel í geð hv. minni hl., og því getur hv. minni hl. heldur ekki vænst þess, að jeg leggi skýringar mínar undir hans dóm.

Halldór Stefánsson: Jeg óska aðeins, að dagskráin verði þá lesin upp aftur,

áður en gengið verður til atkvæða um hana.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 499, frá meiri hl. fjhn., feld með 12 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÞórJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, KlJ.

nei: MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JörB, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

1. gr. frv. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MT, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, BSv.

nei: BL, HK, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, ÞórJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 14 : 8 atkv.

Brtt. 441, 1, a. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 441, 1, b. samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 441, 2, samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. þar með fallin.

5.—8. gr. (verða 4.—7. gr.) samþ. með 15 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 12 atkv.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 524).

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki hefja langa ræðu eða gefa tilefni til langra umræðna, þar sem búið er að ræða þetta mál nokkuð lengi hjer í deildinni. Eins og menn munu hafa tekið eftir, er þetta mál var hjer til 2. umr., þá greiddi jeg atkvæði bæði á móti dagskrá meiri hl. fjhn. og frv. sjálfu. Jeg var á móti hinni rökstuddu dagskrá, sem fór fram á að halda genginu stöðugu til næsta þings, af því að aftan í hana var hnýtt, að ríkissjóður ætti að taka að sjer alla þá fjárhagslegu áhættu, sem af því stafaði að halda genginu föstu. Þótt jeg viðurkenni það, að snöggar sveiflur á genginu sjeu hættulegar fyrir atvinnuvegi landsins, þá tel jeg það óforsvaranlega ráðstöfun, að láta ríkissjóð taka á sínar herðar alla þá fjárhagslegu áhættu, sem af því getur leitt, að halda genginu föstu, og fyrirfram er ekki hægt að gera sjer neina grein fyrir því, hve mikið fje ríkissjóður yrði að láta af mörkum til að fullnægja slíkum ráðstöfunum, og get jeg því ekki verið með því að leggja slíkt til. En á móti frv. var jeg vegna þess, að jeg hefi enga trú á því, að það skipulag, sem þar er farið fram á, leysi þau vandræði, sem lággengið hefir leitt yfir þjóðina, og það því fremur, sem jeg álít, að stýfingin geti haft verulega hættu í för með sjer. En ef stjórnarvöld þau, sem hlut eiga að máli, ríkisstjórnin, bankastjórnirnar og gengisnefndin, gætu með sínum ráðstöfunum spornað á móti því, að snöggar verðsveiflur yrðu á krónunni, þá tel jeg það mikilsvert. Jeg vil því skora á þessa aðilja, að reyna að halda genginu sem stöðugustu þangað til næsta þing kemur saman. Samkvæmt framansögðu leyfi jeg mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í trausti þess, að landsstjórn, bankar og gengisnefnd kosti kapps um að afstýra því, að veruleg röskun verði á gengi íslenskrar krónu til

næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BSv): Þessi rökstudda dagskrá liggur þá einnig hjer fyrir til umræðu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þessi dagskrá, sem nú er fram komin, er í samræmi við það, sem jeg ljet í ljós í upphafi umræðna um þetta mál. Þá sagði jeg, að mjer fyndist, að hækkunar- og stýfingarmenn ættu að geta verið sammála um að halda því gengi, sem nú er á krónunni, fyrst um sinn. Þessvegna hefi jeg ekkert að athuga við innihald þessarar dagskrár. Auðvitað geta komið fyrir ástæður, sem verða þess valdandi, að þessum aðiljum, ríkisstjórn, bönkum og gengisnefnd, verði um megn að halda gengi íslenskrar krónu föstu eða sveiflulitlu. En jeg er fús á að taka við þeim tilmælum til stjórnarinnar, sem í dagskránni felast, að beina starfskröftum í þá átt, að hindra gengissveiflur til næsta þings.

Sveinn Ólafsson: Jeg bjóst ekki við því, að svo fljótlega mundi til atkvæða gengið um þetta mál, sem nú virðast horfur á. Jeg hafði afhent til prentunar brtt. við 1. og 3. gr. frv. En jeg sje fram á það, að þær verða tæplega komnar til útbýtingar, þegar atkvæðagreiðslan fer fram, ef hún dregst ekkert. En þessar brtt. mínar fela í sjer ráðstafanir, er nálgast nokkuð sömu niðurstöðu og dagskrá sú felur í sjer, sem fram er komin, en þó hefði jeg frekar kosið frv. samþykt með þeim breytingum en dagskrána, sem lítið tóm hefir fengist til að athuga. Jeg mun þó ef til vill geta sætt mig við dagskrána, ef ekki er um brtt. að ræða, af því að jeg tel litlar líkur til þess, að frv. verði afgreitt á þessu þingi, og jeg álít dagskrána betri en fall frumvarpsins.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Áður en jeg læt í ljós afstöðu minni hl. fjhn. til dagskrárinnar, vil jeg spyrja hv. flm. að því, hver sá vandi er, sem gengisbreytingin hefir leitt yfir þjóðina og frv. fær ekki leyst úr, og ennfremur hver sje sú „töluverða hætta“, sem frv. hefir í för með sjer. Jeg óska, að dagskráin sje rökstudd með skýrum og skilmerkilegum rökum, svo ekki þurfi að líta svo á, sem hv. flm. sje hjer eingöngu að kasta út björgunarhring fyrir stjórnina.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að fara inn á það eða gefa tilefni til, að farið yrði að nýju að ræða gengismálið. Jeg býst ekki við, að endurtekning á umræðum um málið varpi nýju ljósi yfir það, svo mikið sem það hefir verið rætt. Út af spurningu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) út af hættunni við stýfingu, vil jeg aðeins benda á eitt atriði. Ef ákvörðun er tekin um að stýfa, þá gengur það út yfir eigendur sparisjóðsfjár, og þá er það ekki óttalaust, að þeir reyndu að koma sparifje sínu fyrir á öðrum og tryggari stað. En sparifjeð er meiri hluti þess fjár, sem atvinnuvegirnir eru reknir með, og því álít jeg, að hjer geti verið um verulega hættu að ræða. En því meiri hætta er á þessu sem sumar af þeim þjóðum, sem næstar okkur eru og við höfum einna mest viðskifti við, keppa sýnilega ótrauðar að því að koma sínum peningum í gullgildi. Að því er

snertir þann vanda, er frv. fær ekki leyst úr, þá skilst mjer, að það muni síður en svo vera útilokað, þótt horfið sje að stýfingu, að verðgildi hinna stýfðu peninga geti fallið. Og þá gæti rekið að því, að grípa yrði til þess að stýfa aftur. Að þessu leyti leysir frv. ekki allan vanda. Hjer er því alls ekki um það að ræða, að verið sje að kasta út björgunarhring fyrir stjórnina, heldur tilraun til þess að koma í veg fyrir, að hrapað sje að því að gera ráðstafanir, sem hætta getur stafað af fyrir þjóðina.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Þessi dagskrá hv. þm. Borgf. (PO) líkist meir björgunarhring fyrir stjórnina en rökstuddri dagskrá, þar sem hann færir ekki aðrar ástæður fram fyrir henni en þær, sem hann nú nefndi. Ef það er vegna sparisjóðseigenda, að hv. þm. er hræddur við frv., þá ætti hann ekki að vera andstæður, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir kostnaði þeim, sem af því leiðir, að halda genginu stöðugu. Jeg býst við því, að ríkissjóður eigi að ábyrgjast sanngengi. Hv. þm. sagði, að ef stýft væri, þá væri þó ekki fyrir það girt, að stýfa þyrfti aftur. Þetta er satt, en engin ný speki. Það er álíka röksemd eins og ef maður, sem staddur er í lífshættu, segði, að ekki þýddi neitt að bjarga sjer úr henni, því að hann gæti altaf lent í lífshættu síðar. Við getum aldrei fengið tryggingu fyrir því, að peningar okkar verði verðfastir. Sú trygging liggur í skynsamlegri stjórn peningamálanna, sem auðvitað g e t u r brugðist. Jeg skil ekki, hvað hv. þm. Borgf. (PO) vill. Hann vill ekki tryggja okkur fyrir því, er við urðum fyrir síðast liðið ár, er landsstjórn og Landsbankastjórn sýndu ekki nægan vilja á því að halda genginu í rjettu horfi. Í sjálfu sjer leitaði það ekki upp, heldur var ýtt upp af þessum stjórnarvöldum. Jeg fæ ekki betur sjeð en ef deildin vill láta eitthvað í ljós um þetta mál, þá eigi hún að gera það ótvírætt og segja eitthvað um það, hvernig ábyrgð ríkissjóðs skuli beitt. Annars finnast mjer ástæður þær, sem hv. þm. Borgf. (PO) ljet uppi, mjög ófullnægjandi, og mjer finst afgreiðsla málsins á þennan hátt bera meira vitni um „stjórn“-lyndi en „fast“-lyndi. Annars vil jeg mælast til, að fundarhlje verði haft núna, svo hægt sje að taka dagskrána til athugunar.

Forseti gerði stutt fundarhlje. Að því loknu var fram haldið 3. u m r. um frv.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 562. Til þess að þær megi koma til umræðu og atkvæða, verður að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 562 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg býst ekki við því, að langar umr. þurfi að verða um þetta mál nú, því að það var ítarlega rætt við 2. umr.

Það, sem menn greinir aðallega á um, er það, hvort nú eigi að stýfa krónuna, eða gefa henni lægra gullgildi en nú er. Frv. fer fram á það, að stýfa krónuna með núverandi verðgildi, eða öllu heldur í lægra gullgildi.

Við hv. 3. þm. Reykv. teljum ekki rjett að taka þessa ákvörðun nú, en hinsvegar er okkur ljóst, að komið

gætu þau tilfelli, að krónan yrði stýfð með þáverandi gullgengi. En ef þær ákvarðanir verða teknar, verða þær að komast í framkvæmd á stuttum tíma, og þá verður um leið að lögleiða gullinnlausn seðlanna. Mjer er ekki kunnugt, að nein þjóð hafi stýft gildi peninga sinna með löngum fyrirvara. (**TrÞ**: Jú, Finnar). Nei, þeir leituðust fyrst við að stöðva gengi marksins, og Finnlandsbanki eyddi tugum miljóna til að halda genginu föstu og hækka það og kom því úr 7—8% upp í 13% af fyrra gullgengi, en svo leiddu þeir stýfingu alt í einu í lög og um leið gullinnlausn. Hina sömu aðferð höfðu Tjekkoslovakar. En það var ekki um það að gera að lækka gildi peninga — eins og hjer —. Slík ákvörðun, gerð löngu fyrir fram, gefur tilefni til þess ástands, að sveiflur verði harðari þangað til endanleg stýfing fer fram. Þetta sjest og á því, sem hv. flm. (TrÞ) og hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) hafa haldið fram, að það mundu þurfa að líða nokkur ár frá því, að þessi ákvörðun, sem hjer er farið fram á, væri tekin, og þangað til endanleg ákvörðun um stýfingu væri gerð.

Þá skal jeg minnast á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Fyrsta brtt. tekur alla ákvörðun úr frv. um stýfingu, og ef hún verður samþ., er það alveg hið sama og samþ. hina rökstuddu dagskrá hv. þm. Borgf. (PO), sem fer fram á það að bíða með að taka ákvörðun um það, hvort krónuna eigi að stýfa eða ekki.

Það verður ekkert sagt um það nú, hverjar afleiðingarnar geta orðið af því, ef nú er tekin ákvörðun um stýfingu án þess að taka upp gullinnlausn samtímis. Það væri heldur ekki rjett að benda á allar afleiðingar af því hjer í hv. deild, nema þá fyrir lokuðum dyrum, svo að þær eigi hafi áhrif til hins verra.

Um dagskrána má það segja, að hún er ekki ákveðin nema að því leyti, að hún tekur af öll tvímæli um það, ef hún verður samþ., að þess er ekki óskað af deildinni, að tekin sje ákvörðun um stýfingu nú.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg mun eigi nota þessa 3. umr. málsins til þess að fara út í almennar athugasemdir um frv. Það er svo þrautrætt, að þess gerist ekki þörf, enda hafa menn nú víst myndað sjer ákveðnar skoðanir um það. En jeg vil nota tækifærið til þess að lýsa yfir því, að það gladdi mig stórlega, hverja afgreiðslu þetta mál fjekk við 2. umr. Jeg þykist að vísu vita, að málið gangi ekki endanlega fram nú, en jeg lít svo á, að meðferð þess hjer í háttv. deild hafi staðfest ummæli mín um það, að stefnu frv. hafi aukist mjög fylgi hjá þjóðinni.

Jeg gat ekki skilið hv. frsm. meiri hl. (JAJ) öðru vísi en svo, að hann hjeldi því fram, að það gæti komið fyrir, að þetta yrði gert seinna, að festa verðgildi peninganna, þó það væri ekki gert nú. Að þessu leyti get eg verið mjög glaður út af því, hvað stór spor hafa verið stigin áfram í máli þessu í þá átt, sem jeg vil vera láta. En málið er svo flókið og vandasamt, að jeg gat ekki gert mjer neina vissa von um bestu afgreiðslu, er jeg bar það fram.

En afgreiðsla þess hjer í háttv. deild hefir verið fram yfir allar vonir og sýnir það, að ekki getur liðið á löngu þangað til meiri hluti þings og þjóðar hverfur að því ráði, sem jeg hefi barist fyrir.

Út af dagskrá hv. þm. Borgf. (PO) vil jeg koma með nokkrar almennar athugasemdir og beina þeim til flm. (PO), háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) og hæstv. fjrh. (JÞ). Vil jeg þá fyrst vekja athygli á því, að í upphafi dagskrárinnar stendur: „Í trausti þess, að landsstjórn, bankar og gengisnefnd“ o. s. frv.

Formlega vær rjett, að hv. flm. till. (PO) feldi gengisnefnd burtu úr dagskránni, því að afstaða hennar er öll önnur en stjórnar og banka, því að seinustu mánuðina hefir hún ekki haft neitt sjálfstætt vald. Þeir tveir menn, sem bætt var í nefndina á síðasta þingi, hafa þar ekki atkvæðisrjett og geta því ekki beitt sjer þar.

Því næst vil jeg beina því til hæstv. fjrh. (JÞ), hvaða skilning hann leggur í þetta orðalag dagskrárinnar:

„Í trausti þess, að landstjórn, bankar og gengisnefnd kosti kapps um að afstýra því, að veruleg röskun verði á gengi“ o. s. frv.? Hvað hefir hæstv. ráðh. (JÞ) víðtæka heimild í þessu orðalagi? Má hann leggja mikið af lánstrausti ríkssjóðs í hættu með því að ganga í ábyrgð fyrir bankana? Eða má ríkissjóður taka stór gengislán? Hvað skilur hæstv. ráðh. (JÞ) við orðin „veruleg röskun“? Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir að þessu viljað keppa að því, að ná krónunni í gullgildi, og að minsta kosti fyrst og fremst sporna á móti lækkun hennar. En eru orðin „veruleg röskun“ ekki svo óákveðin, að eftir þeim mætti t. d. keppa að hægfara hækkun? Og þá kemur spurningin um það, hvað er hægfara hækkun? Var það hækkunin á síðasta ári, er nam 17–18%? Skilur hæstv. fjrh. (JÞ) orðalag dagskrárinnar svo, að hækka megi krónuna álíka á þessu ári?

Þá vil jeg spyrja hv. flm. (PO) og þá aðra menn, er með honum standa að þessari dagskrá, hvað þeir eiga við með því, að vísa málinu til stjórnarinnar, banka og gengisnefndar Þetta eru einmitt sömu aðiljarnir, er höfðu málið með höndum árið sem leið. Þessa dagskrá mætti því skoða sem traustsyfirlýsingu til þeirra. Á að skoða hana sem samþykki þingsins á því, hvernig gengismálið hefir verið framkvæmt síðast liðið ár? Mjer virðist svo, þar sem málinu á að vísa með fullu trausti til þessara aðilja. Jeg óska þess, að hv. flm. (PO), sem ekki er vanur því að vera myrkur í máli, gefi nú skýr svör við því, hvað hann meinar í þessu efni.

Annars skilst mjer, að á bak við dagskrána liggi eitthvert samkomulag milli hæstv. fjrh. (JÞ) og þeirra manna, sem að henni standa, um það, að hann hafi lofað að hækka ekki krónuna. En yfirleitt er dagskráin svo loðin, að það munu eins dæmi, að jafnmikið stórmál sem þetta sje afgreitt með slíkri dagskrá. Og það skal jeg segja hv. flm. (PO), sem jeg hefi haft þá ánægju að vinna með síðan jeg kom á þing, að þessi dagskrártill. er mjög ólík honum. Yfirleitt má segja það um dagskrána, að það er óverjandi að ganga frá málinu með henni, því að þar er alt í lausu lofti.

Það má segja, að það sjeu þrjár stefnur uppi um það hjer í hv. deild, hvernig menn vilja festa gildi peninga. Og jeg verð að segja, að það má rjettlæta þá stefnu hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að láta krónuna ná fyrra gullgildi og halda henni í því gildi. En þó er jeg sannfærður um það, að það er stórkostlega hættulegt fyrir landið og jafnvel óframkvæmanlegt.

Önnur leiðin í þessu máli er sú, sem kemur fram í brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að keppa að föstu verðgildi krónunnar í samræmi við núgildandi skráningu. Þessi stefna er hættuleg eins og afstaðan er nú, og þegar tekið er tillit til þess, hvað atvinnuvegirnir eru skattlagðir. Þó er hún betri en sú leið, sem þeir vilja fara, hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og hæstv. fjrh. (JÞ).

Þriðja leiðin er sú, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. (ÁÁ) vill fara með mjer í þessu máli. Jeg vona, að það sannist síðar, að það er rjett leið, og að hún verði valin.

Dagskráin er „compromis" milli manna, sem hafa gerólíkar skoðanir og keppa í þessu máli sinn í hverja áttina. Það verður aldrei farsælt að afgreiða stórt mál þannig. Hefir hv. flm. (PO) spurt bankana, og þá sjerstaklega Landsbankann, hvort þeir álíti slíka afgreiðslu forsvaranlega? Jeg efast um, að þeir álíti það. Jeg hygg, að stappi nærri, að sómi þingsins sje í veði, ef mál þetta verður afgreitt með slíkri dagskrá, ef þar að auki verður ofan á, að bankamálið komist ekki gegnum þingið. Þm. mega bera kinnroða, er þeir koma fram fyrir kjósendur sína, þegar þingið hefir staðið í 100 daga og látið stærstu málin fá slíka afgreiðslu.

Sveinn Ólafsson: Af því að brtt. á þskj. 562 hefir verið útbýtt og deildin hefir leyft, að þær mættu komast undir atkvæði, þykir mjer rjettast að fara um þær nokkrum orðum. Hefir reyndar verið minst á þær af þm. Str. (TrÞ) og þm. N.-Ísf. (JAJ). Fyrri till. um að leita stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga má skoða sem málamiðlun milli þeirra, er lengst vilja fara í hvora átt, að h æ k k a eða s t ý f a krónuna. Það er rjett hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að hún lýtur að því, að halda genginu föstu fyrst um sinn, og ætla jeg flesta geta unað við það.

Út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um þessa brtt., vil jeg taka það fram, að með henni þarf ekki að vera bundið, að stöðvun verðgildis íslenskrar krónu skuli gilda um aldur og æfi eða skoðast eins og endanleg stýfing. Það eru möguleikar til þess, enda þótt till. verði samþ., að taka upp seinna meir nýjar ráðstafanir. Hún bindur alls ekki framtíðina í þessum efnum.

Þá eru önnur ákvæði frv. og brtt., sem fara fram á það, að breyta til um skipun og verkahring gengisnefndar. Það er stórt atriði í þessu máli, hvað sem ofan á verður síðar. Það eru hvort sem er litlar líkur á því, að málið verði nú til lykta leitt, en þó er möguleiki til þess. Og vildi jeg stuðla að því, hvað sem á eftir fer, að það yrði afgreitt frá deildinni, ef kostur er á, með þessum brtt. mínum. Brtt. eru í raun og veru gerðar í samræmi við yfirlýsingar hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) við 2. umr. þessa máls.

En þar sem jeg get ekki komið brtt. undir atkvæði, nema dagskráin falli, er jeg neyddur til að bíða átekta, þar til jeg hefi sjeð, hvernig fara mun um hana, og get jeg því eigi greitt henni atkv.

Jeg verð að vera sammála þeim mönnum, er minst hafa á dagskrána, þar á meðal hv. þm. Str. (TrÞ), um það, að skipun sú, sem hún gerir á málinu, er reikul og mjög teygjanleg. En jeg sje nú, hvað setur. Og að fallinni dagskránni, koma tillögur mínar til atkvæða.

Klemens Jónsson: Þrjú til fjögur þing hefir gengismálið verið til umr., og hafa þær umr. verið bæði langar og flóknar, og þó lítið á þeim að græða. Er málið að miklu leyti enn jafnóljóst. Það er og ekki nema eðlilegt, að umr. verði miklar um slíkt mál. Jeg verð þó að segja, að þeim hafi nú verið stilt mjög í hóf, einkum þegar þess er gætt, hvernig gengismálinu var komið á síðast liðnu hausti. Jeg vil ekki láta tækifærið ónotað, þar sem jeg var í meiri hl. fjhn., er samdi nál. í fyrra í gengismálinu, að lýsa yfir því, að jeg er afar-óánægður með aðgerðir stjórnar og gengisnefndar í þessu máli. Og jeg vil ekki stuðla að því, að slíkt komi fyrir aftur. Þetta finn jeg mjer skylt að taka fram. Annars er skoðun mín í þessu máli kunn, bæði af því, sem stendur í nál. meiri hl. og af atkv. mínu við 2. umr. En skoðun mín er í stuttu máli sú, að stuðla að því að halda í krónuna eins og hún nú er, en reyna svo að hækka hana varlega, smátt og smátt, upp í gullverð.

Meiri hl. fjhn. bar fram við 2. umr. dagskrá, sem feld var með 15 : 12 atkv. Nú er komin fram ný dagskrá frá hv. þm. Borgf. (PO). Mun mega líta svo á, að hún miði að því sama og dagskrá okkar. En jeg verð þó að segja, að hún er svo teygjanleg, að jeg hygg, að lítið sje á henni að byggja. Ef út í það er farið, geta hlutaðeigandi aðiljar teygt hana alveg eins og þeir vilja. En jeg býst samt við, að hún hafi byr í deildinni, og þar sem hún fer í líka átt og dagskrá meiri hl., þá vil jeg bæta svo úr, að hún verði aðgengilegri. Kem jeg því með brtt. við hana þess efnis, að orðið „veruleg" falli burt. Vona jeg, að hæstv. forseti (BSv) taki hana til greina. Og verði hún samþ., mun jeg greiða atkv. með dagskránni, annars á móti.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) spurði um meira en jeg get eiginlega svarað. — Hann spurði fyrst um, hvað stjórnin mundi leggja í dagskrána eða hvaða heimild um aðhald fælist í henni. Jeg verð þá að segja það, að alment tekið, álít jeg ekki, að svona dagskrá eða till. geti falið í sjer heimild fyrir stjórnina að taka til ríkissjóðsins. Með slíkri dagskrá er ekki annað gert en að láta í ljós óskir deildarinnar. Verður svo stjórnin að ráða það við sig sjálf, hve langt hún gengur í því að nota ríkissjóðinn og verða við slíkum óskum. En það verður að meta eftir kringumstæðunum á hverjum tíma, sem geta og verið alt aðrar en þær, sem deildin hafði fyrir augum.

Jeg hefi lýst því yfir, að jeg get tekið við dagskránni, þar sem hún felur í sjer það, sem rjettast er og líklegast eins og nú stendur, sem sje að reyna að halda genginu föstu fyrst um sinn. Jeg ætla ekki að gera frekari grein fyrir þessu nú. Nú er verðlagið, sjerstaklega innlenda verðlagið, ekki í samræmi við gengið, en það mun hafa aukna erfiðleika í för með sjer fyrir atvinnuvegina, ef krónan hækkar meðan á þessu ósamræmi stendur. Jeg get ekki gefið ákveðið svar um það, hvort stjórnin muni nota lánstraust ríkissjóðs til þess að hjálpa bönkunum eða taka lán. Það fer alt eftir því, hvernig ástandið verður. En eftir afstöðu deildarinnar eða Framsóknarflokksins til þessa máls, þarf stjórnin ekki að gera ráð fyrir hirtingu

úr þeirri átt, þótt hún taki til þess, sem hún hefir yfir að ráða, til að koma í veg fyrir, að krónan hækki. (**TrÞ:** Gerir hæstv. fjrh. (JÞ) ráð fyrir, að slíkt geti fyrir komið?). Jeg geri aðeins ráð fyrir öllum möguleikum. Jeg hefi sýnt fram á, að ástandið felur ekki í sjer neina bendingu um, að krónan muni sýna tilhneigingu til hækkunar á þessu ári.

Hvað viðvíkur orðalagi dagskrárinnar „veruleg röskun", þá er það óákveðið. Þó má ekki skilja það svo, sem það sje svo rúmt, að keppa megi að viðlíka hækkun og á árinu sem leið. Jeg get þessa aðeins af því, að hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um það. Jeg hefi ekki fundið þetta upp hjá sjálfum mjer. Jeg skal í þessu sambandi láta þess getið, að jeg hefi ekkert á móti því, að brtt. hv. 2. þm. Rang. (KlJ) verði samþ. Jeg álít, að þá sje látið í ljós, að gengið eigi að haldast. En þó að jeg eigi sjálfur þær sömu óskir, skal jeg ekki ábyrgjast, að þær rætist, hvað sem fyrir kann að koma. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að till. stefni eigi að þessu marki. Mjer finst það yfirleitt vera almenn ósk viðvíkjandi gengismálinu, að stefna beri að því, að friður fáist eða frestun, svo að verðlagið geti lagað sig eftir hækkuninni. Till. tekur og í þann streng. Þessvegna er síður en svo, að sómi þingsins sje í hættu með þeirri afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil leiðrjetta í annað sinn misskilning hjá hv. frsm. meiri hl. (JAJ) um, að frv. þessu þurfi að fylgja innlausnarskylda. Jeg hefi sagt það áður, að gætilegast væri að hafa gullvíxilfót meðan stöðvun gengisins væri að komast á, en gullinnlausnin kæmi ekki fyr en það væri orðið og bankarnir gætu framkvæmt hana. Þetta er afareinfalt mál, enda hafa flestir, sem um það hafa skrifað, talið rjettast að byrja fyrst með gullvíxilfæti. Það voru Finnar, sem fyrst byrjuðu á þessu. Bankastjórn finska þjóðbankans átti frumkvæðið, meðan þing og stjórn skildu það enn ekki. Þingið þurfti því ekki að skipa henni, hvað gera skyldi. Þetta er ólíkt því, sem hjer er. Þingið verður að gefa út lög eða fyrirskipanir, um stefnuna í þessum málum, ef bankastjórnin og löggjafarvaldið eru ekki sammála. Festingarstefnan hefir nú verið framkvæmd á Finnlandi í 2½—3 ár, en síðan hafa verið afgreidd stýfingarlög. En þau lög eiga alveg óskylt við þetta frv., eins og var að skilja á hv. frsm. meiri hl. (JAJ). Þykir mjer leitt, að hann skuli ekki geta skilið þetta.

Ef dagskrá þessi, sem fer í sömu átt og dagskrá meiri hl. við 2. umr., verður samþ., má búast við, að alt verði laust og liðugt og breytist eftir því, sem vindurinn blæs, en ekkert verði reynt að gera í þessu máli til festingar og öryggis fyrir atvinnulífið.

Það er ekki rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (JAJ), að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sje sama og dagskráin. Þar er um fleiri atriði að ræða, enda tekið á fastari og ákveðnari tökum, eins og sómir slíku máli. En dagskráin er aftur á móti loðin og óákveðin. Mætti segja, að hún sje lík núgildandi lögum um gengisverslun, því að það getur verið bæði um h æ g f a r a hækkun og stöðvun að ræða. Betur verður dagskrá-

in aldrei lögð út. Ef brtt. hv. 2. þm. Rang. (KlJ) verður samþ., líkist dagskráin að sönnu meira fyrri brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en verður þó aldrei nærri eins ákveðin og frv., því að í því eru fleiri atriði, sem minni hl. leggur áherslu á, að samþ. verði. — Jeg get þó ekki annað sjeð en að í dagskránni sje meira aðhald fyrir stjórnina, þegar litið er á hana í sambandi við alla meðferð þingsins á þessu máli. En meðferð þingsins við 2. umr. sýnir ákveðinn vilja deildarinnar. Og það er ekki nema einfalt reikningsdæmi, að leggja okkur, sem verðum á móti dagskránni, við hina, sem greiða henni atkv. í því trausti, að halda genginu föstu. Samanlagt er það meiri hluti deildarinnar, sem þannig togar stjórnina í áttina til festingar, þó atkvæðin falli sitt á hvað. En hæstv. fjrh. (JÞ), sem er góður reikningsmaður, ætti að geta skilið þetta.

Hv. frsm. meiri hl. (JAJ) hjelt áfram uppteknum hætti um að slá út í loftið. Hann taldi, að það gæti haft hættulegar afleiðingar, ef frv. yrði afgreitt í því formi, sem það nú er í, afleiðingar, sem hann vildi þó ekki tala um til að auka ekki á þessa ósýnilegu hættu. Vildi hann víst helst ræða þetta mál fyrir lokuðum dyrum. Þetta er ekki ný bardagaaðferð og stendur oftast í sambandi við ónóga þekkingu. Það er þessi tilhneiging manna að „mystificera“ alt, gera alt að þeim höfuð-leyndardómum náttúrunnar, sem enginn fær skilið. Guðfræðingi koma í hug gamlar, úreltar trúfræðikenningar, sem reynt er að sveipa dularfullum hjúpi til að fela veilurnar.

Hv. þm. (JAJ) vill ekki tala neitt um stefnuna, hver hún eigi að vera í þessu máli, nje um afleiðingarnar. Það gæti haft óttalega hættu í för með sjer! Jeg veit, hvað hv. þm. á við, en þorir ekki að segja. Það er, að festing krónunnar mundi veikja lánstraust landsins. Það þarf enga dirfsku til að segja þetta. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sagt þetta áður í sambandi við önnur mál. Með þessu má auðvitað slá ryki í augu manna. En við eigum fyrst og fremst að líta á það, hvað við getum varið fyrir sjálfum okkur, en ekki á það, sem aðrir kunna að segja. Og um lánstraust vort erlendis er það að segja, að áhrif festingarinnar mundi verða þveröfug við það, sem hv. flm. (PO) sagði. Því verðfastur gjaldeyrir tryggir lánstraust atvinnuveganna. Jeg skal geta þess hjer í þessu sambandi, að jeg átti tal um þetta við bankastjóra ríkisbankans finska, og lagði þá fyrir hann þessa spurningu: Hvaða áhrif hefir það á lánstraust landsins, ef festur er verðfallinn gjaldeyrir? Hann leyfði mjer að hafa það eftir sjer, að hann hefði átt tal um þetta við ýmsa þektustu fjármálamenn stórþjóðanna, og það væri álit þeirra, að hver sú þjóð, sem ætti gjaldeyri, sem væri fallinn meira en 10%, hún tryggði lánstraust sitt best og yki það með því að festa verðgildi peninga sinna. (**JBald:** Hann hefir verið að afsaka sjálfan sig!). Þess þurfti hann ekki. Hv. þm. (JBald) þyrfti ekki annað en kynna sjer niðurstöðu tveggja alþjóðafunda um þetta atriði til að sjá, að afsökunar þarf engrar við. Þeir komust báðir að þeirri niðurstöðu, sem hjer var nefnd, og jeg hefi eftir Risto Ryti. Hjer hefir talsvert verið talað um ráð erlendra fjármálamanna. (**PO:** Hverjir hafa fylgt þeim?). Það sannar ekkert, þótt enginn hafi haft

vit á að fylgja þeim. Það, hvort margir hafi fylgt einhverju ráði, er engin sönnun fyrir ágæti kenningarinnar. Hjer verðum við að hafa það skap, að fylgja því, sem rjett er að okkar eigin dómi.

Hv. þm. Str. (TrÞ) lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjrh. (JÞ). En það hefir gengið heldur treglega að fá ákveðin svör. Jeg bar tvær spurningar upp fyrir hæstv. fjrh. (JÞ) við 2. umr. þessa máls. Og þó nú sje ný dagskrá fram komin, þá eru þessar spurningar ekki úr gildi gengnar. Mjer þætti því gott, ef hæstv. fjrh. vildi svara þessum spurningum nú. Spurningarnar voru á þessa leið: Hvaða ráðstafanir mundi stjórnin gera um gengið, ef skuld landsins við útlönd væri yfir 200 þús. sterlingspund. Og hvaða ráðstafanir fyrir hönd þings og þjóðar mundi stjórnin gera, ef innieign landsins ytra kæmist yfir 200 þús. sterlingspund, en það var hún á síðasta ári, þegar hækkunin hófst. Hæstv. fjrh. (JÞ) er engin ofætlun að svara þessu skýrt, án þess að vefja svarið inn í loðin orðatiltæki af sama tæi og dagskráin er ofin úr. Það er kunnugt, að fjrh. og Landsbankastjórnin er ekki neinn hitamælir, sem gengur af sjálfu sjer upp og niður samkvæmt náttúrulögmálum. Aðgerðir þeirra í gengismálinu eru komnar undir skoðunum þeirra og skilningi. Því bið jeg um svar. Þeir, sem halda, að þetta komi alt af sjálfu sjer eins og þegar hitamælir starfar, koma ekki með slíkar spurningar, enda ættu þeir sem fæst orð að tala í þessu máli.

Pjetur Ottesen: Hv. þm. Str. (TrÞ) sneri sjer til mín með nokkrar athugasemdir og spurningar, og snertu sumar af þeim einnig hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg finn ástæðu til þess, sem flm. dagskrárinnar, að athuga þær nokkuð.

Hv. þm. (TrÞ) vildi, að jeg feldi niður úr dagskránni það, sem þar er talað um gengisnefnd. En jeg get ekki orðið við þeirri ósk. Jeg hefi litið svo á, á undanförnum tveim þingum, að það væri styrkur að því að hafa starfandi gengisnefnd. Og á síðasta þingi var gerð tilraun til þess að auka nokkuð vald gengisnefndar með því að bæta í hana tveimur mönnum, sem væru fulltrúar atvinnuveganna. Og kom fram till. um að láta þessa menn hafa fullan atkvæðisrjett á borð við hina, sem fyrir voru. En málið snerist þannig, að frá því var horfið að láta þá að þessu leyti ganga til jafns við hina. Jeg lít svo á, að þetta hafi verið miður hyggilega ráðið. Og því miður varð hv. þm. Str. (TrÞ), sem flutti þessa tillögu ásamt mjer og fleirum, það á að hvika frá þessu. (**TrÞ:** Ekki rjett!). Það er til yfirlýsing frá honum um það, að hann fallist á till. fjhn. um, að þeir skuli ekki hafa atkvæðisrjett í nefndinni. (**TrÞ:** Ekki rjett!). Það getur verið, að niðurstaðan hjá hv. þm. hafi að lokum ekki orðið í samræmi við þessa yfirlýsingu hans, en það er þá því að þakka, að jeg stappaði svo duglega í hann stálinu, að hvika ekki frá þessu ákvæði tillögunnar, sem gerði hana að engu eins og nú er komið á daginn.

En samt sem áður vil jeg ekki fella gengisnefndina niður úr dagskránni, þó ekki sje eins mikils af henni að vænta eins og ef fulltrúar atvinnuveganna hefðu þar atkvæðisrjett. Jeg álít, að hún geti komið með góðar tillögur, og sjerstaklega muni fulltrúar atvinnuveganna

gera sitt til þess að verða að liði, þótt ekki megi krefjast eins mikils af þeim, úr því þeir hafa ekki atkvæðisrjett.

Hv. þm. Str. (TrÞ) spurði hæstv. fjrh. (JÞ) hvort setja eigi ríkisfje í hættu til þess að halda núverandi gengi til næsta þings, ef dagskráin yrði samþ. Jeg ræð það af þessu, að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi ekki tekið eftir því, þegar jeg talaði hjer um, hvað fyrir mjer vekti með dagskránni, að það væri alls ekki mín meining, að fje ríkisins væri sett í neina hættu í þessu augnamiði. Og jeg held, að hefði hv. þm. (TrÞ) bara tekið eftir þessum ummælum mínum, sem eru alveg í samræmi við dagskrána, þá hefði hann algerlega getað sparað sjer að tala um loðin ummæli hjá mjer og að dagskráin væri að því leyti ólík þm. Borgf.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að það væri ekki hægt að skilja dagskrána öðruvísi en sem traustsyfirlýsingu til þessara stjórnarvalda, sem hjer eiga hlut að máli, að þau hafi gert alt, sem þau hafi getað í gengismálinu. Jeg held enn, að það eina, sem mætti skoða sem traustsyfirlýsingu frá þinginu í þessu máli, væri það, ef frv. væri felt, og þó ekki fullkomin traustsyfirlýsing, því það eru ýmsir, sem eru á móti stýfingum, þó þeir sjeu ekki ánægðir með aðgerðir þessara stjórnarvalda í gengismálinu á síðast liðnu ári. En verði till. mín samþ., þá held jeg, að í henni felist fullkomin aðvörun um gætni í þessum sökum, og ekki verði hjá því komist að draga af því þá ályktun, að ekki hafi verið fullrar varkárni gætt í gengismálinu á síðast liðnu ári, hafi þær kringumstæður verið fyrir hendi, að hægt hefði verið að stemma stigu við svo miklum gengissveiflum, sem þá áttu sjer stað. Jeg veit, að það er erfitt að hafa áhrif eða grípa inn í rás viðburðanna, og verður því að gera kröfur um slíkt með allri varúð. En að svo miklu leyti sem það stendur í valdi þeirra stjórnarvalda, sem um getur í dagskránni, að hindra það, að sveiflur verði á genginu, þá á þessi till. að áminna um það að láta einskis ófreistað í því efni, að hin fylsta gætni sje við höfð.

Hv. þm. Str. (TrÞ) spurði, hvort jeg hefði borið till. mína undir stjórn Landsbankans. Jeg er hálfhissa á þessari spurningu. Nei, það hefi jeg alls ekki gert. Jeg held, að þingið hafi fult leyfi til þess að láta í ljósi óskir sínar um aðgerðir í þessu máli, við hvaða stofnun eða stjórnarvöld, sem er, án þess að vera að spyrja nokkurn um það áður, hvort það megi það.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að sú afgreiðsla, sem hjer er stofnað til, væri blettur á þinginu. En afgreiðslu þessa máls verður að skoða í ljósi þess, hversu það liggur fyrir. En það er nú svo, að hjer hafa komið fram algerlega andstæðar skoðanir í þessu máli. Sumir vilja stýfa, leita að hinu svokallaða innra verðgildi krónunnar, og eftir því, sem fróðir menn um þessa hluti ætla, að nú mundi samgilda 26 kr. verði á sterlingspundi, með öðrum orðum, fella gjaldeyririnn með opinberri ráðstöfun. Aðrir hafa einlægan vilja og trú á því, að það sje landi og lýð fyrir bestu, þó það dyldist ekki, að það, eins og hver önnur fjárhagsleg endurreisn, sje allmiklum erfiðleikum bundið, að hefja krónuna aftur í sitt fyrra gildi. Þeir, sem vilja stýfa, vilja fá frv. samþ. En hinir telja, að slíkar ráðstafanir sjeu mjög varhugaverðar og hættulegar. Þannig stendur málið nú. Með till. minni er engu slegið föstu um

málið. Hjer er þræddur millivegur um að slá því á frest til næsta þings að taka ákvörðun um hið endanlega verðgildi krónunnar, eða hvor þessara leiða skuli farin. Það er gefinn frestur til nýrrar og gaumgæfilegrar athugunar á því mikla vandamáli, til næsta þings, en jafnframt skorað á þau stjórnarvöld, sem gengisskráninguna hafa með höndum að stuðla að því, að sem minstar sveiflur verði á verðgildi krónunnar á þeim tíma. Með því er opnuð leið til þess að taka á næsta þingi ákvörðun um það, hvort krónan skuli stýfð eða reynt að ná hinu gamla gengi. Jeg skil því ekki, að þessi afgreiðsla sje óforsvaranleg og blettur á þinginu, og því síður ættu stýfingarmenn að líta svo á, þar sem það hefir komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. (ÁÁ), að þær þjóðir, sem stýft hafa peninga sína, t. d. Finnar, hafi á þennan eða svipaðan hátt haldið genginu nokkurnveginn stöðugu um nokkur ár, áður en stýfing var framkvæmd á lögformlegan hátt. Þar með segi jeg ekki, að það sje mín meining með þessari till. að slá málinu á frest, til þess að svo skuli krónan stýfð á eftir, það er síður en svo, en jeg er bara að benda á, að frá sjónarmiði stýfingarmanna getur í rauninni ekkert verið við þetta að athuga, ef þeir vilja fara að dæmi þeirra þjóða, sem þegar hafa farið inn á stýfingarbrautina.

Frá sjónarmiði hækkunarmanna hlýtur þessi ráðstöfun einnig að teljast sæmileg afgreiðsla málsins eins og sakir standa, því að þess verður að gæta, að reyna að haga hækkunum svo, að ekki sje hafinn nýr áfangi á hækkunarbrautinni fyr en kaupgjaldið hefir nokkurnveginn lagað sig eftir verðlaginu, en hækkun krónunnar kemur tiltölulega fljótt fram á vöruverðinu.

Jeg býst nú við því, að hv. þm. Str. og aðrir stýfingarmenn geti verið mjer sammála um þessa úrlausn málsins eins og nú horfir við.

Það hefir margt verið talað um það af hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), hvað útlendir fræðimenn hafi sagt og ráðlagt í þessu efni. Þeir ráðlögðu líka Dönum, að þeir skyldu taka stórlán í Ameríku til þess að hafa tök á hækkun krónunnar, og það var búið að reikna það út, að krónan ætti að hækka um vissan hundraðshluta á ári og þannig dreifa hækkuninni á mörg ár. En hvað gerist þá? Krónan flýgur upp, og alt fer á ringulreið. Það er heldur ekki langt síðan Norðmenn ákváðu að halda krónunni fyrst um sinn í því gengi, sem þá var á henni, og lögðu fræðimenn á ráðin um aðferðina. En hún þaut upp rjett á eftir. Sjálfur höfuðspekingurinn í þessum gengisfræðum, Cassel, sem allir eru að keppast við að vitna í, ráðlagði Svíum að stýfa sína krónu, kvað hann þeim hækkunina ókleifa. Þeir höfðu þessar ráðleggingar að engu, hækkuðu sína krónu í gullgildi, og eru best staddir fjárhagslega allra Norðurlandaþjóðanna. Það þýðir ekkert að tala um þessa miklu fræðimenn og spekinga í þessu sambandi. Reynslan hæðist að kenningum þeirra, þær eru gagnstæðar veruleikanum.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir komið með brtt. um að fella niður úr dagskránni orðið „v e r u l e g“, og skal jeg til samkomulags við hv. þm. fallast á það, og er mjer það því meiri ánægja,

sem mjer hefir fundist, að við hv. 2. þm. Rang. (KlJ) lítum mjög svipað á þetta mál.

En hvað snertir hv. 1. þm. S.-M., skal jeg aðeins segja það, að jeg held, að jeg hafi tekið rjett eftir því, að hann sagðist mundu greiða till. atkvæði. Ef skrifararnir hafa náð ræðu þm. rjett, þá hlýtur þetta að standa þar skýrum stöfum. Mjer þykir því undarleg sú aðferð, sem hv. þm. vill hafa, að láta till. bíða og greiða ekki atkv. um dagskrána. En þó gekk hann út frá því, að till. yrði feld. (**SvÓ:** Þetta er alt skáldskapur!) Í þeirri merkingu þá, að hv. 1. þm. S.-M. hafi ekkert meint með því, sem hann sagði um þetta, en jeg tók orð hans eins og þau voru töluð og dreg svo rjetta ályktun af þeim. Það er alt og sumt.

Að endingu skal jeg taka það enn fram, að það felst ekki í till. minni nein heimild til þess að setja neitt af fje ríkissjóðs í hættu í þessu augnamiði. Hvað sem stjórnin kann að gera í því efni, gerir hún það algerlega á sína eigin ábyrgð.

Ólafur Thórs: Hv. þm. Str. (TrÞ) beindi því til mín og annara íhaldsmanna, sem greiddu frv. hans atkvæði til 3. umr., hvort við mundum fylgja dagskrá hv. þm. Borgf. (PO). Jeg skal svara þessu fyrir mína hönd og þeirra, því að jeg hefi haft tækifæri til að ráðfæra mig við þá. Við lítum svo á, að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) við frv. beri að skoða sem tilkynning frá honum og væntanlega fleirum, sem fylgt hafa frv. hv. þm. Str. (TrÞ), um, að þeir sjeu nú horfnir frá því að festa krónuna í sannvirði hennar, (**TrÞ:** Ekki frá mjer!) og beri nú í þess stað fram ósk um það, að festa verðgildi krónunnar í núverandi gengi. Og þá ber væntanlega að líta á málið þannig, að gera eigi þessa tilraun fyrst um sinn til næsta þings. Verður að álíta af þessu, að með því sjeu dagar sjálfs frv. taldir. Nú hefir hv. þm. Borgf. (PO) borið fram dagskrá, sem skorar á ríkisstjórnina að gera í raun og veru það sama og felst í brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Munurinn er aðeins sá, að annarsvegar ræðir um lögbundna skipun, en hinsvegar um áskorun. Nú er alt ástand atvinnulífsins að minni hyggju þannig, að það eru ákaflega litlar líkur til, að á vegi hækkunarmanna verði nokkur freisting til að hækka á þessu tímabili. En jeg tel mjög líklegt, að þeir, sem með peningamálin fara í landinu, muni miklu fremur mæta erfiðleikum, þegar þeir gera tilraunir til að forðast, að krónan lækki þennan tíma. Það er flestum hv. þdm. kunnugt, að jeg hefi álitið það orka tvímælis, hvort verðgildi krónunnar væri ekki alt of hátt eins og nú er, og hvort hægt væri án verulegrar áhættu fyrir ríkissjóðinn að sporna við lækkun krónunnar. Jeg get þessvegna ekki aðhylst, að það sje lögskipað, að ríkissjóði yrði takmarkalaust varið til þess að fyrirbyggja slíka hugsanlega lækkun. En jeg álít hinsvegar, að umræðurnar hjer í hv. deild hafi gefið ríkisstjórninni sæmilegt aðhald til þess að standast þá freistingu, sem kynni að verða á hennar vegi um að hækka krónuna á þessum tíma. Sætti jeg mig þessvegna miklu betur við, að málið verði afgreitt í því formi, sem dagskráin ber með sjer; svo að jeg þegar af þeirri ástæðu get greitt dagskránni atkvæði mitt frekar en brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Auk þess er nú því við að bæta, að þar sem ríkisstjórnin hefir

óskað eftir, að málið verði afgreitt í dagskrár-formi, en ekki frumvarps, þá er það eðlilegt, að jeg, sem ber fult traust til ríkisstjórnarinnar og er hennar stuðningsmaður, greiði atkv. með dagskránni og sje það í alla staði ljúfara heldur en að afgreiða málið með frv., þó að frv. að mínum dómi miðaði nokkuð að því sama og dagskráin gerir.

Jeg þykist með þessu hafa gert grein fyrir minni skoðun á málinu og reyndar skoðun þeirra flokksbræðra minna, sem greiddu frv. atkv. til 3. umr. En jeg lít nokkuð öðrum augum á heimild stjórnarinnar heldur en hv. flm. dagskrárinnar (PO). Jeg hika ekki við að fullyrða, að allar umræður málsins hjer í deildinni beri með sjer, að það er yfirlýstur vilji langsamlega meiri hluta deildarmanna, að ef þurfa þykir, hafi ríkisstjórnin heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hækkun krónunnar á þessum tíma.

Jakob Möller: Jeg hefi því miður af sjerstökum ástæðum ekki getað fylgst með þeim umræðum, sem hafa orðið um þetta mál í dag, en verð þó að segja örfá orð. Eftir að dagskrártill. frá meiri hl. fjhn. var feld við síðustu umr., virtist mjer vera hætta á, að málið fengi ekki viðunandi afgreiðslu á þessu þingi. Jeg hefi litið svo á, að eins og sakir standa þyrfti ekki að gera því skóna, að gengi íslenskrar krónu mundi hækka á næstunni. Það hefir verið gert alt of mikið að því undanfarið, að láta hag atvinnuveganna hafa bein og skjót áhrif á gengið. Hafi einhverjar hagsveiflur komið, þannig að verðið hafi í svip lækkað á íslenskum afurðum, þá er gripið til að lækka verð krónunnar því sem nær samstundis eða að minsta kosti fljótlega. Að þetta sje tæplega rjett að farið, getur maður nú ráðið af því, hvernig fór um áramótin 1923—24 og upp úr þeim. Ef það hefði verið vakandi fyrir þeim, sem þessum málum stýrðu, að það bæri ekki að hlaupa með gengið þegar í stað eftir þessari sveiflu, en reynt að halda krónunni kyrri þar, sem hún var um nýárið, þá hefðum við algerlega losnað við þá stóru sveiflu niður á við, sem varð í ársbyrjun 1924. Þannig geta menn lært af reynslunni. Og jeg held því fram, að undanfarin ár hefði átt að gæta þess betur en gert hefir verið.

En af þessu ræð jeg það, að frekar sje hætta á því nú á næstunni, ef ekkert yrði að gert, að krónan yrði lækkuð heldur en hækkuð; því að eins og stendur er hagur atvinnuveganna engan veginn glæsilegur. Nú er það mín skoðun eins og áður, að það eigi ekki að hlaupa eftir þessari stundar hagsveiflu, heldur að reyna að halda því gengi, sem náð hefir verið, — og þá ekki síst, þegar gengið hefir staðið eins lengi og það nú er búið að standa, fyllilega hálft ár. Verðlag í landinu er mjög farið að laga sig eftir því, og virðist því auðsætt, að gróðinn af því að lækka frá því, sem er, verður ákaflega tvísýnn fyrir atvinnuvegina. Það er að tefla gengismálinu í enn meiri tvísýnu en áður. Þessvegna fanst mjer skylda þingsins nú einmitt að gera ráðstafanir til þess, að haldið yrði föstu því gengi, sem nú hefir verið náð, og jafnvel, ef til þess þyrfti að taka, að leggja fram ríkisins fje til þess. Þetta fólst í raun og veru í dagskrártillögu meiri hl. fjhn., þótt að vísu öllum meirihlutamönnum kæmi ekki saman um, hvað ríkt ætti að

kveða að orði um þetta. En í orðalagi till. lá þetta beinlínis. Bæði varð nú ágreiningur um, hvað meint væri í till., og að lokum var hún feld. Jeg hafði ekki trú á, að frv. yrði afgr. úr deildinni, taldi víst að það yrði felt, og þessvegna mundi afskiftum Alþingis af þessu máli ljúka þannig, að það gerði ekki neitt. Þetta taldi jeg gersamlega óforsvaranlegt, og þessvegna lagði jeg mitt atkv. til þess að fleyta frv. til 3. umr. til þess að tryggja það, að það yrði enn á ný tekið til vandlegrar yfirvegunar.

Nú heyri jeg, að komnar eru fram tvær tillögur, önnur frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og breytir frv. að því leyti, að beint er tekið fram, að stöðva skuli verðgildi íslenskrar krónu í því gengi, sem nú er skráð. Munurinn á þessu og frv. er sá, að frv. gerir ráð fyrir, að gildi krónunnar sje lækkað í því skyni að leita að raunverulegu gildi hennar. Þessi till. kemur til móts við mína skoðun og ýmissa annara að því leyti, að hún gerir ljóst og fast, að fyrst og fremst beri að reyna að halda því gengi, sem nú er. Mætti því ætla, að samleið gæti orðið um þetta, þar sem vitanlega mætti síðar taka þá ákvörðun, hvort stöðva skyldi til fulls eða halda áfram í hækkunaráttina. En jeg vil benda hv. flm. (SvÓ) á, að hjer vantar nokkuð. Það er að mínu áliti alt of lint kveðið á um það, hve ríka áherslu eigi að leggja á að halda núverandi gengi. En það getur farið eftir því, hvað ríkt flutningsmenn kveða á um þetta, hversu eindregna áherslu stjórn peningamálanna leggur á það. Þykir mjer því þessi brtt. ófullnægjandi með því orðalagi, sem á henni er.

Í öðru lagi er komin fram dagskrártill. frá hv. þm. Borgf. (PO), sem, eins og hv. þdm. muna, greiddi atkv. móti dagskrártill. meiri hl. fjhn. við síðustu umr. Jeg geri því ráð fyrir, þótt jeg hafi ekki átt kost á að heyra orðalag hennar nákvæmlega, að þar sje slakað enn meira á kröfum um það, að halda föstu genginu og beinlínis gert ráð fyrir sveiflum á genginu á næsta ári.

Nú berst mjer í hendur brtt., sem er fram komin við dagskrártill., og skilst mjer, að með henni geti jeg gengið inn á dagskrártill.

Jeg vildi að eins gera þessa grein fyrir atkv. mínu. Get jeg endurtekið í örfáum orðum, hvað fyrir mjer vakir. Jeg vil fresta úrslitaákvörðun um, hvað gera skuli í þessu máli, að minsta kosti til næsta þings. Í því skyni að spilla ekki aðstöðunni, vil jeg leggja kapp á, að núverandi gengi sje alveg fast þangað til. Hefi jeg þessvegna ekki með neinu móti getað fallist á frv., sem liggur fyrir, sem gerir beinlínis ráð fyrir lækkun gengisins, og raunar heldur ekki á frv. eins og brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fer fram á, en felli mig fullkomlega við dagskrártill. hv. þm. Borgf. (PO) með þeirri brtt., sem er fram komin frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ).

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg verð að segja, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var í mjög dularfullu ástandi, þegar hann flutti sína síðustu ræðu. Hann endaði með því að segja, að gengið væri komið undir persónulegri skoðun og hugarfari Landsbankastjórnarinnar og hæstv. fjrh. Ef svo er, að það stjórnist af þessu einungis (**ÁÁ:** Það sagði jeg aldrei, að það stjórnaðist af þessu einungis). Jeg skrifaði orðin og þau standa hjer á blaðinu. (**ÁÁ:** Út-

úrsnúnngur!). Ef þetta er virkilega svo, að fjrh. og Landsbankastjórnin hafi full ráð á gengi íslenskrar krónu, þá er það leitt, ef háttv. þm. hefir ekki hugrekki til að koma með vantraust á hæstv. fjrh. (JÞ) og fá annan fjrh., líklega helst á gullvíxilfæti, til að taka við af honum.

Jeg sje ekki, að till. hv. minni hl. gangi á neinum gullvíxilfæti. Er hann að minsta kosti vel dulinn, ef svo er. Jeg sje engin ákvæði um neinn gullfót — (**ÁÁ**: Gullvíxilfót!) — já gullvíxilfót í frv. því, er hjer liggur fyrir, og hefir það þó tekið þeim breytingum, sem háttv. frsm. óskaði. Þessi háttv. þm. leitar að ýmsum orðum, í gengismálinu, eftir „merka fræðimenn", en hann kann sýnilega ekki að færa sjer þau í nyt. Af því að maðurinn er mælskur, þá er mjög heyrilegt að hlusta á hann, en hver skyldi hafa skilið það, sem hann sagði í seinustu ræðu sinni? Ekki skildi jeg, þegar hann var að tala um, að dagskráin væri bæði lík og ólík brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann sagði það þyrfti hugrekki til þess að líta ekki á, hvort þær till., sem gerðar eru, skaði landið. Jeg kalla það misskilið hugrekki að koma fram með till., sem maður álítur, að geti skaðað föðurlandið.

Það hefir enginn sagt hjer, að þeir útlendu bankamenn, sem leitað var umsagnar til vegna Landsbankafrv., hafi verið að villa okkur sýn. Háttv. þm. má alls ekki leyfa sjer að segja, að við meiri hl. menn höfum sagt þetta. Hitt höfum við vefengt, að þeirra umsagnir sjeu meðmæli með því seðlabankafyrirkomulagi, sem háttv. þm. heldur hjer fram.

Háttv. þm. (ÁÁ) sagði, að álit fræðimanna væri það, að þann gjaldeyri, sem fallinn væri niður fyrir 10% af gullverði, ætti að stýfa. Það má vel vera, að þetta sje skoðun e i n h v e r r a erlendra fræðimanna, og reyndar hefi jeg sjeð einn halda því fram. En jeg verð að segja, að það er engin reynsla fyrir, að þetta sje rjett. Og jeg veit ekki betur en að gjaldeyrir þeirra landa, sem ekki hafa haldið gullgildi, hafi fallið niður úr 10%, og þær þjóðir, sem hafa svo komið sínum gjaldeyri í gullverð, hafi algerlega farið á móti þessari kenningu. Vil jeg benda á Svía; það er okkur skyldast og næst. Þeim hefir ekki farnast neitt mjög illa fyrir þetta. En jeg endurtek, að það er ekki hjer verið að dæma um það, hvort ekki geti sá tími komið, að við þurfum að stýfa ísl. krónu. En það er ekki tímabært nú að gera það. Við þyrftum að framkvæma ýmiskonar undirbúning áður en við gætum öruggir lagt í það.

Jeg þarf ekki að svara því, sem hv. þm. sagði um ljót orð á þingmálafundum. Hafi hann átt við N.-Ísf., skal jeg láta þess getið, að slík orð og hann nefndi, hafa ekki verið töluð þar. (**ÁÁ**: Nei, nei).

Fjármálaráðherra (JÞ): Umræðurnar eru orðnar svo langar, að það kemur ekki fram annað en endurtekning á því, sem búið er að segja. Þessvegna ætla jeg ekki að fara út í að svara hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Ekki einu sinni ætla jeg að svara þeirri spurningu, sem hann bar fram fast og ákveðið og krafðist svars við, — hvað stjórnin mundi gera á árinu 1926 undir sömu kringumstæðum sem þeim, er ollu hækkun krónunnar 1925. Jeg ætla bara að benda hv. þm. á það, að það g e t a ekki komið sömu kringumstæður 1926 eins og

1925. Í september 1925 var undangengin óslitin velgengni fyrir okkar aðalatvinnuveg, sjávarútveginn, í hálft annað ár. Hvenær sem er á árinu 1926 er undangengið fyrir þennan atvinnuveg svo mikið erfiðleikatímabil, vegna óvenju lágs verðs. Þetta er svo stórt atriði, að aldrei getur verið að tala um, að sömu kringumstæðurnar endurtaki sig á þessu ári. Háttv. þm. getur því ekki vænst, að jeg fari að gefa nein svör upp á spurningu hans.

Jón Baldvinsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) spurði, hvað yrði, ef dagskráin, sem er fram komin, yrði samþ. Jeg skal segja honum það. Það verður það, að frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga fellur úr sögunni. Í raun og veru mótast nú afstaða til dagskrárinnar af því, að með henni er hægt að fella frv. Jeg legg minna upp úr orðalagi dagskrárinnar um það, hvað stjórnin eigi að gera á næsta ári. Jeg legg alt upp úr hinu, hvað eru gildandi lög um gjaldeyri landsins. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa nokkur orð úr lögum frá 1925:

„Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því, að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar."

Þó að í dagskránni felist frá tillögumanni engin krafa til stjórnarinnar um það, að hún verji neinu fje til þess að hindra verðfall krónunnar, þá lít jeg svo á, að lögin, sem nú gilda, leggi stjórninni þá skyldu á herðar. Þær ráðstafanir, sem gengisnefndin telur nauðsynlegar og stjórnin felst á, — þær hljóta að verða í samræmi við núgildandi lög. Það, sem stjórnin á að gera, það álít jeg hún hafi fulla heimild til nú, en hún verður vitanlega að bera ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þinginu. Það hljóta að vera ráðstafanir annaðhvort til þess að leggja fram fje eða ábyrgð til þess að hindra verðfall. Þessvegna lít jeg alls ekki á dagskrána eins og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem traust til hæstv. stjórnar, en aðeins meðal til þess að fella úr sögunni frv., sem jeg er andstæður. (**Trþ:** En atkvæðin verða eins). Atkvæðin verða eins, segir háttv. þm. Str., en það eru mismunandi ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir atkvæðagreiðslunni. Jeg álít alls ekki, samkvæmt gildandi lögum, að hæstv. stjórn sje heimilt að fyrirbyggja hækkun krónunnar. Jeg álít, að henni beri að hindra lækkun, en stuðla að hækkun.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð þó að fara fáum orðum um það, er þrír hv. þm. hafa talað um brtt. mínar á þskj. 562.

Hv. þm. Borgf. (PO) var dálítið afundinn og hjelt því fram, að jeg hefði lofað því eða á annan hátt látið í ljós, að jeg ætlaði að greiða atkv. með dagskrártillögu hans. Þetta er hreinn misskilningur. Þegar jeg sagði frá brtt. mínum, að þær væru á leiðinni, bjóst jeg ekki við, að þær kæmu svo snemma, að þær gætu komið til greina við atkvgr., og því sagði jeg það, að jeg mundi geta fallist á dagskrána, þar sem hún stefndi í svipaða átt. Þetta tekur háttv. þm. Borgf. (PO) sem yfirlýst fylgi við dagskrártill. sína, en það er misskilningur.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) þóttist sjá, að dagskráin og brtt. mínar væru eitt og hið sama Þetta er ekki rjett. Brtt. í

sambandi við frv. fara miklu lengra, því þær gera ráð fyrir undirbúningi til frekari ráðstafana fyrir næsta þing. Þetta er því ekki rjett hjá háttv. þm. (ÓTh), það er ekki rjettmætt að bera dagskrána saman við brtt. Ennfremur fer frv. fram á algerða umskipun á gengisnefndinni; dagskráin kemur þar ekki nærri.

Þá sný jeg mjer að hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og heyrði jeg þó ekki glögt, hvað hann sagði. Jeg held honum hafi fundist brtt. of óákveðnar að því er snerti stöðvun verðlagsins fyrst um sinn. Þetta ætti ekki að koma að sök, og jeg held, að hv. þm. hafi ekki athugað þetta nógu vel.

Síðari brtt. mín skýrir þá fyrri og gefur skýringu á þeirri rannsókn, sem fram á að fara, og þarf jeg ekki að fara út í það nánar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bar fram nokkrar spurningar viðvíkjandi dagskrá hv. þm. Borgf. (PO). Jeg hefi nú fengið svör við þeim frá hv. flm. sjálfum (PO) og frá sumum flokksmönnun hans, þeim hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hæstv. fjrh. (JÞ). Og jeg verð að segja, að jeg er að mörgu leyti ánægður með þau svör. Hv. þm. Borgf. (PO) gaf mörg skýr svör og góð, og sama er að segja um hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Í framkomu þeirra var og gott aðhald fyrir stjórnina, því að þeir ljetu ekki liggja í láginni, hvernig þeim var innanbrjósts eða hvernig þeir vilja láta fylgja dagskránni fram, og veita þeir þannig hæstv. fjrh. betri aðstöðu, og er þetta hinn besti stuðningur fyrir hann, sem að öðru leyti hefir allerfiða aðstöðu, enda vafðist honum mjög tunga um tönn í svari sínu til mín. Hann verður sem sje að sætta sig við að hafa þá aðstöðu, líkt og sumir menn í fornöld urðu að hafa, er þeir voru kúgaðir til sátta. Þetta er honum augsýnilega nauðungarsætt. Hv. þm. Borgf. (PO) sagði í spaugi, að hann hefði í fyrra þurft að stappa í mig stálinu, til þess að jeg stæði stöðugur, þar sem jeg hefði átt að standa. Jeg get svarað honum þessu sama í þetta skiftið, nú er það jeg, sem hefi ósleitilega stappað í hann stálinu, og vona jeg, að hann dugi nú vel þessu máli. Síðari ræða hans var og miklu gleggri og skýrar kveðið að orði en er hann talaði fyrst fyrir dagskrártill. sinni. Hann var allloðinn í fyrstu, en hefir nú tekið sjer fram, sjerstaklega eftir að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hafði komið fram með brtt. sína við dagskrána, svo nú sýnir hann hreinni liti en áður.

Jeg vil leiðrjetta það, sem sagt hefir verið, að jeg hafi fallið frá kröfu um það, að fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefndinni hefðu þar atkvæðisrjett; jeg taldi það þó betra en ekki, að þeir ættu þar sæti, þó þeir hefðu ekki atkvæðisrjett. Ef menn aðeins vildu fletta upp í þingtíðindunum, geta menn gengið úr skugga um þetta.

Þá vil jeg vekja athygli á því, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) tók fram og lagði áherslu á, að ekki skyldi kosta neinu til vegna gengisráðstafana. Þetta vil jeg undirstrika, og eins það, að hv. flm. dagskrárinnar ber þetta sama fram. Þetta verður því að telja sem ákveðinn vilja deildarinnar sjerstaklega, er menn minnast afgreiðslu þessa máls hjer við 2. umr.

Hv. flm. (PO) hefir lýst því yfir, að dagskrána beri ekki að skoða sem

traustsyfirlýsingu til þeirra stjórnarvalda, sem henni er beint til. Þykir mjer vænt um þessi orð, því þau lýsa fullri vanþóknun á þeim skaða, sem krónan er af gengishækkuninni, og um leið er þetta þung og alvarleg áminning um að láta ekki slíkt henda aftur. Jeg hefði búist við, að hv. flm. dagskrártill. (PO) hefði borið hana undir stjórn Landsbankans, því að hjer stendur alveg sjerstaklega á og liggur beint við, er málinu skal meðal annars vísað til hans. Jeg hefði verið miklu ánægðari með till., ef þetta hefði verið gert. Hitt er minna ánægjuefni, er mestu andstæðingar í þessu máli fylgjast að í því að styðja þessa dagskrártill. út frá gerólíkum forsendum, bæði hækkunarmenn og andstæðingar þeirra.

Þá hafði jeg örfá orð til að segja við hæstv. fjrh. (JÞ). Hann svaraði mjer litlu, en sló öllu upp í spaug. Hann kvaðst varla ætla, að jeg mundi hirta hann, þó að hann tæki lán til að hindra lækkun krónunnar. Hann veit vel, að þetta getur ekki komið fyrir. Honum er vel kunnugt um aðstöðu íslensku bankanna erlendis, sem stendur. Þeir skulda um 10 milj. króna, eða um 100 kr. á nef hvert á landinu. Þetta er tekið eftir síðusu skýrslum, sem ljóslega bera með sjer, hve ásandið er nú afskaplega alvarlegt.

Jeg tel mig yfir höfuð hafa farið góða ferð á þessari fyrirspurnarferð minni. Jeg hefi fengið skýr og góð svör frá flestum, sem jeg beindi spurningum mínum til, og málið hefir við það orðið skýrara fyrir þetta. Jeg tel dagskrána að ýmsu leyti aðgengilega, með þeim skýringum, sem henni hafa verið látnar fylgja, þó að jeg greiði atkv. á móti henni.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Aðeins að síðustu örfá orð fyrir hönd minni hl. fjhn. viðvíkjandi dagskrártill. Henni hefir nú talsvert verið breytt til bóta með brtt. hv. 2. þm. Rang. (KlJ), og er hún nú skýrari að orðalagi en áður. Það er auðsjeð af orðum hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að þeir leggja í dagskrána þann skilning, að hún bindi stjórnarvöldin við að halda núverandi gengi. Þetta verður bersýnilegt af því, að sumir þeir, sem ákveðið fylgja verðfestingu krónunnar, teljast þó geta fallist á dagskrána.

Jeg tek þó frv. fram yfir hana. Dagskráin er aðgengileg að því leyti, að hún er ákveðinn ósigur þeirra, sem fylgja hækkunarstefnunni. Hún er einnig mikill ósigur og aðhald fyrir stjórnina. En þó væri rjettara að afgreiða málið í því formi og víkja í engu frá því, sem skynsamleg aðferð til festingar krónunnar hentar.

Magnús Jónsson: Háttv. fylgismenn frv. eru að reyna að breiða mörg orð og mikla vafninga yfir ósigur sinn í þessu máli. Þegar aðalbrýnan var slegin hjer við 2. umr. þessa frv., var jeg forfallaður frá því að taka þar þátt í, vegna lasleika. Þessvegna vil jeg nú nota tækifærið til að gera grein fyrir atkvæði mínu með örfáum orðum.

Þegar jeg sá þessa dagskrártill. háttv. þm. Borgf. (PO), vissi jeg strax, að hún mundi verða samþykt, því hún er alveg að heita má samhljóða þeirri, sem jeg bar fram í meiri hl. fjhn. En jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er alveg ósamþykkur yfirlýsingu hv. þm. Borgf. (PO), sem hann ljet fylgja dagskránni, vegna

þess, að um leið og hann vísar málinu til stjórnarinnar vill hann slá úr höndum hennar þau vopn, er hún hafði til að gera eitthvað í málinu. Jeg vil vísa málinu til stjórnarinnar í fylsta trausti þess, að það sje þar best komið, og að stjórnin muni halda sjer að efni og orðalagi dagskrárinnar, en hirði minna um yfirlýsingar manna, sem henni hafa fylgt. Jeg vil leggja áherslu á það, að með samþykt þessarar dagskrár er málið algerlega opið fyrir aðgerðum næsta þings. Læt jeg svo nægja þessi orð, sem jeg enda með fyrir mitt leyti þessar umræður.

Magnús Torfason: Jeg vil lýsa því yfir, að orð hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hafa gert mig einráðinn í því að greiða atkvæði á móti þessari dagskrártill., en jeg játa það, að áður var jeg ekki viss um þetta.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð til hv. þm. Str. (TrÞ) út af orðum þeim, sem hann mælti nú síðast. Jeg vil, til stuðnings því, að jeg hafi farið rjett með það, að háttv. þm. Str. hafi verið rjett kominn að því að heykjast á því að halda því fram í fyrra, að fulltrúar atvinnuveganna hefðu atkvæðisrjett í gengisnefnd, leyfa mjer að lesa upp nokkur orð eftir háttv. þm. (TrÞ) úr þingtíðindunum frá í fyrra. Hann segir svo: „Mjer fanst, að háttv. þm. Borgf. (PO), meðflm. minn að brtt. á þskj. 393, gefi mjer hálfgildingsákúrur fyrir það, að jeg hefi gengið inn á brtt. fjhn.“ Það er brtt. fjhn. um að svifta fulltrúa atvinnuveganna atkvæðisrjettinum.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að jeg hefði lýst því yfir, að dagskrána mætti ekki skoða sem traust til umgetinna stjórnarvalda. Jeg sagði, að í dagskránni fælist fullkomin bending um það að fara gætilega í þessum efnum, og jafnframt bending um, að æskilegra hefði verið, að svo miklar gengissveiflur hefðu ekki orðið á svo skömmum tíma, sem varð raun á. En hinsvegar ber enganveginn að skilja dagskrána svo, að það felist ekki traust í henni til þeirra stjórnarvalda, til að framkvæma nú það, sem í tillögunni felst.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að jeg hefði ekki gert rjett í því að bera ekki dagskrána undir álit bankastjórnar Landsbankans. Út af þessu vil jeg bara skírskota til þess, sem jeg sagði áðan um þetta atriði. Þegar jeg samdi dagskrána, hafði jeg ekki borið mig saman við neinn um orðalag hennar. Hvorki við Landsbankann nje aðra. Hv. þm. (TrÞ) var eitthvað að þakka mjer fyrir glöggari skýringar á dagskránni. Að því leyti sem dagskráin skýrir sig ekki sjálf, þá held jeg, að það hafi komið fullljóst fram hjá mjer þegar í upphafi, hvað fyrir mjer vekti, en að hv. þm. Str. (TrÞ) sætti sig betur við dagskrána nú eftir að jeg hafði að nýju talað nokkuð um hana, hygg jeg að stafi frekar af því, að hann við að hugsa málið frekar sjái, að það er rjett, sem jeg segi, að þessi afgreiðsla málsins sje líka heppileg frá hans sjónarmiði, heldur en af hinu, að nokkrar nýjar skýringar á henni kæmu fram hjá mjer.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að jeg hefði misskilið sig, en jeg held því fram, að svo hafi ekki verið. Jeg held, að flestir hv. deildarmenn verði mjer sammála um það, að orð hans hafi ekki orðið skilin á annan veg en svo sem hann

hafi ætlað sjer að greiða atkvæði með dagskrártill. Ef hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) greiðir nú atkv. á móti henni, er það aðeins af því, að honum hefir snúist hugur síðan, og við því er ekkert að segja.

ATKVGR.

Brtt. frá 2. þm. Rang. (KlJ), við rökstuddu dagskrána frá þm. Borgf. (PO), samþ. með 17 shlj. atkv.

Rökstudda dagskráin frá þm. Borgf. (PO), svo breytt, samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JörB, MT, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Slysatryggingar.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar (þmfrv., A. 110).

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það mun engum hafa komið á óvart, þó að skamt yrði þess að bíða, að brtt. kæmi fram við lög þau um slysatryggingar, er samþ. voru á síðasta þingi. Jeg gat þess meðal annars þá, að ef miða ætti iðgjaldsgreiðslu við áhættuna innan hvers flokks í sjómannatryggingunni, yrðu álögurnar svo þungar á smáútgerð, að ekki mundi þykja viðunandi. Þetta hefir líka komið á daginn. Það hafa heyrst háværar raddir frá hinum smærri útgerðarmönnum um, að þetta væri mjög erfiður skattur. Það hafa verið samþyktar áskoranir á þingmálafundum og fiskifjelagsfundum um að ljetta þessum bagga af hinni minni útgerð. Jeg held, að betra hefði verið að fara eftir minni till. í fyrra og koma á samtryggingu allra sjómanna með tilliti til þess, hver nauðsyn væri á tryggingu og hverjir væru færastir um að borga. Það hefir sýnt sig, þegar slys hefir borið að höndum, að allir hafa tekið höndum saman um að bæta skaðann eftir föngum. Það sást glögt síðast liðinn vetur, hvernig útgerðarmenn hlupu undir baggann, og allir sjómenn lögðu fram sinn skerf til þess að bæta tjónið. Jeg hygg, að það sje ósk og ætlun sjómanna og útgerðarmanna að hjálpa hver öðrum til þess að halda uppi þessum nauðsynlegu tryggingum. Það mun yfirleitt vera samhuga álit manna, að hin mesta nauðsyn sje á að halda uppi tryggingum til handa sjómannastjettinni. Fyrsti vísir til tryggingar var einmitt handa þessari stjett. En um það þarf ekki að fjölyrða, heldur snúa sjer að því að bæta úr helstu ágöllum. Iðgjöldin eru

nú talsvert hærri en þau voru áður en lögin frá 27. júní fyrra ár gengu í gildi. Áður var greidd ein króna fyrir hvern háseta á skipum, sem voru 5 smálestir eða meira, en nú kr. 1,20. Áður greiddu útgerðarmenn og hásetar þetta gjald í sameiningu. Nú greiða útgerðarmenn það einir. Það vita allir, sem kunnugir eru smábátaútgerð nú, að síst er bætandi á álögurnar. Menn verða að muna það, að hjer er um að ræða þjóðlegasta þátt útgerðarinnar. En því þjóðlegri er atvinnuvegurinn, sem fleiri mönnum gefst kostur á að gerast sjálfstæðir atvinnurekendur. Jeg vona, að þessi grein útgerðarinnar eigi eftir að taka framförum og blómgast, en til þess þarf meðal annars góðar landhelgisvarnir. Vörn sú, sem stríðið veitti, sannaði það, að ef við getum varið landhelgina, þá er þessum atvinnuvegi borgið.

Nú fer smábátaútgerðin minkandi, og margt bendir á, að hún muni fara sömu leið og þilskipaútgerðin fór, sem nú er að mestu úr sögunni. Okkur ber að stemma stigu fyrir því, að hún fari eins. Það er enn svo, að meiri hl. þeirra, sem lifa á sjávarútvegi, lifa einmitt á þessum útvegi. Ef takast á að bjarga honum frá yfirvofandi hnignun, verður fyrst og fremst að snúa af þeirri braut, sem síðasta Alþingi hjelt inn á. Þá voru tíndar svo margar smáálögur á þessa útgerð, að furðu má gegna, þar sem kunnugt er, að hún er í afturför. Jeg skal taka dæmi: Gerum ráð fyrir, að haldið sje úti 6—8 rúmlesta mótorbát með 7 mönnum í 40 vikur. Þá verða aukin útgjöld útgerðarinnar vegna slysatryggingarlaganna frá síðasta þingi 186 kr. Gerum ráð fyrir, að báturinn afli 160 skippund og að hvert skpd. seljist á 100 kr. Það gerir 16000 kr. Þá gerir ½% hækkun á útflutningsgjaldi 80 kr. Slysaiðgjöld þeirra, sem vinna við verkun aflans, má áætla 22 kr. Aukin útgjöld verða eftir þessu nærfelt 300 krónur. Þar við bætist, að undanfarið ár voru líka auknar álögur, t. d. með gengisviðaukanum o. fl. Þetta eru hin beinu útgjöld, en svo verður útgerðin auðvitað að taka þátt í þeirri miklu útgjaldaaukningu, sem samþ. var á þinginu 1924—1925.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, þar sem drepið er á ýms atriði í greinargerð frv. Jeg óska, að málinu verði vísað til sjútvn. og vænti þess, að hún skili nál. sem fyrst.

Jón Baldvinsson: Mjer finst engin ástæða til að kippa sjer upp við það, þó að einhverjir kunni að vera óánægðir með þessi lög. Slíkt er algengt um ný lög, einkum þegar um nýjar kvaðir er að ræða. Þegar frá líður, sætta menn sig við lögin, ef það kemur í ljós, að þau miða til almenningsheilla.

Jeg er viss um, að slysatryggingalögin verða að miklu gagni, og mjer finst sjálfsagt, að þau fái að reyna sig svo, að betur verði sjeð, hverju helst er þörf á að breyta. Því fer fjarri, að nokkur reynd sje komin á þau eftir tvo mánuði.

Mjer fanst hv. flm. (JAJ) lítið rökstyðja það, að um stórfelda galla væri að ræða á þessari lagasmíð. Að því mætti kannske finna, að mótorbátar yrðu tiltölulega ver úti en gufuskip, en úr því var hægðarleikur að bæta með breytingu á reglugerðinni um iðgjöldin. Hv. flm. (JAJ) fullyrðir í greinargerð frv., að þessar álögur geti orðið til þess að stöðva smábátaútgerðina. Mjer þykir ólíklegt, að 186 krónur geti riðið baggamuninn í þessu efni. En óánægju í byrjun út af þessum ákvæðum mátti búast

við, og má ekki taka of mikið tillit til þess. Hinsvegar er sjálfsagt að breyta lögunum, ef reynslan leiðir í ljós verulega galla.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það mun vera af ókunnugleika, ef hv. 2. þm. Reykv. (JBald) heldur, að þessi lög kreppi ekki hart að smábátaútgerðinni. Á Vesturlandi er það svo, að þar munu margir bátar hætta, ef þessu verður ekki breytt. Þessi viðbót er ekkert smáræði fyrir jafn-tekjurýran útveg og hjer á hlut að máli. Jeg held, að það sje talið sæmilegt, ef svona bátar hafa 300 kr. afgang á ári að frádregnum kostnaði.

Að láta lögin bíða, þar til allir gallar þeirra sjást að fullu, getur orðið dýrkeypt. Hitt er viti nær að bæta strax úr auðsæustu göllum og þeim, sem harðast koma niður. Það tjáir ekki að skella vi því skolleyrunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 : 4 atkv.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 364).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi ekki öllu fyllri skilaboð að færa frá sjútvn. en þau, sem lesa má í nál. á þskj. 364. Eins og frv. á þskj. 110 ber með sjer er þar gert ráð fyrir þrem heldur smávægilegum breytingum á slysatryggingarlögunum frá síðasta þingi. Það er sem sje gert ráð fyrir: í fyrsta lagi, að undanþiggja tryggingarskyldu þá, sem vinna að fiskverkun utan þurkhúsa. Í öðru lagi, að sjómenn, sem vinna fyrir hlut af afla, eða þeir, sem fá kaup í hundraðsgjald af arði fyrirtækisins, taki þátt í iðgjaldsgreiðslunni, sem nú hvílir öll á útgerðarmanninum, eftir lögum nr. 44, 1925. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki öllu meiri þátt í iðgjaldagreiðslu fyrir sjómenn á róðrarbátum og litlum vjelbátum en ætlast er til eftir lögum síðasta þings. Einnig að færa undir þau ákvæði skipverja á vjelbátum 5—12 rúmlesta, sem nú hlíta sömu reglum og gilda fyrir stærri skip.

Eins og álit nefndarinnar ber með sjer, hefir verið leitað umsagnar stjórnar slysatryggingar ríkisins. Hefir hún talið, að með reglugerðarbreytingum mætti ná tveim fyrri atriðunum. Þriðja og síðasta breytingin, þátttaka ríkissjóðs í iðgjaldagreiðslunni, næst aftur á móti ekki nema með lagabreytingu. Nú álítur nefndin ekki rjett, meðan eigi er fengin fyllri reynsla um þessi lög, að eiga við svo smávægilegar breytingar sem þessar. Vill hún reyna þau fyrst um sinn til næsta þings, enda lítur meiri hl. hennar svo á, að þegar lögunum verði breytt á annað borð, beri að gera meiri breytingar en hjer er farið fram á. Bendingar um þær breytingar, sem nefndin vill gera, á sínum tíma, eru á þskj. 364. En í stórum dráttum er álit hennar, að skyldutrygðir eigi að vera allir eða þó flestir, sem hættulega vinnu stunda, og að ríkinu beri að taka nokkurn þátt í tryggingargjöldum allra, jafnframt og þeir slysatrygðu einnig greiði nokkurn hluta þeirra. En eftir lögum síðasta þings eru öll þessi gjöld einhliða lögð á vinnuveitanda. Hinsvegar telur nefndin rjett, að hið fyrsta sje gerð reglugerðarbreyting um undan-

þágurnar, sem felast í 1. og 2. gr. frv. Með þetta fyrir augum vill meiri hl. nefndarinnar afgreiða málið með þeirri rökstuddu dagskrá, sem stendur í nál. hennar. Þegar nokkur reynsla er fengin, ber að voru áliti að hverfa að róttækari breytingum á þessari löggjöf en nú liggur fyrir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ei tefja tímann um of, get lýst yfir því, að jeg felli mig við þessa afgreiðslu málsins, svo framarlega sem hæstv. atvrh. (MG) lofar að gera þær reglugerðarbreytingar, sem hjer er um að ræða, og undanþiggja þá útgerðarmenn, sem hafa menn upp á hlut úr afla, nokkru af iðgjaldinu. — Nú er það svo vestra, þar sem jeg þekki til, að útgerðarmaður borgar alt gjaldið, en á 1—2 stöðum á landinu borga hlutarmenn nokkuð af því. Virðist svo, sem sá sje skilningur forstöðunefndarinnar.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki getað orðið sammála hv. meðnefndarmönnum mínum um að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá. Að vísu er það þar með drepið, en í dagskránni felst, að deildin fallist á þær brtt., sem eru í lagafrv. á þskj. 110. Jeg vil hafa nokkuð aðra aðferð um þetta mál og vil láta vísa málinu til hæstv. stjórnar. — Það er mitt álit, að brtt. við þessi lög eigi fyrst og fremst að koma frá framkvæmdarnefnd sjóðsins og hæstv. landstjórn. Jeg þykist vita, að einhverjir örðugleikar sjeu á framkvæmd laganna, en held, að með þeim sje lagður grundvöllurinn að víðtækari slysatryggingum. Þykir mjer óþarflega snemt, að hæstv. stjórn leggi fyrir næsta þing frv. um almennar slysatryggingar, svo sem í dagskránni felst. Enn síður vil jeg, að hún fari með einfaldri reglugerðarbreytingu að undanskilja stóra flokka frá tryggingu. Till. mín um að vísa málinu til stjórnarinnar er prentuð á sama þskj. og nál., og vona jeg, að hún verði fyrst upp borin. Segi jeg ekki meira, fyr en jeg hefi heyrt til hæstv. atvrh. (MG).

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af nál. á þskj. 364 skal jeg taka það fram, að jeg tel ekkert í veginum um að undanskilja skyldutryggingu þá, sem vinna að fiskþurkun utanhúss. Álít jeg fulla heimild til þess í lögum nr. 44, 27. júní 1925, 21. gr. Um hitt atriðið, að flytja iðgjaldagreiðsluna að nokkru yfir á þá menn, sem ráðnir eru upp á hlut af afla eða ágóða, þá held jeg, að það sje hæpinn skilningur á lögunum, að setja það í reglugerð. Þó mun jeg sjá mjer það fært, ef meiri hl. hv. deildar lýsir sig því samþykkan. Um þriðju brtt. á þskj. 110 eru allir samdóma, að því atriði verði ekki breytt með reglugerð. — Þriðja atriði dagskrárinnar, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um almennar slysatryggingar, skil jeg svo, að það frv. eigi að ná til allrar vinnu, sem nokkur hætta getur verið við, meðal annars almennrar sveitavinnu, sláttar, mógraftar, fjallferða o. s. frv. Þessu treystist jeg ekki til að lofa, en hinu get jeg lofað, að endurskoða lögin eins og þau liggja fyrir, og ef til vill koma með brtt. við þau. Um það er þó eigi ákveðið loforð, því að þessi lög eru enn svo lítið reynd, að gallarnir, sem á kynnu að vera, eru eigi fyllilega komnir í ljós.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg bið hæstv. forseta að hafa nafnakall um till. hv.

2. þm. Reykv. (JBald), því að hún er bersýnilega gerð til þess að eyða málinu. Jeg vil aðeins minna hv. deild á það, að sannað hefir verið með fullum rökum, að smábátaútgerðin verður mjög illa úti, eins og lögin nú eru framkvæmd. Bátar, sem hafa kringum 200 kr. ágóða af vertíðinni, þurfa að borga á 3. hundrað kr. í iðgjöld. Jeg veit um það, að sjómenn hafa sjálfir ekkert á móti því að taka þátt í iðgjöldunum.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Út af orðum hæstv. atvrh. (MG) vil jeg gera örlitla athugasemd. Hann taldi vandkvæði á því, að leggja nokkuð af iðgjaldagreiðslunni á þá menn, sem ráðnir eru fyrir hlut af afla, en kvaðst þó mundu sjá sjer það fært, ef deildin lýsti yfir því, að það væri hennar vilji. Nú liggur það í dagskrá sjútvn., ef hún verður samþ., að slík yfirlýsing er gefin, og leysist því með henni þessi spurning. Þá tók hæstv. ráðh. (MG) það fram, að stjórnin sæi sjer tæplega fært að leggja fyrir næsta þing frv. um almennar slysatryggingar, þar sem með væru tekin öll áhættuverk. Það liggur eigi í dagskránni eða nál., að teknir verði undantekningarlaust allir þeir, sem í nál. eru taldir, þótt nefndin hinsvegar telji best, að sem flestir komist undir tryggingarákvæðin. Það er álit allra í meiri hl. sjútvn., að nú sjeu margir gerðir tryggingarskyldir, sem vinna hættulítil verk, en aftur á móti undanþegnir aðrir, sem hættumeiri verk vinna, sem nefndin leggur mesta áherslu á að afnumin verði. Um þá till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að vísa málinu til hæstv stjórnar án frekari formála, er það bert, að í henni liggur engin bending um að fá reglugerðarbreytingu, heldur aðeins eyðing málsins. Því verð jeg, fyrir hönd nefndarinnar, að telja hana allsendis óaðgengilega.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hafði skilið orðin „almenna slysatryggingu“ þannig, að menn skyldu trygðir við alla vinnu, alment. En með þeim skilningi, sem hv. frsm. (SvÓ) leggur í orðið, get jeg vel gengið að því. Því að þá er stjórnnini í sjálfsvald sett, hve langt hún fer í brtt. sínum. — Það er mitt álit, að í sveitum sje mjög ilt að koma tryggingum fyrir, og virðist mjer, að á það megi líta jafnframt þörfinni. Jeg geri ráð fyrir, að þegar þessi lög hafa staðið í nokkur ár, megi færa út tryggingarnar. — Jeg er alveg andvígur till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), því að jeg vil fá atkvgr. hv. deildar um vafasamt atriði, og sú atkvgr. felst í því, hve fer um dagskrá hv. nefndar.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú gefið yfirlýsingu um þetta mál, og verð jeg að segja það, að mjer kom það nokkuð á óvart, hvernig hann tók í það. Lögin, sem samþ. voru í fyrra, gengu auðvitað í gegn um báðar deildir þingsins, en nú er það meiningin, að þessi eina deild skori á stjórnina að gera alvarlegar breytingar á þeim. Mjer finst, að það væri mikið í ráðist fyrir hæstv. stjórn að gera slíkar breytingar, eftir dagskrá, sem væri samþ. að eins hjer í þessari hv. deild. Um slíkar breytingar eiga að koma fram till. frá stjórn slysatryggingarinnar, að mínu áliti. Hæstv. ráðh. finst, ef til vill ekki, að hann varði neitt um þær till., sem stjórn slysatryggingarinnar kynni að gera, en mjer finst nú, að hún hljóti að hafa best vit á slíku. — Hæstv. ráðh. (MG) hefir lýst því yfir,

að ef dagskráin verði samþ. nú, þá muni hann setja reglugerð um þetta samkv. henni. Hinsvegar er hann mótfallinn minni till. um að vísa málinu til stjórnarinnar. Það var þó talin einhver mesta virðing, sem mönnum var sýnd til forna, þegar þeim var selt sjálfdæmi um einhver mál. En það vill hæstv. atvrh. (MG) ekki aðhyllast, að honum sje selt sjálfdæmi í þessu máli. Hvað viðvíkur því, að undanþiggja þá, sem vinna að fiskvinnu utan þurkhúsa, þá finst mjer vafasamt, hvort hægt er að breyta því með dagskrá. Jeg hefi ekkert að athuga við það, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vildi fá nafnakall um mína till. og vil meira að segja sjálfur leyfa mjer að æskja þess. Mjer þykir ótrúlegt, að hv. þdm. hafi nú breytt um skoðun frá í fyrra, með því að ekkert nýtt hefir komið fram í málinu síðan. Mjer finst það mjög varhugavert að fara nú að breyta því með rökstuddri dagskrá, sem í fyrra var samþ. sem lög. Og mér finst það varhugavert fyrir hæstv. stjórn að taka við málinu þannig. Eftir því, sem jeg skildi háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) í fyrra, vildi hann fá almennar slysatryggingar, en nú þegar hæstv. atvrh. (MG) vill ekki lofa því að flytja frv. á næsta þingi um þetta efni, þá hefir hæstv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) breytt um skoðun, svo alt falli í ljúfa löð með honum og hæstv. atvrh.

Jeg skal ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, en finst það alls ekki viðeigandi að fara nú að breyta lögum þessum á þennan hátt. Hinsvegar finst mjer, að það gæti komið til mála að athuga þetta mál í samráði við slysatryggingarsjóðsstjórnina og koma þá síðar fram með till. um breytingar á lögunum, en ekki að gera það á þann hátt, sem hv. meiri hl. sjútvn. fer fram á.

Jón Sigurðsson: Það er ekki að ástæðulausu, að allmikið er nú talað um þessa dagskrá. Mjer skilst, að ef hún væri samþ., þá væri málinu þar með hrundið inn á víðara svið. Jeg sje ekki betur en að ef till. nefndarinnar verður samþ., þá sje tryggingarskyldan gerð almenn og látin ná til allrar sveitavinnu og þess háttar. Mig furðar nokkuð á þessu, af því að í nefndinni eiga sæti menn, sem eru kunnugir starfsháttum í sveitum og vita t. d., að sami maðurinn fæst, ef til vill, við 10 mismunandi störf sama daginn. Í slíku tilfelli mundi flokkunin reynast örðug. Enn er ekki fengin nein veruleg reynsla um þessi lög frá í fyrra, og finst mjer við geta verið rólegir og sjeð, hvernig þau reynast. Jeg get ekki fallist á dagskrártill. háttv. meiri hl. sjútvn. Þó að hæstv. atvrh. (MG) hafi lýst því yfir, að hann sjái sjer ekki fært að fara að öllu leyti inn á þá braut, sem hún fer fram á, þá skilst mjer, að hún sje á þá leið að skylda stjórnina til að bera fram, á næsta þingi, frv um almennar slysatryggingar. Jeg vil því leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri undir atkv. svohljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár:

Í trausti þess, að stjórnin með reglugerðarbreytingu taki upp efni 1. og 2. gr. í frv. á þskj. 110, eftir því sem við verður komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg geri ráð fyrir því, þó að það sje ekki tekið fram, að stjórnin skuli koma fram með breytingar á slysatryggingar-

lögunum, þá muni hún engu að síður telja sjer skylt að gera það, ef það virtist nauðsynlegt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þótti þjóta nokkuð einkennilega í tálknunum á hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg hefi ekkert sagt um það, hvort jeg mundi koma fram með breytingar á lögunum á næsta þingi. Jeg hefi lofað því að athuga lögin til næsta þings og koma þá með breytingar á þeim, ef mjer þætti ástæða til þess.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) álítur, að jeg geti ekki gefið út reglugerðarbreytingu, og heldur, að það væri lagabrot. En hv. þm. hefir ekki sýnt fram á, að til þess þurfi lagabreyting, að breyta reglugerðinni í þessa átt. Um breytinguna viðvíkjandi fiskvinnu utan þurkhúsa tel jeg óhætt að fara eftir till. stjórnar slysatryggingarsjóðsins, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill láta ráða, nema þegar hún er á móti honum.

Um hitt atriðið segir slysatryggingarstjórnin, að hún telji, að heimilt sje að breyta því. Hún segir: — „En við hyggjum, að ef hásetar fá ekki kaup, heldur aðeins hluta af afla, þá muni verða litið svo á, eftir núgildandi lögum, sem um samlagsútgerð sje að ræða, svo að þó útgerðarmaður bátsins eða formaður eigi að standa skil á iðgjöldum fyrir alla hásetana, samkvæmt 7. gr., þá verði þeir samt eigi taldir í þjónustu hans, heldur sjálfir atvinnurekendur, og falli því ekki undir ákvæðin í 1. málsgr. 6. gr., heldur beri sjálfir iðgjaldið hver fyrir sitt leyti ..."

Hv. þm. (JBald) sagði sjálfur í fyrra í umr. um þetta mál: „Jeg get vel fekið undir það, að sjómenn, sem eru upp á hlut, og taka þátt í útgerðinni, ættu að greiða sjálfir iðgjöld sín, ef það þætti skifta nokkru máli."

Hv. þm. (JBald) segir ennfremur í umræðunum í fyrra: „Einnig er nú svo frá gengið, eftir brtt. nefndarinnar við 21. gr., að stjórnin getur altaf tekið upp nýja flokka, er henni þykir það fært, og auk þess getur Alþingi altaf gripið inn í og hert á, því ekki þarf annað en með einfaldri þál. að skora á stjórnina að taka nýja flokka upp til tryggingar ...."

(JBald: Þetta er alt annað). Það er einkennilegt, að það á að vera hægt að taka upp nýja flokka, en ekki fella niður flokka! Annars eru þessar yfirlýsingar hv. þm. um, að jeg hafi lofað stórfeldum breytingum á tryggingunum, helber misskilningur. Jeg hefi gengið inn á þá fyrri, af því að hún felst tvímælalaust í lögunum. Um þá síðari hefi jeg sagt, að hún er vafasöm, en fái stjórnin yfirlýsingu deildarinnar um, að hún líti svo á, að breytingin sje lögleg, er það mikill styrkur. Hjer er alls ekki verið að breyta lögunum með dagskrá, eins og hv. þm. komst að orði. Hjer er aðeins verið að skýra lögin.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) tók mjer óstint upp, það sem jeg sagði áðan. Jeg skal játa, að mjer líkaði miklu betur við hann í þessari ræðu, þótt hann væri með einhverjar hnútur til mín. Nú var hann miklu varkárari í ummælum sínum og lofaði ekki öllu „fögru". **(Jak M:** Fögru?). Já, það var með gæsalöppum.

Hæstv. ráðh. (MG) vildi vísa í ummæli mín frá í fyrra því til sönnunar, að hægt væri að breyta þessum atrið-

um með reglugerðarbreytingum. — En ummæli mín frá í fyrra sanna einmitt, að ekki hefir verið meiningin hjer í hv. deild þá, að hlutarmenn skyldu greiða hluta af iðgjöldunum. Jeg tók það einmitt fram, að jeg hefði ekki á móti slíkri breytingu, e f mönnum þætti það máli skifta. Þetta, sem hæstv. ráðh. las upp, sannar einmitt, að skilningur hans og stjórnar slysatryggingarinnar sje h æ p i n n. Enda leggja þessir háttv. herrar áherslu á, að þeir „hyggi" þetta og þetta.

Hæstv. ráðh. (MG) vitnaði og í mig, að jeg hefði álitið í fyrra, að nýja flokka mætti taka upp með einfaldri þál. En þetta var einmitt deiluatriði í fyrra, og ummæli þau, er hæstv. ráðh. las eftir mig, áttu við brtt., er allshn. flutti í fyrra, en sú till. komst ekki inn í lögin.

Það er dálitið hart, ef þessu deiluatriði frá því í fyrra á að úrskurða með rökstuddri dagskrá. Og það er eins og hv. flm. og jafnvel hæstv. atvrh. (MG) haldi, að á þennan hátt megi breyta lögunum.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð. Fyrst og fremst vil jeg taka undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að jeg vil ekki reka eftir hæstv. stjórn að koma með yfirgripsmiklar brtt. við slysatryggingarlögin. Því að verði dagskrá hv. sjútvn. samþ., er ómögulegt að taka það öðruvísi en áskorun um að bera fram frv. um almennar slysatryggingar, þar með taldar tryggingar við almenna sveitavinnu. Álít jeg óhyggilegt af hv. nefnd að blanda þarna ólíkum atriðum saman.

Jeg er ekki lögfræðingur, en mjer skilst, að hæstv. ráðh. (MG) áliti, að allmikill vafi sje á, hvort lögleg sje önnur breytingin, sem farið er fram á í dagskránni. En jeg fæ ekki sjeð, á hvern hátt hún er frekar heimil, þótt samþ. sje rökstudd dagskrá í annari deild, og það því fremur, sem svo fáir eru á fundi. Ef þessi breyting er nú óheimil, þá er þetta enginn grundvöllur, sem hún megi byggjast á. Verð jeg því að líta svo á, að tilgangslaust sje að samþykkja dagskrána.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er vitaskuld aðeins fyrirsláttur hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að jeg hafi ekki haldið því sama fram í báðum ræðum. Jeg ljet það altaf í ljós, að jeg gæti ekki gengið að svo víðtækum breytingum á slysatryggingalöggjöfinni, sem jeg taldi felast í dagskránni. En er hv. frsm. sjútvn. (SvÓ) hafði lýst yfir því, að frá hálfu hv. nefndar ætti annað að liggja í orðunum, gat jeg með góðri samvisku gengið að dagskránni.

Út af því,sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um ummæli sín frá í fyrra, vil jeg taka fram, að þau voru sögð út af brtt., sem fram var borin við 21. gr. Þeir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og hv. 1. þm. Árn. (MT) báru hana fram í samráði við mig, og án hennar hefði frv. aldrei komist fram. Jeg tók það þá fram, að eftir henni væri mjer heimilt að draga úr tryggingunum, ef svo bæri undir. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hristir höfuðið nú. En þá var hann glaður að geta komist að einhverjum samningum, svo að frv. hans væri eigi felt.

Ummælum hv. þm. Str. (TrÞ) þarf jeg varla að svara. Jeg hefi tekið það fram, að aðeins önnur þessi till. er vafasöm. Og er það þá mikill styrkur fyrir stjórnina að vita, að löggjöfin lítur eins á málið og hún. Því að skýring löggjafans er ætíð mikilsvert atriði við lög-

skýringar. (**Trþ:** Hjer er ekki um allan löggjafann að ræða). Jæja, það er þó að minsta kosti vilji Nd., sem væntanlega kemur fram við atkvæðagreiðsluna, og þar eiga sæti 28 af 42 þm. (**JBald:** En þetta var ágreiningsatriði milli deilda í fyrra). Það er dálitið einkennilegt hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hann byrjar á því, að segja, að allar brtt. við þessi lög eigi að koma frá stjórn slysatryggingarinnar, en þegar honum er bent á álit hennar, að hún haldi, að þetta sje rjett lög, þá telur hann það fortakslaust lagabrot.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. Reykv. (JBald) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, IngB, JakM, JBald, JK, JörB, KlJ, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: ÁÁ, HStef, HK, JAJ, JS, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, SigurjJ,

Tveir þm. (JÞ, MG) greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (ÞorlJ, BSv., BSt, BJ, BL), fjarstaddir.

2. Trygging á fatnaði og munum skipverja.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja (þmfrv., A. 126).

Á 30. og 33. fundi í Nd., dagana 13. og 17. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, BSv.

nei: SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BL, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ.

Tveir þm. (BJ, HK) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 14 : 3 atkv.

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 126, n. 206 og 493).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það á víst að heita svo, að jeg sje frsm. sjútvn. í þessu máli, en jeg hafði ekki tekið eftir því fyr en mjer var bent á það núna samstundis. Það leiðir því af líkum, að jeg hefi ekki búið mig undir langa framsögu, enda er hjer ekki um merkilegt mál að ræða. En þar sem þetta mál er búið að liggja nokkuð lengi fyrir deildinni, þá geri jeg ráð fyrir því, að hv. þdm. sjeu búnir að átta sig á því, og ætti ekki að þurfa öllu meira um það að segja en það, sem stendur í nál. á þskj. 206. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að leggja með frv., því að hún telur kröfuna um það, að útgerðarmaður haldi jafnan í tryggingu farangri skipverja, fremur óeðlilega og hætt við, að hún kæmi ósanngjarnlega niður á útgerð smáskipanna.

Vil jeg ekki fjölyrða meira um þetta

núna í annríkinu; býst við að hv. þdm. sjeu búnir að átta sig á rjettri meðferð málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það vildi svo undarlega til, að fyrir þingfund hjer í morgun voru staddir hjer menn, sem hafa orðið fyrir því óláni, að missa allan sinn fatnað og muni við strand, sem nýlega kom fyrir. Það var undarleg tilviljun, að jeg skyldi hitta þessa menn sama dag, sem þetta mál kemur hjer til 2. umr. Þetta bendir á, eins og líka öllum mun vera ljóst, að það er hin mesta nauðsyn á því, að fatnaður og munir skipverja sjeu tryggðir, og að samþykkja beri lög um það efni. Það mun ekki lítið, sem fer í sjóinn árlega, alt saman óvátrygt. Jeg hygg, að það muni vera sum árin upp undir 200 manns, sem fyrir tapi verða. Ef gert er ráð fyrir, að hver maður hafi að meðaltali föt og muni fyrir 500 kr., þá eru þetta ekki litlir peningar, sem þarna fara forgörðum. Það mun að vísu ef til vill vera minna virði á seglskipum og mótorbátum, en aftur meira á hinum stærri skipum, sem hafa meira pláss og halda lengur út.

Samkv. 1. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því, að útgerðarmaður gufuskips skuli skyldur til að tryggja fatnað og muni fyrir ekki lægri upphæð en 500 kr., en útgerðarmaður mótorskips og mótorbáts fyrir 400 kr. Meiri hl. sjútvn. hefir nú tekið heldur stirðlega í þetta mál og lagt til, að frv. yrði felt. En það er sýnilegt, að þetta mál verður ekki útrætt nú, þó að hv. deild fallist á það. En hv. meiri hl. sjútvn. hefir ekki viljað líta við þessu máli; ekki gera breytingar, bara fella það. Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að ekki væri meira um þetta að segja en það, sem stendur í nál. En mjer finst vera margt hægt að segja um það. Hjer er mikið verðmæti, sem fer forgörðum árs árlega, og því mikið unnið við þessa vátryggingu. Það eru margir, sem standa uppi slyppir og snauðir, þegar þeir koma frá strandi. (MJ: Er ekki hægt að tryggja án þessara laga?). Jeg hygg, að hvorki útgerðarmenn nje skipverjar hefðu hirðu á að tryggja í hvert skifti, nema hjer kæmi lagaboð. Það er ekki nema einstaka maður svo forsjáll, að tryggilegt sje að selja mönnum sjálfdæmi um þetta. Það þykir t. d. sjálfsagt að lögbjóða, að hús skuli trygð, og fleira mætti nefna. Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að þetta kæmi ósanngjarnlega niður á smærri útgerðinni. Það er rjett, að það er dálítið aukin útgjöld fyrir þá, en hins vegar meiri trygging fyrir þá, sem hjá þeim starfa. Jeg hygg, að flestum útgerðarmönnum þyki leitt, að skipverjar þeirra verði fyrir skaða við strönd, en það er ekki víst, að þeir geti hjálpað þeim, þótt þeir sjeu allir af vilja gerðir. Eina ráðið er að lögbjóða þetta, og jeg tel rjettara, að útgerðarmennirnir beri þennan kostnað, eins og annan kostnað af útgerðinni. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Þótt jeg geri ekki ráð fyrir því, að þetta frv. verði afgreitt nú, þá vænti jeg þess þó, að hv. deild lofi þessu frv. að fara til 3. umr.

Hákon Kristófersson: Jeg get tekið undir með hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að mér þykir ilt til þess að vita, hvernig hv. sjútvn. hefir snúist í þessu nauðsynjamáli. Mig og hv. 2. þm. Reykv. greinir ekki á um annað en hver eigi að greiða iðgjöldin. Jeg tel rjettara, að þeir, sem trygðir eru, greiði þau. Mjer

hefði þótt það miklu frambærilegra af hv. sjútvn. að koma fram með brtt., heldur en afgreiða þetta mál frá sjer með nál., sem ekki er nema rúm ein lína. Jeg verð að segja, að jeg hefi orðið fyrir miklum vonbrigðum, að jafnmæt nefnd og sjútvn. er, skyldi láta sig henda slíkt sem þetta. Jeg vil nú skjóta því til hv. 2. þm. Reykv. (JBald), hvort honum þyki það nokkur misþyrming á máli þessu, að vísa því til stjórnarinnar að þessu sinni, með ósk um það, að hún leggi frv. þessa efnis fyrir næsta þing. Mun jeg gera þetta að tillögu minni. En eins og jeg gat um áðan, þá finst mjer rjettara, að sjómennirnir greiði sjálfir iðgjöldin. Það hefir verið hlaðið svo miklum útgjöldum á útgerðarmennina, að einhverntíma verður að láta staðar numið í því. Enda er jeg líka viss um, að enginn sjómaður mundi telja slíkt eftir sjer. En í því er jeg algerlega samdóma hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að þessarar tryggingar verður aldrei gætt, nema lagaboð komi til. Þetta frv. virðist svo einfalt, að ekki hefði þurft langan tíma til þess að breyta því, og þá sjerstaklega 2. gr. Það hryggir mig stórlega, að þetta mál skuli ekki ná fram að ganga á þessu þingi. En sem sagt, jeg geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, ef hv. flm. hefir ekki á móti því. — Hin mörgu dæmi, sem fyrir hafa komið og það eitt nú nýlega, sýna það best, hve nauðsynlegt er, að tryggingarskylda sje á munum sjómanna.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er rjett fyrir síða sakir, að jeg ætla að segja fáein orð í þessu máli. — Það er ekki nema von, að hv. flm. og frsm. minni hl. (JBald) kvarti undan því, að nefndin hefir lagt á móti málinu, og spyrji, hverjar ástæður eru hjá meiri hl. nefndarinnar fyrir því. En hv. flm. (JBald) veit reyndar vel, að aðalástæðan er sú, að meiri hl. vill láta hvern vera sjálfráðan um það, hvort hann tryggir eða ekki; um slíka hluti tekur því varla að tala frekar.

Hv. þm. Barð. (HK) virtist vera mjög óánægður yfir því, hvað nál. meiri hl. væri stutt, og sagði það aðeins eina línu. En jeg veit ekki, hvort hv. þm. (HK) hefði orðið nokkuð ánægðari, þótt nál. hefði verið 2—3 línur, eins og álit minni hl. er. Í þessu stutta nál. meiri hl. er nú samt sem áður sagt það, sem nefndin hafði að segja, og áleit hún ekki, að þörf væri á að eyða meiri prentsvertu í það, sem jafnlitlu skiftir og þetta. Jeg skal annars geta þess, út af till. hv. þm. Barð. (HK), um að vísa málinu til stjórnarinnar, að jeg, fyrir nefndarinnar hönd, hefi ekkert á móti því, að frv. fari þá leið, sem hann óskar, því að það er þó ekki eins og að láta það fara norður og niður, að vísa því til hennar, og getur verið betur borgið þar heldur en ef felt væri með harki og hávaða. En ákveðið er frá nefndarinnar hendi að leggja til, að málið verði felt, ef till. hv. þm. Barð. (HK) verður ekki samþykt.

Sigurjón Jónsson: Jeg skal aðeins með örfáum orðum skýra háttv. þm. Barð. (HK) frá því, að svo framarlega sem fram kemur frá stjórninni frv. um þetta, þá held jeg, að ekki sje til neins að fara aðra leið en þá, sem farin er í þessu frv. Við höfum í fyrra afgreitt lög um líftryggingu sjómanna, þar sem útgerðarmanninum er gert að skyldu að greiða tryggingargjaldið, og þá er ósam-

ræmi í því, ef hásetar eiga að greiða tryggingargjald af munum sínum, en útgerðarmennirnir aðalupphæðina, vátryggingargjaldið af þeim sjálfum. En fyrir mjer vakir ekki annað en þetta, hvort eigi að binda útgerðarmönnum þann bagga, frekar en orðið er, um tryggingu á munum hásetanna. Mjer finst ekki koma til mála, að hásetarnir greiði tryggingargjald af munum sínum, en útgerðarmennirnir aftur vátryggingargjald af mönnunum.

Hákon Kristófersson: Jeg get ekki sjeð annað en að þau atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem hann færir fyrir sínu máli, hafi verið mjög ljeleg og ekki í samræmi við þær varnir, sem sá hv. þm. (SvÓ) færir venjulega fyrir sínu máli. Jeg var ekkert að tala um það, að nál. hv. meiri hl. hefði átt að vera 2—3 línum lengra, því að jeg hefði verið ánægður með það, ef jeg hefði sjeð þar nokkrar frambærilegar ástæður fyrir því, að málið yrði felt, en jeg er óánægður yfir meðferð hv. meiri hl. á málinu, því að jeg tel það nauðsynjamál. En meðferð þess sýnir, að jafnfróður og athugull maður og hv. þm. S.-M. (SvÓ) er, hefir ekki viljað leggja neina rækt við það, en við hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) erum alveg sammála, því að við álítum báðir, að of langt sje gengið í tryggingarskyldu útgerðarmanna. Jeg álít, að þeir ættu að vera skyldir til þess að sjá um tryggingu í báðum tilfellum, en fá það greitt aftur, og þó að kannske hafi verið sýnt ranglæti í einu tilfelli, þá get jeg ekki sjeð, að ekki mætti eiga sjer stað skilgreining í hinu tilfellinu. Jeg vil fúslega laga alt, en mjer er kunnugt um, að það eru svo margir fátækir menn, sem missa alt, sem þeir hafa með sjer, þegar strand ber að höndum, en mega ekki við því. Þessvegna furðar mig á því, að hv. sjútvn. skuli hafa snúist þannig við málinu, en jeg held, að hún hafi bundið sig of mikið við það ranglæti, sem að mínu viti er orðið gagnvart útgerðarmönnum, en það er ekkert ranglæti, þó að þeim sje gert skylt að tryggja þessa muni, ef viðkomandi greiðir það aftur af kaupi sínu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) tók í raun inni fram það atriði, sem ágreiningur er um milli mín og hv. meiri hl. í þessu máli. Aðalásfæðan til þess, að hv. meiri hl. hefir ekki viljað fallast á málið, er, að hann vill láta hvern mann sjálfráðan um það, hvort hann tryggir eða ekki, en þarna kemur fyrst og fremst fram aðalmunurinn á því, hvort samþykkja eigi lagaákvæði um þessar tryggingar eða ekki, en jeg hefi áður fært ástæður fyrir því, að það beri að lögbjóða þessar tryggingar, og jeg nenni ekki að fara að rekja það aftur. En það sýnir, hvað hv. meiri hl. nefndarinnar álítur þetta mál mikilsvert, að hann vildi ekki eyða prentsvertu nema í eina línu, og munar það sjálfsagt ríkissjóð nokkru á þessum þrengingartímum.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) benti á það, að stjórnin gæti farið aðra leið í málinu en þá, sem hjer er farin, og úr því að svo er komið, vil jeg gjarnan fallast á till. hv. þm. Barð. (HK), um að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg álít, að það skifti ekki miklu máli um það, því að frv. kemst enganveginn fram nú, og þá get jeg alveg eins felt mig við það, þegar hvort sem er verður að láta málið óafgreitt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg heyri, að hv. flm. (JBald) sættir sig við það, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, en um leið vil jeg þá benda hæstv. atvrh. (MG), sem þetta mál fer til, á það, að hjer er verið að leggja ennþá eina nýja kvöð á smábátaútgerðina, sem getur munað alt að 100 kr. á bát. En ef svo stendur á, að hásetar róa fyrir hlut, þá ættu þeir að borga þetta iðgjald, að minsta kosti að hálfu. Annars er það nú svo á mótorbátum, sem eru minni en 20 smálestir, að menn hafa ekkert með sjer nema fötin, sem þeir standa í, en engin föt til skifta, svo ef mennirnir komast í land, þá hafa þeir ekkert mist, svo að þó að föt þeirra sjeu vátrygð og iðgjald greitt, og það verður sannað eftir á, að þeir hafi ekki haft neinn farangur nema fötin, sem þeir stóðu í, þá fá þeir ekkert endurgoldið. En útgerðarmaðurinn verður samt sem áður að borga iðgjald fyrir það, sem ekki var til, og er þá aðeins verið að gefa vátryggingarfjelaginu þessi iðgjöld. Annars mun mega gera ráð fyrir, að þetta iðgjald verði 5% á ári, eða á mótorbátum ekki undir 6%. Þessi vátrygging er auðvitað fyrir „total", því að öðruvísi fæst ekki trygt. Auðvitað er líka hægt að fá vátrygt fyrir eina og eina ferð, en það mun enginn gera, því að þá yrði iðgjaldið svo miklu hærra.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Verði frv. þetta að lögum, geri jeg ráð fyrir, að útgerðarmannafjelögin mundu semja við einhver vátryggingarfjelög um að tryggja þá muni, sem hásetar hefðu með sjer á skipunum, og það yrðu svo mikil viðskifti þar, að vátryggingarfjelögin mundu sýna svo mikla tilhliðrun, að þau gerðu sig ánægð með mikið lægri iðgjöld en þótt einhver einn maður vildi láta tryggja hjá sjer. (**JAJ:** Veit hv. þm. til, að vátrygging fáist nokkurntíma fyrir minna en 5%, þegar iðgjald fyrir árið er 8%?). Það er dálítið tregara með að fá vátrygt á einstökum skipum heldur en að fá trygt á heilum flota, og það veit hv. þm. (JAJ), að þegar um stór viðskifti er að ræða, þá teygja vátryggingafjelögin sig mjög langt, má þar til dæmis benda á, að Reykjavíkurbær gerir samninga um húsatryggingar í bænum, og fær þau iðgjöld langt fyrir neðan þann taxta, sem er vanalegur. Þetta sýnir einmitt, að þegar um mikil viðskifti er að ræða, geta fjelögin leyft sjer að taka talsvert minna iðgjald, en hitt veit jeg mjög vel, að þótt hásetar sleppi í land með alt sitt dót, kannske meira og minna skemt, þá fá þeir ekkert fyrir það, en á sama hátt gæti hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagt, að öllu því iðgjaldi, sem greitt er af bátum í Norður-Ísafjarðarsýslu, sje fleygt í sjóinn, af því að bátarnir hafa ekki farist. (**JAJ:** Er líf manna ekki til? En hjer er verið að tryggja það, sem kannske er ekki til). Jeg skil nú ekki í því, að menn fari út á bátum með ekkert með sjer, það getur náttúrlega verið, að þannig sje farið í sólarhrings-róður eða minna, en þegar lengur er verið í burtu, hljóta þeir að hafa eitthvað með sjer. Annars er þetta nokkuð ömurleg lýsing á lífi manna við þessa atvinnugrein, að þeir hafi ekkert með sjer annað en það, sem þeir standa í, og verða þannig að vera í þeim fötum, hvernig sem á stendur; en ef svo væri, að þeir hefðu samt eitthvað meira með sjer, þá virðist hv. þm. (JAJ) ekki vilja gera neitt til, að menn geti trygt þá muni fyrir skaða, þegar slys ber að höndum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er auðheyrt, að þessi hv. þm. (JBald) þekkir ekkert til sjómensku, ekki nokkurn skapaðan hlut, þegar hann segir, að það sje ömurlegt líf, ef menn hafa ekki með sjer fatnað fyrir 400 kr., eða heldur hv. þm. (JBald), að menn hafi svo gott pláss, að þeir geti haft með sjer slíka muni í opnum bátum fyrir þessa upphæð, þegar menn fara í róður og koma aftur eftir nokkrar klukkustundir. Þannig er það að minsta kosti á bátum við Ísafjarðardjúp, menn fara í róðra og hafa ekki með sjer föt fyrir 400 kr. Og það er heimska ein að skylda menn til þess að vátryggja það, sem ekki er til, og hásetarnir fá ekki einn einasta eyri meira fyrir því. En þetta á við um smábátana, og jeg hygg, að fyrir gufuskipin sje 800 kr. alt of hátt líka, það mundu aldrei fást greiddar slíkar bætur. Jeg geri ráð fyrir, að hásetar hafi með sjer ein nærföt og eitthvað smávegis annað, svo að þeir hafa kannske með sjer fyrir 400 kr. í hæsta lagi, en þar má ekki vátryggja fyrir lægra en 800 kr., þó að þeir hafi ekki meira með sjer en þetta. Og þetta eiga útgerðarfjelögin að borga fyrir það, sem ekki er til. En jeg vil nú benda hv. þm. (JBald) á, að það er hrein og bein sviksemi, ef jeg vátryggi hlut fyrir fimmfalt hærra verð en verðmæti hans er, og hv. þm. ætlar þó víst ekki að láta útgerðarmenn smábátanna bera það úr býtum, að þeir verði fyrst fyrir því að greiða iðgjöldin og svo á eftir dæmdir fyrir svik. Hjer er að vísu ekki talað um að tryggja fyrir nema 400 kr., en það er líka bersýnilega of mikið, því að það kemur engum til góðs nema vátryggingarfjelögunum, og er að eins til að reyna að ná þessum aurum frá smábátaútgerðinni, sem reyndar eru ekki til, og væri þá betra að hafa annað form til þess. Jeg held líka, að hv. þm. (JBald) hefði verið nær að gera ekki sitt til að drepa það frv., sem jeg flutti í fyrra um stórmiklar rjettarbætur til handa sjómönnum, og jeg held, að það hefði verið meira í þarfir sjómannastjettarinnar að gera það ekki.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Þetta frv., sem hv. þm. vitnar til, var flutt í fyrra í þeim tilgangi að spilla fyrir mikilsverðu máli, sem þá lá fyrir þessari hv. deild. Hv. þm. vitnar svo í sjómannsþekkingu sína, en jeg man eftir því, þegar togaralögin voru hjer á ferðinni, þá vitnaði hv. þm. í 20 ára sjómannsþekkingu sína, og rjeð þá frá að samþykkja frv., en jeg held, að sú sjómannsþekking hafi orðið hv. þm. (JAJ) fremur til lítils sóma.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg held, að þetta sje ekki rjett hjá hv. þm. (JBald). Jeg sagði, að þessum lögum mundi ekki verða framfylgt, þegar skipin fiskuðu í ís, og jeg held, að hv. þm. (JBald) geti sannfært sig um, hvort svo er, með því að tala við sjómennina sjálfa. En jeg hefi ekkert sagt um, að þau mundu ekki haldin, þegar fiskað væri í salt. **(JBald:** Vill hv. þm. endurtaka þessi orð fyrir utan þinghelgina?) Það skal jeg gjarnan gera, ef hv. þm. (JBald) vill.

ATKVGR.

Till. frá þm. Barð. (HK) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 14 : 1 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Lærði skólinn.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 13. febr., var frv aftur tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ekki ráð fyrir því, að menn búist við langri ræðu um mál þetta að þessu sinni. Það lá fyrir síðasta þingi, og var þá vísað til stjórnarinnar, því að menn vildu bíða með afgreiðslu þess, þangað til yfirkennari Jón Ófeigsson kæmi heim úr utanför sinni, og fá að heyra, hvað hann legði til.

Frv. er ekki mjög mikið breytt frá því í fyrra. Það er aðeins nokkru skýrara undirbygt í fáum atriðum. Jeg bað Jón Ófeigsson að fara yfir frv., og gerði hann við það nokkrar athugasemdir, sem teknar voru til greina að öllu leyti, að einu óverulegu atriði undanteknu.

Hvernig sem menn vilja nú taka þessu frv., þá er það víst, að nauðsynlegt er að athuga þetta mál í heild sinni, því það er vitanlegt, að mentaskólinn er nú orðið algerlega ónógur fyrir þá nemendur, sem hann sækja, og verður því einhverra bragða í að leita. Nú í ár eru þar tæpir 300 nemendur, og næsta ár munu þeir líklega verða yfir 300, en þeim fjölda er ekki hægt að koma fyrir í skólanum, enda hefir orðið í ár að koma nemendum fyrir niður í bæ, en það verður að telja óheppilegt.

Jeg vona, að hv. deild og þingið í heild athugi þetta mál alvarlega, því ekki dugar að vísa því frá enn á ný.

Það má kalla nýmæli, að hjer er í frv. gert ráð fyrir því, að bygt verði heimavistarhús við skólann, og á það að geta komist fyrir á skólalóðinni. Þetta munu flestir telja mjög mikið framfaraspor. Húsameistari ríkisins hefir gert áætlun um þetta hús, þar sem gert er ráð fyrir 40 manna heimavist. En ráðuneytið hafði hugsað sjer, að heimavist yrði fyrir að minsta kosti 50 nemendur, og þó þeir yrðu þetta fleiri, þá ætti kostnaður við bygginguna ekki að fara fram úr 150 þús. kr., að minsta kosti ekki svo nokkru nemi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 6, n. 141 og 247).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Þess mætti nú vænta, eftir eðli þessa máls, að um það yrðu all-langar umr., því að það er hvorttveggja, að máið er nokkuð yfirgripsmikið, og auk þess ákaflega mikið deilumál. En það ber ýmislegt til, að jeg mun ekki með minni framsögu gefa neitt tilefni til þess, að mjög langar umr. þurfi að verða.

Þetta mál er líklegast að öllu samantöldu eitt hið best undirbúna mál, sem nú liggur fyrir þinginu. Það hefir ýmist verið stjfrv. eða sem þmfrv. á öllum þeim þingum, sem jeg hefi setið á, þó að þau sjeu nú reyndar ekki svo mörg. Og á flestum þessum þingum hefir málið verið talsvert mikið rætt. Auk þess hefir það verið rætt á Stúdentafjelagsfundum, í blaðagreinum og tímaritagreinum, og nú að síðustu hefir farið fram eftirtektarverð deila milli tveggja úr hópi þeirra manna, sem teljast verða allra manna kunnugastir skólanum, nefnilega tveggja yfirkennara við skólann, sem þar standa á öndverðum meiði hvor við annan. Þetta mál hefir því fengið þá meðferð alla, og þar að auki rækilegan undirbúning frá stjórnarinnar hendi, svo að jeg skil ekki, að hjer þurfi miklu við að bæta. En þar með er þó ekki sagt, að allir hv. þm. og aðrir, er þessu máli fylgja með áhuga, hafi þegar gert sjer ljósa grein fyrir málinu, en það er þá í raun-inni einkis að vænta hjer eftir, því að svo mikið er nú búið að fást við þetta mál.

Jeg vil, af því að svo mikið hefir þegar verið rætt um þetta mál, aðeins draga hjer fram örfá aðalatriði, sem mjer virðast vera í þessu máli, en þó eru það engan veginn ný atriði.

Fyrsta atriðið, sem jeg vil benda á, er það, að þeir menn, sem stjórnin fól að undirbúa þetta mál á milli þinga og semja frv. það, er lagt var fyrir þingið 1921, sýndu ljóslega fram á þann tví-verknað, sem væri samfara skiftingu skólans, og nema mundi sem svaraði einu ári fyrir nemandann, ef ætti að halda tvískiftingunni og ná því, sem annars væri hægt að ná á sex árum með óskiftum skóla; það mundi taka hann sjö ár. En jeg skal ekki fara frekar út í þetta, heldur láta það, sem þeir menn hafa sagt, nægja sem svar við því, sem hv. minni hl. mentmn. telur fram undir staflið 2, þar sem þeir hv. þm. telja ekkert á móti því að hafa þessa skiftingu. Það hefir svo oft verið talað um það, í hverju þessi tvíverknaður liggi, að hafa tvo þriggja ára skóla til að ná sama tilgangi og sex ára heill skóli.

Þá er annað atriði, sem jeg vil draga fram, sem altaf hefir stækkað í huga mínum, eftir því sem jeg hefi lengur hugsað um það. Það er um þyngd námsins, hvenær það á að þyngjast og hvenær það á að ljettast, ef það á annað borð er haft misjafnlega þungt. Eins og skólinn nú er, að neðri bekkirnir eru jafnframt gagnfræðaskóli, þá held jeg, að það sje víst óhjákvæmilegt að hafa þá

fremur ljetta, því að það er í sjálfu sjer engin ástæða til þess að neyða menn, sem aðeins vilja ganga á þriggja ára gagnfræðaskóla, til að setjast þar að einhverjum óskaplegum bóka-þrældómi, og þetta hefir líka reynst svo. Jeg hefi fyrir satt, að þrír neðri bekkirnir sjeu svo ljettir, að fullfrískir námsmenn, sem vilja leggja nokkuð mikið að sjer, myndu í raun og veru geta lokið því námi á tveim árum, ef í það færi. Aftur á móti hefir mjer virst, við að athuga, hvað lesið er í þrem efri bekkjum skólans, að þeir sjeu mjög þungir. Og þetta álít jeg að sje alveg öfugt við það, sem á að vera. Jeg álít, að í neðri bekkjunum eigi einmitt að leggja mesta áherslu á það nám, sem er beint erfiðisverk, að neðri bekkirnir sjeu einmitt rjett valdir til þess að safna í þeim fróðleiks-undirstöðu, en svo eigi efri bekkirnir að vera ljettir, svo að nemendurnir geti meira notið sín, ef þeir vilja lesa sjer til einhvers fróðleiks utan hjá skóla-námsgreinum, til þess að koma þroskaðri og betur hæfir til háskólans, þar sem þeir svo fá meira frelsi. Mjer virðist einmitt, að í þessu efni komi fram aðalmunurinn á þeim, sem útskrifast hafa frá yngri og eldri skólanum. Það er yfirleitt mikið deilt um það, hvorir sjeu betur að sjer. En eftir að jeg fór að taka eftir þessu, finst mjer einmitt, að munurinn sje aðallega fólginn í því, að stúdentarnir komi nú talsvert meiri bóka-þrælar úr skólanum heldur en þeir voru áður. Og það er aðal-afleiðingin af því, að þeir koma úr miklu aðhaldi, í stað þess, að jeg veit það um marga gáfuðustu og lærðustu menn okkar, að þeir hafa aldrei á æfi sinni tekið eins miklum þroska og þeir tóku í tveimur efstu bekkjum lærða skólans, þegar námið var svo ljett, að þeir gátu vel lært það á einu ári, sem annars var varið tveim árum til. Þá notuðu menn tímann til þess að lesa ýmislegt, sem gagn var að, og komu miklu frjálsari að háskólanámi. Þessi galli held jeg að hafi beinlínis leitt af skiftingu skólans; annaðhvort verða menn nú að hafa þetta svona eða þá að hafa skólann óskiftan, því að jeg get ekki fallist á, að það sje nokkurt vit í því að fara að neyða þá, sem ætla sjer aðeins að taka gagnfræða-próf, til þess að taka á sig þá þjálfun, sem er góð þeim, sem áfram ætla að halda. En sjeu á hinn bóginn neðri bekkirnir hafði svo ljettir, sem rjett er í gagnfræðaskóla, þá verður að herða mjög að efri bekkjunum, til þess að ljúka nauðsynlegu undirbúningsnámi.

Þá er takmörkun á nemendafjölda skólans. Það er að vísu ein af ástæðum hv. minni hl., að ekki verði hægt að takmarka hann með þeirri breytingu, sem hjer er um að ræða, en því verð jeg algerlega að mótmæla, og jeg byggi það á þeirri sögulegu staðreynd, að það var einmitt á þeim tíma, sem breytt var í það horf, sem nú er, að nemendum skólans fjölgaði stórkostlega. Og ef litið er á það, hvort nokkurt orsaka-samband sje þar á milli, þá er það sem sagt svo augljóst, að með þessum ljettu gagnfræðabekkjum neðan við skólann er mönnum, eins og einn hv. þm. hefir sagt hjer áður, gert hlaupvítt upp eftir skólanum, og ekki hert að þeim fyr en þeir eru komnir svo langt, að þá er farið að langa til að halda áfram, þó að þeir annars hefðu ekki ætlað sjer það. Það er alkunna, að menn eru oft hálfvolgir um það, hvort þeir ætla sjer að ganga mentabrautina eða ekki, en þegar þeir eru einu sinni komnir inn

í námið, búnir að fá „blóðbragð á tunguna“, þá ráða þeir það af við sig að halda áfram með fjelögum sínum. Og ef það er gert mjög auðvelt að halda áfram, þá getur skólinn blátt áfram orðið einskonar gildra til þess að ná mönnum undir stúdentspróf.

Um það, hvort æskilegt sje að hafa miklu fleiri stúdenta heldur en hjer eru eða ekki, eða hvort hjer þurfi fleiri lærða menn en komast í embætti, ætla jeg ekki að fara að ræða hjer, því að jeg held, að eftir öllum okkar högum hjer á landi, geti það ekkert deilumál verið, að það sje ekki heppilegt, að þeir menn, sem ætla sjer í aðrar stöður, ætla sjer að verða kaupmenn, bændur, eða eitthvað annað, fari að eyða fleiri árum í undirbúningsnám undir háskóla. Það er áreiðanlegt, að þeim árum er hægt að verja miklu betur til einhvers annars náms heldur en til þess að verða stúdent eða kandidat. Jeg held einmitt, að með því að gera skólann að óskiftum lærðum skóla aftur, gera neðri bekkina talsvert þunga, og láta það strax vera yfirlýst, að þeir, sem byrja á þessum skóla, það sje eingöngu þeir, sem ætla sjer að komast á enda brautarinnar og vilja verja til þess þeim 12—14 árum, sem það kostar, það mundi draga stórkostlega úr aðsókninni að skólanum.

Svo er það fjórða atriðið, sem jeg vil nefna af breytingum þessum. Það er atriði, sem fyrir mjer er ekkert aðalatriði. Það, sem jeg þegar hefi nefnt um að hafa óskiftan skóla, það er aðalatriðið. Það, sem jeg á við hjer, er það að taka upp aukna kenslu í latínu, en það sjá allir, að það er ekki sjálfsögð afleiðing af hinni, því að það mætti vel gera skólann að óskiftum 6 ára lærðum skóla, án þess að leggja latínuna til grundvallar. En jeg verð að segja það, að latínu-nám vinnur heldur á í huga mínum heldur en hitt, við það að fást lengur við að athuga málið, og það er alls ekki af neinum þráa eða af því, að orustu-hitinn hafi haft nein sannfærandi áhrif á mig um rjettmæti málsins, heldur er það af því, að jeg hefi bæði fyrir mjer sögusögn fjölda ágætra manna frá gamla skólanum og líka að nokkru leyti eðli málsins, fyrir því að latínukenslan er ágætt þroskameðal. Það er mál manna, og það er vitanlega ekki hægt að fara eftir neinu öðru í því efni en umsögn manna, að latínan hafi verið sú námsgrein, sem fjekk þeim nóg til þess að glíma við og varð þeim endanleg þjálfun. En jeg skal ekki orðlengja þetta frekar, jeg vil aðeins minnast lauslega á þrjár helstu mótbárurnar, sem fram hafa komið.

Það hefir verið sagt, að ófært væri að neyða menn til þess að lesa jafn-„ópraktiska“ námsgrein sem latínu. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði einhverntíma, að latína hefði beinlínis verið „praktiskt“ nám áður fyrri, þegar hún gekk á meðal lærðra manna, enda var þá svo sem ekkert annað lært en latína. Og öll undirbúningsmentun gekk út á það, að gera menn svo, að þeir gætu bjargað sjer á meðal lærðra manna, hvar sem þeir komu, og urðu svo að taka sitt sjernám á eftir. Mig minnir, að það sje í Ordinantíu Kristjáns IV., að svo er fyrir mælt, að menn skuli fyrst læra stafrófið, og svo byrja á að lesa latínu.

Það er vitaskuld, að latína er nú ekki „praktiskt“ mál eins og þá var, en það dettur heldur engum manni í hug nú að leggja jafnmikla áherslu á latínu,

heldur aðeins það, að gefa latínunni þann tímafjölda, að menn geti orðið það sæmilega að sjer í henni, að hún geti orðið þeim verulegt þroskameðal. Það er nú svo, að hún er ekki orðin „praktisk“ lengur, en jeg held, að það eigi alveg það sama við í andlegum efnum eins og í líkamlegum. Hnefleikamaðurinn æfir sig ekki stöðugt í því að beita hnefunum og slá; nei, aðalæfing hans liggur í því að hlaupa, og sömuleiðis minnist jeg þess, að knattspyrnukennari, sem kom hingað, hvatti þá, sem lögðu stund á þá íþrótt, til þess að hlaupa stöðugt. Og hvernig er nú þetta? Væri ekki hyggilegra að ganga beint að því verki, sem menn ætla sjer að læra? Hnefleikamanninn að slást og knattspyrnumanninn að erfiða með knöttinn? Nei, það er skilyrðið að gera menn fyrst og fremst vel þjálfaða, svo að þeir geti komist langt í sinni list. Þannig er það og í andlegum skilningi. Þó að menn svo aldrei líti framar í latneska bók, þá er sú fyrirhöfn, sem til hennar fer, margfaldlega endurgoldin, ef hún aðeins reynist gott þroskameðal alment, því fyrirhöfnin við hana skilar sjer þá í öllu öðru, sem maðurinn fæst við. Það er líka dálítið í þessu, sem skilur á milli real-skóla og lærðs skóla, að mínu viti. Real-skóli er svo að segja takmarkið í sjálfu sjer, hann er ekki neinn undirbúningur undir annan skóla. Það, sem þar er numið, er það eitt, sem menn ætla sjer að nema. Aftur á móti er lærður skóli beinlínis undirbúningur undir hærri skóla, og hann hefir því ekki nema að nokkru leyti sinn tilgang í sjálfum sjer, en höfuðtilgangur lærðs skóla er að búa menn undir annan hærri skóla. Þetta gerir verkefni þessara skóla talsvert ólík. Og ef latínan er „ópraktisk“, hvað er þá ekki mikið af námsgreinunum yfirleitt ópraktiskt“? Hvaða gagn hafa t. d. prestar og sýslumenn af þekkingu sinni í náttúrufræði yfirleitt, t. d. jarðfræði og steinafræði? Það má auðvitað segja, að það sje altaf hægt að hafa eitthvert gagn af því, sem lært er, og að minsta kosti ætti það að miða ofurlítið í sömu áttina og latínulærdómurinn, að þroska nemandann. En ekki held jeg, að alment verið haft mikið upp úr náttúrufræðis-vísindum. Það má auðvitað segja, að þau sjeu ákaflega þroskandi, en hve margir hafa gagn af því í lífinu á eftir, hvað miklu fleiri en þeir, sem hafa gagn af latínu?

Þá er eitt atriði hjá hv. minni hl., í fylgiskjali II, þar sem talað er um, að sá tími, sem ætlaður er til náms í stærðfræðideild, verði ekki fullnægjandi til þess að geta náð inngöngu á fjöllistaskólann. Jeg álít, að þetta skifti engu, því að til þess að ráða bót á því, þarf ekki annað en að auka tímafjöldann þeirra námsgreina, og ef menn ekki vilja tvískifta nema tveimur efstu bekkjunum, þá verður að auka tímafjöldann. En þar að auki hefi jeg sjeð, að mönnum kemur ekki alveg saman um það, hvort þetta sje svo ófullnægjandi.

Þá vil jeg minnast á þriðju ástæðuna og ljúka þannig máli mínu. Það er að mínu áliti raunveruleg ástæða. Ef skólinn hjer verður gerður að óskiftum lærðum skóla, þá vantar okkur gagnfræðaskóla, og það er alveg rjett, að þá er illa sjeð fyrir gagnfræðamentun hjer. Það eru að vísu nokkrir skólar hjer, sem má kalla gagnfræðaskóla, og svo er Flensborgarskólinn hjer í nánd. En þetta er þó alt saman ófullnægjandi. Það hlýtur að reka að því, að það verður að sjá betur fyrir gagnfræðanáminu. En

undan hverju er þá verið að kvarta? Þeir, sem ekki vilja láta skifta skólanum, þeir segja, að það sje sjeð svo illa fyrir gagnfræðanáminu, og það er þá auðsjeð, að það þarf að koma hjer upp nýjum gagnfræðaskóla, og það þarf meira að segja að koma honum upp á næstu árum, og það alveg án tillits til þess, sem hjer kann að verða gert. Það getur einmitt vel verið, að ef mentaskólinn væri gerður að óskiftum skóla, þá verði það þessu máli til góðs, með því að herða á umbótum í því efni.

Jeg get hugsað mjer opna leið til að leysa þetta mál með hægu móti, og það væri í sambandi við barnaskóla Reykjavíkur. Það á nú að reisa hjer svo stóran skóla, að eigi verður brúk fyrir alt húsið strax. Og meðan verið væri að koma upp húsi fyrir gagnfræðaskóla, mætti fá ljeðar stofur þar. Auk þess má koma upp gagnfræðaskóla ódýrari í sambandi við barnaskólann, enda var í fyrstu gert ráð fyrir því á uppdrætti, að menn settu svona til gamans gagnfræðaskóla við endann á barnaskólanum, og átti að vera innangengt milli þeirra.

Jeg læt svo þetta nægja sem almennar ástæður fyrir því, að meiri hl. nefndarinnar leggur með frv. Og um einstakar brtt. nefndarinnar og einstakar greinar frv. get jeg verið fáorður.

Frv. hefir eftir svo langan tíma, sem það hefir verið á döfinni, fengið gróflega fast snið, sem ekki er mikið haggað, þótt nefndin beri fram fáeinar brtt., svo sem um kenslu í kristnum fræðum og líkams og heilsufræði. Hvorttveggja fanst okkur heyra til almennri mentun. Svo er tekið upp í 2 efstu bekkjunum aukanám, eftir því sem best er við hæfi hvers eins. Hefir það tíðkast í skólum erlendis, sjerstaklega í Þýskalandi, og gefist vel. Hafa skólarnir á skrá sinni sæg af námsgreinum, er menn geta valið um.

Það ræður af líkum, að það er dýrt og erfitt, nema við stóra skóla, að hafa svo mikla kenslukrafta sem þarf. En okkur langar til með þessu að sveigja ofurlítið til fyrir menn í skólanum í þessa átt, þannig, að ef einhver er hneigður fyrir einhverja námsgrein, að hann geti fengið meiri tilsögn í henni heldur en skólinn veitir alment og innan vissra takmarka, í námsgreinum, sem ekki eru kendar í skólanum, t. d. í grísku, því að það er fjarskalegur galli á því fyrir guðfræðinga, að þurfa að byrja á því námi í Háskólanum, jafnhliða heimspeki.

Þá höfum við fært aldurstakmarkið fram um eitt ár, úr 12 í 13. Það verður hver að gera upp við sjálfan sig, hvað hann telur heppilegastan aldur. Það er gott að ýmsu leyti, að koma ungur í skóla, en munur er stór á því, hvað hinir eldri hafa meira gagn af skólavist. Þá fanst okkur með frv. vera gert ráð fyrir því og útilokað, að menn kæmust inn í aðra bekki en fyrsta bekk. Þetta er ófært, því að svo framarlega sem menn hafa næga þekkingu, þá eiga þeir að geta sest í aðra bekki.

Svo er það smávegis breyting, að hafa prófdómara 2 í staðinn fyrir 3. Okkur var sagt, að það hefði tíðkast í seinni tíð og reynst vel.

Þá er brtt. við 8. gr. um það, að skólastjóri í stað skólastjórnar gefi sjerstök frí. Það er þunglamalegt fyrirkomulag, að þurfa að kalla saman kennarafund í hvert skifti, og er best, að rektor ráði því, hvenær frí er gefið.

5. brtt. a, er aðeins til samræmis, og

hin brtt. um það, að þeir fastir kennarar, sem hafa miklar stílaleiðrjettingar, skuli fá 1—3 stunda eftirgjöf á skyldustundum á viku. Hefir þetta sjálfsagt fallið úr frv. af misgáningi.

Síðast er svo brtt. um það, að utanbæjarmenn skuli sitja fyrir heimavist.

Jeg orðlengi svo ekki frekar, en óska þess, fyrir mína hönd og meiri hl. nefndarinnar, að hv. deild afgreiði frv. og láti þar með málið vera úr sögunni og því skipað á hinn heppilegasta hátt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það hefir stundum tekist betur til, þegar máli hefir verið vísað til stjórnar, en í þetta skifti. Á síðasta þingi var því vísað til stjórnarinnar, með von um, að það kæmi ekki fram aftur. Það hefir þó verið borið fram enn einu sinni og fær þá hinar sömu viðtökur og áður, að undir eins og byrjað er að ræða það, rjúka flestir þdm. út úr salnum. Áhuginn fyrir þessu menningarmáli er ekki meiri en þetta. Mjer er óskiljanlegt, hve langlíft frv. er orðið, og það hlýtur að standa í sambandi við eitthvað, sem ekki er vert að tala um nema í hálfum hljóðum.

Svo sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, eru tvö höfuðatriði frv. þessa: latínukensla í ríkum mæli og óskiftur skóli. Hv. frsm. (MJ) ljet í veðri vaka, að það væri ekki aðalatriði fyrir sjer, að fá latínukenslu aukna. Öðru vísi mjer áður brá. Jeg veit ekki betur en að upphaflega hafi átt að auka latínukenslu um helming, eða jafnvel þrefalt. Nú eru orðin endaskifti á þessu. Þjónar latínunnar segja nú, að sjer standi á sama um hana, bara að skólinn verði óskiftur. Þannig hafa þeir þá flúið úr öðru aðalvígi sínu, og jeg býst við, að þess verði ekki langt að bíða, að hitt verði líka yfirgefið.

Jeg skal þá fyrst halda mjer við latínuna. Hv. frsm. (MJ) sagði, að hún væri ekkert aðalatriði. En hvernig var þetta á þinginu í fyrra? Heimtuðu latínumennirnir ekki þá að fá latínu til inntökuprófs? Mjer skildist svo á hv. þm. Dala. (BJ) þá, að alt væri ónýtt, ef latína væri eigi við inntökupróf. — Það má auðvitað bera fyrir sig umsagnir gamalla og gáfaðra manna um það, að latínan hafi reynst þeim gott meðal til þess að temja hugann. En það er ekki leitast við að fá dóm þeirra manna, sem lotið hafa nýja skipulaginu. Ef þeir væru orðnir nógu gamlir, mundu svör þeirra hin sömu um námsefni þeirra. Óánægjan er í rauninni önnur en út af námsefni. Meðal eldri manna er óánægja út af því, að yngri stúdentar viti ekki sumt, sem þeir eldri viti. En eftir hinu er ekki tekið, að hinir yngri stúdentar vita margt, sem hinir vita ekki. Úthaf þekkingarinnar er svo stórt, að eigi er við öðru að búast en að aflað verði sundurleitrar þekkingar, og ekki geti allir vitað alt, eða eitt og hið sama. Námskröfurnar breytast óðum, og það, sem áhersla er lögð á nú, hverfur síðar í myrkur sögunnar, en annað kemur í staðinn. Það væri tákn dauða en ekki lífs, ef slíkar breytingar ættu sjer ekki stað hjá okkur. Það var engin stundaræsing, sem olli því, að latínunni var spyrnt burtu úr Mentaskólanum. Það var rótgróin óánægja, áratuga gömul, sem hún fjell fyrir. Og slíkar eikur sem hún falla ekki fyrir vindhöggum. Ríki latínunnar var mikið á miðöldunum. En það eru axarhögg nýrri alda, sem hafa felt hana, og rutt henni úr öndveginu.

Lærðustu latínumenn um aldamótin

færðu ekki önnur rök gegn nýja fyrirkomulaginu en þetta: Við verðum að bíða eftir Dönum, þar sem við sækjum háskóla til þeirra. — Í Danmörku komst svo hið nýja fyrirkomulag á mótstöðulitið, fyrir góðra manna aðstoð. Á þeim tímum var heldur eigi neinn ljómi yfir latínunni, enda þótt nú bláni yfir henni í augum einstaka manns, þegar hún er komin 20 ár aftur í tímann. Björn M. Olsen sagði um aldamótin, að þá væri enginn stúdent, er hefði svo mikið vald yfir latínunni, að geta lesið hana, skrifað eða talað lýtalaust án þeirrar fyrirhafnar, sem enginn leggur á sig nema próf vofi yfir.

Þá vil jeg minna á, hvað Guðm. G. Bárðarson segir nýlega í ágætri grein í einu Akureyrarblaðinu:

„Þegar í Latínuskólann kom, og margar aðrar námsgreinar kölluðu að, skifti nokkuð um skreið með latínunámið hjá flestum nemendum. Menn fóru að slá slöku við latínuna og leggja meiri alúð við önnur mál eða aðrar námsgreinar, er þeir fundu, að sjer voru til meiri frambúðarnota. Flestir reyndu að komast yfir latínunámið með sem ljettustu móti, aðeins svo að þeir gætu flotið við prófin. Við lesturinn voru þýðingar stöðugt notaðar, fyrst lesin þýðingin, síðan latneski textinn, og reynt að fella saman merkingu latnesku orðanna. Dæmi voru til þess, að menn lærðu kafla úr þýðingunum, eða rituðu milli lína í lesbókunum þýðingar ýmsra orða. Við stílana voru stöðugt notaðar orðabækur, því að m j ö g f á i r fengu það vald á málinu, að þeir gætu að nokkru gagni bjargað sjer sjálfir.

Það var hreinasta undantekning, að nokkur nemandi liti í nokkra latneska bók aðra en námsbækurnar. — En í nýju málunum (t. d. ensku, þýsku o. fl.) lásu allmargir nemendur ýmsar bækur utan við námið, til að afla sjer meiri æfingar.

Fornmálanámið var af flestum aðeins stundað vegna prófanna, en eigi af áhuga fyrir námsgreininni, eða með þeirri trú, að námið kæmi þeim að notum ....“

Jeg skal ekki lesa meira upp úr greininni, en samskonar lýsingu hefi jeg oft heyrt hjá eldri mönnum, sem jeg hefi átt tal við. Þetta er sjálfsagt sönn lýsing, enda má sjá það á þingtíðindum og blaðagreinum frá þeim tíma. Og vilji menn vita sannleikann í þessu máli, þá er best fyrir þá að leita fróðleiks þar, en ekki að fara eftir því, sem gamlir menn segja nú, er undrast, hvað alt hafi verið gott í sínu ungdæmi, og blöskrar, hvað tímunum fari hnignandi.

Latínan var voldug, og það er von, að ýmsir renni huga til þess. Um eitt skeið var hún heimsmál í vísindum, eða alt fram á síðustu öld, en veg hennar fór stöðugt hnignandi, einkum í germönskum löndum, eftir að Lúther hafði gert mál þjóðanna að kirkjumáli. Mjer þykir því hv. frsm. (MJ) vera orðinn nokkuð ólútherskur, að vilja gera latínuna að sáluhjálparskilyrði fyrir æðri mentun hjer á landi.

Sumt er rjett, sem latínumenn telja henni til gildis. En það eru fleiri námsgreinir, sem hafa mikla kosti til að bera, og mestu uppeldisfræðingar segja, að aðrar námsgreinir þroski betur eftirtekt og skilning manna, svo sem saga og náttúrufræði.

Eins og hv. frsm. (MJ) hafði eftir mjer, þá er latínan ekki lengur gagnfræði, og á því fjell hún. Annars mundi hún lifa góðu lífi enn. Margar þær

námsgreinar, sem eru nauðsynlegar og gagnlegar, eru um leið ágætar til þess að þjálfa nemendurna. Latínan væri ekkert verri fyrir það, þótt hún væri notuð til þess að skrifa verslunarbrjef á henni. En þetta gagnsleysi latínunnar er svo stórt atriði, að hún hefir einmitt fallið á því.

Latína, gríska og guðfræði voru um eitt skeið aðalgreinar latínuskólanna. Nú er hin skólastiska guðfræði gleymd, gríska fallin, en latínan situr eftir. Er ekki jafnmikil ástæða til að taka upp gríska og latínuna? Hún hefir og mikla kosti. Það er sami munurinn á grísku og latínu og á Grikkjum og Rómverjum. Rómverjar voru voldug þjóð og sköruðu sjerstaklega fram úr í stjórnsemi. Grikkir voru aftur á móti hámentaðir og hin göfugasta menningarþjóð, og samt kemur ekki upp nein krafa um að taka tungu þeirra upp í mentaskólanum. Annars má sjá á forlögum gríska kunnar, hvaða leið latínan muni loks fara. Er hún þó á eftirlaunum ennþá, sem fylgismenn hennar ættu að geta sætt sig við, og höfum við aldrei lagt til, að þau eftirlaun yrðu af henni tekin.

Það er að vísu ekki rjett að telja latínuna gagnslausa, heldur gagnslitla. Það er gagn að þeirri latínukenslu, sem nú er í skólanum, en það er líka alls ekki þörf meiri latínukenslu. Það er til vottorð frá aðalfrumherja þessa máls, hv. þm. Dala. (BJ) um það, að latínukunnátta yngri stúdenta sje prýðileg. Þó hygg jeg, að latínukunnátta stúdenta væri betri, ef allur tíminn væri notaður til þess að lesa „prosa“, en slept „poesi“, án þess þó að fjölga þyrfti tímum. Það má þannig gera latínunámið gagnlegra en það nú er. Og svo er fyrir þakkandi, að latínan er ekki eina námsgreinin, sem veitt getur andlegan þroska. Og ef hún stendur fremst þar, þá er máttur hennar þó af skornum skamti, því að í greinargerð frv., sem samin er af latínulærðum mönnum, stendur: „Kendu menn þetta ónógum latínulærdómi í skóla og einkum þó tvískiftingu skólans í gagnfræðadeild og lærdómsdeild; stúdentar fengju á þennan hátt í raun og veru ekki nema 3ja ára undirbúning undir háskólanám sitt, því að gagnfræðadeildin legði aðeins áherslu á þær námsgreinar, er að hagnýtu gagni mætti verða síðar í lífinu.“

Svona hlutum þarf ekki að svara. Það vita allir, að stúdentar fá 6 ára undirbúning undir háskólanám sitt, en á annan hátt en áður, því að gagnfræðadeildin leggur áherslu á gagnlegu námsgreinarnar; og svo koma þessi fyrirlitlegu ummæli um gagnlegu greinarnar. Það er eins og nemendur eigi ekki að læra neinar gagnlegar námsgreinar. Stúdentaskólar eiga ekki eingöngu að vera undirbúningsskólar undir háskóla, heldur sjálfstæðir skólar, sem kenna margt af því hagnýta fyrir lífið, sem háskólarnir komast ekki yfir.

Svo skal jeg lesa síðustu setninguna: „En legði ekki áherslu á það, sem vera ætti aðalatriðið, að skerpa skilning nemenda og kenna þeim rökfastar hugsanir.“ — Eins og margtekið hefir verið fram, þá skerpir hagnýt námsgrein alveg eins skilninginn og hinar, sem óhagnýtar eru og geta „kent“ nemendunum „rökfastar hugsanir“. En hver sem sá latínulærði er, sem greinargerð frv. hefir samið, þá talar hann um að „kenna rökfastar hugsanir“. Jeg býst

við því, að átt sje við það, að t e m j a h u g s u n nemendanna. Jeg geri nú ráð fyrir því, að ef þessi s k e r p a, sem kemur fram í þessu orðalagi, að kenna hugsanir, stafar frá gömlu málunum, þá verði nýju málin fult eins hlutskörp og standi fult eins vel að vígi og latínan.

En höfuðatriði alls uppeldis er að temja unglingum rökfasta hugsun og veita þeim andlegan þroska. En sem betur fer hefir latínan enga einokun á því að veita þennan þroska. En nú á að fara að veita henni eitthvert einkaleyfi til þess, og jeg þori að fullyrða, að einasta landið í Norðurálfunni, þar sem talað er um að auka latínuna stórum, er Ísland. Hjer, og hvergi annarsstaðar, er þessi undarlega hreyfing uppi og ætlar sjer að sigra á Alþingi.

Jeg er nú einn af þeim, sem er svo ósvífinn að fullyrða, að hinir yngri stúdentar sjeu eins vel þroskaðir og hinir eldri. Jeg býst við, að einhverjir hinna eldri stúdenta verði hissa, þegar þetta kemur, þvert ofan í margendurtekið tal þeirra um þroskaleysi yngri stúdentanna, verði hissa, þegar þeir heyra sannleikann. Nei, deildaskiftingin hefir yfirleitt gefist vel, og stúdentar eru yfirleitt eins vel þroskaðir nú og áður, nema hvað þeir eru nú yfirleitt yngri og hafa þar af leiðandi ekki tekið út eins mikinn aldursþroska og eldri stúdentarnir á sinni tíð. Það hafa ekki farið fram neinar rannsóknir á árangri kenslunnar fyr og nú, sem staðið geti á bak við þessa hreyfingu. Það er ekki um neitt slíkt að ræða, sem veldur því, að þetta mál er borið fram. Það er aðeins gamli tónn Gyðinganna, að þessi lýður, sem ekki þekkir lögmálið, sje bölvaður. Sá er aðeins munurinn, að latínan er komin í stað lögmálsins, og að sá lýður, sem ekki kann hana, sje bölvaður.

Jeg gat þess áðan, að ágætir uppeldisfræðingar halda því fram, að námsgreinar, svo sem náttúrufræði og saga, sjeu eins vænlegar til andlegs þroska og rökrjettrar hugsunar eins og latínan, og jeg vil bæta því við, að ef tungumál hafa eins mikil þroskaáhrif og af er látið, þá er jeg alveg viss um það, að stúdentar fá allan þann þroska, sem af tungumálum getur leitt, með því fyrirkomulagi, sem nú er, og fái þeir ekki nægan þroska af öllum þeim málum, sem í skólanum eru kend, þá er þó vissulega ekki á bætandi. Latínuna þarf því ekki að auka, og meðal annars vegna þess, að sumar hinna námsgreinanna, þótt ekki geri þær eins háværar kröfur, búa við þröng kjör.

Og ef einhver tími væri afgangs, ætti að verja honum til hagnýtra námsgreina, sem hafa of lítinn stundafjölda. Það eru fleiri námsgreinar en latínan, sem verða að lúta að litlu, hvað stundafjöldann snertir. En sem fyrverandi drotning í heimi andans er hún drambsöm og vill ekki lúta að litlu. Vona jeg því, að kennarar hinna námsgreinanna segi til sín og láti vita óskir sínar um aukinn stundafjölda í sínum námsgreinum, til þess að halda latínunni í skefjum. Þetta með latínuna var og er enn annað aðalatriði þessa máls, þegar þess er gætt, að höfuðstefna frv. byggist á henni. Annars er yfirleitt lítið farið inn á „pædagogisk“ atriði í því, enda á ekki svo að vera í almennum lögum, því að best fer á því, að þau sjeu stutt og einungis tekin aðalatriðin. En í 3. og 7. gr. eru þó ákvæði um, að latínan skuli vera önnur aðalnámsgreinin í neðstu bekkjum skólans og hafa

meiri stundafjölda en allar aðrar námsgreinar samanlagðar, svo latínan er ekki lengur neitt aukaatriði í breytingu skólans, eins og hv. frsm. meiri hl. (MJ) hjelt fram, þótt svo hafi verið látið í veðri vaka, nema hún sje orðin það nú eða kunni að verða það.

Annað aðalatriði frv. er að hafa skólann óskiftan. Fylgjendur „lærða" skólans hafa talað um töf og tvíverknað við að hafa gagnfræðapróf og tvískiftingu, og þeir hafa bent á það, að milliþinganefndin í mentamálum hafði komist að þeirri niðurstöðu, að tvískiftingin hefði í för með sjer árs töf fyrir nemendurna. Jeg vil nú segja það, að nefndin hafði alls ekki athugað þetta vandlega, þetta er aðeins illa rökstuddur dómur, og hefði milliþinganefndin athugað þetta vel og sýnt fram á, að þessu væri svona farið, hefði hv. frsm. meiri hl. (MJ) átt að geta borið fram einhver rök hjer í þessari hv. deild á móti tvískifta skólanum. Það er þá komið á daginn, að þetta aðalvígi, óskifti skólinn, er ekki víggirt, það er eftir að gera það, og það þarf að gera það, til þess að latínumennirnir geti hafst þar við. En það tekur sennilega 3—4 næstu þing, að safna efni og ástæðum, svo að best mun vera að bíða með þetta mál, þangað til það er alt komið í kring.

Annars er það einkennilegt, að mentamálanefndin skyldi komast að þessari niðurstöðu, að „vel athuguðu máli", eins og hún segir, þegar það er athugað, að sænska mentamálanefndin, sem gefið hefir út mjög myndarlegt nál. upp á 800 bls., minnist ekki einu orði á það, að tvískiftingin sje þetta mikla aðalmein stúdentsmentunarinnar. Hjer tala menn svo mikið um tvískiftinguna, að þeir telja mentaskólann næstum því 2 skóla, og að það sje eins og unglingarnir sjeu að klofa yfir einhverja gjá, þegar þeir fara milli deildanna. Það er merkilegt, að ein mesta mentaþjóð heimsins, Svíar, skuli ekki hafa uppgötvað þessa bölvun. Og niðurstaða dönsku mentamálanefndarinnar er sú, að ⅔ nefndarmanna reka ekki augun í þessa bölvun. Í Danmörku er mentamálin á alveg hörmulegu stigi frá sjónarmiði latínudýrkenda, því þar eru allir mentaskólar tvískiftir, einir 50 af 1000 ganga í fornmentadeildirnar, 450 læra ekkert meira í latínu en við, og hinir, sem eftir eru, læra ekkert í henni og stunda þó örðugt háskóla- og vísindanám. Niðurstaðan hefir því ekki orðið sú í Danmörku, að þeir hugsi til að afnema tvískiftinguna. Um Noreg veit jeg ekki ennþá, því að norska mentamálanefndin hefir ekki skilað áliti sínu, en það er að sjá af norskum blöðum, að tilgangslaust muni að leita þar stuðnings við óskiftan skóla.

Þá hafa verið notuð þau rök fyrir óskiftum skóla, að þar sje betra að koma námsgreinunum fyrir, og að skiftingin valdi í því efni sjerstökum erfiðleikum. Er þá vanalega vitnað í sögukensluna og sagt, að hana sje ómögulegt að kenna í tvískiftum skóla, í barnaskólum sje kent stutt yfirlit, svo sje kent helmingi stærra yfirlit í gagnfræðadeildinni og loks enn stærri saga í lærdómsdeild. Þetta sje eins og hvert eggið utan yfir öðru. Þá skyldi maður ætla, að í óskiftum skóla yrði að taka svo stórt heildarágrip, að það nægði allan skólatímann. En jeg veit það, að svo er hvergi hagað sögukenslu, heldur er henni hagað eftir þroska nemendanna, og í barnaskólum er ekki kend saga, heldur sögur. Svo þegar unglingarnir fara að venj-

ast óhlutkendri hugsun, um fermingaraldurinn, er hentugast að hafa gott söguyfirlit, sem ljúka má í 3 bekkjum, stærra yfilit þarf ekki. Þegar svo er komið í lærdómsdeild, má fara að gefa sig við einhverri ákveðinni grein sögunnar, taka ákveðið tímabil hennar til rannsóknar og einhvern ákveðinn þátt hennar til þess að kryfja til mergjar. Þannig eru miklir möguleikar til þess að koma fyrir sögukenslunni, og veldur það engum örðugleikum, heldur getur tviskiftingin einmitt veitt nemendunum mikla hjálp við námið. Svona er nú um þessa aðalnámsgrein, sem fylgjendur þessa máls segja, að valdi töfum og geri tviskiftinguna ótæka.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) lagði áherslu á það, að 4. bekkur væri of þungur. Jeg get fallist á það, og það má laga. Það þyrfti t. d. ekki annað en flytja þýskuna í 3. bekk. Enda er hún gagnfræðanámsgrein, sem heppilegt væri að gagnfræðingar fengju kenslu í til þess að geta komist af stað í málinu og notfært sjer síðar með ástundun, ef ekki væri lengra haldið en til gagnfræðaprófs. Jeg þekki mann, sem ekki hefir gengið á neinn skóla, en varð mjög vel að sjer í þýsku eftir eins árs tilsögn. Auk þess er þýskan kend þannig í skólanum, að á 1. ári er tekin bók, sem er alveg heild út af fyrir sig, bók, sem getur vel staðist, þótt ekkert komi á eftir, svo að það er auðsætt, að ef þýskan er tekin í 3. bekk, þá veldur skiftingin alls engum örðugleikum. Sá maður, sem fastast hefir haldið fram óskiftum skóla, Jón Ófeigsson, hefir kent þýskuna með þeim hætti, að fyrsta árs námið getur orðið að góðu gagni, þó þá sje hætt skólanámi. Enda vita allir, að í hverri námsgrein er jafnan byrjað á sjálfstæðu heildaryfirliti, og það kemur skýrt fram hjá kennurum stærðfræðisdeildarinnar í brjefi því, sem fylgir nál. minni hl., að fyrst megi byrja á yfirliti og að raða megi svo námsgreinunum, að tviskiftingin geri ekkert tjón.

Önnur ástæða, sem hampað er mjög, er munurinn á vísindanámi og gagnfræðanámi, sem fylgjendur þessa máls segja, að sje fyrir lífið, en vísindanámið sje alt annað. Manni virðist eins og verið sje að tala um annan heim. Jeg þekki ekki þessa skiftingu. Því hefir verið margneitað, að til sje nokkur skifting í gagnfræði og „stúdentafræði". Það er að vísu sá munur á náminu, að hið síðara er lengra. En það er enginn eðlismunur á því, heldur aðeins stigmunur Stúdentaprófið er gagnfræðapróf, sem háskólinn heimtar áður en hann tekur við nemöndunum. Og þýðir því ekki að benda á slíkt; það er alveg til ónýtis. Meginið af náminu er miðað við þarfir vors þjóðfjelags og þeirrar menningar, sem vjer eigum við að búa. Alt skólanám er að mestu leyti gagnfræðanám. Sjálf vísindin eru gagnfræði. Jeg veit ekki betur en embættismennirnir, prestar, læknar og lögfræðingar verði að afloknu námi að koma út í lífið og sýna, hvað þeir geta gert og afrekað með því gagnfræðanámi, sem háskólinn hefir veitt þeim. Annars hefir þjóðfjelagið ekkert við þá að gera. Þetta eru menn, sem eiga að þjóna sínum verkefnum hjá þjóðfjelaginu, alveg eins og sjómaðurinn og bóndinn, og er þar á enginn eðlismunur. Munurinn er aðeins sá, að þeir þurfa lengri námstíma.

Menn eiga ekki að rugla þessu skólanámi saman við hin sönnu vísindi og þá menn, sem stiga ný spor í átt fram-

fara og fullkomnunar og kippa mannkyninu áfram. Og það verðum við að játa, að í skólunum mun aldrei hægt að „fabrikera“ þau vísindi, sem hrinda þjóðunum áfram og ryðja brautina upp á við til hæða hinnar fullkomnu þekkingar. Slík vísindi finnast aldrei í latneskum skræðum og óskiftum skóla.

Röksemdirnar um eðlismuninn á gagnfræða- og vísindanámi hafa ekki við neitt að styðjast. Og einn helsti stuðningsmaður þessa frv., Jón Ófeigsson kennari, hefir einmitt sýnt það með till., sem hann hefir komið fram með, að hjer er um engan eðlismun að ræða. Till. hans fer í þá átt, að bæta námskeiðunum við gagnfræðaskólana. Hjer er því enginn eðlismunur, en vantar aðeins eitthvað, sem bæta þarf við. En það væri ekki hægt, ef eðlismunur væri á. Í till. er þessvegna fólgin skýlaus viðurkenning á því, að um engan eðlismun sje að ræða í milli gagnfræðinga og logagyltra latínumanna. En till. þessi er nú ekki svo ítarlega framsett, að hægt sje að byggja að svo komnu löggjöf á henni. Jeg á líkt bágt með að skilja, hvernig hægt sje að setja þessi námsskeið við hlið ársskólanna. Það verður örðugt að gera hjer hæfar kenslubækur og samrýma þetta nám skólanáminu í heild sinni. Hitt væri betra, að hafa ekki þessi námskeið samhliða hinu náminu, heldur að vorinu, er aðrir hafa lokið námi sínu, en þó ekki svo löng, að það skerði tíma þann, er nemendur hafa til þess að vinna fyrir sjer. Jeg tel það einn besta kostinn á uppeldis- og skólamálum vorum, hve unga fólkið stendur í nánu sambandi við atvinnulíf þjóðarinnar, og að atvinnulífið er þannig, að námsfólkið hefir, svo að segja, nóg að gera að sumrinu. Þetta eru kostir, sem svo margar aðrar þjóðir ekki hafa, þar á meðal nágrannaþjóðir vorar, og kvarta sáran yfir. Öfunda þær okkur mjög af þessu og hafa leitað að tilbúinni uppbót hjer á, en það hefir lítið gagnað. Ætti því ekki að vera að lengja námstímann og takmarka þannig möguleikana fyrir skólafólkið, að geta unnið, og fyrir atvinnuvegina, að hafa gagn af því. Þetta er hlutur, sem er miklu meira virði en óskiftur skóli, miklu meira virði en latína, þótt kend væri jafnvel í barnaskóla. En latínan finst mönnum sjálfsögð eins og andrúmsloftið, en gæta ekki að því, að þeir eru að berjast hjer fyrir hjegóma, lengst aftan úr öldum, aðeins til þess að borðaleggja kolla vissrar stjettar í landinu.

Það eru ekki gallar eða kostir gagnfræðaprófsins, sem eitra hið æðra uppeldi, og það er alls ekki hjer, sem þarf að endurbæta. Hjer má alt standa eins og það er. En það gægist fram í frv. á tveim stöðum, hvar skórinn kreppir að. Það er þar, sem talað er um íþróttir í skólanum og heimavistir fyrir nemendur, sjerstaklega fyrir þá, sem eru utan af landi. Þessi ákvæði benda í rjetta átt og sýna, hvernig mentaskólar eiga að vera. En hvað snertir leikfimina, þá er það aðeins reglugerðaratriði, og má breyta því án þess leitað sje til þingsins. En um hitt atriðið, heimavistina, vil jeg taka það fram, að jeg skal eindregið styðja að því, að hún komist upp, t. d. með styrk á fjárlögunum. Vildi jeg óska þess, ef frv. verður ekki afgreitt, að stjórnin sjái um það, að þessir kostir frv. verði varðveittir. Jeg vil vona, að fylgi þeirra manna, sem ekki hafa talað við umr. um þetta mál, en rjett hafa

upp höndina því til stuðning, sje svo heilt, að þeir fylgi einnig, þegar til fjárveitinga kemur.

Það kom fyrir einkennilegt atvik við umr. fjárlaganna um daginn. Svo er mál með vexti, að meiri hl. mentmn. flutti till. um uppbót til tveggja tímakennara við Mentaskólann, sem búa við lítið kaup. Var till. þessi bygð á hinni mestu sanngirni, þar sem hjer var um ágæta kennara að ræða, sem skólinn vill og þarf að halda í. Var farið fram á, að þeir hefðu sama kaup yfir sumarið, og nam upphæðin 2200 kr. Gekk till. í líka átt og höfuðbreytingar frv., sem sje að fjölga föstum kennurum. Hefir rektor mentaskólans talist svo til, að ef frv. verður samþykt, þurfi að bæta við 7 fastakennurum. Vitanlegt er það, að rektor hefir enga von um, að aðsókn að skólanum minki. Þar við bætist, að sökum ákvæðisins um frí 10. hvert ár, mun enn þurfa tvo fasta kennara. Þarf þannig, ef frv. verður samþ., 9 fasta kennara í stað stundakennaranna. Till. um launauppbót til þessara tveggja stundakennara var feld, eins og menn muna, og það með atkv. þeirra manna, sem frv. þetta styðja. Þótti þetta einkennilegt mjög, og sýnir, að hjer er ekki um latínudýrkendur að ræða og ekki um trú á óskiftan lærðan skóla, heldur um naglaskap, þar sem menn vildu ekki veita 2200 kr. til tímakennaranna í rjettlætisskyni. Hvaða samræmi er í þessu, að fella 2000 kr. tillögu, en samþykkja útgjöld, sem nema tugum þúsunda? Ætli ástæðan sje ekki sú, að þessir sömu þm. viti ekki, hverju þeir sjeu að fylgja, en lifi í þeirri óljósu von, að þeir sjeu að draga úr stúdentaviðkomunni. Það er einkennilegt, að þeir þm., sem fella þessa sanngirniskröfu, skuli nú greiða frv. atkv., sem fer fram á miklu meira. Munum við því koma með till. aftur, þegar fjárlögin koma til einnar umr. hjer í deildinni. Menn verða búnir að átta sig betur á henni.

Jeg var að tala um heimavistina og leikfimina. Og það er skoðun mín, að það varðar oss miklu meira en alt þetta latínunám og málfræðisstagl, sem verið er að seilast eftir. Það er einmitt skólalífið, sem eykur þrótt unglinganna og þjálfar þá og kemur að gagni í lífinu. Það er ekki þjálfun málfræðinnar, heldur þjálfun hins heilbrigða skólalífs, sem gerir oss að meiri mönnum, gerir oss betri og lyftir oss á hærra stig. — Við eigum ekki að fara til Þýskalands, til þess að vita, hve marga latínutíma við eigum að hafa, heldur til Englands, og athuga, hvernig börn hins breska heimsveldis eru alin upp við iþróttir.

Jeg vil benda mönnum á, að það eru iþróttirnar, sem styðja að því, að koma skólalífinu í það horf, sem farsælast er, og þær stuðla að því að gera mennina þróttmikla, framkvæmdarsama, sjálfstæða og drengi góða.

Jeg hefi nú talað lengur en jeg bjóst við að gera. En jeg vil þó að endingu spyrja stuðningsmenn þessa máls, hversvegna þeir vilji fara að breyta um nafn á skólanum og leggja niður orðið mentaskóli. Þó er þetta hið virðulegasta „pædagogiska“ nafn, sem hægt er að velja nokkurum skóla. Hv. stuðningsmenn frv. segja, að fræðslan sje ekki aðalatriðið, en þó vilja þeir fara að breyta um nafn og taka upp annað, sem minnir á lærdóm. Þeir segja, að latínan eigi að kenna mönnum að hugsa skýrt og rökrjett.

Samt taka þeir upp svo órökrjett heiti, sem lærður skóli er. Ekki getur skólinn verið lærður! Jeg geri ekki ráð fyrir, að það sje þessi tegund skýrleika eða dómgreindar, sem felst í orðinu lærður skóli, er ala á hina ungu stúdenta framtíðarinnar upp í. Heitinu mentaskóli á að halda. Það er í miklu betra samræmi við það, sem frömuðir þess máls vilja. Hitt nafnið bendir til, að menn vilji koma á aftur þeirri stjettaskiftingu, sem einu sinni var, þegar hinir lærðu menn voru yfirstjettin, en leikmennirnir undirstjettin. En sje svo, að menn vilji fá hjer aftur stjett lærðra manna, verður aldrei úr því bætt með latínuskóla. Hv. þm. verða að gera sjer það ljóst, að ekki er hægt að fara með þjóðlíf vort aftur í tímann. Rás viðburðanna verður að halda farvegi sínum. Menn stöðva ekki Dettifoss með litlafingrinum. Og eins má segja um þetta. Hjól tímans verður aldrei stöðvað með lögum frá Alþingi.

Núverandi fyrirkomulag Mentaskólans er í fullu samræmi við okkar tíma og við komandi ár. Þessvegna ljæ jeg lið mitt til þess, að fella þau höfuðatriði, sem hjer hefir verið talað um, sem sje það, að auka latínunámið og fella niður tviskiftinguna. Frv. er „reaktion", útsog. Og þingið verður að gæta sín, að fylgja ekki með í því útsogi. Þá stendur það gegn þróuninni, sem er að sigra og hlýtur að sigra. En ef frv. verður felt nú, mun því ekki skjóta upp aftur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla að fylgja hv. frsm. meiri hl. í því, að tala mjög stutt. Jeg þarf ekki að tala mikið um einstök atriði, sem í raun og veru er það eina, sem vel á við við þessa 2. umr. Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg er að mestu leyti á sama máli og hv. meiri hl. nefndarinnar, og þar af leiðandi á móti minni hl. Ræða hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) gefur mjer ekki tilefni til að segja svo sem neitt. Jeg held líka, að rjettast sje að láta framsögumennina eigast við um það, sem þá greinir á um. Jeg get það því fremur, þar sem jeg kann ekki um að bæta það, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) hefir sagt. Að tala um málið frá byrjun yrði frá minni hálfu lítið eða ekkert annað en endurtekning á því, sem hv. frsm. meiri hl. hefir sagt. Jeg hygg það alveg rjett hjá honum, að málið hafi verið svo paulrætt á undanförnum þingum, að ekki muni vera verulegt gagn að því að taka upp aftur þær umræður. Jeg hygg, að hvorki hafi verið sagt nje verði sagt annað en það sama, sem hjer hefir oft verið sagt áður og öllum hv. þingmönnum er kunnugt.

Það, sem aðallega greinir á um og hefir greint á um, er tvent, fyrst hve mikið skuli kent í latínu og hve mikla þýðingu sú námsgrein hafi fyrir lærða skóla eða þá skóla, sem búa unga menn undir stúdentspróf. Þetta er gömul deila, sem jeg sje ekki ástæðu til að tala frekar um. Hv. frsm. meiri hl. hefir skýrt það atriði frá sínu sjónarmiði, og tel jeg hans álit rjett vera. Jeg held, að ef þeir væru sjálfum sjer samkvæmir, sem hæst mæla á móti frekara latínunámi í mentaskólanum, ættu þeir að komast að þeirri niðurstöðu, að alls enga latínu mætti kenna. Þeir hafa þó fæstir farið svo langt. Hitt atriðið, sem

verður líklega af mörgum talið aðalatriðið, það er skifting skólans, í gagnfræða- og lærdómsdeild. Minni hl. nefndarinnar segir, að sú skifting hafi reynst vel. Jeg held, að þeir, sem kunnastir eru málinu, líti yfirleitt svo á, að hún hafi ekki reynst vel. Þetta er auðvitað ekki gott að sýna, svo glögt sje, þeim, sem ekki hafa rannsakað málið. Mjer finst samt ofur skiljanlegt, ef litið er á málið eins og það liggur fyrir, að heppilegra sje að hafa skóla, sem búa menn undir stúdentspróf, óskifta. Mjer skilst, að þó lærði skólinn, eða hvað menn vilja kalla hann — þessi langa ræða háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) um nafnið var alveg aukaatriði — yrði hafður óskiftur, væri ekki sjálfsagður hlutur að slíta með öllu sambandi hans við Akureyrarskólann. Við, sem þekkjum eldri skólann, vitum, að það var tiltölulega auðvelt að komast upp í 1.—4. bekk. Hvernig þessu er hagað annarsstaðar á Norðurlöndum gerir kannske ekki svo mikið til. Hv. frsm. minni hl. nefndi mörg lofleg dæmi frá skólum Englendinga. Mjer skildist hann þakka mest leikfiminni, að þaðan kæmu vitrir menn. Raunar er nú þessi leikfimi mest iðkuð utan skólanna. En það er vitanlegt, að þessir menn eru allir latínumenn upp á gamla móðinn. Þeir tala hana og skrifa og halda henni stöðugt við, og jeg veit, að þeir þykjast eiga latínukunnáttunni mikið að þakka. Almennasta mótbáran gegn þessari breytingu er sú, að ekki verði sjeð fyrir nægri gagnfræðakenslu. Jeg held, að þessi mótbára sje ekki rjett. Jeg held, að einmitt yrði mikið gagn að því, ef endir fengist bundinn á þessa þrætu um skipulag mentaskólans. Þá væri hægt í alvöru að snúa sjer að gagnfræðaskólamálinu. Jeg tel vafasamt, að hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) hafi rjett fyrir sjer í því, að þetta frv. muni ekki rísa upp aftur, ef það verður drepið nú. Jeg gæti betur trúað því, að þessi þræta hjeldi áfram og tefði fyrir góðu skipulagi á þessum málum. Jeg held, að það væri bara ljettir að koma þessu máli frá, svo hægt væri að snúa sjer að hinu.

Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) talaði eins og það væri eitthvert ódæði eða mikil einfeldni, að hugsa til að gera stúdentamentuninni hærra undir höfði en gagnfræðamentuninni. Enginn ætlast til þess. En þetta er alveg sitt á hvoru sviði. Hann neitar því þó ekki, að háskólamentun sje nokkuð annars kyns en gagnfræðamentunin.

Stúdentar verða hvort sem er flokkur fyrir sig, þegar þeir koma í háskólann og gerast háskólaborgarar. Hitt kemur engum í hug, að stúdentar fái aftur það vald og sjerstöðu, sem þeir höfðu á miðöldum.

Jeg ætlaði ekki að fara út í almenn atriði, því hv. frsm. meiri hl. (MJ) gerir það eftir þörfum. Jeg skal aðeins minnast á nokkur atriði, sem hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) drap á. Hann mintist á fjölgun kennara og hafði eftir rektor mentaskólans, að þeim þyrfti að fjölga um 7—9. Það er bygt á því, að ekkert fækki í skólanum, þó breytingin komist á. Þetta er eflaust ekki rjett hjá háttv. frsm. minni hl. og rektor, því að nemendum mundi fækka að miklum mun. Þó er þetta ekki af atriði í þessu sambandi, því ef haldið yrði áfram í sama horfi og nú og tekið á móti öllum þeim unglingum, sem fá vilja frekari mentun en kostur er á hjer í barnaskólanum, yrði að fjölga kennurum ekki aðeins um 7, heldur miklu fleiri. Því mið-

ur er nú komið svo, að föstu kennararnir við mentaskólann eru orðnir alt of fáir, þó með sjeu taldir aukakennarar, sem hafa sömu laun og fastir kennarar. Það hefir reynst erfitt að fá hæfa menn í kennarastöðurnar, sem kemur til af því, að þingið hefir verið ófúst á að hrófla neitt við launalögunum. En það líður að því, og mun þess ekki langt að bíða, að bráðum verður nauðsynlegt að fjölga kennurum við skólann, ef sama fyrirkomulag á skólanum á að haldast framvegis, en það er til skaða, bæði fyrir nemendur og kennara.

Það getur vel orðið, og um það skal jeg ekki segja að svo stöddu, því það er ekkert „principmál", og jeg hefi sjálfur ekkert sjerstaklega á móti því, — að Akureyrarskóli fái rjett til að útskrifa stúdenta eins og skólinn í Reykjavík. Jeg hygg aðeins, að það sje ennþá all-athugavert að ráðast í að breyta þessu þannig, að þetta verði hægt, meðan það reynist jafnerfitt og það er nú að fá nógu vel mentaða kennara til skólans hjer syðra. Reynslan hefir sýnt, að það er mjög erfitt að fá kennara, sem nógu vel eru undirbúnir til að vera hæfir kennarar, til að fara þangað norður.

Þá skal jeg stuttlega snúa mjer að brtt. hv. meiri hl. mentmn., og get jeg yfir höfuð fallist á þær allar.

1. brtt. get jeg alveg fallist á, a og b-liðina sjerstaklega, en eins og sagt er í nál., er c-liðurinn nýmæli í þessum lögum, sem er sennilegt, að sje til nokkurra bóta frá því, sem var.

Sömuleiðis get jeg vel fallist á 2. brtt. og er þar b-liðurinn sjálfsagt til mikilla bóta. Fer brtt. í frjálsari átt, og tel jeg það rjett vera, og yfir höfuð hefi jeg ekki að athuga við brtt. þær, sem hjer fara á eftir. Þó gæti verið, að 5. brtt. væri dálitið óþörf. Jeg held yfir höfuð, að ekki sje þörf að ljetta á kennurum, þó að þeir þurfi að leiðrjetta skriflegar úrlausnir, meðan að ekki eru heimtaðar af þeim meira en 24 kenslustundir á viku. Jeg hygg þess vegna, að varla sje þörf þessarar ívilnunar, nema um aldraða menn sje að ræða og þurfi að hlífa þeim þess vegna; en meðan menn eru í fullu fjöri, gerist þessa vart þörf. Það er ekki til neins, að fást um það, þó þetta komi dálítið misjafnt niður, því svona er þetta ætið og fer eftir eðli hverrar námsgreinar, sem kend er. Annað mál væri það, ef um það væri að ræða, að hækka stundatöluna á viku, sem kennurum væri gert skylt að kenna. En nú er ekki svo. Auk þess er gert ráð fyrir, að kennarar fái frí frá kenslustörfum á tilteknu árabili, og þá held jeg, að búið sje að fara sæmilega langt til þess að verða við öllum sanngjörnum kröfum af þeirra hendi.

Bernharð Stefánsson: Það er aðeins ein hlið þessa máls, sem jeg ætla að gera að umtalsefni. Jeg get því lofað því að vera ekki mjög langorður, og það því fremur, sem jeg hefi áður vikið að sama efni, í sambandi við frumvarp mitt um mentaskóla á Akureyri.

Það, sem jeg á við, er sambandið milli Akureyrarskólans og mentaskólans hjer. Ef þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verður að lögum, þá er þessu sambandi þar með slitið, samþykt þess mundi því skerða rjett Akureyrarskólans og þar með allra Norðlendinga og Austfirðinga.

Háttv. frsm. meiri hl. (MJ) taldi frv.

það til gildis, að samþykt þess yrði til þess, að stúdentaviðkoman minkaði. Það má vel vera, að breyting sú á skólanum, sem frv. felur í sjer, muni hafa þessi áhrif. En jeg álít, að þessi fækkun á tölu stúdenta mundi þá nær eingöngu stafa af því, að það yrðu aðeins börn Reykvíkinga og svo stórefnamanna út um land, sem gætu orðið stúdentar framvegis, en nemendum frá Norður- og Austurlandi og víðar langt að mundi verða ókleift að stunda nám í skólanum. Þó að það kunni að vera rjett, að stúdentaviðkoman sje orðin of mikil, þá má ekki kaupa fækkunina þessu verði; hún verður að byggjast á einhverjum öðrum og sanngjarnari grundvelli. Stúdentafækkuninni mætti t. d. ná með því að gera meiri kröfur til þroska og þekkingar en nú er gert. Það væri sanngjarnara, að hæfileikar skæru úr um það, hverjir gætu orðið stúdentar, heldur en hvaðan af landinu menn eru, eða hvernig þeir eru efnum búnir.

Þá sagði háttv. frsm. meiri hl. (MJ), að menn gætu fengið inntöku í efri bekki skólans, eins og áður hefði átt sjer stað, og færði hann þetta fram, til að rjettlæta sambandsslit skólanna. Hæstv. forsrh. (JM) vjek að þessu sama; hann sagði, að það væri ekki sjálfsagt, að sambandinu við skólann á Akureyri þyrfti að verða slitið með samþykt frv. En það stendur ekki neitt það í frv., sem gefið gæti upplýsingar um, hvernig sambandinu ætti að vera fyrir komið framvegis. Þessvegna vil jeg gjarna beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hversvegna þetta var þá ekki tekið fram í frv., og hvernig stjórnin hugsaði sjer, að þessu verði komið fyrir. Mjer skilst það af orðum hæstv. ráðh. (JM) og háttv. frsm. meiri hl. (MJ), að það sje áformað, að sambandið haldist, þrátt fyrir þessa breytingu á skólanum í Rvík. En eftir frv., eins og það liggur fyrir, sje jeg ekki, hvernig þetta má verða. Vænti jeg, að hæstv. ráðherra gefi nánari skýringu á þessu. En hvað það snertir, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) vjek að, að menn gætu lesið utanskóla eins og í gamla daga og síðan sest í einhvern af efri bekkjum skólans, þá er það að segja, að eins og nú er ástatt í landinu, hefi jeg litla trú á, að prestar taki nemendur heim til sín til að kenna þeim utan skóla, eins og fyrrum átti sjer stað. Menn verða að gæta þess, að nú lifa menn á öðrum tímum.

Jeg skal játa, að það, sem jeg nú hefi fært fram í þessu máli, hefi jeg sagt áður, og mætti því segja, að ekki væri þörf á að endurtaka það. En jeg vil þó ekki, að mál þetta verði svo afgreitt hjeðan, að ekki komi ennþá fram ákveðin mótmæli frá hendi Norðlendinga, vegna þess rjettindamissis, sem þeir yrðu fyrir, ef frv. yrði samþykt.

Þetta mundi og verða til þess, að Norðlendingar mundu krefjast þess, að fá þar skóla, sem hefði rjett til að útskrifa stúdenta, og þeir munu halda þeim kröfum áfram, þangað til þeir fá þeim fullnægt. Það verður ekki hægt að neita þeirri kröfu til lengdar, ef sambandi skólanna verður slitið.

Það gleður mig, að svo virtist, sem hæstv. forsætisráðherra (JM) og hv. frsm. meiri hl. (MJ) sjeu nú farnir að veita þessari hlið málsins einhverja athygli og sjá það, að ekki er fært að slíta sambandi skólanna, án þess að eitthvað komi í staðinn. En jafnvel þó að góð orð sjeu viðhöfð um, að sambandinu

skuli ekki verða slitið, er þó hitt betra, að vita skýrt og ákveðið, hvernig þessu á að vera fyrir komið framvegis.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg skal lofa, að vera ekki margorður að þessu sinni, eða að minsta kosti byrja jeg mál mitt með þeim ásetningi, að lengja ekki þessar umr. um of, þrátt fyrir það, að háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) hafi haldið all-skörulega ræðu og hafi veitst allfast að frv. og okkur forsvarsmönnum þess. Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í það að athuga ræðu hans, þar eð mjer virtist svo sem hann í lok máls síns tæki aftur, eða að minsta kosti drægi mjög úr flestu því, sem hann hafði í upphafi ræðunnar varið mikilli mælsku og andagift til að hlaða upp; þetta reif hann alt niður aftur, áður en hann settist niður.

Háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) fór m. a. mörgum orðum um afleiðingar þess, að latínukensla yrði tekin upp aftur gegnum allan skólann. Afleiðinguna sagði hann verða mundu andlega afturför (reaktion) á ýmsum sviðum, auk ýmislegs fleira ills, sem af þessu leiddi. En í ræðulokin játaði hann þó, sem rjett var, að þetta væri í rauninni fremur lítilvægt atriði. Hann játaði þá, að það, sem meira væri um vert en það, sem kent væri í skólanum, væri skólalífið, sambandið milli kennara og lærisveina og sá andi, sem ríkjandi yrði í skólanum. Þetta væri meira vert en hitt, hvaða námsgreinir væru kendar í skólanum, og var það alveg rjett. En með þessu gerði hann að engu það, sem hann hafði sagt í upphafi ræðu sinnar. Hann lagði áherslu á, að eitthvað hlyti að vera á bak við frv., sem ekki væri enn komið í ljós; málið væri svo fráleitt, og hefði hvað eftir annað verið flutt inn á þing, þrátt fyrir illar undirtektir. Það væri gott að fá að vita, hvað háttv. þm. (ÁÁ) á við með þessum orðum sínum. Hvaða ljónagryfju heldur hann að sje falin á bak við þetta frv. Jeg veit að vísu, að málið hefir tvisvar verið flutt hjer á þingi sem stjórnarfrv., af sama kenslumálaráðherra, og jeg sje ekkert undarlegt við það, eða þó að ýtt hafi verið undir frv. af sama manni, sem hefir borið þetta mál fram og barist fyrir því þing eftir þing.

Hann talaði um vígi latínunnar, sem hefði verið yfirgefið, og þann fítonsanda, sem nú væri hlaupinn í menn til þess að fá skólanum breytt aftur í sitt fyrra horf. Þó sagði hann, að menn væru enn á ný farnir að falla burt frá trúnni á latínuna og meðal þeirra væri t. d. jeg. Það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, var þvert öfugt við það, sem háttv. þm. (ÁÁ) segir mig hafa sagt. Jeg sagði, að í fyrstu hefði jeg lagt lítið upp úr þessu atriði, latínunni, en við það að fást meira við málið, hefði jeg komist að þeirri niðurstöðu, að mikið væri áunnið við að fá latínukensluna aukna í skólanum. Þessvegna fer hv. þm. með staðleysur, er hann talar um, að jeg hafi flúið úr því vígi, sem jeg í fyrstu hefði einsett mjer að verja.

Að öðru leyti held jeg, að rifrildi um frv. hafi mjög litla þýðingu úr þessu. Það fer mjög fyrir ofan garð og neðan hjá sjálfu málefninu. En mjer virtist ein aðalástæða háttv. þm. móti latínunámi vera ástæða, sem jeg get á engan hátt tekið sem góða vöru, — hann taldi breytingar á skólum alveg nauðsynlegar, annars yrði úr þessum málum eintóm kyrstaða. Það, sem nú þyrfti að breytast, væri latínan; hún þyrfti alveg

að hverfa. Ummæli próf. Bjarnar Ólsen um, hvað menn kynnu lítið í latínu, í samanburði við þá fyrirhöfn, sem varið hefði verið til kenslunnar og námsins yfirleitt, hafa öfugt sönnunargildi við það, sem háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) vildi láta þau hafa. Það, sem jeg tel latínunni til gildis, er það, hversu erfið hún er. Menn komast þar í þá eldraun, sem þeir hafa mjög gott af. Það er ekki það eitt, að læra latínu til þess að geta talað hana og skrifað, — til þess eru önnur mál bæði auðveldari og miklu hagnýtari nú orðið, — en það er hitt, sem jeg legg áherslu á, og aðalástæðurnar. Æfingin, sem menn fá við að fást við svona erfitt mál, hefir góð áhrif á þroska og skilning nemendanna.

Háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) gerði meira að því en rjett er, af jafngáfuðum manni og hann er, að búa til ýmsar ástæður og grýlur, sem okkur hafa aldrei dottið í hug, og berjast síðan við þær af mestu grimd. T. d. talaði hann um þá litilsvirðingu, sem kæmi fram hjá okkur meðhaldsmönnum frv. á gagnfræðamentuninni. Hann sagði, að við vildum skifta þjóðinni í tvo flokka, — öðru megin væri sauðsvartur almúginn, með gagnfræðamentunina, sem auðvitað væri fullgóð fyrir þann flokkinn að okkar áliti, — en hinu megin væri hinn tigulegi flokkur hinna gullvægu vísindamanna. Við höfum aldrei sagt neitt, sem gæti rjettlætt þetta. Við höfum aðeins bent á, að skólarnir yrðu að vera með mismunandi sniði og fyrirkomulagi, eftir því hvort þeim væri ætlað að búa nemendurna undir gagnfræðapróf aðeins, eða stúdentspróf. Hann talaði eitthvað um andlegan skríl, þ. e. gagnfræðinga. Þetta er hugarburður háttv. þm. (ÁÁ). Það hefir aldrei fallið eitt einasta orð frá mjer eða öðrum af samherjum mínum í þessu máli, sem rjettlætti þetta. Hann sagði, að latínan hefði fallið vegna þess, að hún hefði verið hætt að vera lengur hagnýtt mál. Þetta getur vel verið. En það kemur oft fyrir, að góð málefni falla einmitt vegna kosta þeirra. Það er ekki ólíklegt, að latínan hafi fallið vegna þess, hve hún þótti erfið viðfangs, og meiri hluti nemenda átti fult í fangi með að læra það, sem af þeim var krafist í málinu. En ef latínan er annar eins viðsjálsgripur og háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) segir, því á þá að vera að halda í nokkra kenslu í henni í skólunum? Ef það er rjett, sem rektor hefir sagt, að latínukensla sú, sem nú er aðeins í 3 efri bekkjum skólans, komi að talsverðu gagni, því má þá ekki breyta svo til, að gagnið verði ennþá meira, með því að auka kensluna í latínu? Ef latínan er ekki hagnýtt mál, er gagn hennar aðallega fólgið í þeirri þjálfun, sem hún veitir nemendunum við námið yfirleitt, og því kemur ekki til mála að vera andvígur latínukenslu, vegna þess að hún veiti nemendunum góðan styrk og æfingu í því að fást við erfið viðfangsefni.

Háttv. frsm. minni hl. (ÁÁ) sagði, að óskifti skólinn væri illa víggirt vígi, og þyrftu varnirnar umbóta við, ef þær ættu að fá staðist áhlaup. Þó færði hann engin rök fyrir þessu. Jeg hefi fyrir satt, að nefnd, sem skipuð var í Danmörku til að íhuga þessi mál, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að meiri tíma þyrfti til undirbúnings undir stúdentspróf í skiftum en óskiftum skóla. Ef skóla væri skift, gerði nefndin ráð fyrir 7 ára námi, en taldi mega komast af með 6 ár í óskiftum skóla. — Það er alt ann-

að, hvort hægt er að komast af með níu ára nám í skiftum skóla, heldur en hvort nægilegt sje að hafa tvo þriggja ára skóla. Mjer finst það styrkja það, sem nefndin hefir komist að.

Jeg sagði, að það væri óheppilegt, að neðri bekkirnir væru ljettir, en efri bekkirnir þungir, sjerstaklega 4. bekkur. Hv. þm. reyndi að hnekkja þeirri ástæðu með því að segja, að það mætti ráða bót á þessu með því að byrja á þýsku í 3. bekk. Þetta er náttúrlega rjett. Svo hefir Þorl. H. Bjarnason stungið upp á að byrja líka á latínu í 3. bekk. Og þá fer nú gagnfræðasvipurinn að fara af, þegar ófreskjan er þar inn komin.

Svo er stungið upp á að hafa aðeins bekkjarpróf upp úr 3. bekk. Í Svíþjóð, þar sem námið er svona, þá er skólinn óskiftur. Þá er ekkert eftir annað en að stíga sporið út og samþykkja þetta frv. Einmitt þetta, að gefa eftir, það sýnir, að málstaðurinn er veikur. Það eru miklir örðugleikar á skiftingunni, og menn finna, að hjer þarf að ráða bót við. En það er alls ekki hægt, nema með því að víkja frá þeim grundvelli, sem þessir örðugleikar byggjast á.

Hv. þm neitaði algerlega muninum á gagnfræðanámi og vísindanámi. Hafði hann þar mikið til síns máls, vegna þess að hann var að berjast á móti einhverjum ímynduðum mótmælum, sem jeg hefi aldrei heyrt koma fram. Fór hann náttúrlega ákaflega háðulegum orðum um þessa „sauðsvörtu“ og „forgyltu“, sem væru tveir alveg ólíkir flokkar. Hv. þm. neitaði þessum mismun, en hann færði engin rök með þessu.

Hv. þm. sagði einmitt, að embættismennirnir yrðu að koma út í lífið með gagnfræði frá Háskólanum. Þetta kemur alveg heim við það, sem jeg sagði. Það er bara sá munur, að sá gagnfræðaskóli, sem býr ekki undir neinn annan skóla, en kennir það, sem koma má að gagni í lífinu, hann hefir svo að segja sinn tilgang fólginn í sjálfum sjer, en hinn skólinn býr eiginlega undir það, að geta í Háskólanum numið þær gagnfræðagreinar, sem snerta hans starf í lífinu, og eins og hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) sagði, eiga að koma með út í sinn verkahring í lífinu. Sá skóli er bestur til þessa undirbúnings, sem gerir menn hæfasta til þess að geta tekið á móti þessu gagnfræðanámi Háskólans, ef nota má það orð. Og þetta gerir alveg eðlilegan þann mismun þessara tveggja tegunda skóla, sem aldrei verður hægt að skafa alveg út. En það á í sjálfu sjer ekkert skylt við það, að einhver eðlismunur sje á vísindanámi og gagnfræðanámi, og því síður, að annað sje göfugt, en hitt ógöfugt. — Aðalmunurinn er sá, að annar skólinn er gagnfræðaskóli, en hinn býr undir gagnfræðaskóla.

Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) gat ekki annað en komið auga á og viðurkent tvö góð atriði í þessu frv., þótt hann liti það annars litlu velvildarauga, sem sje að auka leikfimiskenslu og að hafa heimavistir. Út frá því komst hann inn á það, að það sje mest virði af öllu, að allur skólabragur geti verið sem allra bestur. Þetta tel jeg rjett. Jeg tel það meira virði, hvernig það er kent, sem kent er, og hvaða gagn það færir nemöndum. Þar fyrir er auðvitað ekki sagt, að það sje öldungis sama, hvað kent er.

Hv. þm. var að gefa þingdeildarmönnum brýningu út af því, að feld var þessi sanngjarna fjárveiting, sem mentamálanefnd óskaði eftir handa tveimur

stundakennurum skólans. Jeg ætla síður en svo að draga úr þeirri brýningu. En hv. þm. var að rökstyðja með þessu, hvað afskaplegur kostnaður myndi leiða af breytingunni, því samkv. upplýsingum frá rektor mentaskólans, þyrfti að bæta við 7 föstum kennurum. Þetta er misskilingur. Hv. deild þarf ekki að láta hræða sig frá að samþykkja frv. af þeim ástæðum. Það liggur í augum uppi, að það versta, sem orðið getur, að því er kostnaðinn snertir, er það, að aðsókn verði hin sama og áður. Og þá þarf sama kennarafjölda. Það kemur ekki til mála, að fleiri kennara þurfi, þótt breytt sje um námsgreinar. Búast má heldur við, að þeim fækki. Auk þess er ekki farið fram á að skifta nema tveimur efstu bekkjunum, í staðinn fyrir að nú er skift þremur. Þessi misskilningur hv. minni hl. stafar af því, að hann athugar ekki, að þótt skipa eigi fasta kennara til þess að kenna alt, sem kenna á í skólanum, en nú sje það ekki, þá er það bara í orði, en ekki á borði. Það eru sem sje nú þegar fastir kennarar, sem annast alla kensluna við skólann, þótt þeir hafi ekki fengið veitingu. Þeir hafa sömu laun og væru þeir fastir kennarar. Og sje einhver munur í þessu efni, þá er hann óviðkomandi skiftum eða óskiftum skóla, latínuskóla eða latínulausum. Auðvitað þarf að búa jafnvel um kennarana, hvort sem er, og þá þarf þá auðvitað alveg jafnmarga, með hvoru sniðinu sem skólinn er.

Kostnaðaratriðið byggist aðalega á því, hvort aðstreymið eykst eða minkar. Það liggur í augum uppi.

Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) var að tala um, hvers vegna ætti að breyta um nafn á skólanum. Jeg gæti eiginlega spurt sjálfan mig sömu spurningar. Þess er í raun og veru engin þörf. Jeg býst við, að nafnbreytingin sje aðeins til að láta það koma í ljós, að skólinn er færður í líkt form og þegar hann bar nafnið „lærður skóli“. Jeg skal játa, að nafnið er nokkuð útlenskuskotið, og er jeg ekki á móti því að kalla hann mentaskóla. Almennur mentaskóli þykir mjer ekki fallegra. En það er hægurinn hjá að koma með till. um nafnbreytingu.

Hv. frsm. sagði, að það væri „reaktion“ að hverfa nú aftur til þess gamla fyrirkomulags. Og sú „reaktion“ átti að vera glötunin sjálf. Það er engin skynsemi í að setja það sem sjálfstæða og algilda reglu, að aldrei megi hverfa aftur til fyrikomulags, sem horfið var frá um stund. Þvert á móti er það eðlilegt. Þegar menn sjá eftir á, að breytingin miðaði ekki til góðs. Þá er ekkert sjálfsagðara en að vera ekki svo hræddur við orð og nöfn, að menn þori ekki að taka upp fyrra fyrirkomulagið, ef þeir eru sannfærðir um, að það sje betra. Í endurlífgun þess eldra getur oft verið fólgin stórkostleg framför. Við þurfum ekki annað en að minna á, að stærsta framfara-aldan, sem hefir yfir Norðurálfuna gengið á síðari öldum, hún er beinlínis runnin frá því, að menn fundu aftur þá fyrri tíma, sem höfðu liðið undir lok í róti þjóðflutninganna. „Renaissancinn“ finnur fornöldina og hverfur til hennar.

Nei, svona grýlu má ekki láta hræða sig. Það þarf í hverju tilfelli að meta það, hvort það gamla sje ekki betra en það, sem búið hefir verið að um stund.

Þótt jeg hafi nú ýmislegt skrifað úr framsöguræðu hv. frsm. minni hl. (ÁÁ), þá held jeg, að jeg sleppi að karpa um það. Jeg nenni ekki að elta ólar við það alt saman, þing eftir þing.

Hæstv. forsrh. (JM) fór vinsamlegum orðum um brtt. meiri hl., og hafði eiginlega ekkert við þær að athuga, nema helst þá, sem fer fram á ívilnun um tímafjölda handa þeim mönnum, sem hafa sjerstaklega mikið af skriflegum úrlausnum. En hann tók rjettilega fram ástæðu okkar, að þetta sje sanngirnisatriði, þó að ekki þurfi að telja það ofraun kennurum, sem hafa miklar stílaleiðrjettingar utan tíma.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) talaði fyrir hönd síns landsfjórðungs og sagði, að stúdentafækkunin mætti ekki byggjast á, að útilokaðir væru stórir partar af landinu. Það er svo sem auðvitað. En við höfum fyrir okkur dæmið frá því áður en skólinn varð skiftur, áður en Akureyrarskólinn komst í samband við skólann hjer. Jeg veit ekki, hvort það hefir nokkurn tíma verið rannsakað nákvæmlega, en jeg gæti trúað, að námsmenn hafi verið eins dreifðir þá eins og nú. Heimavistin mun gera mönnum auðveldara að nema hjer, svo að hæfileikamenn geti notið sín, hvort sem þeir eru fátækir eða ríkir. Þá þyrfti námið varla að vera neinum ofraun fjárhagslega. Hitt verður auðvitað bæði hv. þm. og öllum öðrum ofraun, að gefa öllum sömu ástæðu til að verða stúdentar.

Hv. þm. (BSt) taldi líka alveg gagnslaust að samþ. brtt. okkar um það, að menn gætu gengið upp í efri bekki skólans, því að hvergi nokkursstaðar væri hægt að fá hliðstætt nám við nám í skólanum. (BSt: Jeg spurði, hvar það væri hægt.). Það hefir verið bent á þá leið af Jóni Ófeigssyni, að hafa námsskeið við gagnfræðaskólana, þar sem kend væri latína og annað, sem þyrfti. Gamla aðferðin var sú, að læra hjá einstökum mönnum. Jeg veit ekki, á hverju það byggist, að enginn hefir bent á þá leið að taka menn til náms. Enn eru þó til víðsvegar á landinu latínulærðir klerkar, sem vildu sjálfsagt taka pilta til sín til að nema undir skóla. Jeg þekki það vel að nema utanskóla, þar sem jeg las alt utan skóla nema einn vetur. Jeg veit ekki annað en það gæti gengið, eins nú og þá. Hv. þm. sagði, að við lifðum á öðrum tímum. En jeg held, að ekkert hafi breytst í þessu efni.

Jeg hefi verið beðinn að geta um, að von væri á brtt. Það er einmitt út af þessu, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) talaði um, að halda skyldi uppi fullnægjandi kenslu við gagnfræðaskóla Akureyrar, til að búa menn undir lærða skólann. Hv. þm. (BSt) spurði áðan, hvar menn ættu að læra undir skólann. Svarið er: við gagnfræðaskólann á Akureyri. Þó að það kostaði aukatíma, þá er það ekki svo ægilegt, því að milliþinganefndin áleit, að það þyrfti einu ári lengra nám með skiftum skóla en óskiftum, ef menn vilja eitthvað byggja á því, sem hún segir. Svo að það er betra að tefja þá fáu, sem vildu heldur nema við Akureyrarskóla en í Reykjavík, heldur en að tefja alla um eitt ár.

Jeg ætla svo ekki að tefja tímann með því að fjölyrða frekar, en láta þetta nægja að sinni.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. forsrh. (JM) og hv. frsm. meiri hl. (MJ) virtust báðir hafa skilið mig þannig, að jeg væri að hallmæla latínunni umfram önnur tungumál og aðrar námsgreinar yfirleitt. En svo ætlaðist jeg ekki til, að jeg væri skilinn, að jeg teldi hana í sjálfu sjer nokkurn háskagrip. En hún verður háskagripur, þegar komið er með kröfu um það, að mikill

hluti af námskröftum ungra manna skuli færður sem fórn handa þessu fornfræga máli. Þá verður hún háskagripur. Rjett á sama hátt er kínverska enginn háskagripur í sjálfu sjer. En ef krafa um kínverskulærdóm kæmi hjer, þá yrði hún háskagripur, sem jeg býst við, að yrði barist á móti.

Báðir þessir háttv. þm. dróu þá ályktun af mínum orðum, að að jeg ætti að berjast fyrir því, að öll latínukensla yrði niður feld. Jeg get með sama rjetti sagt, að jeg skilji ekkert í, hversvegna þeir heimti ekki, að latínan sje kend strax í barnaskóla eða byrjað að þylja Alma mater yfir vöggubörnum. Þetta á hvorttveggja jafnmikinn rjett á sjer. En svona hlutur kemur oft fyrir í umræðum, að þegar einhver heldur einhverju sjerstaklega fram, þá er hann ávítaður fyrir að fara ekki út í öfgar. Þetta er sjerstaklega algengt í stjórnmálalífinu, og því ekki að undra, þótt það komi fram í þingsölum. Við höfðum á síðasta þingi tóbakseinkasöluna til meðferðar, sem jeg leyfi mjer að nefna í þessu virðulega sambandi. Þar var það meira en hálft þingið, sem vildi sýna 100% fylgi sitt við frjálsa verslun. Minna vildu menn ekki vita af. Við höfðum hjer einn hv. þm., sem vildi hafa ríkisrekstur á öllum hlutum, minna vildi hann alls ekki sætta sig við, Þarna á milli höfðum við svo framsóknarflokk, sem vildi fylgja frjálsri verslun í aðaldráttunum, en sætti sig þó ákaflega vel við að víkja frá því „höfuð-principi", til þess að afla ríkissjóði tekna. Þetta verður altaf aðstaða milliflokksins, eins í þessu skólamáli, að standa á móti öfgunum og berjast fyrir sanngjarnari kröfum. Vitanlega er sá milliflokkur altaf hæddur fyrir. Rjett eins og ef einhver flokkur tæki sjer fyrir að halda því fram, að bestur herbergis-hiti sje 100 stig. Þá myndi rísa upp annar flokkur og staðhæfa, að heilnæmast væri 40 stiga frost eða svo. En svo þegar einn kemur fram og segir, að 17 stiga hiti sje það hæfilega, þá er hann skammaður fyrir að vera ekki heill í málinu, skammaður fyrir að ganga inn á samninga og málajöfnun í sínum tillögum. Þetta er ákaflega algengur hlutur, og jeg veit, að þessi öfgakenda áhersla á að hafa annaðhvort alt eða ekkert, hún stendur oft talsvert vel að vígi í allri „agitation". En jeg hefi valið mjer það hlutskifti að njóta ekki þeirra kosta, sem öfgarnar hafa í almennum deilum, heldur verið sanngjarn, þar sem jeg vil, að latínu megi kenna að svo miklu leyti, sem má kalla hana gagnfræði, að svo miklu leyti, sem hún er stuðningur við önnur tungumál, og til nægilegs undirbúnings til þess að skilja latnesk hugtök og yfirleitt margt það, sem nútímamenningin hefir erft og mun ávalt geyma. Því er ekkert undarlegt, þótt jeg sætti mig við þá latínukenslu, sem nú er. Jeg mun ekki óska nú um stund, að úr henni verði dregið, en jeg mun standa á móti því, að hún verði aukin.

Hæstv. forsrh. (JM) taldi óheppilegt af mjer að minnast á Englendinga í sambandi við uppeldismálin. Jeg nefndi þá í sambandi við hið merkilega skólalíf í sumum hinum bestu ensku skólum. Að vísu er það rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði, að Englendingar hafa töluvert latínunám. En þó er það svo, að latínan lifir þar fremur í skólunum en í daglega lífinu. Latínan er að síga burt úr þjóðlífinu, en heldur sjer enn nokkuð í skólunum. En það kemur bráðlega að því, að það fer líka að sverfa undan

henni þar. Að svo miklu leyti sem jeg hefi fylgst með enskum blöðum og bókmentum, fæ jeg ekki betur sjeð en að háværar raddir sjeu uppi á Englandi um það, að hinn forni andi og gagnsemi latínunnar sje að hverfa og sje lítið eftir nú annað en málfræðistagl. Jeg hefi heyrt, að Gladstone hafi verið einn síðasti „klassiski" maðurinn í Parliamentinu. Fyrir hans daga úði og grúði af latneskum glósum og tilvitnunum, en nú kvað slíkt svo að segja aldrei heyrast. Að vísu er það einn ágætur íhaldsmaður, Baldwin, sem kvað eiga til að vitna í latínu. En sjálfur Lloyd George, sem er framsóknarmaður, gerir það aldrei, og er víst ekki færari latínumaður en Jón Arason. (**KlJ:** Hann var ekkert slæmur í latínu). Þá er Lloyd George verri.

Það er svo um sumt í ensku þjóðlífi, að það hefir staðið kyrt í straumi tímans. En um latínuna er það að segja, að það er þegar farið að sverfa að henni og ekki langt að bíða þess, að mjög dragi úr því valdi, sem hún enn hefir í landinu.

Hæstv. forsrh. (JM) mintist meðal annars á, að háskólamentunin væri annars kyns en gagnfræðamentunin. Þetta get jeg að mörgu leyti játað. En jeg vil bæta því við, að eftir því, sem jeg þekki háskóla okkar, þá er hann alt of líkur gagnfræðaskóla, og hvað snertir umbætur á kenslu í honum, þá mun jeg rjetta þessum mönnum höndina. Því ennþá mun beitt þar gamla lexíulærdóminum. En í guðfræðideild stendur að minsta kosti vel á að fara yfir mikið, án þess að skifta því í lexíur, og heimta svo eitt heildarpróf. En með því fyrirkomulagi, sem nú er, er guðfræðideildinni skift í eins margar deildir og námsgreinarnar eru margar.

Jeg held því, að aðalatriðið til að efla þroska og eftirtektargáfu nemendanna sje ekki námsgreinarnar, heldur aðferðin, sem beitt er við kensluna.

Þá vildi hæstv. forsrh. (JM) draga úr og jafnvel andmæla fullkomlega því, sem jeg hafði eftir rektor mentaskólans, að engin von væri til, að aðsóknin að skólanum myndi minka, þó að frv. þetta yrði samþykt. En þetta held jeg að sje rjett, því að samkvæmt frv. þessu er aðgangurinn að skólanum að minsta kosti jafngreiður, ef ekki greiðari en hann er nú, þar sem slept er prófi í sumum námsgreinum, sem nú er heimtað próf í. Eftir þessu er því auðsætt, að aðgangurinn að skólanum verður jafngreiður og áður, og jeg tala ekki um, þegar latínunni, þessum Kína-lífs-elexír rökrjettra hugsana verður bætt við. Því hafi hún ekki þau áhrif, að verka sem aðdráttarafl fyrir skólann, á hún ekki lofið skilið.

Meðal annara ástæðna fyrir því, að ekki er hægt að taka latínuna upp, sem aðalgrein í skólanum, er sú, að almennings-álitið er ekki með henni. Það er henni mótsnúið. Og það hafði ekki litla þýðingu, þegar verið var að mikla veldi hennar þar, að blöðin, almenningsálitið, stóð gegn henni þá eins og raunar enn.

Annars finst mjer ekki vel samrýmanlegt, að lofa latínuna í öðru orðinu, en í hinu að lýsa henni sem þeirri fuglahræðu, sem hindri alla aðsókn að skólanum. En eigi hún að verka þannig, verður að sýna hana strax við dyr skólans, sem jeg fyrir mitt leyti tel vafasamt, hvort rjett sje, vegna hinna fátækari manna, sem ekki hafa efni á að

veita börnum sínum dýra undirbúningskenslu.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að jeg með niðurlagsorðum síðustu ræðu minnar hefði grafið undan öllu því, sem jeg var búinn að segja áður, þar sem jeg lagði aðaláhersluna á skólalífið. Hann sagði, að ef jeg vildi fá gott skólalíf, þá mætti jeg ekki vera á móti latínunni. En þetta er ekki rjett. Það, sem kemur fjöri í skólalífið, er ekki latínan, heldur íþróttir, leikfimi, umræðufundir o. fl. þesshættar, sem jafnframt veita nemendunum hinn sanna þroska. En að innibyrgja nemendurna yfir mygluðum latínuskræðum, það er ekki til þess að lífga skólalífið, heldur hið gagnstæða. Hjer er því um tvær andstæður að ræða.

Þá sagði þessi háttv. þm., að í Svíþjóð væri 9 ára undirbúningstími undir háskólanámið, en hjer væri aðeins 6 ára undirbúningstími. En hjer gleymdi hann að bæta því við, að undirbúningsmentunin skiftist þar, þegar börnin eru 9—10 ára, og frá þeim tíma telur hann. Á móti þessu berst framsóknin þar. Þannig berjast Svíar fyrir því, sem við fengum fyrirhafnarlaust. Það væri því að snúa hlutunum við, að kasta frá okkur þeim kostum, sem við eigum, fyrir erlend gæði, sem viðurkent er, að þjóðirnar vilja losna við.

Þá gat hann þess, að jeg hefði sagt, að vel mætti flytja þýskuna niður í 3. bekk, og sneri sjer um leið að þeim kennaranum, sem hefir sagt, að vel mætti flytja latínuna niður í 3. bekk, og sagði jafnframt, að þetta sýndi veiluna í málstað okkar. En svo er ekki, þetta sýnir hið gagnstæða, og jafnframt hve þeirra óskifta höfuðósk hefir við lítil rök að styðjast.

Þá taldi hann mig hafa gert þeim upp skoðanir, sem þeim hefðu aldrei til hugar komið, og lagði mest upp úr, að jeg hefði sagt, að þeir hefðu talað um eðlismun á gagnfræðanámi og stúdentsnámi. En því talaði jeg um þetta, að einmitt á þennan eðlismun hefir aðaláherslan verið lögð á undanförnum þingum, og líka hjá milliþinganefndinni í skólamálunum. En úr því að flúið er úr því vígi líka, get jeg verið ánægður.

Þá var háttv. frsm. meiri hl. (MJ) með útreikninga um fjölda kennaranna, en sá útreikningur kom ekki alveg heim við það, sem jeg hafði frá rektor skólans. Rektor telur nú 10 fasta kennara með sömu launakjörum, og að bæta þurfi 7 kennurum við, ef frv. þetta verði að lögum. Við þetta bætist svo það, að hver kennari á að fá frí 10. hvert ár, Í stað þess þarf að bæta við sem svarar 2 kennurum. Verða þá alls 19 kennarar við skólann, 9, sem beinlínis verður að bæta við vegna þessarar breytingar á skólanum. (**MJ**: Jeg held, að rektor hafi aldrei sagt þetta.). Jú, víst hefir rektor sagt þetta, og þetta er hárrjett skýrsla, bygð á því, að sama aðsókn verði að skólanum eftir sem áður. Þetta vil jeg biðja þá háttv. þm., sem eru fylgismenn frv. að athuga. Að minsta kosti þá, sem altaf eru með sparsemina á vörunum.

Þá mintist hann á nafn skólans, og kvaðst geta fallist á, að því væri breytt, og vildi, að jeg kæmi með brtt. um það til 3. umr. En það mun jeg ekki gera. Mjer finst best, að þeir noti fánann sjálfir. Láti skólahúsið, bekkina og borðin, með latínu-skræðunum á, heita „lærða skólann“, því ekki kemur til, að nemendurnir verði lærðir, og skólinn geti þessvegna heitið lærði skólinn.

Þá talaði hann um, að jeg hefði notað

mikið orðið „Reaktion“. Átti hann þar við, að ekki væri altaf vitlaust að hverfa til þess gamla. Meðal annars nefndi hann dæmi af endurvakningarstefnu miðaldanna. Undir þetta get jeg tekið með honum. En þess ber að gæta, að vorir tímar hafa ekki eins mikla þörf að finna fornöldina, eins og miðaldirnar höfðu. Því að vorir tímar eiga þessi gæði. Það þýðir því ekkert að gera sig að eins konar Kólumbus að þessu leyti. Við þekkjum fornöldina og getum lesið rit hennar í þýðingum, og þurfum því ekki að nota latínuna að því er það snertir. Þessu veit jeg að háttv. frsm. meiri hl. (MJ) neitar ekki. Hann, sem telur eins tryggilegt fyrir kristindóminn að eiga bibliuna í þýðingum eins og á frummálinu.

Bernharð Stefánsson: Háttv. frsm. meiri hl. (MJ) var mjer sammála um, að ekki mætti útiloka menn frá námi fyrir það eitt, hvar þeir ættu heima á landinu. Og hann var ekki í vandræðum að finna ráð við því. Hann vísaði bara til þess, sem áður var, meðan skólinn var óskiftur. Það er óneitanlega handhæg leið, að vísa bara til þess, sem áður var, og býst jeg við, að flest mætti sanna með þesshättar röksemdafærslu. Það mætti með sömu rökum segja, að við þyrftum alls enga skóla, því að einu sinni voru þeir tímar, að enginn skóli var til, og það mætti eins vísa til þess tíma. Og einu sinni var aðeins einn lærður skóli til, og enginn annar skóli í landinu. Það mátti líka vísa til þess tíma og segja, að hafa mætti aðeins einn skóla, eins og forfeður okkar gerðu.

Þá taldi hann fleira, sem ætti að bæta úr þeim örðugleikum, sem þessi breyting mundi baka mörgum, þar á meðal að setja ætti upp heimavist við skólann. Á það er frekar hlustandi, því að það myndi bæta dálítið úr, En fullnægjandi er það ekki.

Í sambandi við það, sem hann sagði fyrst, benti hann á, að piltar gætu stundað nám hjá prestum eins og þeir hefðu gert áður. Eftir því heldur hann, að tímarnir hafi ekkert breytst. Jeg held aftur á móti, að hinar sömu ástæður, sem valda því, að heimilin geta ekki lengur annast barnafræðsluna, valdi því einnig, að prestarnir eigi erfitt með að hafa slika kenslu á hendi. Því að nú er sú tíð ekki lengur, að prestarnir, frekar en aðrir, hafi þjón á hverjum fingri.

Þá mintist hann á, að við gagnfræðaskólann á Akureyri mætti setja námsskeið, með tilsvarandi kenslu og væri í hinum lærða skóla, og að um þetta myndi koma brtt. til 3. umr.

Um þetta vissi jeg ekkert, er jeg talaði síðast. Hefi jeg því ekki til einskis spurt. Sýnir þetta, að nú eru fylgismenn þessa frv. farnir að sannfærast um, að ástæður þær, sem Norðlendingar færa fram, hafi töluvert við að styðjast.

Að sjálfsögðu verður námsskeið þetta betra en ekkert, en þó mundi það hafa sína galla, t. d. mundi það að öllum líkindum kosta nemendurna heilt ár, sem bættist við námstíma þeirra.

Þetta álít jeg æði mikinn galla, enda hygg jeg, ef athugaður væri námsferill manna á löngum tíma, að það mundi sýnt, að Norðlendingum væri síst þörf á lengri námstíma en öðrum. Gæti jafnvel hugsað mjer, að það yrði öfugt. Og þó þetta námsskeið yrði sett á stofn, þá þyrftu þeir, sem sækja skólann hjer, að ganga undir inntökupróf hjá óþektum kennurum í óþektum skóla, og ekki ósennilegt, að þessum aðkomumönnum

yrði að einhverju leyti gert erfiðara fyrir um inntöku í skólann heldur en hinum. Þetta munu allir játa, sem í skóla hafa gengið, að getur verið óþægilegt. Og þar sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) gat þess sjerstaklega, að hann hefði lesið utanskóla í æsku, trúi jeg ekki öðru en að hann hafi einhverntíma orðið var við óþægindi í þessu efni.

Niðurstaða mín er því sú, að þrátt fyrir þetta, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) hafði góð orð um, að bætt yrði fyrir Norðlendinugm með brtt., þá nægir mjer það ekki, og get jeg því ekki gengið að því, að greiða atkvæði með frv. þess vegna. Öðru máli væri að gegna, ef um það væri að ræða, að Akureyrarskólanum væri um leið breytt í lærðan skóla, sem útskrifaði stúdenta, þá væri ef til vill lítandi við frv. En eins og það liggur fyrir nú, verð jeg að vera á móti því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, BSv.

nei: JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB.

Tveir þm. (ÓTh, BJ) fjarstaddir.

2. gr. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ.

Tveir þm. (ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 141, 1. a samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ.

nei: BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, ÁJ, BSv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 141, 1. b samþ. með 16 : 1 atkv.

— 141, 1, c samþ. með 14 : 10 atkv.

3. gr., svo breytt, feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, BSv.

nei: HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 141, 2. a samþ. með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSv.

nei: JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, ÁÁ, BSt.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 141, 2. b samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 10 atkv.

Brtt. 141, 3. a samþ. með 14 : 5 atkv.

— 141, 3. b samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 10 atkv.

6. gr. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, BSv.

nei: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

7. gr. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, BSv.

nei: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ,

BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 141, 4. samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil mælast til, að hæstv. forseti (BSv) láti hætta atkvgr. Nú hafa þegar verið feld helstu ákvæði frv., en samkv. þingsköpum má ekki bera fram brtt., sem feldar hafa verið áður á sama þingi. Virðist mjer frv. hvorki fugl nje fiskur, eins og það er orðið nú á sig komið, og því ástæðulaust að toga lengur atkvæðin út úr deildarmönnum með nafnaköllum.

Forseti (BSv): Í strangasta skilningi hefir þessu stundum verið beitt um brtt. við fjárlög. En mjer skilst, að hægt sje að breyta frv. svo milli umr., að það sje fært að mestu í sitt fyrra form. Hinsvegar er hæstv. forsrh. (JM) ekki viðstaddur, en hann hefir borið frv. fram. En á meðan engar óskir koma fram um þetta frá rjettum aðiljum, sje jeg enga ástæðu til að hætta atkvgr.

Klemens Jónsson: Jeg verð að taka í sama strenginn og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að jeg álít meiningarlaust að halda atkvgr. áfram. Það er búið að fella helstu ákvæðin úr frv., sem nokkru máli skifta, svo jeg verð að álíta, að frv. sje þegar sjálffallið.

Forseti (BSv): Jeg verð að mótmæla þessum skilningi hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Frv. þarf ekki að teljast fallið, þó að sumar gr. þess hafi verið feldar. Það má lagfæra frv. áður en það fer út úr deildinni, ef því verður vísað til 3. umr. Verður því atkvgr. haldið áfram.

Brtt. 141, 5. a, samþ. án atkvgr.

— 141, 5. b samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JS, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ.

nei: JK, JÞ, JörB, MG, MT, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB.

Tveir þm. (KlJ, BSv) greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, BJ) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, BSv.

nei: JörB, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

10.—12. gr. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, BSv.

nei: HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 141, 6. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JAJ, JK, JS, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt.

nei: HStef, IngB, JakM, JBald, JÞ, JörB, MG, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, HK,

JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, BSv.
nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, IngB, JBald, JörB, MT.

Þrír þm. (ÁÁ, BL, KlJ) greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

14.—17. gr. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MT, PO, BSv.
nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv.
nei: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ,TrÞ, ÞorlJ.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Klemens Jónsson: Jeg hefi greitt atkvæði með fyrstu greinum þessa frv., en þar sem aðalgreinar þess hafa fallið, hlýt jeg að líta svo á, að frv. sje þar með alt fallið, samkv. gamalli þingvenju. Því hefi jeg neitað að greiða atkvæði um hinar síðari greinar, og mun gera svo enn.

Forseti (BSv): Þar eð 1. gr. frv. var samþ., var eigi, samkvæmt þingsköpum, hægt að fella frv. með því að fella aðrar einstakar greinar þess. Auk þess hefi jeg þegar spurt flytjendur frv., hvort þeir vildu halda áfram atkvgr., og hafa þeir játað því. Hlýt jeg því að líta svo á, að menn vilji lagfæra frv. við 3. umr., enda er það enganveginn ókleift. Verður því atkvgr. haldið áfram.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv.
nei: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

Einn þm. (KlJ) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Á 68. og 69. fundi í Nd., dagana 3. og 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 389, 427).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg óska þess, að þetta mál verði tekið af dagskrá.

Forseti (BSv): Þrír háttv. þm. hafa þegar kvatt sjer hljóðs, og hafa þeir fyrst og fremst leyfi til að tala um málið.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það virðist óviðkunnanlegt, þar sem hæstv. forsrh. (JM) er viðbundinn í hv. Ed. og getur ekki verið viðstaddur hjer, að umr. fari fram um þetta mál, og þar sem þessi ósk kemur fram frá meir hl. mentmn., þá sje jeg ekki neina ástæðu til að verða ekki við þeirri ósk, að taka málið af dagskrá.

Forseti (BSv): Þegar menn koma með kröfu um að taka málið af dag-

skrá og aðrir mæla á móti, þá verð jeg að heyra óskir fleiri manna og meta svo á mína rjettlætisvog, hvorir hafi meira til síns máls.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg sje enga ástæðu til þess, að málið verði tekið af dagskrá. Hjer hafa að vísu komið fram brtt., en í þeim er ekkert nýstárlegt. Þær eru aðeins tilraun til þess að stagla saman þær rifur, sem komu á frv. við 2. umr. Frsm. meiri hl. (MJ) hefir lýst því yfir oftlega, að málið þyrfti ekki mikilla umr., og best væri að það gengi sem umræðuminst gegnum þessa hv. deild. Jeg óska því, að málið verði ekki tekið af dagskrá.

Jakob Möller: Jeg sje enga ástæðu til þess að taka þetta mál af dagskrá, þó hæstv. forsrh. (JM) sje ekki viðstaddur þessa umr. Málið hefir verið rætt hjer svo oft áður, og svo held jeg, að hæstv. forsrh. (JM) muni hafa falið hv. 4. þm. Reykv. (MJ) málið algerlega á hendur, og ætti það að duga.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg mótmæli því algerlega, að mjer hafi verið falið þetta mál sjerstaklega. En það hefir verið föst venja, að forseti tæki mál út, hafi þess verið óskað af meiri hl. þeirrar nefndar, sem hlut á að málinu, án þess að frekari röksemdir fylgdu. En nú er það bersýnilegt, að forsrh. getur ekki verið við umr. Og þar sem nú meiri hl. nefndarinnar hefir óskað að fá málið tekið af dagskrá til þess að geta athugað það nánar, þá virðist mjer sjálfsagt að taka það til greina, og það því fremur, sem andmælin koma frá mönnum, sem eru eindregið á móti frv., og tilgangur þeirra aðeins sá, að drepa málið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að óska þess fyrir hönd stjórnarinnar, að málið verði tekið út, og það því fremur sem sá ráðherra, sem málið heyrir undir, er ekki viðlátinn. Vænti jeg fastlega, að hæstv. forseti verði við slíkri ósk, samkvæmt þingvenju.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Mín ósk í þessu máli er sú, að frv. verði ekki tekið af dagskrá, heldur rætt nú þegar. Og sú ósk er bygð á því, að jeg efast mjög um það, að hv. meiri hl. vilji fá frv. tekið út til þess að íhuga málið betur, og skil jeg heldur ekki, að hann hafi nokkuð nýtt fram að færa. Jeg mæli því eindregið á móti því, að frv. verði tekið af dagskrá.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að það er af mörgum litið svo á, að þetta mál sje í raun og veru fallið. Þannig lítur aldursforseti þingsins á þetta og ýmsir fleiri, að það sje verið að fara í kring um þingsköpin með því að flytja þessar brtt. fyrir hv. deild.

Forseti (BSv): Jeg mótmæli því, að þetta mál hafi verið fallið eftir þá atkvgr., sem fram fór um það við síðustu umr. En sökum þess, að jeg álít fá mál of vandlega huguð, og óskað hefir verið, að málið yrði tekið af dagskrá, þá mun jeg verða við þeirri ósk, og er málið því hjer með tekið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Friðun Þingvalla.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um friðun Þingvalla o. fl. (stjfrv., A. 136).

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi kynt sjer tillögur og álit Þingvallanefndar, og eins og stendur í greinargerð frv., þá er það að mestu tekið eftir frv. því, er nefndin samdi. Stjórnin gat þó eigi fallist á að leggja niður ábúð á jörðum í Þingvallasveitinni. Henni virtist eigi vera færð rök fyrir nauðsyn þess. En skyldi það koma í ljós, þá hefir þingið það í hendi sjer að leggja ábúð niður á þessum jörðum.

Jeg held, að tillögur nefndarinar sjeu hóflegar og gætilega og skynsamlega sje í málið farið. Jeg hefi ekki rætt mikið um þetta mál í þessari hv. deild, en í hv. Ed. hefi jeg áður látið í ljós skoðun mína um málið og haldið því fram, að nægilegt sje að friða það svæði, sem nefndin leggur til um, nefnilega svæðið milli gjánna upp að Ármannsfelli. Það gæti enn verið ástæða til þess að friða skóginn inn með Ármannsfelli og brekkuna hjá Hrafnagjá. En það má gjarnan bíða, því að kunnugir vita, að þótt skógurinn hafi ekki verið friðaður, þá hefir hann blómgast. Aðeins ríður á því, að hann sje ekki höggvinn illa. Og jeg hefi góða von um, að bændur í Þingvallasveit láti skógarvörð ráða skóghögginu framvegis, án lagasetningar þar um.

Kunnugir menn geta sjeð það, að Bolabás er ekki rjett settur á kortið, en mörgum mun þykja leiðinlegt, ef hann væri ekki innan hins friðaða svæðis. Á kortinu er hann mikið vestar en hann á að vera, og hann e r innan hins friðaða svæðis. Þá er og á kortinu kallaður Bolaás, en það mun vera rangt. Þar heitir Fjármúli, að því er jeg best veit.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni. Jeg vona, að hv. fjvn. taki að einhverju leyti til athugunar till. nefndarinnar um fjárframlög, þótt nefndin hafi ekki ætlast til þess, að þær kæmu til greina á þessu ári.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer þykir vænt um, að frv. um þetta efni er fram komið, því að ekki mun veita af tímanum til 1930, ef koma á í kring þeim lagfæringum á Þingvöllum, er nauðsynlegt má telja. Það var að vísu ætlun mín, þá er þál. var samþ. 1919, að meira yrði búið að gera nú en orðið er, en það má vel vera, að slíkt komi ekki að sök. Jeg er viss um það, að það verður best vegna hátíðahaldanna 1930, að prýða þann stað eftir föngum, og jeg býst við því, að skemtilegustu endurminningar útlendinga þeirra, er hingað koma, verði bundnar við þann stað. En það er ekki ástæða til þess nú, að fara frekar út í þetta. Jeg skýt þessu svona til nefndar þeirrar, er frv. fær til meðferðar.

Það er sjerstaklega eitt atriði frv., sem jeg vildi drepa á, og eru það ákvæði 7. gr. Samkvæmt þeirri grein er það ekki útilokað, að reisa megi einhverskonar byggingar í Þingvallakirkju landi, utan hins friðlýsta svæðis. Jeg lít svo á, að ekki sje vert að heimila byggingar á þessum stað, því að það getur orðið til skemda og haft áhrif til hins verra á svip Þingvalla og umhverfisins.

Menn eru ekki á eitt sáttir um það, hve stórt svæði eigi að friðlýsa, en mjer þykir of lítill sá reitur, sem ráð er fyrir gert í stjfrv., að friðlýstur sje. Þó geri jeg það ekki að ágreiningsatriði. Það er betra að hafa svæðið minna og alfriðað, heldur en stórt og hálffriðað.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, en vona, að hv. nefnd taki þessar bendingar til athugunar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki skilið, að það sje rjett hjá hv. 2. þm. Árn. (JörB), að banna að reisa sumarbústaði milli hins friðlýsta svæðis og Hrafnagjár, sje það bundið því skilyrði, að ríkisstjórnin veiti leyfi til þess með ráði Þingvallanefndar. Frá fegurðar eða sögulegu sjónarmiði er engin ástæða til þess að banna slíkar byggingar, því að þetta er langt fyrir utan þingstaðinn.

Þá talaði sami hv. þm. (JörB) um það, að hið fyrirhugaða friðlýsta svæði væri ekki nógu stórt, en mjer finst það alveg nógu stórt, nema hvað ástæða gæti verið til, að friða skógarbrekkuna hjá Hrafnagjá og skóginn inn með Ármannsfelli. Annars fer 7. gr. svo langt sem fært þykir nú sem stendur. Ábúendur hafa ef til vill rjett til þess nú, að leyfa byggingar, hver á sinni jörð, fyrir sinn ábúðartíma, en frv. á að girða fyrir þetta.

Jörundur Brynjólfsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Það var ekki aðalatriðið hjá mjer, að girða ætti víst svæði. Það er atriði, sem jeg tel ekki miklu máli skifta. En á hinu er jeg, að eigi beri að leyfa sumarbústaði. Leyfist mönnum að byggja úti í skógi, eða yfir höfuð á milli Almannagjár og Hrafnagjár, fyrir utan nauðsynleg hús fyrir jarðirnar, sem eru í ábúðum, þá gæti jeg trúað því, að það yrði til þess, að spilla fegurð staðarins og gróðri hans. Jeg er þessvegna á því, að eigi megi heimila neinum að byggja sumarbústaði í skóginum. Enda er það svo, að vilji menn dvelja á Þingvöllum, þá kemur þar sjálfsagt gott gistihús, þar sem menn geta dvalið eftir vild, er þá ekki þörf á að byggja sumarbústaði. Það er því síður heppilegt, að menn fái leyfi til þess að byggja sumarbústaði, þar sem búist er við, að landið leggi mikið fje í gistihús. Er þá áreiðanlegt, að gisthúsið fer á mis við miklar tekjur, ef menn geta fengið sjer bústað annarsstaðar, og tel jeg frá því sjónarmiði eigi heppilegt, að menn fái leyfi til að byggja sumarbústaði.

Hæstv. forsrh. (JM) taldi, að byggingar hefðu verið á Þingvöllum til forna. Nefndi hann í því sambandi hinar fornu búðir. Er það að vísu rjett, en gæta ber þó þess, að byggingarnar voru íbúðir þeirra manna, sem sinna þurftu þar nauðsynlegum störfum og áttu ekkert annað húsaskjól.

Viðvíkjandi því, að ábúendurnir á Þingvöllum og jörðunum þar í kring, Hrauntúni og Skógarkoti, hefðu leyfi til að heimila byggingar, þá vona jeg, að svo sje ekki, og þykist nú reyndar vita, að bændunum leiki alls ekki hugur á því, svo að það sje ekki að óttast, en ef þeir hafa rjett til þess, þá er það að kenna óvarkárni fyrverandi stjórnar, þegar Þingvallaprestakall var veitt og Hrauntún var bygt. Í þál., sem samþ. var á þingi 1919, stendur í 1. lið, að ef jarðirnar, bæði Þingvellir og Hrauntún, losnuðu úr ábúð, þá skulu þær byggjast

með sjerstöku skilyrði. En þessa skilyrðis var eigi gætt af fyrverandi stjórn, þegar þessar jarðir voru settar í ábúð áfram. En jeg vænti þess þó, þrátt fyrir þau mistök, sem orðið hafa á þessu, að hægt sje að meina ábúendum að gera miklar byggingar í landi sínu umfram það, sem þeir þurfa vegna búskapar síns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., daginn fyrir þinglausnir, var nefndaráliti útbýtt (A. 591).

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Einkasala á útfluttri síld.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (þmfrv., A. 45).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það virðist vera meiri hreyfing nú í ár en á undanförnum árum, að gefa síldarútveginum einhvern gaum. Ástæðan til þess virðist auðsæ; útgerðin gekk lakar nú en undanfarið, þ. e. a. s. ekki síldveiðin sjálf, heldur sala afurðanna. Það kom í ljós sá galli, að þegar of mikið veiðist, fellur varan í verði, verður ónýt, og fjöldi manna missir efni sín, og alt fer eftir þessu. Þó að þessi saga hafi margendurtekið sig, þá er það þó bara það árið, sem illa gengur, að þessi iðrunaralda gengur yfir. Menn hugsa ávalt, að betur slampist næst. Lengst gengu þessar iðrunarhugleiðingar 1921. Þá voru sett lög um þetta efni, en sá galli var á, að þau komu ekki að fullu haldi, vegna vansmíða, er á þeim urðu í meðferð þingsins.

Í þessu frv., sem jeg ber nú fram og ekki varð útrætt í fyrra, er bent á ákveðna leið til þess að komast fram úr verstu erfiðleikunum, en þeir eru: að koma síldinni út, þannig að komið sje í veg fyrir það ólag, sem nú er á síldarsölunni. Er fjöldamargir útgerðarmenn bjóða hana út á sama tíma, fer auðvitað svo, að verðið fellur á síldinni; erlendu kaupmennirnir láta sjer hægara um kaup, þegar tilboðin koma til þeirra úr öllum áttum. Væri lögboðin einkasala á síldinni, þá væri hægt að veita því inn á markaðinn í einu, sem hann þyldi, og með því væri hægt að koma í veg fyrir það, að óeðlilegar sveiflur kæmist á verðið. Þá fengist og fje til að leita nýrra markaða. Það er hart, að ekki skuli vera hægt að koma út jafnágætri vöru og síldin er, vegna þess, hve lítið er gert til þess að afla nýrra markaða. Reynslan hefir sýnt, að útgerðarmennirnir eru ekki færir um að leggja fje til markaðsleita af sjálfsdáðum. Það er vel skiljanlegt, því að það kostar mikið fje. Og þó að einn og einn bauki sjer, er ekki að búast við, að árangur verði eins góður og ef þetta væri skiplagsbundið undir einni stjórn. Jeg held, að eina ráðið til þess að gera síldaratvinnuveginn tryggan, sje það, að ríkið taki að sjer einkasölu á síldinni. Jeg veit, að margir trúa á sömu lausn með samvinnu útgerðarmannanna. En reynslan hefir sýnt, að þeir geta aldrei komið sjer saman. Það hefir verið margt ritað um þetta á síðari árum. Pjetur A. Ólafsson, sem er vel kunnugum þessum

málum, hefir ekki mikla trú á að útgerðarmennirnir geti komið sjer saman. — Það er eins og vant er, einhver heldur, að hann viti betur eða geti betur en hinir, og svo springur alt. Eina ráðið til að komast fram úr þessu, er að lögbjóða það, að ríkið hafi einkasölu á síldinni. Hjer hefir nú mikið verið deilt um einkasölur, en jeg ætla ekki að fara að rifja upp þá hlið þessa máls.

Jeg legg til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JörB, MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, MG, ÓTh, PO, ÞórJ, ÁJ, BL.

Fimm þm. (BJ, BSt, IngB, KlJ, MJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 65., 66., 68. og 69. fundi í Nd., dagana 29. og 30. apríl og 3. og 4. maí var frv. tekið til 2. u m r. (A. 45, n. 422 og 423).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Þó að svo sje, að annað frv., sem snertir sama mál, sje komið jafnlangt og mitt, þykir mjer hlýða að fara nokkrum orðum um það við þessa aðalumræðu málsins. Við fyrstu umr. síldarfrv., sem afgr. var til 3. umr. fyrir fundarhljeið, var gerð nokkur grein fyrir því, hvernig þetta mál liggur fyrir. Málið hefir altaf beðið úrlausnar, frá því 1920, síðan Síldveiðafjelag Íslands sendi erindi til þingsins og bað um löggjöf um þetta.

Síðan hefir sú stefna verið uppi hjá mörgum, að fá sett einhver lagafyrirmæli um þetta. Aðrir hafa viljað, að allir hefðu frjálsar hendur um þetta, jafnvel þó að heilli ársframleiðslu væri þar með stofnað í voða, og bæði verkamenn og útgerðarmenn bæru skarðan hlut frá borði.

Aðalmunurinn er sá, á mínu frv. og hinu, að í mínu frv. er málið tekið sterkari tökum. Mótbárur hafa komið fram og munu koma, hvort frv. sem verður samþ., og þær mundu skella á ríkisstj., ef mitt frv. verður að lögum, en annars á þeim hring, sem hæstv. stjórn mundi veita heimild til að fara með síldarsölu. Og jeg ætla að skjóta því til hv. þm., hvort þeim finnist ekki líklegt, að mótmæli frá erlendum þjóðum muni frekar koma fram, ef salan er hjá lögverndaðum hring fárra manna, heldur en ef hún er hjá ríkinu sjálfu. Þetta ætti að verða auðveldara fyrir ríkið en einstaka menn, vegna þess að fyrirkomulagið felur það í sjer, að hinir stærstu útgerðarmenn geta ráðið, hverjir eru í stjórn fjelagsins, en það mundi einmitt leiða af sjer mótbárur.

Mjer finst þetta fjelag hafa á sjer töluverðan hlutafjelags blæ. Fáir menn, sem flytja út mikla síld, geta ráðið fjelaginu, og er þá hætt við, að þeir stýri því sjer í hag. Alt verkafólkið, sem vinnur við þetta, á líka mikið á hættu, ef illa fer. Og það gæti farið svo, að þessi fámenni hringur kæmi í veg fyrir, að hinir smærri atvinnurekendur gætu stundað síldveiði. — Þetta væri útilokað eftir mínu frv. Jeg geri ráð fyrir, að með því fyrirkomulagi yrði tekið

tillit til allra aðilja. Í annari grein er ákvæði um það, að stjórnin geti skipað einn mann eða fleiri, og þeir mundu sennilega verði fleiri, til þess að sjá um sölu og útflutning síldarinnar. Einnig mundi hún verða að hafa mann utanlands, til þess að sjá um sölu þar og útvega nýja markaði. Í frv., sem afgreitt var áðan til 3. umr., er þetta atriði tekið með, en það er líka í mínu frv.

Þessir kostir, sem mitt frv. hefir fram yfir hitt, gera það að verkum, að jeg álít, að það ætti heldur að ná fram að ganga.

Jeg skal játa það, að sum atriði, sem hafa valdið nokkrum deilum, svo sem um það, að takmarka veiðina o. s. frv. eru ekki tekin upp í mitt frv. En það væri auðvelt að koma því að, ef frv. væri lagt til grundallar í þessu máli, og mætti þá ákveða það með reglugerð.

Það eru til menn, sem vilja ganga lengra en gert er í frv. á þskj. 45, og álíta, að ríkið eigi að taka í sínar hendur ekki aðeins útflutning síldarinnar, heldur einnig síldarafurða, sem sje, að ríkið starfræki einnig síldarverksmiðjurnar. Ákvæði um þetta eru ekki í frv., en það er ekkert því til fyrirstöðu, að þau gætu síðar komist inn undir þessi lög. Jeg hugsa, að það þyki ekki tiltækilegt nú, að ríkið taki þannig alt í sínar hendur í einu, því að til þess mundi þurfa mikið fje. Hitt gæti verið, að svo gæti farið, þegar tímar líða, ef þingið sæi sjer fært að veita fje til þess.

Mjer er sagt, að sumar af þessum verksmiðjum hjer hafi ekki nýtísku vjelar, og framleiði því ekki eins góða vöru, eins og hún gæti orðið. Það væri ef til vill óheppilegt, að ríkið tæki að sjer gamlar verksmiðjur, með ófullkomnum vjelum, og betra að setja upp nýjar verksmiðjur, sem settar væru á hentugustu stáði, til að vinna úr þeirri síld, sem ekki er söltuð til útflutnings; og virðist þá Siglufjörður vera einhver hentugasti staðurinn. Þó að jeg hafi ekki sett ákvæði um þetta inn í mitt frv., þá er það af því, að jeg lít svo á, að það mundi ekki fá byr nú, að leggja fram fje í þessu skyni. Hinsvegar er jeg alveg sammála þeim mörgu, sem álíta, að rjett væri að ganga svo langt. Eftir frv. mínu eru það aðeins 2% af söluverði síldarinnar, sem eiga að renna í ríkissjóð, og ekki annað útflutningsgjald á síld, og er svo til ætlast, að 50% af því sje varið til að leita nýrra markaða. Hvað þetta ákvæði snertir, þá held jeg ekki svo fast við þessi 2%, að jeg geti ekki gengið inn á að hafa það hærra, því að það getur kostað mikið að útvega nýja markaði. Þetta eru alt atriði, sem auðvelt er að breyta. Hinu tel jeg ekki rjett að víkja frá, sem er höfuðmunurinn á frv. mínu og hinu, að það sje ríkið, sem framkvæmir þetta, ekki fyrir ríkisins reikning, heldur í umboðssölu, og greiði ekki síldina jafnóðum og hún er afhent, heldur þegar hún er seld, og þá meðalverð fyrir hana, eins og fyrir er mælt í 6. gr. þessa frv. Jeg veit ekki, hvort það er rjett af mjer að leggja frv. undir hnífinn nú. Jeg ætla að sjá, hverju fram vindur um umræðurnar, og mun þá, ef jeg sje ástæðu til, koma fram með einhver tilmæli til hæstv. forseta, áður en gengið er til atkv.

Jakob Möller: Mjer finst nú, úr því að komið er inn á þessa braut, þá sje það í sjálfu sjer miklu rjettara að halla sjer að þessu frv. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) heldur en frv. hv. sjútvn.

Það er viðurkent af fríverslunarmönnum, að það geti verið rjett, að ríkið taki einkasölu á því, sem einokað er af einstökum mönnum, vegna þess að hættara er við misbeiting á aðstöðu hjá einstökum mönnum en hjá ríkinu. Það ætti að minsta kosti að vera betur trygt, ef ríkið færi með þetta, að mikil mistök eigi sjer ekki stað. Mjer skilst, að þar sem um tvær leiðir er að velja, að ríkið taki þetta að sjer, eða að myndaður sje lögverndaður hringur, þá væri seinni leiðin tvöfalt brot á lögmáli frjálsrar verslunar. Þetta er tvöfalt brot af því, að það er einokun, í stað þess að vera frjálst. Og auk heldur einokun einstakra manna, sem ætti þó fremur að vera í höndum ríkisstjórnarinnar, — ef einokun á að hafa á annað borð. Af þessum ástæðum virðist mjer í sjálfu sjer þessi leið aðgengilegri heldur en hin, sem meiri hl. sjútvn. hefir tekið. — En að öðru leyti get jeg ekki fallist á það, að þetta frv. hafi yfirburði fram yfir hitt. Það er ekki fyrirbygt, að fáir menn geti náð tökum á síldarsölunni og skamtað verðið eftir sínu höfði. Og hjer fylgja sömu erfiðleikar fyrir framleiðsluna hvað það snertir að fá fje til þess að stunda veiðarnar, úr því menn geta ekki haft samband við erlenda síldarkaupmenn um fyrirfram sölu. Því eins og kunnugt er, þá kemur megnið af rekstrarfje til síldveiðanna frá Noregi og Svíþjóð. Bankarnir hjer munu veita mjög lítil lán til þessa atvinnureksturs, nema þá einstaka manni, sem þeir hafa treyst mjög vel og boðið hafa miklar tryggingar. Báðir þessir ókostir frv. hv. meiri hl. sjútvn. fylgja því einnig þessu frv. Að vísu er það hjer fyrirbygt, að einstakir menn í fjelagi, sem ætla að flytja út síld, geti misbeitt aðstöðu sinni hvað sjálfan útflutninginn snertir. En það fyrirbyggir ekki, að einstakir menn geti skapað sjer aðstöðu, sem þeir geti misbeitt. Og vitanlega hefir þetta frv. sömu þýðingu og hitt, hvað það snertir, ef útlendingar, sem náð hafa tökum á útflutningi síldarinnar, þykjast verða hart úti. Gagnvart slíku verður að taka til sömu ráða hvort fyrirkomulagið sem tekið verður. En sem sagt, ef á að taka þann sið upp að koma síldinni í einkasölu, þá er þetta líklegri leið heldur en hin, sem samþ. var hjer áðan. Jeg býst því við að greiða atkv. með þessu frv., að minsta kosti til 3. umr.

Jeg hygg það rjett vera, sem hv. flm. (JBald) gat um, að ef á að hafa einkasölu á síld yfirleitt, getur hún ekki náð tilgangi sínum meðan síldarbræðslan er frjáls, og því hlýtur þetta að draga þann dilk á eftir sjer, að hún verði líka einokuð. En yfirleitt er jeg mótfallinn þessari stefnu og tel enga von til þess, að hún bæti úr ástandinu eins og það er, heldur óttast jeg, eins og jeg tók fram í umr. um það mál, sem var hjer á dagskrá næst á undan, að það geti teflt þessum atvinnuvegi í enn meiri tvísýnu. Og það er leiðinleg gjaldþrotsyfirlýsing hjá flytjendum þessa máls, að vilja grípa til slíkra úrræða. Því mjer finst, að þeir, sem stunda þessa atvinnu, gætu reynt að útvega nýja markaði með frjálsum samtökum, en sannleikurinn er sá, að þetta hefir ekki verið reynt og virðist ekki einu sinn hafa verið rannsakað, hvaða verð mundi vera hægt að fá annarsstaðar en á Norðurlöndum, þótt vitanlegt sje, að síld sje notuð víða annarsstaðar og það í nágrannalöndum. En það mikla tap, sem þessi atvinnurekstur hefir beðið, hvað eftir annað,

stafar oft af því, að menn hafa ætlað sjer að skrúfa verðið miklu hærra upp heldur en þurfti til þess að geta þó sloppið sæmilega frá sölunni. Og þrátt fyrir yfirlýsingar hv. meiri hl. í þessu máli, að útflutningsfjelagið eigi ekki að vera neinn okurhringur gagnvart neytendum, þá bendir reynslan þó í þá átt, að ekki muni látin ónotuð sú aðstaða, sem hægt verður að ná á erlendum markaði.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Jónsson): Jeg skal aðeins lýsa því yfir, að eins og þskj. 422 ber með sjer, þá er það till. meiri hl. sjútvn., að þetta frv. gangi ekki fram, og er það í fullu samræmi við atkvgr. um það mál, sem afgreitt var hjer næst á undan. Jeg sje ekki ástæðu til þess að ræða málið. Það segir sig sjálft, að ekki verði bæði þessi síldarsölufrv. samþ., og þegar fengið er nóg atkvæðamagn með hinu, þá er auðsjeð, hvernig forlög þessa frv. verða, ef það kemur hjer undir atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg get tekið það þessu frv. til gildis, er hv. 3. þm. Reykv. (JakM) lýsti því yfir, að það væri rjettari leið, ef til einkasölu kæmi, að ríkið hefði hana með höndum, heldur en einstakir menn. En þó hv. þm. (JakM) segðist ekki að öðru leyti geta fallist á frv., þá er hann mjer sammála um þetta. Það hlýtur líka að vera, þegar um tvö frv. er að ræða, er fjalla um sama efni, og þar sem framkvæmdin er hugsuð á svipaðan hátt, þá er eðlilegt, að taka heldur það, sem í meginatriðinu er betra.

Hv. þm. (JakM) var með aðfinslur við þetta frv., sem að miklu leyti voru þær sömu og hann færði fram í dag gegn fr. hv. meiri hl. sjútvn. Þar á meðal þetta, að mönnum yrði örðugra að afla sjer rekstursfjár, þegar einkasalan er komin á. En til þess er því að svara, að þegar fullljóst er orðið, að skipulagi á að koma á þennan atvinnuveg, þá er líklegt, að auðfengnari verði lán hjá bönkunum fyrir þá menn, sem gera út á síld, einkum fyrir þá menn, sem út hafa gert árum saman og fengið hafa reynslu. Og þetta gildir að vísu bæði frv. En jeg verð samt að telja það betur trygt eftir mínu frv. en hinu. Þannig munu margir menn, sem fengið hafa lánsfje frá útlöndum og þar með bundið allmikið af framleiðslu sinni fyrir ákveðið verð, og þannig nálgast allmjög beina leppmensku — þeir menn munu, ef ríkið tekur einkasöluna á síldinni, verða að leita til lánsstofnana til að fá fje til rekstursins.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti í lok ræðu sinnar á aðalmeinið í síldarsölumálinu hingað til, sem er það, að menn hafa spent bogann of hátt, ætlað að stórgræða, en af því hefir leitt hrun og stórtap. Þetta er mesta meinið, og jeg held, að úr því verði alls ekki bætt nema með skipulagi. Og úr því hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir komið auga á þetta, þá ætti hann líka að fylgja þessu frv., sem einmitt er framborið í þeim tilgangi að koma á slíku skipulagi. Hann játaði að vísu, að hann mundi greiða því atkv. til 3. umr., en skildist þó, að hann mundi greiða atkv. á móti því út úr deildinni. Mjer þykir nú ekki líklegt, eftir atkvgr. um frv. sjútvn., að til þess komi, og samkvæmt ræðu hv. frsm. sjútvn. (SigurjJ) þá mun ekki þýða að halda áfram þessu máli jafnframt hinu. Jeg vil því beina því til hæstv. forseta, að hann taki málið af

dagskrá og fresti umr. Það getur sem sje verið, að frv. um sölu á síld o. fl. verði felt við 3. umr., og þá getur verið gott fyrir þá, sem hafa áhuga á því að koma skipulagi á síldarsöluna, að þeir geti gripið til þessa frv., ef svo færi. Því það er sýnilegt, að menn, sem eru á móti frv. sjútvn., gætu heldur fylgt frv. minu, svo það gangi fram, ef hitt fellur.

Umr. frestað, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

4. Fátækralagabreyting.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 70).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta er ein af þeim tillögum, sem jeg hefi borið fram áður viðvíkjandi fátækralögunum. Eina bar jeg fram fyrir nokkrum dögum, sem því miður var feld. Nú hefi jeg stungið upp á, að þeir menn, sem þiggja verða af sveit sökum ómegðar, verði ekki sviftir rjettindum þessvegna. Og ef nokkuð má marka það, sem hv. þm. hafa sagt áður um þetta mál, ætti frv. þetta að hafa mikið fylgi.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að hæstv. atvrh. (MG) átti sinn hlut í því, að orða frv. þetta, áður en það kom fyrir þingið 1924. Vænti jeg því stuðnings hans, og þá um leið stuðningsmanna hans, til þess að koma þessu sanngjarna máli gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JBald, JK, JörB, KlJ, BSv.

nei: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, HK, JAJ, JS, JÞ.

Tveir þm. (BJ, IngB) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 14 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Mentaskóli Norður- og Austurlands.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri (þmfrv., A. 99).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg býst ekki við að þurfa að tala mjög lengi, vegna þess að þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefir áður legið fyrir Alþingi og þá verið um það rætt, og auk þess hafa þau rök, sem mæla með þessu máli, komið fram í ritum, og geri jeg ráð fyrir, að þær ritgerðir hafi flestir hv. þm. lesið. En þó eru nokkur atriði

viðvíkjandi málinu, sem jeg þykist þurfa að benda á.

Er þá í fyrsta lagi, eins og öllum er kunnugt, að hjer voru um langan aldur tveir lærðir skólar, nefnilega við biskupsstólana báða, að Hólum og Skálholti. Þessu var breytt um aldamótin 1800, þannig, að þessir skólar voru sameinaðir; en sú ráðstöfun var ein af þeim mörgu breytingum, sem þá voru gerðar. Þá voru lagðar niður gamlar þjóðlegar stofnanir, biskupsstólarnir fornu lagðir niður og Alþingi afnumið. Eins og allir vita, voru þessar ráðstafanir gjörðar af útlendri auðvaldsstjórn, án þess að þjóðin væri kvödd til þeirra mála, og þó að ekki liggi mikil gögn fyrir í því efni, þá hygg jeg þó óhætt að segja, að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar gegn vilja þjóðarinnar, að svo miklu leyti, sem þá gat verið um nokkurn þjóðarvilja að ræða.

Hvað skólana snertir, þá var það að vísu svo, að íbúar Skálholtsstiftis hins forna gátu nokkurnveginn við unað, því að þótt skóli þeirra væri færður, þá var hann þó hjá þeim eftir sem áður og komst í allgott horf, einkum eftir að hann var fluttur til Bessastaða. En um Norðlendinga var alt öðru máli að gegna, þar var skólinn lagður niður þvert á móti þeirra eigin vilja. Með andlegri og efnalegri viðreisn þjóðarinnar á öldinni sem leið hófu svo Norðlendingar aftur baráttu fyrir því að fá skóla á Norðurlandi, sem kæmi í staðinn fyrir Hólaskóla hinn forna. Veit jeg vel, að það voru skiftar skoðanir um það, hvernig sá skóli ætti að vera, og að það voru ekki allir, sem heimtuðu beinlínis lærðan skóla, en kröfurnar um skólann bygðust þó að nokkru leyti á því, að Norðlendingar hefðu þennan sögulega rjett til þess að fá hann, sem bætur fyrir Hólaskóla hinn forna. Eftir að Alþingi fjekk löggjafarvald og fjárforræði, þá leið ekki á löngu þangað til að það tók þessa kröfu Norðlendinga til greina að nokkru leyti, með því að Möðruvallaskóli var stofnaður árið 1880. Með stofnun Möðruvallaskólans var grundvöllur lagður að skóla á Norðurlandi, sem væri arftaki Hólaskóla.

Síðan að Möðruvallaskólinn var stofnaður eru nú nærri því 50 ár, og á þessu tímabili hafa orðið tveir allmerkir atburðir í sögu skólans, einskonar tímamót í þróun hans. Fyrri tímamótin eru árið 1904, þegar skólabreytingin var gerð, og gagnfræðaskólinn komst í beint samband við lærða skólann, svo að þeir, sem tóku próf fyrir norðan, gátu komist inn í lærdómsdeildina. Með þessari breytingu er ekki hægt annað að segja en að hann sje orðinn einskonar vísir að lærðum skóla. Síðari tímamótin, sem jeg vildi benda á, og þar sem skref í sömu átt var stigið lengra, var, þegar þessi hv. deild bar gæfu til þess að samþykkja framhaldsnám við gagnfræðaskólann, og nú er svo komið, að það er ekki nema eitt spor óstigið, til þess að ná takmarkinu til fulls, til þess að Norðlendingar fái fullar bætur fyrir Hólaskóla hinn forna. Og þetta frv., sem jeg hefi leyft mjer að flytja, fer fram á það, að þetta spor verði nú stigið.

Jeg fyrir mitt leyti hefði getað unað því, að við svo búið stæði, sem nú er, enn um sinn, og svo mun vera um fleiri Norðlendinga. Jeg hefði getað látið mjer nægja það samband, sem nú er milli mentaskólans og gagnfræðaskólans á Akureyri, með því framhaldsnámi, sem nú er við þann skóla. Hitt get jeg ekki

unað við, að þau rjettindi, sem skóli okkar Norðlendinga hefir fengið, verði af honum tekin, en tillaga um það liggur nú beinlínis fyrir. Fyrir þessu háa Alþingi liggur nú frv. um lærða skólann í Reykjavík, og verði það frv. að lögum, þá er um leið slitið sambandi því, sem verið hefir á milli gagnfræðaskólans á Akureyri og mentaskólans í Reykjavík. Þá get jeg ekki annað sjeð en að gagnfræðaskólinn gangi aftur á bak, þá verða þessi tvö skref, sem hafa verið stigin upp á við að því takmarki, sem hann keppir að, sama sem óstigin, hann hefði þá engu meiri rjett en Möðruvallaskólinn gamli, með öðrum orðum: hann yrði þá, hvað rjettindi snertir, settur alveg á sama stað og árið 1880. Öllum fátækum mönnum á Norður- og Austurlandi yrði þá svo að segja gert ókleift að stunda æðra nám. Veit jeg að vísu, að því mundi verða haldið fram, að þetta yrði hægt eftir sem áður, en jeg hygg, að það yrði samt sem áður ekki gert að senda 12—13 ára gömul börn norðan af landi hjer í lærða skólann. Það er svo um það, sem menn eru orðnir vanir við, að það er ekki til neins að segja: Þetta höfðu ekki forfeður ykkar, þið getið komist af án þess eins og þeir. Þegar menn hafa notið einhverra þæginda, og eru svo sviftir þeim alt í einu, þá standa þeir miklu ver að vígi heldur en ef þeir hefðu aldrei notið þeirra. Ef þetta frv. um lærða skólann, sem hjer liggur fyrir, verður samþykt, þá álít jeg, að það sje engin leið að því að bæta Norðlendingum og Austfirðingum þann skaða og rjettindamissi, sem þeir verða fyrir, með öðru móti en því, að gefa Akureyrarskólanum rjett til að útskrifa stúdenta og gera hann þannig úr garði, að hann verði fær um að veita þá fræðslu, sem til þess þarf. Jeg hefi töluvert mikla ástæðu til þess að ætla, að þetta frv. um lærða skólann muni ná fram að ganga á þessu þingi, að minsta kosti er það sýnilegt, að það hefir miklu meira fylgi en í fyrra, t. d. lagði mentmn. Nd. í fyrra öll á móti því, að frv. gengi þá fram, en það mun bráðum sjást, að till. nefndarinnar nú ganga í aðra átt. Þetta frv. mitt um mentaskóla á Norðurlandi ber fyrst og fremst að skoða sem svar frá Norðlendingum við frv. um lærða skólann hjer, og enn fremur sem svar við þeirri afstöðu, sem meiri hl. mentmn. hefir tekið til þess frv., enda flutti jeg ekki þetta frv. fyr en mentmn. hafði tekið sína ákvörðun um frv. um lærða skólann.

Þó að jeg hafi nú farið fljótt yfir sögu, þykist jeg samt hafa sýnt fram á það, svo að ekki verði á móti mælt, að Norðlendingar eigi sögulegan rjett til að fá lærðan skóla hjá sjer. Jeg þykist líka hafa sýnt fram á það, þó að aðrir kunni að hafa gert það betur, að Norðlendingum og Austfirðingum er það líka nauðsynlegt af „praktiskum“ ástæðum að fá skóla á Akureyri, sem útskrifi stúdenta, ef sambandi því, sem nú er við lærða skólann, verður slitið. En auk þess tvenns, sem jeg hefi minst á, má benda á fjöldamargt annað, sem mælir með því, að heppilegra myndi í framtíðinni, að tveir lærðir skólar væru hjer á landi heldur en einn. En jeg skal ekki fara út í það nú, því að sú hlið málsins hefir einkum og sjerstaklega verið rædd hingað til, og því yrði það endurtekning að fara að ræða það. Þó vil jeg benda á eitt atriði, sem tveir síðustu skóla-

meistarar á Akureyri og aðrir mentamenn hafa lagt mikla áherslu á í skrifum sínum. Það er, að það muni verða til mikilla bóta fyrir háskólann okkar, ef mentaskólarnir yrðu tveir, að þangað mundu þá koma hæfari stúdentar, vegna þess, að samkeppnin milli skólanna, um að skila sem bestum nemendum frá sjer, myndi hafa holl og bætandi áhrif á skólalífið, þannig að hvor skólanna myndi leggja sig sem mest og best fram. Svo hefir líka verið bent á það, að Akureyri er ódýrari staður en Reykjavík, en auk þess má líka með töluvert miklum rjetti halda því fram, að Akureyri sje að ýmsu leyti hollari staður en Reykjavík.

Jeg veit vel, að tvent muni einkum haft á móti þessu frv., það fyrst, að samþykt þess muni leiða af sjer aukinn kostnað, og í öðru lagi, að það leiði af sjer aukinn stúdentafjölda, en það þykir mörgum ekki heppilegt og vilja jafnvel leita ráða til þess að fækka þeim, sem ganga þá leið. Út af þessu vil jeg segja það, að jeg segi ekkert um það beinlínis, hvort af þessu mundi leiða aukinn kostnað í reyndinni, en hitt er mjer ljóst, að það þ a r f ekki endilega að leiða af því neinn aukinn kostnað, það má framkvæma þetta þannig, að ekki leiði af því aukinn kostnað. Mentaskólanum hjer er nú margskift, og það þyrfti ekki annað en draga hann saman, þannig að báðir skólarnir yrðu í raun og veru ekki stærri en lærði skólinn myndi annars vera. Það getur vel verið, að stúdentar sjeu orðnir of margir í þessu landi, jeg skal ekkert segja um nema svo kunni að vera, og heldur ekki segja um, nema heppilegt kynni að vera að draga eitthvað úr því, að menn gengi þann veg. En hitt er mjer ljóst, að ef eitthvað er gert í því, þá má það ekki vera bygt á því að útiloka menn úr einstökum landshlutum, svo að ekki verði öðrum fært að ná stúdentsprófi en mönnum hjer í grend, og svo sonum og dætrum stórefnamanna út um land. Og jeg get bætt því við, að jeg þekki nokkra unglinga á Norðurlandi, sem eru svo vel gefnir, að jeg teldi það alveg sjálfsagt, að þeir gætu stundað nám, en veit, að það er engin leið að því, nema því að eins að þeir geti stundað nokkurn hluta af náminu fyrir norðan.

Þetta frv. mitt um mentaskóla á Norður- og Austurlandi er sniðið samkvæmt núverandi fyrirkomulagi skólanna; tvískiftingu í gagnfræðadeild og lærdómsdeild, en að þessu sinni ætla jeg ekkert að fara út í það, hvort fyrirkomulagið sje heppilegra, að hafa óskiftan lærðan skóla eða tvískiftan, eins og nú er. Umræður um það finst mjer mega bíða þar til frv. um lærða skólann í Reykjavík kemur hjer til 2. umr. En í þessu sambandi vil jeg slá því fram, að jeg get vel hugsað mjer, að heppilegast væri, ef um tvo skóla er að ræða á annað borð, að annar skólinn væri óskiftur lærður skóli, en hinn tvískiftur, eins og verið hefir; með því móti fengist ábyggileg reynsla um það, hvort fyrirkomulagið væri heppilegra, og jeg get ekki sjeð annað en að það væri vel mögulegt að hafa hjer óskiftan lærðan skóla, en fyrir norðan tvískiftan skóla.

Jeg vona, hvernig sem menn að öðru leyti líta á þetta mál, að hv. deild verði ekki svo æst gegn því, að hún lofi því ekki að fara til nefndar, og mjer finst rjett, að mentmn. fái að athuga þetta mál, og að hún þá athugi það dálítið í sambandi við þá ákvörðun, sem hún

þegar hefir tekið um lærða skólann. Jeg vil því enda mál mitt að sinni með þeirri till., að frv. sje vísað til mentmn. að umr. lokinni.

Björn Líndal: Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. flm. (BSt), sem jeg álít, að ekki megi dragast að mótmæla. Hv. flm. (BSt) gat þess, að gerst hefði einhver stórviðburður í sögu Akureyrarskólans á þinginu 1924, og nefndi það sem hliðstæðan viðburð við það, er sambandinu við mentaskólann var komið á. Þessu vil jeg fastlega mótmæla. Þá gerðist ekkert annað en það, að Alþingi heimilaði stjórninni að gera það, sem hún hafði leyft áður. Jeg hefi hjer till., og skal með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

„Neðri deild Alþigis ályktar að heimila að nota húsrúm og kenslukrafta gagnfræðaskólans á Akureyri, sem af kynni að ganga, ef bekkjum skólans yrði ekki tvískift, til að greiða götu fátækra og efnilegra nemenda úr skólanum við framhaldsnám, með því skilyrði, að sú breyting auki ekki útgjöld ríkissjóðs til skólans."

Hjer er, með öðrum orðum, ekkert verið að gera annað en það, sem stjórnin hefir heimild til að gera án þess að spyrja þingið nokkuð að, það er verið að veita leyfi til að nota húsrúmið, án þess að þrengja að þeirri kenslu, sem þar á að vera.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að fara að amast við því, að þetta frv. fái að ganga til 2. umr. og mentmn., og væri því kannske ekki bein ástæða til þess að vera að taka til máls, þó að þetta mál sje í fylsta máta efni til að ræða við 1. umr., en það er sjerstaklega eitt atriði í ræðu hv. flm. (BSt), sem mjer finst dálítið óþarft að vera að blanda hjer inn í, og það staðfestir þann grun, að í þessu skólamáli Akureyrar sje beitt „agitationum", sem ekki sjeu neitt fallegar. Það eru þessar dylgjur um, að skólavistin myndi vera öllu hollari þar en hjer í Reykjavík. Jeg veit ekki, hvað satt er í því, en jeg hefi heyrt, að það muni vera „agiterað" fyrir skólanum á Akureyri með því fyllirii og ólifnaði, sem piltarnir kæmust í hjer. Jeg er þessu að vísu ekki mjög kunnugur, en hygg þó, að hjer sje mestmegnis um ýkjur að ræða. Það hefir verið drykkjuskapur í skólanum hjer, þegar drykkjuskaparöld var á öllu landinu, og jeg held í raun og veru, að það sje mikill óþarfi að vera að nota þetta meðal í þessari baráttu. Hollasti staðurinn fyrir skólann verður sjálfsagt sá, sem gefur best skilyrði til mentunar. Jeg held, að það verði ekki hægt að dæma eftir öðru, og þó að Reykjavík kunni að hafa lítið að bjóða í því efni, þá held jeg, að hún hafi þó mest að bjóða af bæjum hjer á landi. Hvað það snertir, sem hv. flm. (BSt) sagði, að Akureyri væri ódýrari bær en Reykjavík, þá vil jeg geta þess, að hingað hafa borist tvö skjöl um það, hvort ódýrara væri að lifa á Akureyri eða í Reykjavík. Annað skjalið var um það, að koma upp skóla fyrir norðan. Þar var það náttúrlega fært til, að ódýrara væri fyrir nemendurna að lifa þar. En hitt var um, að það þyrfti að launa embættismenn eins hátt þar, og þá var fullyrt, að Akureyri væri alveg eins dýr staður og Reykjavík. Og hverju á svo að trúa? Það er jafndýrt að lifa þar, þegar á að launa embættismenn, en ódýrara, þegar um námsmenn er að ræða. Jeg held nú, að sannleikurinn sje

sá, að það sje dálitið dýrara að lifa í Reykjavík, einkum er húsaleiga hærri og innlendar afurðir dýrari. En mestu munar á því, að á Akureyri eru heimavistir fyrir nemendur, en hjer eru þær ekki komnar.

Annars er ástæða til að minnast á fleira í ræðu hv. flm. (BSt), t. d. þessi sögulegu rök, sem altaf er verið að bera fram, en sem ekki eru nein rök, eins og nú er komið. Það var alt öðru máli að gegna, þegar landinu var skift í 2 biskupsdæmi og lærðir skólar voru í landinu aðeins til þess að koma upp prestum. Þá var ósköp eðlilegt, að skólarnir væru tveir, hvor í sínu biskupsdæmi. Þessi ástæða er nú niður fallin, og nú er ekki annað eftir en metnaðurinn í þessu máli.

Einnig blandaði hv. flm. (BSt) inn í þetta mál því frv., sem nú liggur fyrir Nd., um lærða skólann í Reykjavík. Af tveim ástæðum hefir verið barist á móti því, að Reykjavíkurskólanum yrði breytt. Önnur ástæðan er sú, að skólinn sje með breytingunni færður í verra horf en hann áður var í. Hin ástæðan er hreppapólitisk og alveg óframbærileg, sem sje sú, að ekki megi gera það vegna Akureyrarskólans, án tillits til þess, hvort Reykjavíkurskólinn verði betri eða verri. En það er sjálfsagt að gera Akureyrarskólann þannig úr garði, að nemendur þaðan geti komist inn í lærða skólann hjer. Jón Ófeigsson mentaskólakennari hefir bent á leið til þess, sem vel mætti fara.

Það er alveg satt, að það er hart aðgöngu, að fátækir menn, en bráðvel gefnir, geti ekki notið náms vegna þess, að þeir hafa engan skóla heima hjá sjer. En mentaskóli á Akureyri mundi ekki bæta úr þessu, nema fyrir Akureyri sjálfa og bæina í kring. Hann mundi ekki bæta úr þessu fyrir Austurland eða Húnavatnssýslu eða Skagafjarðarsýslu. Þegar senda þarf nemendur alveg burt af heimili sínu, er sama hvort þeir fara nokkrum mílum lengra eða skemra að heiman.

Það, sem gerir það að verkum, að jeg get ekki fylgt þessu frv. áfram, er fyrst og fremst það, að jeg álít skóla á Akureyri óþarfan, nema fyrir Akureyri sjálfa, því að enginn hörgull er á embættismönnum, og eftir frv. um lærða skólann í Reykjavík batnar aðstaða nemenda hjer stórum, þegar heimavistir koma. Jeg álít mentaskóla á Akureyri jafnvel skaðlegan, ef hann yrði til þess að stúdentaframleiðsla yrði of mikil í landinu. Eða skyldu Eyfirðingar vilja missa gagnfræðaskólann? Ef mentaskóli verður settur á Akureyri, þá veitir ekki af gagnfræðaskólahúsinu fyrir þann skóla. En þó að neðri deild mentaskólans verði kölluð gagnfræðaskóli, þá er það bara nafnið tómt. En ef mönnum er sama um, þó að þeir missi gagnfræðaskólann, þá þeir um það.

Jeg skil ekki, hvað vakir fyrir háttv. flm. (BSt), þegar hann vill hafa Akureyrarskólann tvískiftan, ef hjer verði óskiftur lærður skóli. Jeg held, að sterkustu rökin fyrir tvískiftingunni hjer sje sambandið milli skólanna.

Jeg hefi ekkert á móti því, að mál þetta fari til nefndar, en jeg hefði álitið heppilegast, ef skólinn hjer verður óskiftur lærður skóli, að um leið yrði komið á á Akureyri námsskeiði, eins og Jón Ófeigsson hefir bent á, fyrir þá, sem vildu halda áfram við skólann hjer.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg þarf

ekki mörgu að svara þeim 2 hv. þm., sem hafa andmælt mjer. Hvað snertir hv. þm. Ak. (BL), mótmælti hann aðeins einu atriði í minni ræðu, nefnilega því, að það hefði verið merkisviðburður í sögu Akureyrarskólans, þegar þál. var samþykt í hitteðfyrra. Jeg vil ekki deila við hv. þm. (BL) um svona lítilfjörlegt atriði. Það kann að vera, að þingið hafi gert annað en að heimila stjórninni það, sem hún hafði áður heimild til að gera. En jeg býst ekki við, að neitt hefði orðið úr framkvæmdum, ef stjórnin hefði ekki fengið þessa hvatningu. Því kalla jeg þetta merkisviðburð. Nú er í Akureyrarskólanum hafin kensla, sem tekur yfir 4. og 5. bekk, og jeg býst við, að næsta vetur verði bætt við kenslu, sem samsvarar 6. bekk, svo að þeir, sem nota sjer þetta til fulls, eiga þá aðeins eftir að taka prófið. Jeg verð því að kalla það merkisviðburð í sögu skólans, að þetta framhaldsnám komst þar á, en auðvitað ræður hv. þm. Ak. (BL) því sjálfur, hvað hann kallar þetta, og get jeg ekki verið að deila við hann um það.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) kom inn á ýmislegt í ræðu sinni og mótmælti meðal annars því, að Akureyri væri hollari bær en Reykjavík, og fór í því sambandi að tala um fyllirí. Það, sem jeg átti við, var ekki fyllirí, heldur hitt, að jeg álít Akureyri beinlínis hollari heilsu ungra manna en Reykjavík. Mun jeg ekki standa einn uppi með þá skoðun. Hv. þm. (MJ) talaði um, að hollasti staðurinn væri sá, sem gæfi skólanum mest skilyrði. Hvaða skilyrði eru það, sem Reykjavík gefur? Jú, hjer í Reykjavík eru náttúrulega stærri og merkari söfn en á Akureyri, en mjer er nær að halda, að ekki sje að öllum jafnaði farið með nemendur þangað. Ekki skil jeg í, að hv. þm. (MJ) eigi við bióin hjerna, og yfirleitt finst mjer Reykjavík ekki svo merkilegur bær, að þessi munur geti verið mikill.

Þá sagði hv. þm., að þegar talað væri um að fá skóla á Akureyri, þá væri sagt, að hún væri ódýrari bær en Reykjavík, en svo þegar talað væri um laun embættismanna þar, væri sagt, að hún væri dýrari. En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að hver einasti hlutur, sem jeg þarf að kaupa, er dýrari hjer en á Akureyri. Jeg hygg nú líka, að hægt sje að sanna það með tölum, að Akureyri er mikið ódýrari bær en Reykjavík. Allar landbúnaðarafurðir eru þar t. d. mikið ódýrari, það vita allir, verð á mjólk mun vera þar alt að helmingi lægra en hjer, og svo er um fleira. Á húsaleigu munar einnig áreiðanlega miklu, og svona mætti lengi telja. Enda hefi jeg heyrt nákunnuga menn segja það, að nemendur á Akureyri komist af með að minsta kosti þriðjungi minna fje yfir veturinn heldur en nemendur í Reykjavík.

Hv. þm. (MJ) vildi gera lítið úr þeim sögulega rjetti, sem jeg taldi okkur Norðlendinga eiga til skólans, og sagði, að þessi rjettur væri niðurfallinn nú. Um það má lengi deila, hvort sögulegur rjettur hafi nokkurt gildi eða ekki, en jeg vil benda hv. þm. (MJ) á það, að hann var ekki ómerkur þáttur í sjálfstæðisbaráttu okkar, og á þeim árum býst jeg við, að það hefði þótt undarlegt, að telja hann einskis virði. Það, sem hv. þm. (MJ) sagði um biskupsstólana fornu í því sambandi, sannar alls ekki, að hinn sögulegi rjettur Norðlendinga sje niður fallinn, þver á móti. Við Norðlendingar vorum sviftir bæði biskupsstóli og skóla með yfirgangi og

eigum því sögulegan rjett til að fá hvorttveggja aftur. En hjer er aðeins farið fram á skólann.

Þá talaði hv. þm. (MJ) um „hreppapólitík“ í sambandi við þetta mál. Jeg verð að segja, að það er skrítin „hreppapólitík“, þar sem um er að ræða velferðarmál tveggja fjórðunga landsins.

Jeg vil spyrja hv. 4. þm. Reykv. (MJ), hver sje kominn til að segja um, hvort skólafyrirkomulagið sje betra, tvískiftur mentaskóli eða óskiftur lærður skóli? Hina lærðustu menn greinir á um það, og finst mjer því ekki úr vegi, að prófa þetta hvorttveggja samtímis, því að með því eina móti er hægt að ganga úr skugga um, frá hvorum skólanum nemendurnir eru betri.

Hv. þm. (MJ) viðurkendi, að mjög væri óþægilegt fyrir Norðlendinga og Austfirðinga, ef sambandinu við lærða skólann væri slitið og ekkert kæmi í staðinn. Þessvegna ætti að vera námskeið til þess að greiða götu nemenda úr gagnfræðaskólanum í lærða skólann. Þetta væri auðvitað betra en ekkert, en kennarar hjer mundu hafa mikið um það að segja, hvort þessir nemendur kæmust í skólann eða ekki. Jeg hefi heyrt það, að kennarar hjer hafi oft haft ríka tilhneigingu til þess að gera utanskólanemendum erfiðara fyrir en hinum við próf.

Þá sagði hv. þm. (MJ), að þó að mentaskóli yrði settur á stofn á Akureyri, mundi hann ekki bæta úr fyrir öðrum en Akureyringum sjálfum, og þeim, sem byggju þar í kring. En mjer finst þetta svo mikil fjarstæða hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að jeg sje ekki ástæðu til að fara nánar út í það, því að það vita allir, hvað það er mikið ódýrara fyrir menn af öllu Norðurlandi og Austurlandi að sækja skóla til Akureyrar heldur en hingað.

Nú kem jeg að því atriði, sem mjer fanst veigamest atriði í ræðu háttv. þm. (MJ). Hann sagði, að ef þetta frv. væri samþykt, væru Norðlendingar um leið sviftir gagnfræðaskólanum og hefðu bara lærða skólann. Ef þetta væri rjett hjá hv. þm., væri það töluverð ástæða gegn þessu frv. En jeg hygg, að til þessa komi ekki, enda er þörfin ekki eins brýn nú og áður á gagnfræðaskóla, vegna þess, að nú er búið að setja á stofn alþýðuskóla bæði á Eiðum og Laugum, og búast má við, að fleiri komi á eftir. Norðlendingar og Austfirðingar hafa því um fleiri leiðir að velja nú en áður og ekki eins mikil þörf á gagnfræðaskólanum fyrir sveitaunglinga, sem ekki ætla að halda lengra, eins og áður var. En það má að minsta kosti gera ráð fyrir því, þó að skólinn á Norðurlandi verði lærður skóli, að gagnfræðadeildin geti fullnægt Akureyri og grendinni.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) spurði, hvað vekti fyrir mjer með því að vilja hafa skólann tvískiftann. Meðal annars vildi jeg ekki útiloka, að menn gætu aðeins stundað þar gagnfræðanám og tekið gagnfræðapróf. Jeg geri ekki ráð fyrir, að allir, sem koma í skólann fyrir norðan, læsu til stúdentsprófs, enda væri það ekki æskilegt.

Sveinn Ólafsson: Hv. flm. (BSt) er að mestu leyti búinn að taka fram í sinni síðustu ræðu það, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg get því verið fáorður og minst aðeins á örfá atriði.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) stóð upp til þess að draga fram eitt atriði úr ræðu háttv. flm. og mótmæla því, en hann varð býsna viðförull, þegar á leið

ræðuna. Þetta eina atriði, sem honum þótti ofmælt hjá hv. flm., var um betri hollustuhætti fyrir nemendur á Akureyri en í Reykjavík. Hv. flm. (BSt) hefir svarað þessu að nokkru leyti, en jeg vil þó leyfa mjer að bæta þar við nokkrum orðum.

Þegar um hollustuhætti er að ræða, verður að greina milli andlegrar og líkamlegrar hollustu, því að ekki fylgjast þær ætíð að. En ef miða á við hvorttveggja, þá vil jeg leyfa mjer að benda á eitt atriði, sem styður það, að hollustuhættir sjeu yfirleitt betri á Akureyri en í Reykjavík. Akureyri er mitt í stóru landbúnaðarhjeraði, og meira undir áhrifum sveitalífsins en nokkur annar kaupstaður landsins. Hún er aðeins miðstöð í stórri sveit, einni þeirri blómlegustu, enda gætir sveitaáhrifanna meira þar en í Reykjavík eða nokkrum öðrum bæ hjerlendis. Ef til vill má líta á það eins og nokkurskonar trúaratriði hjá mjer, — en jeg held því fram, að sveitirnar sjeu yfirleitt miklu hollari nemendum til dvalar en bæirnir, og því síður vil jeg kjósa bæ fyrir dvalarstað nemenda, sem hann er gegnsósaðri í aðfluttri sníkjumenningu, svo sem Reykjavík er.

Þá vil jeg enn gera litla athugasemd við ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Í henni var aðallega tvent, sem mjer þótti óviðfeldið. Annað var það, að hann talaði um, að „hreppapólitík" lægi að baki óskinni um mentaskóla á Akureyri. Mjer þykir nú vafasamt, hvað eigi að leggja í orðið „hreppapólitík", því að þetta orð er misnotað, ekki síst af hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Eða hvað á að nefna þá stefnu, að vilja rígbinda allar mentastofnanir við Reykjavík? Jeg held það liggi nokkuð nærri, að nefna hana „hreppapólitík", eða öllu heldur „bæjarpólitík". Að minsta kosti er það eitthvað náskylt henni og ekki af betri endanum.

Þá er hitt atriðið hjá hv. þm (MJ), að metnaður Norðlendinga eða Hólastólsmanna eigi að vera sterkasta hvötin í þessu máli. Hann virðist halda því fram, að krafan ætti rætur í fornri skiftingu biskupsdæmanna. Út af því vildi jeg aðeins benda hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á það, að þeir, sem nú standa að óskinni um mentaskóla nyrðra, eru ekki aðeins menn úr hinu forna Hólastifti. Krafan er ennfremur studd af Austfirðingum, sem töldust til Skálholtsstiftis, og krafa þeirra því ekkert skyld við metnað eða meting milli stiftanna að fornu.

Þessi krafa er sprottin af alt öðrum rökum. Hún er eðlilega af því runnin, að menn úr hjeruðum, sem fjarlæg eru höfuðstaðnum, eiga erfiðari aðstöðu til að sækja nám hingað en þeir, sem búa í nærsveitum eða næstu hjeruðum. Þetta er það, sem veldur óskunum um mentaskóla á Akureyri framar öllu öðru, og þær óskir eru rjettmætar. Það er þessvegna að snúa út úr, og aðeins til þess að spilla fyrir góðu máli að túlka óskir þessar sem „hreppapólitík" og metnað Norðanmanna, eins og háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) gerði.

Get jeg látið þetta nægja að sinni og býst við, að málið fái góðan byr hjá hv. mentmn. En jeg mun fylgja þessu máli með athygli áfram og sjá hvað setur.

Magnús Jónsson: Jeg finn ekki ástæðu til að karpa mikið meira um þetta mál. Mjer þótti hv. flm. (BSt) gerast nokkuð djarftækur í samlíkingum sínum, er hann líkti rjetti Norðlendinga til sjer-

staks skóla við sögulegan rjett Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. Þar var ekki aðeins um sögulegar endurminningar að ræða, heldur bygðust kröfurnar í sjálfstæðismálinu á því, að Íslendingar hefðu altaf haft þennan rjett, altaf verið sjálfstætt ríki; þennan rjett heimtuðum vjer aðeins viðurkendan. Vill nú hv. flm. (BSt) halda því fram, að Akureyrarskóli hafi í raun rjettri altaf verið til? Nei, hann segir aðeins, að skólinn hafi einu sinni verið til og eigi því að koma aftur.

Jeg er nú hræddur um, að þótt hafðir væru tveir skólar með mismunandi fyrirkomulagi, að erfitt yrði að segja um, hvor væri í raun og veru betri. Sú röksemd held jeg að sje meira í orði en á borði. Hverjir ættu að dæma um það? Hugsum okkur t. d., að háskólakennararnir segðu, að Norðlendingar væru lakari. Ætli þeir vildu viðurkenna það? Jeg held, að hjer kæmi aðeins orð á móti orði, eftir sem áður. Jeg heyrði t. d. einu sinni, að þeir, sem kæmu frá Akureyri í lærdómsdeildina, væru taldir lakari en þeir, sem verið hefðu í skólanum áður. (BSt: Segja stúdentsprófin það?). Þetta var aðeins dómur, sem jeg heyrði slegið fram, að þeir væru ekki eins vel að sjer; en síðan Sigurður Guðmundsson byrjaði að kenna íslensku, ættu þeir að vera alt eins góðir í þeirri grein. Væru mentaskólakennarar spurðir, býst jeg við, að þeir yrðu ósammála. — Prófin segðu til, sagði háttv. flm. Hvaða próf? Ættu það að vera embættisprófin? Jeg geri nú ráð fyrir, að próf, sem haldin væru eftir 4—6 ára nám við háskólann, segðu heldur lítið. Dómarnir yrðu líklega hver á móti öðrum, ekki síður en áður. Hv. flm. talaði um það, að meðan Norðlendingar tækju stúdentspróf utanskóla hjer syðra, væri hætt við því, að prófið á þeim yrði þyngra. Jeg þykist nú hafa nokkra reynslu í þeim efnum, þar eð jeg las altaf utanskóla. Vitanlega fanst mjer jeg vera prófaður meira en innanskólasveinar. En mjer þótti ekkert athugavert við það, þar sem kennarar þekkja innanskólanemendur og eiga að vita, hvað námi þeirra líður. Aftur á móti hafa nemendur að norðan gengið í annan skóla, og vita kennarar hjer því, að þeir hljóta að hafa rækt námið, og þá ættu prófin að vera jafnströng. En þó að prófin væru eitthvað strangari, þá er það alveg rangt, að strangt próf útiloki duglega menn. — Það útilokar ekki nema skussa eða amlóða. — Það getur verið, að þeir fái ekki eins gott próf, og njóti þannig ekki fullkomins jafnrjettis. En falli mennirnir, hlýtur öðru hvoru að vera áfátt, gáfum eða kenslu.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að mjer feilaði heldur en ekki, er jeg hjelt því fram, að þetta væri metnaðarmál manna í Hólastifti, vegna þess, að Austfirðingar væru með í þessu máli. Það er nú eftir að vita, á hve miklum rökum þetta er bygt. Það sannar ekkert, þótt hv. þm. sje þessarar skoðunar. Því að það er alkunna, að hann getur aldrei litið Reykjavík rjettu auga. Það er eins og hann hafi aðeins sjeð ranghverfuna á borginni, þó að jeg viti ekki, hvernig á því stendur. Afleiðingin af þessari skoðun hans ætti ekki að vera sú, að stofna nýjan skóla á Akureyri, heldur ætti að forða Reykjavíkurskóla norður. Eða hví á að kúlda Sunnlendinga í þessum óttalega bæ? Ætti t. d. ekki að flytja kennaraskólann norður, og flytja yfirleitt sem flest þangað norður, í þann heilbrigða bæ?

Það, sem mjer finst vera aðalatriðið, er þetta: Er nauðsynlegt að hafa fleiri en einn mentaskóla, og ef ekki, hvort er þá betra að hafa hann í Reykjavík eða á Akureyri? Ætla jeg svo ekki að lengja umr. meira að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., og til mentmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

6. Skemtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 116).

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Árni Jónsson): Á síðasta þingi bar jeg, ásamt fleirum, fram frv. þess efnis, að ákvæði laganna um skemtanaskatt og þjóðleikhús skyldi einnig ná til skemtana og dansleikja innan fjelaga. Reynslan hefir sýnt hjer, að það hefir mjög tíðkast, að stofna málamynda fjelagsskap, til þess að sleppa við skattinn. Hjer hefir hver bæjarhluti sinn klúbb, auk margra fleiri, sem kendir eru við ýms stórmenni, svo sem kvikmyndaleikara og þess háttar fólk. Frv. í fyrra bygðist á þeim eðlilega tilgangi löggjafans, að skattleggja hinar ljelegri skemtanir, til þess að efla og styrkja þær göfugri. Frv. kom seint fram þá og dagaði uppi, en nú hefi jeg, ásamt fleirum, tekið það upp að nýju, með nokkrum viðtækari ákvæðum. Nú gildandi lög ná til kaupstaða með 1500 íbúum og þar yfir, en eftir þessu frv. er þeim ætlað að ná til þorpa með 500 íbúum. Þetta er gert til þess að styrkja því betur þjóðleikhúsið, sem er alþjóðarstofnun og merkilegt menningarfyrirtæki, og því ekki nema sjálfsagt, að sem flestir taki þátt í því. Það væri ekki nema eðlilegt, að engin takmörkun væri sett hvað fólksfjölda snertir, en þetta ákvæði er þó sett vegna þess, að það er óhægt að koma þessu við í smæstu kaupstöðunum.

Frv. þetta er borið fram eftir óskum áhugamanna hjer í bænum, sem þykir seint ganga að safnast í þjóðleikhússjóðinn. Það er gert ráð fyrir, að það muni kosta um 800 þús. krónur. Nú koma í sjóðinn um 40 þús. krónur á ári, og er gert ráð fyrir, að sjóðurinn muni verða orðinn 1929 í kringum 300 þús. krónur. En þeir, sem áhugasamastir eru í þessu efni, ætlast til þess, að þjóðleikhúsið verði komið upp 1930. Því er hjer farið fram á þessa breytingu til þess að efla vöxt sjóðsins. Það er ekki hægt að vita með vissu, hve miklu þetta nemur á ári, en það verður töluvert fje.

Jeg ætla ekki að fara mikið inn á

menningarhlið þessa máls. Hv. þm. þekkja leikhúsið og vita, að það er ekki samboðið leikkröftum þeim, sem hjer eru, og leiksviðsútbúnaður allur verður ómögulegur. Hvorki leikendur nje áhorfendur njóta sín í leikhúsinu eins og það er.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en geri það að tillögu minni, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni vísað til allshn. Í fyrra var það að vísu í mentmn., en mjer er kunnugt um, að einn hv. þdm., sem er mjög ósamþykkur þessu frv., á sæti í allshn., og tel jeg því heppilegast, að frv. fari þangað, svo hann fái að kynnast því rækilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 325 og 419, 396).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Eins og menn sjá á nál., hefir allshn. ekki orðið á eitt sátt um þetta mál. Við erum þrír í meiri hl., sem leggur til, að frv. verði samþykt með litilfjörlegum breytingum, en minni hl., háttv. þm. Mýra (PÞ) og þm. Borgf. (PO) leggja aftur á móti til, að það verði felt.

Jeg hefi fátt eitt að bera fram af hálfu meiri hl. á þessu stigi málsins. Býst jeg við, að minni hl. og þeir þm., er bera hjer fram viðtæka brtt., tali sínu máli, og ætla jeg að geyma mjer þangað til að ganga nánar inn á það.

Eins og getið er um í nál. meiri hl., eru tvær aðalbreytingarnar, sem felast í frv. Önnur er sú, að í stað þess, að lögin ná nú aðeins til kaupstaða, sem hafa yfir 1500 íbúa, koma þau, eftir frv. því, er hjer liggur fyrir, til að ná til allra þeirra kaupstaða og kauptúna, er hafa 500 íbúa og þar yfir.

Hin breytingin er fólgin í því, að dansleikar innan fjelaga verði skattskyldir. Er hún komin fram vegna þess, að hjer hafa myndast fjelög, sem hafa ekkert annað markmið en dans, til þess að geta farið í kring um ákvæði laganna.

Lögin um skemtanaskatt komu fyrst fram á þinginu 1918, og í því upphaflega formi náðu þau aðeins til myndasýninga, og voru stíluð gegn kvikmyndahúsunum. En við meðferð málsins breyttist þetta mikið. Víðtækar breytingar voru gerðar á frv., svo að það náði nú til dansskemtana, söngskemtana og leiksýninga. Það er auðsjeð á gangi málsins, að takmark laganna, — að fje þetta renni til ákveðinnar stofnunar, — vakir óljóst fyrir mönnum. Það er að vefjast fyrir þm., til hvers eigi að nota fjeð. Eins og Nd. gekk frá því, átti fje þetta að renna til almennra þarfa, en Ed. fanst rjett, að það gengi til lista og mannúðarstarfsemi. En hugmyndin verður ekki fyllilega skýr, fyr en á þinginu 1923, að hugmyndin um þjóðleikhúsið kemst upp. Þá fyrst var takmarkið orðið ljóst. Menn hjeldu, að bæjarfjelög þau, sem lögin ná til, myndu fljótt nota þenna skattstofn, en svo var ekki. Ekkert bæjarfjelag hagnýtti sjer ákvæði laganna fyr en seint á árinu 1921, eða 3 árum seinna. Og var það

Reykjavík og Ísafjörður, sem riðu á vaðið. En síðan þessi skattur var látinn renna í ákveðinn sjóð, held jeg, að kaupstaðirnir hafi alls ekki borið sig illa undan honum. Þess vegna kom mjer á óvart till. sú, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) ber nú fram, ásamt fleirum þm. Þó skal jeg ekki ræða um það nú, og ekki fyr en jeg hefi heyrt rök háttv. flm. till. og minni hl.

Frsm. minni hl. (Pjetur Þórðarson): Eins og sjá má á þskj. 419, erum við tveir nefndarmenn, háttv. þm. Borgf. (PO) og jeg, mótfallnir því, að frv. þetta verði að lögum. Jeg skal kannast við það fyrir hönd okkar beggja, að í nál. er full-ákveðið til orða tekið, þar sem sagt er, að við sjeum að öllu leyti á móti frv. Ef 1. gr. verður feld, get jeg sagt það, að minsta kosti fyrir mig, að jeg sje þá ekki ástæðu til þess að greiða atkv. gegn málinu. Jeg býst líka við því, eftir greinargerð frv. og nál. meiri hl. að dæma, að það sje aðalatriðið fyrir flm. að 1. gr. verði samþykt. En ef gengið er út frá að svo verði, erum við á móti frv.

Aðalástæðuna fyrir því, að við getum ekki fallist á frv., byggjum við á því, að í nál. meiri hl. er lögð áhersla á nauðsynina til þess að hefjast handa og skattleggja einstaklinga og sjerstök hjeruð, til þess að undirbúa byggingu þjóðleikhúss. Okkur virðist sem sje, vera fremur ástæða til þess að styðja að því að greiða fram úr mörgu öðru, sem er enn meira aðkallandi, en hefir þó ekki þótt fært að styrkja af opinberu fje, sökum fjárhagsörðugleika. Má kannske segja, að skatturinn sje lagður á, hvort sem er, og virðist þá rjett að láta hann ganga sjerstaklega til þjóðleikhúss. En þegar svo er ástatt, að það mundi draga frá öðrum þörfum stofnunum, finst mjer rjettara að styrkja heldur það, sem menningargildi hefir. En við erum algerlega mótfallnir því, að færa þenna skatt yfir á fleiri kauptún en nú er í lögunum. Skal jeg svo ekki þreyta deildina með því að fara lengra út í þetta mál.

Sigurjón Jónsson: Á þingskj. 396 flyt jeg, ásamt 6 öðrum háttv. deildarmönnum, brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir. Í þessari brtt. er kveðið svo á um, að það sje Reykjavík ein, af kaupstöðum landsins, sem eftirleiðis greiði skemtanaskatt til þjóðleikhússins. Því að með því ákvæði, að kaupstaðirnir verði að hafa 4000 íbúa til þess að koma undir þessi lög, eru sem stendur allir aðrir kaupstaðir en Reykjavík teknir undan ákvæðum laganna.

Það mætti nú ef til vill sýnast svo, að fyrir okkur öllum, flm. þessarar brtt., vaki alveg það mótsetta við það, sem felst í 1. gr. þessa frv., þar sem þar er gert ráð fyrir, að allir kaupstaðir landsins og kauptún með yfir 500 íbúa, falli undir ákvæði laganna frá 1923 um skemtanskatt og þjóðleikhús. En svo er þó í rauninni alls ekki, að því er mig snertir, og skal jeg skýra afstöðu mína ljóslega, til málsins. Jeg þori ekki að segja, að fyrir öllum meðflutningsmönnum vaki það sama og fyrir mjer, en þeir segja þá sjálfsagt til sín með það.

Með lögunum frá 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús, er svo ákveðið, að skemtanaskattur úr þeim kaupstöðum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skuli renna í sjóð til þess að koma upp þjóðleikhúsi í Reykjavík, og skal jeg undir

eins viðurkenna, að tilgangur þessa sjóðs eða sjóðsstofnunar er í alla staði lofsverður, því að menning okkar krefst þess, að við eignumst hjer í höfuðstaðnum myndarlegt leikhús, svo fljótt sem efni okkar og ástæður annars leyfa. Enda er góð leiklist menningarvottur og lyftistöng menningar, en skilyrði þess, að leiklist geti þrifist og tekið framförum, er að eignast gott leikhús, en það eigum við nú ekki.

Þótt jeg nú viðureknni tilgang þessarar stjóðsstofnunar, þá vil jeg ekki viðurkenna, að tilgangurinn helgi meðalið í þessu nje öðru. Aðferðin, sem höfð hefir verið til þess að afla þessum sjóði tekna, hefir frá byrjun verið órjettlát. Það var algerlega rjettlátt, að Reykjavíkurbær væri að einhverju skattlagður til þess að koma upp þessu leikhúsi, því að þótt það ætti að heita þjóðleikhús og ætti að vera að mestu eða miklu leyti kostað af þjóðinni í heild, þá varð þó þetta hús jafnframt leikhús sjerstaklega fyrir Reykjavíkurbæ, og Reykvikingar njóta þess framar öllum öðrum landsmönnum. En fyrir utan íbúa Reykjavíkur voru svo teknir hjer um bil 10 þúsund manna, og þeir skattlagðir til þessa sjóðs, en öllum öðrum landsmönnum slept við að gjalda nokkuð. Á þessi 10 þús. er skattur lagður, sem nú síðastliðið ár mun ekki vera langt frá að nema um kr. 1.50 á nef. Jeg get ekki álitið, að í löggjöf þessari hafi verið gætt þess jafnrjettis gagnvart borgurum ríkisins, sem nauðsynlegt er, að öll lög geri.

Frá byrjun hefði jeg talið rjettlátt, að Reykjavík ein hefði greitt nokkurn sjerstakan skatt, — skemtanaskattinn, — en ríkið að öðru leyti hefði lagt fram fje til þessarar sjóðstofnunar úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra, úr ríkissjóði. Jeg hefi þegar tekið fram, hversvegna jeg álít rjett, að Reykjavík greiði talsvert sjerstaklega í þenna sjóð, þar sem húsið verður fyrst og fremst fyrir Reykjavík, en að öðru leyti verður leikhúsið ekki neinum sjerstökum flokki landsmanna meira virði en öðrum; það ætti að geta orðið landsmönnum öllum til sóma, og til eflingar menningar landsmanna allra.

Háttvirtir flutningsmenn hafa líka fundið til þess misrjettis, sem lögin frá 1923 gera þessum umræddu kaupstaðarbúum; kemur það bæði fram í greinargerð fyrir frumvarpinu og eins í nefndaráliti háttv. allsherjarnefndar, en þeir vilja gera órjettinn minni, með því að færa íbúatölu þeirra kaupstaða og kauptúna, er skattskyld verða, úr 1500 niður í 500 íbúa. Jeg skal viðurkenna hjá hv. flm., að við erum nær því rjetta, því almennara sem við innheimtum þenna skatt, og ef við ættum að fara þessa leiðina, þá hefði jeg viljað fara lengra, — taka öll kauptún með, sem t. d. hafa 200 íbúa. En hví ættum við þá ekki heldur að taka skrefið alveg, sýna fult rjettlæti og taka styrkinn úr sjóði landsmanna allra, en lofa einstökum kaupstöðum og kauptúnum að ráðstafa sínum skemtanskatti samkvæmt lögum frá 1918.

Í þessu sambandi skal það af minni hálfu skýrt fram tekið, að jeg álít, að ekki geti komið til mála að svifta sjóð þjóðleikhússins tekjum, svipuðum tekjum og hann hefir nú haft að undanförnu. Þingið hefir einu sinni gengið inn á, að sjóðurinn fengi slíkan styrk til leikhúsbyggingarinnar, og þar sem langt er frá því, að takmarkinu sje náð, þá mundi jeg skoða það svo, að þingið

brygðist sínum fyrri heitum, ef sjóðnum yrði ekki sjeð fyrir svipuðum tekjum áfram. Vil jeg því mega gera ráð fyrir, að þeir, sem greiða þessari till. á þskj. 396 atkvæði, þeir verði einnig með því, að á fjárlögunum fyrir 1927 verði leikhússjóðnum veittur styrkur, sem jeg geri ráð fyrir, að hæfilegur mundi vera um 20 þús. kr. Jeg býst við, að það sje ekki langt frá þeirri upphæð, sem sjóðurinn fær nú í skemtanaskatt utan Reykjavíkur. Og þótt það yrði einhverju meira, sem veitt væri úr ríkisjóði fyrsta árið, þá mun mega gera ráð fyrir að skemtanaskatturinn heldur yxi, ef sjóðurinn hjeldi honum áfram.

Jeg hefi borið þessa tillögu fram, ekki af því, að jeg vilji, að leikhússjóðurinn sje sviftur svipaðri styrkupphæð og hann hefir haft, þar álít jeg, að þingið hafi bundið sjer þann bagga, sem það hvorki á nje má víkja sjer undan, heldur hefi jeg borið tillöguna fram af því, að jeg álít, að þingið hafi órjettlátlega aflað þessara tekna, með því að misskattleggja borgara landsins, og það sje ekki nema ein leið til þess að kippa því í lag, sem sje sú, að greiða upphæðina úr ríkissjóði.

Verði þessi tillaga samþykt, þarf 8. gr. laganna frá 1923 að breytast í samræmi við hana, og sömuleiðis skal jeg benda hv. nefnd á, að af vangá hafa ekki verið teknar upp breytingar á þeirri grein í þetta frv., sem nauðsynlegt er að gerðar sjeu, verði sú breyting á lögunum, sem 1. gr. gerir ráð fyrir.

Jakob Möller: Mjer virðist, að brtt. á þskj. 396 hljóti að vera bygð á talsverðum misskilningi. Mjer skilst, að hv. 1. flm. (SigurjJ) og meðflutningsmenn hans hafi bygt á því, að hjer hafi verið algerlega um nefskatt að ræða á íbúum þeirra kaupstaða, sem lögin ná til. Þessi skilningur er mjög hæpinn. Þetta er ekki nefskattur, heldur skattur á skemtanir. Gjaldið kemur ekki niður á þeim, sem skemtanir sækja, heldur þeim, sem halda þær. Hv. þm. geta reitt sig á, að aðgöngumiðar að bíó t. d. og hljómleikum og yfirleitt öllum skemtunum, mundu seldir sama verði, hvort sem skattur væri eða ekki. Það er síður að selja aðgöngumiða því fylsta verði, sem búist er við, að almenningur vilji fyrir þá gefa. Hjer er því að ræða um skatt, sem lagður er á þá, sem stofna til skemtana, en alls ekki nefskatt.

Þá kom hv. 1. flm. brtt. (SigurjJ) að þesari hugmynd, sem liggur á bak við og aldrei hefir verið hreyft mótmælum gegn, að nota ómerkari skemtanir til þess að lyfta undir leiklistina. Hann viðurkendi, að málið væri gott, og vildi bæta leikhússjóðnum tapið með því, að lagt væri fram fje úr ríkissjóði.

Jeg gæti glaður gengið að þessum skiftum fyrir hönd leikhússjóðsins, ef jeg væri viss um, að slíkt framlag fengist, en jeg býst við, að ekkert kæmi í staðinn, ef brtt. yrði samþykt. Jeg hefi enga trú á, að framlag fengist úr ríkissjóði, a. m. k. vildi jeg heyra undirtektir meðflutningsmanna till. Jeg efast ekki um hv. aðalflm. (SigurjJ).

Jeg stóð anars aðallega upp til þess að skýra frá, að jeg mun koma með nýja brtt. við 3. umr., sem jeg býst við, að mörgum falli vel í geð, þess efnis, að flytja alla sjónleiki undir 10% skatt. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það verði tap fyrir sjóðinn, því leikið mundi verða á ýmsum stöðum úti um land, sem annars legðu ekki út í það.

Jeg vildi einnig benda flm. till. á þskj. 396 á, að hjer er um millileið að ræða, að þó að þeir gætu ekki fengið samþykta þessa brtt. sína, þá kynnu þeir að geta fengið felda 1. gr. frv. Þá hefði frv. í raun og veru ekki aðra breytingu en þá, að skattur yrði lagður á alla dansleika. Skil jeg ekki, að nokkrir hafi ástæðu til að vernda þá frá skatti. Skal jeg svo ekki fleira segja, fyr en jeg hefi heyrt undirtektir hv. flutningsmanna brtt. á þskj. 396.

Jón Baldvinsson: Jeg játa, að mjer fanst dálitið hart, þegar frv. frá 1923 tók af kaupstöðunum tekjurnar af skemtanaskatti, sem þeir voru farnir að nota til ákveðinna framkvæmda hjá sjer. En af því jeg áleit mjög nauðsynlegt að koma upp þjóðleikhúsi, ljet jeg þetta afskiftalítið. Þá varð það ofan á, að skatturinn næði ekki til annara en nú segir í lögunum. Í þessu er dálitið ranglæti, sem frv. það, er nú liggur fyrir, á að bæta úr. Það getur vel verið, að þessi skattur nægi ekki til þess að leikhúsið komist upp á tilsettum tíma, en þá verður að leita til ríkissjóðs. Það kemur þá á alla landsmenn sameiginlega að greiða það, sem á vantar.

Brtt. á þskj. 396, sem 7 hv. deildarmenn flytja, fer í þá átt að breyta núgildandi lögum svo, að Reykjavík ein greiði þennan skatt. Þeir gátu alveg eins orðað brtt. svo, að í Reykjavík skyldi leggja skatt á o. s. frv., eins og að tala um kaupstaði sem hefðu 4000 íbúa, því það er öllum kunnugt, að enginn kaupstaður hjer, annar en Reykjavík, hefir svo marga íbúa.

Hv. 1. flm. till. (SigurjJ) hefir bent á, að í stað þess að láta aðra kaupstaði landsins borga þennan skatt, megi eins láta ríkissjóð greiða fjeð. Jeg hefi bent á aðra leið til að bæta kaupstöðunum upp þann tekjumissi, er þeir verði fyrir. — Jeg bar fram þá brtt. við fjárlögin, að heimilað væri að greiða nokkra upphæð til kaupstaða og kauptúna, til þess að koma upp elli- og barna-heimilum. Jeg bjóst við, að unnendur þjóðleikhússins mundu ganga inn á þessa till., til þess að friða kaupstaðina, sem eru óánægðir yfir að þurfa að greiða skatt til leikhússins. Kaupstaðirnir hefðu mátt vel við una, ef þeir hefðu fengið þessa uppbót fyrir skemtanaskattinn. —

Jeg mun greiða atkv. með frv. á þskj. 116, en móti till. á þskj. 396.

Sveinn Ólafsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mæltist til þess, að meðflutningsmennirnir að brtt. á þskj. 396 segðu til litar, ef þeir væru ekki sammála þeim formála, sem aðalflutningsmaður hafði fyrir till. Út af þessum ummælum hans vildi jeg gera grein fyrir, hvernig á því stendur, að jeg get ekki fylgt honum í öllu því, er hann sagði.

Jeg er honum samdóma um það, að skattur þessi komi nokkuð handahófslega niður á gjaldþegnum. Hann er eftir gildandi lögum bundinn við fáa kaupstaði með ákveðinni íbúatölu, og aðeins einn þeirra nýtur allra friðindanna.

Ef viðurkent er, að rjettmætt sje að taka þennan skatt af landsmönnum, þá er rjettlæti nær sú till., að taka líka skatt af hinum fámennari kauptúnum. En fult rjettlæti næst þó engan veginn með því. Ef gera á þennan skatt að almennum þjóðarskatti, og líta á byggingu þjóðleikhúss eins og nauðsynjamál, sem framkvæma verði, þá finst mjer aðgengilegust sú leið, að fjeð sje greitt árlega úr opinberum sjóði. Jeg

gæti aðhylst þá leið, ef ekki stæði svo á, að hjer bíður fjöldi annara framkvæmda eftir því, að efni leyfi að hefjast handa. Jeg verð að líta á þetta mál fyrst og fremst sem bæjarmál Reykjavíkur. Leikhúsið verður fyrst og fremst fyrir Reykjavíkurbæ og nýtur væntanlega styrks af opinberu fje öllu frekar en leikhúsið nú gerir. Vitanlega hafa ýmsir aðrir landsmenn nokkur not af því, en ekki nema í litlum mæli, og fjöldi manna alls engin. Það, sem aftrar mjer frá að fylgja því fram, að nú sje sá upp tekinn að leggja fje úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis, er, að jeg álít margt liggja ógert, sem ganga verður á undan. Þessvegna verður að sætta sig við, að svona fjársöfnun gangi seint, og að Reykjavík annist hana einsömul.

Hjer eru manndrápsvötn óbrúuð, nær því í hverri sveit; hjer eru vegleysur, sem aftra öllum samgöngum á stórum svæðum; hjer eru símalaus stór hjeruð og sumstaðar læknislaust. Þetta á vissulega miklu meiri rjett á sjer en þjóðleikhús. Hjer eru mjög stopular og ónógar strandferðir. Þær eiga meiri rjett á sjer en leikhús. Hjer eru ótal verkefni fram undan, sem bíða eftir fje, svo að hægt sje að sinna þeim. Það á ekki við, að láta slíkt fyrirtæki sem þjóðleikhús ganga á undan þessu.

Jeg lýsi því yfir, að þó að jeg sje meðflutningsmaður till. á þskj. 396, sem stefnir að því að binda skattinn til leikhússins við Reykjavík eina, þá er ekki ætlun mín að snúa blaðinu við á þann hátt að leggja því lið, að þetta þing veiti fje úr ríkissjóði til leikhússjóðsins, ef till. verður samþykt. Það er best, að hver komi til dyranna eins og hann er klæddur. Jeg þykist hafa gert það og með því orðið við ósk hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem mæltist til, að meðflutningsmenn till. segðu, hvað þeir mundu gera, þegar kæmi að spurningunni um, hvort veita skyldi fje úr ríkissjóði til leikhússjóðsins.

Pjetur Ottesen: Þegar þetta mál var hjer til 1. umr., varð að samkomulagi að ræða það ekki þá. Jeg lít því svo á, að nú sje frekar leyfilegt að fara nokkrum orðum um málið alment, enda hefir hv. frsm. meiri hl. farið inn á þá braut. Jeg ætla aðeins að drepa á gang málsins á undanförnum þingum.

Árið 1918 voru samþykt lög, sem heimiluðu hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með reglugerð staðfestri af stjórnarráðinu, að leggja á skemtanaskatt til hrepps- eða bæjarþarfa, og höfðu hreppsnefndir og bæjarstjórnir óskoraðan rjett til að ráðstafa skattinum eftir eigin vild. Samkvæmt þessari heimild var þegar lagður á skemtanaskattur í Reykjavík og víðar. Þó varð það ekki strax, að skemtanaskattur væri tekinn upp utan Reykjavíkur, því menn þurftu nokkurn tíma til að átta sig á þessu nýmæli, en bráðlega rak þó að því, að hann var lagður á í nokkrum kaupstöðum, og nú er hann kominn á ekki óvíða á landinu.

Á Alþingi 1923 kom fram frv. um breytingu á þessum lögum, sem náði samþykki þingsins, og varð að lögum á því ári. Samkvæmt þessum nýju lögum var nú skemtanskatturinn lögfestur í öllum kaupstöðum og kauptúnum á landinu, sem höfðu 1500 íbúa og þar yfir, í stað þess að í upphaflegu lögunum (frá 1918) var hann aðeins heimilaður í þeim kaupstöðum, sem höfðu 2000 íbúa eða fleiri. Þá var og svo ákveðið í lögum þessum, að skatturinn

skyldi renna í sjerstakan sjóð — þjóðleikhússjóð, — er notast skyldi á sínum tíma til að koma upp þjóðleikhúsi í Reykjavík.—Þessi breyting á lögunum frá 1918 mætti þegar allmikilli mótspyrnu víðsvegar að, og ekki hvað síst frá tveimur fulltrúum Reykjavíkurbæjar á Alþingi og núverandi hæstv. fjrh. (JÞ), (þá háttv. 3. þm. Reykv.), sem benti á mótmæli, sem fram höfðu komið í bæjarstjórn Reykjavíkur gegn þessari breytingu á lögunum. Mótmæli þessi ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer upp, þau eru svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur leyfir sjer að vekja athygli Alþingis á því, að ákveðið er með samþykt, staðfestri af ráðuneytinu, að nota skuli skemtanaskattinn í Reykjavík til að koma upp barnahæli og gamalmennahæli. Er slíkra hæla afar mikil þörf, en vansjeð, að unt sje í náinni framtíð að fá fje til framkvæmda, ef skatturinn verður tekinn til annars. — Skorar bæjarstjórnin því á Alþingi að láta heimildarlögin um skemtanaskatt standa óhöggvið."

Mótspyrna þessi var bæði sprottin af því, að menn vildu ekki láta lögbjóða skattinn alment, en aðallega var þó hitt, sem mætti mestri mótspyrnu nær alstaðar frá, þar sem skatturinn var kominn á, — ráðstöfun skattsins til þjóðleikhúss-byggingarinnar. Svo árjettaði núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) þessi mótmæli bæjarstjórnar Reykjavíkur með allmiklum þunga, eins og síður þeirra manna er, sem ganga heilir og óskiftir að hverju máli. Í sama strenginn tók þá einnig háttv. 2. þm. Reykv. (JBald).

Þegar fulltrúar Reykjavíkurbæjar rísa öndverðir gegn þessari breytingu, þar sem Reykjavíkurbúar eiga þó öllum öðrum landsmönnum fremur að hafa not af stofnun og starfrækslu þjóðleikhúss í Reykjavík, þá segi jeg, að það sje síst að undra, þó að íbúum annara kaupstaða og kauptúna á landinu þyki það allharkaleg meðferð á sjer af löggjafarvaldinu, að lögbjóða fyrst skemtanaskattinn og hrifsa hann svo af þeim, sem áður var búið að leyfa að nota hann eftir eigin vild; hrifsa hann af þeim, segi jeg, — ekki til almenningsþarfa; — því á það hefðu menn fremur getað fallist, — heldur aðeins handa einum kaupstað á landinu, og það því fremur sem skemtanaskattur í Reykjavík má vel skoðast sem landsskattur, því að þangað streymir fjölli fólks hvaðanæva af landinu, til skemri eða lengri dvalar, og sækir skemtanir engu síður en Reykjavíkurbúar sjálfir.

Og einmitt frá sjónarmiði leiklistarinnar sjálfrar verður þetta fyrirkomulag ennþá óeðlilegra og ósanngjarnara, þegar litið er á það, að starfandi leikfjelag er einmitt í þeim kaupstöðum, sem skatturinn hefir verið lagður á, er þannig eiga að greiða skatt af starfsemi sinni til Reykjavíkur. Því var mjög haldið á lofti hjer í þinginu, að skemtanaskatturinn mundi draga úr aðsókn að leiksýningum yfirleitt, — að skatturinn mundi verða til að draga úr leiklistinni, og ef þetta skaðar hjer í Reykjavík, mun það ekki síður verða afleiðingin annarsstaðar í landinu. Enda hefir og reynslan sýnt, að þetta er þannig, því að með þessu er verið að níðast á leiklistinni í öðrum kaupstöðum landsins, til þess að upphefja leiklistina í Reykjavík. Þetta fyrirkomulag hefir því algerlega gagnstæðar afleiðingar við það, sem til var ætlast. Í stað þess að efla leiklistina, dregur það úr henni og

hindrar alla framþróun í leiklist, algerlega utan Reykjavíkur, og í öllu landinu yfirleitt.

Frá fjárhagslegu sjónarmiði er þetta einnig jafnósanngjarnt gagnvart kaupstöðum utan Reykjavíkur. Ósanngjarnt að því leyti, að vera að leggja á þá sjerstakan skatt og svifta þá svo öllum notum skattfjárins og rjettinum til að ráðstafa þessu fje.

En þó kastar nú fyrst tólfunum, þegar á að fara að draga öll kauptún og hreppa á landinu, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, undir þetta skatta-ok, og gera þá að sjerstökum skattlendum Reykjavíkurbæjar.

Þó að þessi skatt-álagning, eins og henni er hagað, sje vitanlega mjög ranglát gagnvart kaupstöðunum, sem hún hvílir á, þá er þar þó sá munur á, að kaupstaðirnir eru flestir miðstöð í sínum landsfjórðungi, og verður skatturinn þar af leiðandi nokkru almennari en í hinum minni háttar kauptúnum; þar lendir hann nær eingöngu á þeim einum, sem þar búa.

Þegar þessi heimildarlög voru samþykt 1918, og skemtanaskatturinn síðan lagður á samkvæmt þeim, var það gert með hinni brýnu þörf fyrir augum, að afla fjár handa viðkomandi bæjar- eða hreppsfjelagi. Heimildarlögin voru bygð á því, að verið var að leita að, og þarna var álitið, — sem og var, — að væri fundinn nýr og eigi óálitlegur tekjustofn handa bæjar- og hreppafjelögum; en bæjar- og sveitarstjórnir hefir ávalt mjög tilfinnanlega vantað tekjustofn, og þetta var tilraun til að hjálpa þeim til að auka tekjurnar í hlutfalli við útgjöldin. Þetta hefir víða reynst mjög erfitt og það jafnvel þó að ekki hafi verið tekin með í reikninginn önnur en þau útgjöld, sem hreppsfjelögin eru skyld að inna af hendi að landslögum. Eins og nú er ástatt, stynja hreppsfjelögin undir álögum og þungum útgjaldabyrðum, og flestir tekjustofnar þeirra eru svo mylktir í þarfir ríkissjóðs, að ekki er um auðugan garð að gresja eftir handa hreppsfjelögunum sjálfum, til eigin þarfa.

Nú er því svo varið, að hreppa- og bæjarfjelög hafa, auk lögákveðinna útgjalda, og þrátt fyrir örðugan fjárhag og litla getu, ýms framfaramál og ýmsar bráðnauðsynlegar framkvæmdir með höndum, framkvæmdir, sem ýmist eru óhjákvæmilegar til að geta samrýmt atvinnureksturinn breyttum skilyrðum og kringumstæðum, eða framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að auka og efla framleiðsluna á ýmsan hátt annan. Þá hafa og bæði bæjar- og hreppsfjelög oft, auk lögfestra annara gjalda, sem atvinnuhættir og önnur skilyrði skapa þeim, ýms mannúðarfyrirtæki eða því skylda starfsemi með höndum, sem mjög þarf fje til að geta haldið í horfinu.

Jeg verð að segja, að mjer finst það æði hart að gengið, að hrifsa inn þenna tekjustofn, skemtanaskattinn, af þeim hrepps- og sveitarfjelögum, sem hann hafa tekið upp samkvæmt heimildarlögum frá 1918, og leggja á nýjan, og lögbjóða, að hann skuli allur falla til Reykjavíkurbæjar eins saman, því vitanlega veikir þetta gjaldþol viðkomandi hreppa og hefir að sama skapi lamandi áhrif á nauðsynlegar framkvæmdir, sem að einhverju eða öllu leyti eru bygðar á skemtanaskattinum eða óskertu gjaldþoli gjaldþegna viðkomandi hreppseða bæjarfjelaga. Þetta er næsta háska-

leg aðferð, að ráðast þannig á framkvæmdir og framkvæmdamöguleika landsmanna, þeirra, sem búa á þeim stöðum, sem skatturinn á að ná til. Jeg sagði, að með þetta mál hefði verið farið inn á ranga braut á þinginu 1923, með því að gera þannig þá kaupstaði, sem höfðu 1500 íbúa eða fleiri, skattskylda til Reykjavíkurkaupstaðar, og nú er enn bætt gráu ofan á svart með því að færa ranglætið út, er skattskyldan er aukin og færð út til hinna smærri kauptúnanna, alt niður að 500 íbúum. Jeg segi, að það væri síður tiltökumál, þó teflt væri á fremsta hlunn með gjaldþol þjóðarinnar til að losa hana úr skuldum, en þegar farið er að auka álögur á almenningi í öðrum landshlutum aðeins til að hlaða undir og efla aðra einstaka landshluta, t. d. Reykjavík, þá verð jeg að segja, að löggjöfin er færð út fyrir þau takmörk, sem hún á að halda sjer innan. Aðalatriðið í allri löggjöf í skattamálum er og á að vera það, að löggjöfin sje fyrir alt landið í heild, en ekki aðeins fyrir einstaka hluta þess. Hjer er því farið inn á nýja braut og alveg óþekta hjer áður, með þessum lögum um skemtanaskattinn. Þetta er einna svipaðast því, sem átti sjer stað í Noregi í fornöld, er einstök hjeruð eða landshlutar voru skattskyldir öðrum hjeruðum, en þetta er al-óþekt hjer og er ætíð mjög óeðlilegt, þó að það kunni að hafa tíðkast einhversstaðar.

Jeg hefi nú talað allmjög á víð og dreif um málið, vegna þess að 1. umr. var slitin sundur, og svo gaf hv. frsm. (ÁJ) mönnum eftirdæmi í þessu efni.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kom fram með mikilli sanngirni í þessu máli. Hann benti á, að það gæti komið til mála að fella alveg burtu 1. gr. frv., og þá væru það aðeins dansleikirnir, sem frv. nú tæki til, og væri það þá eina breytingin á lögunum frá 1923. Það var einhver hv. þm., sem hafði það eitt að athuga við þetta, að þá væri of mjög þrengt að dansleikjunum, bæði í Reykjavík og annarsstaðar. Þessum líka prúðu dansleikjum! Jeg veit ekki, hvort þetta hefir átt að vera sáttaboð frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um að háttv. flm. tækju 1. gr. frv. aftur. Minni hl. allshn. mun fús til þessa samkomulags, og það því fremur, sem við minni hl. menn buðum upp á þetta í nefndinni.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) reyndi á ýmsan og mjög „útspekúleraðan" hátt að verja framkomu sína í þessu máli. Jeg held jeg muni það rjett, að hann hafi átt sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur þegar mótmælin bárust þinginu þaðan gegn því að svifta bæjarfjelagið yfirráðum og notarjetti skemtanaskattsins, enda studdi hann núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) í mótstöðu hans gegn þeirri breytingu. Hv. 2. þm. Reykv. hefir alveg snúist í hring í þessu máli síðan 1923.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Það vill svo vel til, að jeg hefi yfir höfuð litlu að svara hv. frsm. minni hl. (PÞ). Þeir skiftu með sjer verkum, hv. þm. Mýra. (PÞ) og hv. þm. Borgf. (PO), eins og þeir gerðu forðum bræðurnir Móses og Aron. Tók háttv. þm. Mýra. (PÞ) að sjer hlutverk Arons, og þótti mjer fara vel á því. Svo fór þó að lokum, að Móses fjekk líka málið og bar ekkert á tunguhaftinu.

Hv. þm. Mýra. (PÞ) fann ekki ástæðu til að greiða úr þeim örðugleikum, sem væru við það að koma hjer upp þjóðleikhúsi, en hinsvegar taldi hann vera

ýms önnur viðfangsefni óleyst, sem meira væri um vert. Jeg vil benda á, að þeir, sem standa gegn þessu frv., gera meira en það eitt, að tefja fyrir byggingu þjóðleikhússins, þeir draga úr og hindra eflingu leiklistarinnar alment, og með brtt. 396 fara þeir ennþá lengra, því að verði hún samþ., er mjög tvísýnt um, að þjóðleikhúsið komist hjer nokkurntíma upp.

Þessi skattur er að mínu áliti í alla staði rjettmætur, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók fram. Þessi aðferð er mjög aðgengileg, að skattleggja ljelegri skemtanir fyrir hinar, sem bestar eru taldar og göfugastar.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) taldi þetta sjermál Reykjavíkur. En hann komst þó í raun og veru í mótsögn við sjálfan sig, vegna þess að hann vildi, að fyrirtækið yrði styrkt úr ríkissjóði, sem næmi því sem það misti við það, sem till. hans fer fram á, það er að segja styrkinn frá þeim fjórum kaupstöðum, sem skattlagðir eru eftir núgildandi lögum.

Ef þetta frv. nær fram að ganga eins og við flm. ætlumst til, þá bætast við 15 nýir kaupstaðir og kauptún. Í þeim er samtals kringum 12 þús. íbúar, eða 11½ þús. í árslok 1924. Þess má vænta, að frá þessum stöðum muni koma álika mikill skattur eins og frá þeim 4 stöðum utan Reykjavíkur, sem þegar eru skattaðir.

Hv. þm. vitnaði í það, að í greinargerð frv. er um það talað, að þessi skattálagning komi ekki fyllilega rjettlátlega niður. Við flm. sjáum ekki ástæðuna fyrir því, hversvegna endilega á að skattleggja Akureyri með 3 þús. íbúa og Ísafjörð með rúmar 2 þús., en sleppa t. d. Siglufirði og Akranesi. (**PO**: Akranes er ekki kaupstaður). Kauptún að vísu, en með á 12. hundrað íbúa, 11 hundruð í árslok 1924. Merkilegt, að hv. þm. Borgf. (PO) vill ekki vera með að draga úr þessu órjettlæti.

Jeg get sagt hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) það, að það er engin von til þess, að hann fái meðflutningsmenn sína til að ganga inn á það, að framlag til þjóðleikhússins verði greitt úr ríkissjóði. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir lýst sinni skoðun á því, sem ekki hefir verið mótmælt. Hv. þm. Borgf. (PO) heyrði jeg ekki fara inn á þetta, en jeg þekki þá þann mann illa, ef hann vill fara að leggja ríkissjóðsfje í þjóðleikhús.

Jeg held sem sagt, að það greini miklu meira milli flm. till., heldur en milli okkar aðalflm. Vil jeg þessvegna skjóta til hans í allri vinsemd, hvort hann vilji ekki taka þessa till. aftur.

Þá er hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann taldi það rjettlætinu nær að samþ. till. okkar um að gera skattinn sem víðtækastan. En öll hans ræða hnje að því, að ekki væri rjett að styrkja þetta fyrirtæki, vegna þess að svo margt annað sæti fyrir. En jeg skil ekki, hversvegna nú á að fara að taka þennan skatt frá þjóðleikhúsinu, og hvað það kemur því við, hvort ár sjeu óbrúaðar, strandferðir ekki sem fullkomnastar o. s. frv. Skil ekki, að strandferðir batni við það, að svifta þjóðleikhúsið þeim tekjum, sem það hefir.

Í rauninni er það ástæðulaust að vera að eltast mjög við þessar ræður. En jeg vil benda á það, eins og jeg gerði í upphafi þessa máls, að þótt lögin, eins og þau voru afgreidd 1918, geri ráð fyrir því, að þessum skemtanaskatti yrði varið til almennra hreppsþarfa, þá kom það þó fram í Ed., að rjett væri að taka þennan skatt í sjerstökum tilgangi og

þá til þess að hlúa að listum og mannúðarstarfsemi.

Það var hálfgerður barlómur í háttv. þm. Borgf. út af því, að verið væri að hrifsa skattinn frá ýmsri mannúðarstarfsemi, sem ætti að ganga fyrir þessu. En hann nefndi engin dæmi, að þessu væri sjerstaklega varið til þess neinsstaðar.

Hv. þm. talaði um tíma eins og hann bæri sjerstaka umhyggju fyrir leiklist. Taldi, að vegna þess, hve mikið er lagt á leiksýningar út um landið, yrði það til að draga úr leiklistinni alment í kauptúnum landsins. En samkv. því, sem hann hefir sjálfur haldið fram, þá verður þessu sjálfsagt ekki varið til þess að efla leiklist í þessum kauptúnum. Hygg jeg hv. þm. mundi frekar vera meðmæltur því, að í hans hreppi yrði þessu varið til einhvers annars. Þessi leiklistaráhugi hans er líka fyrirsláttur einn. Jeg held, að hann standi mjög á öndverðum meið við þá menn, sem hafa áhuga á leiklist á þessu landi.

Jeg held jeg fari rjett með það, að þegar lögin um skemtanaskattinn voru á ferð 1923, greiddi hv. þm. því atkv., — minnir að hann bæri fram till. um það, — að skatturinn næði til kauptúna, sem hafa 1500 manns. Jeg sje ekki ástæðu til að skattleggja fremur Akureyri, sem liggur svo afarfjarri þessum bæ, heldur en þá bæi, sem besta aðstöðu hafa til að njóta þjóðleikhússins. Ef gengið er út frá, að þeir, sem hjer búa næstir, hafi mest not af þjóðleikhúsinu fyrir utan Reykvíkinga, þá yrðu það Hafnfirðingar og Akurnesingar. Eftir hugsanagangi háttv. þm. sje jeg ekki ástæðu til að skattleggja Akureyri, sem hefir svo miklu verri aðstöðu til að nota leikhúsið í Reykjavík en Akranes, sem er klukkutíma ferð frá bænum.

Jeg lít á þetta leikhús sem alþjóðarstofnun, og þessvegna beri Reykjavík ekki sjerstaklega að styrkja það fremur en aðrar alþjóðastofnanir, sem hjer eru, t. d. söfn, háskólann og annað þesshátttar. Og verði till. þessi samþ., held jeg, að vel geti farið svo, að komi upp þær sömu raddir og voru á þinginu 1923, að Reykjavík telji sjer ekki sjerstaklega skylt að halda uppi þessari stofnun. Jeg held það sje ekki hægt að skylda bæinn til þess. Þessi till. er því bein fjörráð við þjóðleikhúsið, ekki einungis við frv., sem liggur fyrir, heldur við stofnunina sjálfa um mjög langan tíma. Og jeg trúi síst tillögumönnunum sjálfum, að undanteknum aðalflm. (SigurjJ), til þess að leggja fram fje úr ríkissjóði í þessu augnamiði. Erlendis er þetta þó gert. Það er viðurkent, að þjóðleikhús eru alþjóðarstofnanir. En hjer er snúið að því heillaráði, að láta hinar lakari skemtanir halda uppi hinni göfugustu skemtun. Leiklistin er talin göfugust skemtun allra; hún hefir tök á að flytja mönnum dýpstu og göfugustu hugsanir ýmissa mestu skálda og spekinga, sem uppi hafa verið á öllum tímum. Og hvað sem flm. till. segja, þá held jeg, að menn út um landið kunni þessari tilhögun vel. Í þingmálafundargerðum, þar sem altaf er verið að tala um að afnema skatta, man jeg ekki til að hafa sjeð, að nokkur amaðist við þessum skatti sjerstaklega. Menn virðast ekki vera að horfa í það, þegar þeir skemta sjer á annað borð, hvort það fari $^1/_{10}$ af því, sem þeir eyða, til að styrkja jafn-gott fyrirtæki og þjóðleikhús. Jeg held, að metnaður kjósenda hv. flm.

þessarar till. sje miklu meiri en þeirra sjálfra. Jeg held þeir geri kjósendum sínum rangt til með því að flytja þetta, með því að gera þennan órökstudda barlóm fyrir þeirra hönd. (**HK:** Þeir eru ekki svo metnaðarfullir!). Jeg veit ekki um Barðstrendinga, þekki þá manna minst. Má vera, að þeir sjeu metnaðarlitlir. En ekki kemur það fram í valinu á þingmanni þeirra. Þeir velja þennan ágæta þingmann ár eftir ár með miklum meiri hluta, og það virðist benda á, að þeir sjeu metnaðarmenn og drengir góðir.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að þessi till. verði samþ. Jeg hefi þá von og það fulla traust til hv. deildarmanna, að þeir felli hana. En ef svo færi, að hún yrði samþ., þá yrði það mjög góður mælikvarði á undirbúning hv. þm. sumra hverra undir þann mikla merkisdag í okkar sögu, dómsdaginn 1930. Það væri sjerstaklega góður mælikvarði, ef svo færi, að þingið afgreiddi ekkert annað í sambandi við þennan merkisdag en að drepa þessa stofnun, sem er ætlast til að verði eitt af glæsilegustu merkjum okkar menningar 1930. Skal svo óska hv. flm. til sjerstakrar hamingju með till., ef hún nær samþ. hjer.

Jón Baldvinsson: Háttv. þm. Borgf. (PO) vjek til mín nokkrum orðum. Vildi væna mig um það, að jeg hefði verið tvíbentur í þessu máli. Jeg þykist hafa gert grein fyrir framkomu minni, og hún er algerlega hrein. Jeg var í vafa um, hvort jeg ætti að greiða atkv. á móti því, að skemtanaskatturinn færi til þjóðleikhúss, en gerði það ekki, því að jeg þóttist vita, að ekki yrði veitt á fjárlögum til þess að koma upp þessari stofnun. Það er satt, að mjer fanst órjettlátt að undanþiggja svo og svo mikinn hluta landsmanna frá þessum skemtanaskatti, eins og gert var 1923.

Hv. þm. vitnaði í mótmæli bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem lögð voru fyrir Alþingi 1923, og vildi ganga út frá, að jeg hefði verið með að samþykkja þau. Jeg kom ekki á þennan fund. Jeg sat á þingfundi og mundi geta fengið um það skýrslu, ef hv. þm. Borgf. (PO) vill. Jeg mótmæli, að jeg hafi sýnt neinn yfirdrepsskap í þessu máli. Hitt hneykslaði marga, sem kom fram á þinginu 1923, þegar 1. þm. S.-M., sem þá var, og hv. þm. Borgf. (PO) þinglýstu hrossakaupum sínum um þetta mál, þannig, að ef Akranes væri undanþegið, þá skyldi þm. Borgf. fylgja 1. þm. S.-M. að máli.

Pjetur Ottesen: Það er ekki nema örlítið, sem jeg þarf að svara. Hv. frsm. þessa máls (ÁJ) andmælti nokkrum atriðum í ræðu minni, og þarf jeg lítið að fara inn á það. Andmæli hans voru svo veik, að þau hröktu ekki neitt af því, sem jeg hefi fram flutt mínu máli til stuðnings. En hv. þm. var eitthvað að koma því að, — sem kannske hefir komið því til leiðar, að það sprakk blaðran hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), — að það hefði verið hreppapólitík í þessu máli. Hann kvað það undarlegt, að íbúatölutakmarkið skyldi vera 1500, og setti það í samband við kauptún í mínu kjördæmi. Jeg hugsa, að þarna sje ekki meira samband milli kauptúnsins í mínu kjördæmi heldur en ýmissa annara kauptúna. T. d. hefir Norðfjörður svipaða íbúatölu, og fleiri kauptún. En úr því að hv. þm. var að fara inn á hreppapólitík, þá vildi jeg benda á það, hvort það myndi vera alveg af til-

viljun, að háttv. 2. þm. N.-M. (ÁÁ) hagar íbúatölutakmarkinu í sínu frv. þannig, að Norður-Múlasýsla á ekki að offra neinu á þessu altari. — Jeg vildi leiða athygli manna að því, hvort þetta er tilviljun eða hvort það á rót sína í einhverju öðru. Það er nefnilega venjan, að þeir, sem brígsla öðrum um hreppapólitík og hrossakaup, þeir eru mest haldnir af hinu sama sjálfir. Þetta er aðalreglan, þótt það kunni að vera til undantekningar.

Hv. þm. talaði svo um metnað kjósenda, og að við myndum ekki sýna rjetta mynd af metnaði kjósenda okkar. Það verð jeg að segja, að þá lítur hv. þm. undarlegum augum á metnað kjósenda, ef hann heldur það metnað þeirra á Akureyri og Ísafirði, sem, t. d. að taka, hafa lagt mikið af mörkum til að efla leiklistina hjá sjer, að leiklist þeirra sje skattlögð og dregin niður í saurinn, til þess að upphefja leiklistina hjer í Reykjavík.

Nei, mjer fanst það koma greinilega fram hjá hv. frsm. (ÁJ) og reyndar í frv. yfirleitt, að þetta sje einn þátturinn í því að reyna að draga alt undir Reykjavík, — tilraun til að láta löggjafarvaldið leggja lóð á skálina, til þess að hlutur Reykjavíkur verði líka á þessu sviði meiri en annara. Mjer virðist þetta byggjast á því, — jeg veit ekki hvort á að kalla það höfuðstaðar-rembing eða eitthvað annað, — að það er eins og menn helst álíti, að eiginlega engri frumlegri hugsun eða sjálfstæðri geti skotið upp, og því síður þróast, utan Reykjavíkur, og alt slíkt í eðli manna verði að fá sitt lífsloft og næringu í Reykjavík. Og það styrkti mig í þeirri trú, að þetta væri á bak við, þegar hv. frsm. sagði, að meiningin væri að láta hinar óæðri skemtanir styðja aðrar göfugri. Það eru einmitt meðal annars leikskemtanirnar úti um landið, sem eiga að styðja leikskemtanirnar í Reykjavík. Háttv. þm. lítur þá þeim augum á leiklistina út um landið, að hún sje með hinum óæðri skemtunum, samanborið við þá hágöfugu leiklist í Reykjavík. Annað verður ekki dregið af orðum hans.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Örfá orð. Jeg talaði ekki um hreppapólitík eða hrossakaup. En það var eins og hv. þm. Borgf. (PO) væri stunginn af einhverjum ummælum, líkt og hann vissi upp á sig einhverja skömm í þessu efni. Hv. þm. talaði um það, að jeg hefði gert of mikið úr metnaði manna út um landið í þessu efni, og vil jeg alls ekki lengja umræður með því að ræða um það. En jeg vil algerlega neita því, að jeg hafi verið að hlífa sjerstökum hreppum í mínu kjördæmi með þessu. Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg myndi vera með því, að þetta lágmark væri sett niður úr 500, ef tiltækilegt þætti. Jeg tel fullkomlega rjettlátt að taka skatt af öllum skemtunum, hvar sem er á landinu, en hinsvegar þótti ekki fært að færa lágmarkið neðar en í 500, vegna þess að ekki var talið framkvæmanlegt að innheimta skattinn, þar sem fámennast er. Ef hv. þm. hefði sýnt fram á, að það væri í raun og veru framkvæmanlegt, og komið með till. um það, þá skyldi jeg ekki hafa verið síðastur manna til að greiða henni atkv. Jeg hefi enga ástæðu til að halda, að mínir kjósendur í Norður-Múlasýslu myndu kvarta svo þunglega undan þessum skatti.

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Borgf. (PO). Hann var eitthvað að tala um, að við vildum draga undir Reykjavík og teldum, að leiklist hjer væri eitthvað æðri en annarsstaðar á landinu. Þetta er algerlega tilefnislaust hjá hv. þm. (PO). Ef komið gæti til mála að setja á stofn þjóðleikhús á nokkrum öðrum stað á landinu en í Reykjavík, mundi sá möguleiki vera ræddur. En engum dettur slíkt í hug, ekki einu sinni hv. þm. Borgf. (PO). Leiklist í Reykjavík er alveg eins skattlögð til þjóðleikhúss og leiklist annarsstaðar á landinu eða aðrar skemtanir.

Hv. þm. (PO) talaði um, að verið væri að gera öðrum landshlutum rangt til. En skilur ekki hv. þm. (PO), að hjer er um að ræða alþjóðarstofnun, og er ekkert einsdæmi hjer, að þá sje tekið af almannafje, enda er það gert í öllum menningarlöndum. Og það getur hv. þm. Borgf. (PO) reitt sig á, að vegur landsins í heild sinni vex við það, að þjóðleikhúsið kæmist upp. Þar koma til greina allir landshlutar, án tillits til þess, hvort þeir eru stutt eða langt frá Reykjavík. En ef þessi vísir, sem nú hefir myndast til sjóðs, er drepinn eða framkvæmdir tafðar að óþörfu, verður það alstaðar lagt okkur út til hinnar mestu smánar. Jeg skal geta þess, að einn merkur vísindamaður hefir nýlega dregið þá ályktun af leiklistarást Íslendinga, að þeir mundu vera með best mentuðu þjóðum heimsins.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla aðeins að víkja nokkrum orðum til hv. frsm. meiri hl. (ÁJ). Hann taldi það rangt hjá mjer, þegar jeg líkti skemtanaskattinum við nefskatt. Reyndar sagði jeg ekki, að hann væri nefskattur, heldur að hann líktist nefskatti. Jeg vil benda á það, að einstöku kauptún voru farin að innheimta slíkan skatt, áður en lögin um skemtanaskatt gengu í gildi. En þá voru kauptúnin svift þessum tekjustofni.

Þá sagði hv. þm. (ÁJ), að kent hefði mótsagnar hjá mjer, þegar jeg sagði, að þjóðleikhúsið yrði fyrst og fremst leikhús fyrir Reykjavík, en vildi samt láta ríkissjóð styrkja það. Í þessu felst engin mótsögn, því að jeg sagði, að leikhúsið væri líka, í öðru lagi, fyrir alt landið. En mjer finst sanngjarnt, að Reykjavíkurbúar leggi aukaskatt á sjálfa sig, til þess að leikhúsið komist upp.

Hv. þm. (ÁJ) sagði, að jeg hefði átt að verja það, að takmarkið fyrir íbúatölu í kauptúnum væri fært niður. Jeg lýsti því yfir, að ef þessi tillaga yrði ekki samþykt, mundi jeg vilja færa takmarkið niður, því að jeg álít meira rjettlæti í því, að innheimta þennan skatt af sem flestum borgurum landsins en litlum hluta þeirra, ef á annað borð á að fara út fyrir Reykjavík.

Þá beindi hv. þm. (ÁJ) til mín að taka aftur tillöguna, af því að það væru svo mismunandi ástæður hjá okkur flm. til þess, að hún væri flutt. Það skal jeg játa, en jeg sje þó enga ástæðu til að taka hana aftur vegna þess. Jeg lít svo á, að verði tillagan samþykt, geti þingið ekki komist hjá að taka upp í fjárlögin styrk, sem svarar til þeirrar upphæðar, sem annars kæmi utan af landi. 1923 lýsti þingið því yfir, að það vildi efna til sjóðsstofnunar í þessu skyni, og jeg álít, að þingið geti ekki hlaupið frá því. Það er alls ekki þinginu samboðið að hlaupa frá þeim bagga, sem það hefir sjálft lagt á menn í þessu

skyni. Jeg get því ómögulega verið sammála hv. frsm. (ÁJ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um, að það sje sama sem að eyðileggja stjóðsstofnunina, að samþykkja tillöguna á þskj. 396. Jeg lýsti því yfir í fyrra, í ræðu, sem jeg flutti þá hjer á þingi, að jeg áliti, að tekna sjóðsins væri illa aflað að því leyti, að mislagt væri á borgara ríkisins.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Vænti jeg þess, að málið fari ekki út úr þingi fyr en sjeð er fyrir endann á, að fjárveiting til þess verði tekin upp í fjárlögin. Jeg verð að segja, að jeg skil ekki þá menn, sem finst órjettlátt, að taka skatt af sem flestum kauptúnum, en geta sætt sig við, að hann sje tekinn af 4—5 kauptúnum. Er nokkurt rjettlæti í því, að taka skatt af Ísafjarðarkaupstað, en sleppa Siglufirði, þó að þar sjeu íbúar 100—120 færri.

ATKVGR.

Brtt. 396 feld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JAJ, JS, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, IngB, JakM, JBald, JK, JÞ, KlJ, MG, ÓTh, TrÞ, BSv.

Sex þm. (BJ, JörB, MJ, MT, ÞorlJ, ÞórJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, JakM, JBald, JK, KlJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, BSv.

nei: HStef, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, PO, PÞ, SvÓ.

Sex þm. (ÞórJ, BJ, JörB, MJ, MT, ÞorlJ) fjarstaddir.

Brtt. 325 (ný 2. gr.) samþ. með 12 : 3 atkv.

3. gr. feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, JakM, JK, BSv.

nei: JÞ, MG, PO, PÞ, SvÓ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JBald, JS.

1 þm. (ÞorlJ) greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JörB, MJ, MT, ÞórJ, BJ) fjarstaddir.

4.—6. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. samþykt án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 8 atkv.

Á 67. fundi í Nd., laugardaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 452, 454, 461).

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Viðvíkjandi brtt. frá meiri hl. allshn. á þskj. 461, hefi jeg aðeins það eitt að taka fram, að hún er aðeins til að samræma ákvæði frv. betur, eins og frv. var orðað eftir 2. umr. Hefi jeg svo ekki fleira um þetta að segja; þetta er of augljóst atriði til að þurfi að fara þar um fleiri orðum.

Jakob Möller: Jeg á brtt. á þskj. 454, sem jeg vil aðeins fara um fáum orðum. Jeg skýrði frá því við 2. umr., að jeg mundi við þessa umr. bera fram brtt. um að setja alla sjónleiki í lægri skattflokka, vegna þess, að það hefir ekki reynst einhlítt, sem upphaflega var gert, og átti að tryggja leikstarfsemi í kaupstöðum út um land gegn hærri skattinum, með því að binda lægri skattákvæðin við sjónleiki, sem nytu opinbers styrks, því það hefir ekki alstaðar tekist að fá styrk til leikfjelaga eða leikstarfsemi frá bæjarfjelögunum, en þessi

skattur, 20%, er alt of hár, og því er ekki auðið að halda uppi leikstarfsemi, ef hann verður að gjaldast. Þessi brtt. um sjónleikina á að greiða fyrir starfsemi til eflingar leiklistinni eða að henni verði haldið uppi, og jeg held, að sjóðurinn missi engra tekna, hvort heldur verður úr, brtt. samþ. eða ekki. Eins og nú er, eru tekjurnar engar af þessum sjónleikum, vegna þessa háa skatts, og verði honum ekki ljett af að einhverju leyti, þarf engra tekna að vænta, því þá verður víst, að leikstarfsemi sú, sem um er að ræða, legst alveg niður. Vænti jeg, að brtt. þessi verði samþykt, ef menn vilja greiða eitthvað fyrir eflingu leiklistarinnar úti um land.

ATKVGR.

Brtt. 454 samþ. með 12 : 3 atkv.

— 461 samþ. með 13 : 4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JK, JörB, KlJ, MJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL.

nei: HStef, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MT, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, PO.

Fimm þm. (JBald, MG, BSv, BJ, BSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 467).

Á 66. og 67. fundi í Ed., dagana 4. og 5. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 4 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Gengisviðauki.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924 [Gengisviðauki] (þmfrv., A. 117).

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þegar þetta mál var fyrir þinginu 1924, rökstuddi ráðherrann, sem flutti það, það með því, að ýmsar tekjur ríkissjóðs hefðu rýrnað vegna gengisfalls, og batt frv. því við gengisfallið með því að ákveða, að skatta skyldi innheimtu með 25% gengisviðauka meðan sterlingspundið væri skráð 25 krónur eða hærra. Þetta var enn til umræðu á þinginu í fyrra, og var þá lögð fram tillaga að tilhlutun stjórnarinnar um það, að þetta yrði gert að föstum tolli og takmörkunin niður feld. Þá komu fram andmæli gegn þessu. Nd. vildi fella þetta burt í lok þessa árs, en því var breytt í Ed., að til-

hlutun hæstv. fjrh. (JÞ), og ákveðið, að skyldi haldast til ársloka 1927. Jeg hefi verið að bíða eftir því, að eitthvað heyrðist í þessu máli annað en það, sem getið er um í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrv., þar sem gert er ráð fyrir því, að nokkur hluti gengisviðaukans verði ekki innheimtur fyrir árið 1927. En þá þurfa að liggja fyrir lög um það. En það má ekki vera komið undir geðþótta stjórnarinnar, hvaða skattar skuli innheimtir eða ekki. Nú hefi jeg komið hjer með tillögu um það að fella niður þennan gengisviðauka. Jeg hefi skift till. í tvent, að tollurinn lækki 1. júlí þ. á. niður í 15%, og er það gert til þess, að tekjumissirinn verði ríkissjóði ekki eins tilfinnanlegur. Það er vitanlegt, að ríkissjóður missir við þetta miklar tekjur, tollur þessi nam víst síðasta ár ca. 1 miljón króna, en það er ekki að miða við það ár nú, því allar tekjur fóru þá fram úr áætlun. Sennilegra er að gera ráð fyrir, að hann megi áætla um 700 þús. kr. En þótt ríkissjóði tapist nokkrar tekjur, þá verður fjeð þó til hjá landsmönnum, og það þarf að lækka þá ógnar tolla, er nú hvíla á þjóðinni.

Jeg vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir og verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til fjhn.

Klemens Jónsson: Þegar jeg sá þetta frv. og næsta frv. á eftir hjer á dagskránni, þá datt mjer í hug, hvaða skelfing liggur honum á, hinum hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að koma nú þegar fram með frv. þetta. Hv. þm. var fullkunnugt um, að það liggur fyrir frv. um breyting á verðtollslögunum, og honum er líka kunnugt um, að gert er ráð fyrir breyting á gengisviðaukanum í fjárlagafrv.,og honum ætti að vera kunnugt um, að þetta mál er nú í höndum nefndar, til athugunar. Mjer finst því, að hv. þm. hefði vel mátt bíða eftir því, að nefndin skilaði áliti sínu. En hann kvaðst hafa verið vonlaus um það. En þá vil jeg benda honum á það, að þess er ekki að vænta, að nokkuð verulegt komi frá nefndinni fyr en útsjeð er um fjárhag landsins á næsta ári. En það verður ekki fyr en eftir 2. umr. fjárlaganna. Nefndin hefir því ákveðið að bíða með álit sitt þangað til.

Nefndin hefir sjerstaklega athugað gengisviðaukann, og flytur nú frv. í dag um að afnema hann á vörutolli. Þessi aðferð hv. 2. þm. Reykv. er því óviðkunnanleg gagnvart fjhn, þó jeg hinsvegar auðvitað játi, að hv. þm. hefir fullkomlega formlegan rjett til að bera hvert það frv. fram, sem honum þóknast. Jeg skal ekkert tala um málið alment nú, mjer gefst kostur á því seinna, þegar frv. nefndarinnar kemur til umr. Jeg gat ekki látið hjá líða að koma fram með þessa athugasemd, þar sem jeg er formaður fjhn. Jeg álít, að það hefði verið rjettara fyrir hv. þm. að bíða þar til nefndin skilaði áliti sínu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 2. þm. Rang. (KlJ), formaður fjhn., hefir tekið fram ýmislegt af því, sem mjer finst, að jeg þurfi að segja við þessa 1. umr. Jeg get tekið undir það með háttv. þm. (KlJ), að jeg álít, að þetta frv. sje öldungis óþarft, þar sem það mál er þegar í höndum fjhn. En hinu er þó ekki að neita, að það kemur fram greinilegur stefnumunur hjá flm. þessa frv. og hjá fjhn., eftir því, sem sjá má af því, sem frá henni er komið. Hv. fjhn. leggur til, í samræmi við vilja stjórnarinn-

ar, að gengisviðauki á vörutolli, það er að segja á nauðsynjavörum, verði feldur niður frá 1. næsta mánaðar, en gengisviðauki á öllum óþarfa-vörum, svo sem tóbaki og áfengi o. s. frv., verði látinn haldast fyrst um sinn. Hv. flm. þessa frv. (JBald) vill nú fara aðra leið, hann vill halda gengisviðauka á nauðsynjavörum alveg óbreyttum einn ársfjórðung lengur en fjhn. leggur til, þó með nokkurri lækkun til loka yfirstandandi árs, en að nokkru leyti vill háttv. þm. (JBald) svo lækka og afnema jafnsnemma gengisviðauka á óþarfavörunum. Jeg er ekki í neinum vafa um það, hvoru megin mjer beri að standa í þeim ágreiningi, sem hjer kemur fram, það er fjhn. megin. Og jeg held það væri rjettast fyrir hv. flm. (JBald), eftir að fjhn. hefir borið fram frv. um sama efni, að taka aftur sitt frv. áður en það er komið lengra, nema að háttv. þm. (JBald) sje virkilega áhugamál að láta eitt og hið sama yfir hvorttveggja ganga, að því er snertir þessa tolla. Ef það virkilega er bjargföst sannfæring háttv. þm. (JBald), þá getur enginn bannað hv. þm. að berjast fyrir slíku á þingi.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það virtist vera aðalinntakið í ræðu háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hann, fyrir hönd fjhn. hálfgert fyrtist út af því, að jeg hefi borið fram þetta frv. En hv. þm. (KlJ) hlýtur þó að játa það, að jeg fór svo seint af stað með þetta frv., að sá tími var liðinn, sem þm. er heimilt að bera fram frv. án leyfis deildanna, og í öðru lagi, sem hv. þm. (KlJ) hefir kannske ekki athugað, en hefði þó mátt vita, að jeg hefi engin tök á að fylgjast með því, sem gerist í fjhn., því að jeg á þar ekki sæti, nje heldur nokkurn flokksmann þar; þessvegna gat jeg ekkert um það vitað, hvað sú háa fjhn. ætlar sjer að gera, og verð að haga mínum till. eftir því, sem jeg álít sjálfur rjett að gera. Hv. form. fjhn. (KlJ) hefir því farið þarna á hálfgerðu hundavaði, með því að fara að deila á mig fyrir að bera þetta mál fram. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein óvirðing sýnd hv. fjhn. með því að bera svona frv. fram, sjerstaklega þar sem hver maður veit, að þessu frv., ef það nær fram að ganga, verður vísað til fjhn., og þar á ofan er það algengt, að þm. bera fram frv., en láta ekki alt undir einstakar nefndir, sem málunum síðar kann að vera vísað til, því að þá yrði það svo, að nefndirnar einar bæru fram frv., ef farið væri eftir þeirri reglu, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) vill láta fylgja. En þótt fjhn. hafi haft samskonar mál til athugunar, þá gat jeg ekkert um það vitað, hvað hún ætlaði sjer að gera í því. Þetta mál hefir líka komið hjer áður á dagskrá, en af ástæðum, sem jeg þarf ekki að lýsa, hefir það verið tekið út aftur, og hefði þannig komið til umr. hjer löngu áður en það frv. frá fjhn., sem nú er verið að útbýta, svo að jeg verð að álíta, að það sje ekki á nokkurn hátt hægt að ásaka mig. Að því er málið sjálft snertir, vil jeg láta þess getið, að jeg álít rjettara að fara þá leiðina, sem jeg hefi stungið upp á. Hins vegar vil jeg geta þess, að því er snertir ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), að jeg skal gjarna fallast á þá breytingu í frv. mínu, að gengisviðauki á nauðsynjavörum falli þegar niður 1. apríl. Jeg var aðeins að reyna til að kippa tollinum ekki fyr í burtu en sem allra síðast, af því að

jeg vissi líka, að það var vilji hv. deildar í fyrra að láta gengisviðaukann falla úr gildi síðasta desember 1926, og veit jeg ekki betur en að hv. fjhn. hafi líka verið því samþykk, þótt hún síðar hafi snúist til fylgis við hæstv. fjrh. (JÞ) um það mál. Hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt sjer fast við það, að jeg vildi halda gengisviðaukanum einum ársfjórðungi lengur en hv. fjhn. Jeg hefi það mínu máli til afsökunar, að jeg vissi ekkert um frv. fjhn., fyrir mjer vakti ekkert annað en það, að ljetta sköttunum varlega af. Svo segir hæstv. fjrh. (JÞ), að það eigi að halda gengisviðaukanum óbreyttum á ónauðsynlegum vörum. En jeg vil benda á það, að þótt hann sje feldur niður á ónauðsynlegum vörum, þá helst hann samt á sumum nauðsynjavörum, eða þeim vörum, sem jeg verð að telja nauðsynlegar fyrir fólk í kauptúnum, en það er á kaffi og sykri. Þessi tollur er ekkert óverulegur, og auk þess kemur þar í viðbót álag kaupmanna, svo að tollurinn hækkar verðið í raun og veru meira en tollfjárhæðin. Þessar vörur eru svo miklar nauðsynjar fyrir allan almenning við sjávarsíðuna, að menn komast ekki af án þeirra, en eftir till. fjhn. þá skilst mjer, að tollurinn á þessum vörum eigi að haldast áfram, svo að það er jeg, sem vil ganga lengra en fjhn., hvað sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir, þó að jeg vilji láta tollinn falla niður ársfjórðungi seinna en hún.

Klemens Jónsson: Það er í raun og veru óþarfi að vera að karpa um þetta atriði, en jeg verð aðeins að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) nokkrum orðum. Hv. þm. (JBald) hjelt því fram, að hann ætti ekki sæti í fjhn. og gæti því ekki vitað, hvað þar gerðist. En eitt gat hv. þm. (JBald) þó gert, spurt, hvað þessu máli liði og hve langt þess væri að bíða. Hefði hv. þm. (JBald) gert það, hefði hann vafalaust fengið svar í þá átt, að það hefði sennilega orðið hv. þm. (JBald) fullnægjandi til þess að hætta við þetta frv. Hv. þm. sagði, að jeg hefði hlaupið á hálfgerðu hundavaði í þessu máli. Jeg held, að það væri rjettara að snúa því upp á hv. þm. (JBald) sjálfan. Það lítur nefnilega út fyrir, að hv. þm. (JBald) vilji ekki vera að hafa fyrir því að athuga málið, heldur láta sjer nægja að sletta einhverju fram um það, En þetta er vandskoðað mál, og verður því að athugast vel. Það er ekki aðeins að ræða um tekjur ríkissjós, heldur líka getu landsmanna til þess að þola skattana. Það hefir nú sýnt sig, að afkoman er orðin betri en útlit var fyrir, og þessvegna verður að einhverju leyti að ljetta af sköttunum, en samt verður að taka tillit til framtíðarinnar, því að ekki er hægt að segja, hvernig afkoma ríkissjóðs verður á næstu árum. Þessvegna sá fjhn. það, að það varð að minsta kosti að bíða eftir því, að fjárlögin kæmu úr hreinsunareldi Nd., áður en tekin væri ákvörðun um þetta efni. Samt virtist okkur, að hægt mundi verða að lækka eitthvað gengisaukann, og það nú þegar. Og það var alls ekki af því, að frv. hv. þm. (JBald) kom fram, að frumvarp nefndarinnar er komið. Jeg get sagt hv. þm. það með vissu, að það hafði verið ákveðið nokkru áður. En prentun á því drógst, vegna þess að nefndin vildi athuga, hvort ekki væri hægt að ganga lengra. Hún hafði aðrar vörutegundir í huga, en treysti sjer ekki til þess að segja neitt ákveðið þá. En hitt fanst henni, að hún yrði að halda því fram,

að gengisviðaukanum á vörutollinum yrði þegar ljett af. Þessi tollur var síðast liðið ár 412000 kr., svo að hjer er alls ekki um svo litla upphæð að ræða, en það dugir ekki að hlaupa á hundavaði til þess að afnema alt án þess að athuga, hvernig fjárhag ríkisins er farið. Jeg geri ráð fyrir, að þessu frv., ásamt því, sem á eftir fer, verði vísað til fjhn., og þá mun nefndin auðvitað taka málið til athugunar, að svo miklu leyti sem hún ekki þegar hefir gert það.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. form. fjhn. (KlJ) segir, að jeg hefði getað spurst fyrir í fjhn., og er nokkuð til í því, en jeg veit þó ekki betur en að þm. hafi fullan rjett til að bera fram þau mál, sem þeir telja nauðsynleg. (**KlJ:** Jeg tók það líka fram). En háttv. þm. (KlJ) má vita það, að þótt jeg hefði fengið að vita um frv. það, sem nú er komið frá fjhn., þá var mjer það ekki nóg; hjer er ekkert annað verið að gera en efna loforð, sem stjórnin gaf í byrjun þings, en það nægir mjer ekki, þar sem jeg vil ganga lengra með mínu frv., svo að þó að jeg hefði leitað upplýsinga hjá fjhn., þá hefði ekki getað orðið samkomulag um það, sem felst í mínu frv. En sannleikurinn er sá, að þessar árásir hv. þm. og snuprur til mín eru algerlega út í loftið, og þó að hann hljóti þann heiður að verða form. fjhn., þá þarf hann ekki að þemba sig svo upp að vilja ekki leyfa öðrum að bera fram frv. Jeg hefi athugað þá till., sem stjórnin gerir í sínu frv., en mjer datt ekki í hug, að fjhn. mundi fara að skifta um skoðun, eftir að hagur ríkissjóðs var orðinn miklu glæsilegri en áður var, því að þá hefði hún gengið inn á það, að gengisviðaukinn skyldi feldur úr gildi 31. desember 1926. En jeg verð að halda því fast fram, að þetta tekur virkilega til annara en ríkissjóðs; það tekur líka til þeirra, sem eiga að gjalda þann skatt. Og þegar ljett er af sköttum eftir því frv., sem fjhn. hefir nú látið útbýta, þá er það gert með það fyrir augum að halda þyngstu sköttunum á mönnum við sjávarsíðuna, því að skatturinn á kaffi og sykri heldur áfram að vera, og um það get jeg aldrei orðið sammála við hv. nefnd, því að jeg álít, að hann eigi að falla niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 6 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Afnám verðtolls.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga um bráðabirgða verðtoll á nokkrum vörutegundum (þmfrv., A. 118).

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er nokkuð svipað um þetta mál og hið fyrra.

Það, sem fyrir mjer vakir með flutningi þessa máls, er að ljetta nú af almenningi þeim afarþungu sköttum, sem á voru lagðir á þingmu 1924. Þá voru menn ákaflega hræddir um, að fjárhagur ríkisins mundi verða svo, að óhjákvæmilegt yrði að leggja á þessa skatta. En þessir skattar hafa nú gert það að verkum, að nú stendur ríkissjóður sig þannig, að það sýnist vera alveg óhætt að afnema þá. Það hefir að vísu komið fram till. um það, að breyta þessum lögum nokkuð, en það helst þó enn mjög þungur skattur á ýmsum nauðsynjavörum. Þessi skattur mun hafa fært ríkissjóði nálægt 2 miljónir í tekjur, en það er þó greinilegt, að það getur varla verið um svo mikla fjárhæð að ræða, ef tekin eru fleiri ár í röð, því að eins og bert varð í umr. um fyrra málið, þá má ekki búast við þeim tekjum, ef hann stendur lengi. Hins vegar hefir skatturinn lækkað nokkuð, og tekjurnar, sem gert er ráð fyrir, að verði af honum á næsta ári, eru, að mig minnir 800.000 kr. En menn mega ekki eingöngu hugsa um það að skófla í ríkissjóðinn, það verður líka að taka tillit til þess, hvort almenningur geti borið þessa skatta. Nú heyrast kveinstafir hvaðanæfa frá atvinnurekendum um það, hvað útlitið sje afskaplegt, og má vel vera, að það sje rjett. En það er einnig ískyggilegt fyrir verkalýðinn, útlit fyrir mikið atvinnuleysi, svo að það verður einnig að líta á það, að gera almenningi ekki of erfitt fyrir með álögum, því að auk þess sem þessi skattur heldur við dýrtíðinni í landinu, gerir hann það að verkum, að allir starfskraftar, sem vinnuveitendur tala svo mikið um, verða dýrari. Það er líka tekið fyrir að innheimta þessa skatta, svo að það verður miklu hærri fjárhæð, sem almenningur borgar, en það, sem inn kemur í ríkissjóð. Það, sem jeg fer fram á, er, að þessi skattur falli niður frá 1. júlí næstk. Jeg setti mig náttúrlega ekki svo mikið á móti því, þó að þessi lög yrðu látin vera í gildi eitthvað fram á næsta ár, en verð þó að halda því fast fram, að það verði að ljetta þessum tveim sköttum af almenningi. Jeg álít, að þetta þing megi ekki skiljast svo við, að það ljetti ekki af þessum sköttum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg sje ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu um þetta frv. Það er svo um það eins og svo margt annað, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) ber fram hjer á þingi, að það er ætlað til þess að sýnast, en ekki til að vera. Þessi hv. þm. (JBald) er á hverju þingi ákaflega fjörugur í því að bera fram frv. um afnám eða lækkun á einhverjum tekjum ríkissjóðs, en svo þegar hin hliðin, útgjöldin á fjárlögunum, er til umr., þá er hv. þm. jafnfjörugur við að hækka þau, og er þannig sjálfum sjer ósamkvæmur. Jeg hygg nú, að hv. þm. (JBald) geri þetta ekki af því, að hann sjái ekki, að slíkt getur ekki staðist. Jeg hygg, að háttv. þm. (JBald) beri fram þessi frv. sín um afnám skatta aðeins til þess að sýnast. Jeg veit, að jeg þarf ekki að gera hv. deild neina grein fyrir því, að eftir þeim mælikvarða fyrir framkvæmdum af ríkissjóðs hálfu, sem tekinn er upp á fjárlög fyrir árið 1927, er því miður ekki hægt að vera án verðtollsins, og jeg held, að á meðan fjhn. er ekki komin fram með álit sitt, sje að minsta kosti ekki

tímabært að tala um að vera án þessara tekna. Og jeg fyrir mitt leyti tel nú ekki miklar líkur til þess, að sú nefnd, eða þingið í heild, muni vilja fara mikið skemra í útgjöldum til verklegra framkvæmda á fjárlögunum heldur en stjórnin hefir gert. En þá er, eins og jeg gat um, ekki unt að vera án verðtollsins, og allra síst forsvaranlegt að fella hann niður á þessu ári, þar sem fjárlög fyrir þetta ár eru sett, og þau byggja beinlínis á þeim tekjum, sem ætlast er til, að þessi gjaldstofn beri. Jeg get hinsvegar látið mjer liggja í ljettu rúmi, hvort hv. deild afgreiðir þegar þetta mál til fulls, eða leyfir því fyrir siða sakir að fara til 2. umr. og nefndar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er jafnan svo, að þá er hæstv. fjrh. (JÞ) tekur til máls um fjármálin, þá skyldi maður ætla, að hann væri hinn eini maður, sem hugsaði um þau mál og stæði á verði fyrir hönd ríkissjóðs, svo harðorður er hann í garð þeirra manna, er dirfast að vera á annari skoðun en hann. Það lítur út fyrir, að hann telji sjálfan sig hinn eina mann á þingi, sem sparar útgjöld ríkissjóðs, en heldur í tekjurnar. En sje nú ferill hans rakinn, þá sjest glögt, að eigi eru það alt holl ráð ríkissjóði til handa, sem undan þeim rifjum koma. Það er skemst á það að minnast, að hann knúði fram tillögu hjer í hv. deild, till. um það, að láta ríkissjóð tapa stórfje. Á síðasta þingi kastaði fyrst tólfunum um tillögur stjórnarinnar og hæstv. fjrh. (JÞ) um fjármál landsins. Aldrei hefir verið meiri bruðlun en í sumum frv. þá. Þess vegna getur enginn maður tekið það alvarlega, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje eini maðurinn, er hugsi um fjárhag landsins, en hinir þm. sjeu allir bruðlunarseggir.

Það er ekkert ósamræmi í því, að þá er bráðabirgða verðtollurinn hefir int hlutverk sitt, að borga lausaskuldir ríkissjóðs, þá vilji menn alment, að hann falli niður. Það verður til þess að ljetta afkomu almennings; því getur hæstv. fjrh. (JÞ) ekki neitað, þrátt fyrir öll digurmæli hans. Og jeg álít það algerlega óverjandi, ef hv. deild færi nú að fella frv. við 1. umr. Vil jeg víkja máli mínu til þeirra hv. þdm., sem voru með í því að koma verðtollinum á, og jeg bið þá að minnast þess, hve ófúsir þeir sumir hverjir þóttust vera til þess, og hugguðu sig við það, að lögin ættu aðeins að standa stutta stund. Síðan eru nú liðin um 2 ár. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að lögin hafi náð tilgangi sínum, og þess vegna megi ljetta tollinum af. Jeg vænti þess, að málinu verði vísað til fjhn., og að nefndin sjái sjer fært að fara sem næst tillögu minni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það fer fjarri því, að jeg hafi sagt nokkuð í þá átt, að jeg sje eini maðurinn, sem hugsi um fjárhag ríkisins eða eigi mestan þátt í viðreisn hans. Jeg hefi einmitt látið fá tækifæri ónotuð til þess að benda á þann sannleika, að það eru fleiri en stjórnin, sem hafa átt þátt í því starfi að rjetta við fjárhag ríkissjóðs. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) má þar að vísu gjarna undanskilja s i g, því að hann hefir aldrei sýnt minstu viðleitni í þá átt að vilja rjetta við fjárhaginn. En hann er líka undantekning; hann er eini þingmaðurinn, sem jeg get undanskilið, að eigi þátt í viðreisnarstarfinu.

Það, sem hv. þm. (JBald) var að tala um bruðlun og eftirgjöf hjá stjórninni, þá er hvorttveggja misssögn. Það er engin bruðlun, þótt síðasta þing vildi lina á sköttum og halda útgjöldum í hófi. Jeg er ekki heldur að saka hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um bruðlunarsemi, þótt hann vilji nú afnema verðtollinn. Mjer datt ekki í hug svo heimskulegt orðatiltæki.

Jeg hygg, að reynslan hafi nú rjettlætt allar till. stjórnarinnar í skattamálum á síðasta þingi. Að þær tillögur gengu eigi allar fram, á sinn þátt í því atvinnuleysi, sem hjer hefir verið, það sem af er þessu ári.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg fæ ekki betur sjeð en að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi nú tekið alt aftur, sem hann sagði um mig í fyrstu ræðu sinni og í upphafi þessarar ræðu. Kom þetta af eðlilegum ástæðum, þegar hann fór að hugsa um, hvað hann hafði gert. Hann hrósaði sjer af því, að hann hafi ljett af sköttum, en það er einmitt hið sama, sem farið er fram á í tillögum mínum. Það sjer hann nú, hæstv. fjrh. (JÞ), og því er eðlilegt, að hann snúi við blaðinu. Hins vegar vildi hann nú láta líta svo út, sem hann væri að gefa viðurkenningu þeim, er hjálpað hefðu til að reisa við fjárhaginn. Það vill nú svo vel eða illa til, að ekki eru nema örfáir dagar síðan sami hv. ráðh. (JÞ) bar Framsóknarflokknum bruðlunarsemi á brýn, og kvaðst eigi vænta neinnar gætni þaðan í fjármálum. Það eru nú 10 menn í þeim flokki hjer í hv. deild, — og nú hefir hann bætt mjer við, eða öllu heldur tekið mig út úr, og hefi jeg ekki neitt á móti því.

Hæstv. fjrh. (JÞ) getur ekki neitað því, að tillögur hans á síðasta þingi og till. hans um eftirgjöfina, um daginn, miðar alt að því, að gera fjárhaginn erfiðan. Má þar meðal annars minna á bruðlunartillöguna frægu, um varalögregluna í fyrra. Já, hæstv. fjrh. (JÞ) hlær; honum finst víst nokkuð oft minst á þetta mál. Hann hefir nú fundið þá öldu, sem á er skollin frá þjóðinni út af þessu máli, og vill því ekki láta minnast á það framar, heldur reyna að láta það falla í gleymsku. Og eigi má heldur minnast nú á tekjuskattstillögur hans í fyrra.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er mesti misskilningur, að jeg taki aftur eitt einasta orð, sem jeg hefi sagt um bruðlunarsemi hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg leiddi einmitt athygli manna að því, að öll viðleitni hans hefir gengið í þá átt, að eyðileggja hag ríkissjóðs. En það sagði jeg líka, að sú bruðlunarsemi kemur ekki fram í þessu frv. Það miðar að vísu til þess að rýra hag ríkissjóðs, en bruðlun getur það ekki talist, eins og till. hans við fjárlögin á ári hverju.

Um Framsóknarflokkinn á jeg ekkert vantalað við þennan háttv. þm. (JBald), en jeg get talað um bruðlunarsemi hans við rjetta aðilja, ef svo ber undir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 6 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Kosning þingmanns fyrir Siglufjörð.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 142).

Á 31. og 33. fundi í Nd., dagana 15. og 17. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár (þmfrv., A. 153).

Á 34, 35. og 36. fundi í Nd., dagana 18., 19. og 20. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 22. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer þykir hlýða að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Reyndar mætti vísa til þeirra skýrslna, sem prentaðar hafa verið um þetta mál og útbýtt hefir verið meðal háttv. þm. Eru það skýrslur Sv. Möllers og Geirs G. Zoëga, er útbýtt var í fyrra, og framhaldsskýrsla Geirs G. Zoëga, er háttv. þm. hafa nú mjög nýlega fengið.

Þessar skýrslur eru mjög ítarlegar og gefa ágætar upplýsingar um þetta mál, og jeg vona, að háttv. þm. hafi kynt sjer þær. Eigi að síður vil jeg fara um málið nokkrum orðum.

Þess skal þá fyrst getið, að hæstv. stjórn hefir undirbúið þetta frv. Er það í öllum höfuðatriðum eins og það barst okkur flutningsmönnum í hendur frá hæstv. landsstjórn. Er jeg hæstv. landstjórn þakklátur fyrir þann áhuga, er hún hefir sýnt í þessu máli, og jeg veit, að háttv. meðflutningsmaður minn og margir aðrir háttv. þingmenn, muni taka undir það.

Jeg fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta er langstærsta velferðarmálið, er vjer höfum nú með höndum. Hvenær sem við stígum þetta spor, — og það ættum við að gera nú, — að leggja járnbraut frá Reykjavík og austur yfir fjall, austur á Suðurlandsundirlendið, þá mun það sýna sig mjög fljótlega, hvílíka blessun og framfarir það skapar, ekki einungis fyrir hjeraðið, sem járnbrautin liggur um, heldur og kaupstaðina Reykjavík og Hafnarfjörð.

Þessi samgöngubót mundi ekki aðeins flýta fyrir jarðræktinni í Árnes- og Rangárvallasýslu og greiða fyrir því, að bændur geti hýst betur býli sín, flýtt fyrir bygging nýbýla, svo að fólki fjölgi í þessum hjeruðum, að velmegun vaxi o. s. frv., heldur mun hún einnig skapa

betri afkomu í kaupstöðunum og holla lifnaðarhætti.

Þetta er því ekki aðeins fjárhagslegt framfaramál, þó að það sje það að vísu og það í stórum stil, það er engu síður þýðingarmikið menningarmál. Fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð og Suðurlandsundirlendið, en einnig og það ekki í litlum mæli fyrir landið alt.

Áhrif Reykjavíkur og stærri kauptúna á fólkið út um bygðir landsins eru ekki lítil. Það er þess vegna ekki lítils um það vert, að hollustuhættir fólksins í kauptúnunum sjeu sem bestir, og að því sje stuðlað, eftir því, sem við höfum aðstöðu til. Og því nánara og meira samband, sem kauptúnin hafa við fjölmenn og góð sveitahjeruð, því meiri von er, að þau dragi dám af lífi og háttum sveitanna. Því þjóðlegri verða þau. — Einangrun kauptúnabúanna frá sveitalífinu er blátt áfram hættuleg fyrir þjóðfjelagið.

Þess var getið hjer um daginn, í umræðunum um mentaskóla Norðlendinga, að Akureyri væri mjög sveitalegur bær. Heilbrigði og hollustuhættir fólksins þar væru bæði meiri og betri en hjer í Reykjavík, og því var þakkað, hvað Akureyri hefði mikið samband við sveitirnar í grend. Jeg skal engan dóm á þetta leggja, en sje þetta rjett, að lifnaðarhættir fólksins á Akureyri sjeu hollari en hjer í Reykjavík, þá er jeg ekki í neinum efa um, að það sje rjett til getið, að það sje hinu mikla og nána sambandi að þakka, sem Akureyri hefir við sveitirnar.

Jeg vona þess vegna, að þeir háttv. þingmenn, sem hafa kunnugleik á Akureyri og eru þessarar skoðunar, að þeir geri nú sitt besta til að losa höfuðstað þessa lands úr þeirri einangrun frá sveitunum, sem hann hefir verið í alla stund síðan hann varð til, og stuðli að því fyrir sitt leyti, að hann í þessum efnum eins og öðrum geti tekið sem bestum og mestum framförum.

Það á að vera oss öllum metnaður, að Reykjavík verði sem bestur og göfugastur bær. Hjer eru æðstu mentastofnanir vorar. Hjer er saman komið alt það besta, sem við eigum í vísindum og listum. Hingað sækja allflestir embættismenn þjóðarinnar mentun sína. Þeir eiga að vera forgöngumenn og brautryðjendur þjóðarinnar. Miklu skiftir það, að þeir á æskuárunum kynnist góðu og göfugu fólki. Því meiri von er til þess, að þeir verði góðir og göfugir forustumenn.

Eins og drepið er á í greinargerðinni við frv., hefir tvisvar komið fram frv. um að leggja járnbraut úr Reykjavík austur yfir fjall, en þingið gat í hvorugt sinnið fallist á það. Nú er málið borið fram í þriðja sinn, og jeg vona, að nú verði það samþykt. En takist nú svo illa til, að það verði ekki, þá mun málinu verða, hjeðan í frá, haldið vakandi og ekki hætt við flutning þess fyr en það er komið í höfn.

Að svo hlýtur að verða, er sú mikla vissa, sem menn hafa um, að járnbrautin beri sig mjög fljótlega, og sú brýna þörf, sem menn hafa hennar.

Það, sem olli því í bæði hin skiftin, sem málið var borið fram, að það náði ekki fram að ganga, var eflaust ókunnugleiki mjög margra þingmanna á þessu máli. Nú hefir málið verið rannsakað enn á ný, og miklar og mikilvægar nýjar upplýsingar hafa komið fram, og allar falla þær á þá sveifina til meðmæla málinu. En auk þessa má líka benda á það, að síðan málið fyrst var borið

fram á Alþingi 1894, hefir fólki fjölgað mjög mikið hjer í kauptúnunum, Hafnarfirði og Reykjavík, og flutningar og flutningaþörf hjeraðsins fyrir austan fjall mörgum sinnum meiri nú en þá var. Jafnvel síðan 1913, þegar málið var borið í annað sinn fram, hefir þetta breytst mjög mikið. Ræktunin og ræktunarskilyrðin austan fjalls eru líka alt önnur nú, heldur en þau voru áður. Vöruflutningar sjóleiðis að kauptúnunum eystra eru alveg, að heita má, úr sögunni, og koma aldrei aftur. Verslun hjeraðsins er, með öðrum orðum, öll komin til Reykjavíkur. Alt þetta stuðlar að því, að járnbrautin beri sig. En þessar ástæður eru líka þess valdandi, að hjeruðunum austan fjalls er lífsnauðsyn að fá sem allra bráðast járnbrautina.

Jeg skal víkja nánar að þessari breyting, sem orðið hefir hjer í þessum kaupstöðum og hjeruðum austan fjalls þetta tímabil, sem jeg nefndi.

Árið 1894 voru íbúar

Hafnarfjarðar	620
Reykjavíkur	4031
Árnessýslu	6389
Rangárvallasýslu	4818
Íbúar samtals	15858

Árið 1913 voru íbúar:

Hafnarfjarðar	1647
Reykjavíkur	13354
Árnessýslu	6105
Rangárvallasýslu	3980
Íbúar samtals	25086

Árið 1924 voru íbúar:

Hafnarfjarðar	2692
(nú líklega yfir 3000).	
Reykjavíkur	20657
Árnessýslu	5476
Rangárvallasýslu	3752
Íbúar samtals	32577

Þannig hefir fólkinu fjölgað:

Í Hafnarfirði frá 1894—1924 um	2072
- Reykjavík um	16626

En fækkað:

Í Árnessýslu um	913
- Rangárvallasýslu um	1066

En alls hefir fólkinu fjölgað í þessum 4 stöðum um 16719, eða meira en tvöfaldast, frá 1894.

En mannfjöldi á öllu landinu var það ár 72177, en nú var mannfjöldinn 1924 98370. Þannig hefir fólkinu fjölgað á öllu landinu um 26193, og af þeirri fjölgun koma 16719 á þessi 4 hjeruð, en 9474 á aðra landshluta.

Þessar tölur sýna mjög skýrt, hvað fólkinu hefir fjölgað hjer í Reykjavík og Hafnarfirði, en því miður hefir því fækkað í sveitunum austan fjalls. Og enn þá er þó iskyggilegra að sjá fram á það, að því heldur áfram að fækka þar, ef ekki er horfið að því ráði að gera það góðar og öruggar samgöngubætur, að fólkinu í sveitunum verði gert kleift að afla sjer lífsnauðsynja og þess annars, er það þarf nauðsynlega með. Ferðalög að austan, hingað til Reykjavíkur eru svo dýr og tímafrek, að það er að verða bændum ókleift að afla sjer lífsnauðsynja. Menn eru í hverri ferð 8—10 daga, eftir því hvernig gengur og hvar í hjeraðinu menn búa. Þegar mannekla er mikil og fólkið afardýrt, sjá allir heilskygnir menn, hver ógnar skattur aðdrættirnir eru. Hinsvegar eru búflutningarnir mjög dýrir. Með bíl

kostar flutningurinn austur á hver 100 kg. frá 7—12 kr., eða jafnvel meira.

Vonandi sjá allir, að ekki muni geta orðið stórstígar framfarir í jarðræktinni, fjölgun nýrra býla eða aukin framleiðsla í nokkuð stórum stíl, á meðan svona er ástatt um flutningana. Það er tómt mál um það að ræða, fyr en járnbraut er fengin austur um heiði. Jeg vona, að þeir hv. þm., sem láta sjer ant um afkomu landbúnaðarins og eru þeirrar trúar, að sveitabúskapurinn og sveitalífið sje sú atvinnugreinin, sem þjóðin verði að treysta, hvernig sem fellur, viðhaldi tungu hennar og menningu, heilbrigði og öllu því, sem best er í fari hennar, að þeir verði ekki til þess að leggja stein í götu þessa mikilvæga framfaramáls Reykjavíkur og Sunnlendinga. Jeg er líka þeirrar skoðunar, að landið í heild, fjarlægari hjeruð einnig, er stundir líða, hafi mikið gagn af því, að járnbraut verði lögð.

Þá vil jeg minnast á búfjáreign bænda í Árnes- og Rangárvallasýslu árið 1894 og nú. Geri jeg það vegna þess, að fólkinu hefir fækkað í sveitunum á þessu tímabili. Jeg vil ekki, að menn haldi, að álíka afturför hafi átt sjer stað í jarðyrkju og kvikfjárrækt inni eða búskap yfirleitt. Það er sem sje þvert á móti, þrátt fyrir alla þá erfiðleika, sem bændur eiga nú við að etja.

Árið 1894 voru:

	Nautgr.	Hross	Sauðfje
Í Árnessýslu ...	2864	4260	47256
- Rangárv.sýslu	2510	4937	49204
1913:			
- Árnessýslu ...	3552	5174	68472
- Rangárv.sýslu	3046	6414	55045
1924:			
- Árnessýslu ...	3499	5012	62732
- Rangárv.sýslu	3035	6870	48273

Þetta yfirlit sýnir, að fjenaði hefir fjölgað frá 1894, og það allvænlega, þrátt fyrir það, þó að fólkinu hafi fækkað. Sauðfjeð er að vísu nokkru færra 1924 en 1913, en því hefir líka fækkað alment á öllu landinu. Það var árið 1913 samtals á öllu landinu 634.964, en 1924 var það alls 582.960, en 1894 var það 556.257.

Að jarðabótum hefir verið unnið mest í Árnessýslu af öllum sýslum á landinu. Þar hafa verið unnin um 436 þús. dagsverk, sem skýrslur herma, fyrir utan hin stóru áveitufyrirtæki. Í Rangárvallasýslu hafa verið unnin 255 þús. dagsverk. Mjer virðist þetta sýna, að menn hafa ekki í þessum hjeruðum setið auðum höndum frekar en annarsstaðar. Það er öldungis víst, að menn hafa hug á að bjarga sjer, eftir því sem frekast er mögulegt. Og jeg tek þetta ekki fram af því, að jeg viti ekki, að hið sama má segja yfirleitt um bændur landsins, hvar sem er.

Í skýrslu Sv. Möllers og Geirs G. Zoëga, um rekstur járnbrautarinnar, er gert ráð fyrir fólksumferðinni þannig:

Á 2. rekstrarári:
17000 manns, 3 ferðir hver.
Vöruflutningar 8000 tonn.

Á 10. rekstrarári:
19000 manns, 5 ferðir hver.
12600 tonn (vörur).

Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að þessi áætlun er mjög varleg; jeg er nærri viss um, að á 2. rekstrarári brautarinnar muni flutningarnir verða mun meiri, og jeg hefi áður getið um það, af hverju það stafar, og þess er líka getið í greinargerðinni, svo að jeg fjölyrði ekki mikið um það nú. En eins

og jeg er sannfærður um, að flutningarnir verða meiri á 2. rekstrarári brautarinnar en áætlað er, er jeg þó enn sannfærðari um, að flutningarnir muni aukast miklu meira, er stundir líða, en áætlað er, og verða á 10. rekstrarári brautarinnar miklu meiri. Jeg tek þetta ekki fram til þess á nokkurn hátt að áfella þá, sem að þessari skýrslu eða áætlun hafa unnið, það fer mjög fjarri, heldur aðeins til þess að minna á, hve afarvarlega þessi áætlun er gerð. Og fyrir það eiga þessir menn skilið lof, en ekki last. — En ástæðuna fyrir því, að flutningarnir muni aukast mikið meira en þeir áætla, vil jeg lítið eitt minnast á nánar.

Alt graslendi í Árnes- og Rangárvallasýslu er talið 237.200 ha. Þar af í Árnessýslu 121.900 ha., en í Rangárvallasýslu 115.300 ha.

Þetta afarmikla landflæmi er lítt numið land. Býlin á þessu svæði eru talin í síðasta jarðamati (Þingvallasveit ekki þar með talin):

Í Árnessýslu	610
Í Rangárvallasýslu ...	551
Samtals	1161

Að meðaltali ætti þá að heyra til hverju býli um 204 ha. af graslendi (auk afrjetta, mela, sanda, hrauna).

Túnin í sveitunum eru talin árið 1922 í báðum sýslunum alls 4231 ha. Það er um $\frac{1}{50}$. hluti af graslendinu. Stærð túnanna að meðaltali á býli er því um 3.9 ha. Um 200 ha. að meðaltali á hvert býli er þá annað graslendi og er mest alt óræktað eða mikið til.

Sje litið á fjártalið samkvæmt búnaðarskýrslum, kemur það í ljós, ef breytt er öllum fjenaði í nautgripi, eftir fóðurþörf, að einn nautgripur lifir á hverjum 1.2 ha. Þetta sýnir, hve óhemjumikið landrýmið er og notkun landsins skamt á veg komin.

Það er engum vafa bundið, að það er hægt, með aukinni ræktun, að tífalda framleiðsluna á þessu landi. Á þessu landi ræktuðu gætu mikið betur lifað 92 þús. manns en nú 92 hundruð. Ræktun þessa mikla og góða lands hefði afarmikil áhrif á allan þjóðarhag. Landrýmið og landgæðin til ræktunar, fossarnir í ánum til að lýsa og ylja upp sveitabæina. Alt þetta býður sig fram til þess að býlum geti fjölgað, ekki einu sinni eða tvisvar, heldur 10 sinnum, frá því sem nú er. Jafnframt myndu bæirnir, sem fyrir eru, verða vistlegri. Og auðvitað margfaldast framleiðslan við þessa breytingu.

En alt þetta er óhugsandi og ómögulegt nema öruggar samgöngur fáist við Reykjavík. Og þær samgöngur eru járnbraut og ekkert annað. Þau ein flutningatæki geta gengið sumar og vetur hjer á milli, svo að örugt megi telja.

Jeg vil ekki eyða tíma til að minnast á önnur samgöngutæki. Þau fullnægja alls ekki, og það væri dauðasynd að leggja t. d. bílveg austur, en ekki járnbraut.

Framfaramöguleikarnir í hjeruðunum eystra og Reykjavík, og enda Hafnarfirði, ef járnbraut er lögð milli þessara staða, eru nær óþrjótandi.

Frá Reykjavík og Hafnarfirði er nú rekin stórútgerð í allstórum stíl, með fullkomnustu nútímatækjum. Við höfum einhver bestu fiskimið í heimi. Ef landbúnaðurinn austur í sveitum á að keppa við stórútgerðina í þeirri einangrun, sem hann er í nú, er honum það ómögulegt. Hann mun þá smátt og

smátt kulna út og deyja. Fengi landbúnaðurinn eystra hinsvegar þá samgöngubót, að fólkið gæti komist á milli hvenær sem er, á ódýran hátt, og hann komið sinni framleiðslu frá sjer og aflað sjer sinna nauðsynja, með góðu móti, myndi alt annað verða upp á teningnum.

Margir þeirra, er bygðu nýbýli, og þeir yrðu margir, myndu fyrst í stað, á meðan þeir væru að koma fótunum fyrir sig í sveitunum, stunda atvinnu, að einhverju leyti í Reykjavík eða Hafnarfirði bæði á sjó og í landi. En það má því aðeins verða, að þeir þurfi ekki að kosta mjög miklu til sinna ferðalaga og flutninga, og komist fljótlega á milli, hvenær sem er. Þannig gæti sjórinn að nokkru leyti hjálpað til að byggja landið, og teldi jeg það mjög vel til fallið.

Jeg hefi áður drepið á, hverja þýðingu þessi samgöngubót myndi hafa fyrir kauptúnin, og að því er líka lítils háttar vikið í greinargerðinni, og læt jeg það nægja.

Jeg hefi þá held jeg leitt rök að því, að þetta mál snertir ekki lítið alþjóðarhag, hvernig sem afgreiðsla þess fer. Það er sannfæring mín, að eftir að járnbraut væri lögð austur yfir fjall, liði ekki á löngu þar til hún yrði lögð upp í Borgarfjörð, og svo myndi hún smáfikra sig áfram alla leið norður í land. Og því fyr sem við leggjum fyrsta spottann, því fyr verður það, að hún kemur þangað. Hvernig menn snúast við þessu þýðingarmikla máli, held jeg sýni betur en nokkuð annað, hvaða trú og traust menn hafa á landinu og niðjum þess.

Jeg ber það traust til háttvirtra þingmanna, að þeir snúist ekki gegn þessu máli, þótt þessi hjeruð, sem brautin liggur um, fái með þessu móti betri samgöngubót en nokkurt annað hjerað á þessu landi. Og þó að framkvæmd verksins kosti óneitanlega mikið fje, þá vona jeg, að eftir sem áður verði hægt að halda áfram umbótum í öðrum hjeruðum. Það fje, sem til þessa gengur, kemur þá líka til nota nærri ⅓ hluta þjóðarinnar, og það þeim þegnum landsins, sem ekki leggja hvað minst fje til nauðsynja þess.

Jeg fer ekki að minnast á einstakar greinar frv. Jeg býst við, að tækifæri verði til þess síðar. Hjer er lagt til að fara þá leið, er líklegust er til framkvæmda. En vel má vera, að einstakir menn vildu leggja fje fram til þessarar framkvæmdar, og gæti það þá komið til athugunar í nefndinni, sem fær málið til meðferðar.

Vona jeg, að háttv. deild taki þessu máli vel, og láti ekki gott málefni gjalda þess, þó að framsaga mín hafi ekki verið eins góð og málefnið verðskuldar.

Jeg leyfi mjer svo að leggja til, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, að þessari umr. lokinni.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að svo stöddu að gera mál þetta að umtalsefni, en mjer heyrðist hv. flm. (JörB) segja, að málið væri flutt fyrir hæstv. stjórn. Vildi jeg því beina þeirri spurningu til hans, hvort þetta sje rjett. Jeg tel málið mikils vert, en hjer var nýskeð fyrir annað mál, um það að kaupa nýtt strandferðaskip, en hæstv. stjórn hjelt því þá fram, að fjárhagur landsins þyldi eigi, að í það yrði ráðist. Trúi jeg því eigi fyr en jeg tek á, að hæstv. stjórn láti nú bera fram þetta stórmál.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson:) Jeg get þegar svarað hv. þm. V.-Húnv.

(ÞórJ) því, að jeg gat þess eigi í ræðu minni, að frv. væri flutt fyrir hönd hæstv. stjórnar, en hitt sagði jeg, að hún hefði undirbúið málið, og flutti henni þakklæti mitt fyrir það. Annars þykist jeg flytja frv. fyrir alla þjóðina, og ef ekki fyrir hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), þá vafalaust fyrir niðja hans.

Sveinn Ólafsson: Svona stórt mál vekur eftirtekt og á virðingu skylda, og mig furðar á því, að ekki skuli fleiri hafa kvatt sjer hljóðs eftir að hafa hlustað á ræðu hv. flm. (JörB). Jeg er honum í rauninni þakklátur fyrir þá fögru drauma, sem hann hefir dreymt og skýrt hjer frá, en ýmsa fleiri hefir dreymt líka drauma um stórfeld samgöngutæki, og þeir hafa eigi rætst.

Það væri að sjálfsögðu ótilhlýðilegt, að ætla sjer að þegja slíkt mál í hel sem þetta er, enda geri jeg ráð fyrir, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar, hvað sem eftir fer.

Jeg get sagt fyrir mig, að jeg get venjulega stutt með ljúfu geði þær till., er lúta að bættum samgöngum, því að það er trúa mín, að góðar samgöngur sjeu lyftistöng líkamlegrar og andlegrar velmegunar þjóðarinnar. En vitanlega á þetta þó því aðeins við, að mögulegt sje að veita stuðning slíkum fyrirtækjum, og að þau sje ekki ofvaxin þjóðfjelaginu og lami um leið alla viðleitni aðra til þess að búa í haginn fyrir ókomna tímann.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) benti á eftirtektarvert atriði í sambandi við þetta mál, það atriði, sem öllum er minnisstætt, er talað var um það hjer í hv. deild fyrir fáum dögum, að ríkissjóður mætti eigi fjárhagsins vegna leggja í kaup á litlu strandferðaskipi, til þess að greiða úr þeim samgöngum, sem mest eru á eftir tímanum. Skipið kostaði þó í mesta lagi 4—500 þús. krónur, en nú er á sama tíma ráðgert, og að því er virðist af hæstv. stjórn, að ríkissjóður ráðist í margra miljóna fyrirtæki slíkt og þetta er. Því er haldið fram, að hartnær ⅓ hluti allra landsbúa muni njóta góðs af þessu fyrirtæki, en jeg held því hiklaust fram, að miklu fleiri mundu hafa not af strandferðaskipi, sem vart kostar meira en $\frac{1}{20}$ af brautarverðinu.

Annars virðist mjer, að þá er um er að ræða undirbúning aukinna samgagna, þá sje um þrjár leiðir að velja, er komi í þessari röð:

1. Að auka þær samgöngur, sem skemstan tíma taka, flestum verða að gagni og minst fé heimta, en það eru tvímælalaust samgöngur á sjó.

2. Að reyna að tengja saman hjeruð landsins með akfærum vegum, einkum þau, sem síst njóta strandferða, en það er skamt á veg komið enn, nema þá helst á suðvesturhorni landsins.

3. Að reyna að koma upp járnbraut, þegar hitt er fengið, þar sem flutningaþörfin er mest og einhver möguleiki til þess, að hún geti borið sig. Nú veit jeg ekki, hvort slíkir möguleikar eru á þessum stað, enda þótt jeg hafi lesið álit sjerfróðra manna um þetta. Þeir hafa að mínu áliti ekki hitt naglann á höfuðið í útreikningum sínum og víða bygt á hæpnum tilgátum. Það má þó vera, þegar fram í sækir, að það reyndist fjárhagslega kleift að reka slíkt fyrirtæki, en til þess hygg jeg að margt þurfi að breytast.

Jeg kann betur við að taka þetta fram áður en málið gengur lengra, svo að eigi verði ráðið af þögn minni, að jeg

sje frv. samþykkur, eða bygðar á þögninni falskar vonir. Ef komnir væru akvegir um aðalhjeruðin og samgöngur góðar með ströndum fram, mundi mjer ekki annað kærara en styðja að því, að þetta þriðja og stærsta spor yrði stigið, ef efni leyfðu og aðrar betri leiðir vantaði. Alþingi hefir um langt skeið lagt áherslu á bættar samgöngur á landi, og eins og allir vita hefir verið fórnað miklu fje til samgöngubóta. En þær hafa alt að þessu lítið náð til annara landshluta en hjeraðanna hjer við Faxaflóa og austan fjalls.

Jeg get ekki fallist á þá kenningu hv. 2. þm. Árn. (JörB), að akvegur austur yfir fjall geti ekki að liði komið vegna votviðra og úrfella, eða að hann endist miður hjer en alstaðar ella. Fyrir þeirra hluta sakir er ekki nauðsynlegt að ráðast í þau fyrirtæki nú, er valda kyrstöðu um aðrar samgöngur um óákveðinn langan tíma. Austurland er talinn úrkomusamasti hluti landsins, — mesta úrfellismagn á landi hjer hefir reynst við Berufjörð — og ætti því að gilda hið sama um vegagerð þar og hjer að þessu leyti. En jeg hefi ekki annars orðið var, en að akfærir vegir þar — sem varla teljast aðrir en Fagradalsbrautin — hafi staðist umferð álika vel og annarsstaðar á landinu.

Það getur verið, að jeg með þessum andmælum gegn frv. baki mjer óvild einhverra. Við því verður ekki gert, jeg verð að koma til dyranna eins og jeg er klæddur, og tel rjett að koma fram með þessar athugasemdir áður en meira er að gert.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er fjarri mjer að hafa á móti því, að málið sje athugað sem best. Jeg hefi lýst yfir því, að jeg vildi, að hv. þdm. kyntu sjer það sem allra best og settu sig inn í alt því viðvíkjandi. Það er sannfæring mín, að því betur sem það er athugað, því meira græðir það. Jeg er viss um það, að hver sá maður, sem athugar málið rækilega, getur ekki lagt stein í götu þess.

Jeg veit ekki, hvernig jeg á að skoða ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Mjer finst ástæður hans ekki svo mikilvægar, að hann geti verið móti frv., og fyrir fáum dögum lýsti hann yfir því, að hann væri með öllum bættum samgöngum, þó að hann þá talaði aðallega fyrir bættum samgöngum á sjó. En hann er ekki svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að sama gildir um bættar samgöngur á landi. Og þessi hjeruð, sem járnbrautin á að ná til, eru meira einangruð en önnur hjeruð, þótt jeg fullyrði ekki, að annarsstaðar sjeu viðunandi samgöngur. Og ef hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vill bera saman samgöngur á landi og sjó, hlýtur hann að komast að raun um, að þær eru miklu verri á landi.

Hv. þm. (SvÓ) drap í ræðu sinni á fagra drauma, og skildist mjer svo sem honum þætti jeg nokkuð bjartsýnn á framfarir út af þessu fyrirtæki. Jeg get nú að vísu ekki gefið honum aðra sannfæringu í því efni, en ef við trúum á framfarir og menningu þjóðarinnar, þá ættum við að vera sammála. Þær framfarir geta því aðeins orðið stórstígar, að veitt sje fje til samgöngubóta. Jeg hygg, að hv. þm. (SvÓ) telji sig ekki versta fulltrúa landbúnaðarins, en ef hann rís nú á móti þessu nauðsynjamáli, þá tel jeg hann ekki sjálfkjörinn fulltrúa þess atvinnuvegar.

Hv. þm. (SvÓ) vildi rjettlæta skoðun sína með því, að þetta væri landinu ofvaxið og mundi hefta framfarir á öðrum sviðum. Þar er jeg honum algerlega ósammála. Fyrst er nú á það að líta, að þetta er frv. til heimildarlaga, og því aðeins verður ráðist í verkið, að stjórnin sjái sjer það fært fjárhagsins vegna. En þótt fyrirtækið bindi fje, þá er það ekki svo mikið, að okkur sje það ofvaxið.

Þá mintist hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) á strandferðaskipsmálið í sambandi við þetta mál, og sögðu, að fyrst hæstv. stjórn hefði eigi sjeð fært að ráðast í kaup á slíku skipi, fjárhagsins vegna, þá ætti því síður að vera fært að ráðast í þetta fyrirtæki. Jeg ætla mjer ekki að tala þar fyrir hæstv. stjórn, því að jeg hefi ekki spurt hana að ástæðunni fyrir því, að hún var á móti strandferðaskipskaupunum, en mjer dettur helst í hug, að hún hafi þá haft í huga aðrar samgöngubætur, t. d. járnbrautina. Jeg vil og minna hv. þm. S.-M (SvÓ) á það, að sá halli, sem verða mundi á rekstri tveggja strandferðaskipa, mundi eigi nema minni upphæð en vöxtum af því fje, er þyrfti til að leggja járnbraut austur yfir Ölfusá. Jeg held þessvegna, að slík upphæð hljóti að ganga til að bæta upp reksturshalla á strandferðaskipunum og til að standa straum af járnbrautarlánum. En annars er hjer ólíku saman að jafna, þar sem ríkissjóður þarf ekki aðeins 5—10 ár að bera reksturshallann af skipunum, heldur hver veit hvað lengi framvegis, en þarf hinsvegar ekki nema tiltölulega stuttan tíma að borga vexti af lánum til járnbrautarinnar. En hv. þm. fanst ríkissjóði ekki ofvaxið að bera rekstrarhalla strandferðaskipanna, og sagði, að þeirra samgöngubóta nytu fleiri. Þetta er ekki rjett. Jeg held þvert á móti, að færri nytu þeirra. Jeg tek það fram samræmisins vegna, að jeg áleit rjettmætt, að þeir, sem hv. þm. ber fyrir brjósti, fengju samgöngubót, fyrst hv. þm. dró það inn í umræðurnar. En þá er líka því meiri ástæða til að styðja þetta mál, þar sem jeg er sannfærður um, að langtum fleiri nytu hjer samgöngubóta en með strandferðaskipi. Þess ber einnig að gæta, að þessi hjeruð eiga við afar illar samgöngur að búa.

Eftir skýrslum þeim, sem fyrir liggja og hv. þm. hafa vafalaust kynt sjer, er öldungis víst, að þetta fyrirtæki borgar sjálft vexti af lánum sínum eftir fá ár, þótt um stund þurfi að leggja fram sem svarar vöxtum.

Jeg er sannfærður um, að hjer er á ferðinni fyrirtæki, sem leiðir mjög mikið gott af sjer fyrir land og lýð, og slíkt fyrirtæki verður á allan hátt að styðja, svo að það komi að tilætluðum notum. Jeg álít eigi annað gerlegt en að flýta sem frekast er unt framkvæmd þessa verks, eftir því sem hið opinbera hefir aðstöðu til.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þarf ekki að hefna sín á þessu máli, þótt tillaga hans í strandferðaskipsmálinu hafi verið feld. Jeg vænti þess fastlega, að hann geri það ekki, og sá maður, sem ber heill og hag alþjóðar fyrir brjósti, má ekki hugsa og tala eins og hv. þm. (SvÓ) í þessu máli. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg búist beinlínis við andstöðu frá hv. þm. (SvÓ), en mjer fanst vera ofarlega í honum að snúast á móti málinu, og því segi jeg þetta.

Hv. þm. (SvÓ) sagði, að ósýnt væri, hvort brautin kæmi til með að bera sig.

Hann vildi vefengja skýrslur þær, sem gerðar hafa verið, en færði engin rök fyrir máli sínu, að flutningar, bæði mannflutningar og vöruflutningar yrðu minni en áætlað hefði verið. (SvÓ: Spádómar!). Hv. þm. skýtur hjer inn í, að þetta sje bygt á spádómum. Ja, jeg vil nú bara segja það, að ef þetta mál er bygt á sádómum, þar sem farið er eftir nákvæmum rannsóknum, þá eru ummæli hv. þm. um flutningaþörf með strandferðaskipinu líka spádómar, og það miklu fremur. Hann hefir þó ekki komið með eins sennilega spádóma fyrir sínu máli, eins og skýrslan er í þessu máli.

Það er einstaklega gott, að telja sig vera hlyntan hverju góðu máli, og láta þar við sitja. Þeim þykir viðurhlutamikið að segjast ætla að vera á móti því, en verða samt banamenn þess, þegar til kastanna kemur. En jeg geri ekki mikið upp á milli þeirra, sem á þann hátt koma góðu máli fyrir kattarnef, og hinna, sem segjast ekki vilja, að það nái fram að ganga, og eru í hreinni andstöðu við forsvarsmenn þess.

Hv. þm. (SvÓ) drap á það, að það bæri að leggja meiri áherslu á að byggja góða bílvegi um landið, áður en járnbraut yrði bygð. En hann fór ekki nánar inn á það atriði. Út af því vil jeg taka það fram, að eigi að bíða með brautina, uns mönnum þykir nóg komið af vegum um landið, yrði brautin ekki bygð í okkar tíð og jafnvel ekki í tíð niðja okkar. Og viðvíkjandi því, sem háttv. þm. sagði, að vegurinn myndi endast eins vel hjer og á Austurlandi til flutninga, þá skal jeg ekki fara út í það, en benda vil jeg hv. þm. á það, að þótt loftslag sje svipað hjer og þar, og þótt vegirnir af þeim ástæðum kynnu að endast jafnvel, þá ber þó að líta á það, sem er eigi minst um vert, hve vegurinn hjer er mikið notaður og að þörf er fyrir hann alt árið, á hvaða tíma árs sem er. Jeg þori því hiklaust að segja, að enginn vegur hjer á landi sje eins mikið notaður og vegurinn austur yfir fjall. Og ef þau fyrirtæki, sem verið er að ljúka austanfjalls, eiga að heppnast og koma að góðum notum, þurfa þau á flutningum að halda eins að vetrinum sem sumrinu, og ætti að halda veginum opnum til flutninga alt árið, þá yrði það afar kostnaðarsamt. En það yrði þó að gera, því að það mundi eyðileggja framleiðsluna austanfjalls, að koma ekki vörunum á markað. Og þótt að vísu sje ekki mikil snjóþyngsli um að ræða, þá eru þau samt svo mikil, að bílasamgöngur eru afarerfiðar um háveturinn, eins og nú standa sakir. Þessvegna væri það fásinna að leggja fyrst bílveg og kasta síðan of fjár í að halda honum við og halda honum opnum vetur sem sumar, en hverfa ekki strax að því að gera þá fullkomnu samgöngubót, sem ein dugaði, og halda þannig leiðinni austur yfir fjall opinni jafnt vetur sem sumar.

Háttv. þm. sagði, að miklu fje væri varið til samgöngubóta, miklir vegir lagðir á ári hverju og miklu varið til samgangna á sjó. En í sambandi við þetta vil jeg minna háttv. þm. á það, að við, sem búum austanfjalls, höfum ekki notið þess fjár, sem annarsstaðar hefir verið varið til samgangna á sjó. Við höfum aðeins fengið hluta af því fje, sem til vega er varið. Annars vil jeg engan meting í þessum efnum, eða fara út í samanburð við aðra landshluta, því að jeg álít það leiðinlegt verk og auk þess mjög óviðfeldið; jeg tel rjettara

að meta þörf hjeraðanna fyrir samgöngubætur og þau not, sem orðið geta að þeim, og láta það ráða gerðum sínum í svona málum. Það er áreiðanlega miklu hollari mælikvarði og líka viðkunnanlegri en allur samanburðarmetningur.

Háttv. þm. talaði um, að bílvegir einir kæmu að fullum notum. Það er þá svo best, að þeim sje altaf haldið opnum, en til þess þarf að leggja mikið fje í þá, og vafasamt hvort það verður einhlítt eða komi að fullum notum, og það er víst, að aldrei verður eins vel sjeð fyrir þessu og með járnbraut. Auk þess verður þetta öllum hlutaðeigandi miklu dýrara, þar sem fjeð, sem gengi til þess að byggja bílveginn, fengist aldrei endurgreitt eða vextir af því, og árlega yrði að verja afarmiklu fje honum til viðhalds. Þá má og líta á það, að flutningsgjöldin með bílunum verða margfalt dýrari en með járnbraut, til stórtjóns þeim, er flutningatækin nota, og verður til stórhindrunar í jarðrækt og öllum framkvæmdum eystra.

Jeg hefi nú stuttlega drepið á flest það, er háttv. þm. sagði, en hann nefndi sitthvað fleira. Jeg vil minna hann á eitt í sambandi við það, sem hann sagði um Reykjavík. Mjer hefir fundist hann stundum hafa álitið Reykjavík vera orðna full-stórborgarlegan bæ. Telur hann bæi því aðeins góða og holla, að þeir sjeu í góðu sambandi við sveitir. Sje þetta rjett, þá gegnir það furðu, að hann skuli ekki vilja, að Reykjavík fái þá hollustuhætti, sem þeir bæir hafa, sem hafa samband við sveitirnar. Jeg er þess fullviss, að þetta samband yrði mjög gott fyrir Reykjavík, enda leggja margir mikið upp úr þessu atriði.

En eitt get jeg sagt hv. þm., að eigi dýrtíðin að minka í landinu, þá er langbesta ráðið að fá miklar og auknar samgöngur austur, fá gott samband við hin frjósömu framleiðsluhjeruð austanfjalls. Jeg er viss um, að þá yrði ódýrara að lifa hjer í bænum, vegna þess að ný, góð og ódýr framleiðsluvara flyttist á markaðinn hjer, svo að dýrtíðin hlyti að minka að miklum mun, auk þess sem það myndi stuðla að því, að húsaleigan í þessum bæ lækkaði stórkostlega. Margir mundu byggja sjer húsnæði austanfjalls og fá sjer þar verkefni til að vinna að, sem hjer hafa ekki nægan starfa. Þess ber líka að gæta, að áhrif Reykjavíkur eru í öllu tilliti mikil á alt landið, þar sem hjer er búsettur meira en fimtungur allrar þjóðarinnar. Svo það er ekki lítils um það vert, að dýrtíðin minki hjer í þessum bæ.

Vil jeg svo enda mál mitt með því að vona, að þótt mjer fyndist anda fremur kalt frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) til þessa máls, þá beiti hann ekki áhrifum sínum þessu máli til meins. Jeg er sannfærður um það, og þá sannfæringu hefi jeg fengið við kynningu mína af þessu máli, að mesta menningar- og framfarasporið, sem stigið verður nokkuru sinni hjer á landi, er að ráðast í þetta fyrirtæki.

Klemens Jónsson: Jeg hefði kunnað betur við, að hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem beðið hefir sjer hljóðs, hefði talað á undan mjer í þessu máli, en úr því að jeg er á annað borð staðinn upp, þá er best að láta það nú koma, sem jeg vildi sagt hafa í þessu máli.

Þetta er í 3. skiftið, sem þetta mál er til umræðu á hinu háa Alþingi. Það var flutt í fyrsta skifti árið 1894, og síðan eru nú rúm 30 ár. Vakti þá málið

geysimikla eftirtekt, var ekki aðeins kallað málið eina, heldur stóra málið. En málið var þá alveg órannsakað og óundirbúið, eins og það lá fyrir þinginu, og auk þess í sambandi við ýms önnur fyrirtæki, sem ekkert komu því við, svo sem strandferðir og ferðir milli Íslands og Englands.

Hefðu nú legið fyrir þinginu 1894 nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur, undirbúningur málsins yfirleitt viðunandi, og hefði framsýni, bjartsýni og trú á landið ráðið gjörðum Alþingis í þessu máli, þá hefðum við nú þegar í mörg ár haft járnbraut alla leið austur að Þjórsá gegn 50 þús. kr. framlagi á ári, sem engan veginn var ókleift, jafnvel eins og þá stóð á. En það fór sem fór, eins og við var að búast, málið náði þá ekki fram að ganga, heldur lagðist í algert þagnargildi og vaknaði ekki aftur af dvala fyr en löngu eftir aldamót.

Árið 1913 kom svo fram frv. á Alþingi um að leggja járnbraut austur. Var það miklu betur undirbúið en áður, mælingar höfðu verið framkvæmdar á ýmsum stöðum, þar sem tiltækilegt þótti að leggja járnbraut. Var nú málið mikið rætt í þinginu, kostnaðaráætlun gerð og reiknað út, hvort brautin myndi geta borið sig eða ekki. En enn dagaði málið uppi. Nú er þetta mál komið hingað fyrir þingið í 3. sinn. Er það alveg sjerstaklega vel undirbúið, eins vel ok frekast er hægt að hugsa sjer. Hygg jeg, að eigi sje of djúpt tekið í árinni, þótt sagt sje, að ekkert mál, sem fyrir þetta háa Alþingi hefir komið, hafi komið eins vel undirbúið og þetta mál.

Ágætur norskur verkfræðingur hefir unnið nú um nokkurra ára skeið að undirbúningi þess, og hefir hann haft landsverkfræðinginn sjer til aðstoðar, eins og um samið var, og nú er komið fram ítarlegt yfirlit yfir verkið, nákvæm skýrsla frá þeim.

Það er ekki í fyrsta sinn, sem við höfum fengið ágæta verkfræðinga frá Noregi til þess að athuga samgöngutæki vor og fullgera þau, og við höfum verið alveg óvenjulega heppnir með þessa menn.

Sá maður, sem fyrstur kom hingað til að leggja hjer vegi og kenna okkur vegagerð, var Norðmaður að nafni Hovdenall. Hann er sannkallaður faðir akveganna hjer á landi. Ennfremur var sá maður Norðmaður, sem undirbjó að mestu leyti og stjórnaði alveg hjer símalagningunni, og hefir stjórnað símanum nú þegar í 20 ár, gegnt störfum sínum með einstakri trúmensku og á alþjóðarlof skilið. Og þessi maður, sem hjer um ræðir og undirbúið hefir járnbrautarlagningu austur að Ölfusá svona vel, er einmitt sjerfræðingur í járnbrautarfræði. Má því óhætt fullyrða, þar sem málið er svona vel undirbúið af svona góðum manni, að hjer liggi fyrir nákvæm og jafnvel alveg óskeikul áætlun.

Það fer oft svo, þegar svona stór mál koma til umræðu, að menn verða ragir við þau vegna þess, að þeir eru hræddir um, að kostnaðaráætlunin muni fara fram úr öllu lagi. En jeg held, að það sje hægt að sýna fram á það með óyggjandi rökum, að þessi hræðsla sje óþörf hjer, þar sem rannsókn þessara manna er alveg sjerstök í sinni röð; þeir hafa alls ekki bygt á annara skoðunum eða áætlunum, heldur myndað sjer alveg sjálfstæða skoðun í málinu, eins og best kemur í ljós, er það er athugað, að Sverre

Möller hefir valið alt aðra leið en áður hafði verið fyrirhuguð.

Þegar þetta mál er hjer í 3. sinn til umræðu, þá get jeg ekki annað en látið mína fylstu ánægju í ljósi út af því, að það skuli vera komið fram. Það er nú svo, að samgöngumálin hafa ætíð verið mjer ástfólgnust allra mála, er jeg hefi haft afskifti af. Jeg hefi af fremsta megni reynt að stuðla að framgangi þeirra. Þessvegna, frá því sjónarmiði skoðað, er mjer það sjerstök ánægja og fagnaðarefni, að málið er nú fram komið, vegna þess líka, að þetta mál snertir mitt kjördæmi óbeinlínis.

Þegar þetta mál hefir verið hjer til umr., hafa umræðurnar aðallega snúist um hina almennu hlið þess, t. d., að hve miklu leyti járnbraut gæti breytt landsháttum öllum, eflt atvinnuvegi hlutaðeigandi hjeraða og sett nýjan svip á landið í heild sinni, og hið sama hefir hv. aðalflm. (JörB) lagt áherslu á í framsöguræðu sinni og sýnt með tölum, að svo muni verða. Jeg get því slept að minnast á það að sinni og vona, að hv. þdm. geti það einnig, því að eins og þegar er sagt, þá hefir þetta mál verið hjer til umræðu áður og þessvegna flestum kunnugt

Jeg ætla heldur ekki að fara út í einstök atriði frv., læt það bíða nefndar, sem jeg á sæti í, tel jeg óþarft að ræða frekar um þau að þessu sinni.

En þó eru ýms atriði, sem jeg get ekki látið hjá líða að minnast á. Því hefir verið haldið fram nú við þessa umr. að ýms önnur samgöngutæki væri tiltækilegri en járnbrautir, eins og hjer á landi væri ástatt. Þessu þarf jeg að vísu ekki að svara, því að hv. flm. (JörB) tók það fram, að óhæft væri að nota bílvegi í stað járnbrautar, í sambandi við það, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) áleit, að komið gæti til mála að leggja bílveg í stað brautar. Í þessu sambandi vil jeg taka það fram, að þegar jeg var staddur í Osló haustið 1923, talaði jeg við skrifstofustjóra vegamálastjórnar Noregs og spurði hann, hvort betur mundi reynast á stöðum, þar sem aðstaðan er lík og hjer á landi, að nota bílvegi eða járnbrautir. Sagði hann þá, að bílvegir væru notaðir mikið í Norður-Ameríku, og væru þar að útrýma járnbrautum, og að nú væri verið að gera tilraun í Noregi með þetta, hvort betur gæfist. Nú geri jeg ráð fyrir, að þeirri rannsókn sje lokið í Noregi. Og þar sem Sverre Möller hefir lagt til að velja hjer heldur járnbraut, þá býst jeg við, að það sje meðfram af því, að Norðmenn sjeu komnir á þá skoðun, að járnbrautirnar sjeu betri. Að vísu hefir bílvegur ýmsa kosti fram yfir járnbraut, m. a. það, að fleiri geta haft full not af honum, því hann verður almennur umferðavegur, en járnbrautarlest er eina hægt að nota á þeim vegi, sem fyrir hana er lagður. Jeg geri því ráð fyrir því, að þar sem hjer er farið fram á járnbraut, þá sje því slegið föstu, að þeir, sem málið hafa rannsakað, vilji hana heldur en bílveg, og að hún sje að öllu leyti heppilegri.

Það var sjerstaklega hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sem hafði ýmislegt út á þetta mál að setja. Hann sagði meðal annars, að það gæti ekki komið til nokkurra mála að ráðast í fyrirtæki, sem þjóðinni væri ofvaxið, því að það mundi lama atvinnulíf og fyrirtæki landsmanna á öðrum sviðum. Satt er það að vísu, að þetta fyrirtæki má ekki lama aðalatvinnugreinir þjóðfjelagsins, en jeg er hálfhræddur um, að hv. þm. geti ekki fært þeim orðum stað, að 6 miljónir, þar sem

vöxtunum er jafnað niður á mörg ár, lami að nokkru verulegu leyti önnur fyrirtæki. Það yrði e. t. v. að stöðva í bili ýmsar aðrar framkvæmdir, en það hefir áður komið fyrir. Þó er það alls ekki víst. En á hitt verður að líta, að sjeu menn sannfærðir um, að járnbrautin sje veruleg lyftistöng fyrir framfarir og menningu þjóðarinnar, þá verður einhverntíma að ráðast í þetta fyrirtæki og þá náttúrlega sem allra fyrst. En verði eigi í það ráðist nú, þá líða aldrei mörg ár, uns það verður gert.

Ef þetta frv. hefði komið fyr fram á þessu þingi, þá hefði það ekki mætt neinni verulegri mótspyrnu, eða vafalaust ekki eins mikilli og nú er raun á orðin. Það var flestum hv. þdm. kunnugt, að frv. þetta kæmi fram, og jeg vissi ekki betur en að ýmsir hv. þm. væru orðnir langeygðir eftir því, þótti það dragast nokkuð lengi. Hefði það komið þá fram, hefði það eigi sætt mótmælum, segi jeg, því mótmælin nú stafa aðallega frá viðburði, sem nýlega kom fyrir í þessari hv. deild, að feld var tillaga um að kaupa nýtt strandferðaskip. Háttv. þm, sem álíta bráðnauðsynlegt, að nýtt strandferðaskip verði bygt og sett í gang sem allra fyrst, geta ekki skilið, að þeir, sem feldu byggingu strandferðaskipsins, geti staðið sig við að koma fram með svona stórt mál, sem þetta. En hjer er þó talsverður munur á. Því að þar var farið fram á að veita þegar á þessu ári upphæð, sem nemur ½ milj. kr. til byggingar strandferðaskips. En hjer er aðeins um heimild að ræða. Kemur það skýrt fram í 7. gr. Þar er stjórninni veitt heimild til að leggja járnbraut, þegar undirbúningi er lokið og skilyrði öll uppfylt. Í fyrsta lagi getur orðið byrjað á undirbúningi brautarinnar 1928. En það er fyrirsjáanlegt, að verði á næsta ári, 1927, fjárhagur landsins mun glæsilegri en nú, þá eru full líkindi til þess, að samþykt verði að byggja strandferðaskip. Og verður það þá komið í fullan gang löngu á undan járnbrautinni. Jeg get því ekki sjeð neitt ósamræmi hjá þeim þm., sem ekki gátu samþykt byggingu strandferðaskips, þó að þeir nú samþykki að veita stjórninni heimild til þess að líta í kring um sig eða athuga lagningu brautar.

Jeg finn enga ástæðu til þess að taka það fram nú, hversvegna jeg ekki treystist til að greiða atkv. með byggingu strandferðaskipsins. Verð aðeins að taka það fram aftur, að jeg sje ekkert ósamræmi í því.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, þar sem jeg á sæti í þeirri nefnd, sem væntanlega fær það til athugunar. En viðkunnanlegra þætti mjer að heyra eitthvað frá stjórninni um álit hennar á málinu, áður en málið er sent í nefnd.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla nú ekki að tefja mikið eða draga á langinn umræðurnar. En undarlegt þætti mjer, ef jafnmikið mál og þetta yrði afgreitt frá þessari umr. án þess að um það væri talað.

Þegar jeg sá þetta frv., þótti mjer flm. nokkuð djarfir að bera það fram nú, þar sem nýlega hefir verið felt að leggja fram fje til almennra samgöngubóta, þar sem margfalt minna fjár var krafist. Lít jeg svo á, að almennar samgöngubætur eigi að sitja fyrir samgöngubótum einstakra hjeraða, og einmitt í strandferðamálinu er hægt að koma að almennustum samgöngubót-

um. Á móti því máli var ekki verulega annað haft en fjárhagsástæður. Hvernig var hægt að synja þar um fje, ef nú á að vera hægt að samþykkja margfalt hærra fjárframlag til þessa.

Þegar jeg sagði áðan, að mjer þætti flm. djarfir, þá bygði jeg á því, að nú er upplýst, að stjórnin hefir gengið með málið og undirbúið það, en ekki árætt að bera það fram.

Á meðan svona mörg verkefni liggja óleyst, meðan ekki er bætt úr hinum almennustu samgönguþörfum, á meðan heil hjeruð eru án allra samgöngubóta og margar stórár óbrúaðar, þá sje jeg ekki, að hægt sje að ráðast í þetta fyrirtæki, sem bindur fjárhagslega getu ríkisins um ófyrirsjáanlegan tíma.

Jeg ætla mjer ekki að ganga verulega inn á málið sjálft eða mæla gegn því. Það er í sjálfu sjer gott mál, að því leyti sem það miðar til samgöngubóta, en það þarf að vera vel undirbúið og vel athugað.

Það mætti nú telja álitamál, hvort þetta er eina leiðin til þess að bæta samgöngurnar milli hjeraða þeirra og bæja, er hjer ræðir um. Og einkennilegt er það, að í öðrum löndum er nú svo komið, að járnbrautirnar, einkum styttri járnbrautirnar, standast ekki samkepnina við bílvegina. Væri það raunalegt, ef við færum nú að ráðast í byggingu járnbrautar, þegar aðrar þjóðir eru að tapa trúnni á þær eða fara aðrar leiðir.

Á samkomu, sem haldin var fyrir fáum dögum hjer í bæ, voru flutt þau skilaboð frá löndum vorum í Vesturheimi, að hvað sem við gerðum til samgöngubóta, þá skyldum við þó ekki brenna okkur á því, að leggja járnbraut. En hvað sem til er í þessu, þá er ekki að efa, að Vestur-Íslendingar fylgja með áhuga málefnum okkar og vilja okkur vel.

Málið kemur svo seint fram og er svo stórt og vandasamt, að engin afsökun er fyrir því að hraða því af, þó að það kunni ef til vill að vera rjettmætt og gott í sjálfu sjer.

Mjer gæti nú dottið í hug, að ýms meðmæli hv. flm. kynnu að vera allvarhugaverð. Háttv. flm. sagði, að það væri járnbraut og ekkert annað, sem bjargað gæti hjeruðum þeim, er hjer eiga hlut að máli, frá því að tæmast að fólki, þau hefðu verið að tæmast undanfarið. Ástæðan væri sú, að þau stæðust ekki samkeppnina við sjávarútveginn og kaupstaðarlífið. En með járnbrautinni yrði afkoman svo miklu betri, að ástandið breyttist upp í endurbyggingu sveitanna. Jafnframt hefir járnbrautarmálið verið stutt með því, að kaupstaðirnir hjer við Faxaflóa hefðu svo svo mikinn hagnað af bættum samgöngum við austursveitirnar, eins og rjett er. En ef hitt yrði nú, að hagnaðurinn af járnbrautinni fyrir sveitirnar reyndist ekki meiri en hagnaðurinn fyrir kaupstaðina og útgerðina, eða kannske minni, gæti það þá ekki orðið til þess, að sveitirnar tæmdust því meir? (**MJ**: Mundi þá ekki stranderðaskipið tæma hinar sveitirnar?). Um það er alt öðru máli að gegna.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var að minnast á afstöðu sína til strandferðaskipsins og þóttist forsvara sig þar vel, en ekki þótti mjer hann komast vel frá því. Hann sagði, að samgöngubætur væru og hefðu jafnan verið sitt áhugamál, en af fjárhagsástæðum gat hann þó ekki fylgt strandferðaskipinu. En þó að í þessu máli sje farið fram á margfalt meiri fjárútlát, getur hann samt fylgt því.

Skýringuna er að finna í ræðu hv. þm. Hann gat þess sem sje, að sínir kjósendur mundu hafa að minsta kosti óbeinan hagnað af járnbrautinni.

Magnús Jónsson: Það er nú komið að fundarlokum, og ætla jeg því ekki að halda langa ræðu að þessu sinni, enda leyfir málrómurinn það ekki. Jeg er hás eins og háttv. þm heyra.

Um daginn, þegar talað var um að kaupa skip til strandferða, var því stungið að mjer, að það væri ekki heppilegt fyrir þá, sem vildu koma á járnbraut, að greiða atkvæði gegn því máli. Angraði þetta mig mjög, því að jeg sá reka hjer upp höfuðið hinn versta púka þessa þings, hefnigirni- og hrossakaupapúkann. En þetta var aðeins umtal, en nú er það komið á daginn í ræðum þeirra tveggja þm. Múlasýslna (SvÓ og HStef), er hjer hafa talað. En háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir gengið svo vel frá þessu máli og sýnt fram á, að skipið geti jafnvel verið komið á undan járnbrautinni, að ekki virðist þörf á að víkja nánar að því.

Ef nú aðeins um það eitt væri að ræða, að velja á milli járnbrautar og strandferðaskips, þá mundi jeg hiklaust velja skipið. En þegar nú hefir verið bygt strandferðaskip, Esja, fyrir stórfje, og henni haldið úti með ærnum kostnaði, og þar sem Eimskipafjelagið þar að auki hefir styrk til að halda uppi hentugum strandferðum, og enn er ráðgert að við bætist kæliskipið, þá fer að verða spurning um, hvort þessi landshluti, sem hjer um ræðir, eigi ekki líka heimtingu á samgöngubótum.

Þegar skipuð var hjer í bæ nefnd í vetur til þess að rannsaka dýrtíðina og orsakir hennar, komst hún að þeirri niðurstöðu, að erlenda varan væri síst dýrari hjer en annarsstaðar. En aðalorsakir dýrtíðarinnar kvað hún vera hina háu húsaleigu og hið afarmikla verð á innlendum afurðum. En af hverju kemur nú þetta? Hjer liggur stór bær með ⅕ hluta íbúa landsins, sem hefir ákaflega lítið uppland, og stendur því á versta stað. Verður því að knýja mjólk út úr landi, sem aðeins er sauðfjárland, en hefir verið ræktað með afarkostnaði fyrir nautgripi. En á milli bæjarins og áveitulandsins fyrir austan liggur svo háls, er gerir bændum erfiðari samkepnina. En þrátt fyrir örðugleika á að flytja mjólkina suður, geta þeir þó selt hana með sama verði og þeir, er framleiða hana undir bæjarveggnum.

Hjer er ekki aðeins um smábæ að ræða, heldur þá hlutfallslega stærstu höfuðborg heimsins. New York er aðeins ⅓ hluti af Reykjavík, ef miðað er við fólksfjölda ríkjanna. Hjer hefir verið ráðist í stórkostlegar hafnarbætur, er nema á 5. milj. kr. Og nú hefir verið ráðgert að auka þær enn, svo að öll hafnarvirkin koma þá til að nema yfir 5 milj. kr. Hafa hafnarbætur þessar gert mögulegt að stunda hjer togaraútgerð í stórum stíl. Mun verð alls togaraflotans, bæði hjer og í Hafnarfirði, skifta tugum miljóna. Safnast því hingað fjöldi manna. Svo eykst dýrtíðin sökum mannfjöldans og upplandsleysisins. Og er þetta mikið alvörumál fyrir alt landið.

Í nágrenninu liggur svo næst stærsti bær landsins, og í þessum tveim bæjum býr ¼ hluti allra landsmanna. Og eru þeir báðir undir sömu fordæmingunna seldir.

Aftur á móti er fyrir austan fjall eitt hið besta graslendi landsins hafnarlaust.

Þar er því uppland hafnarlaust, en hjer hafnarbær upplandslaus. Það, sem svo skilur þessa staði, er aðeins 60 km. háls, ákaflega auðveldur meðferðar, þó járnbraut sje lögð um hann. Það þarf hvergi að grafa jarðgöng, hvergi að brúa og hvergi að yfirbyggja sökum snjóa. Er því hjer aðstaða öll ágæt.

Að því er snertir kostnaðinn við lagningu járnbrautar, skal jeg taka eitt dæmi. Nú hefir á tveim árum verið borgað, án óþolandi skatta, um 8 milj. upp í skuldir ríkisins. Með þessu fje hefði verið hægt að greiða allan kostnað við járnbrautina alveg upp í topp. Þó að upphæðin sje stór, þá sýnir það sig, að það er langur vegur frá því, að hjer sje verið hátt uppi í skýjunum og hátt fyrir ofan gjaldþol okkar.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) komst inn á samnaburð á járnbraut og vegum. En hann verður að beygja sig þar fyrir staðreyndum. Því að bílar geta hvergi kept við járnbrautir, þar sem flutningur er mikill og vegalengdir miklar eins og hjer er. En aðstaðan var alt önnur í útlöndum. Þar voru vegirnir fyrir, þegar þetta spursmál var gert upp. Og þar standa borgirnar með stuttu millibili og hafa vegarspotta á milli sín, og skapast þannig langvegurinn af sjálfu sjer. En hjer er ekki þessu til að dreifa. Ef ætti að koma vandaður vegur austur, þá þyrfti að leggja hann alveg að nýju. Því að hann mundi alls ekki liggja þar, sem hann liggur nú, jafnvel ekki þar, sem vegurinn er nú bestur, t. d. á Hellisheiði, heldur alt annarsstaðar. — En ef borgir lægju nú hjer, t. d. ein á Lögbergi, önnur á Kolviðarhóli o. s. frv., þá væri alt öðru máli að gegna; þá skapaðist vegurinn svo að segja af sjálfu sjer.

En nú er um það að ræða, að tengja saman tvö bygðarlög, bæina við sjóinn og Suðurlandsundirlendið. Ef það verður ekki gert með járnbraut, þá þarf að leggja veg fyrir um 3 milj., sem ekkert gefur af sjer. En útreikningar sýna, að vegur með vönduðum bifreiðum getur ekki kept við járnbraut, þar sem vegalengd og flutningsþörf er jafnmikil og hjer.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) þótti einkennilegt, ef ætti nú að fara að leggja járnbraut í enda járnbrautartímabilsins. Eins var síminn lagður í enda símatímabilsins og reyndist á alt annan veg en margir hugðu.

Jeg sje nú, að klukkan er orðin 4, og þar sem ekki tekur því að skifta í sundur ræðunni, skal jeg nema hjer staðar.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 153).

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir óskað eftir, að stjórnin ljeti uppi álit sitt um þetta mál. Jeg hjelt raunar, að það væri ekki nauðsynlegt, því að kunnugt er, að tveir ráðherranna hafa áður látið uppi álit sitt. Jeg get strax tekið fram, að því er mig snertir, að jeg er málinu hlyntur. Jeg sje fram á, að eins og flutningum er hagað, er óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð að leggja stórfje í veg austur hvort sem er. Jeg vil þá heldur taka þetta stóra skref, af því von er um, að þetta fyrirtæki geti borgað sig. Verði vegur lagður, fær ríkissjóður ekkert í aðra hönd. Það er tekið fram í áliti vega-

málastjóra um málið, að ef járnbraut kemur ekki, verði ekki komist hjá að leggja veg austur að Ölfusá, og mundi hann kosta 3½ miljón kr. Síðan kemur til viðbótar viðhald á þeim vegi, án þess ríkissjóður fái nokkuð í aðra hönd. Verði lögð járnbraut, má búast við miklum tekjum. Jeg efa ekki, að til langframa yrði það ríkissjóði hagkvæmara heldur en að halda við vegi með þeirri umferð, sem nú er. Síðan 1914 hefir verið lögð ½ miljón kr. í veginn austur að Ölfusá, og þó efa jeg, að vegurinn sje nú í betra ástandi en 1914. Altaf er einhver kafli ófær, enda er umferðin geysimikil, og einkum fara flutningabílarnir illa með veginn. Nú munu menn segja, að halda verði við vegi austur hvort sem er. Það er satt. En það er mikill munur að halda við venjulegum vegi eða vegi fyrir alla flutninga austur og að austan. Það mun vera af ókunnugleika hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að honum dettur í hug að bera þessa braut saman við Fagradalsbrautina. Sá samanburður er algerlega villandi.

Jeg segi fyrir mig, að jeg mundi með ánægju taka móti þeirri heimild, sem hjer er um að ræða. En auðvitað er ekki hægt að lofa neinu um framkvæmdir, meðan ekki er sjeð, hvernig gengur að útvega fje. — Benda má og á það, að frá byrjun og til þessa dags hefir ríkissjóður greitt um 100000 kr. til þess að rannsaka járnbrautarstæðið og járnbrautarmálið. Nú hlýtur maður að ganga út frá því, að þessum 100 þús. kr. hafi ekki verið fleygt út til þess að tefja tímann, heldur hafi það verið tilgangurinn, ef rannsóknin sýndi, að fyrirtækið væri vel tiltækilegt eða gott, þá ætti að framkvæma verkið; en náttúrlega er það ekki þar með sagt, að það eigi að byrja á því nú þegar; enda þarf enn ýmislegs undirbúnings áður en verkið verður hafið.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvartaði yfir því, hversu frv. væri seint fram komið. En því er þar til að svara, að vegamálastjóri var eigi tilbúinn með tillögur sínar um málið, fyr en talsvert var liðið á þingið. Annars þarf jeg ekki fyrir þetta að svara, þar eð frv. er ekki stjfrv. Það var ekki rjett gert af þeim hv. þm., sem settu þetta frv. í samband við kæliskipsmálið og strandferðaskipið. Það var að vísu nokkru nær um það síðarnefnda, sem þó var samgöngumál, en að rugla þessu frv. saman við kæliskipsmálið átti ekki við. Það var borið fram til hjálpar öðrum aðalatvinnuvegi landsins, og átti því ekki við að setja það í samband við samgöngumál. Jeg efast um, að þeir, sem börðust mest fyrir strandferðaskipinu, hefðu gert sig ánægða með slík heimildarlög og þetta frv. er. Þó jeg væri ekki hlyntur því, að strandferðaskipinu væri hnýtt aftan í annað óskylt mál til að tefja fyrir því, er jeg þó alveg viss um, að bæði kæli- og strandferðaskipið verður komið áður en járnbrautarlagningunni verður lokið. Járnbrautarmálið þarf ýmsan undirbúning, fjáröflun o. fl., svo að það er ekki hægt að segja, hvenær hægt verður að byrja á framkvæmdum í því.

Jeg fer ekki neitt út í frv. sjálft, nema eitt eða tvö atriði aðeins, sem jeg vil drepa örlítið á. Það fyrra er það, hvort ekki væri hægt að láta Reykjavíkurbæ leggja eitthvað fram af kostnaði við framkvæmd verksins. Þetta er spurning, sem vel mætti athuga nánara. Hitt atriðið er það, hvort ekki gæti orðið tiltækilegt að láta fjelag einstakra manna annast járnbrautarlagninguna. Það er

líka vert að athuga það. Það var einhver hv. þm., sem talaði um undirbúning málsins, og mjer virtist hann vefengja áætlanir þær, sem gerðar hafa verið, bæði um stofnkostnaðinn og rekstursáætlanir. Jeg þori auðvitað ekki að ábyrgjast þær, en jeg veit þó, að vegamálastjórinn hefir reynt að áætla eins varlega og nákvæmlega og honum var unt, svo að líkurnar til, að áætlanirnar færu fram úr ágiskun hans, væru sem allra minstar.

Ef borin eru saman járnbrautarstæðin hjer á landi og erlendis, t. d. í Noregi, sjest, að mismunurinn er mjög mikill, okkur í hag. Og þegar menn, sem þaulkunnugir eru járnbrautarlagningum í Noregi, hafa verið jafnrækilega hafðir með í ráðum og hjer hefir verið gert í þessu máli, er alls eigi hægt að fá betri nje ábyggilegri áætlanir. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um þetta, en jeg vona aðeins, að frv. komist sem fyrst til nefndar, án mjög mikilla umræðna úr þessu. „Eldhúsdagurinn" fer nú í hönd, og væri því æskilegt, að þessari umræðu yrði lokið áður en hann kemur.

Magnús Torfason: Jeg vonast til, að það hneyksli engan, þó að þingmaður Flóamanna segi nokkur orð í þessu máli. Vegna þess að margir hafa þegar spurt mig um það, hvers vegna jeg hafi ekki gerst flm. að þessu frv., þykir mjer rjett að lýsa yfir, að það er alls ekki mjer að kenna; jeg var þess albúinn, en höfundur frv. mun hafa óskað þess, að jeg kæmi þar ekki nærri; hitt mátti vera vitanlegt, að jeg veitti þessu máli brautargengi, því „brautingi" hefi jeg verið frá æskudögum.

Það má kalla, að það sje í fyrsta sinni, sem þetta mál er borið fram hjer á þingi til sigurs og framkvæmda. Áður fyrrum hefir það verið borið fram þannig, að allar ábyggilegar áætlanir vantaði um það, og því var engin von um, að það gæti þá gengið fram.

Brautinni var ætlað að liggja úrleiðis og áhersla ekki lögð á vöruflutning, heldur fyrst og fremst á fólksflutninga. — Vöruflutningar hlutu að vera undirstaða málsins. En nú loksins er málið borið fram á fullöruggum grundvelli og svo vel undirbúið og áætlanir allar svo nákvæmar, að þær verða ekki hraktar nema með getsökum einum. En hinsvegar geng jeg ekki að því gruflandi, er málinu á að snúa til framkvæmda, að mótstaðan gegn því verður enn harðsnúnari en áður. Forboði þess finst mjer vera, að brautinni var ætlað að liggja í gegnum „Þrengslin". En það er líka forboði þess, að brautin muni komast í gegnum allar þrengingar. Og því er nafnið góðs viti í mínum augum.

Áður en jeg fer út í efni þessa máls vil jeg minna á dálitla sögu, sem gerðist á árunum, þegar barist var fyrir að brúa stórárnar austan fjalls. Sighvatur gamli Árnason var þá þm. Árnesinga og barðist hraustlega fyrir þessum málum á þingi. Einn stórmerkur þm. — sá maðurinn, sem jeg hefi elskað mest þeirra manna allra, er jeg hefi kynst, — Grímur Thomsen, hafði sagt við Sighvat, að þótt hann yrði 1000 ára, mundi hann ekki lifa það, að sjá brú koma á Þjórsá. Nokkrum árum síðar mættust þeir fyrir ofan Skólavörðuholtið, og ávarpaði Sighvatur þá Grím þannig: „Nú er hún komin". — Já, brúin var komin, 11 árum eftir að Grímur Thomsen hafði sagt þetta.

Nú er þetta mál, sem hjer ræðir um,

stærra mál en brúarmálin, en hinsvegar þurfa menn þó ekki að líta svo á, að hjer sje um neina firru að ræða. Menn þurfa eigi annað en að líta á þroskasögu landsins, til þess að sjá það, að framfarir þjóðfjelags okkar hafa orðið svo miklar og hraðfara, að mentuðustu og bestu menn þjóðarinnar á hverjum tíma hefir sjaldnast órað fyrir því. Og trúa mín er, að þeir, sem nú standa öndverðir á móti þessu máli, muni innan skamms lifa það, að málið gengur fram. Andmæli þau, sem fram hafa komið gegn járanbrautinni, eru hvorki margsháttar nje mikilsverð, og því síður bygð á góðum grundvelli, — hann er enginn annar en sveitardráttarpólitíkin gamla og alþekta. Það er undirstaða allrar þeirrar andúðar, sem þetta frv. hefir mætt. En þegar farið er að ræða um þetta mál frá sjónarmiði sveitardráttar og hreppapólitíkur, vil jeg minna á, að það er eins ástatt um þetta mál og önnur mikilsverð framkvæmdamál. Þau hafa átt upptök sín hjer á Suð-Vesturlandi, og flest í landnámi Ingólfs Arnarsonar. Vil jeg minna á, að t. d. hafa skipagöngur, akvegir, stórbrýrnar, verulegar umbætur í heilbrigðismálum átt upptök sín hjer. Með öðrum orðum, allir aðalmenningarstraumar í þjóðfjelagi voru eru hjeðan runnir. Og fer það að sköpuðu, því hjer er styrkur landins.

Í heimskringlu Snorra eru Þrændur taldir styrkur landsins. Ef rætt var um einhver framtök þar í Noregi, var jafnan spurt: „Hvað leggja Þrændur til?“ Eins er hjer. Eftir því sem Suðurland vex að mannfjölda og auði, eftir því er sjálfsagðara, að allar nýjar stórframkvæmdir í landinu hefjist þar.

Nú er ekki svo að skilja, að jeg sje með þessum orðum að gefa ávísun á járnbrautir í öðrum landshlutum, það á víst því miður alllangt í land. En öðru máli gegnir, að aðrir landshlutar geta orðið aðnjótandi ýmsra annara fríðinda og hagsmuna í auknum mæli. Og þá fer vel, ef þetta mál verður upphaf að aukinni framsókn og framförum í ýmsum efnum meðal þjóðarinnar. Því á þann veg og engan annan má halda jafnvægi milli landshlutanna og uppfylla rjettar sanngirniskröfur þeirra.

Það var sagt, að í þessum umræðum hefði sjest bóla á hrossakaupapúkanum. Jeg sje ekkert á móti því, þegar um gott mál er að tefla, þótt eitthvað verði að láta í skiftum til að fá því framgengt. Það hefir t. d. verið sagt, að aldrei hafi svo verið lagður stúfur um dönsku eyjarnar, að ekki hafi annar járnbrautarspotti orðið að koma á Jótlandi. Þetta mega menn kalla hrossakaup, ef menn vilja, en það er ekkert annað en eðlileg framsókn, sem kemur fram, eftir því sem menn hafa skapshöfn og manndóm til.

Þetta, sem jeg sagði um fríðindi til handa annara hjeraða, má setja í samband við svo margt; jeg vil t. d. minna á kæliskipið. Það kemur fyrst og fremst öllum öðrum hjeruðum að meira liði en Árnes- og Rangárvallasýslum, að minsta kosti alt til þess, er járnbrautin er fengin, fyrir því að markaður fyrir afurðir þessara hjeraða hefir til þessa mestmegnis verið í Reykjavík Í annan stað vil jeg minna á, að Árnes- og Rangárvallasýslur geta ekki að neinum verulegum mun notið hlunninda af samþ. frv. um unninn eða tilbúinn áburð. Þó að við ættum að njóta þess eins og aðrir, að fá hann kostnaðarlaust fluttan til Reykjavíkur, þá verður alt of dýrt að koma honum þaðan austur. Sama gegnir um fóðurbæti. Suðurland getur ekki

notað erlendan fóðurbæti, vegna kostnaðarins við að ná honum þangað. Það er t. d. hörmulegt að minnast ársins 1920, þegar þessar sýslur eystra þurftu að fá fóðurbæti, varð hann bæði alt of dýr og auk þess varð honum ekki í tíma komið þar á land, vegna hafgangs og brima, eins og kunnugt er. Járnbraut austur ætti að vega á móti hlunnindum, sem ýms önnur hjeruð hafa fengið og geta betur notið. Að þessu leyti er hún jafnvægiskrafa.

Ein jafnvægiskrafa annara landshluta er strandferðaskipið, og er að sjá, að fall þess máls eigi að bitna á brautinni. En þótt jeg fylgi því góða máli, gæti jeg trúað, að ýms hjeruð út um land hefðu enn meira gagn af, og þeim væri hollara, að fá góðar beinar ferðir til útlanda en auknar strandferðir. Jeg get t. d. aldrei sjeð, að það geti verið neitt sjerstakt keppikefli, t. d. fyrir Austurland, að ná í miklu örari samgöngur en nú eru við Reykjavík. Miklu nær sýndist vera, að þeir fengju góðar beinar samgöngur við útlönd, t. d. Bretland og Noreg. Krókurinn til Reykjavíkur er svo löng lykkja á leiðinni.

Hæstv. atvrh. (MG) fór hlýlegum orðum um þetta frv., og er jeg honum þakklátur fyrir. Hann vjek að því, að járnbraut væri, engu síður en kæliskipið, aðallega miðuð við þarfir landbúnaðarins. Enda er járnbrautarmálið alls ekki fremur samgöngumál en landbúnaðarmál. Okkur vanhagar ekki um að komast sem allra fyrst til Reykjavíkur, heldur þurfum við nauðsynlega að koma afurðum okkar á hvaða tíma árs sem er til Reykjavíkur, það er, til hafnar yfirleitt.

Þegar gripið er til þess sem mótbáru, að hjer eigi þá fyrst að fara að leggja járnbrautir, þegar járnbrautaöldin sje um garð gengin, er þetta ekki annað en högg út í loftið. Járnbrautir verða að vera þar, sem snjór liggur lengi á fjöllum og aðrir vegir því ekki geta komið að fullum notum.

Þegar jeg sagði áðan, að járnbrautin sje lögð vegna landbúnaðarins, á jeg fyrst og fremst við það, að járnbrautin er í eðli sínu einn hlutinn af áveitunni eystra. Það er svo alstaðar, þar sem slík stórfyrirtæki eru framkvæmd, að vegir og flutningabrautir eru talin eitt þýðingarmesta atriðið, til þess að fyrirtækið borgi sig. Það verður óhjákvæmilegt að sjá um, að áveituhjeruðin hafi greiðan aðgang til hafnar. Sama var uppi á Jótlandi, þegar rækta átti heiðarnar þar; þar voru alstaðar lagðar flutningabrautir um landið og til hafna, áður en landið var tekið til varanlegrar ræktunar. Þessi skoðun, að samgöngurnar austur sjeu einn hluti áveitumálanna, er og löghelguð orðin af Alþingi með samþyktinni á breyting Flóaáveitulaganna, sem nýlega er orðin að lögum. Og það var nauðsynlegt, því annars verða áveiturnar aðeins til að auka sinuna; en jeg hjelt, að af henni væri nóg í voru landi.

Þó að járnbrautin hafi mikla þýðingu fyrir áveituna, hefir hún þó miklu meiri þýðingu fyrir landið alt í framtíðinni. Án járnbrautarinnar kemur aldrei vjelrekinn landbúnaður, en þar verður hann að byrja fyrst, því þar eru skilyrðin langbest. Þá er jeg heldur ekki í vafa um, að járnbraut ýtir undir fossavirkjun hjer á landi; en það er fyrsta skilyrðið til, að hjer verði að nokkru ráði notaður unninn áburður. Járnbraut er því fyrsta undirstöðuskilyrði fyrir stórtækri ræktun landsins.

Því hefir verið barið við, að okkur

væri þetta fjárhagslega ofvaxið, kemur mjer það ekki á óvart. Því þessu hefir jafnan verið barið við, þegar um verulega framfarafyrirtæki hefir verið að ræða. En þetta er algerður misskilningur að því er þetta mál snertir. Enda ekki annað en allsherjarvopn sveitadráttarstefnunnar, sem altaf er barist með, og sjerstaklega af þeim, sem minst hafa viðsýnið.

En þar er um tvær stefnur að ræða, önnur sú, að aðhafast ekki, að leggja ekkert á sig, stöðva allar framkvæmdir; en hin sú, að leggja eitthvað verulega á sig til framkvæmda. Fyrir mitt leyti hefi jeg ætíð verið athafnamaður og fylgi fast þeirri stefnu, að leggja verulega á sig til framkvæmda. Og jeg held satt að segja, ef athuguð er þroskasaga þessarar þjóðar síðan við fengum fjárforræði, þá getur maður í einu orði sagt, að aðalgallinn á henni sje sá, hvað það drógst lengi að nota skattþol landsmanna. Við vitum, að það þótti firn mikil, þegar lagður var 10 aura tollur á brennivínspottinn. Nurlarabúskaparlagið hefir ráðið hjer alt of lengi.

Í mótbárum þeim, sem fram hafa verið taldar gegn frv., fjellu orð meðal annars í þá átt, að járnbraut væri ófrjótt fyrirtæki, myndi ekki gefa neinn arð af sjer og engar framkvæmdir mundu stafa af því. Það er helber misskilningur. En það er annað mál á dagskránni í dag, sem það má segja um, það er till. um þjóðaratkvæði um þinghald á Þingvöllum, að það eigi að setja Alþingi á Þingvöllum ekki síðar en 1930. Mjer virðist það einkennilegt, að sá maður, sem stóð fyrstur upp gegn þessu frv. kostnaðarins vegna, og vegna þess að það tæki fyrir önnur framfaratæki, skuli einmitt vera flm. að þessari till. Jeg get sagt ykkur, góðir menn, að það kostar eins mikið eins og járnbraut að búa sæmilega um Alþingi á Þingvöllum. (**KlJ**: Miklu meira!). Jeg skal náttúrlega ekki segja um það, hvaða áhrif það hefði til góðs fyrir landið. Við vitum, að löggjafarvitið verður ekki látið í askana, — en jeg verð að segja það, enda þótt Þingvellir sjeu í Árnessýslu, — og jeg hafi verið kallaður Þingvallagoðinn — þá myndi jeg þó heldur kjósa járnbraut, ef jeg ætti um það tvent að velja; auðvitað best að fá það hvorttveggja.

Það er einmitt þessi stóri munur á slíkum fyrirtækjum, sem hjer hafa verið nefnd, að járnbrautin mun reynast arðberandi, ekki aðeins beint, heldur líka óbeint.

Jeg man eftir því, að það þótti mikið í ráðist, þegar farið var að leggja síma hjer á landi, og allir afturhaldsdraugar í landinu hjeldu, að nú væri alt að fara á hausinn. En jeg veit ekki betur en hver maður á fætur öðrum rísi upp og blessi þetta fyrirtæki nú, enda hefir það svo reynst, að það ber sig fullkomlega. Og þess vegna segi jeg það, að þegar er verið að tala um fjárframlög til járnbrautar, þá má miklu fremur líkja þessu fyrirtæki við símafyrirtækið og aðrar slíkar arðsamar framkvæmdir heldur en við arðlausar stofnanir. Og þá vil jeg herða á því, sem hv. flm. (JörB) og hæstv. atvrh. (MG) hafa sagt, að járnbrautin mundi bera sig hjer um bil nokkurnveginn strax. Jeg vil herða á því, segi jeg, vegna þess, að jeg er þaulkunnugur því, hve samgöngur hafa margfaldast þarna fyrir austan. Jeg get fullyrt, að bílaferðir eru að minsta kosti fimm sinnum meiri heldur en þegar jeg kom þangað árið 1921. Verslun öll þarna

áustur frá er líka að flytjast til Reykjavíkur. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að áveitan gerir það að verkum, að það verður alveg nauðsynlegt að fá unninn áburð, ef hún á að koma að gagni. Því það hagar nú einu sinni þannig til, að heyið í Flóanum og á áveitusvæðinu er ekki einhlítt handa kúm. Það þarf að fá töðu eða annan fóðurbæti, og af því sjáum við, að það hlýtur að verða lögð afarmikil áhersla á að auka töðuframleiðsluna, en það verður ekki gert nema með unnum áburði.

Út af þessu vil jeg segja það, að áætlunin um tekjur brautarinnar er í sjálfu sjer alt of varleg. Og jeg tek það fram hjer, af því að jeg álít það jafnvel samviskusök fyrir framgang málsins, hve lág hún er.

Jeg enda mál mitt með því að benda á það, að þetta mál er fyrst og fremst landbúnaðarmál, ræktunarmál, og það verður að skoðast frá því sjónarmiði. Og það er áreiðanlega stórt spor, sem hjer verður stigið í því efni. Þessvegna vænti jeg þess, að allir sannir landbúnaðarmenn athugi þetta frv. með fullri velvild og láti það ekki hafa áhrif á sig, þótt þeir hafi ef til vill talað með kulda til þess áður en þeim var málið nægilega ljóst.

Þessu máli hefir hvað eftir annað í umræðum um annað mál og einnig í þessum umr. verið blandað inn í fjárhagsútlitið. Jeg skal játa það fullkomlega, að jeg býst við, ef ekkert rætist úr um fjárhaginn, að eitthvað dragist um framkvæmd málsins. En frv. þetta er þannig útbúið, að það er aðeins heimild. Og málið er svo stórt og mikilvægt, að mjer dettur aldrei í hug, að nokkur fjrh. fari að taka miljónir króna úr ríkissjóði og stofna til lántöku til þessa fyrirtækis, án þess að hann sje viss um, að hann hafi þingviljann með sjer. Svo í raun og veru er frv. þannig vaxið, að Alþingi hefir eftir sem áður full tök á málinu. Þingið getur ráðið því, hvenær byrjað verður á framkvæmdum. Þeir, sem því snúast á móti málinu, hljóta því að gera það af því, að þeir hafa vantraust á núverandi stjórn, halda, að hún fari gálauslega að ráði sínu. En þeir, sem vonast til þess innan langs tíma, að geta komið þessari hæstv. stjórn fyrir kattarnef, þeir hafa þá vantraust á því, að þeim takist það nokkurntíma.

Nei, með þessu frv. er engin hætta á ferðum. Það er þvert á móti þannig lagað, að ef það nær ekki fram að ganga, þá mun það talið fremur Alþingi til vansa en hitt. Það mundi setja sinn stimpill á þingið, — ekki framsóknarstimpil, heldur íhaldsstimpil.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var aftur fram haldið 1. umr. um frv. (A. 153).

Sveinn Ólafsson: Við fyrri hluta þessarar umræðu var vikið fremur kuldalega að mjer af hv. flm. frv. fyrir þá skuld, að jeg hefði látið í ljós, að jeg mundi eiga erfitt með að fylgja frv. þessu út úr þinginu. Frá þessum sömu mönnum komu þá líka fram ýmsar athugaverðar fullyrðingar viðvíkjandi málinu og horfum fyrirtækisins, og get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast nokkrum orðum á þetta. En áður en jeg vík að því, sem til mín hefir verið sent, verð jeg að fara nokkrum almennum orðum um málið í heild sinni.

Það kemur ljóslega fram í greinargerð frv., að járnbrautarfyrirtækið er á því bygt, að árangurinn af áveitufyrirtækjum austanfjalls verði svo og svo góður og uppfylli glæsilegustu vonir manna, en eins og kunnugt er, er aðaláveitufyrirtækið, Flóaáveitan, með öllu óreynt enn, þar sem vatninu verður í fyrsta sinn á þessu ári veitt yfir svæðið. Lítilsháttar reynsla er að vísu fengin um Skeiðaáveituna, en hún er ekki að öllu leyti að óskum, eins og vitað er. Jeg hygg það flestum í minni, að á næstliðnu ári kom fram skýring eða athugun manns eins, sem við áveituna er riðinn, og benti til þess, að eftir rannsóknum, sem hann hefði gert, mundi áveituvatnið fara burtu af áveitusvæðinu auðugra af næringarefnum jurtanna, heldur en inn á svæðið. Með öðrum orðum, jarðvegurinn ætti eftir því smátt og smátt að tæmast af frjóefnum. Vel getur verið, að þessi athugun sje ekki sannprófuð, og að eitthvað sje bogið við hana, en það bendir þó til þess, að rjett sje að bíða og láta reynsluna tala áður en miljónafyrirtæki er reist á voninni einni óprófaðri. Miljónafyrirtæki sem þetta er alvarlegt fótmál að stíga fyrir jafn-fámenna og fátæka þjóð eins og okkur.

Jeg hefi þegar látið það í ljós, að mjer þykir mest vandhæfi á að styðja þetta frv., sakir þess að ekki verður gengið úr skugga um — ekki einu sinni ráðið í það — hvernig fyrirtækið á að bera sig. Einnig álít jeg óforsvaranlegt að skapa kyrstöðu í öllum öðrum opinberum framkvæmdum vegna þessa eina fyrirtækis. Hitt hefi jeg látið í ljós, að jeg væri fyrirtækinu hlyntur og vildi styðja það, þegar sannfæringin leyfði og ekki væri með því hnekt tilfinnanlega öllum öðrum framkvæmdum. Jeg verð að geta þess, að á undanförnum 10 árum, sem jeg hefi átt sæti hjer, hefi jeg oftast með fúsu geði rjett upp höndina, þegar þurft hefir að styðja fyrirtæki til þrifa og hagsbóta hjeruðunum austanfjalls, sem þó hafa verið fjárfrek í meira lagi. Jeg veit, að á þessum tíma hefi jeg lagt lið mitt til, að veittar yrðu miljónir til þessara hjeraða í vegum, áveitufyrirtækjum o. fl., án þess nokkuð hliðstætt hafi verið gert fyrir önnur hjeruð. Jeg hygg því, að engan furði, þótt jeg hiki við, þegar enn er farið fram á að leggja þeim margar miljónir; þótt jeg skoði huga minn áður en jeg rjetti upp höndina með þessari fjárveitingu, sem óhjákvæmilega hlýtur að skapa kyrstöðu um allar verklegar framkvæmdir annarsstaðar á landinu.

Það er rjettmætt að bera saman þau fríðindi, sem þessar sveitir austanfjalls hafa notið, móts við önnur hjeruð landsins. Sá samanburður sýnir það eitt, að ekkert hjerað kemst í námunda við þær. — Jafnvel þótt teknar væru margar sýslur annarsstaðar á landinu, þá mundu þær til samans ekki komast til jafns við þessar sveitir um efnalegan stuðning frá ríkissjóði.

Jeg get nú að mestu látið mjer lynda þennan formála, en það verð jeg að segja, að mjer þótti kenna nokkurs vanþakklætis frá hv. aðalflm. þessa máls (JörB) til mín og annara, þegar það er athugað, hve oft og örlátlega hefir verið stutt að því, að veitt væri stórfje til þessara hjeraða.

Af því að því hefir verið haldið fram í umræðunum um þetta mál, að með járnbrautinni yrði bætt úr samgönguþörf, sem á engan annan hátt verði bætt

úr og sem sje svo brýn, að úr henni verði tafarlaust að bæta, verð jeg að benda á það, að með járnbraut er alls eigi bætt úr akvegaþörf hjeraðanna, því að eftir sem áður verður að halda við vegi, akfærum fyrir bifreiðar og vagna, bæði austur um heiði og um sveitirnar eystra. Járnbrautin þýðir því tvær flutningabrautir austur, og fer því mjög fjarri, að ríkið losni við að halda akfærum vegi þeim, sem nú er.

Þá vil jeg einnig taka það fram, að það er á engan hátt útilokað, að hjeruð þessi geti orðið aðnjótandi samgangna á sjó. Menn vita vel, að möguleiki er fyrir því, og hann ekki lítils virði.

Þannig var það áður fyr, meðan samgöngur á sjó voru betri og strandferðaskipin voru tvö, að annað þeirra hafði fastan viðkomustað á Eyrarbakka. Þessi möguleiki er enn fyrir hendi, og má margt gera til að efla slíkar samgöngur.

Báðir hv. flm. þessa máls tóku það fram með nokkuð berum orðum, að mótspyrnan gegn þessu frv. myndi stafa af hefndarhug, sakir þess að feld var um daginn í þessari hv. deild till. um kaup á strandferðarskipi. Sjerstaklega lagði hv. 2. flm., 4. þm. Reykv. (MJ), mikla áherslu á þetta. Talaði hann um, að hjer væri á ferð einhver ógeðslegur „hefnigirnipúki" sem málum spilti. Nafnið er fremur óliðlegt, en þó nokkurnvegin ljóst, hvað í því liggur, og verð jeg að segja, að tæpast er viðeigandi að nota þessa samlíkingu, og er það hvorki viturlegt nje góðgjarnlegt. Annars má segja um þessa hefnigirni, ef hún á annað borð væri til, að hún væri fremur óeðlileg frá minni hendi, þar sem hefndin kæmi niður á saklausum. Jeg ætla ekki að fara að gera mikið veður út af þessu írafári hv. þm., en verð að segja það, að þegar svona rök eru notuð til að styðja gott mál — eins og flm. eðlilega telja járnbrautarmálið — þá verður naumast litið á það öðruvísi en sem rökþrot og ráðaleysi. Jeg get ekki litið öðruvísi á, þegar hv. 4. þm. Reykv. (MJ) viðhefur þessi ummæli, en að hugur hans sje móttækilegur fyrir hefndarhug. Hann vekur því aðeins grun á sjálfum sjer, með þessum ummælum. — Hv. aðalflm. (JörB) viðhafði meðal annars þau orð um athugasemdir mínar, að með því að mæla á móti þessu frv. yrði jeg fyrsti maður til að hnekkja einhverju þýðingarmesta landbúnaðarmáli, sem borið hefði verið fram hjer á Alþingi. Og þar með virtist honum jeg hafa sýnt, að jeg mæti ekki sveitamenninguna eins mikils og jeg ljeti af. Með þessu hefir hv. þm. gefið fyllilega í skyn, að fylgi mitt við landbúnaðarmál og sveitamenningu sje yfirvarp eitt. Þótti mjer sá lakastur grikkurinn og þetta því einna kuldalegast af því, sem fram hefir komið í umræðunum. Jeg verð að minna hv. aðalflm. á það, að víðar eru til landbúnaðarhjeruð en hjerna fyrir austan heiði, hjeruð, sem ætíð hafa verið sett hjá og ekki hafa fengið eyrisvirði af opinberu fje til búnaðarframkvæmda, — því að jeg get ekki talið, þótt úthlutað hafi verið frá búnaðarfjelögum nokkrum krónum fyrir dagsverk í jarðabótum. — Já, stór landbúnaðarhjeruð hafa verið afskift til þessa. Um þau ber líka að hugsa, og þau eiga rjett á, að tillit sje tekið til þarfa þeirra, engu síður en suðurlágiendið. Það er ekki svo að skilja, að jeg

hafi styggst við þessi brigslyrði; jeg veit, að enginn, sem þekkir mig, ætlar mjer neina tvöfeldni í þessu eða grunar mig um græsku, og víst veit jeg, að kjördæmisbúar mínir verða síðastir til að trúa sliku. Það er eins með þessa rökfærslu og hefndarhuginn; hún getur ekki sýnt annað en rökþrot og veilan málstáð.

En af því að hv. aðalflm. (JörB) o. fl. nota orðið sveitamenning stundum í tvíræðri merkingu, þykir mjer rjett að gera nokkra grein fyrir því, hvað jeg á við, er jeg tala um sveitamenningu og gildi hennar. Það er landfleygt, og jeg geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. viti það, að háskólakennari einn í Vesturheimi, Huntington að nafni, hefir gefið út bók um eðlisfar og einkenni þjóðanna, og talið Íslendinga fremsta allra nútíðarþjóða að andlegu atgjörvi. Hefir hann dregið fram ýms sterk rök og ljós til sönnunar þessu. En sakir þess, að hann hlaut að skorta nægan kunnugleik og þekkingu á ýmsum þjóðháttum hjer, hefir hann, að því er jeg held, ekki komið auga á aðalorsökina. Hann bendir á það, að þjóð vor sje brot af norsku þjóðinni, sem ætíð hafi verið með best gefnu þjóðum, og því af góðu bergi brotin; en í nútímanum sjer hann andlega yfirburði hjá íslensku þjóðinni, og ætti henni þessvegna að hafa farið fram eða Norðmönnum aftur, síðan á landnámsöld. Það er vitaskuld, að án orsaka verða engir atburðir, og þessvegna heldur ekki staðreyndin hjá Huntington, en fúslega munum vjer allir vilja viðurkenna, að þjóð vor sje gædd þeim hæfileikum, sem þessi vestræni vísindamaður heldur fram.

Jeg hefi nú reynt að gera mjer grein fyrir orsökunum til þessa einstæða fyrirbæris, sem Huntington nefnir, og sú niðurstaða, sem jeg hefi komist að, er orðin mjer einskonar trúaratriði. Jeg hygg, að ástæðan sje sú, að þetta brot norsku þjóðarinnar, sem hingað fluttist, hefir ætíð lifað bændalífi, og hefir aldrei þurft að eyða einum blóðdropa til þess að reisa rönd við kynspillingu eða úrættun, sem bæirnir valda, fyr en þá á síðasta mannsaldri. En í Noregi hófst bæjamyndun snemma á öldum, sem verkað hefir eins og blóðtaka, af því að sveitirnar hafa orðið að reisa þar sem annarsstaðar rönd við úrættuninni í bæjunum. Orsök þess andlega gjörvileika hjá Íslendingum er því sú, að minni hyggju, að þeir hafa lifað sveitalífi alla tíð. Þessvegna er það svo mikilsvert í mínum huga, að vernda sveitamenninguna, að ekkert annað kemst í hálfkvisti við það. Verð jeg áfram þeirrar skoðunar, þótt nú sje farið að drótta að mjer óheilindum í þeim sökum.

Því hefir nú verið haldið fram með talsverðri alvöru, að þetta járnbrautarfyrirtæki myndi bera sig fjárhagslega. Hefir um það verið vitnað í skýrslu hins norska verkfræðings, sem rannsakaði járnbrautarstæði og staðháttu, í álit vegamálastjórans hjer á landi og í ummæli hæstv. atvrh. (MG), sem allir hafa verið á því, að járnbrautin bæri sig. Það er nú út af fyrir sig nokkurs vert, að sjerfræðingar halda þessu fram, en einhlítt er það þó ekki. Þessum mönnum getur skjátlast í sínum áætlunum, enda hefir það komið í ljós við ýms önnur fyrirtæki, og kemur fram einkennilegur grunur um það hjá hv. aðalflm. (JörB), að áætlanirnar muni eigi vera sem ábyggilegastar, því

að hann gat þess til, að ekki mundi verða minni rekstrarhalli á strandferðaskipi en á járnbraut. Þar með vefengdi hann áætlanirnar og gerði ráð fyrir rekstrarhalla á járnbrautinni. — En enginn hefir hjer haldið því fram, að strandferðaskipinu fyrirhugaða verði siglt rekstrarhallalaust.

Hv. aðalflm. (JörB) lagði á það talsverða áherslu, að hollustuhættir, sem ynnust fyrir Reykvíkinga með járnbrautarsambandi við suðurláglendið, væru svo mikilsverðir vegna aðflutnings landafurða, að rjettlætt gætu fyrirtækið. Jeg skal játa það, að það er mikilsverður þáttur í fyrirtækinu, en þó enganveginn svo mikilsverður, sem hv. aðalflm. hefir viljað halda fram. Hjerna megin við heiðarnar er svo stórt sveitahjerað og mikið ræktanlegt land, að hollustuháttum borgarinnar ætti að geta verið vel borgið. Hv. þm. fór í þessu sambandi að vitna í orð mín við annað tækifæri, um þjóðlegri bæjarbrag og betri hollustuhætti á Akureyri en hjer, sakir þess að Akureyri væri umkringd af stóru landbúnaðarhjeraði. Jeg verð því að minna á það, að þótt járnbraut kæmi austur um heiðar, þá yrði Reykjavík eigi fremur en nú umkringd af sveitum.

Jeg þarf ekki að elta ólar um öllu fleira við hv. aðalflm. (JörB); get víst látið annað niður falla. En þá verð jeg að víkja ögn betur að meðflm. hans, hv. 4. þm. Reykv. (MJ).

Hann lagði óvenjumikla áherslu á það, að járnbrautin þyrfti að tengja saman Reykjavík og láglendið fyrir austan. Sjerstaklega væri Reykjavík þetta mikil nauðsyn, þar eð hana skorti uppland og væri þó stærsta höfuðborg í heimi, ef miðað væri við fólksfjölda landsins. Þetta er nú ekki allskostar rjett hjá hv. þm. Jeg man eftir höfuðborg, sem að hlutföllum er allmikið stærri. Það er höfuðborgin á eyjunni Mön í Írlandshafi. Íbúar hennar eru 25 þúsund af 55 þús., sem á eynni búa. En svo sem kunnugt er, er Mön sjálfstætt ríki. Þetta er auðvitað ekki stórt atriði, en hitt er einnig ofsagt, að Reykjavík hafi ekkert uppland, svo sem jeg hefi minst á að framan. Frá þessu sjónarmiði er nauðsynin því ekki eins brýn og hann vildi vera láta.

Þá var önnur fullyrðing, sem sami hv. þm. bar fram til að hvetja oss til fylgis við járnbrautina. Og hún var sú, að sjerstaklega auðvelt væri að byggja brautina og að ekki þyrfti að yfirbyggja hana til neinna muna. Jeg held nú þvert á móti, að það þurfi að yfirbyggja hana á langri leið, ef vetrarsamband á að vera örugt. Yrði sú aðferð ekki höfð, er auðvitað til önnur, sú að nota ameríska snjódælur, sem kljúfa þykka skafla og dæla snjónum til hliðar frá brautinni. En það eru afardýr áhöld og yrðu síst til sparnaðar, þótt notuð séu á stöku stað erlendis.

Sami hv. þm. (MJ) vildi styðja þetta frv. sitt með því, að dýrtíðin hjer mundi minka, eða jafnvel hverfa við samgöngubót þá, sem járnbraut austur yfir fjall veitti, af því að dýrtíðin kæmi að mestu leyti af skorti á landbúnaðarvörum, sem til bæjarins þyrftu að flytjast að austan. Hann tók það ennfremur fram, að erlendar vörur væru eins ódýrar hjer, eða ódýrari, en annarsstaðar á landinu og þeirra vegna væri hjer ekki dýrtíð. Jeg vil nú ekki tefja tímann með því að lesa hjer upp skýrslu, sem ósannar þessi orð hans. Útreikningar hagstofunnar á verðlagi

hjer í Reykjavík í október og nóvembermánuði næst liðnum, og samanburði á þeim við verðlag austur á landi, sem jeg þekki vel. En við þann samanburð kemur í ljós, að verðlag á ýmiskonar vörum útlendum var 30—40% hærra hjer enn austur þar. (**MJ:** Það hlýtur þá að vera smýgluð tollvara!). Nei, það voru frjálsar vörur fluttar inn af pöntunarfjelagi og því ekki á þær lagt meira en bráð nauðsyn bar til, en seldar við sannvirði. Þetta get jeg sýnt hv. þm. ef hann vill, þótt jeg ekki lesi töflurnar upp. Af þessu sjest, að dýrtíðin hjer stafar meðfram af því, að bærinn hefir hlaðið á sig skuldum, og þeir, sem vöruverslun hafa og gjaldendur eru í bænum, verða því að leggja afskaplega á vörurnar. Og hætt er við, að þetta haldist, þótt járnbraut verði lögð. Líkt er ástatt um þær þungu búsifjar, sem húsaleigan veitir mönnum hjer, en hætt er við því, að hún lækki ekki mikið, þótt járnbraut kæmi.

Þá skal jeg ekki tefja tímann lengur með því að svara háttv. flm. frv. Mig langar hinsvegar til að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT), sem vjek að sama efni. Mjer þykir fyrir, að hann skuli ekki vera viðstaddur, því að í bróðerni vildi jeg við hann tala, en jeg get ekki slept því að minnast á ræðu hans, þótt hann sje fjarverandi. Þessi hv. þm. sagði, að ástæðan gegn járnbrautarmálinu væri sveitardráttur. Hann nefndi það þessu nafni, og er það sama kenningin og kom fram hjá hátt. flm., en þeir kölluðu það hreppapólitík. Jeg hefi nú svarað þessu atriði áður að nokkru. Þessi sveitardráttur er algerlega eðlilegur og hefir ætíð verið til. Mjer finst það ekki óeðlilegt, að hjeruð, sem altaf eru sett hjá og afskekt eru um fjárhagslegan stuðning til allra framkvæmda, kvarti og óski jafnrjettis um stuðninginn, en ekkert meira felst í sveitardrætti. Annað, sem þessi hv. þm. sagði máli sínu til stuðnings, var það, að allar mennilegar framkvæmdir á þessu landi ættu upptök sín í Reykjavík eða í landnámi Ingólfs. Þetta átti þá að vera næg ástæða til þess, að þingheimur fylgdi þessu frv., að það er reykvískt að uppruna. Því ber nú ekki að neita, að flestar stórfeldari verklegar framkvæmdir seinni tíma eiga rót sína að rekja til höfuðstaðarins. Það er heldur ekkert undarlegt, þótt svo sje, því að okkar fátæka þjóð hefir gert alt, sem hún hefir getað, til þess að hlaða undir þennan bæ, efla hann og styrkja. En jeg tel þetta ónýt meðmæli með járnbrautarmálinu og get ekki fallist á það, að vaxtarbroddur íslenskrar menningar sje í Reykjavík eða í landnámi Ingólfs. Þótt margt kunni að vera vel um Reykjavík og margt nýtilegt og gott eigi hingað rætur að rekja, þá er hitt líka víst, að margt hið skemmilegasta, sem fram hefir komið í menningu þessarar þjóðar, er frá höfuðstaðarmenningunni komið. Og vjer höfum sjeð hjerna síðustu dagana spegilmynd af því, hve djúptæk og holl menning höfuðstaðarins er.

Mitt álit er, að vaxtarbroddur menningarinnar íslensku liggi langt fyrir utan Reykjavík. Jeg hygg, að hann sje helst að finna í landnámi Helga magra eða Þóris snepils. Hann var einu sinni austan fjalls, í Odda og í Haukadal, og einu sinni var hann í Reykholti, en jeg neita því eindregið, að hann sje í landnámi Ingólfs.

Hv. þm. sagði, að þetta járnbrautarfyrirtæki væri eðlilegt framhald af

áveitunni og eiginlega sjálfsagður hluti hennar. Jeg veit það fullvel, að svo fremi áveitufyrirtækið hepnast, þá mundi járnbraut ljetta undir með öllum flutningum úr áveituhjeruðunum og til þeirra, en það er ekki þar með sagt, að leggja eigi fram þessar miljónir, sem áætlað er, að járnbraut kosti, eftir að lagðar hafa verið miljónir í áveituna og áður en vitað er, hvernig áveitufyrirtækin hepnast. Jeg hygg, að til jarðræktarfyrirtækjanna austanfjalls sje búið að verja af opinberu fje á þriðju eða 3 miljónum króna. Þessi óvenju mikli stuðningur virðist þó hafa orðið að litlu liði. Eftir því, sem kunnugir menn hafa skýrt frá, mun efnaleg afkoma þarna vera erfiðleg og „alt í grænum sjó". Á síðasta þingi var leitað eftirgjafar á stórri skuld vegna sparisjóðs Árnessýslu, sem hrunið hefir og gert nauðasamninga. Kaupfjelagið Hekla, sem þarna hefir starfað, mun einnig oltið. Bankaútibúið, sem þar var sett upp fyrir fáum árum, líka talið illa stætt vegna þess, hve fjárhagsástæður manna í hjeruðunum í kring eru slæmar. Alt þetta ætti að skýra varfærni okkar, sem hikum við að ráðast í miljónafyrirtæki vegna þessara hjeraða, og það því fremur sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sjálfur hefir kent ófarirnar eystra takmörkuðum búmannshæfileikum bændanna þar austur.

Jeg á nú eftir einar 7 eða 8 athugasemdir, sem jeg hefi skrifað upp úr ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT), en jeg ætla að sleppa þeim vegna þess, að hann er fjarverandi. En síðasta atriði ræðu hans get jeg þó ekki slept. Það var nokkurskonar olnbogaskot til mín fyrir það, að jeg hefi ásamt fleiri háttv. þm. borið fram till. um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þingflutnings til Þingvalla. Þykir honum með því stefnt til eyðslu eigi minni en járnbrautarbyggingu svarar. Það liggur nú ekki fyrir hjer að ræða um þá tillögu og ekki tími til að fara út í kostnað við þinghald þar eystra, en þingið, sem þar var háð og stóð á 9. hundrað ára, heimtaði hvorki þau útgjöld, sem hjer er imprað á, nje þær háu hallir, er hv. 1. þm. Árn. (MT) gerði ráð fyrir. Hann hefir vissulega skotið hjer yfir markið, og mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, að till. um þjóðaratkvæðagreiðslu um þingflutninginn skuli vera notuð sem árás á mig í járnbrautarmálinu, og slíkt borið fram af Árnesingi, því að með till. er vissulega stefnt að því, að flytja miðstöð lands og þjóðar til Árnessýslu, og mundi það framar flestu öðru tryggja hjeraðinu járnbraut. Mjer þætti líklegt, ef þingflutningurinn kæmist á, að þá yrði tillagan úrslitaatriðið, sem trygði það, að járnbraut austur yrði bygð. Mjer fanst því ekki hyggilegt af hv. þm. að minnast á till. í þessum tón.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að það mætti heita barnaleikur að byggja járnbraut austur yfir fjall, borið saman við það, hvernig er að byggja járnbrautir annarsstaðar. Jeg er ekki í vafa um, að þetta stafar af ókunnugleika hjá hæstv. ráðherra. Það er áreiðanlega meiri erfiðleikum bundið að leggja þessa járnbraut en víðast í nágrannalöndunum. Auk þess eru alstaðar í nágrannalöndunum meiri líkur fyrir arðvænlegri rekstri en hjer. Því er þessi fullyrðing eintómt slagorð. Jeg veit að vísu, ef höfð er fyrir augum járnbrautin frá Björgvin til Oslóar, þá er bygging austur yfir heiði auðveldari, en Björgvinjarbrautin er undantekning frá því al-

menna og mikilfenglegasta fyrirtæki á Norðurlöndum af þessu tæi. En þar eru líka betri skilyrði fyrir því, að slík braut beri sig, en hjer er um að ræða.

Jeg ætla nú ekki að þreyta hv. þdm. lengur og sleppi því öðrum athugasemdum í bili. Get jeg ef til vill á síðari stigum þessa máls vikið að þeim.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í umræðunum um þetta mál var spurt um afstöðu stjórnarinnar, og hefir hæstv. atvrh. (MG) lýst henni svo sem vera bar. Jeg vil aðeins bæta því við, að mjer virðist þetta frv. borið fram á forsvaranlegum fjárhagslegum grundvelli. Í fyrsta lagi vegna þess, að þetta eru aðeins heimildarlög, sem engin stjórn lætur koma til framkvæmda, nema henni sýnist, að fjárhagsástæður leyfi það. Í öðru lagi vegna þess, að það er frá upphafi gert ráð fyrir þeirri skiftingu á stofnfjenu, að 2½ miljón sje framlag ríkissjóðs, en afgangurinn lánsfje, er fyrirtækið standi straum af, og það hygg jeg, að því mundi reynast auðvelt. Að því er snertir framlag ríkissjóðs, þá er annaðhvort að ráðast í þetta eða verja 3½ miljón til þess að leggja nýjan veg sömu leið. Ef lagt er út í þann kostnað, er ekki von um að ná neinu af honum aftur, heldur bætast þar á ofan skyldur til þess að halda veginum við, án þess að hann gefi nokkrar tekjur. Með þetta fyrir augum verð jeg að álíta það fjárhagslega forsvaranlegt, að veittar sjeu 2½ miljón króna sem framlag úr ríkissjóði til járnbrautarinnar. Það er að vísu rjett, sem tekið hefir verið fram, að það þarf að halda við vegi milli Ölfúsár og Reykjavíkur eigi að síður, og ríkisjóður verður að kosta það viðhald. En slíkt viðhald mundi verða mjög ljettbært, þegar járnbraut er komin fyrir allan aðalflutninginn og umferðina. Framlag ríkissjóðs til þessa fyrirtækis verður einni miljón króna lægra en nýr vegur mundi kosta, og viðhald vegarins mundi verða miklu minna eftir en áður. Er því auðsætt, að ríkissjóður verður mun betur úti með því að leggja fje til járnbrautarinnar heldur en vegar, ef áætlanir um kostnað og afkomu járnbrautarinnar rætast, sem ekki er ástæða til að efast um, meðan ekki er til annað að byggja á.

Að öðru leyti vil jeg, vegna gamals kunningsskapar við málið, leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að hinni almennu hlið þess. Hjer er um það að ræða, að veita stærsta landbúnaðarhjeraði landsins greiðar samgöngur til sjávarins. Vegurinn, sem nú tengir það við höfuðstaðinn, er mjög slæmur og auk þess lokaður 5—6 mánuði ársins. Það er nú æði langt síðan sú stefna var tekin upp hjer, að opna sveitahjeruðunum greiðar samgöngur til sjávar. Það var gert með fyrstu vegalögunum frá 1884. Á grundvelli þeirra laga var svo tekið að leggja akfærar flutningabrautir frá kauptúnunum og inn í hjeruðin. Nú er þetta svo langt komið, að fært hefir þótt að breyta til og byrja á því að gera akfæra vegi milli hjeraða og landsfjórðunga. Í það á að ráðast á næstu árum. Þó að hinu hlutverkinu sje ekki lokið, þá eru tiltölulega litlir erfiðleikar eftir á því sviði. Að hinu leytinu eru samgöngur á sjó mjög orðnar bættar og komnar í viðunanlegt horf, fyrir þau hjeruð, sem hafa sæmilegar hafnir. En það er talandi vottur um samgönguleysi hjeraðanna austanfjalls, við sjóinn, að

árið 1925 voru ekki fluttar til útlanda afurðir úr hjeruðunum fyrir grænan eyri. Auðvitað fluttu hjeruðin út afurðir, en þau þurftu að flytja þær í önnur hjeruð fyrst. Það er hið einstakasta samgönguleysi á öllu landinu, sem þessi hjeruð eiga við að búa, þegar landleiðin til Reykjavíkur er lokuð. Nú er högum svo háttað þar eystra, að þar eru yfirleitt ljeleg skilyrði til sauðfjárræktar, en hinsvegar ágæt skilyrði til nautpeningsræktar, en hún verður ekki stunduð með góðum árangri nema samgöngur sjeu góðar. Það þarf daglega að koma afurðunum á markaðinn og draga að sjer kraftfóður og fleira þesshättar.

Það er þess vegna svo, að þó þannig standi á á einum stað öðrum hjer á landi, sem sje Fljótsdalshjeraði, að það sje útilokað frá samgöngum við hafnarstað hálft árið, þá er það ekki nema ⅕ af Suðurlandsundirlendinu að stærð, og ennfremur er það eitt af þeim hjeruðum, sem best eru fallin til sauðfjárræktar, og þolir það því miklu betur, þótt það eigi við 6 mánaða innilokun að búa.

Það hefir verið talað um það, að þetta landssvæði ætti við miklu betri samgöngur að búa heldur en önnur hjeruð landsins. En þetta er stór misskilningur. Ef þetta atriði er rannsakað, þá kemur það í ljós, að suðurláglendið hefir fengið mikið minni samgöngubætur en aðrir landshlutar, sem raun ber líka vitni. En þess ber auðvitað að gæta, að þær samgöngubætur, sem annarsstaðar hafa verið gerðar, hafa hlutaðeigandi sveitir sjálfar borgað að nokkru leyti, svo það er ekki alt útlagður eyrir, sem til þeirra hefir gengið. En það er líka best, þegar svo gengur. Og það er einmitt þesshättar samgöngubót, sem þetta frv. á að veita suðurláglendinu. Samgöngubót, sem sje svo myndarleg, að hún fái að fullu bætt úr erfiðleikum þeim, sem landbúnaðurinn á þarna við að stríða, og jeg hefi áður lýst; og ennfremur samgöngubót, sem geti borið sig sjálf af sínum eigin afrakstri. Það hefir verið sagt hjer, að þessi framkvæmd mundi skapa kyrstöðu um aðrar nauðsynlegar framkvæmdir. Jeg álít, að það eigi ekki að kaupa hana svo dýru verði. En ef menn geta borið svo mikið traust til málsins, að þeir þori að ráðast í framkvæmd þess fyrir lánsfje, þá ætti það ekki að geta valdið neinni kyrstöðu.

Jeg mun svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni. En að lokum vil jeg segja það álit mitt, að ekki geti komið til mála að innibyrgja til lengdar frá sambandi við höfn þetta besta landbúnaðarhjerað landsins, þannig, að það fái ekki notið sín vegna skorts á samgöngum, sem annars eru svo tryggar, að þær munu borga sig sjálfar.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi engu að svara og get því orðið stuttorðari en sumir aðrir hv. þm., sem hjer hafa talað. Jeg ætla aðeins að rifja upp í höfuðdráttum sögu málsins og bera saman við ýmislegt annað, sem fram hefir komið. Er þá fyrst að geta þess, að árið 1913 var fyrst gefin skýrsla um rannsókn þessa máls. Sú skýrsla var gefin af þáverandi landsverkfræðing, en núverandi fjrh. Jóni Þorlákssyni. Sú skýrsla olli, eins og kunnugt er, allmikilli deilu, sem hjer er ekki þörf að rekja. Menn muna, að hv. núv. 1. þm. G.-K. (BK) lagðist þá allfast á móti málinu. Lá það svo niðri, þangað til 1920. Þá kom það aftur á dagskrá, í sambandi við fossamálin, og voru þá

enn all-misjafnar skoðanir um málið og talsvert kapp í umræðum um það, en árangurinn varð sá, að 1921 voru á Alþingi samþykt lög um rannsókn til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna, og um leið ákveðið að láta rannsaka járnbrautarstæði austur að Ölfusá. Var til þess verks fenginn norskur verkfræðingur, Sverre Möller, og gaf hann stjórninni skýrslu um málið, dags. 21. október 1922.

Þegar fyrri skýrslan var gefin, var rannsóknum á járnbrautarstæðinu ekki lokið, og því varlega treystandi ýmsum skýrsluatriðum. En þó segir Sverre Möller þetta um rjettmæti brautarinnar:

„Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja um fólksfjölda, vöruflutning og ferðamenn, getur járnbraut frá Rvík til Suðurlandsins hvorki greitt rekstrskostnað nje rentur og afborganir af stofnkostnaðarláni."

Síðan dregur hann ályktun af þessu og segir, að það sje hugsanlegt, að rjettara væri að byggja góðan bifreiðaveg til Suðurlandsins heldur en að binda stórar fjárupphæðir við framtíðarmöguleika, sem enginn þekkir.

Þessi skýrsla Sverre Möllers var því langt frá að vera glæsileg. En 1925 er hún endurskoðuð og fullsamin og lögð fyrir þingið, ásamt erindi, er vegamálastjóri flutti í Verkfræðingafjelagi Íslands. Hjer kveður nokkuð við annan tón.

Stofnkostnaður er áætlaður um 7 miljónir kr. Á öðru ári er rekstrshagnaður áætlaður 8 þús. kr., en á 10. ári 223 þús. kr. — Áætlun þessi er miðuð við þáverandi gengi kr., sem var 58 au., og skal ekki farið út í það.

Í járnbrautarskýrslunni frá í fyrra segir Sverre Möller, á bls. 43:

„Verðlag virðist nú, þrátt fyrir nokkrar sveiflur upp og niður, vafalaust lækkandi, og enda þótt ákveðið yrði að byrja framkvæmdir nú þegar á næsta ári, má á næstu 3 árum vænta verðlækkunar, sem nema muni meiru en svari vöxtum af stofnkostnaði, en þá má áætla um 630 þús., eða 9% af heildaráætlun."

Jeg skal heldur ekki fara út í þetta, því jeg vil gefa skýrslu um málið, alveg óhlutdrægt. Á öðrum stað í skýrslunni getur hann þó þess, að þess beri að gæta, að verðlag sje nú mjög valt. Og hann endar skýrslu sína meðal annara orða svo: „— með því að járnbrautin getur annað meiri flutningum og býður meiri möguleika til þess að fullnægja framtíðarkröfum en nokkur önnur flutningatæki —." Hjer er um greinileg skoðanaskifti að ræða, frá fyrri skýrslunni. Hjer segir hann, að í raun og veru sje ekki um annað að tala en járnbraut. Bílveg eða rafmagnsbraut getur hann ekkert um, og þó ætti rekstursaflið hjer að vera rafmagn, því bæði er verð á kolum svo valt, sem kunnugt er, og auk þess valt að treysta á þau af ýmsum ástæðum, t. d. verkföllum við námur og því um líkt. Auk þess geta kolin þrotið. En framtíðar-rekstursafl landsins sjálfs er ekki litið á.

Skömmu eftir að þing kom saman í vetur, fór að kvisast um það, að enn væri von á endurskoðaðri skýrslu um járnbrautarmálið, sem leggja ætti fyrir þingið. Efuðust þó margir um þetta, því þeir vissu, að á síðasta þingi var ekkert fje veitt til nýrra rannsókna. En það ólíklega skeði. Skýrslan var lögð fyrir þingið, samin af vegamálastjóra, og er hún e. k. óbein „kritik" á fyrri skýrslu Sverre Möllers og niðurstöður hans. Hjer er á ný gerður samanburður á

verði járnbrautar og bílvega, og öllum kostum, og niðurstaðan er sú, að rjettara sje að leggja járnbraut, þó hún kosti meira en 3 miljónum krónum meira en fullkominn bifreiðavegur. En nú er líka rekstursbagnaður af járnbrautinni áætlaður miklu hærri en síðast. 1925 var rekstursbagnaður á 2. ári áætlaður 8 þús. kr., en nú 63 þús. kr. 1925 var rekstursbagnaður á 10. ári áætlaður 223 þús. kr., en nú 308 þús. kr. „eða 5% af stofnkostnaðinum", eins og segir í skýrslunni. Þetta er sýnilega mikill og góður vöxtur í áætluninni, og hlýtur það að stafa af því góða uppeldi, sem hún hefir fengið. Og þó segja hv. flm., að þetta sje eina atriðið, sem ekki sje rjett áætlað í þessari skýrslu. Hagurinn sje nefnilega miklu meiri. Þetta geta þ e i r sagt, að sje rangt hjá vegamálastjóra, sem eru þó hvergi þektir fagmenn. Og sýnist þó, að framförin hjá vegamálastjóra hafi fylgst nokkurnveginn með tímanum, og sjá þó allir, hve langt hann fer í því að teygja sig til móts við þá, sem lengst vilja ganga í þessu atriði.

Jeg hefi nú rakið stuttlega sögu þessa máls, en vildi svo fara um það nokkrum frekari orðum, í sambandi við orð hv. 1. þm. Árn. (MT), þar sem hann tók það fram, að þetta mál væri ekki fyrst og fremst samgöngumál, heldur landbúnaðarmál. Sökum þess, að öllum mun nú ljóst, á hverju málið á að hvíla sem búnaðarmál, sem sje þeim stóru ræktunarfyrirtækjum, sem nýverið hefir verið stofnað til þar eystra, Skeiða- og Flóaáveitunum, þá skal jeg nú athuga það ögn nánar. Því hefir verið lýst hjer nýverið af hv. þm. Borgf. (PO), hvernig áveita, sem hann ljet gera með miklum kostnaði, varð að engu liði, og víðar hefir farið á líkan veg. Skal jeg því, út af þessari yfirlýsingu hv. 1. þ. m. Árn. (MT) beina því til hv. þdm., að athuga það vel, hve traustur sá grundvöllur muni vera, sem hann ætlar þessu máli að hvíla á. Vil jeg þá, í þessu sambandi fyrst og fremst, gefa hjer útdrátt af rannsókn tveggja fróðra manna viðvíkjandi Skeiðaáveitunni, þeirra Sigurðar búnaðarmálastjóra Sigurðssonar og Pálma Einarssonar, búfræðikandidats. Skýrsla um rannsókn þessa er prentuð í Búnaðarritinu 1925. Er það þar tekið fram og gefin skýrsla um áburðarefni þau, sem burt flytjast með heyinu í meðalsprettuári, ennfremur um þann áburð, sem flytst á áveitusvæðið með vatninu, og loks hvað að notum kemur af hinum aðflutta áburði, — alt miðað við hektara. Skýrslan er þannig: Af köfnunarefni flytst burt í heyinu af hektara hverjum 27.39 kg., en að berst með áveituvatninu 3.933, og þar af kemur að notum $\frac{1}{10}$, eða 0,393 kg. Af fosfórsýru flytst burt 4.11 kg.; að flytst 2.294 kg., og þar af notast 0,229 kg. Af kalí flytst burt 16,92 kg.; að flytst 8.522, og notast af því 0,852 kg.

Um þessa rannsókn segir svo búnaðarritið á einum stað.

„Næringarefnin, sem að notum koma, eru hverfandi, samanborið við kröfur þær, sem gera þarf, ef fullnægja ætti áburðarþörfinni, — — — þannig er eigi hægt að gefa vonir um, að áveita þessi geti haft þýðingu sem áburðaráveita nema að litlu leyti. Kalkið í vatninu styður óbeint að ummyndun lífrænu efnanna, og á þann hátt getum við búist við því, að að notum komi sá forði, sem í jarðveginum finst, af dýrmætasta næringarefninu, köfnunarefninu."

Það er einmitt þetta, sem ástæða er til að óttast um þessa áveitu, að þegar vatnið er búið að leysa upp þau næringarefni, sem í jarðveginum eru, þá sje líka sprettan búin, því það er greinilegt, að vatnið hefir ekki í sjer nema lítið af þeim efnum, sem þarf til þess að fullnægja næringarþörf jurtanna. Þess má enn geta, að eftir rannsóknum Ásgeirs heitins Torfasonar flytur vatnið á hvern hektara um 1000 kg. af sandi og óuppleysanlegum steinefnum. Alt þetta hlýtur að vekja hjá manni þessa spurningu: Er þetta áveitustórvirki til frambúðar?

Um Flóaáveituna er ekki hægt að segja neitt ákveðið, vegna þess að hjer hefir engin rannsókn farið fram. En það er skoðun þeirra manna, sem helst bera skyn á þá hluti, að mjög mikil hætta sje á því, að þar fari á sömu leið, — eins og segir í Búnaðarritinu 1925, bls. 81: „Áveitan styður að betri hagnýtingu þess næringarforða, sem í jarðveginum finst. Það verða gagntækustu áhrifin, sem hún hefir."

Þetta er í raun og veru það sama, sem sagt hefir verið um Skeiðaáveituna. Nú hefir enn fremur heyrst sagt, að þarna sje þunnur jarðvegur með hrauni undir, og gerir það það enn líklegra, að svona fari.

Jeg bendi á þetta vegna þess, að mjer virðist full ástæða til, að það sje athugað, hvort rjett sje að byggja miljónafyrirtæki á framtíðarmöguleikum, sem eru jafn-óvissir. Jeg tala hjer ekki um það, hvaða skoðun jeg hafi á því spursmáli, hvort járnbraut sje fyrsta og besta samgöngutækið, eða ekki. En jeg tala frá því sjónarmiði, að það er ekki forsvaranlegt að leggja slíka járnbraut fyr en meiri reynsla er fengin og málið hefir fengið þá rannsókn, sem sje alveg ugglaus. En þá eru líka þeir, sem hlut eiga að máli, skyldir til þess að styðja framkvæmdina, er til þess kemur. Jeg ætla nú ekki að tala um það, hvernig hagur þeirra manna sje, sem á þessu svæði búa. Það er öllum kunnugt. Allir vita, að bændur þarna á Skeiðaáveitusvæðinu rísa ekki undir þeim bagga, sem áveitan lagði á þá, og geta ekki einu sinni greitt vexti til ríkissjóðs til bankanna, og hafa þegar fengið uppgjöf á talsverðum upphæðum. Hjer skal ekki tekið tillit til þess. Og sjálfsagt hefir það verið sanngjarnt og rjett, úr því að í þetta var ráðist að nokkru leyti í blindni. Nú er að vísu ekki komin reynsla um Flóaáveituna. En reynsla sú, sem fengin er, ætti að kenna mönnum að fara varlega. Og jeg verð að telja það óheppilegt að leggja nú enn á ný í stórfyrirtæki í sambandi við það, sem á undan er gengið, fyr en fengin er full reynsla fyrir árangri af áveitunni, sem rjettlæti það, sem því miður er ekki gott útlit fyrir enn sem komið er.

Þetta járnbrautarmál kom fyrir þingið fyrir 20 árum, en þá var tilefnið alt annað. Þá var um það talað sem björgunarráðstöfun fyrir Norðurland ísaárin áður, og einkum ísaárið 1902 hafði gefið tilefni til þess að athuga, hvort ekki gæti komið til mála, er ís og snjór hefti allar samgöngur við Norðurland, að ráða bót á bjargþrotahættunni með járnbrautarlagningu. En það var ekki gengið út frá því, að sú járnbraut borgaði sig, heldur var hún eingöngu skoðuð sem björgunarráðstöfun. Það blandast engum hugur um það, að bættar samgöngur sjeu lyftistöng fyrir landið og einstök hjeruð. En þó það sje viðurkent, þá er hitt engu síður kunnugt og viður-

kent, að það þarf mjög mikla þekkingu og nákvæman undirbúning til þess að finna rjetta lausn málsins. Það er því altaf höfuðatriðið að spyrja, hvort sú leið sje rjett, sem um er að ræða, og ennfremur, hvort fært sje að framkvæma hana vegna hags ríkisins. Mjer skildist það á orðum hæstv. fjrh., og getur heldur ekki leikið á tveim tungum, að ekki komi til mála að stöðva allar framkvæmdir í landinu vegna þessarar einu framkvæmdar. En þegar skera á úr því, hvaða leið sje rjettast að fara í þessu efni, þá verður að leita til reynslu annara þjóða. Þegar þetta mál var hjer fyrst til umræðu, þá var ekki um önnur flutningatæki að ræða, en síðan hafa komið miklar breytingar í þessu efni og fengist margháttuð reynsla. Jeg veit ekki, hversvegna vjer einir ættum að telja járnbrautir fyrsta og fremsta samgöngutækið. Jeg hefi heyrt, að á Englandi sjeu bifreiðar að útrýma járnbrautum. Og ennfremur hafa landar vorir vestan hafs langalmennast álitið, að við eigum alls ekki að ráðast í að leggja járnbraut, og hafa þeir beint boðum hingað heim með þjóðkunnum mentamönnum, til varúðar. Jeg býst við því, að þeir byggi á reynslu. Og ef járnbrautir eru að tapa sínu gildi fyrir þessa menn, þá ættum við, þó að við sjeum allmikið á eftir, að hafa leyfi til þess að minsta kosti að minna á það, að til sjeu fleiri farartæki en járnbrautir.

Eins og jeg sagði áðan, þá var sú skoðun ofan á fram á síðasta haust, að við ættum að gera bílvegi til þess að bæta okkar samgöngur innanlands, og höfum við þegar lagt allmikið fje í það, þó að það fje sje miklu minna en járnbraut kostar. Að öðru leyti er munurinn þessi: Bilferðirnar eru reknar af einstökum mönnum í samkepni innbyrðis. Járnbrautina á að reka með ríkisfje og með kolum, sem aldrei er hægt að gera áætlun um verð á, eins og jeg hefi áður tekið fram. Bílarnir keppa við járnbrautina, þegar hún er komin upp. Bílvegum eða öðrum vegum þarf að halda við og leggja mikið fje í. Járnbrautarvegurinn er ekki til neins annars nýtur. Bílarnir eru skattaðir fyrir vegaviðhaldinu. Járnbrautin yrði að líkindum ómagi á ríkissjóði.

Jeg veit ekki, hvernig menn hugsa sjer það, að járnbraut útrými öllum öðrum vegum. Hvernig eiga menn að flytja og sækja vörur á járnbrautarstöðvarnar. Ekki fer hún heim í hlað til hvers eins. Og til þess yrðu að líkindum notaðir bílar og vagnar. Annars vil jeg taka það fram í sambandi við þetta, að það sýnist vera að verða að ástríðu að kaupa vjelar til alls, sem þó er hægt að vinna með hestafli á mikið ódýrari hátt.

Einn ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands hefir skrifað eftirtektarverða grein um þetta. Hann ræður bændum frá þessari leið og segir, að þeir skuli nota hestana sína og vagnana, þar sem hægt sje. Þetta bendi jeg á sem hliðstætt við þá þjóðarástríðu, að taka ávalt það, sem dýrast er, að of lítið rannsökuðu máli.

Nú er byrjað á að leggja bílveg norður í land, og smámsaman lögð meiri áhersla á að flýta honum. Það er og á að vera í sama augnamiði og járnbrautin var fyrst hugsuð. Nú yrði hætt við þetta, en aðeins blint á hitt: Járnbraut skal það vera. Hvenær myndi hún koma?

Hv. 1. flm. frv. (JörB) beindi því til mín, að mínir niðjar myndu hafa gagn af því, en þar var hv. 1. þm. Árn. (MT) heilli í frásögn sinni, því að hann sagði

hreinskilnislega, að sjer hefði aldrei dottið í hug, að það yrði lögð önnur járnbraut hjer á landi en þessi. Hv. flm. (JörB) ætlaði með þessu að slá á þá pólitisku strengi, sem hann kvað hvervetna vera spilað á. Og mótþróinn gegn þessu máli væri allur bygður á hreppapólitík. Svona moka þeir frá sínum dyrum, sem vilja beina athyglinni frá sjer, sletta sínu eigin skarni á aðra. Þeir, sem vinna að málinu af einskærri hreppapólitík, þröngsýni og skilningsleysi.

En jeg hefi í rauninni ekki orðið var við, að neitt hafi verið sagt af andstæðingum málsins, sem hægt væri að byggja slíka ásökun á. Og þeir hv. þm., sem þetta segja, hafa engan rjett til þess. Og jeg held því enn fram, að eftir því, sem fram hefir komið hjer á Suðurlandsundirlendinu í framkvæmdum þeim, sem þar hafa verið gerðar, þá sýnast þeir menn, sem þar búa, alls ekki vera neitt sjerstaklega til þess hæfir að ákveða, hvernig þar eigi að haga samgöngum, frekar en aðrir menn.

Að lokum vil jeg lítillega koma inn á fjárhagsatriðið. — Fyrst, þegar hjer var talað um járnbraut, þá datt engum í hug, að landssjóður Íslands tæki hana á sínar herðar, heldur áttu vitanlega fjelög eða einstaklingar að framkvæma fyrirtækið, því að þá hafði heldur ekki lánasýkin gripið þjóðina, svo sem nú er, og kostnaðurinn líka á engan hátt samræmanlegur við íslenskan mælikvarða, og er það í rauninni ekki enn. Og mjer þykja það fullmikil brjóstheilindi að bera fram, eins og ástæðurnar eru nú, mál, sem kostar ríkissjóð 7—8 miljónir króna, fyrir utan allan reksturskostnað. Og hverjar líkur eru nú til þess, að ríkissjóður verði fær um að leggja þetta fje fram fyrir árið 1927? Hæstv. stjórn leggur nú fyrir Alþingi fjárlagafrv. með sama sem engum tekjuafgangi, og mjer heyrist enn fremur, að stjórnin telji heldur ekki rjettmætt að hækka tekjuáætlunina. Nú er útlitið þannig, að það hafa máske aldrei verið meiri líkur til tekjurýrnunar, og það jafnvel stórkostlega, og gjaldþol þjóðarinnar mundi ekki anna því að bera meiri skatta, og hvar stöndum við þá? Þá dæmir þjóðin vitanlega, af hverju þetta stafi fyrst og fremst, og hún dæmir þá líka þá viðleitni, sem fram kemur við það, að leggja slíkar drápsklyfjar á hana, sem jeg tel fremur að nauðsynjalitlu. Jeg vil heldur halda mjer við það að fullgera bílveg og láta ríkissjóð gera það eftir sinni getu. Og það geri jeg í þeirri trú, að um leið og bílvegirnir komast í sitt besta lag, þá færist flutningsgjöldin mjög mikið niður, því að þegar við höfum fengið fullkomna og góða bílvegi, þá fáum við líka miklu stærri bíla. Við getum þá fengið reglulega bílvagna, eins og þá, sem notaðir eru í Ameríku, sem flytja miklu meira og gera alla flutninga miklu ódýrari.

Prófessor Valtýr Guðmundsson vill láta Dani kosta járnbraut hjer og vill láta Dani flytja inn á Suðurlandsundirlendið. Það getur máske legið eitthvað á bak við þessa hugmynd. Jeg vildi aðeins drepa á þetta til þess að taka það fram um leið, að jeg er síður en svo með þessu, en geri það ekki frekar að umtalsefni nú. Þá hefir verið minst á, að þetta frv. væri í raun og veru alveg hættulaust á allan hátt, af því að það væri aðeins efni í heimildarlög. Ef stjórnin ætlar ekki að nota heimildina, þá eru lögin þýðingarlaus, og ef stjórnin ætlar að nota hana, þá á ekki að samþykkja

frv. Í hvorutveggja tilfellinu á ekki að samþ. frv. Jeg gerði fyrirspurn um það til hv. aðalflm. (JörB), hvort hann flytti þetta mál inn í þingið fyrir hæstv. stjórn, sem hv. þm. (JörB) svaraði neitandi. Nú hefir hæstv. stjórn lýst aðstöðu sinni til málsins. Eftir henni að dæma má vitanlega segja það, að stjórnin fari sjer hægt, en það virðist þó, að hún sje þessu máli svo hlynt, að hún mundi að minsta kosti ráðast í að byrja járnbrautarlagningu svo fljótt sem hún sæi sjer fært, og fljótara en öðrum sýndist fært. Jeg vil ekki, þótt jeg styðji þessa stjórn, eiga neitt undir hennar hluta í þeim efnum, jeg vil láta þingið sýna það alveg skýrt og skorinort, hvernig það lítur á þetta mál. Og jeg vil enn minna á það, að jeg tel óverjandi að ráðast í framkvæmd á þessu fyr en reynsla er fengin um þau stórfyrirtæki, sem um er að ræða þar eystra. Og auk þess álít jeg, að járnbraut sje ekki að sjálfsögðu það fyrsta og besta samgöngutæki, sem hjer á að vera. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið að sinni, jeg hefi ekki leyfi til að taka oftar til máls við þessa umræðu, og get auk þess látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig leitast verður við að hrekja það, sem jeg nú hefi sagt, en því skal jeg lofa, að hafa til 2. umr. aflað mjer frekari upplýsinga um þetta mál.

Halldór Stefánsson: Þegar jeg sagði nokkur orð um þetta mál við fyrri umr., þá datt mjer ekki í hug að gera til hlítar upp með sjálfum mjer um fylgi við málið. Jeg leyfði mjer aðeins að benda á einstök atriði, sem mjer þóttu athugaverð, ef það ætti að ganga fram nú þegar, enda væri það nokkuð einstakt um jafnstórt mál. En það virtist samt svo, sem hv. flm. þyldu illa svo hógværar athugasemdir. Mínar athugasemdir náðu þó ekki lengra en að benda á það, að þegar fjárhagsástæður ríkisins leyfðu ekki að ráðist væri í fyrirtæki, sem ekki kostaði í mesta lagi nema hálfa miljón króna, þá myndu þær ekki leyfa, að ráðist væri í fyrirtæki, sem kostaði 6 til 7 miljónir. Þetta tekur þó ekki til hv. þm. Árn. (MT og JörB), því að þeir höfðu engu lýst yfir um það, sem jeg nú nefndi, það tekur aðeins til þeirra hv. þm., sem gengu á móti till. um að byggja strandferðaskipið. Jeg benti á það, að á meðan að í heilum hjeruðum er ekki farið að leggja neinn vegarspotta, til að greiða fyrir umferð um hjeruðin, og mörg stórvötn væru óbrúuð, teldi jeg varasamt að leggja í stórkostleg fjárhagsfyrirtæki, sem byndi fjárhagslega getu þjóðarinnar um ófyrirsjáanlegan tíma. Og það er fleira, sem bíður ógert. Það má t. d. nefna Landsspítalann og hælið á Kleppi. Það er langt síðan óskir komu fram um þetta hvorttveggja og brýn þörf á að hvorttveggja verði sem fyrst af hendi leyst, en hvorttveggja er óleyst ennþá. Jeg benti ennfremur á og fleiri hafa tekið í sama streng, þar á meðal hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að járnbraut væri ekki það eina samgöngutæki, sem gæti komið til greina, til þess að bæta úr samgönguþörf þessara hjeraða. Jeg benti á það, sem aðrir hafa bent á líka, að það er orðið álit manna sumstaðar í öðrum löndum, að járnbrautir, og þá einkum stuttar járnbrautir, beri sig ekki í samkepninni við bifreiðavegina, og það væri þá dálítið raunalegt, ef við færum einmitt að leggja út í að byggja járnbraut, þegar e. t. v. væri farið að líða undir lok járnbrautaraldarinnar. Um þetta fullyrði jeg

ekkert, og get heldur ekkert fullyrt um það, en tel að þetta sje nægileg ástæða til nákvæmrar athugunar.

Það er að sjálfsögðu margt, sem mælir með svona stóru máli, og það mætti líka fyr vera um jafnstórt mál, ef svo væri ekki, en með því er samt ekki játað eða slegið föstu, að málið sje ekkert athugavert, og að ganga megi að því svo, að ekki þurfi að taka tillit til neins annars en þess.

Það, sem jeg sagði og aðrar aths., sem fram komu um frv., var tekið óstint upp af báðum hv. flm. (JörB og MJ), en þó dálitið á sinn hátt af hvorum. Hv. 1. flm. (JörB), þótt hann tæki málið nokkuð óstint upp, að því er virtist, þá talaði hann þó um málsatriðin, og með þeim rökum, sem hann þóttist hafa fram að bera, en þetta verður ekki sagt um hv. 2. flm. (MJ). Við því, sem jeg og aðrir höfðu að athuga við málið, hafði hv. þm. (MJ) ekkert svar nema brigsl. Með tveim vel viðeigandi orðum þóttist hv. þm. (MJ) svara öllum aths., þar sem hann sagði, að hefnigirnis- og hrossakaupapúkinn væri nú að stinga hjer upp höfðinu. Hv.1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir nú vikið að þessum ummælum, og þarf ekki að svara þeim frekar, og jeg tel, að þeir, sem ekki hafa önnur svör við máli manna en þessi og þessu lík, þeim sje ekki þörf að svara. Hv. 1. þm. Árn. (MT) tók undir þessi ummæli hv. 2. flm. (MJ), en með dálitið vægari orðum, nefndi það sveitardráttar-pólitík, og vildi jafna málið með þægilegum viðskiftum og semja um það, sumpart með frv., sem fyrir liggja hjer á þinginu og sumpart með fögrum loforðum. Þá mælti og hæstv. atvrh. (MG), en hóflega þó, með frv., og varla af fullri einurð. Með þessu meina jeg það, að þar sem stjórnin hefir undirbúið frv. og mælir með því, þá hefði hún líka átt að hafa einurð til að bera það fram. Hæstv. atvrh. fann þó ýmislegt athugavert við frv., eins og við hinir, þar á meðal benti hann á það, að til mála gæti komið, að Reykjavík legði fram einhvern hluta af kostnaðinum, og í öðru lagi taldi hæstv. ráðh. (MG), að það gæti komið til athugunar, hvort ríkið ætti að leggja í þetta fyrirtæki, eða fjelag einstakra manna, og það er að mínu áliti mikilsvert atriði. Hæstv. ráðh. (MG) bar sem sagt fram nýjar athuganir, sem vert er að taka til yfirvegunar. Að öðru leyti mælti hæstv. ráðh. (MG) af mikilli velvild til málsins og taldi rjettmætt, að það væri fram borið vegna þess, að nú myndi nokkurt fje vera fyrir hendi til að leggja í fyrirtækið, og mun það eiga að skiljast svo, að því fje, sem safnast hefir á síðasta ári, muni ekki annarsstaðar betur fyrir komið.

Hv. meðmælendur frv. hafa að sumu leyti lagt áherslu á sitt atriðið hvor. Hv. 1. flm. (JörB) lagði aðaláhersluna á samgöngubætur sveitanna við bæina hjer við Faxaflóa, þá gætu þeir notið betri markaðsskilyrða. Háttv. 2. flm. lagði aðaláhersluna á þörf bæjanna, einkum Reykjavíkur, fyrir uppland, til að geta fullnægt sínum daglegu þörfum fyrir landbúnaðarafurðir sem mest af eigin ramleik, fara draumar hv. flm., nokkuð í sína átt hver. Það vill þá líka svo til, að þeir geta ekki rætst báðir, því að ef Reykjavík getur fullnægt sinni þörf af eigin ramleik, til hinna daglegu framleiðsluvarna landbúnaðarins, sem aðallega er mjólkin, þá hafa ekki íbúarnir austan fjalls mikils markaðs að vænta. En mjer finst nú reyndar, að úr hvorugu þurfi mikið að gera, markaðinum fyrir sveitirnar í Reykjavík eða

þörf Reykjavíkur fyrir uppland, því að jeg veit ekki betur en að Reykjavík sje að langmestu leyti farin að fullnægja sinni þörf til mjólkur, sumpart með eigin framleiðslu og sumpart með viðskiftum við þá staði, sem auðveldara er að ná til heldur en austur yfir fjall. Þá taldi hv. 1. flm., að ein aðalmeðmælin með járnbraut væri þörf sveitanna til stuðnings í samkepnina við stórútgerðina hjer við Faxaflóa. Benti hann á, hvernig sveitirnar austan fjalls hafa smámsaman verið að „fjara út", en það er ekki annað en það, sem maður veit, þetta er svona um alt land, sveitirnar eru smátt og smátt að tæmast af fólki, þær eru hægfara að leggjast í auðn. En þetta er ekki einstakt fyrir okkur, alveg það sama á sjer stað í þeim löndum, sem hafa járnbrautir. Þá vaknar spurningin: Er það aðeins fyrir járnbrautaleysið eða er það af einhverju öðru með? Það er fyrst og fremst fyrir það, að sveitirnar hafa ekki staðist samkepnina við aðrar atvinnugreinar, þar á meðal stórútgerðina og bæjalífið. Og ef járnbraut verður til eins mikils hagnaðar fyrir bæina og útveginn eins og fyrir sveitirnar, þá heldur þetta áfram óbreytt, að fólkið dragist burt úr sveitunum. Til þess að fólkinu geti fjölgað að verulegum mun austur í sýslum og Flóarækt in komi að notum, þá mun álitið að þurfi að reisa þar nýbýli, og það er líka mikið um það talað. En jeg held, að það geti komið til álita, hvort nýbýlin verða reist fyrir austan heiðina eða fyrir vesta hana. Nýbýlin verða, að minsta kosti til að byrja með, að byggjast mestpart á heysölu og mjólkursölu. Flutningskostnaður á heyinu er jafn, hvorumegin heiðar sem býlin væru. Aðstaðan til heyskaparins að vísu betri fyrir býli austan heiðar, en markaðsaðstaðan betri vestan heiðar, og auk þess stuðningur af atvinnu við útgerðina og í bæjum, og það býst jeg við að dragi meira. Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi vikið að, þykir mjer fullkomlega álitamál, hvort nýbýli þau, er reist verða vegna járnbrautarinnar og Flóa-ræktarinnar, verða reist hjernamegin heiðarinnar eða fyrir austan hana. En í sjálfu sjer er þetta máske ekki svo mikilvægt atriði, því það getur verið ávinningur, hvort sem fólksfjölgun verður austur í sýslum eða í bæjunum og nágrenni þeirra.

Háttv. flm. segja: Járnbraut, ekkert nema járnbraut getur komið hjer að liði. En alt fram að síðustu tímum hefir það þó verið talið álitamál, eins og háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir best sýnt fram á, hvort leggja ætti góðan bílveg eða járnbraut, og það er það fullkomlega enn, meðal annars af þeim ástæðum, að járnbrautir, einkum styttri brautir, eru yfirleitt að verða undir í samkepni við bifreiðarnar.

Það hefir verið fært járnbrautinni til gildis fram yfir vegina, að hún þyrfti ekkert viðhald, en það þyrftu vegirnir árlega. Við þetta er fyrst og fremst það að athuga, að allmikill munur er á stofnkostnaði hvors fyrir sig; munurinn er um 3 milj. kr. 6% af þeirri upphæð, 180 þús. krónur, mundi verða nokkurt fje til árlegs viðhalds á veginum. Í öðru lagi hefir það og verið viðurkent, að með járnbrautinni þyrfti líka veg, svo ekki kemur þá til, að losnað verði við alt viðhald á vegum austur. Að vísu hefir það verið sagt, að sá viðhaldskostnaður yrði lítill, þar sem umferðin um veginn yrði að sjálfsögðu miklu minni. En þess ber að gæta, að hugsað er, að hinn nýi vegur verði mikið vand-

aðri en sá, sem nú er, og þó er ekki að vita, að viðhald á honum verði svo mikið dýrara en á þeim gamla og ljelega, þó umferðarmunur væri mikill.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði þannig, að hann taldi málið ekki eiga rjett á sjer, ef það yrði til að hindra aðrar almennar framkvæmdir, en taldi forsvaranlegt, af því að ætla mætti, að járnbrautin bæri sig. Þetta verð jeg að telja mjög óákveðin ummæli. Það vantar sem sje vissuna um, hvort áætlanirnar muni standast, eða verða eitthvað nærri lagi. Áætlanir hafa oft brugðist, þótt aðeins hafi verið um stofnkostnað, og hvað þá þegar þarf að gera áætlun 10 ár fram í tímann. Og þó svo reyndist, að áætlunin væri nærri lagi, þá hlýtur slíkt stórmál, sem þetta, altaf að hindra að miklu eða töluverðu leyti aðrar framkvæmdir. Fyrst og fremst má búast við, að eitthvað verði tekið af því fje, sem fyrir hendi er í viðlagasjóði, og mátti skilja á hæstv. ráðherra, að hann teldi það óhætt. En því fje verður þá ekki varið til annars. Jafnframt yrði að leggja á gjaldþol manna, til að afla fjár til fyrirtækisins, og það gjaldþol, sem til þess gengi, yrði þá ekki notað til annars. Í þriðja lagi verður að taka mikið lán, en það kostar árleg útgjöld í vaxtagreiðslu og dregur frá lánstrausti landsins, ef til þess þyrfti að taka til annara hluta.

Eftir hugsanagangi sumra af formælendum þessa máls, þá eigum við að standa betur að vígi til almennra framkvæmda, eftir að hafa bundið 6—7 milj. í þessu fyrirtæki!

Samkvæmt áætlun þeirri, er liggur fyrir um stofnkostnað þessa fyrirtækis, er hann áætlaður 6¼—6½ miljón kr. og gert ráð fyrir, að 3 ár gangi til að koma því á fót. Rekstraráætlun hefir verið gerð til 10. rekstrarárs, og á þessari áætlun ætla jeg að byggja útreikning um hinn eiginlega rekstrarhalla fyrirtækisins. Eftir áætlun þessari verður framlagið að meðaltali á ári í 3 ár nálægt 2,16 milj. kr. 6% vextir af 1. árs framlaginu verður um 12,96 þús. kr. á ári. Í 13 ár verða það því um 1 milj. 680 þús. Á sama hátt reikna jeg framlag 2. ársins, og verða vextirnir af því í 12 ár rúm 1½ milj. og framlagi 3. ársins í 11 ár tæp 1½ milj. Þetta verður tamtals rúmar 4,6 milj. Frá þessu ber svo að draga tekjur þessara ára, og áætlun er gerð um þær á 1. og 10. rekstrarári og eftir henni má gera ráð fyrir, að þær verði að meðaltali 185 þús. kr. á ári, og það í 10 ár verða 1 milj. 850 þúsundir. Það dregið frá 4,6 milj., eftir verða þá ca. 2,8 milj., sem verður samlagður rekstrarhalli til 10. rekstrarárs. Sje þetta svo lagt við stofnkostnaðinn, verður hann yfir 9 milj. En ef þessari upphæð er aftur á móti deilt á 13 ár, þá verður það um 216 þús. á ári. Mönnum kann nú að þykja þetta ekki gífurleg upphæð, en hún slagar samt upp í það, sem veitt hefir verið til allra verklegra framkvæmda í landinu sum árin.

Þá er athugunarmál, hvort það ætti að vera ríkið eða fjelag einstakra manna, sem ræki þetta fyrirtæki. Væri það fjelag einstakra manna, sem ræki það, væri fyrirfram ákveðið, hversu mikið fje ríkið legði fram, og jafnframt tæki það enga ábyrgð, hvorki á áætlun nje á rekstrarhallanum. En ef ríkið ræki fyrirtækið, þá yrði að taka ábyrgð á áætlununum, ekki aðeins á stofnkostnaðinum, heldur líka á rekstrarkostnaðinum.

Því hefir nú verið haldið fram, að þessi áætlun væri mjög varlega gerð, sem jeg ætla ekki að mótmæla, því það má vel vera rjett. En hitt er þó víst, og á það hefir verið bent með fullum rjetti, að alt til þessa hafa allar áætlanir um járnbrautina verið mjög á reiki, og væri þá næsta undarlegt, ef hún nú alt í einu væri orðin óskeikul. Og jafnframt má benda á það, að sjálfir flutningsmennirnir hafa vefengt hana, að því leyti, að þeir hafa talið hana alt of varlega!

Jeg skal fúslega játa, að þetta er stórt mál, sem á skilið alla athygli. En það á enga heimtingu á blindu fylgi.

Sum mál eru svo stór og þýðingarmikil, að nauðsyn þykir að leita um þau þjóðaratkvæðis, og jeg verð að telja þetta mál meðal þeirra, þótt jeg hinsvegar búist ekki við, að að verði gert. En því ver þykir mjer við eiga, að ætlast til, að málið gangi fram nú þegar á þessu þingi, svo að kalla án þess, að þjóðin fái nokkuð um það að vita fyr en það er orðið að lögum. Og heldur ekki kann jeg við þá lagni, sem reynt er að afla frv. fylgis með, með því að halda því fram, að áhættulaust sje að samþykkja það vegna þess, að það sje aðeins heimild fyrir stjórnina, og að hún muni þá hafa vit og varúð fyrir þinginu. Af undirtektum tveggja ráðherranna má skilja, að þeir hafa ekki viljað taka ábyrgð á málinu með því að bera það fram sem stjórnarfrv., en hinsvegar muni þeir taka fegins hendi við heimildinni, ef þeir sjeu aðeins lausir við ábyrgðina á málinu.

Benedikt Sveinsson: Það hefir nú þegar verið talað mikið um þetta mál, en þó hefi jeg nú kvatt mjer hljóðs til þess að leggja þar orð í belg.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að jeg held, að jeg geti skrifað undir hvern staf í ræðu hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), enda talaði hann mjög skýrt og skipulega um málið, og af einurð mikilli og röggsemi.

Jeg álít, að mál þetta hafi verið tekið upp á óheppilegum tíma. Þarf ekki annað en minna á það, að því hefir margsinnis verið lýst yfir, að fjármál ríkisins sjeu í mesta öngþveiti. Á styrjaldarárumn varð hjer alt í uppgangi um atvinnuvegina, en svo kom hinn gríðarlegi afturkippur.

Þegar hæstv. fjrh. (JÞ) tók við völdum, átti hann því mikið og ærið vandasamt verk fyrir höndum, að rjetta við fjárhaginn. Þá var á Alþingi stofnað hið svonefnda Sparnaðarbandalag, og upp úr því var soðinn Íhaldsflokkurinn. Átti það að vera aðalverkefni þess, að rjetta við fjárhag ríkisins. Á þessum árum hefir að vísu tekist að skrapa saman allmikið fje, en þrátt fyrir tvö veltiár hefir þessa fjár verið aflað með svo miklum harðindum og harðfylgi, að nú er eigi annað sýnna en að atvinnuvegirnir sjeu að komast í kalda kol.

Það má að vísu segja, að hið háa Alþingi eigi sök á þessu, því að það hefir lagt drápsklyfjar á þjóðina, eins og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) komst svo heppilega að orði. Í sparnaðarskyni var ráðist á Háskólann og fleiri menta og þjóðnytjastofnanir. Með þessu móti hefir verið dregið saman mikið fje, en undir eins og eitthvað er farið að rætast fram úr fjárhag ríkissjóðs, með þessu harðfylgi, þá á að fara að fleygja út miljónum í járnbraut!

Það er nú alllangt síðan, að fyrst var hreyft þessu sæla járnbrautarmáli, og um aldamótin komu fjörkippir í það, en svo var steinþagað um það á milli. Og þá kom afturkippurinn, og hann svo rammur, að það var líkast því, að málið hefði verið kveðið niður, eða því sökt, eins og þá er Sæmundur fróði sökti kölska forðum með saltaranum.

Eitt af því, sem málinu var talið til ágætis á þeim árum, var, að það væri gott fyrir Norðlendinga að fá járnbraut, og mundi hún geta bjargað þeim frá næsta hallæri. Undrar mig það, að svo miklir gáfumenn, sem að málinu stóðu, skyldu bera fram slíka firru. Hygg jeg, að þá er snjóalög eru eins mikil eins og 1914, þegar símastaurar fóru í kaf á bakkabrúninni í Húsavík, að t. d. Bárðdælingar mættu verða langeygir eftir því að fá heyhár flutt til sín með járnbraut. Þessi hugmynd var svo barnaleg, að nú eru allir horfnir frá henni fyrir löngu, nema dr. Valtýr Guðmundsson. Enginn efast um það, að hægt muni að leggja járnbraut til Norðurlands og nota hana á sumrin, en björg í harðindum verður hún aldrei. En þetta sýnir meðal annars þá oftrú, sem mál þetta kveikti.

Með þessari Suðurlandsbraut, sem hjer er fyrirhuguð, er ekki ráðgert að stíga eins stórt spor og í fyrstu var ætlað, því að brautinni er ekki ætlað að ná lengra en til Ölfusár, en þótt hún væri þangað komin, er þó enn æði langt til ýmissa bæja í Árness- og Rangárvallasýslum.

Þetta er alt bygt á hugmyndaþoku, en ekki glöggri mannvisku. Og það er geigur í öllum almenningi við að ræða málið. Blöðin hafa ekki minst á það í mörg ár, nema hvað Morgunblaðið hreyfði því fyrir tveimur árum. Síðan hefir verið þögn um það fram að þessu. Þá byrjar Valtýr Guðmundsson enn að skrifa, en undarlegt er það, að þótt greinin sje rituð í júlímánuði í sumar, þá kemur hún nú fyrst út á prenti, er þing kemur saman. Það sýnir ekki traust manna á málinu, að því skuli þannig hafa verið dembt inn á Alþingi athugunarlaust, og með rykkjum.

Því hefir verið haldið fram, að áætlun verkfræðinganna sýndi það, að þeir hefðu traust á málinu. En jeg veit nú satt að segja ekki, hverju trúa á. Þegar norski verkfræðingurinn, Sverre Möller, kannaði málið fyrst, sagði hann, að það borgaði sig ekki fyrir Íslendinga að vera að hugsa um járnbrautir, heldur ættu þeir að leggja góða akvegi. En nú er komin skýrsla og álit frá Geir Zoëga vegamálastjóra, þar sem hann mælir þjett með járnbrautinni. En þegar þetta álit hans er lesið, þá minnir það mig á sögu um Þorleif heitinn Repp. Hann var maður kiminn og keskinn, og sagði svo einu sinni um grein nokkra, að hún væri svo vel samin, að hún gæti ekki verið eftir Jón Sigurðsson. Jeg vil nú snúa þessu við og segja, að þessi ritgerð sje svo illa samin, að hún geti ekki verið eftir Geir Zoëga. —

Þessi hjeruð, sem brautin á að liggja um, hafa jafnan brosað við sól, og jeg fæ ekki sjeð, að þeim hafi verið sýnd minni rækt en öðrum hjeruðum. Það var byrjað á því að gera áveitu á Miklavatnsmýri, til þess að vita, hvort slíkar áveitur borguðu sig. Stóð á því verki í tvö ár. En um það bil er áhuginn algerlega horfinn, enda kom þá í ljós, að vatnið í Þjórsá var ekki nógu hátt, og svo sigu skurðirnir saman.

Þá er byrjað á öðru stórfyrirtækinu,

sem er Skeiðaáveitan. Það verk var vel undirbúið, og enginn tálmi á verkinu fyr en kom að hinni þjóðfrægu „óbilgjörnu“ klöpp. Verkið varð fjórum sinnum dýrara en verkfræðingar höfðu reiknað. Þá var sagt, að það væri sorglegt, að fyrirtækið skyldi verða svo dýrt, og aldrei hefði verið snert á verkinu, hefðu menn vitað þetta. En við því varð ekki rönd reist.

Það sýnist nú svo, sem vel hefði mátt bíða eftir því, hvernig þetta dýra fyrirtæki reyndist, en í staðinn fyrir það var rokið í enn stærra fyrirtæki, hið stærsta jarðyrkjufyrirtæki hjer á landi, Flóaáveituna. Og áður en eitt einasta strá er farið að koma þar upp úr moldinni að tilstuðlun áveitunnar, þá eru menn farnir að sjá, að okkur vantar tilfinnanlega samgöngur við þetta Gósenland, og þá er heimtuð járnbraut.

Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að Árnessýslubúar hafi sjálfir vantrú á framförum þess hjeraðs, því að hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði í ræðu sinni, að fólkið flýði úr Flóanum, þessari ágætu sveit, og þó hefir það fengið vegi, brýr, áveitu og mörg önnur fríðindi, t. d. banka. Þó leitar það á burtu úr þessu kostahjeraði, og er það næsta undarlegt. En þegar spurt er um ástæðuna til þessa, þá er svarað, að fólkið flýi vegna þess, að það vanti járnbraut.

Hv. flm. (JörB) hjelt því fram og taldi dauðasök að efast um það, að umferð og flutningar austur yfir fjall hefðu sexfaldast síðan árið 1921.

Málið hefir verið rannsakað töluvert, en þó er jeg hræddur um, að það hafi ekki verið rannsakað til hlítar, og að menn viti ekki enn, hvernig fara muni um flutninga í hörðum vetrum, því að þótt nú hafi verið mildir vetur að undanförnu, þá mun þó enn sannast hið fornkveðna:

> Dal í þröngum drífa stíf
> dynur á svöngum hjörðum.
> Það er öngvum ofgott líf
> úti á Gönguskörðum.

Jeg giska nú helst á, að ýmislegt hafi gleymst, eins og hjerna um árið, þegar Rafveita Reykjavíkur var á uppsiglingu. Þá hafði alveg gleymst að mæla árnar í frostum, og því fer nú sem fer, að ljóslaust er, þá er frost koma. Meira að segja, það má ekki koma kali, svo að eigi skyggi yfir Reykjavík. En þó mun vera verra fyrir austan, og kæmi mjer ekki á óvart, þótt eitthvað kunni að vera órannsakað af því, sem rannsaka þarf, svo sem að mæla snjóinn í þrengslunum á Hellisheiði.

Það er undravert, að verkfræðingunum skuli ekki bera saman í verkfræðilegum efnum, og kemur það manni á þá skoðun, að það eigi alls ekki að leggja járnbraut.

Sverre Möller hefir gert lítið úr kostnaðinum, og er þar ekkert í borið, og svo hefir þessi nýi verkfræðingur vor tekið undirstöðu brautarinnar og mjókkað hana um $\frac{1}{10}$. Við það færist áætlunin niður um 200.000 kr. Tel jeg þetta vera mjög óheppilega ráðstöfun, því að ef brautin er lögð austur á annað borð, verður hún að vera stöðug og má alls ekki leika í lausu lofti.

Ef þetta mál ætti fram að ganga á þessu þingi, þá kæmi jeg með brtt. þess efnis, að hafa þetta eins og upphaflega var til ætlast, því að jeg álít, að ekki sje heimilt að fara strax að grafa undan járnbrautinni hjer á Alþingi á þennan hátt.

Aðalflutningsm. þessa máls, hv. 2. þm.

Árn. (JörB), sagði í sinni löngu talnaskrá, að ekki myndi vanta fólk í Flóann. Þó myndi tífalt fleira fólk geta búið þar en nú er þar. Það er nú alls ekki fyrir það synjandi, að svo verði, en hv. flm. þessa máls hafa alls ekki sýnt fram á, hvaðan koma ætti fólk til að byggja Flóann. En þá hefir komið fram vitneskja um þetta úr annari átt, þar sem er grein í Morgunbl., eftir Valtý Guðmundsson. Valtýr er einarðari en fylgismenn þessa máls hjer á Alþingi, hann segir, hvaðan fólkið eigi að koma til að byggja Flóann. Hann segir, að fólk eigi að fá frá Danmörku, það eigi að byggja Flóann Dönum. Jeg skal játa, að Danir eru góð þjóð, en jeg býst við, að þeir uni vel í landi sínu.

En ætli það sje nokkurt samband á milli þessara hugmynda og þeirra manna, sem ganga með grasið í skónum á eftir Dönum og biðja þá að hirða landsrjettindi vor? Þótt jeg búist nú við því, að fáir Íslendingar myndu óska þess, þá eru þessar hugmyndir, að fá Dani unnvörpum inn í landið, vatn á myllu þeirra manna, sem vilja fá Dani til þess að láta oss afsala oss rjettindum vorum fyrir 1940. Jeg hefi tekið þessar hugmyndir beint eftir þeim manni, sem frá því fyrsta hefir stöðugastur staðið í járnbrautarmálinu, dr. V. G. En hann er þeim mun hreinskilnari og hagsýnni en fylgismenn hans á Alþingi, að hann vill, að Danir leggi brautina sjálfir. Það er undarlegt, að jafnskynsamur maður og jafnmikill stillingarmaður og hv. 2. þm. Árn. (JörB) skuli geta mælt aðra eins firru og þá, að enginn bifreiðavegur sje austur, og þótt umferðin á honum hafi sjöfaldast síðan 1916, eftir því sem hv. 1. þm. Árn. (MT) segir, þá vilja þeir ekki hafa hann, af því að hann hefir ekki kostað yfir 6 milj.

Þetta brýtur alveg í bág við það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir okkur, að við sjeum vel á veg komnir með að leggja bifreiðaveg austur. Bifreiðar eru ekki svo vegvandar, að það þurfi að leggja stórfje til þess að komast um landið í þeim. Jeg veit ekki betur en að farið hafi verið í allan vetur austur yfir fjall á þeim. En hitt skal þó játa, að betra væri að hafa góðan veg, en þótt svo sje eigi, þá eru bifreiðar svo góð samgöngutæki, að komast má á þeim alla meðal-bikkjuvegi.

Svo vil jeg benda á það, að bifreiðarnar eru á tilrauna- og byrjunarstigi, og eru framfarirnar svo stórkostlegar á því sviði, að undrum sætir. Ætli það hefði ekki þótt lýgilegt, ef það hefði verið sagt fyrir mannsaldri, að komast mætti í bíl yfir endilanga Sahara og yfir þvera Afríku frá Atlantshafinu, eða þá frá Kaspíhafinu yfir Kákasus austur að Indus. Hjer kom maður að vestan fyrir skömmu, sem sagðist hafa ekið á eigin bifreið yfir þvera Ameríku. Blöðin hjer þora varla að segja frá þessu, af því að þau óttast, að það muni spilla fyrir járnbrautinni. En það miðar alt að því, að komast sem lengst í því að fullkomna bílvegina og bílana og hafa fastar og nægar bílferðir.

Í því sambandi vil jeg benda hv. þm. á það, að nú má komast í bíl alla leið austur að Hlíðarenda í Fljótshlíð, og það er hægt að fara á bíl upp allan Borgarfjörð, upp í Hvítársíðu og Þverárhlíð og þaðan upp í Hnappadalssýslu, svo langt sem vegurinn nær. Það þarf ekki nema örlitinn vegarspotta og brú á 1—2 sprænur, til þess að komast inn í Staðarsveit. Svo fullkomin tæki eru bíl-

arnir. Og þegar kemur til Norðurlands, þá ganga bifreiðar frá Húsavík upp með Skjálfandafljóti, og þarf ekki að telja mönnum trú um, að það þurfi miljóna veg til að komast á bíl upp Þingeyjarsýslu. Í hitteðfyrra fór maður á körfubíl frá Akureyri til Húsavíkur. Og ef Norður-Þingeyjarsýsla fær 15—20 þús. kr., eins og með þarf, til vega, þá er hægt að komast úr Köldukinn yfir Kelduhverfi og Axarfjörð norður á Sljettu og jafnvel til Þistilfjarðar. Auðvitað þarf að brúa árnar á leiðinni.

En það er eins og Sunnlendingar vilji ekki sjá neinar vegabætur, því að þeir halda, að þær myndu spilla fyrir járnbrautinni. Það er eins og þeir vilji láta vegina vera í sem allra verstu ástandi til þess að geta því fremur knúið fram járnbraut. Það er undarlegt að sjá Bakkaá í Ölfusi, sem er ófær vor og haust. Það er eins og þeir vilji ekki brúa hana, af því að þá myndi brautinni seinka. Og svo vilja þeir ekki endurbyggja veginn. Þeir láta hann liggja í Smiðjulaut, en bifreiðastjórarnir sáu út veg 20 föðmum ofar. Svo er fönnin á Sandskeiðinu farartálmi mikill. — Ef nú væri hægt að ryðja úr vegi þessum 2 farartálmum, þá myndi greiðfær verða vegurinn austur.

Jeg vil láta menn líta skynsamlega á þetta mál. Jeg mótmæli því algerlega, að þetta sje hreppapólitík hjá Norðlendingum, sem veldur andstöðu þeirra. En það er að minsta kosti stærsta hreppapólitíkurmál, sem fyrir Alþingi hefir komið, eins og það kemur frá hendi hv. flm. En hjá okkur hefir aldrei komið fram nein hreppapólitík gagnvart Sunnlendingum, heldur þvert á móti. Einmitt jeg og annar Norðlendingur á Alþingi urðum til þess að laga Kambaveginn, svo að bifreiðar gætu farið þar um, en framfaramennirnir austanfjalls, þingmenn Árnesinga, voru á móti þessu, þótt þeir væru annars ekki vanir að liggja á liði sínu í hreppapólitíkinni. Af hverju voru þeir á móti? Af því að þeir álíta eins og aðrir, að ekki megi koma aðrar samgöngubætur en járnbrautir. Þetta er ekki ósvipað hjer og í Danmörku. Vegaverkfræðingurinn segir í skýrslu sinni, að reynslan sje sú í Danmörku, að járnbrautirnar standist alls ekki bifreiðarnar. Skýrsla hans hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Danmörku var á síðast liðnu ári slíkum ferðum haldið uppi á yfir 600 vegarköflum, sem flestir eru stuttir, að meðaltali um 27 km., en bifreiðarnar eru, að telja má, eingöngu notaðar til fólksflutninga, og yfirleitt er ferðum hagað í sambandi við járnbrautirnar og nú orðið ekki leyfðar þar, sem samkepni yrði við þær.“

— Ekki leyfðar! Þetta segir verkfræðingurinn. Af hverju ekki leyfðar? Af því að járnbrautirnar myndu ekki verða notaðar. Og þá hefir atorka þessara manna gengið í þá átt að leggja stein í götu bifreiðanna, til þess að koma járnbrautunum að.

Það er ekki hægt að neita því, að reynslan hefir verið sú í öðrum löndum, Englandi, Kanada og víðar, að járnbrautarfjelög hafa farið unnvörpum á hausinn, af því að þau hafa ekki getað kept við bílana. Það er að vísu dýrt að halda veginum við fyrir þá, og hefir mikið verið um það talað, en getur nokkrum manni dottið í hug að hætta við bílvegi, þótt járnbraut komi. Það yrðu þó a. m. k. að liggja bílvegir út frá endastöðum brautarinnar heim á bæina í Árnessýslu.

Eins yrði hjer innanbæjar, þótt lögð yrði braut frá Skell og niður á Arnarhólstún, þá þyrftu að geta verið til bílar til umferða um bæinn. En þetta er nú samt aukaatriði, sem jeg geri lítið úr.

Hæstv. atvrh. (MG) miklaði það, að búið væri að leggja fram 100 þús. kr. til rannsókna þessa máls, og þessvegna yrði eitthvað að gera. En jeg vil segja það, að ef rannsókn málsins hefir sannað, að ekki sje hægt eða fært að leggja járnbraut, þá hefir þessu fje ekki verið á glæ kastað. Það er betra að fleygja 100 þús. kr. en miljónum. Annars talaði hæstv. atvrh. (MG) gætilega og sagði, að ekki yrði í þetta ráðist, nema ný rannsókn færi fram. Úr því að ekki á að byrja á verkinu fyr en 1928, þá getum við ljett því af samviskunni að samþykkja frv. þetta til næsta þings að minsta kosti.

Hæstv. atvrh. (MG) miklaði þann kostnað, sem það hefði í för með sjer, að leggja fullkominn bílveg austur. Það kostar nú aldrei meira en 3½ milj., og er miklu minna fje en það, sem fer til lagningar brautarinnar. Svo er þess að gæta, að það fer í miklu minna mæli út úr landinu, en aftur á móti færi fjeð fyrir járnbrautarlagninguna að miklu leyti út úr landinu. Það er líka horfandi í það, því að þá gengi illa að halda krónunni uppi. Það er því örðugra að halda henni uppi, því meira fje sem fer út úr landinu. Jeg er því ekki á sama máli og hæstv. atvrh. (MG). Brautin má bíða, en hinsvegar væri eitthvert vit í því að leggja fje í góðan bifreiðaveg austur. Það yrði aldrei stórfje, sem í það færi, a. m. k. yrði það 50% minna en það, sem járnbrautin á að fá.

Mjer þykir leitt, að hv. 1. þm. Árn. (MT) er ekki viðstaddur. Jeg hefði haft gaman af að minnast á tillögur hans.

Hann var með gletni og gamanyrði, að því er virtist, sagði, að úr því að brautin lægi gegnum þrengslin, þá væri það tákn þess, að hún ætti örðugt uppdráttar á Alþingi, en að lokum kæmist hún þó gegnum hinn þrönga veg. Hv. þm. notar mikið biblíumál, enda er hann biblíufastur maður, en jeg vil spyrja: Hvað tekur við hinumegin? Ætli það verði ekki breiði vegurinn, og hvert stefnir hann? Sami hv. þm. sakaði Sverre Möller um það, að áætlun hans væri of varfærin. En jeg ætla mjer ekki að fara að gera athugasemd við það.

Þetta mál hefir nú verið talsvert rætt, og nenni jeg tæplega að koma með fleiri athugasemdir. Jeg held því sjerstaklega fram og tek undir þau orð hv. fjrh. (JÞ), að tiltölulega litlir erfiðleikar sjeu á því að koma hverju hjeraði í samband við annað með bifreiðum, og vona jeg því, að hv. þdm. falli nú frá þessu uppátæki, að vera á þessu þingi að koma með vanhugsað, illa undirbúið og alveg ómögulegt fyrirtæki. Talað hefir verið um, að þetta væru aðeins heimildarlög og að ekki yrði í þetta ráðist, nema ríkissjóði og fyrirtækinu sje fjárhagslega borgið. En jeg held, að ef hæstv. stjórn nýtur einhvers trausts, að altaf megi fá henni þessa heimild í hendur seinna, og komandi stjórnum einhvern tíma í framtíðinni, ef menn halda, að þetta sje besta samgöngubótin austur í sveitir.

Því hefir enn verið haldið fram, að vegurinn austur geti verið lokaður 5—6 mánuði af árinu, ef eingöngu eigi að hlíta bifreiðum. En getur ekki farið eins með járnbraut, að hún geti tepst í snjóþyngslum? Það er ekki að marka það, þótt hún hefði getað gengið í vetur, þeg-

ar varla hefir fest fönn á sljettlendinu. Hún getur áreiðanlega tepst. Þó má fyrirbyggja það með því að grafa sig í gegnum fjöll, en það má eins gera með bifreiðum. Eins má byggja yfir, jafnt fyrir hvorttveggja. Hjer er því ekkert sönnunargildi fyrir ágæti járnbrautanna.

Það hefir verið minst á það, að Reykjavík ætti að taka þátt í kostnaðinum, því að brautin snertir hana. Það má skella 2 milj. á hana, og þá vil jeg, að Árnessýsla fái 1 milj. Yrði það að vera meira en það, sem landssjóður leggur til, þar sem hann leggur annars aðeins ¼ hluta fram til samgöngubóta. (**MJ**: Hvað leggja hjeruðin til strandferðaskipanna?). Það væri nú gaman að sjá, hvort þeir færu ekki að megrast í Flóanum eins og í Fjörðunum, ef engar siglingar væru til landsins.

Jeg hefi nú drepið á flest þau atriði, sem máli skifta, og nefnd sú, sem fær þetta mál, á að lita á, ef það á annað borð kemur til nefndar. En frá nefnd býst jeg tæplega við að það komi.

Magnús Jónsson: Það hefir nú stundum verið prjedikað á Alþingi um smærri mál en þetta, og væri engin furða, þótt mönnum verði skrafdrjúgt um það, því að hjer er á ferðum allstórt fyrirtæki. Það væri næsta undarlegt, ef allir yrðu strax sammála um það. Það hafa nú þegar 4—5 þm. lagst allfast á móti málinu, og þessvegna finn jeg ástæðu til að rifja upp einstök atriði þess.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) reið á vaðið og hafði sem almennan texta, að við hefðum verið í rökþrotum. En hvort þetta áttu að vera þau rök, sem sýndu, að hann hefði á rjettu að standa, um það verða aðrir að dæma. Jeg ætla þá fyrst að minnast á það, sem er í sjálfu sjer ómerkilegt atriði, á púkann, sem minst var á lítillega í byrjun þessarar umræðu. Þessi púki sýnist hafa ákaflega mikið áreitt suma hv. þm., og flestir, sem talað hafa, hafa hver í kapp við annan svarið fyrir hann, og vil jeg því ekki ónáða þá meira með honum. — En orð mín um púkann voru töluð vegna þess, að þegar lokið var umr. um strandferðaskipið, þá skaut einn þingmaðurinn því að mjer, að eigi væri heppilegt, vegna járnbrautarinnar, hvernig það mál hefði verið afgreitt. Þarna kom púkinn fram eins og hans var von og vísa, úti í skoti, en nú hafa þingmenn leitt hann í kór, með því að láta hann koma fram í umræðum sínum.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) tók mannlega á móti honum, og var sá eini, sem sendi hann aftur, hinir allir sóru fyrir hann.

Þá sagði þessi sami hv. þm. (BSv), að járnbrautin væri bygð á áveitum. Hv. þm. hefir haldið hjer í dag langan fyrirlestur um kali og fosfór austur í Flóa. Járnbrautin er alls ekki bygð á áveitum, þótt menn hinsvegar sjái meiri þörf fyrir hana vegna áveitnanna, og alls ekki hægt að taka nú þegar tillit til alls þess, sem gert verður í framtíðinni, til að auka ræktun landsins á þessu svæði. En það er gert ráð fyrir stöðugt auknum flutningum með járnbrautum, og er sú aukning miðuð við eðlilega þróun atvinnuveganna.

Þá hefir því verið haldið fram, að áveiturnar muni ekki lánast, og þá er talað svo, sem Suðurlandsundirlendið sje horfið með öllu úr sögunni. En þeir gleyma því, að þótt sumar áveitur geti brugðist og hafi brugðist, þá þurfa ekki

allar áveitur að bregðast, og gera það ekki. Og þó að áveiturnar hefðu aldrei komið til framkvæmda, þá eru þarna samfeldar sveitir, sem halda áfram að vera til eftir sem áður.

Einkennilegt er það, hve þm. eru ákaflega kröfuharðir um þetta mál, og heimta, að járnbraut borgi sig, og jafnvel borgi vexti af stofnfje. Það kveður við nokkuð annan tón, þegar rætt er um önnur stór velferðarmál þjóðarinnar. Það er ekki talað um, að strandferðaskipið gefi af sjer arð, ekki einu sinni, að það borgi reksturskostnað. Sama er, þegar um önnur stórfyrirtæki er að ræða. Menn lögðu fram fje í Eimskipafjelag Íslands, enda þótt ekki yrði búist við, að það bæri sig eða gæfi af sjer nokkurn arð. Það var skoðað svo mikið þjóðþrifafyrirtæki. En hjer eru menn kröfuharðir og heimta, að þetta fyrirtæki gefi af sjer arð. Og það er ekki einu sinni nóg, að útreikningarnir sýni, að það muni gefa arð. Menn segja bara, að útreikningar verkfræðinganna standist ekki. Veit jeg þá ekki, hvernig málinu á að bjarga, úr því að heimtað er fyrirfram, að járnbraut borgi sig, en vilja þó ekki trúa áætlunum þeim, sem sýna, að hún muni gera það.

Háttv. þm. N.-M. (HStef) reiknaði út, hve gífurlegur hallinn yrði af þessu fyrirtæki. Og hvað varð hann svo mikill? Hann komst yfir 200.000 kr.; það er, sem sagt, lítið meira en reksturshallinn á Esju. Þetta er þá alt og sumt, sem leggja á í sölurnar fyrir Suðurlandsundirlendið, sem alveg verður út undan í strandferðamálinu.

Það eru engin rök gegn þessu máli, að járnbrautin komi ekki heim á hvern bæ. Það gera skipin ekki heldur. Og ekki man jeg eftir því, þegar jeg ólst upp norður í Skagafirði, að skipin sigldu í hlaðið á Mælifelli. En gott þótti okkur samt að fá þau á Sauðárkrók.

Það er notað sem Grýla, að leggja þurfi nýjan veg austur. Satt er það, að veg þarf að hafa, en það má notast við hinn gamla veg við hlið járnbrautarinnar, og býst jeg við, að megi bæta hann með litlum fjárframlögum. Umferð um hann mundi mikið til hverfa, og það yrði ljett verk, að halda honum við fyrir þá fáu menn, sem eiga bíla, eða fyrir þá, sem vilja ferðast ríðandi, á hjólum eða þá gangandi.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hjelt langan fyrirlestur og merkilegan um ágæti Íslendinga og Huntington. Sagði hann, að Íslendingar væru komnir frá Noregi, en væru þó miklu ágætari að öllu leyti en Norðmenn. Vildi hann þakka þetta landbúnaðinum og sveitalífinu, sem haft hefði svo bætandi áhrif á þjóðina. En ekki hafa þó allir Norðmenn flutt úr sveitunum til bæjanna. Þeir voru lengi fram eftir landbúnaðarþjóð, og eftir kenningu háttv. þm. hefðu þeir átt að vera jafnágætir Íslendingum, þegar forfeður vorir skrifuðu þær bækur, er gert hafa okkur frægasta. Nei, ætli önnur tilgáta sje ekki rjettari, Ætli þetta komi ekki heldur af því, að hingað fluttu úrvalsmenn. Og einkennilegt er að taka eftir því, að einmitt í þeim hjeruðum, þar sem mannvalið var best, þar komu upp bókmentirnar, t. d. á Suður- og Vesturlandi, í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu, en á öðrum stöðum, þar sem lakara fólk settist að, var ekki um neinar bókmentir að ræða.

Annars virðast nú þetta nokkuð einhliða rök hjá hv. þm. Rússar eru taldir ein mesta landbúnaðarþjóð heimsins. Þrátt fyrir það mun enginn álíta þá

standa í nokkru framar en t. d. Englendingar, þó að þeir sjeu mesta bæjaþjóð heimsins. Og ekki hefir landbúnaðurinn ætíð verið jafnheilbrigður fyrir okkur, enda oft átt við örðugleika að búa. Við vorum landbúnaðarþjóð um 1780, þegar tala landsmanna komst niður fyrir 40 þús. Og eru þau kjör ekki neitt ákaflega heilbrigð fyrir hið andlega líf. En vel getur verið, að aukinn kraftur þjóðarinnar komi einmitt frá bæjunum. Segi jeg þetta ekki af neinum kala til sveitanna. En best færi á því, að heilbrigð samvinna væri á milli sveita og bæja.

Í einu atriði var það þó, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sigraði mig alveg. Jeg sagði nefnilega í fyrri ræðu minni, að Reykjavík væri stærsta höfuðborg heimsins. En nú hefir hann fundið aðra stærri, hvort sem hann þar hefir farið í bækur eða inn í heila sinn, og það er höfuðborgin á eynni Mön. Annar hefir bent á Monaco. Verð jeg því í þessu atriði að játa mig algerlega yfirunninn. Svo jeg komi nú að málinu, sem þetta er sett í samband við, þá sagði hv. þm. (SvÓ), að hjer við Reykjavík væri bæði stórt og gott uppland og að innlenda varan væri hjer ekki dýrari en annarsstaðar, t. d. á Austurlandi. En nefnd sú, sem rannsaka átti orsakir dýrtíðarinnar, komst að þeirri niðurstöðu, að innlenda varan væri hjer einmitt afardýr. Háttv. þm. benti líka á, að útlenda varan væri hjer afardýr. Þó starfar hjer samvinnufjelag og kaupfjelag, sem eru að mestu laus við alla skatta og skyldur og ættu að geta haldið í við kaupmenn, og hv. þm. sjálfsagt treystir til að selja vörur ódýrt. Samt hefir nú kaupfjelagið átt við hina mestu erfiðleika að stríða og ekki staðist samkepnina. Og kom það þó víst ekki af því, að of mikið væri lagt á. En þetta ofurverð íslensku afurðanna stafar af því, að verið er að pína út úr landi það, sem það er alls ekki fært um að gefa af sjer, en sveitirnar fyrir austan fjall eru miklu betur fallnar til.

Þá mintist hv. þm. á yfirbygginguna. En þar skjátlast honum algerlega. Það, sem jeg meinti, var aðeins yfirbygging til snjóvarna. En hann hefir lesið skakt í skýrslunni. Því að það, sem þar er kallað yfirbygging eru teinar og þvertrje og þvíumlíkt, og er sá liður annar hæsti kostnaðarliðurinn í áætluninni. En það er aftur á móti ekki nema 24 þús., sem áætlaðar eru til snjóvarna. En að öðru leyti eru örðugleikarnir við lagninguna engir, nema auðvitað þeir, sem alstaðar eru, þar sem lagt er út í stór fyrirtæki. Það nær engri átt að ætla að taka hjer til samanburðar Bergensbrautina, þar sem grafa þurfti afarmikil jarðgöng, sem samsvaraði því, að við þyrftum að grafa göng gegnum Esju frá Móum og út í Kjós. En nú þarf engin jarðgöng að grafa. Þar eru þverhnípt fjöll og allir örðugleikar, en hjer er sljett land. Jafnvel milli Edinborgar og Glasgow eru nokkur smá jarðgöng. Hjer þarf engin jarðgöng. Engar stórár eru á leiðinni austur að Ölfusá. Leiðin er í alla staði mjög auðveld.

Þá hefir verið minst á það, að jarðvegurinn, sem brautin ætti að liggja um, væri gljúpur. En það er hann aðeins á stuttum kafla í Ölfusinu, annars er hann mestmegnis hörð hraunhella og kastmöl í holtum.

Jeg verð að leggja áherslu á það, sem menn virðast ekki geta skilið, að hjer

á ekki að leggja neina stórkostlega braut fyrir eimreiðarbákn, sem sje 2 „tasíur“ á hæð og fari þetta 100 km. á klukkustund. Hjer á aðeins að leggja mjóa sporbraut, og eftir henni á ljett lest að aka með 40 km. hraða. Þá hefur sporbreidd brautarinnar verið nokkuð minkuð frá því, sem upphaflega var áætlað, enda segir Sverre Möller, að reynslan hafi sýnt, að þar, sem brautirnar sjeu breiðar, sjeu þær miklu síður samkepnisfærar við bílana.

Hv. þm. S.-Þ. (BSv) var hræddur um, að járnbrautin mundi velta út af teinunum, en vonandi er, að það komi ekki fyrir, enda þótt brautin hafi verið mjókkuð nokkuð. Tek jeg þetta sem gamansemi þessa háttv. þm.

En að því er snertir samkepnina við bifreiðarnar, má geta þess, að í Noregi er aðstaðan fyrir bifreiðar miklu betri. Hefir vegamálastjóri aflað sjer nægra upplýsinga um þetta atriði. Hann segir í skýrslunni: „Jeg hefi fengið hjá norsku vegamálastjórninni rekstursreikninga margra bifreiðafjelaga og annar ekkert þeirra svipað eins miklum flutningum og hjer eru nú austur yfir fjall.

Hv. þm. S.-Þ. (BSv) sagði, að á einum stað í Svíþjóð hefðu bifreiðar verið bannaðar vegna samkepninnar við járnbrautina. Þetta er nú reyndar satt, en við verðum að gæta að því, að eftir því, sem segir í skýrslunni, eru fólksflutningar þar aðeins ⅕ hluti, og vöruflutningur aðeins $\frac{1}{24}$ hluti þess, sem hjer er áætlað.

Þá segir vegamálastjóri, að stjórn dönsku ríkisbrautanna hafi kynt sjer þetta samgöngumál okkar og látið í ljósi þá skoðun, að heppilegra mundi fyrir okkur að leggja jórnbraut en að ráðast í svo stórkostlegan vegabótarkostnað, sem hjer yrði þá hinn kosturinn.

Að öllu þessu athuguðu segir svo loks í skýrslunni: „Það er jafnframt sýnt, að í þeim þrem löndum, er jeg hefi fyr nefnt til samanburðar, myndi óefað tekinn sá kosturinn til samgöngubóta að leggja járnbraut frekar en nýjan bifreiðarveg.

Þá sný jeg mjer að háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Skal jeg ekki vera langorður, því að jeg sje, að þm. eru orðnir þreyttir, og er víst engin hætta á, að maður fái snúið þeim úr þessu. Háttv. þm. hjelt langa ræðu og setti þar prýðilega fram þann málstað, sem hann berst fyrir.

Hann rakti sögu þessa máls alt frá byrjun. Ekki ætla jeg nú svo langt aftur í tímann. Háttv. þm. sagði, að 1922 hefði ekki verið tiltækilegt að ráðast í neitt, sökum þess að það hefði ekki getað borgað kostnað. En 1925 hefði verið öllu tiltækilegra að leggja járnbraut og 1926 á svo að vera hægt að ráðast í það fyrirtæki. Með þessu ætlaði hann að kasta rýrð á niðurstöðurnar og sýna óheilbrigðan gang málsins. En það verður einmitt þveröfugt. Þetta er einmitt sterkasti vottur þess, að byggja megi á útreikningunum. Það sýnir, að menn koma ekki að málinu með þá sannfæring fyrirfram, að það sje klappað og klárt, og það má sjá, að Sverre Möller hefir átt erfitt með að losa sig við ótrú á málinu. Báðir byrja þeir á því, að tiltækilegast sje að leggja bílveg, en alls ekki járnbraut. En báðir enda svo með það mótsetta. Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði, að tillögur þessar hefðu fengið gott nppeldi. Já, þær hafa fengið það besta uppeldi, sem slíkar tillögur geta

fengið, sem er nákvæm skoðun, sem hefir leitt í ljós, hvað heppilegast er.

Sami háttv. þm. mintist á kolaeyðsluna og hve hættulegt væri að nota kol, þar sem ætíð mætti búast við snöggri hækkun og lækkun og ef til vill stöðvun vegna námuverkfalla og slíks. En nú mun ekki járnbrautin nota nema svo sem ⅓ hluta af þeim kolum, sem einn togari eyðir á heilu ári. Þarf okkur því ekki að ægja það, og væri vandalaust að eiga jafnan forða til eins eða tveggja ára. Þessi Grýla er því mjög völt á fótum.

Háttv. andmælandi drap á það, að við teldum áætlunina mjög varlega gerða. Jeg hefi nú reyndar ekki sagt það, en háttv. meðflm. minn (JörB) mun hafa minst á það. Og það er satt, að ætíð þarf að áætla tekjurnar lægri en maður býst við, að þær verði, en það er líka gert.

Þá varð þessi hv. þm. mjög skelkaður við að heyra um áveitu, er hv. þm. Borgf. (PO), núverandi hæstv. forseti, hafði gert og reynst vel í fyrstu, en síðan illa. Þaðan er svo komið alt þetta tal um fosfor, kalí o. s. frv., sem jeg gat um áðan. Las háttv. þm. upp langa og vísindalega grein út af þessu. Kannaðist jeg við hana, því jeg hafði lesið hana áður. Það voru sömu rökin, nálega orðrjett, og hjá ungum manni, er lærði að kljúfa silfurberg hjá Zeiss í Jena, og sem sýnist hata járnbrautir og áveitur eins og eitthvað, sem er fjarska ljótt að nefna.

Jeg verð nú að segja líkt og Hermann heitinn Jónasson, þegar hann sá ákaflega lærð skrif um fóðurjurtir. Hann sagði, að menn færu víða meira eftir því, hvað lærðu mennirnir segðu um þau efni, en kindavambirnar. En hann kvaðst nú fara meira eftir þeim en hinum kemisku rannsóknum lærðu mannanna. Ætla jeg að fara að dæmi hans hjer. Háttv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði, að engin reynsla væri fengin fyrir áveitu fyrir austan. Þó er það fullsannað, að alstaðar, þar sem Hvítá flæðir yfir árlega, hefir ágætlega sprottið, t. d. í Kaldaðarnesi og víðar. Og er Flóaáveitan mikið bygð á þessari reynslu. Um Skeiðaáveituna er mjer ekki eins kunnugt eða hvernig Þjórsá hefir reynst þar, enda mun ekki enn lokið því verki. Uppistöðugarða á þar eftir að gera o. fl. En um Miklavatnsmýraráveitu er alt öðru máli að gegna, því að hún átti aðeins að vera tilraun. En þegar því verki var lokið, brá Þjórsá sjer á annan bæ, lagðist að hinum bakkanum, en skyldi eftir eyri við skurðina. (**Trþ**: Hún er komin aftur). Er gleðilegt að heyra, að hún skuli vera komin heim aftur. En hvað sem þessu líður, þá er Flóaáveitan hið langstærsta jarðræktarfyrirtæki, sem hjer hefir verið í ráðist, og hún þarf á útrás að halda til sjávar. Bændum þeim, sem að henni standa, er lífsnauðsyn að eiga aðgang að sæmilegri höfn, auk markaðsins hjer syðra.

Þá mintist háttv. sami þm. á járnbrautina, sem átti að leggja norður hjer um árið, sem bjargráð gegn hafís og ísalögum. Það var ágætt, að þetta var dregið inn í umr., því að það sýnir svo ljóslega muninn á skynsamlegri og óskynsamlegri járnbraut. En það er eins og menn haldi, að ef hægt er að leggja járnbraut austur í Flóa, þá sje hægt að leggja hana upp á Öræfajökul eða hvert sem er. En ef kveðin er niður járnbraut norður, þá á að vera ómögulegt að leggja hana austur.

Hv. þm. A.-Húnv. (ÞórJ) vildi fyrst láta gera tilraun, þó ekki norður, því

að ekki er hreppapólitíkin þeim megin! En hví ekki að gera tilraunina og leggja fyrst járnbraut austur.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara nokkuð út í skilaboðin frá Vestur-Íslendingum, sem 2 eða 3 þm. hafa minst á. Jeg er nú sjálfur Vestur-Íslendingur, hefi dvalið þar í nokkur ár, og með allri virðingu fyrir löndum vorum þar vestra vil jeg þó fá að vita, frá hverjum þessi skilaboð eru, því að þótt einhver karl vestan úr Klettafjöllum hafi beðið Einar Kvaran fyrir þau skilaboð til okkar, að við skyldum ekki leggja járnbraut, þá álít jeg, að við þurfum ekki að hlaupa eftir því. Þetta er eins og hvert annað grín, og er jeg hissa á, að þm. skuli koma með þetta hjer. Margir af þessum mönnum, sem skilaboðin eru frá, hafa flutt vestur fyrir einum 40—50 árum og hafa ekki fylgst svo með málum okkar, að þeir viti um þær stórkostlegu breytingar, sem hafa orðið á högum okkar hjer heima. Og þetta, sem þannig er slegið fram, án allra gagna, og án svo mikils sem höfundarnafns, þetta á svo að gilda sem rök móti margra ára rannsóknum ágætra fræðimanna, sem málið hafa grannskoðað.

Hv. Þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði, að ekki hafi verið minst á neitt annað en járnbraut, eins og hún væri eina bjargráðið. Veit þá hv. þm. ekki, að meginhlutinn af því, sem unnið hefir verið að þessu máli, er einmitt samanburður á járnbraut og vegi. Ef álit þeirra Sverre Möllers og vegamálastjóra hefði verið svo, að þar væri ekki minst á bílvegina, þá væri ástæða til þess að vefengja það. En þegar mikill hluti þess fer nú einmitt í þennan samanburð, virðist það vera góð meðmæli með niðurstöðu þeirra.

Þá vilja menn halda því fram, að ef járnbraut eigi á annað borð að leggja, þá eigi hún að ná miklu lengra austur. En það er svo sem auðvitað, að járnbrautir geta ekki kept við bifreiðar, þegar kemur austur á sljettlendið, þar sem eru þjettbygðar sveitir. Hjer er bara verið að rugla rjettu og röngu. Sennilega kemur bifreiðastöð við járnbrautarendann hjá Ölfusá, sem sjer um flutning á vörum og fólki heim á hvern bæ.

Það var verið að tala hjer um ritgerð Árna Eylands, þar sem hann er að vara bændur við að taka upp vjelarekstur og hætta að nota hestana. Mjer þykir nú seilst nokkuð langt, ef fara á að nota þetta á móti járnbrautarmálinu, þó að bændur sjeu varaðir við þúfnabönum og öðrum stórum vjelum. Það er nú líka svo, að bílarnir eru búnir að útrýma hestum af veginum austur, svo að hjer er ekki um það að ræða, að skifta á hestaflinu og járnbraut.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) kom snemma í ræðu sinni að því, sem gerði það að verkum, að mjer datt í hug hreppapólitík. Hann gerði ráð fyrir, að ef ráðist yrði í þetta fyrirtæki, yrðu allar aðrar framkvæmdir að bíða, ekki aðeins vegir og brýr, heldur landsspítali, skólar og yfirleitt alt annað en þetta. Háttv. þm. sá sýnir, hann sá „gylta hafísjaka“, eins og sagt var í Alþingisrímunum forðum. Hann sá aðeins letrað stórum stöfum: j á r n b r a u t a u s t u r. Alt annað hvarf. Jeg vildi, að menn reyndu að komast að kjarna þessa máls og gerðu sjer ljóst, hvort fjárhagshliðin er á góðum grundvelli. Ef svo er, þá þarf ekki að stöðva neinar framkvæmd-

ir vegna þessa máls. Þá minkar ekki geta ríkissjóðs að neinu leyti. Alt veltur á því, hvort fyrirtækið kemur til að borga sig.

Það er talað um, að járnbrautartímabilið sje á enda og önnur betri tæki sjeu að koma í staðinn. Jeg skal minna á, að sagt var alveg það sama, þegar símamálið var á ferðinni. Ætli það þætti ekki heimskulegt, ef enginn þyrði að byggja gufuskip, af því að mótorarnir væru að ryðja sjer til rúms? Eða ef talið væri, að komið væri í lok prentlistartímabilsins, af því að fjölritun er farin að keppa við hana á sumum sviðum? Það er alveg áreiðanlegt, að enginn okkar sjer lok járnbrautartímans, nema eitthvað óvænt komi fyrir, sem kollvarpar öllu.

Sami hv. þm. (HStef) misskildi mig, þegar jeg talaði um, að þörf væri á að fá landsafurðir með lægra verði, til þess að dýrtíðin hjer gæti minkað. Hann skildi mig víst svo, að jeg ætlaðist til, að Reykvíkingar sjálfir færu að reka búskap þarna austur frá. Jeg sagði ekkert í þá átt. Aðalatriðið er það, að með því að leggja járnbrautina á að skapa ódýrari flutninga að austan en nú er. Þá þótti mjer undarleg nýbýlapólitíkin hjá sama háttv. þm. Hann talaði um tvær tegundir nýbýla, sem koma myndu upp, önnur fyrir austan fjall, en hin fyrir vestan. Jeg veit nú ekki, hvar þessi vestanfjalls nýbýli ættu að vera. Jeg hefi enga trú á, að stofnuð yrðu nýbýli hjerna upp í Svínahrauninu eða annarsstaðar meðfram veginum.

Jeg fylgdist ekki vel með, þegar hv. þm. fór að reikna út vextina og telja þá með kostnaði við framkvæmd verksins, enda fór hann þar með rangt mál, því að vextir eru taldir með í þeirri upphæð, sem hjer er gert ráð fyrir. Hitt er annað mál, þó hægt væri að reikna eitthvert vaxtatap, frá því að rekstur byrjar, þar til brautin ber sig, ef ríkið má ómögulega kosta neinu til þessa fyrirtækis, þó að það leggi svo og svo mikið fram til annara samgöngubóta, t. d. strandferðaskips. Þessir útreikningar hv. þm. N.-M. (HStef) eru áreiðanlega bygðir á sandi.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) byrjaði með því að segja, að stofnað væri til þessa máls á óheppilegum tíma. En svona mál þarf langan undirbúning, og tímarnir geta altaf breytst. Þó að þetta hefði t. d. verið samþykt eftir uppgripaárið í fyrra, væri ekki byrjað á framkvæmdinni enn. Auk þess má benda á, að þetta eru aðeins heimildarlög, og má ekki byrja á framkvæmdum fyr en 1928. Tímann þangað til á aðeins að nota til undirbúnings.

Þá vildi hv. þm. telja málinu það til forátttu, að það væri að skjóta upp höfðinu við og við, eins og hjer væri einhver feluleikur á ferðinni, og nú kæmi það fram alt í einu. En nú stendur svo á, að undanfarin ár hafa farið fram rannsóknir um þetta mál. Nú eru útreikningarnir komnir, og eftir hverju á þá að bíða? Þetta mál datt niður um árið vegna þess, að því var flaustrað inn í þingið undirbúningslaust. Jeg hefi minst á sumt áður, sem hv. þm. (BSv) kom inn á og nenni ekki að endurtaka það. Auðvitað nær engri átt að telja það rök gegn járnbrautum, þó að þær geti ekki komið heim á hvern bæ. Flutningatækin verða að taka við hvert af öðru, eftir því hvað best á við: fyrst járnbrautin, þá bíllinn, þá hestvagninn, svo ef til vill hjólbörurnar, og síðast er varan kannske borin inn í fanginu. Í stórborgum, sem hafa öll hugsanleg

samgöngutæki, fara menn samt á tveimur jafnfljótum, þegar stutt er að fara. Háttv. þm. endurtók það, sem hinir höfðu sagt, að hann hefði ótrú á útreikningunum. Hann fór ekkert inn á, hvað væri skakt eða varhugavert, og það gerðu ekki hinir heldur. Það er aðeins almenn ótrú á útreikningunum, sem þeir bera fyrir sig. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: Á hverju á að byggja, ef ekki á útreikningum faglærðra manna? Annars má segja til huggunar þeim hreldu sálum, að enn á að fara fram nákvæm rannsókn; hvert fet brautarstæðisins verður rannsakað og ekki byrjað á vinnu fyr en þeim rannsóknum er lokið.

Sami háttv. þm. (BSv) talaði um áveituna fyrir austan. Það er satt, að þar hafði ekki farið fram eins nákvæm skoðunargerð og þurft hefði. Þessvegna varð fyrir mönnum þessi fræga klöpp. En hjer er alt öðru máli að gegna. Hjer verður alt bygt á nákvæmum rannsóknum. Það hefir verið talað um, að snjór mundi teppa umferðina. Auðvitað er ekki hægt að taka neitt í ábyrgð um það, en þó að slíkt vildi til, gæti það ekki talist nein goðgá. Það kemur líka fyrir í nágrannalöndunum, að lestir teppast dag og dag.

Þá hafa áætlanir um rafveituna verið dregnar inn í þessar umræður. Það er vitanlegt, að þær voru bygðar á því verðlagi, sem var þá í svipinn. Þegar alt hækkar, er eðlilegt að framkvæmdir verði dýrari en ætlast var til. Um ljósleysið hefi jeg fyrir mjer umsagnir fróðra manna, að það stafi aðallega af því, að meira sje lagt á stöðina en ætlast var til í upphafi.

Þá mintist hv. þm. (BSv) á, hvar ætti að fá fólk. Hann talaði um tillögu Valtýs um að flytja inn Dani og leist ekki vel á það. (BSv: Jeg sagði ekkert um það). Það er annars skrítið að heyra þetta um fólksleysið. Guðmundur Hannesson talar aftur á móti um vandræði af eðlilegri fólksfjölgun, og veit ekki, hvað á að gera við fólkið.

Reynslan mun verða sú, að við höfum nóg fólk, ef sköpuð eru skilyrði handa því. Fólksfjölgunin er yfirleitt mikil. Það er ekki víst, að Reykjavík geti altaf tekið við þeim straum, sem hingað leitar. Það getur orðið útfall hjer, og þá er gott, að annarsstaðar sjeu skilyrði fyrir fólkið. Við þurfum áreiðanlega enga Dani til þess að byggja þetta land. Fólkið mun halda áfram að aukast og margfaldast og uppfylla jörðina.

Hv. þm. mintist á, að bílar hefðu gengið austur í allan vetur og kæmust yfirleitt ferða sinna á ljelegum vegum. Það verður að gæta að því, að í vetur hefir verið einmuna góð tíð, og svo er nokkur munur á því, að halda uppi reglulegum flutningum eða skjótast í nokkurskonar sporttúra við og við. Því verður ekki móti mælt, að ef gera á ráð fyrir bílflutningum að austan, verður óhjákvæmilegt að leggja vandaðan veg alla leið.

Það hefir verið komið með þá firru, að bílar gætu ekki blómgast fyrir austan, ef þangað yrði lögð járnbraut. En það er áreiðanlegt, að þeir eiga líka sitt erindi þangað. Hvort tækið svarar til sinnar þarfar.

Hv. þm. talaði um reynslu annara þjóða og þótti hún mæla á móti járnbrautinni. Jeg varð hissa á þeirri staðhæfingu, þar sem hann hefir ekki önnur gögn fyrir sjer en þau, sem hjer eru í skýrslunum um járnbrautarmálið, því hjer stendur, að bílar geti hvergi kept við járnbrautir, þar sem eins stendur á.

(**BSv**: Þetta er alrangt). Það geta fleiri lesið en hv. þm. Hann las hjer áðan kafla, sem kom þessu máli lítið við. Ummæli sín dregur hann af því, að þess er getið, að sumstaðar sje skattur lagður á bifreiðar eða jafnvel bannaðar í samkepni við járnbrautir. En þetta er vel skiljanlegt. Þegar ríkið hefir útvegað dýrt flutningatæki, sem verður að borga hvern eyri í brautarlagningunni, er varla við því að búast, að það geti lagt bílunum til ókeypis veg og hjálpað þeim þannig í samkepninni.

Og þó er það í öllum þessum þremur löndum, sem nefnd voru, að þar eru allar aðstæður fyrir bílana betri en hjer. Þar eru bílvegirnir til, og í öðru lagi þarf hvort sem er að halda við stuttum vegarspottum milli bæja, sem þar eru hvergi langt hver frá öðrum, en hjer á landi eru þessir vegir alls ekki til. Í þriðja lagi eru allar járnbrautarlagningar þar miklu dýrari en þær munu verða hjer, vegna þess, að þar verður að halda sömu sporvídd og miða undirbyggingu við þunga og ökuhraða stórra eimreiða. Hjer verður svo miklu ódýrara að leggja járnbrautir, að ekki er sambærilegt við það, sem er erlendis, því hjer má komast af með þetta alt í smærra stíl.

Það er ekki nema eðlilegt, að mál þetta veki andmæli, því svo er jafnan um mikil nýmæli. En jeg er ekki svo brjóstharður maður, að jeg ekki vorkenni þeim mönnum, sem forsjónin nú hefir valið til að vera andstæðinga þessa máls. Síðar, þegar saga þess verður rituð, verður þeim eftirmælið lítt gleðilegt, er allar þeirra bollaleggingar hafa verið brotnar í mjel. Það hafa oft áður verið miklar bollaleggingar, þegar um stór mál hefir verið að ræða, og oft komið fram kynlegar mótbárur. Þegar bankamálin komu hjer fyrst fram og farið var að ræða þau, var mikið bollalagt um það, hvort nokkurn tíma yrði hægt að koma út ½ miljón kr. af lánsfje meðal þessarar þjóðar. Menn höfðu ekki trú á, að nokkurntíma yrði kleift að ráðast í að brúa stórárnar á Suðurlandsundirlendinu eða annarsstaðar, menn sögðu, að það kæmi ekki fyrir á næstu 1000 árum o. s. frv. Það eru altaf þessi sömu rök, sama gamla vísan um getuleysið og mannfæðina, sem kveður við, þegar um stórframfaramál er að ræða. En því leiðinlegra verður þetta aflestrar síðari tíma mönnum, sem þetta mál er stærra og nauðsynlegra framfaramál.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp aðallega til þess að bera af mjer sakir. Háttv. þm. N.-Þ. (BSv) dró inn í þessar umræður alveg óskylt mál, og kom með aðdróttanir í minn garð, sem jeg að vísu hefi orðið var við áður, en jafnan eigi hirt um að svara þeim. En þegar eigi ómerkari þingmaður en háttv. þm. N.-Þ. tekur upp þessar gömlu aðdróttanir, get jeg ekki látið hjá líða að svara þeim nokkrum orðum.

Háttv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði, að mjer hefði láðst að mæla minsta hugsanlegt vatnsmagn Elliðaánna, og að þetta væri rjett hjá sjer, sýndi hann með því að vitna til þess, hve nú væri oft erfitt að halda rafmagnsstraumnum í fullri spennu, þegar frost kæmu og vatnið þverraði. En jeg get upplýst, að fyrir þessu hefir verið mælt, bæði af mjer og öðrum, og það var fyrirfram reiknað með því, að minsta vatnsmagn ánna gæti orðið ca. 2,5—2,4 teningsmetrar á sekúndu. Síðan jeg mældi þetta hafa

verið framkvæmdar á þessu miklu nákvæmari mælingar og rannsóknir en mjer var unt, og hefir rafmagnsveitustjórninn staðið fyrir þeim mælingum, sem gerðar voru, þegar þessi óvenjulegi þurkatími kom hjer yfir, sem allir kannast við, er haustrigningarnar brugðust algerlega. Og niðurstaða þessara síðari mælinga og rannsókna hefir sýnt og sannað, að mælingar mínar um minsta hugsanlegt vatnsmagn í ánum hafa verið nákvæmlega rjettar. Jeg hafði einnig gert fyrirfram útreikninga um truflanir þær, sem vænta mátti, að frost og ís í ánum gætu komið til leiðar, og gaf jeg bæjarstjórn Reykjavíkur ítarlega skýrslu um þetta, áður en ráðist var í framkvæmd verksins, og má lesa þessar skýrslur mínar allar í Tímariti Verkfræðingafjelagsins, þar sem þær hafa verið birtar. Þar lýsti jeg öllum þeim erfiðleikum, sem búast mátti við af þessum ástæðum að síðar kæmu fram, og sýndi fram á, hvaða ráðstafanir mundi verða nauðsynlegt að gera, til þess að losna við þá. Yfir höfuð hefir til þessa ekkert það komið fyrir á þessu sviði, sem ekki var gert ráð fyrir fyrirfram, og má lesa um þetta alt í áður nefndu Tímariti Verkfræðingafjelagsins, þar sem þetta er prentað.

Jeg kann því illa við, að enn sje verið að veifa slíkum staðleysum um ónákvæmar mælingar á Elliðaánum. Við áttum ekki kost annara fallvatna eða höfðum ekki efni á að ráðast í virkjun annara fallvatna, og því urðum við að sætta okkur við þá erfiðleika, sem sagt var fyrir, að búast mætti við.

Jakob Möller: Jeg tek það fram strax, að jeg hefi ekki enn tekið afstöðu til þess máls, sem nú hefir verið rætt þessa dagana, — járnbrautarmálsins. En jeg játa líka strax, að jeg er ragur við að ýta undir framkvæmd þess að þessu sinni, þar sem jeg veit ekki, hversu mikið má treysta á, að útreikningar og áætlanir, sem gerðar hafa verið, sjeu tryggilegar, og sama gegnir um rök þau, sem bæði þeir, sem nýlega hafa rannsakað þetta mál, og flm. frv. hafa boðið upp á.

Háttv. samþingismaður minn (MJ), 4. þm. Reykv., sagði í síðustu ræðu sinni, að í skýrslu vegamálastjórans (GZ) lægju öll rök fyrir þessu máli, og að þau rök, sem þar væru, sýndu, að rjett væri að ráðast þegar í framkvæmd verksins.

Í þessari skýrslu vegamálastjórans er það mjög áþreifanlegt, að öll þessi rök fyrir járnbrautarlagningunni eru mjög einhliða. Þar bendir alt aðeins í þessa einu átt. Kostnaðurinn við lagningu járnbrautarinnar er í þessari síðustu áætlun færður niður í tilliti til þess, að eldri áætlanir væru miðaðar við lægra gengi á ísl. krónum, þ. e. sterlpd. = 28 kr., en nú er það lækkað niður í 22,15 kr. ísl., og samkvæmt því er áætlunin lækkuð sem svarar þessari hækkun á ísl. gjaldeyri. Þegar þessi járnbrautar-kostnaðaráætlun er borin saman við áætlanir þær, sem samtímis voru gerðar um bifreiðaflutning og vegalagning með þau flutningatæki fyrir augum, þá hefir ekki þótt ástæða til að lækka þær áætlanir líka, samkvæmt breyttu gengi á íslensku krónunni. Jeg bið þá nefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að athuga vel þessa hlið málsins. — Hafi verið ástæða til að breyta áætluninni um járnbrautarlagninguna, hefir einnig verið jöfn ástæða til að laga á sama hátt áætlanir þær, sem

samtímis voru gerðar um bifreiðaflutning o. s. frv. Og ef það verður ljóst, að ástæða hafi verið til að breyta áætlunum um hvorttveggja, en aðeins verið breytt áætlunum um annan möguleikann til þessara samgöngubóta, — þá verð jeg að segja, að rökin eru mjög einhliða flutt. Átælanirnar um bifreiðaflutning o. s. frv. var gerð á sama grundvelli og áætlunin um járnbrautina. Að vísu var járnbrautaráætlunin gerð í árslok 1923, en hin áætlunin (um bifreiðarflutninga) í mars 1924. Jeg geri ráð fyrir, að báðar áætlanir hafi verið gerðar og bygðar á sama verðlagi, ef svo er ekki, er ekki hægt að bera þær saman, að ekki verði samanburðurinn villandi. Og sje svo, að báðar áætlanir sjeu bygðar á sama verðlagi, ættu að vera sömu rök til að endurskoða báðar.

En hafi þetta ekki verið gert, og áætlunin um bifreiðar og vegi handa þeim hefir verið bygð á því gengi, sem var í mars 1924, þegar sterlpd. stóð hæst, þ. e. kr. 33 ísl., en krónan okkar var lægst, þá vil jeg segja, að sjeu enn frekari ástæður til að endurskoða þessa áætlun um bifreiðarnar en járnbrautaráætlunina, því það væri óskiljanlegur hlutur, ef gengisbreytinga gætti eigi þar alveg eins og þegar járnbrautin á í hlut.

Þetta mál er svo einhliða flutt, að það hlýtur að vekja tortrygni. Að öðru leyti verð jeg að segja, að mjer finst málið ekki vera eins krufið til mergjar og vera ætti um jafn-mikilsvert mál. Það er talað um járnbraut austur að Ölfusá, en ekki lengra austur; járnbrautin verður vissulega ekki gerð eingöngu fyrir þá hreppa, sem næst liggja Ölfusár-brúnni, — hún er ætluð öllu Suðurlandi til hagsbóta eins og liggur í augum uppi. Og þegar fram líða stundir og Markarfljót hefir verið beislað og brúað, hljóti áhrif járnbrautarinnar að ná miklu lengra austur, — alt austur í kjördæmi hv. þm. V.-Sk. (t. d. í Mýrdal). Þá verður hjer aðeins að ræða um járnbraut á örlitlum hluta af þeirri leið, sem nauðsynlegt er að bæta samgöngurnar; á þeim kaflanum, sem járnbrautin liggur yfir, þarf hennar alls ekki með. Alt það svæði, eða langmestur hluti þess svæðis, sem járnbrautina á að leggja fyrir, liggur lengra austur en járnbrautin nær til, og verður því óhjákvæmilegt að sjá fyrir öðrum flutningatækjum frá þeim stað, sem járnbrautin endar, lengra áleiðis til austurhjeraðanna. Jeg sje því ekki annað en taka verði til bifreiðaflutninga á þeim svæðum, sem járnbraut ekki nær til, og það er alt Suðurlandsundirlendið. Mjer verður þá að spyrja: Verður ekki kostnaður enn þá meiri en áætlað hefir verið, þegar nota þarf tvennskonar flutningatæki? Og það skiftir minstu máli, hvort það verður ríkissjóður eða einkafyrirtæki, sem halda þeim flutningum uppi. Jeg sje ekki, ef hægt verður að notast við bifreiðar, sem enginn hefir til þessa borið á móti, að það verði auðvelt að segja fyrir um kostnað við járnbrautarlagningu og rekstur hennar, á þessum litla kafla alls vegarins, þegar nota verður bifreiðar eftir sem áður og jafnvel verður um samkepni að ræða á því svæði, sem járnbrautin liggur um. Það er fyrirsjáanlegt, að um allmikla samkepni verður að ræða, jafnvel um flutninga á þeim kafla, sem járnbrautin liggur um, þegar hvort sem er önnur flutningatæki taka við austan Ölfusár. Það má búast við, að boðnir verði bifreiðaflutningar alla leiðina fyrir gjald,

sem verður lægra en ef nota skal bæði járnbraut og bifreiðar. Það er að vísu satt, að það er hægt að leggja skatt á bifreiðarnar, svo háan skatt, að þær geti ekki orðið samkepnisfærar. Það má eyðileggja þær alveg á þennan hátt. En þá segi jeg, að komið sje út á allhættulega braut, ef stofna skal til einokunar á þessu sviði, með verndarskatti á öllum öðrum flutningatækjum en járnbrautum. (**MJ**: Þessir bifreiðaskattar eru aðeins hliðstæðir því, sem járnbrautirnar verða að greiða). Þetta má segja að vísu, en þó er þess að gæta, að til eru nú þegar skattar á bifreiðum, og ef reynslan sýndi, að samkepnin yrði erfið fyrir járnbrautirnar, er hætt við, að það leiddi til þess, að bifreiðar yrðu meira skattaðar, svo að ekki þyrfti að óttast þær frekar. Það er því æði margt, sem er athugavert í þessu máli. Horfurnar eru eigi sem glæsilegastar í fjárhagslegu tilliti nú sem stendur, til að ráðast í þvílíkt fyrirtæki, sem hjer ræðir um. Vitanlega eru þetta aðeins heimildarlög, en þegar sjálfir fylgismenn stjórnarinnar þora ekki að trúa henni fyrir að fara með slík heimildarlög, verður okkur hinum, sem minna traust berum til stjórnarinnar, vorkunn, þó að við vantreystum henni líka, og það því fremur, sem það er alkunna, að áætlanir um viðurhlutaminni fyrirtæki en þetta hafa oft reynst óábyggilegar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði í ræðu sinni áðan, að ekkert hefði það komið fyrir viðvíkjandi rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem hann hafði eigi sjeð fyrir eða gert ráð fyrir, að gæti komið fyrir. (**Fjrh. JÞ**: Jeg átti við truflanir á vatnsmagni og afleiðingar frosts). Það kemur heldur ekki því við, sem jeg nú ætla að segja, hvernig þau orð hafa fallið. En það var í upphafi ráðgert, að rafmagnsorkan þyrfti eigi að kosta meira en 7½ eyri hver kílówatt-stund, en samt hefir þó svo farið, þrátt fyrir þessa áætlun, að rafmagnsorkan hjer í bæ kostar 10-falt meira hver kílówatt-stund.

Af hverju þetta stafar, veit jeg ekki, en því var fleygt í fyrstu, þegar virkjun Elliðaánna var ráðgerð, að framleiðslukostnaðurinn yrði ekki meiri en þetta, og þetta gekk manna á milli, og er ekki vafi á því, að þó að ráðgert hafi verið, að kostnaðurinn yrði eitthvað meiri, þá hafa þessar tyllivonir gert menn fúsari til framkvæmdanna. Og svona er þetta í mýmörgum tilfellum öðrum, og þessvegna er það mönnum fullkomin afsökun, þó menn vilji draga í efa gildi þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið um járnbrautartilkostnaðinn. Menn eru hræddir um, að hann geti orðið mun meiri en áætlanirnar gera ráð fyrir. Það eru ekki þessar 6 milj. kr. eingöngu, sem menn horfa í, — menn vita alls ekkert um, hvað þetta muni kosta, það gæti orðið mun meira en 6 miljónir, og auk þess eru 6 miljónir króna eigi svo lítið fje, að menn vilji láta það af hendi athugunarlítið. — Jeg vil leyfa mjer að minna á það, að á síðasta þingi var ekki talið fært, að ríkissjóður legði fje í mun minni fyrirtæki en þetta, fyrirtæki, sem kostuðu svo miklu minna, að ekki er sambærilegt við járnbrautina.

Mjer er það vel ljóst, að það þarf nauðsynlega að bæta samgöngur við Suðurlandsundirlendið, og um það. Jeg veit vel, að það er eitt hið mesta nauðsynjamál, að þaðan fáist greiður aðgangur til útflutningshafna, t. d. til Reykjavíkur. Jeg hefi enn ekki tekið afstöðu

til þessa máls, enda hefi jeg ekki lagt neitt á móti því, að samgöngurnar yrðu bættar, svo að gagni komi. En jeg vil láta athuga þetta mál vel, og betur en gert hefir verið. Jeg vil láta athuga, hvort bifreiðar geta ekki gert sama gagn, úr því að ekki verður komist af án þeirra hvort sem er, jafnhliða og sem áframhald af járnbrautinni.

Jeg endurtek það, sem jeg sjerstaklega vil víkja til væntanlegrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, — að líta mjög „kritiskum“ augum, bæði á þær upphaflegu og endurbættu áætlanir og skýrslur, sem fram hafa komið í máli þessu. Jeg vil, að nefndin athugi, hvernig þessum áætlunum hefir verið breytt og hvernig þær endurbætur eru undir komnar, sem á þeim hafa verið gerðar, — sjerstaklega, af hvaða ástæðum áætlunin um járnbrautarlagninguna var lækkuð, en ekki áætlunin um bifreiðavegina og þá flutningaaðferð alla.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. apríl, var enn fram haldið 1. u m r. um frv. (A. 153).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til samgmn. með 16 : 1 atkv.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt nál. minni hl. (A. 508). — Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var útbýtt nál. meiri hl. (A. 577).

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Iðnaðarnám.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um iðnaðarnám (þmfrv., A. 374).

Á 59., 61. og 63. fundi í Nd., dagana 21., 24. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Lög þau, sem nú gilda um iðnaðarnám, eru frá 1893, og hafa þá eflaust verið samin eða þýdd eftir dönskum lögum. En á þeim árum var dönsk löggjöf haldin af hinum rammasta afturhaldsanda. Eru í þeim lögum ýms ákvæði, sem nú eiga ekki lengur við, og er hin mesta nauðsyn, að þeim sje nú breytt og færð í það horf, sem betur fullnægir kröfum tímans.

Það er aðallega tvent, sem á að tryggja með lögum um iðnaðarnám: að nemandinn verði vel að sjer í sinni grein, og að rjettur hans verði eigi fyrir borð borin. — Hið fyrra má telja, að sje sæmilega trygt í frv., m. a. með því að fyrirskipa kenslu í teikningu, sem hefir ekki verið lögskipuð áður. Það hefir verið svo að undanförnu, að hjerlendir iðnaðarmenn hafa varla staðið jafnfætis útlendum að mentun, því þótt hjer hafi verið ýmsir „þjóðhagasmiðir“, þá mun þó engum blandast hugur um, að þeir hefðu náð miklu lengra með góðri mentun. — Hitt aðal-

atriðið, að láta ekki bera rjett iðnnemans fyrir borð, hefir verið reynt að tryggja í frv. Þegar iðnsveinar gera samning við meistarana, standa þeir vitanlega miklu ver að vígi. Eru því í öllum lögum um iðnaðarnám ákaflega rík ákvæði, sem að þessu lúta.

Þetta frv. er nú allseint fram komið, svo að jeg býst varla við, að það nái fram að ganga á þessu þingi. En jeg vona, að því verði hleypt til allshn., svo að það gæti þá orðið til þess, að ýta undir löggjöf um þetta á næsta ári.

Jeg hefi eigi samið þetta frv. sjálfur, heldur er það samið að tilhlutan „Fjelags ungra kommúnista" hjer í bæ, af tveim stúdentum. Er annar þeirra um leið iðnaðarmaður, hefir stundað trjesmíði um nokkurt skeið, og ætti það að vera nokkur trygging þess, að frv. sje sæmilega úr garði gert.

Jeg get fallist á, að frv. sje breytt nokkuð, en aðaldrættirnir verða þó að halda sjer, því að þeir hygg jeg að gangi í rjetta átt. — Mun jeg svo ekki tefja þingtímann með því að tala meira um þetta mál við þessa umr. — Vona jeg, að hv. deild hleypi frv. til nefndar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og hv. flm. (JBald) viðurkennir, kemur frv. svo seint fram, að ekki kemur til mála, að það verði afgr. á þessu þingi. Er því óþarfi að tala mikið um það. En jeg get þó ekki stilt mig um að segja, að það er mjög svo einhliða samið, þar sem það hugsar aðeins um rjett iðnnema, og er í raun rjettri dæmi um það, hvernig frv. á ekki að vera. Slík frv. sem þetta eiga að sjálfsögðu að tryggja rjett beggja aðilja. Jeg skal geta þess, að formaður Iðnaðarmannafjelagsins hefir komið til mín og sagt mjer, að því fjelagi hafi alls eigi verið sýnt frv., og gat hann þess jafnframt, að í fjelaginu væri ekki einn einasti maður samþykkur frv. Hlýt jeg því að efast um, að það geti orðið nokkur grundvöllur undir löggjöf um þessi efni. — Jeg skal ekki hafa mikið á móti, að frv. fari til hv. allshn., því að jeg geri mjer engar vonir um, að það komi þaðan aftur.

Jeg veit, að Iðnaðarmannafjelagið hefir á prjónunum frv. til löggjafar um þetta efni, þótt það hafi eigi verið fram borið ennþá. Enda hafa ýmsir álitið, að enn væri of snemt að breyta gildandi lögum um þetta efni. Skal jeg ekki fara út í fleira að sinni.

Flm. (Jón Baldvinsson): Mjer skilst, að í slíku frv. sem þessu hljóti ætíð að vera sterk ákvæði til að tryggja rjett þeirra, sem ætíð hljóta að vera minni máttar, sem sje iðnnemanna. Það þarf eigi löggjöf til að tryggja rjett þeirra, sem sjálfir geta gert það. Þessvegna hlýtur slík löggjöf ætíð að vera nokkuð einhliða.

Hæstv. atvrh. sagði, að formaður Iðnaðarmannafjelagsins hafi komið til hans og mótmælti frv. Jeg veit, að sá fjelagsskapur hefir í 10 eða 20 ár verið að undirbúa almenn iðnlög, og eiga m. a. að vera í þeim ákvæði um iðnnám. En Jeg veit ekki til, að nokkurntíma hafi komið árangur af þeirri starfsemi. Þótt allir meistarar sjeu á móti þessu frv., tel jeg það enga ástæðu til að fella það. Það getur verin hin brýnasta þörf að setja lög um þetta, þótt allir meistarar sjeu á móti þeim. — Það eina, sem hægt væri að hafa á móti þessu frv., er það, að erfitt kunni að reynast að framfylgja því sumstaðar. En megnið af iðnaðar-

mönnum landsins er hjer í Reykjavík, og hjer er fyrsti vísirinn til iðnfjelaga, bæði meðal sveina og meistara. Slík fjelög tryggja nokkuð, að í iðnirnar komi hæfir menn, en þó verða þeir að eiga kost á góðri kénslu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer kom ekki til hugar að halda því fram, að ekki gæti verið ástæða til að samþykkja lög um þetta efni, þótt Iðnaðarmannafjelagið væri á móti þeim. En jeg held fast við það, sem jeg sagði, að undarlegt er að sýna því eigi þann sóma, að láta það sjá frv., áður en það er fram borið. En ástæðan er auðfundin, sú, að fyrirfram væri vitanlegt, að enginn í fjelaginu gæti sætt sig við frv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Mjer þykir ekki ástæða til að afsaka, að Iðnaðarmannafjelaginu var eigi sýnt frv. Hæstv. ráðherra (MG) hefir játað, að í því sje mestmegnis meistarar. (**Atvrh. MG:** Það hefir mjer aldrei dottið í hug að segja). Nú, en það er áreiðanlega svo. Jeg get ekki sjeð, að neitt meiri ástæða væri til að senda frv. til meistarafjelags en einhvers sveinafjelagsins.

Hæstv. ráðherra (MG) sagði, að ekki væri víst, að nokkur iðnmeistari gæti sætt sig við þetta frv. En jeg er nú ekki viss um, að þeir sjeu svo sjerstaklega ánægðir með lögin frá 1893. Get jeg ekki sjeð, að það sje nein ástæða. — Vænti jeg þess, að frv. fái að fara til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 9 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Atvinna við siglingar.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (þmfrv., A. 377).

Á 59. og 62. fundi í Nd., dagana 21. og 26. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Björn Líndal): Þetta litla frv. er svo úr garði gert, að greinargerðin á þskj. 377 er alveg fullnægjandi fyrir hv. þm. til að átta sig á því. Það, sem er aðalatriði þessa frv., er 2. gr. Eins og greinargerðin ber með sjer hefir borist erindi til þingsins um sjerstakan sjómannaskóla á Ísafirði. En sjútvn. hefir ekki talið það hyggilegt, heldur viljað fara þá leið, að samræma smáskipaprófin og undirbúa þau með námskeiðum á nokkrum stöðum.

1. gr. þessa frv. er einnig flutt að tilhlutun forseta Fiskifjelagsins og fiskiþingsins, og felur það í sjer, að menn eigi að hafa siglt í 20 rúmlesta skipum í stað 12 nú, í minst 12 mánuði af þeim 24 mánaða sjómenskutíma, sem krafist er. Er það gert til þess, að menn hafi

sjeð meira af ströndum landsins áður en þeir fá sjálfir rjett til skipstjórnar. Einnig er þeim til hægðar, sem hafa verið formenn á 6—10 rúmlesta bátum, ákveðið, að það megi nægja til smáskipaprófs.

3. gr. þessa frv. er aðeins tekin upp til þess að fella megi úr gildi lögin nr. 49 frá í fyrra. Að öðru leyti get jeg vísað til greinargerðar nefndarinnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykja nú orðið nokkuð tíðar breytingar á þessum lögum, þó að jeg vilji ekki bera á móti því, að þær kunni að vera rjettmætar. En ef á annað borð er farið að hrófla við þessum lögum, er þá eigi ástæða til að taka fleira með? Jeg hefi spurt skólastjóra sjómannaskólans um álit hans á því, og hefi fengið brjef um það frá honum, sem jeg hefi afhent hv. sjútvn. Ef það er rjett, sem þar er haldið fram, þá virðist rjett, annaðhvort að taka það alt upp nú, eða fresta öllum breytingum á lögunum til næsta þings.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg skal geta þess, að fram hafa komið raddir um víðtæka endurskoðun á siglingalögunum, bæði frá fiskiþinginu og forseta Fiskifjelagsins. Er þetta frv. flutt eftir ósk hinna sömu manna, og verð jeg að álíta, að í því felist mikil bót, ekki síst í 2. gr. Á 1. gr. legg jeg minni áherslu. En jeg held, að það sje sanngjarnt, að formenn á 6 tonna bátum og þar yfir megi ganga undir smáskipapróf. Það er langt frá því, að jeg vilji ekki, að siglingalögin sjeu endurskoðuð. En jeg held, að agnúarnir á þeim komi því betur í ljós sem þau standa lengur, og vil jeg gera tilraun með þau nokkurn tíma enn, svo að unt verði að bæta úr sem flestum göllunum við endurskoðunina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, BSt, BL, HStef, BSv.

nei: PO.

Fjórir þm. (JakM, JörB, MJ, MT) greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JBald, ÞórJ, ÁÁ, BJ, HK) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13 : 3 atkv.

3. gr., samþ. með 14 : 3 atkv.

4. gr., samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík (þmfrv., A, 435).

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. var skýrt lauslega og lagt til að því yrði vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., að þeirri umr. lokinni, og til allshn.

Halldór Stefánsson: Í fjarveru hv. flm. (HK) skal jeg mæla aðeins örfá orð. Ástæður hv. flm. (HK) eru teknar fram í greingargerð frv., og vil jeg aðeins vísa til þeirra og vænti þess, að hv. þdm. hafi kynt sjer þær. Að öðru leyti er ekki ástæða til að ganga inn á málið; jeg vil aðeins benda á, að ástæðum fyrir málinu er þannig háttað, að sjálfsagt er, að það fái athugun í nefnd. Vil jeg fyrir hönd hv. flm. (HK) óska, að málið fái að ganga til 2. umr. og til allshn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var útbýtt nál. minni hl. (A. 486).

Á 71. fundi í Nd., sama dag, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti (BSv): Frá sex hv. þdm. hefir mjer borist svolátandi krafa:

„Með skírskotun til 43. gr. þingskapanna krefjast undirritaðir þingmenn þess, að frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík verði tekið á dagskrá neðri deildar þá þegar, er atkvæði hafa verið greidd um þessa kröfu."

Hákon Kristófersson, Sveinn Ólafsson, Halldór Stefánsson, Tryggvi Þórhallsson, Þorleifur Jónsson, Bernharð Stefánsson.

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, áður en gengið var til dagskrár, fór fram atkvgr. um kröfu þá um dagskrárbreytingu, sem fram kom í lok síðasta fundar.

Deildin neitaði að verða við kröfunni með 13 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, JK.

nei: ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, IngB, JBald, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, SigurjJ.

Tíu þm. (ÞorlJ, BSt, HK, JakM, JAJ, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, BSv) greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BJ, BL, ÓTh) fjarstaddir.

Nefndarálit meiri hl. kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 102).

Á 43. og 45. fundi í Ed., dagana 6. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 9. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir legið fyrir þinginu einu sinni fyr. Áður en jeg fer að skýra málið að nýju, vil jeg minnast á, hvernig því hefir verið tekið hjer á þingi og víðar. Þegar jeg bar það fram hjer í fyrra, þá vildi svo undarlega til, að hæstv. fjrh. (JÞ) beitti sjer af alefli á móti því og vildi

helst fella það strax. Það var þó ekki gert, heldur var því vísað til nefndar. En flokksbræður hæstv. fjrh. svæfðu það í nefndinni. Jeg hefi því ástæðu til þess að halda, að mörgum í stjórnarflokknum sje illa við málið eða hafi ekki nægan skilning á því. Þessi tregða lýsti sjer einnig í því, að öll stjórnarblöðin lögðust á móti frv. og töldu, að það mundi vinna sveitum og bændum mikið tjón. Það, sem hjer væri farið fram á, mundi gera mikinn hluta fólksins í sveitinni að sveitarómögum o. s. frv. En þetta er ekki nema önnur hlið málsins. Einn af merkustu mönnum sjálfstæðisflokksins spáði í fyrra, að þetta mundi verða eitt hið mesta hitamál þjóðarinnar eftir 10 ár. En þá hygg jeg, að ekki muni verða langt til framkvæmda, þegar svo er komið. Þetta er að vísu spádómur, en hann er frá reyndum manni og veðurglöggum, og er líklegt, að hann rætist. Jeg hefi orðið var við, að þetta mál hafi vakið mikla eftirtekt víðsvegar um land. En það eru ekki síst hinir yngri bændur, sem hafa skilið það, að í aðalhugmynd frv. liggur hjálp til þess að greiða götu ræktunar í landinu. Jeg varð var við það á ferðum mínum um Norður-, Vestur- og Austurland í sumar, að þetta mál hafði verið mjög afflutt úti um land, svo að jeg varð að minnast á það á öllum fundum. En er jeg hafði skýrt málið á fundunum, og þeir voru yfir 20, hjelt enginn mótspyrnu til streitu.

Það vill nú svo vel til, að síðan mál þetta kom hjer til umræðu, hefir gerst atburður erlendis, sem mun flýta meira fyrir þessu máli en margan grunar. Í Englandi hefir komið fram tillaga um það, að landið leggi fram mikið fje til þess að koma á nýbýlum og bæta þau býli, sem fyrir eru. Áhrifamesti stjórnmálamaður Englendinga, Lloyd George, berst fyrir þessu og telur það vera mesta málið, sem nú liggur fyrir í enskum stjórnmálum. Í sambandi við önnur rök og skýringar vil jeg minnast lítið eitt á það, hvernig málið er sótt og varið í Englandi. Fyrir meira en einni öld gerðist í Englandi líkur atburður og hjer er að gerast. Það kom upp nýr atvinnuvegur, sem virtist svo arðvænlegur, að fólkið þyrptist úr sveitunum í hinar nýju iðnaðarborgir, sem þá risu upp. Húsin í sveitunum stóðu fyrst auð og rundu síðan, og má sjá merki þessara ústa víðsvegar um England, því að það hefir ekki verið bygt upp aftur. Löndin urðu bithagi fyrir sauðfje og búpening stórefnamannanna, og gengur sauðfje þar sjálfala á húslausum sljettum sumar og vetur, sem fyr voru þjettbygðar sveitir.

Nú hefir þessi dýrð staðið í meira en öld, sauðirnir hafa gengið á grænum grundum Englands, en fólkið hefir þjappast saman í stórum borgum, sem hafa hundruð þúsunda og miljónir íbúa, og þar sem kolareykinn leggur til himins. En nú er þetta ástand orðið áhyggjuefni margra framsýnna Englendinga. Ef England er einangrað nokkrar vikur, þannig að það fái ekki aðflutninga, þá er hungursneyð skollin á í borgunum. Það er því ekki hvað síst af hernaðarlegum ástæðum, sem margir Englendingar líta með töluverðum ugg á framtíð landsins, þar sem allur þorri fólks er í bæjunum, en sveitirnar standa auðar og eru bithagar fyrir fjenað og skemtistaðir fyiri ríkismennina í borgunum. Nú hefir Lloyd

George tekið þetta mál að sjer og gerir ráð fyrir, að frjálslyndi flokkurinn í Englandi beiti sjer fyrir að byggja það land aftur, sem verksmiðjurnar hafa lagt í eyði. Hann hefir ferðast víða um landið og prjedikað þann fagnaðarboðskap, að það eigi að byggja England upp aftur, en það er ennþá svo stutt síðan, að ekki er hægt að sjá, hve lengi hann verður að koma málinu í framkvæmd, en að hans dómi verður að vinna þetta verk, eða að veldi Englendinga verður ekki langlíft, því að það eru ekki dæmi þess, að nein þjóð hafi orðið langlíf menningarþjóð, sem aðeins hefir búið í borgum, en ekki haft sveitirnar á bak við sig.

Jeg hitti í sumar einn af forgöngumönnum húsmannafjelaganna í Danmörku, sem var mjög kunnugur þessu máli í Englandi, og af því að þessi maður stendur svo framarlega í samskonar málum í landi, þar sem þeim er einna best fyrir komið, og af því að hann var svo fróður um þetta, þá vil jeg skýra frá skoðun hans. Hann sagði, að það mundi verða mjög erfitt að koma þessu í framkvæmd, ekki af því, að það væru ekki nógir menn og nóg fje til í Englandi, heldur af því, að það þyrfti að skapa nýja bændastjett. Hún væri horfin. Það væri hægt að skapa borgir, en það væri nálega ómögulegt að skapa aftur bændastjett úr borgarmönnum. Vitnaði hann í reynslu Dana sjálfra í þeim efnum og sagði, að það, sem hefði hjálpað mest í þeirra mikla landnámi, hefði verið það, að sveitirnar hefðu verið nógu sterkar, þegar hafist var handa. Hann sagði enn fremur, að það myndu verða mestu erfiðleikarnir fyrir Englendinga að fá fólkið í borgunum til að flytja í sveitirnar, jafnvel þótt þeim yrði hjálpað til að byggja yfir sig og rækta, og sagði hann, að þeir menn, sem einu sinni væru komnir í borgirnar, færu þaðan trauðlega aftur. Eftir síðustu frjettum af Lloyd George sjest það, að hann hefir stungið upp á því að flytja inn nokkra landnema frá Danmörku, til þess að verða eins konar súrdeig í þessari nýju landnámshreyfingu þar; og hefir hann auðvitað fengið óþökk margra landa sinna fyrir þessar uppástungur, því að Englendingar eru, eins og kunnugt er, ekki mikið gefnir fyrir að læra af öðrum.

Eftir öllum sólarmerkjum að dæma mun óhætt að fullyrða, að ekki verður langur tími þangað til að íslenska þjóðin verður að fara að sinna þessu máli meira, og er hægt að sjá það af mörgu. Fyrst af því, hvernig sú mótstaða, sem fyrst var gegn þessu máli, hefir linast, og svo af því, að samkvæmt dómi sögunnar getur sá maður ekki talið sig sæmilegan Íslending, sem legst á móti því að láta gera það, sem hjer er um að ræða, en það er að bjarga þjóðinni og menningu landsins frá glötun.

Þó að jeg hafi skýrt þessa hugmynd allitarlega í fyrra, og nokkuð verið um hana rætt og ritað síðan, þá er þó rjett að skýra það, sem hjer liggur fyrir, og það er þá tilgangurinn, að styðja að því, að þungamiðja hins íslenska þjóðlífs haldi áfram að vera í sveitunum. Hefir það verið rökstutt með því, að það væri nauðsynlegt vegna líkamlegs og andlegs heilsufars þjóðarinnar. En ráðið til að koma þessu í framkvæmd er það, að þjóðfjelagið hjálpi til að gera lífvænlegt fyrir þá menn, sem nú eru fyrir í sveitunum, skapa þeim lífvænleg fram-

tíðarskilyrði. Heimilin í sveitunum eiga að fjölga eftir því sem fólkinu fjölgar. Og síðari hluti þessa ráðs er, að þeir, sem mest fjármagn hafa og mestum gróða hafa safnað, leggi á sig nokkrar byrðar til að hrinda þessu máli í framkvæmd. Síðan í fyrra hefi jeg breytt formi frv. nokkuð, en ekki efni þess, því að efninu verður ekki breytt. Annaðhvort verður að framfylgja hugmyndinni eins og hún er, eða þá að grafa hana. Jeg hefi því breytt frv., eins og jeg hefi að nokkru leyti áður tekið fram, jeg hefi gert ráð fyrir gróðaskatti af miklum tekjum og miklum eignum. Er því óhugsandi, ef þessi hugmynd nær fram að ganga, að lána út allar tekjur sjóðsins. Það yrði að geyma nokkuð af tekjum góðu áranna til vondu áranna. Þessi breyting er að því aðgengilegri, að gróðamennirnir, sem í fyrra kveinuðu mest undan að borga ræktunarskatt, án tillits til augnabliksgróða, og stóreignamenn eiga ekki, eftir því sem hjer er gert ráð fyrir, að borga nema af raunverulegum eignum. Það eru sjerstök forrjettindi, sem þessir stærri gjaldendur fá hjer, því að þar sem skattar á Íslandi falla nær því jafnþungt á alla, þá verða hinir efnalitlu að borga sína skatta, nálega jafnháa, hvernig sem lætur í ári, og því síður er ástæða til fyrir hina eiginlegu efnamenn að telja sig misrjetti beitta.

Þá er ein formbreyting, sem jeg hefi tekið eftir fordæmi Norðmanna, að í stað þess að lána út höfðustól sjóðsins, er gert ráð fyrir að borga vexti að nokkru eða öllu leyti af lánum, sem fullnægja vissum skilyrðum gagnvart sjóðnum. Til þess að sýna, hvað Norðmenn hafa gert í þessu efni, vil jeg benda á það, að smábændabankinn í Osló, sem starfar eftir þessari reglu, hefir á nokkrum árum lánað út 150 milj. króna. Mest af þessu fje hefir gengið til þess að stofna nýbýli í Noregi og að nokkru leyti til þess að byggja hús yfir efnalitla menn í kauptúnum, en helst þó í sambandi við ræktun. Og norska ríkið hefir borgað meira og minna af vöxtum þessara lána, einkum í sambandi við nýyrkjuna.

Því hefir verið haldið fram sem höfuðmótbáru gegn þessu frv., að hjer væri verið að fara inn á nýja braut um fjárveitingar til bænda, það ætti nú að fara að styrkja vissan hluta af bændastjettinni með fjárframlögum úr ríkissjóði, og að þetta væri eiginlega brot á landslögum og fordæmislaus ósvinna. En þetta er alveg rangt, það eru mörg fordæmi þess hjá okkar þjóð, að þannig hafi verið mikið hjálpað einstökum mönnum og einstökum stjettum, og er þá fyrst að benda á það, að fyrir eitthvað þremur eða fjórum árum komu útvegsmenn til þingsins og sögðust mundu missa skip sín í hendur útlendra lánardrotna, ef ríkið gengi ekki í ábyrgð fyrir þá. Þetta var gert, og þessum fjelögum var hjálpað mikið. En eins og líka kom í ljós nýlega, varð landið fyrir talsverðu tapi, sem þá er fórn til að viðhalda þessum atvinnuvegi. Það kom líka í ljós í umræðunum um „Káramálið“, að ýmsir þeir menn, t. d. hæstv. fjrh. (JÞ), sem mesta ömun hafa á því að styðja ræktunarmálið með opinberum framlögum, sýndi það í verkinu, að hann taldi það sjálfsagt að styðja atvinnuveg eins og togaraútgerðina með ríkishjálp. Nú alveg nýskeð hafa gerðar verið ráðstafanir til þess að hjálpa miklum hluta togaraútvegsins móti sjerstakri fjárhættu, nefnilega með því

að tryggja útveginn að nokkru leyti gegn tapi við gengisbreytingu. Þetta er ábyrgð, sem aldrei hefir verið veitt nokkrum öðrum atvinnuvegi en stórútgerðinni, það er ábyrgð, sem getur komið til að kosta mikið, en er gerð vegna þeirra, sem atvinnu þessa stunda. Nú er það því einkennilegra, að einmitt útvegsmenn skyldu þurfa þessa hjálp, af því að það hefir verið álitið, að stórútgerðin væri höfuð-atvinnuvegur landsins, og hefir borgað hæst kaup af öllum atvinnuvegum og dregið bæði konur og karla til bæjanna, og það er togaraútgerðin, sem aðallega er orsök þess, að fólkið þyrpist úr sveitunum. Hjer gerir togaraútvegurinn það, sem námurnar og iðnaðurinn gerði í Englandi, þegar sveitirnar þar lögðust í eyði, og það er því ekki neitt óeðlilegt, þó að farið sje fram á það, að ríkið leggi beinlínis fje til ræktunar landsins og í fjölgun heimila, úr því að sá atvinnukeppinautur, sem sýnist standa best að vígi, verður að leita hjálpar til ríkisins.

Þá kem jeg að nýju fordæmi. Þjóðfjelagið hefir orðið að meira eða minna leyti að byggja yfir einstaka menn, sem ekki hafa haft getu til þess sjálfir, og er þá fyrst að minnast á það, að mjög margir þeirra manna, sem mest hafa beitt sjer á móti þessu máli, þeir hafa komið því til leiðar, að ríkið hefir bygt mikla höll yfir sýslumanninn í Borgarnesi. Hún er eitthvert hið stærsta þesshátta hús á landinu, og lagði ríkissjóður mest fje í það með láni með sjerstaklega vægum kjörum. Það þarf ekki að minna á það, að samþyktar eru á hverju þingi heimildir til að byggja yfir lækna og presta þessa lands, því að það er orðið svo alment, að menn eru hættir að kippa sjer upp við það. Það er vart nokkurt prestssetur á landinu eða læknisbústaður í sveit, sem ríkissjóður hefir ekki annaðhvort styrkt bæði með beinu fjárframlagi eða með láni með vildarkjörum. Þjóðfjelagið hefir því við starfsmenn sína gengið inn á þá braut að styrkja þá til þess að byggja yfir sig, og skal jeg ekki lasta það, því það getur oft verið óhjákvæmilegt. En það, sem mjer þykir einkennilegast, er það, að þeir, sem harðast heimta fje í bústaði yfir vissar stjettir landsins, þeir hafa lagst mest á móti því, að hjálpað væri til þess að byggja yfir eða ljetta undir byggingarkostnaðinn hjá öðrum borgurum landsins. Jeg mintist á eitt fordæmi í fyrra, að ríkið lagði þá til berklavarna, eftir skýrslu landlæknis, alls eina miljón króna, til greiðslu fyrir eitthvað 64 sjúklinga, til þess að líkna þeim eða greiða fyrir bata þeirra. Þetta er náttúrlega gott og nauðsynlegt, en það er sama sagan eins og með starfsmenn ríkisins, að þjóðfjelagið tekur þá út úr og styrkir þá með beinum fjárframlögum. Þetta er svo mikil fjárupphæð, að ef varið hefði verið helmingi hennar, eins og jeg fór fram á í fyrra, til ræktunar og bygginga í sveitum, þá mundi það beinlínis hafa dregið úr berklavarnakostnaðinum, því að berklaveikin stafar fyrst og fremst af vöntun á hollu fæði, húsnæði o. fl. Sem sönnun fyrir því, að það sje ekki nein goðgá að ætlast til þess, að ríkissjóður styrki ræktun landsins með beinu fjárframlagi, vil jeg benda á, að hæstv. fjrh. (JÞ) sagði í blaðagrein fyrir nokkrum árum, að munurinn á framsóknar- og íhaldsmönnum væri sá, að framsóknarmenn fengju ekki að koma nærri landssjóði með sínar þarfir, fyrir íhaldsmönnum, sem ekki vildu greiða skatta. Þó að

hæstv. ráðh. (JÞ) hafi ekki nefnt ræktunarmálið, þá nefnir hann hliðstæð dæmi, sem sýnir það, að bændur hafa ekki ennþá gert kröfur til þess að komast á ríkissjóð, eins og þær stjettir, sem hafa látið ríkissjóð byggja yfir sig, eða þær stjettir, sem hafa látið ábyrgjast fyrir sig gengistap og rekstursfje. Síðan í fyrra hefi jeg talað um þetta við einn helsta lögfræðing landsins, sem er mjög nákominn nokkrum þeim mönnum, sem hæst eru settir í Íhaldsflokknum, og sagði sá maður, að hann áliti það svo mikla nauðsyn að rækta landið og fjölga heimilum, að það yrði, eins og hann komst að orði, að kaupa fólkið til þess að vera kyrt í sveitunum. Og það má segja, að kjarninn í frv. sje ekki annað en það, að kaupa fólkið til þess að vera kyrt í sveitunum, ekki eingöngu vegna fólksins sjálfs, heldur vegna þjóðarinnar í heild og framtíðarinnar. En hvað er það þá, sem veldur því, að straumurinn liggur burt úr sveitunum, svo að það þarf að grípa til þess að kaupa fólkið til þess að vera kyrt? Leyndarmál þessa mikla þjóðflutnings er ekki annað en það, að unga fólkið leitar út af einskonar frelsisþrá. Þjóðin vill verða frjáls, hver stjett, hvert kyn og hver einstaklingur. Það er heimtað nýtt frelsi af öðru tæi en það, sem bíður unga fólksins, sem vex upp í sveitunum og staðnæmist þar. Þeir, sem ekki fá jörð, verða vinnuhjú eða kaupahjú hjá bræðrum sínum eða systrum, sem fá ættaróðulin, en það getur ekki nema eitt, eða í mesta lagi tvö af systkynunum á hverjum bæ sest að á föðurleifð sinni. Hinir landlausu verða að sætta sig við mjög háða aðstöðu og nálega altaf án þess, að geta haft nokkurt fjölskyldulíf. Bændunum er ókleift að byggja yfir fjölskyldur þær, sem eru í vist hjá þeim, afleiðingin er sú, að þeir, sem ekki hafa aðgang að jörð í sveit, fara til verstöðvanna að annari atvinnu, þar sem þeir geta haft heimili, þó að fátækleg sjeu. Þetta er allur galdurinn við það, hvers vegna Reykjavík vex meira en hún vill og hvers vegna Vestmannaeyjar og Siglufjörður vaxa meira en leiðandi menn þeirra staða óska eftir. Það er af því, að það fólk, sem fer úr strjálbýlinu upp í sveitunum, leitar þangað, sem það getur lifað fjölskyldulífi, þótt fátækt sje. Þegar búið er að skilja þetta, þá er það auðsætt, að lækningin er ekki annað en það að gera fjölskyldulíf mögulegt fyrir sem flesta menn í sveitunum, en það getur aftur á móti ekki orðið með öðru en því að fjölga býlum í sveit og auka ræktun landsins. Í stuttu máli, með heimilafjölgun. Það er því ekkert annað ráð en að taka tillit til þess, sem bæirnir bjóða, nefnilega sjálfstæð heimili fyrir hverja fjölskyldu.

Jeg hefi orðið var við það, að einstakir menn álíta, að ef þessi hugmynd kæmist í framkvæmd, þá myndu öll stórbýli á Íslandi hverfa, og að þeim hafi staðið stuggur af því, að þá yrði ekki nema tómir kotbændur og einyrkjar í landinu. Jeg hefi tekið það fram áður hjer í hv. deild, að þessi geti ekki orðið afleiðingin. Sumsstaðar á landinu eru skilyrðin þannig, að hægt er að koma við allskonar landbúnaðarvjelum við atvinnureksturinn, t. d. á Hvanneyri, og á slíkum jörðum er auðvelt að hafa stórbúskap. En svo eru aðrar jarðir, þar sem ekki er hægt að reka búskap á sama hátt. Sumar þeirra eru úrvalsjarðir, og væri þeim betur skift í 2—3 býli, til þess að ræktun þeirra geti

aukist, heldur en að hafa einyrkja á stórri jörð. Jeg geri ráð fyrir, að stórbýlin haldi áfram, þar sem skilyrði leyfa, þar sem gott er að nota verkvjelar o. s. frv. En nýbýlin koma til sögunnar, þar sem landeigendur sjálfir vilja skifta, af því að þeir geta með því móti betur notað jörðina. Jeg býst nú við því, að margir harmi það, ef stórbýlin hverfa úr sögunni, en þeir munu ekki hafa áttað sig á því, að í þeim löndum, sem best eru ræktuð, hefir stórbýlunum verið að miklu leyti skift í margar smærri jarðir. En áður en jeg vík að því atriði málsins, vil jeg minnast á ýms önnur atriði, sem ætti að gera það að verkum, að þeir, sem mest hafa á móti smábýlabúskapnum og nýræktinni, snúi við blaðinu.

Hæstv. stjórn hefir látið bera fram í Nd. frv. til laga um járnbrautarlagningu. Verði nú lagt út í það dýra fyrirtæki, þá þarf mjög að fjölga fólki í sveitunum eystra. Í þessum sveitum er nú þegar búið að auka ræktun að miklum mun, og á Skeiðum og í Flóa búið að búa undir þá breytingu, sem kemur með járnbrautinni. En bæði Landeyjar og Holtin bíða enn eftir framkvæmdum í þessu efni. Og þær framkvæmdir eru óhugsanlegar nema því aðeins, að fólki sje hjálpað til að byggja, enda óhugsandi, að fólk yfirleitt geti staðið sig við að gera nýbýli, nema það fái til þess ódýrt fjármagn.

Jeg hefi hjer eingöngu talað um Suðurlandsundirlendið vegna þess, að um það er nú mikið rætt í sambandi við járnbrautarmálið, og jeg fæ ekki skilið, hvernig hv. 1. þm. Rang. (EP) gat óskað eftir í fyrra að fella þetta frv. frá umræðu, því að það er engu síður nauðsynlegt en járnbrautin sjálf, til þess að þessi hluti landsins geti fært sjer í nyt sín náttúrugæði.

Það er ekki tilætlun mín með stofnun þessa sjóðs að styðja neina sjerstaka landshluta. En í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að síðan í fyrra hafa verið gerðar ráðstafanir um stórfelda ræktun í Vestmannaeyjum, sem flestum mun þó finnast vera fráleitt landnámsland vegna þess, hve þar er grýtt og hrjóstugt. Þó mun hv. þm. Vestm. (JJós) hafa alveg rjett fyrir sjer í því máli, en hvað mun þá vera um aukna ræktun í öðrum hjeruðum? Það er ekki til sú sýsla á landinu, þar sem landnám geti ekki komið til greina. Nú er svo að segja á hverri jörð beðið eftir fjármagni til þess að hægt sje að hrinda nýræktun á stað, alstaðar eru jarðir, þar sem eins vel gæti lifað 2—3 fjölskyldur, með aukinni ræktun, eins og ein nú.

Mjer hefir stundum orðið það á að kalla þetta mál málanna, því að það er ekki sá afkimi til á landinu, sem ekki hefði gott af því, að býlum fjölgaði og ræktun færðist út.

Það hefir verið tæpt á því áður, að þótt járnbraut kæmi austur yfir fjall, þá yrði að gæta þess, sem hinn danski forkólfur sagði í sumar, að því aðeins væri hægt að stofna nýbýli og rækta landið, að eitthvað sje eftir af bændum og bændaefnum til þess að taka að sjer löndin. En með þessu er aðeins sýnt, að ef þetta mál ætti lengi að bíða, gæti svo farið, að sveitunum hjer á landi blæddi út, líkt og enski stóriðnaðurinn drap sveitabúskapinn þar á 18. öld, og að ekki verði þá auðvelt að fá nýbyggja á sljettur Suðurlands. Og þeir, sem eru velviljaðir hugmyndinni um byggingar- og landnámssjóð, hafa bent á það, að eins

og nú er ástatt, þá hrynja bæirnir í sveitunum yfir fólkið, svo að það verður að forðast rústirnar. Fyrsta skilyrðið til þess, að vel geti farið, er að halda við þeim sveitaheimilum, sem nú eru til, og hjálpa fólkinu til þess að endurreisa þær byggingar, sem eru að sligast. Og þessi fyrirhugaði sjóður á ekki síst að mæta þeirri þörf að greiða götu þeirra, er þurfa og vilja byggja yfir sig, en hafa ekki bolmagn til að borga okurvexti af fasteignalánum.

Þá skal jeg gera eina tegund mótmæla gegn frv. þessu að stuttu umtalsefni. Því er haldið fram, að sumir foreldrar vilji ekki, að jarðir þeirra skiftist milli barnanna og að þeim finnist það kvalafull tilhugsun, ef jörð, þar sem stórbú hefir verið — þar sem máske hafa verið 4 vinnumenn og 4 vinnukonur, — eigi að skiftast niður í 3—4 hluta. En mjer hefir orðið á að spyrja: Þykir foreldrum vænna um jörðina — dauðan hlutinn — heldur en um börn sín? Nei, það nær ekki neinni átt. Það er aðeins gömul venja, sem veldur því, að menn kveinka sjer við að skifta jörð í fleiri býli. Skiftingin fer best fram, þegar fleiri systkini deila sameiginlega óðali. En nú er nýr tími, og þetta verður að breytast, svo fremi að jafnmargt fólk eigi að una á hverri jörð eins og áður hefir verið, og þó helst fleira.

Sumir hafa haldið því fram, að frv. væri árás á kauptúnin. Þetta fæ jeg ekki skilið, þar sem líka á að hjálpa við húsabótum og ræktun í nágrenni kaupstaðanna. Og það er eigi aðeins fólk í sveitum, heldur einnig margt kaupstaðarfólk og kauptúnafólk, sem líður ver en skyldi vegna grasnytjaleysis. Í þessu sambandi má benda á Akureyrarbæ, sem hefir tekið til ræktunar landið um kring. Menn hafa þar garða og tún. Akureyri hefir fyrir vikið orðið hollari bær og betur efnum búinn heldur en aðrir kaupstaðir landsins.

Hvergi í frv. er gert ráð fyrir því að lokka fólk til sveitanna á einn eður annan hátt. Og þótt það verði samþykt, geta bæirnir þessvegna haldið sínu heimafólki. Breytingin verður aðeins sú, að minna verður aðstreymi til kaupstaðanna úr sveitunum, eða hverfur að mestu.

Mjer dettur í hug að geta um það í þessu sambandi, að það skrifaði mjer nýlega bóndi í Norðurlandi, sem býr á góðri jörð og hefir búið þar í 20 ár, og jafnan haft 6—7 vinnandi manns í heimili. Í þessu brjefi minnist hann á það, að sjer hafi tekist að fá vinnumann, en segir jafnframt, að það verði sjálfsagt síðasti vinnumaðurinn, sem hann fái í sínum búskap. Svona er ástandið í sveitunum nú. Og samhliða því, að Alþingi gerir ráðstafanir til þess að bjarga sjávarútveginum frá hruni, verður straumurinn til þess atvinnuvegar svo ör, að bændur, sem búið hafa 20 ár, búast ekki við því að geta fengið verkafólk framvegis.

Jeg hefi nú fært rök að því, hvernig málið horfir við. En vegna þeirra, sem heyra eða lesa rök þessi, vil jeg benda á, hver reynslan hefir orðið í þessu efni hjá nágrannaþjóðum okkar, og þegar íslenska þjóðin hefir kynt sjer það, trúi jeg því ekki, að hún geti farið að eins og strúturinn, að stinga höfðinu niður í sandinn og látast ekki sjá.

Út af einni af þessum röksemdum, sem komið hafa fram gegn frv. þessu, sem sje þeirri, að smábýlabúskapur beri

sig ekki, skal jeg sanna með nokkrum dæmum úr hagskýrslum Norðurlandaþjóðanna, að þetta er ekki rjett.

Í Finnlandi býr meiri hluti þjóðarinnar í sveit, og þar hafa hagfræðingar athugað, hve mikinn arð bændur hafi af kúm sínum á mismunandi jörðum, miðað við 100 hektara ræktað land á hverri jörð, og er sú skýrsla á þessa leið:

Á stórbýlum	32	kýr
– bændabýlum	36	—
– smábændabýlum	64	—
– húsmannsbýlum	139	—

Þessi skýrsla sýnir, að í Finnlandi er land smábýlanna mikið betur ræktað heldur en stærri býlin, og sýnir hún þá það um leið, að frá þjóðfjelags sjónarmiði er síður en svo skaði að því, þótt bændabýli sjeu ekki stór.

Þá skal jeg taka annað dæmi frá Prússlandi. Árið 1900 var þar skift í smáhluta nokkrum stórjörðum, þar sem fólki hafði áður farið sífækkandi. Árangurinn af þessu var sá, að 10 árum síðar hafði fólki á þessum slóðum fjölgað um 84%.

Þá skal jeg taka annað dæmi frá Finnlandi. Á árunum 1899—1907 skifti ríkið 13 stórjörðum í 600 býli. Áður en þessi skifting fór fram, bjuggu á þessu svæði tæplega 6000 menn, en árið 1913 voru þar 11 þúsundir manna, og hafði því fólksfjölgunin orðið 84% eins og í Prússlandi.

Þessi dæmi sýna það ljóst, að nýræktin og býlafjölgunin í Finnlandi og Prússlandi hafa margborgað sig fyrir þjóðina.

En til þess nú að gefa hv. deild ítarlegri skýrslu í þessu efni, mun eg næst sýna, hver er mismunur á „brúttótekjum“ í peningum af hverjum hektara ræktaðs lands í nokkrum löndum árið 1918 og á mismunandi býlum. Eru jarðirnar tölumerktar og er I minstu jarðirnar, sem eru í Sviss 3—4 ha. og í hinum löndunum minni en 10 ha. Í V. flokki eru stærstu býlin, sem eru í Sviss rúml. 30 ha. og í hinum löndunum alt að 100 ha. eða yfir það.

Jarðastærð	Sviss frankar	Danm. krónur	Svíþj. krónur	Finnland mörk
I	1866	1133	998	1413
II	1629	916	752	1307
III	1418	882	728	1022
IV	1396	805	821	944
V	1153	757	612	886

Þessi skýrsla á að sýna það fullkomlega, að eftir því, sem jarðir eru stærri, gefa þær af sjer minni „brúttótekjur“ tiltölulega. Og af þessu sjest enn fremur, að smábúskapur borgar sig betur og hefir meiri þjóunarskilyrði heldur en stórbúskapur. Smábýlabúskapurinn hefir þannig skilyrði til þess að gefa meira af sjer en stórbúskapurinn, ef rjett er á haldið.

Þá kem jeg hjer með nýja skýrslu. Er hún um það, hversu mikið smábýlin og stórbýlin gefa af sjer, miðað við ha. af ræktuðu landi. Því hefir sem sje oft verið haldið fram af andstæðingum smábýlanna, að þau stæðu illa að vígi. Skýrslan er frá fjórum löndum, Sviss, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Eru jarðirnar metnar eftir stærð.

Í Sviss gaf hver ha. af ræktuðu landi af sjer 1306 franka á smábýlunum, en 934 á þeim stærstu; í Danmörku 972 kr. á smábýlunum, en 696 á þeim stærstu; í Svíþjóð minst 838 kr. á smábýlunum, en 644 á þeim stærstu, og loks í Finnlandi gefa smábýlin af sjer 773

mörk, en næst-stærstu býlin ekki nema 664 mörk. — Er það einkennilegt, að þessi skýrsla er jafnóþægileg fyrir tvær andstæður manna, „sósialista“ og stóreignamenn. Báðir vilja stórbúskapinn. „Sósialistar“ vilja, að ríkið eða sveitarfjelögin reki stórfeld ræktunarfyrirtæki, en hinir vilja, að stórbændur og auðmenn eigi stórbýlin. Og frá hvoru sjónarmiðinu sem er, virðist skýrsla þessi vera mjög óþægileg, því að hún sannar, að best fer á því, að hvert heimili fyrir sig vinni upp þann blett, sem sá vinnukraftur kemst yfir, er það hefir yfir að ráða. Hefi jeg með þessu reynt að sanna, hve glæsilegt framtíðarmál það er að fjölga býlunum, einmitt út frá því sjónarmiði einstaklingsbúskaparins og þjóðarbúskaparins í heild sinni. Því að smábýlabúskapurinn virðist gefa mest af sjer.

Næst ætla jeg að sýna, hvernig frændþjóðir vorar hafa gengið fram í ræktunarmálunum nú á síðustu árum, og síðan að líta á ástandið eins og það er hjá okkur.

Reynslan hefir alstaðar sýnt, að smábýlin gefast best, og því er leitast við að smækka býlin og fjölga þeim um leið. Jeg hefi skýrslur um þetta frá Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og ganga þær allar í sömu átt. Þær sýna, að straumur samtíðarinnar leitar í þá átt að fjölga býlunum í sveitunum, en hjá okkur fækkar þeim aftur á móti.

Kem jeg þá fyrst að skýrslunni frá Danmörku. Hún er um stærð jarða og býla á þrem árabilum, 1850, 1885 og 1905. — En það þekkja allir, er kannast við sögu Dana, að tímabilið frá 1850 er þeirra blómaöld.

Býlunum, sem um ræðir í skýrslunni, má skifta í þrent: húsamannabýli, bændabýli og stórbýli. Jeg skal geta þess til skýringar, að tala stórbýla 1850 er ekki fyrir hendi, svo á verði bygt.

Skýrslan frá Danmörku hljóðar þá svo:

Jarðastærð	Árið 1850		Árið 1885		Árið 1905	
	Tala býla	%	Tala býla	%	Tala býla	%
Húsmanna-býli	98,168	58,5	151,957	67	183,210	70,5
Bændabýli	67,848	40,4	72,965	32	74,517	28,7
Stórbýli	?	1,1	2,041	0,9	2,093	0,8
Samtals	167,845		226,963		259,820	
Í leiguábúð	68,824	41	26,085	11,5	18,859	7,3

Er skýrsla þessi mjög eftirtektarverð. Það er auðsjeð fjölgun býlanna og hvernig hinum mismunandi býlum fjölgar. Sjest einnig, hvernig stórbýlin hafa haldið sjer nokkurn veginn. Síðustu árin hefir þó saxast mikið á þau. Samt er í Danmörku meira af stórbýlum en í hinum Norðurlöndunum. Þá er og eftirtektarvert, hve húsmannabýlunum hefir fjölgað, og hve vel þau hafa þrifist. Samhliða því er og önnur breyting, sem einnig er merkileg og stefnir til bóta, það er fjölgun sjálfseignarbænda. Straumur tímans stefnir ákveðið í þá átt að fjölga býlunum og um leið að auka tölu sjálfseignarmanna. Verður þess ekki langt að bíða, að nálega allir bændur í Danmörku verða sjálfseignarbændur.

Til þess að sýna enn gleggra, hve mikil fjölgun býlanna var í Danmörku, ætla jeg að taka hjer hin einstöku tímabil. 1850—1885 fjölgaði þeim um 60 þús. eða um 1700 árlega, 1885—1905 fjölgaði þeim um 32 þúsund eða um 1600

árlega, og loks 1905—1919 fjölgaði þeim um 30 þúsund eða um 2 þúsund árlega. Þannig hefir straumur býlafjölgunarinnar verið stöðugur frá 1600—2000 árlega.

Þegar jeg var ytra í sumar, kynti jeg mjer þetta mál og komst að þeirri niðurstöðu ,að „normalfjölgun“ býla í Danmörku er nú um 2000 árlega. Borið saman við þetta og miðað við fólksfjölda ættum við að fá 70 býli á ári. En jeg mun koma að því seinna, að svo er ekki.

Til frekari skýringar á því, sem jeg hefi sagt hjer um býlafjölgunina í Danmörku, skal jeg geta þess, að mikið af þessu var hreint landnám, land, sem áður var algerlega óræktað og mest á heiðum uppi. En nú býr þar fjöldi fólks, og þrífast þar bæði stórbýli og smábýli.

Býlafjölgunin þar í landi er og hlýtur þó oft að verða á kostnað stórbýlanna. Einnig komu lög 1919, sem verða hættuleg aðalseignunum, er margar voru. Menn vila ekki fyrir sjer að stykkja gömlu óðalsbýlin sundur, en auðvitað borga þeir fult verð fyrir, og þannig fjölga þeir fólkinu í sveitunum.

Þá kem jeg að Noregi. Þaðan liggja nú ekki fyrir nákvæmar skýrslur. Árið 1870 var fjöldi býla þar í landi 248 þús., en 1917 voru þau orðin 295 þús., eða í þessi 47 ár hefir býlunum fjölgað um 47 þús. eða 1000 býli árlega til jafnaðar.

Þá ætla jeg að síðustu að koma með skýrslu um, hvernig býlin skiftast eftir stærð í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Má sjá á því, hvernig þessum fjórum frændþjóðum vorum hefir reynst best að haga landstærðunum, til þess að hafa sem mest upp úr þeim. Í skýrslunni er um 4 stærðir að ræða.

	Ár-tal	Tala býla	minni en 2 ha.	2--20 ha.	20--50 ha.	50 ha. eða meira
Danmörk	1919	290000	39,2%	43,7%	13,9%	3,2%
Svíþjóð	1919	546000	43,6—	49,5—	5,4	1,5—
Noregur	1917	248000	68 —	30,3—	1,6—	0,1—
Finnland	1920	305000	39,4--	52,8—	6,6—	1,2—

Sjest á þessu yfirliti, að í Danmörku er mest af stærstu jörðunum, og mikið af miðlungsjörðunum frá 2—20 ha. Í Svíþjóð er enn minna af stórbýlum, og í Noregi er afarlítið af þeim. Í Finnlandi er tala stórbýlanna aftur á móti lík og í Svíþjóð, en minni en í Danmörku.

Þessi skýrsla frá hinum náskyldu og merkilegu þjóðum er sterkur vottur þess, að það er ekki út í bláinn, þegar rætt er um, að þar sje lögð stund á að láta býlin fjölga í sveitinni, þá er í því efni fordæmi meðal nánustu frændþjóðanna.

Hin mikla fjölgun býlanna í þessum fjórum nágrannalöndum hefir ekki komið af sjálfu sjer. Fjöldi fólks hefir unnið að þessu. Og í Danmörku hefir ákveðinn stjórnmálaflokkur starfað að ræktunarmálunum og reynt að hlynna að þeim sem best hann gat.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt því fram á þinginu í fyrra, að goðgá væri að styðja býlafjölgunina með framlagi úr landssjóði. Menn ættu að kynna sjer fjárlög Dana. 1925 voru þar veittar 410 þús. kr. til húsmannabýla. Fer sá styrkur mest í byggingar, til þess að ljetta undir með fátækum mönnum og hjálpa þeim til að byrja búskap og stuðla þannig að ræktun landsins. Einnig leggja sveitarfjelögin fram fje, enda þarf mikið til, því að fullgerð húsmannabýli kosta nú um 25 þús. kr. En landnemarnir eiga

sjaldan mikið, geta lagt fram 2—3 þús. kr. frá sjálfum sjer. Fá þeir þá lán og styrk úr ríkissjóði og bæjarsjóðum undir eftirliti og samkvæmt sjerstökum reglum.

Jeg veit, að þeir, sem kunnugir eru því, hvernig hagar til hjer á landi, skilja þetta vel. Því að ef bygt er hjer steinhús á meðaljörð fyrir um 20 þús. kr., þá er ekki búandi á slíkri jörð, ef borga þarf húsið, eða svara háum vöxtum af fjárhæðinni. Eigi búskapurinn að vera sæmilegur, má ekki reikna húsið neitt. Einstöku menn leggja efni sín í varanleg hús handa eftirkomendum sínum, en ef gera á mikið í þá átt, er enginn aðili nógu sterkur nema þjóðin öll. Enginn annar getur lyft svo þungri byrði.

Í Noregi, þar sem smábúskapurinn er mjög mikill, má Smábændabankinn í Osló, eins og kunnugt er, lána alt að $^{9}/_{10}$ af matsverði nýbýla. Ef jörðin er t. d. metin á 10 þús. kr., getur eigandi hennar fengið 9 þús. kr. lán. En það skilyrði er sett, að engum má lána meira en 10 þús. kr. í þeim banka. Ríkissjóður ábyrgist lánin og borgar af þeim, eftir því, hvernig á stendur og eftir tilteknum reglum. Þessvegna má fullyrða að býlaaukningin, 47 þús. býli á tímabilinu 1870—1917, sje framkvæmd að miklu leyti með beinum styrk frá ríkissjóði og sveitarfjelögum. Þannig er þá nýbýlamálinu komið hjá Norðmönnum, en þar eru skilyrðin líkust og hjer á landi.

En þegar við komum heim frá þessum glæsilegu dæmum frændþjóðanna og minnumst þess um leið, hve mikla áherslu einn hinn gáfaðasti stjórnmálamaður Englands leggur á býlafjölgunina, og hve mikið Norðurlandaþjóðirnar yfirleitt hafa gert í þessum efnum, þá verður ömurlegt að athuga, hvernig ástandið er hjer á landi. Jeg ætla að gefa hjer mjög svo sorglega skýrslu, ekki um fjölgun býla á Íslandi, heldur um fækkun þeirra, þegar allar aðrar mentaþjóðir reyna að fjölga þeim.

Elsta skýrsla um þessi efni er frá 1703. Þá eru 7537 býli hjer á landi. Tæpum 100 árum seinna, 1801, eru þau orðin 7401. 50 árum seinna, 1852, eru þau ekki orðin nema 5621. Nú líða 20 ár, og á þeim tíma fjölgar býlunum um 300. Á næstu 20 árum fjölgar þeim enn, og eru þau 1902 6684 að tölu. En nú tekur þeim að fækka aftur, og 1912 eru þau ekki nema 6547 og loks 1918, er síðasta jarðamat var gert, voru hjer á landi 6112 býli. Á þessum tveim öldum, frá 1700 til vorra daga, hefir þeim þannig fækkað um 1400.

Jeg geri ráð fyrir, að þeir hv. þm. í þessari deild, sem eru mótfallnir þessu frv. mínu, hafi alls ekki gert sjer ljós þau tvö grundvallaratriði, sem frv. byggist á. Þeir vita ekki um þá hnignun, sem hjer hefir orðið og fram kemur í fækkun býla hjer á landi á síðari áratugum, og ekki hafa þeir heldur hugmynd um þær framfarir, sem á sama tíma hafa átt sjer stað á þessu sviði, hjá frændþjóðum vorum erlendis. Jeg hefi gaman af að geta þess, að við flutning þessarar ræðu minnar, sem snertir meira insta kjarna þjóðlífsins en flest önnur mál, sem þingið hefir fjallað um á síðari árum, að þá hafa flest allir þm. úr flokki hæstv. stjórnar og hinn eini fulltrúi „frelsishersins“, sem sæti á hjer í deildinni, verið fjarverandi. Með öðrum orðum, andstæðingar framsóknarmanna í þinginu vilja sýna opinberlega, að þeir hafa óbeit og ótrú á nýbýlahugmyndinni. En um leið sýna þeir óvild,

kulda og skilningsleysi hinni þjóðlegu menningu Íslendinga. Jeg segi þetta til þess að sýna fram á, að það er ákveðið samband milli þeirrar hnignúnar og aðgerðarleysis, sem hjer hefir ríkt og ríkir enn á þessu sviði hjer á landi og þess, að þeir tveir ráðherrar, sem hjer hafa skifst á um að fara með völd hin síðastliðnu 9 árin, hafa báðir kosið að láta dyrnar geyma sín, meðan verið er að reifa hjer þýðingarmesta mál þjóðarinnar.

Jeg býst við, að þó að andstæðingar mínir hjer í þessari hv. deild hafi löngun til að sýna landnáms- og ræktunarhugmyndinni óvild, þá muni þeir þó smátt og smátt eftir öðrum leiðum en skilningnum verða varir við straum samtíðarinnar. Það, sem Lloyd George berst fyrir í Englandi, það sem fremstu menn allra Norðurlandaþjóðanna hafa beitt sjer fyrir áratugum saman, getur varla verið neðan við íhaldsmenn þessarar hv. deildar. Það hirðuleysi, sem hjer ríkir um þetta mál hjá oss, er merki um það, að núverandi stjórnendur og forystumenn þjóðar vorrar hafi þegar lifað sitt fegursta, að þeir eru einskonar steingervingar frá liðnu tímabili og eru blindaðir eða hafa algerlega lokað augunum fyrir öllu, er snertir sanna viðreisn þjóðarinnar. Jeg tek þennan svefn íhaldsmanna og hirðuleysi sem átakanlegt dæmi um þá framtíð, sem þessir menn eiga í vændum. Þeirra bíður sú framtíð, sem þeir með svefni sínum og hirðuleysi hafa ætlað að búa ræktun og þjóðmenningu þessa lands.

Skýrslur þær, sem jeg las upp áðan, sýna að í ráðherratíð þessara tveggja manna hefir býlum hjer á landi fækkað meira en á verstu harðindatímum umliðinna alda. Og í þeirri niðurlæging landsins er fólginn dómur um stjórn þess.

Jeg leyfi mjer svo að biðja um, að nafnakall verði viðhaft við atkvgr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JJós, JJ, ÁH, BK, EP, EÁ, GuðmÓ, HSteins.

nei: GunnÓ.

Þrír þm. (JóhJóh, JM, SE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 7 shlj. atkv.

Á 71. og 72. fundi í Ed., dagana 10. og 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 476 og 530).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Landhelgissjóður.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 68, 1915 (þmfrv., A. 413).

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn sjái það á greinargerð þessa frv., að nefndin byggir tillögur sínar á því, að árlegar tekjur landhelgissjóðs eru nú orðnar það miklar, að engin ástæða er til þess, að ríkissjóður greiði framvegis tillag til hans; þótt keypt verði nýtt skip á kostnað landhelgisjóðs, verða vextir sjóðsins samt sem áður meira en helmingi meiri en tillagi ríkissjóðs nemur, og hinsvegar er ákveðið, hve miklu megi verja árlega úr landhelgissjóði til landhelgisgæslunnar á fjárlögunum, svo að jafnan má gæta þess, að sjóðurinn vaxi hæfilega.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki halda uppi löngum umr. um þetta mál. En jeg vil mótmæla harðlega því, sem hjer er farið fram á. Það hefir sýnt sig, að þótt ekki sje að vísu heppilegt að mynda nýja sjóði úr ríkissjóði, þá hefir þessi sjóður komið að góðu haldi og verið hægt að kaupa nýtt strandvarnaskip. Ef nú væri hætt að greiða tillag úr ríkissjóði, þá mundi draga úr landhelgisvörnunum. En þó nú hafi verið stigið gott spor í þessu máli, þá má það ekki verða seinasta sporið. — Og víst er um það, að ef tillagið verður felt, þá er verið að ganga aftur á bak. En það má eldrei verða.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Út af ræðu hv. 1. landsk. (SE) vil jeg taka það fram, að þingið með fjárlögunum hefir það altaf í hendi sjer að ákveða, hve mikið landhelgissjóður leggur til landhelgisgæslunnar árlega. Það verður altaf meira en 20.000 kr., svo að þetta verður eintómur leikur, að borga þessa upphæð í landhelgissjóðinn og heimta svo aftur enn hærri upphæð útborgaða úr honum til strandvarnanna, eða eins mikið og til þeirra þarf. Leyfi jeg mjer því að vænta þess, að frv. nái fram að ganga.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil láta þess getið, að jeg sje ekki neitt á móti því, að hætta við að leggja fje úr ríkissjóði í landhelgissjóðinn. Það verður eftir nægilegt fje í landhelgissjóði, þrátt fyrir það, til þess að byggja fyrir eitt skip. Jeg á bágt með að ímynda mjer, að nokkur tæki verði á því, í náinni framtíð, að gera út fleira en 2 skip, því að eftir því sem líklegt þykir, mun þór endast lengi enn. Skipsskrokkurinn er vel sterkur, og þótt það þurfi viðgerð, þá hygg jeg, að hún verði aldrei dýrari en svo, að tilvinnandi sje. Held jeg því, að óþarft sje að leggja fram þessar 20 þús. kr. Jeg er því sammála hv. frsm. (JóhJóh) um það, að engin ástæða sje til þess að leggja fje úr ríkissjóði í sjóðinn og taka það svo aftur jafnhendis til strandvarna. En fyrir mjer er þetta ekki stórt mál, sem mikið veltur á, hvort nær fram að ganga eða ekki. En jeg hefi viljað láta það álit mitt í ljósi, að mjer sýnist rök hv. fjvn. fyrir frv. vera fullgild.

Sigurður Eggerz: Jeg vil enn ítreka það, að ef á að fella niður tillag ríkissjóðs til landhelgissjóðs, þá veikir það landhelgisvarnirnar til mikilla muna. Þá verður minna hugsað um það en áður að efla sjóðinn. En ef hann er altaf látinn aukast, þá er þó sýnilega í landvörnunum mikill styrkur. En jeg vil vekja eftirtekt hv. deildar á því, að þetta er spor aftur á bak, til þess að draga úr strandvörnunum. Og ef á að gera sjóðinn verulega sterkan, þá er þetta,

sem hjer um ræðir, langversta sporið, sem hægt er að stíga.

Þótt „Þór“ sje sterkur, þá er hann samt óhentugur til strandvarna. Og þótt jeg greiddi atkvæði með því, að ríkið gerði hann út, þá var það ekki af því, að jeg áliti hann vel fallinn til þeirra, heldur af því, að jeg vildi sýna Vestmannaeyingum sjálfsagðan þakkar vott og viðurkenningu fyrir þann mikla dugnað og áhuga, sem þeir hafa sýnt með því að halda Þór úti. — En það tjáir ekki að deila við dómarann. Jeg geri ráð fyrir því, að frv. nái framgangi í hv. deild, en þeir tímar munu koma, að menn sjái, að hjer hafi verið stigið verulega skakt spor.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg sje ekki, að hv. 1. landsk. sje það spámannlegar vaxinn en við hinir, að hann geti nokkuð um það sagt, að svo muni fara. En þar sem landhelgissjóðstillagið til strandvarna nemur meiri upphæð en þeirri, sem hjer um ræðir, þá sje jeg enga ástæðu til þess að láta ríkissjóð greiða hana framvegis í landhelgissjóðinn, og svo sje ákveðið í fjárlögum árlega þeim mun hærri upphæð úr sjóðnum til landhelgisvarnanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 2 atkv. og til sjútvn. með 8 : 5 atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 458).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og nál. á þskj. 458 ber með sjer, hefir sjútvn. þessarar deildar lagt til að samþykkja þetta frv.

Með lögum frá 1913, um stofnun landhelgissjóðsins, var svo ákveðið, að ríkissjóður legði landhelgissjóði árlega til 5 þús. kr. Mun það hafa verið tilætlunin, að það væri stofnsjóður hans. Með breytingu á þessum lögum frá 1915, er árstillagið hækkað upp í 20 þús., vafalaust með það sama fyrir augum. Hefir þessi hækkun sennilega komið til af því, að þinginu hefir fundist vöxtur sjóðsins með 5 þús. kr. tillagi úr ríkissjóði árlega ganga nokkuð seint. Sjútvn. lítur því svoleiðis á, að þetta tillag úr ríkissjóði hafi frá upphafi vega borið að skoða sem stofnsjóð landhelgissjóðs. Nú er svo komið, að landhelgissjóðurinn er orðinn 1½ milj.; og þó að hann, sem ákveðið er, greiði andvirði hins nýja strandvarnaskips, sem þegar er að verða lokið smíði á, þá mun hann koma til með að eiga 1 milj. í sjóði að því loknu. Þótt sjóðurinn samkvæmt síðustu reikningum nái ekki alveg þeirri upphæð, þá hygg jeg, að svo miklar tekjur hafi sjóðnum borist á þessu ári, að óhætt muni að fullyrða þetta.

Nú er sjávarútvegsnefnd það ljóst, að upprunalegi tilgangur sjóðsins var eigi aðeins sá, að hann hjeldi áfram að vaxa að vissu marki, og yrði svo gerður að eyðslueyri, heldur og einnig hitt, að hann árlega legði nokkuð af tekjum sínum við höfuðstólinn og hjeldi þannig sífelt áfram að vaxa. En með þeim tekjum, sem sjóðurinn hefir nú, og með þeim ráðstöfunum á tekjum hans, sem nú eru gerðar og eru algerlega samkvæmar tilgangi hans, sem sje, að sjóðurinn leggi til starfrækslu landhelgisgæslunnar árlega, það sem hann er fær um, þá virðist vel mega láta sjóð-

inn vaxa, þó að ríkissjóðstillagið hverfi. Í sannleika sagt sýnist það tilgangslaust að leggja sjóðnum til 2 þús. kr. úr ríkissjóði á ári, þegar hann getur vaxið án þess, um leið og hann leggur nokkurt fje til landhelgisgæslunnar árlega. Jeg lít svo á, að höfuðstóll sjóðsins þurfi að vaxa, en hann þurfi ekki að vaxa mjög hröðum skrefum, ef þess er gætt, að af árlegum tekjum sjóðsins sje altaf lagður nokkur hluti við höfuðstólinn. Og eins og kemur fram í nál., leggur sjávarútvegsnefnd áherslu á það, að á hverju ári sje þessa gætt, svo að minsta kosti jafnmikil upphæð og ríkissjóðs-styrknum nemur verði lögð við höfuðstólinn. Og þá tel jeg sjóðnum vel borgið án ríkissjóðsstyrks.

Mjer finst málið liggja nokkurn veginn ljóst fyrir. Aðalskilyrðið fyrir sjóðinn er ekki nú þessi ríkissjóðsstyrkur. Aðalskilyrðið er, að höfuðstóll sjóðsins sje ekki skertur að öðru en til kaupa nýrra gæsluskipa, eftir því er þörfin krefur, en árlega verði lagt eitthvað við hann.

Mjer virðist ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum. Aðeins vil jeg árjetta það, sem nefndin leggur áherslu á, að þótt ríkissjóðstillagið hverfi, þá er alls ekki tilgangurinn sá, að sjóðurinn hætti að vaxa; og þegar annað fje er fyrir hendi, sem auka má sjóðinn með árlega, þá sýnist það tilgangslaust að verja fje ríkissjóðs honum til styrktar.

Sigurður Eggerz: Það hefir væntanlega ekki mikla þýðingu, að halda uppi löngum umræðum. Jeg sje, að sjútvn. hefir orðið sammála fjvn. um að leggja þetta til, og með því er frv. náttúrlega trygt fylgi hjer í hv. deild. En jeg hefi ekki getað sannfærst um, að þetta verði ekki til þess að draga úr vexti sjóðsins.

Fyrst og fremst segir í nál., að það sje skilyrði hjá nefndinni, sem hún setji, að sjóðurinn verði látinn vaxa árlega um upphæð, sem nemi þessu 20 þús. kr. ríkissjóðstillagi. En jeg verð að líta svo á, að þó að fram komi eitt nál. í þessa átt, þá muni það fljótt fyrnast. Jeg leyfi mjer að gera ráð fyrir, að þegar árin líða, og ekki eru góðar ástæður í fjárlögunum og þarf að halda á sjóðnum, þá muni þetta litla nál., sem hjer liggur fyrir í dag, verða alveg gleymt. Enda er það svo, að þótt eitthvað sje sagt í nál., þá bindur það ekki nútíðina og ennþá síður framtíðina. Það er þess vegna sýnilegt, að sje miðað við það, að landhelgissjóðurinn eigi að vaxa að allverulegum mun, þá verður þessi tillaga til þess að draga úr vexti hans. Enda hefir samviskan slegið nefndina, svo að henni hefir þótt vissara að taka það fram, að nauðsynlegt væri að leggja 20 þús. kr. við höfuðstólinn, sem svaraði ríkissjóðstillaginu.

Mjer hefði í raun og veru fundist, að það hefði mátt minnast þess manns, sem var frumkvöðull að því, að þessi sjóður var stofnaður, Sigurðar Stefánssonar, á þeim degi, sem árangur sjóðsin sýnir sig í því, að skip er keypt fyrir hans fje. Það hefði mátt minnast hans á annan veg heldur en að kippa burtu því tillagi, sem hann kom á hjer á Alþingi.

Jeg veit, að það þýðir ekkert að halda uppi umræðum. Úr því að sjávarútvegsnefnd og fjvn. eru sammála, er gangur þessa máls viss gegn um deildina. En mín skoðun í þessu máli er það, að það sje í raun og veru engin ástæða til að fara að búa til neinar hömlur á landhelgisvarnirnar. Það er mín sannfær-

ing, að þótt menn sjeu nú svo ánægðir yfir því, að komið er eitt íslenskt skip til landvarna, þá verði í framtíðinni gerðar ennþá meiri kröfur til landvarna, svo miklar kröfur, að það veitti ekki af, þótt sjóðurinn fengi að vaxa með þessum styrk ríkissjóðs.

Samkvæmt þessari skoðun minni mun jeg ekki hika við að rjetta einn upp höndina á móti þessu frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki miklu að svara. Jeg held, að hv. 1. landsk. (SE) og sjútvn. beri í sjálfu sjer lítið á milli. Það er rjett, að nál. hefir ekkert lagalegt gildi. En það sýnir, hvað nefndin vill. Hv. 1. landsk. (SE) virðist líta svo á, að með þessu 20 þús. kr. tillagi úr ríkissjóði sje framtíð sjóðsins betur trygð heldur en ef það hverfur. Eins og sakir standa nú, get jeg ómögulega sjeð það. Hvar stendur það skrifað, að ekki megi taka af sjóðnum þessar 20 þús. kr. á ári til landhelgisgæslunnar, eins og aðrar tekjur hans, og hver er þá tryggingin? Þótt sjóðurinn njóti ríkisstyrks, ef öllum tekjum hans er varið til þess að greiða útgjöld, sem að öðru leyti hvíla á ríkissjóði, þá fæ jeg ekki sjeð, hver hagur að því má vera. Alt er undir stjórn sjóðsins komið, og hún er á hverjum tíma í höndum þingsins. Sjútvn. kannast við, að rjett hefði verið að athuga landhelgissjóðslögin frekar á þessu þingi, en þar sem nú er svo áliðið þings, vildi hún ekki koma fram með þær breytingar að þessu sinni.

En viðvíkjandi strandvörnum hefir þetta ekkert gildi, þar sem ríkissjóður verður að leggja fram það, sem strandvarnirnar kosta fram yfir tillag landhelgissjóðsins. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þungamiðja þess, sem vakir fyrir okkur báðum, hv. 1. landsk. (SE) og mjer, sje sú, að landhelgissjóður haldi áfram að vaxa. Og því má náttúrlega alveg eins ná með því útliti, sem nú er, þó að þessi styrkur falli burtu. En það er satt, að komið getur það fyrir, að landhelgissjóður fái engar tekjur af sektum. En þá getur vel verið, að hann verði orðinn það stór, að hann þurfi samt sem áður ekki á ríkissjóðstillagi að halda. Að leggja 20 þús. kr. úr ríkissjóði til eflingar sjóði sem þessum, er styður ríkissjóðinn með 235 þús. kr. framlagi til strandvarna árlega, það finst mjer vera meiningarleysa.

Það er svo langt frá, að nokkur í sjútvn. hafi minstu tilhneigingu til þess að kasta skugga á þann mann, sem upphaflega hefir barist fyrir þessari sjóðsstofnun og komið fram lögum um stofnun landhelgissjóðs. Fæ jeg ekki sjeð, að samþykt þessa frv. geri það í nokkurn máta. Jeg tel meira að segja, að hans sje alls ekki óviðeigandi minst á Alþingi, þó að það sje viðurkent, að nú sje þessi hugmynd hans orðin svo fullkomin, að ekki þurfi lengur ríkissjóðsstyrk. Mjer finst hans mjög maklega minst með þessu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta mál, því að mjer finst það liggja ákaflega ljóst fyrir. Jeg mótmæli því, að sjútvn. með þessari till. geri minstu tilraun til þess að setja stein í götu landhelgissjóðsins.

Sigurður Eggerz: Stutt athugasemd. Jeg held það liggi í hlutarins eðli, að þótt sektir og annað, sem í sjóðinn rennur, væri svo mikið á einhverju ári, að ekki þyrfti annað, þá eru þessar 20 þús. þó aukning á sjóðnum, ef þær eru

lagðar í hann. Svo að enginn getur borið á móti því, að með þessari till. er verið að draga úr sjóðnum.

Það má altaf segja, að það sje skrítið að leggja fje sjerstaklega úr ríkissjóði í þennan sjóð, en það er áreiðanlegt, að ef það hefði ekki verið gert, að mynda þennan sjerstaka sjóð, þá hefði ekki verið bygt nú skip til landhelgisvarna. Jeg held það sje ekki nema framhald af þeirri hugsun, sem vakti fyrir Sigurði heitnum Stefánssyni, að lofa þessu tillagi ríkissjóðs fyrst um sinn að auka sjóðinn.

Hv. frsm. sagði, að nefndinni hefði komið saman um, að æskilegt væri að endurskoða þessa löggjöf. Jeg held það mætti þá bíða með þetta frv. þangað til þeirri endurskoðun væri lokið undir öllum kringumstæðum; því að allir sjá, að ekki liggur mjög á þessu.

Björn Kristjánsson: Aðeins lítil athugasemd. Mjer finst ástæðulaust af hv. 1. landsk. (SE) að hafa svo mjög á móti þessu. Það er svo alvanalegt, að þingið leggur fram til ýmissa stofnana vissa upphæð, þangað til álitið er, að stofninn sje nægilega hár, og hættir svo. Þannig er það með veðdeildarflokkana, og Ríkisveðbankann. Veðdeildin fjekk 5 þús. kr. styrk í 4—5 ár. Þegar álitið var, að sjóðurinn væri orðinn hæfilega stór, var því hætt. Alveg eins er með þetta. Nú er svo komið, að þessi sjóður er orðinn svo mikill, að hann á að nægja til þess að halda við þeim strandvarnaskipum, sem maður getur búist við, að landið sjái sjer fært að hafa, ef lagt verður árlega við hann. Nú, þegar búið er að smíða strandvarnarskipið, á sjóðurinn 1 milj. kr. Fyrir þá upphæð mætti smíða tvö strandvarnaskip. En öll skip þarf að endurnýja, og það nálægt því á 50 árum, og væri ólíklegt, að sjóðurinn þá hefði ekki kraft til þess.

Mjer finst alls ekki verið að rýra þá viturlegu till., sem Sigurður heitinn Stefánsson gerði á sínum tíma, um að stofna þennan sjóð. Þvert á móti. Flestir hafa dást að tillögu hans. Hjer er alls ekki verið að tala um að leggja neinar hömlur á strandvarnirnar — —*

Jóhannes Jóhannesson: Fjárveitinganefndin vill ekki draga neitt úr landhelgisvörnunum, en henni fanst það krókaleið, að greiða úr ríkissjóðnum í landhelgissjóðinn árlega, en heimta svo af honum 125 þús. kr. eða hærri upphæð árlega, til landhelgisvarnanna, sem ríkissjóður kostar að öðru leyti.

Það er gengið út frá því að þá er nýtt skip er keypt, líði all-langur tími þangað til næsta skip er keypt, svo að með því að leggja vexti við sjóðinn árlega þangað til, getur hann aukist stórkostlega. Nefndin gerir ráð fyrir, að eftirleiðis, eins og hingað til, verði sjóðurinn látinn leggja fje til landhelgisvarnanna, í hlutfalli við tekjur hans næsta ár á undan, að vöxtum fráskildum. En henni finst það óeðlilegt, að ríkissjóður rjetti með annari hendinni það, sem hann tekur með hinni.

Sigurður Eggerz: Þótt það hafi ekki vakað fyrir nefndinni, að rýra landhelgissjóðinn, þá verður raunin sú, að hann vex ekki jafnhröðum skrefum og þörf er á. Öðru þarf jeg ekki að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt.

* Vantar niðurlag ræðunnar frá hendi skrifarans.

ATKVGR.:
Frvgr. samþ. með 10 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 413).

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki gefa tilefni til langra umræðna um þetta mál að sinni. Vil jeg aðeins vísa til þess, sem jeg hefi sagt við fyrri umr. þessa máls, að þetta frv. geti orðið til að draga úr vexti landhelgissjóðs. Þar sem þetta er stórt mál, vil jeg biðja hæstv. forseta að hafa nafnakall um frv.

ATKVGR.
Frv. samþykt með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhJóh, JM, ÁH, BK, EP, EÁ, GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP, JJós, HSteins.
nei: JJ, SE.
Frv. afgreitt til Nd.

Á 71. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 413).

Á 73., 76. og 77. fundi í Nd., dagana 7., 11. og 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Það þarf ekki mörg orð um þetta mál, því það er nokkurn veginn sýnilegt, að það verður ekki útrætt nú. En jeg vildi þó láta það sjást, að jeg er ekki samþykkur því, að farið verði að rýra tekjur landhelgissjóðsins. Með stofnun þessa sjóðs er lagður grundvöllur að því, að komið verði á fót innlendri landhelgisgæslu. Og þótt hjer sje nú orðið um allgildan sjóð að ræða, þá verður að athuga það, að verkefni þessa sjóðs er stórmikið. Því auk þess upprunalega ætlunarverks sjóðsins að koma upp fyrir hann strandvarnarskipinu, þá er búið að taka upp á sjóðinn útgerðarkostnað strandvarnarskipanna að nokkru leyti. Jeg held, að á fjárlögum 1927 sje gert ráð fyrir, að varið verði úr sjóðnum á því ári 135 þús. kr. í þessu skyni, sem vitanlega má búast við, að verði meira.

Svo er þess að gæta, að eftir því sem landhelgisgæslan eykst, minka vitanlega tekjur sjóðsins; því að sá raunverulegi árangur landhelgisgæslunnar lýsir sjer í því, að hægt verði að halda botnvörpungunum utan landhelginnar. Því er það, að því nær sem við komumst því markmiði, að landhelgin sje sæmilega varin, þá minka tekjur sjóðsins af sektum fyrir óleyfilegar botnvörpuveiðar að sama skapi.

Jeg vildi aðeins láta þessi ummæli koma fram og vænti þess, að framvegis komi ekki fram tillögur um að rýra tekjur svo merkilegs sjóðs sem þessa, sem stuðlar að því að hrinda í framkvæmd einu af nauðsynlegustu málum þjóðarinnar.

Við verðum að gæta þess, að það verður alt annað upp á teningnum, þegar Íslendingar sjálfir fara að reka landhelgisgæsluna á vel útbúnum skipum, heldur en verið hefir oft að undanförnu um þá landhelgisgæslu, sem Danir hafa á hendi hjer við land. Þannig var það

í vetur, meðan vertíðin stóð sem hæst, þá lá strandvarnarskipið vikum saman hér við hafnarbakkann.

Forsætisráðherra (JM): Þetta frv. er komið frá fjvn. Ed., sem sýndist það dálitið undarlegt, að það skyldi vera greitt 6 eða 7 sinnum meira fje úr landhelgissjóði heldur en látið var í hann, eða greiða fje í landhelgissjóð úr ríkissjóði og taka svo úr honum aftur 6 eða 7 sinnum meira. Jeg held heldur ekki, að það sje ástæða til þess. Það er mjög eðlilegt að leggja fje úr ríkissjóði til landhelgissjóðsins meðan hann var að vaxa, en það er engin ástæða til þess, þegar sjóðurinn hefir fengið svo mikinn vöxt, að hann getur lagt mjög mikið af mörkum beint til árlegrar útgerðar strandgæsluskipa. Það er svo mikið eftir í sjóðnum nú, að það mætti þegar þess vegna byggja nýtt strandvarnarskip. Sennilega vex hann svo áfram, þótt kannske minki landhelgissektir vegna betri gæslu, að vjer getum haft nóg til þess að byggja það 3. eða 4. Þess vegna finst mjer mjög eðlilegt, að ríkissjóðstillagið falli burt nú. Það má þá seinna, ef sýnist, leggja aftur fje úr ríkissjóði til skipabygginga. Jeg álít við stöndum ekki þannig fjárhagslega nú, að við þurfum að vera að leggja úr ríkissjóði í mjög öflugan sjóð, horfandi mjög langt fram á veg.

Hvað það snertir, að sagt er, að strandvarnir okkar sjeu betri en strandvarnir Dana hjer, þá ætla jeg ekki að fara að bera það neitt sjerstaklega saman. Það er ekki í raun og veru sambærilegt. Við höfum smá skip, sem að því leyti eru hentugri, að þau eru svo lík fiskiskipunum sjálfum.

En vjer megum alls ekki vanþakka gæslu Dana hjer. Hún er mjög mikils virði í samvinnu við vor eigin skip.

Það var tilætlunin fyrir „Fyllu“ nú að vera um mánaðartíma fyrir Austfjörðum. En sjerstakt atvik hamlaði, fyrir utan það, að hún varð að snúa aftur með togara, og kom skipið hingað. Þar að auki er slíkt skip þannig gert, að taka verður mikinn tíma til ketilhreinsunar. Nú er „Fylla“ að hreinsa ketilinn. Hefir það venjulega farið fram dálitið seinna.

Jeg held það sje ekki rjett, þótt mönnum finnist þessar varnir ekki eins og þeir mundu óska, að fara að finna mikið að því. Jeg veit, að yfirmenn dönsku herskipanna hafa allan vilja á að gera okkur gagn, og gera það einnig. Og síður hefði jeg viljað, að hefðu verið gerðar mjög harðar árásir á þetta skip, mjög um sama leyti sem það er að taka á annað hundrað sjómenn í Vestmannaeyjum og koma þeim til sinna atvinnustöðva.

Það er búið að tefja þetta mál mikið, og hygg jeg, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi átt þátt í því. Nú getur það ekki gengið fram hjer eftir, enda er það svo sem ekki neitt sjerlega áríðandi mál, hvort þessar 20 þús. kr. verða teknar úr ríkissjóði eða ekki.

Forseti (BSv): Mjer skildist á hæstv. forsrh. (JM), að hann beindi því til hv. þm. Borgf. (PO), að hann hefði tafið fyrir því, að málið kæmist á dagskrá. Þetta er ekki rjett. Það hefir orðið út undan af hendingu, vegna þess, hve mörg stórmál hafa verið hjer á dagskrá.

Forsætisráðherra (JM): Þetta getur verið, en það var gengið fram hjá þessu máli, er röðin kom að því á sínum tíma,

og þá mun hv. þm. Borgf. (PO) hafa setið í forsetastól.

Jón Baldvinsson: Fyrst hæstv. forsrh. (JM) leggur svo mikið kapp á málið, þá er mjer spurn, hvort það sje flutt fyrir hans tilstilli. **(Forsrh. JM:** Nei). Annars vona jeg, að frv. fái þá afgreiðslu, er því hæfir, að vera steindrepið.

Pjetur Ottesen: Fyrir mitt leyti hygg jeg sje betra og heppilegra að halda áfram að efla landhelgissjóðinn með árlegu tillagi úr ríkissjóði heldur en að tæma hann fyrst, og fara svo að verja fje úr ríkissjóði í sama augnamiði.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að þá, sem hefðu á hendi stjórnina á danska varðskipinu, vantaði ekki vilja til þess að gera okkur gagn. Í sambandi við það, hvað þeir oft á tíðum hafa verið þaulsætnir á höfninni, ekki hvað síst hjer í Reykjavík, þá verð jeg að segja, að það er undarlegur skilningur á landhelgisgæslustarfinu, ef þeir hyggja, að þeir geri okkur mest gagn með því að liggja í höfnum inni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, IngB, JK, JörB, KlJ, MG, PÞ, TrÞ, AJ.

nei: JakM, JAJ, JBald, ÓTh, PO, SigurjJ, BSv, BSt.

Tíu þm. (HStef, HK, JS, JÞ, MJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Einn þm. (MT) greiddi ekki atkv.

Sama dag var störfum deildarinnar lokið, og frv. var því ekki á dagskrá tekið framar.

16. Hæstirjettur.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (þmfrv., A. 388).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sigurður Eggerz): Það fór hjá oss eins og öðrum þjóðum, þótt vjer stæðum fyrir utan heimsstyrjöldina, að ríkisskuldirnar jukust allmjög. Ýmissa úrræða var leitað til að bæta úr þessu. Tilraunir voru gerðar til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. En flestar af þeim tilraunum mishepnuðust. Ein af þessum tilrraunum fór í þá átt að spara útgjöld við hæstarjett. Með lögum 4. júní 1924 var ákveðið að fækka dómendum í hæstarjetti um tvo. Hæstarjettarritara-embættið var lagt niður, en á fjárlögum skyldi þó lögð nokkur upphæð til þessa starfs, manni, er rjetturinn skyldi útnefna. Ákveðið var og, að rjetturinn skyldi kjósa sjer forseta. — Á þessari ráðstöfun hefir ekkert sparast enn, því að lögin hafa, sem betur fer, ekki komið til framkvæmda. Hinsvegar hefir, sjerstaklega vegna mikillar árgæsku 1924, tekist að færa niður skuldir ríkissjóðs að miklum mun. Sparnaðarástæðan, sem rjeð áreiðanlega mestu um skipulagsbreytingu þá, sem gerð var á hæstarjetti 1924, er því nú að þessu

leyti fallin burt. Og fer því nú vel á því að samþykkja þetta frv., því að þá koma lögin frá 1924 aldrei til framkvæmda, og með því er þá hægt að komast hjá þeim álitshnekki, sem hæstarjetti hefði stafað af því.

Jeg var einn þeirra manna, sem leit svo á, að engin sparnaðarráðstöfun væri svo brýn, að hennar vegna mætti veikja rjettaröryggið í landinu. Jeg minni á, að það var innileg þrá allra góðra Íslendinga, að ná æðsta dómsvaldinu inn í landið. Þessu marki var náð með lögunum um hæstarjett frá 1919. Í hinni fróðlegu ritgerð hæstarjettarritara Björns Þórðarsonar um dómendafækkunina er nokkuð skýrt frá baráttu þeirri, sem átti sjer stað um þetta mál. Í bænarskrá þeirri, sem borin var fram á þinginu 1853, er sagt, að yfirrjetturinn hafi verið svo úr garði gerður, bæði um dómendatölu og launakjör, að hann hafi skort það afl og álit, sem svo mikilvægri stofnun sje nauðsynleg. Farið er þá fram á að fjölga dómendum um tvo, um leið og þess er æskt, að æðsta dómsvaldið sje flutt inn í landið. Krafan um 5 dómara í æðsta rjettinum er því ekki ný, hún kemur þegar fram árið 1853, eða fyrir 73 árum. — Og hve mikið er ekki breytt síðan? Líf þessarar þjóðar hefir á þessu tímabili tekið stakkaskiftum á öllum sviðum. Svo stórkostlegar hafa framfarirnar orðið á þessu tímabili. Og hafi þá verið þörf á 5 dómurum, með hinu einfalda og óbrotna lífi voru þá — hver mundi þörfin þá vera nú hjá hinu sjálfstæða íslenska konungsríki, með hinu margþætta lífi voru, sem er í stöðugri framsókn á öllum sviðum? 1855 er enn krafan um 5 dómendur í rjettinum endurtekin, og er þó ekki þá farið fram á að fá honum æðsta dómsvaldið. — Þá kemur krafan um 5 dómendur enn fram 1885, og var jafnan haldið fast við þá kröfu. Árið 1893 var þó tala dómenda aðeins 3. En á þinginu 1895 var málið enn tekið upp og tala dómendanna ákveðin 5. Í hinni ágætu ritgerð Björns Þórðarsonar hæstarjettarritara, sem jeg í þessari frásögn fer eftir, eru tilfærð ummæli Benedikts Sveinssonar um þessi atriði, og þar sem þessi ummæli hins mikla þjóðskörungs lýsa svo miklum skilningi á þessu máli, skal jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þau hjer upp:

„Jeg skil ekki í þeirri hugsun hjá Alþingi, að um leið og það vill fá þennan dýrgrip, dómsvaldið, inn í landið, þá skuli það ekki vilja tryggja dómsvaldið innan lands innan skynsamlegra takmarka. Ef 2. gr. frv. verður samþykt með þeirri breytingu, sem hjer er stungið upp á, þá geri jeg ráð fyrir, að kipt sje fótum undan þeirri von, sem jeg og margir aðrir hafa um framgang þessa máls, sem er fólgið í því, að fá trygga innlenda stofnun, sem fram yfir allar aðrar stofnanir getur stuðlað að því, að Íslendingar uni vel í sínu landi, því trygg og áreiðanleg dómgæsla er hinn stærsti dýrgripur hvers lands.“

Þessi krafa um 5 dómendur á því mikla sögu að baki sjer, enda hreyfði enginn mótmælum gegn því, svo jeg muni, er ákveðið var í hæstarjettarlögunum 1919, að dómendur skyldu vera 5. — Sparnaðurinn 1924 varð sterkari en hin eldgamla krafa um rjettaröryggið. En jeg hygg, að krafan um rjettaröryggið sje nú aftur að verða sterkari hjá þjóð vorri en sparnaðarkrafan. Jeg hygg, að varla geti orðið ágreiningur um það, að rjettarörygginu sje betur

borgið í 5 manna dómstól en 3 manna dómstól.

Nægir í því efni að vísa til þess, að betur sjá augu en auga. Þegar verulega stór mál koma fyrir í þessu háa þingi, er oft bætt mönnum við í fastanefndir þær, sem eiga að fjalla um þau. Af hverju? Auðvitað vegna þess, að gert er ráð fyrir, að fleiri menn sjái betur hinar margvíslegu hliðar á ýmsum slíkum málum.

En hvar mundi vera meiri þörf á ítarlegri rannsókn málanna en í þeim rjetti, sem hefir úrslitaorðið um mörg örlagaríkustu mál einstaklinga þjóðfjelagsins. Auk þess sem nú, eins og áður er tekið fram, lífið er orðið og verður með hverju árinu margþættara en fyrir 73 árum, þegar krafan um 5 dómara í rjettinum kom fram, og því enn meiri þörf á 5 manna dómi nú en þá, virðist mjer sjálf málfærslan, hin munnlega máfærsla, geri nýjar kröfur einmitt til fleiri manna í rjettinum, því að rök hinnar munnlegu málfærslu glatast síður, þegar fleiri menn hlýða á þau, en ella. Þá virðist mjer og ljóst, ef illa tekst val á einhverjum dómara, en slíkt getur auðvitað altaf komið fyrir, — þá muni slíks óhapps gæta því minna, því fleiri dómendur sem skipa rjettinn. En þetta er atriði, sem einnig verður að taka til greina. Og þó að nú hafi tekist vel skipun í rjettinn, þá gæti slíkt þó altaf komið fyrir. Það mundi nú ekki aðeins veikja rjettinn inn á við, ef tveimur dómurum yrði kipt burt úr honum, heldur mundi það einnig veikja hann út á við. Sumum virðist nú ef til vill ekki skifta miklu um álitið út á við, en mikil fásinna er að gera lítið úr því. Og mikið ógagn vinna þeir yfir höfuð þjóð sinni, sem ófrægja hana út á við, eða þeir sem taka í sama strenginn og þeir menn, sem slíkt gera. Fyrir hvaða þjóð sem er, ekki síst fyrir litla þjóð, hefir álitið út á við afar mikla þýðingu. Og svo sjerstaklega sje vikið að hæstarjetti, þá er það ljóst, að það er hin mesta prýði fyrir hverja þjóð, að æðsti dómstóll hennar sje í miklu áliti. — En það er auk þess beinlínis hægt að sanna það, að þetta getur haft og hefir bein áhrif á viðskifti þjóðarinnar út á við, því að í dómsvaldinu felst ekki aðeins öryggi fyrir borgara landsins, heldur einnig fyrir þá, sem skifta við borgara landsins. Og þetta verður nokkurnveginn ljóst, þegar lagðir eru undir dómstólinn úrskurðir í málum, sem velta á hundruðum þúsunda, eins og nýlega hefir átt sjer stað í hæstarjetti. Þegar nú auk þess rjettarstigin, eins og hjer á sjer stað, eru aðeins tvö, þá verður örðugt að skilja það, að nokkrum vaxi í augum kostnaðurinn við 5 manna rjett. En ef miðstigið yrði sett, þá er það augljóst, ef vel ætti að búa um það, að það mundi reynast kostnaðarsamara en laun tveggja hæstarjettardómara.

Jeg veit ekki, hvort fordæmi er fyrir því annarsstaðar, að forseti dómstólsins sje kosinn af rjettinum. En þessa breytingu tel jeg síst til bóta, því vel gæti farið svo, að í rjettinum skapaðist óróa um kosninguna, og ef hinsvegar ætti að skifta árlega um forsetann, eins og t. d. rektor háskólans, þá hygg jeg, að það mundi ekki auka festuna í rjettinum. Þá gætu og vel verið í rjettinum þeir menn, sem í sjálfu sjer væru góðir dómarar, en ekki eins vel fallnir til að hafa forsæti í rjettinum. Jeg verð því að segja, að mjer þótti illa farið, þegar þessi breyting var gerð á hæstarjetti.

Um hæstarjettarritarann vil jeg aðeins segja það, að jeg sje enga ástæðu til þess að gera þá breytingu á þeirri stöðu, sem gerð var með lögum frá 1924.

Þó að breytingagirnin sje mikil í heiminum, þá virðast þó öldur umrótsins ekki hafa náð til æðstu dómstólanna; þeir standa óhreyfðir. Það er sjerstök helgi yfir þeim, og það á að vera sjerstök helgi yfir þeim. Einn af merkustu mönnum þessarar þjóðar skrifaði mjer í dag brjef og sagði, að hann gleddist yfir, að frv. um hæstarjett væri komið fram. Hæstirjettur er samviska þjóðarinnar, sagði þessi merki maður. Þetta er rjett, og samviskan verður að vera í góðu lagi, ef þjóðinni á að líða vel.

Jeg verð að biðja afsökunar á því, að jeg flyt ekki frv. þetta fyr en nú. En ástæðurnar fyrir þeim drætti eru þær, að jeg til skamms tíma bjóst við og hafði ástæðu til að búast við, að þm. í hv. Nd. úr stærra flokki en þeim, sem jeg er í, mundu flytja þetta mál þar. En þetta taldi jeg öruggara fyrir málið. Úr þessu hefir þó ekki orðið, og flyt jeg nú því frv. hjer. — Jeg má og fullyrða, að ef málinu yrði sýndur velvilji, þá er enn nægur tími til að koma því í gegnum þingið. Þar sem það voru aðallega fjárhagslegar ástæður, sem voru því valdandi, að lögin frá 1924 voru samþ., og þar sem fjárhagur ríkissjóðs er allmiklu betri nú en þá, vil jeg treysta því, að nú náist samkomulag um þetta mál.

Jeg vildi mega vænta, að hæstv. dómsmálaráðherra, vegna hinna breyttu ástæðna, tæki að sjer að koma þessu máli í gegnum þingið. — Það eru ekki meira en örfáir dagar síðan að í blaði framsóknarflokksins var allmjög veitst að dómsvaldinu hjer í þessu landi. Jeg ætla mjer ekki á neinn hátt að blanda mjer inn í þá deilu, en úr þeirri átt, sem slíkar ádeilur koma fram, ætti að mega vænta stuðnings til að búa sem öruggast um úrslitadómsvaldið.

Jeg vil geta þess, að svo virðist, sem hinir eiginlegu fagmenn, lögfræðingarnir, sjeu svo að segja á einu máli um það, að það megi telja eitthvert allra þýðingarmesta mál þjóðarinnar, að örugglega sje búið um hæstarjett. —

Með þessum fáu orðum vil jeg fela þetta mál velvilja hv. deildar. Og þó jeg hafi gert lítið til að ávinna mjer hylli hinna stærri flokka hjer í þinginu, þá treysti jeg því, að þetta mikla velferðarmál þjóðarinnar verði ekki látið gjalda þess.Jeg vil leyfa mjer að vænta þess, að sú nefnd, sem þetta mál verður falið til meðferðar, afgreiði það sem fyrst. Hjer er aðeins farið fram á, að halda hæstarjetti í sínum upprunalegu skorðum, sem hafa reynst vel, og virðist mjer því hlutverk hv. nefndar ljett.

Forsætisráðherra (JM): Það er alveg rjett, að sú ástæða var höfð nokkuð framarlega, að nokkur sparnaður yrði að því að fækka dómendum í hæstarjetti, þegar um það var rætt á þingi 1923 og 1924. Og það er líka alveg rjett, að lögin hafa ekki enn þá komið til framkvæmda. Það kom að vísu till. um það á þingi 1924, að þau skyldu koma til framkvæmda fyrst á árinu 1925, en var feld. Það má segja, að það hefði verið rjettara þrátt fyrir það, að láta lögin koma til framkvæmda nú í ár, en jeg ætla ekki að fara frekar út í það. Jeg skal ekki heldur tala neitt um það, hvort sparnaðarástæðan hafi fallið burt. Jeg lít þó þannig á, að á hverjum tíma eigi að spara það, sem hægt er, af fje ríkisins. En um það verða náttúrlega

altaf deildar meiningar, hvað megi spara og hvað megi ekki spara.

En um álitshnekkinn, sem hv. flm. (SE) talaði um, er það að segja, að jeg hlýt þar að vera á öðru máli. Jeg get ekki skilið, að í því að reyna að komast af með sem fæsta dómara, þó að í hæstarjetti sje, liggi nokkur orsök til álitshnekkis. Jeg held heldur ekki, að það sje rjett, að menn, sem telja þetta ekki ótækt fyrir okkur, þeir álíti, að í þessu liggi nokkur álitshnekkir. Verð jeg að segja það, hv. flm. (SE), að jeg hefi ekki orðið þessa var, þegar jeg hefi talað við útlenda menn, sem vel hafa haft vit á þessum málum.

En það er önnur veigameiri ástæða, sem háttv. flm. talaði um, það er hvort rjettaröryggið sje rýrt með þessu, og mætti því ekki spara þarna fyrir þá sök. En þar kemur nú einmitt aðalatriðið, sem deilt er um. Jeg álít að rjettaröryggginu sje fyllilega borgið með þremur góðum lögfræðingum. Háttv. flm. sagði, að lífið hjer á þessu landi væri orðið svo margbreytt. Tekið hefir það að vísu breytingum. En er það rjett, að lífið hjá okkur sje orðið svo fjarskalega margbreytt, og hvar í liggja þessar stórkostlegu breytingar? Þessi þjóð held jeg lifi nú eins og altaf áður á landbúnaði og fiskiveiðum, auk verslunar. Fiskiveiðarnar hafa að vísu tekið mjög miklum framförum, en landbúnaðurinn stendur að sumu leyti býsna mikið í stað. Jeg held, að þegar þetta er athugað í samanburði við þær þjóðir, sem við þekkjum vel, þá sje lífið hjer ofur einfalt. Það má nefna verslunina, en hún er ekki í svo ægilega stórum stíl, hinir atvinnuvegirnir tveir eru það, sem mest verður að taka tillit til. Þessi þjóð er mjög fámenn, — við erum ekki nema tæpar 100 þús., og málin, sem þessir æðstu dómar taka til meðferðar, eru afarfá. Jeg veit ekki almennilega, hvað þau voru á síðasta ári, en þau hafa stundum ekki verið fleiri á ári en oft og einatt kemur fyrir að einn einasti dómari kveður upp á einum degi.

Nei, í samanburði við aðrar þjóðir er okkar líf einfalt, en ekki margþætt, þótt það eðlilega sje breytt frá því, sem áður var. Þessvegna verður þetta um töluna í rjettinum altaf álitamál. Jeg átti einu sinni tal um þetta við útlending, sem hafði, mjer er óhætt að segja, meira vit á að dæma um þetta en hver okkar, sem erum hjer, og spurði hann, hvað honum sýndist um þetta. Hann sagði: „Ef þið gefið þessum mönnum þau kjör, að líklegt sje, að þið fáið einhverja helstu lögfræðingana í dóminn, þá hygg jeg, að þetta sje alveg örugt.“ Og jeg held, að það sje nokkuð mikið í þessu. Og það hefir verið svo hingað til, að í æðsta dóm landsins hafa valist einhverjir allra bestu lögfræðingar landsins. Jeg man ekki í augnablikinu eftir öllum nöfnum, en jeg held mjer sje óhætt að segja, að það muni í raun og veru hafa verið svo.

Jeg er ekki einu sinni viss um, að það sje betra og hollara fyrir dóminn, að í honum sitji fimm menn yfir fáum málum og hafi afarlítið að gera, en megi í raun og veru ekki skifta sjer af neinu öðru, heldur en að þar sitji þrír menn, sem hafa dálítið meira að gera og sýsla þessvegna meira um málin. Jeg er ekki viss um, að það sje ekki rjett, sem sagt er um lækna, að þeir verði lakari læknar, ef þeir hafa lítið að gera, og væri þá ekki óhugsandi, að slíkt gæti einnig átt við um dómara.

Það má altaf segja, að betur sjái augu

en auga. En þá kemur aftur að þessu, sem verður stöðugt álitamál, sem sje, hvort veruleg þörf sje fyrir fimm dómara. Nú getur maður sagt: fyrir 70 árum þurfti fimm menn, eftir því sem hv. flm. (SE) segir, og þá var lífið svo óskaplega einfalt, en nú svo margþætt. Sje nú þetta rjett, þá verður maður að álíta, að nú sje nauðsynlegt að hafa sjö eða fleiri. Svona getur maður altaf talað. Mjer dettur þó ekki í hug að efast um, að það sje álit hv. flm., sem hann heldur fram, þó að jeg telji mig hafa fullkomlega rjett í því, að þrír dómarar sje alveg nóg.

Hv. flm. talaði um það, hvernig farið væri að í þinginu, þegar mikil vandamál bæri að höndum, að það væri bætt við mönnum í nefndir. En það er oftast nær gert sjerstaklega af því, að nefndir fá mjög mikið að gera, svo að þær geta ekki annað öllu. En hæstirjettur hefir aldrei mikið að gera.

Að valið í rjettinn takist illa, tel jeg tæplega ástæðu til að halda, þegar rjetturinn sjálfur velur mennina. En það er í sjálfu sjer rjett, að þess mundi gæta meira í þriggja manna hóp heldur en fimm manna, ef valið mistækist. Það mun þó lítil ástæða til að óttast þetta, ef það er rjett, sem jeg sagði, að hingað til hafi tekist mæta vel að fá menn í dóminn.

Það er ekki nýtt, sem sagt hefir verið hjer, að þetta sje til þess að veikja rjettinn út á við, og þess gæti þá aðallega í viðskiftalífinu. Jeg verð að segja eins og jeg hefi altaf sagt, að þetta hefir minsta þýðingu fyrir viðskiftalífið. Jeg held, að þeir menn, sem vilja versla við okkur, geri það fyrst og fremst af hagnaðarvon fyrir sjálfa sig og hugsi ekki mikið um, hvernig dómar eru skipaðir. Jeg hefi áður tekið fram, að það var sagt hjer, þegar um það var að ræða að fá æðsta dómsvaldið inn í landið, að það mundi hafa áhrif á viskiftalífið, menn mundu síður þora að eiga við Íslendinga. Jeg held það sje óhætt að segja, að það hafi ekki reynst svo. Slíkt hefir ekki áhrif á viðskiftalífið. Og yfir höfuð horfa erlendar þjóðir lítið á það, hvernig aðrar þjóðir skipa þesskonar innanlandsmálum hjá sjer. Og jeg veit ekki einu sinni, hvort það er nokkurt atriði í þessu máli, sem sagt hefir verið um dómstigin tvö.

Málin, sem koma til hæstarjettar, eru svo fá, að altaf geta þrír menn mjög vel athugað þau, og tekið sjer nægan tíma til þess. Að formaðurinn sje kosinn af rjettinum, er í þessu sambandi í raun og veru aukaatriði. Aðalatriðið er þetta: þarf dómurinn að vera skipaður fimm mönnum, eða er það nægilegt eftir öllum ástæðum að hafa þá þrjá? Hitt er líka aukaatriði, hvort rjett sje að skipa sjerstakan hæstarjettarritara með allháum launum. Það er dálítið fjárspursmál, en snertir ekki þetta aðalatriði. En jeg verð að segja það, að ef dómarar eru fimm í dóminum, þá virðist mjer ekki óeðlilegt, að fjórir dómarar gætu skift starfinu alveg á milli sín. Ef dómarar eru þrír, þá má segja, að meiri ástæða sje til að hafa sjerstakan ritara. En af fimm mönnum, sem hafa lítið að gera, mætti í raun og veru ætlast til þessa.

Um það, að hæstirjettur sje samviska þjóðarinnar, — það má náttúrlega segja, að því leyti sem maður talar um samviskuna sem dómara mannsins. En það sannar ekkert í þessu máli, enda getur hann eins verið samviska þjóðarinnar, þótt mennirnir sjeu ekki nema þrír í rjettinum.

Jeg sje þessvegna ekki fyrir mitt leyti, að það sje nein ástæða til að breyta þessum lögum, held þau hafi verið forsvaranleg án tillits til þess, hvort þurfi að spara eða ekki. Að þessu leyti hefi jeg dálitið snúist í málinu, að jeg tel það forsvaranlegt, hvernig sem fjárhagsástæður eru, að hafa dómarana þrjá. En jeg deili alls ekki á álit þeirra manna, sem telja, að nauðsynlegt sje að hafa fimm menn í dóminum. Mjer finst það hefði verið eðlilegt að sjá nú, hvernig þetta reyndist, og síðan má athuga, hvort eigi að bæta við einu stigi eða ekki, sem margir hafa talað um. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti, og það má ekki byggja alt of mikið á því, þó tvö uppgangsár hafi nú komið yfir okkur. Það hefir altaf verið svo hjer á landi, að það hafa skifst á nokkur uppgangsár og mögur ár. Það eru eins og hæðir og dalir, bylgjur og bil á milli. Það er svo hjá öllum þjóðum, en tíðara hjá okkur og bylgjumagnið sterkara.

En jeg er samdóma hv. flm. (SE) um það, að væri virkilega nauðsynlegt að hafa fimm menn í hæstarjetti, þá ætti sparnaður ekki að koma til greina. En þá kem jeg enn að því, sem jeg verð að endurtaka, að hjer er um ekkert annað að deila en það, hvort þurfi fimm menn í rjettinn eða þrír megi nægja. Fyrir mjer er þetta mál svo einfalt, að alt annað er aukaatriði í þessu sambandi.

Þá býst jeg ekki við, að jeg þurfi að tala neitt frekar um málið að sinni. Hvort hv. deild vill láta málið fara til nefndar, skal jeg láta hlutlaust. Hjer eru allmargir, sem samþ. lögin 1924, og finst mjer ekkert hafa komið fram, sem líklegt sje til að breyta afstöðu þeirra.

Jónas Jónsson: Jeg geri ráð fyrir, að hv 1. landsk. (SE) fari eins og góðum veiðimönnum, að hann verði því ákafari að sækja veiðina sem meira fellur honum í skaut. Það eru góðar líkur til, að eftir fáa daga beri stjórnin sigur í einu máli, nefnilega að okkur gefist kostur á að eyða kringum 40 eða 50 þús. kr. til sendiherra í Kaupmannahöfn. Jeg geri ráð fyrir, að það verði einhverjir hjer í hv. deild, sem sjái ástæðu til að skifta um skoðun í því máli, frá því að þeir greiddu atkv. um það síðast. Jeg skil þess vegna, að þessi sigurgleði hefir orðið til að kveikja í brjósti hv. 1. landsk. (SE) þá von, að hann gæti kannske látið sína fyrri andstæðinga beygja sig í fleiri efnum en þessu. Það mun víst hafa komið honum til að bera þetta mál fram tveimur árum eftir að deildin samþ. það með miklum meiri hl., að dómarar skuli ekki vera nema þrír í hæstarjetti.

Þótt jeg hafi ekki enn sem komið er sjeð ástæðu til að skifta um skoðun í þessu máli, — hvað sem verða kann við umræðurnar, — þá finst mjer rjett að greiða því atkv. til nefndar, af því að það er stórmál. Mjer finst það skylda, og jafnvel þótt minna mál væri.

Jeg vil nota tækifærið við þessa umræðu til þess að beina þeirri spurningu bæði til hæstv. stjórnar, viðvíkjandi meðferð þessa máls hingað til, og til hv. 1. landsk. (SE), hvaða knýjandi ástæða það sje, sem rjettlæti það, að bera þetta mál fram nú. Það er ekki alveg rjett, sem hv. 1. landsk. (SE) var að halda fram, að það hefði enginn sparnaður

orðið við að samþ. lögin um fækkun dómenda. Það hefir nú staðið þessi árin autt embætti í hæstarjetti, og því hefir verið gegnt af einum prófessor háskólans fyrir part af venjulegum dómaralaunum. Þetta munar náttúrlega ekki miklu, en það er þó í sparnaðaráttina.

Þar sem jeg var einn af þeim, sem störfuðu með hæstv. forsrh. (JM) að því, að koma þessu á, fyrst og fremst í sparnaðarskyni, þá vildi jeg gjarna fara fram á, að hæstv. forsrh. (JM) skýrði frá því, hversvegna sú stjórn, sem hann er formaður fyrir, hefir gert svo lítið til að framkvæma þennan sparnað. Í því er tvenns að gæta. Annarsvegar er einn af dómendum hæstarjettar orðinn háaldraður maður, miklu eldri en leyft er um prófessora við háskóla í flestum löndum álfunnar. Og þar sem nú dómarar í hæstarjetti geta farið frá með fullum launum, þegar þeir hafa náð vissum aldri, þá er það engin móðgun við þennan aldraða mann, þó að stjórnin hefði bent honum á að draga sig til baka. Það er svo að sjá, sem hæstv. stjórn hafi ekki tekið þetta til greina og engar bendingar gefið þeim manni, sem kominn er yfir aldurstakmarkið.

Enn undarlegra er hitt, að í sumar losnaði starf við Brunabótafjelag Íslands. Um þetta starf sótti hæstarjettarritari, og hefði verið sjálfsagt af hæstv. stjórn að veita honum það, því að hann er í miklu áliti fyrir gáfur og dugnað, og hefir gegnt opinberum trúnaðarstörfum, t. d. verið sýslumaður og skrifstofustjóri í stjórnarráðinu. Hæstv. stjórn hundsaði umsókn hans, en veitti stöðuna manni, sem engin sjerstök meðmæli hafði nema þau, að vera stuðningsmaður stjórnarinnar á þingi.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. flm. (SE) og spyrja hann, hvaða ástæður hann hafi til þess að koma fram með þessar kröfur. Jeg vil spyrja: Er nokkuð ískyggilegt að gerast í landinu, það, er geri þessa breytingu nauðsynlega? Hafa verið feldir hneykslanlegir dómar í hæstarjetti? Og eru þeir þess eðlis, að von sje um, að úr verði bætt með nýju embætti í hæstarjetti?

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta nú, en býst við að fá tækifæri til þess í einu eða tveimur málum síðar. En jeg verð að segja, að ef hv. flm. (SE) getur sýnt fram á, að alvarleg og djúptæk spilling í rjettarfari landsins eigi sjer stað, þá verður að fara fram rannsókn um það, hvað hægt er að gera.

Það er ekki rjett hjá hv. flm. (SE), að í blaði, sem hann nefndi, hafi staðið „kritik“ um dómsvaldið hjer í landi. Greinin var um það, hvernig ástandið hefði verið hjá Dönum um eitt skeið. Í sama blaðinu kemur í dag grein um hliðstætt efni, eða um það, sem kalla mætti rjettarmorð í Noregi. Hjá báðum þessum þjóðum, Dönum og Norðmönnum, hefir það komið fyrir nýlega, að þær töldu sig ekki hafa forsvaranlegt rjettaröryggi. Það er öllum kunnugt, að fyrir 25 árum áleit mikill hluti dönsku þjóðarinnar, að hún hefði ekkert rjettaröryggi, þar væru dæmdir pólitískir dómar, sem eitruðu alt rjettarfar í landinu. Hjá Norðmönnum kom svipað fyrir, áður en þeir skildu við Svía. Þá voru svo harðar pólitískar deilur í landinu, að einu sinni þá er stórskáldið Björnstjerne Björnson ætl-

aði að halda ræðu á aðaltorginu í Ósló, þá voru dregin niður gluggatjöld í húsunum þar umhverfis, þar sem pólitískir andstæðingar hans bjuggu.

Sjálfstæðismenn í Noregi litu þá svo á, að lítið rjettaröryggi væri í landinu. Einn mikils metinn vinstrimaður varð þá fyrir ákaflega hörðum og staðlausum árásum af pólitískum andstæðingum sínum. Hann skrifaði þá málafærslumanni og spurði, hvort hann ætti að fara í mál. Hinn svaraði á þá leið, að hann hjeldi, að enginn vinstrimaður ætti að fara í mál í Noregi. Út úr þessu urðu mikil málaferli, og fór svo, að málfærslumaðurinn gat sannað vítaverða hlutdrægni dómaranna. Á þessu hefir nú verið gerð gerbreyting á sumum stigum dómsviðs, og brotið niður það ríki, sem spilling landsins hafði búið um sig í. Það var gert með kviðdómunum, en það tók langan tíma.

Jeg býst við því, að fá síðar tækifæri til þess að tala um dómsmálin hjer á landi, en jeg vil spyrja hv. flm. (SE), hvort hann áliti, að ástandið sje hjer nú eins og á dögum Estrups í Danmörku og fyrir sambandsslitin í Noregi, að hjer sje dómsmálaspilling? Sje svo, þá er þó ekki þar með sagt, að í þessu frv. liggi bótin.

Jeg geri ráð fyrir því, að málið fari til nefndar, og gefst þá kostur á að athuga það betur. En jeg hefi hjer bent á fordæmi annara þjóða, er við lítum upp til, og spyr hv. flm. (SE), hvort það sje sú tegund af hættu, sem fyrir honum vakir.

Flm. (Sigurður Eggerz): Jeg verð að segja það, að jeg varð fyrir vonbrigðum, hvernig hæstv. dómsmálaráðherra (JM) tók í málið. Jeg hafði skilið svo ástæðurnar á sínum tíma, er hann bar fram frv. um fækkun dómenda, að það væri gert í sparnaðarskyni, en nú heldur hann því fram, að þetta eigi að vera framtíðarskipulag rjettarins. Hann sagði þó, að ef til vill væri það rjett, að *láta lögin frá 1924 ekki koma til* framkvæmda. Það álít jeg rjett, og þetta er hið eina, sem jeg get þakkað hæstv. stjórn í þessu efni.

Hæstv. forsrh. (JM) áleit rjett, að það væri ekki álitshnekkir fyrir hæstarjett, þótt dómendum væri fækkað. Bar hann þar fyrir sig ummæli erlendra manna. Jeg verð að segja það, að jeg reiði mig ekki neitt á það, sem erlendir menn segja um þetta að órannsökuðu máli. Hjer er í öðru máli komið fram álit útlendinga, en þótt það sjeu glöggir menn, vita þeir ekki, hvernig hagar til í landinu. Jeg á þar við bankamálið. En það getur ekki hafa farið fram hjá hæstv. dómsmálaráðh. (JM), að hjer í landi er það talin veiklun á hæstarjetti, er gerð var með lögum 1924. Hæstv. ráðh. (JM) var kunnur að því að vera góður dómari, og því kemur það úr hörðustu átt, að breytingin á hæstarjetti skyldi koma frá honum. Og jeg get enn eigi skilið hann öðruvísi en svo, að hann telji meira öryggi í 5 manna dómi en 3 manna, þótt hann telji 3 nægja. Þar þarf engum blöðum um að fletta, að tryggari er úrskurður 5 manna en 3.

Það þótti sjálfsagt hjer í gær hjá meiri hl. þessarar hv. deildar, að veita fje til þess að gera kvennaskólann, sem er einkaskóli og vel rekinn, að ríkisskóla. Nú þykir ófært að bæta mönnum í hæstarjett, þótt 70 ára krafa standi þar að baki.

Jeg sagði eigi í fyrri ræðu minni að

lífið í landinu væri mjög margbrotið, en í samanburði við fyrri tíma er það svo. Þungamiðja atvinnulífsins hefir altaf verið sjávarútvegur og landbúnaður, en berum við þessa atvinnuvegi saman, þá sjáum við hinn feikilega mismun, sem orðið hefir. Nú eru fluttar út vörur fyrir 88 milj. króna, en árið 1853 var útflutningurinn örlítill í samanburði við þetta. Og ef lífið í öllum þess myndum, eins og það er nú, og eins og það var 1853, er borið saman, er mismunurinn stórkostlegur. En þó lítur út fyrir, að árið 1853 hafi menn haft betri skilning á því en nú, hvers virði það er að hafa rjettaröryggi í landinu.

Hæstv. forsrh. sagði, að mál fyrir hæstarjetti væri fá. Þetta getur rjett verið, en jeg hefi enga skýrslu um það. En þótt þau sjeu ekki mörg, er jafnþýðingarmikið fyrir því að fá sem bestan úrskurð. Í sjálfu sjer er ekkert því til fyrirstöðu, að einn maður gæti dæmt alla dóma í hæstarjetti, en rjettaröryggið heimtar, að einum manni sje ekki falið slíkt starf.

Þá hafði hæstv. forsrh. (JM) það eftir útlending, er hann hafði talað við, að ekkert gerði til, þótt dómarar væru aðeins 3, ef þeir væru svo vel launaðir, að bestu lögfræðingarnir fengjust. En því er ekki til að dreifa. Launin í hæstarjetti eru ekki há. (**Forsrh. JM**: Það eru þó engir betur launaðir nema bankastjórar!). Ef um það á að ræða, þá hygg jeg, að það sjeu dálítið hærri laun, sem bæjarfógetinn og lögreglustjórinn í Reykjavík hafa. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje að öfunda þá, en skýt þessu svona fram að gefnu tilefni.

Út á við hefir það afarmikla þýðingu, hvernig litið er á rjettarfarið, og má sýna það með dæmum frá öðrum löndum. Og jeg vil spyrja alla hv. þdm., hvort það muni ekki borga sig að kaupa aukið rjettaröryggi með 2 dómurum í hæstarjetti? Og þótt spurningin færi út fyrir hv. deild, út til þjóðarinnar, þá mun hún vilja meira rjettaröryggi en með 3 manna dómi. En vill þá ríkissjóður greiða laun 2 dómara til þess að fá meira rjettaröryggi? Jeg er hissa á því, að hæstv. dómsmálaráðh. (JM) skuli hugsa sig tvisvar um að mæla með þeirri litlu fjárhæð, sem hjer er um að ræða.

Jeg skal benda á eina ástæðu enn fyrir mínu máli. Ef illa tekst val á dómara, og það getur altaf komið fyrir, þá hlýtur öllum að verða ljóst, að mistök verða miklu meiri í 3 manna dómi en 5 manna. Og þetta er atriði, sem ekki má ganga fram hjá þegjandi.

Hæstv. forsrh. (JM) sagðist vilja reyna, hvernig 3 manna dómur gæfist. Jeg held, að það væri hyggilegra og meira í samræmi við það, sem á sjer stað annarsstaðar, að reyna, hvernig lögin frá 1919 gefast og 5 manna dómur. Það er háskalegt að breyta hæstarjetti, sem eigi er eldri en frá 1919. Þetta finst mjer altof mikil breytigirni, og einkum þegar það kemur frá hæstv. forsrh. (JM), aðalmanni íslenska íhaldsflokksins. Það hefir þó altaf verið talið einn af hinum fáu kostum íhaldsins, hvar sem er, að vilja í lengstu lög reyna að halda í þetta gamla og góða. Hjer á að fara að gera breytingu á hæstarjetti, æðsta dómstóli landsins. Mjer skildist á hæstv. forsrh., að hann væri í vafa um, hvort þetta mál ætti að fara til nefndar. Þá kastar nú fyrst tólfunum, ef stórmál, eins og þetta, á ekki

að fá að ganga til nefndar. Jeg get búist við, að þá yrði víða spurt um ástandið hjer á hinu háa Alþingi, ef slíku máli sem þessu væri synjað um að ganga til nefndar, og það væri ekki ástæðulaust, þar sem hjer er ekki farið fram á annað en að rjetturinn fái að haldast í þeirri mynd, sem hann var stofnaður í 1919 og er „faktiskt" í enn.

Jeg vil leyfa mjer að vænta þess, að þetta frv. gangi ekki aðeins til nefndar, heldur gangi í gegn í þinginu, því að þá kæmi breytingin, sem gerð var 1924, ekki til framkvæmda. Ef svo færi, að þetta frv. yrði ekki samþ. hjer á Alþingi nú, þá vil jeg leyfa mjer að beina þeim tilmælum mínum til hæstv. stjórnar, að hún geri sitt til að halda rjettinum óbreyttum til næsta þings. Jeg lít svo á, að nú sje sendiherraembættið gengið í gegn hjer á Alþingi. Þó að mikið væri gert af andstæðingunum til þess að gera það mál óvinsælt hjá þjóðinni, þá var í því fólginn svo mikill kraftur, að gæta sjálfstæðis landsins út á við, að þetta mál hefir nú unnið fullnaðarsigur, ekki aðeins hjer á Alþingi, heldur líka hjá þjóðinni úti um landið. Á fundum, sem jeg hefi haldið úti um landið, hefi jeg ekki orðið var við nein andmæli á móti þessu embætti, þrátt fyrir alt það, sem gert hefir verið til að spilla fyrir málinu. Jeg geri ráð fyrir, að eins fari um hæstarjett. Jeg býst við því, ef Alþingi afgreiðir ekki þetta frv., sem hjer liggur fyrir, að þá muni koma fram ákveðin krafa frá þjóðinni um það að sjá sem best fyrir rjettarörygginu í landinu. Það er þessvegna alveg óhætt að samþ. þetta frv. nú, að það er víst, að það mundi ekki sæta mótmælum hjá þjóðinni. Enda er það víst, að í flokki sjálfrar stjórnarinnar eru margir, sem líta svo á, að sem fyrst þurfi að koma nýju skipulagi á hæstarjett.

Hv. 3. landsk. (JJ), skaut því fram, hvort það væri nokkurt augnabliksástand. sem gerði það að verkum, að jeg flytti þetta frv. nú, og get jeg svarað því, að svo er ekki. Þegar komið var fram með breytingu á hæstarjetti fyrst, var jeg forsætisráðherra, og barðist þá ákveðið á móti því, að breyta rjettinum, og jeg hefi altaf verið sannfærður um, að sú andstaða var rjettmæt. Þær kröfur eru altaf að verða háværari og það lið, sem þeim fylgir, æ fleira, að fjölga þurfi dómendum í rjettinum aftur, og þessar kröfur eru bygðar á þeirri sannfæringu, að 5 dómendur veiti meira rjettaröryggi en 3. Það hefir mátt skilja það á hv. 3. landsk. (JJ) og hans blaði, að hann væri óánægður með rjettaröryggið í landinu, og það væri bein, rökrjett afleiðing af því, að þessi hv. þm. veitti nú sína veigamiklu aðstoð til þess að koma hæstarjetti í það horf, sem hann var í 1919.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta mál, en jeg fæ ekki betur sjeð en að þeir hafi sterka aðstöðu, sem vilja fjölga dómendum í rjettinum. Kostnaðarmunurinn er lítill, aðeins laun tveggja dómara, en muninn á rjettarörygginu finnur hver borgari þjóðfjelagsins, þegar hann á að sækja úrslit sinna stærstu mála fyrir þennan rjett, hæstarjett þjóðarinnar.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 3. landsk. (JJ) beindi til mín nokkrum orðum út af því, að jeg hefði eigi framkvæmt lögin frá 1924, um fækkun dómenda í hæstarjetti. Jeg get ekki viðurkent, að jeg hafi gert neitt rangt í því,

en hinsvegar get jeg vel skilið það, að þeir, sem óskuðu eftir þessum lögum í sparnaðarskyni og vilja spara á öllum sviðum, deili á mig fyrir þetta. En jeg þykist hafa rjettmæta ástæðu til þess að hafa eigi látið þessi lög koma til framkvæmda ennþá. Það kom fram brtt. við lögin um það, að þau skyldu koma til framkvæmda árið 1925, en þessi till. var feld, og þessvegna þykist jeg hafa haft heimild til þess að láta framkvæmd laganna bíða. Það var sem sje ekkert ákveðið um það, hvenær lögin skyldu koma til framkvæmda, en aftur á móti held jeg, að það hafi komið fram í þinginu, að ekki væri ástæða til þess að fara strax að biðja elsta manninn að fara úr rjettinum. — Að nokkuð hefði sparast við það, að hæstarjettarritari hefði farið frá, það er rjett. Vitanlega er ríkið ekki skyldugt til að sjá þessum góða manni fyrir öðru starfi, þó að embætti hans væri lagt niður. Það er satt, að dómstjórinn er háaldraður maður og kominn á þann aldur, að sjaldgæft er, að dómarar fái að sitja í rjetti svo gamlir. En jeg hefi þó ekki hert á honum að segja af sjer. Það er heldur ekki alveg dæmalaust, að svo gamlir menn gegni dómarastörfum. Til dæmis get jeg sagt hv. þm. það, að sonur Charles Dickens, áttræður maður, er dómari í London og situr í rjettinum á hverjum degi. Þetta er sem sagt ekki eins dæmi.

Hv. flm. (SE) spurði, hvort jeg viðurkendi ekki, að meira rjettaröryggi væri fengið með 5 dómurum en 3, en jeg sje ekki, að munurinn geti verið mjög mikill. Hv. flm. heldur þessu fram. Setjum svo, að þetta sje rjett hjá honum, að meira öryggi sje með 5 en 3, og þá væri sjálfsagt að kosta því til að bæta við. En jeg sje ekki, hversvegna hv. flm. (SE) vill ekki ganga lengra. Ef meira öryggi fæst með 5 en 3, þá er sennilegt, að það væri enn meira með 7 en 5, það er heldur ekki alveg ómögulegt fyrir ríkið að launa 7 dómara. Hv. þm. (SE) mintist á launin, en jeg staðhæfi, að við höfum bætt laun dómara mikið. Þá talaði hann um laun bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík, en þeir hafa ekki nærri eins há laun sem dómarar í hæstarjetti eftir launalögum. (SE: En tekjurnar eru meiri.) Það er satt, að þeir hafa aukatekjur fyrir þau verk, sem fela áhættu í sjer fyrir þá sjálfa. Tekjurnar eru meiri, en launin minni. Menn segja, að það sje meiri trygging í fjöldanum, en jeg get ekki litið svo á.

Hv. flm. (SE) var hissa á því, að heyra mínar undirtektir í þessu máli. Það er þó ekki langt síðan að við áttum tal um þetta sama, á fundi hjer skamt frá, og þá var meiningamunur okkar hinn sami og hann er nú og var 1924.

Ef menn athuga nokkra dóma, t. d. hjeraðsdómaranna í Reykjavík, á undanförnum árum, þá, sem skotið hefir verið til hæstarjettar, þá sjá menn, að breytingarnar eru svo litlar, sem hæstirjettur hefir gert, að rjettaröryggin hefði verið sæmilega borgið, þó að ekki hefði verið hægt að áfrýja þessum dómum. Einn af þessum dómurum er hv. flm. (SE) sjálfur, og jeg hefi ekki tekið eftir því, að sjerstök þörf þætti á að áfrýja hans dómum. Þessir dómar eru dæmdir af einum manni, sem svo vel hafa staðist fyrir fjölmennari dómi. Þetta, að allir lögfræðingar sjeu þeirrar skoðunar, að ekki megi fækka dómendum í rjettinum, það sannar í raun-

inni ekki neitt. Það er aðeins eðlileg stjettartilfinning, sem þar ræður.

Hv. flm. (SE) kallar mig aðalmanninn í íhaldsflokknum, en þann heiður á jeg ekki skilið, annars ætla jeg ekki að tala um afstöðu flokksins til þessa máls. — Jeg er enn sannfærður um það, að það má vel una við 3 dómendur í hæstarjetti. — Jeg hefi svo ekkert á móti því, að þetta mál fari til nefndar og verði athugað þar, þó að jeg álíti þess ekki þörf. Mjer datt í hug, að það væri aðeins tímatöf, en um það hirði jeg ekki að deila, fyrir mjer skiftir það mjög litlu máli, hvort þetta mál gengur til nefndar eða ekki.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta að sinni, enda yrði það aðeins endurtekning. Okkur kemur hvort sem er ekki saman, hv. flm. (SE) og mjer, um aðalatriðið, sem er aðeins þetta: Þurfa að vera 5 menn í hæstarjetti eða eru 3 nóg? Þetta verður hver hv. þm. eftir kunnáttu að gera upp með sjálfum sjer.

Flm. (Sigurður Eggerz): Það er eitt atriði, sem mjer hefir láðst að minnast á, nefnilega um forsetann í rjettinum. Jeg hefi ekki athugað það, hvort það er regla, að rjetturinn kjósi sjálfur forsetann, en venjulegast mun það vera, að hann sje skipaður af konungi. Hversvegna mátti ekki hafa þá aðferð einnig hjer, eins og með sýslumenn? Það gæti auðveldlega valdið ágreiningi og jafnvel sundrung í rjettinum, þegar 3 menn eiga að fara að kjósa dómstjóra úr sínum hóp, og menn hljóta að sjá, að slíkt er mjög óheppilegt. Menn geta verið ágætir dómarar, þó að þeir sjeu ekki vel til þess fallnir að stýra slíkum rjetti. Mig furðar satt að segja á því, að hæstv. forsrh. (JM) skyldi ekki láta sjer detta í hug að innfæra þessa kosningabrellu í hæstarjett. — Hæstv. forsrh. hefir ekki mótmælt því, að meira öryggi fáist með 5 dómurum en 3, en þó að það sje víst, að svo sje, þá er ekki þar fyrir víst, að nokkur bót væri að því að fjölga þeim upp í 30—40. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði sýnt sig, að margir hjeraðsdómarar í Reykjavík hefðu verið mjög góðir dómarar, og jeg get bætt því við, að það var viðurkent og jeg álít, að hæstv. ráðh. sjálfur hafi verið góður dómari.

En hvernig stendur þá á því, að ekki er einn dómari í hæstarjetti? Af því, að það er of mikið undir hælinn lagt, þegar um þá stofnun er að ræða, þar sem borgararnir eiga að fá sinn síðasta dóm, sem ekki aðeins getur varðað fjármuni þeirra, heldur jafnvel líf og dauða. Það er ekki hægt að leggja slíkt feikna vald í hendurnar á einum manni. Það er engin sönnun fyrir því, að hæstirjettur geti komist af með þrjá dómendur, þótt dómarar hjer í Reykjavík hafi gefist vel. Og jeg vil spyrja: Hversvegna eru alstaðar annarsstaðar í heiminum margir dómarar í hæstarjetti? Er það ekki af því, að rjettaröryggið í landinu heimtar það. Og er ekki rjettaröryggið eins mikils virði í þessu landi? Hæstv. forsrh. (JM), sem ekki hikar við að taka á ríkið skóla, sem alveg eins vel gæti starfað án þess og ekkert munu batna við það, — hann er þá ekki í neinum sjerlegum sparnaðarhugleiðingum. Þá fær sparnaðurinn að eiga sig. En þegar rjettaröryggið í landinu krefst þess, þá hugsar hann sig samt tvisvar um, hvort hann eigi nú ekki heldur að reyna að spara ögn af launum, hvað sem öðru liði. Jeg held hæstv. forsrh.

(JM) geti ekki tekið það neitt illa upp fyrir mjer, þó jeg geri þennan samanburð. Það er svo ótrúlega mikil ósamræmi í þessu.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að í raun og veru væri það aðeins tímaeyðsla að setja þetta mál í nefnd, þó hann raunar væri ekki mjög á móti því, að það væri gert. Og hann vísaði til þess, að 1924 hefði hjer verið svo stór meiri hl. með því, sem þá var gert í málinu. Þetta er rjett, að lögin frá 1924 voru samþykt hjer með miklum meiri hluta. En þess ber að gæta, að aðalástæðan, sem með því mælti þá, var sú, að menn voru hræddir við vaxandi ríkisskuldir. Það kom því hálfgert sparnaðarfát á háttv. þm., svo þeir hjeldu, að það mætti lækna þessi mein með öðru eins tiltæki og þessu. En nú er aðstaða ríkissjóðs önnur, því nú eru ríkisskuldirnar að nokkru leyti greiddar. Þessvegna held jeg, að þeir, sem gengu inn á breytinguna af þeim ástæðum, sem jeg nú nefndi, geti nú verið með því að koma hæstarjetti í sitt fyrra horf. Jeg tek það sem bending frá forsjóninni, að rjetturinn eigi ekki að minka, þar sem hann hefir enn ekki verið minkaður, þrátt fyrir lögin frá 1924. Jeg vona, að þó frv. gangi ekki í gegnum þingið nú, þá verði þess samt ekki langt að bíða. Þjóðin hlýtur að mótmæla því að látast spara nokkra aura og draga um leið úr því, að þjóðin eigi úrslitadómstól, sem hún getur örugg skotið málum sínum til.

Jónas Jónsson: Jeg vil fyrst minna á það, þó ekki komi þessum umr. beinlínis við, að þar sem hv. 1. landsk. (SE) er að gera lítið úr stjórninni fyrir hennar afrek í þessu máli, þá væri ekki úr vegi, að hann mintist þess, þegar hann bar fram á þingi 1923 frv. um að fækka sýslumönnum og bar fyrir sparnaðarástæður. Frv. þetta kom ekki til minna kasta, því að það kom aldrei hingað í deildina. En jeg held, að jeg mundi hafa getað fylgt hv. 1. landsk. að einhverju leyti að þeim málum. Mjer finst því, að hv. þm. (SE) ætti ekki að tala eins djarflega um þá blessun, sem af því leiðir að hafa marga dómara í hæstarjetti, þegar hann vill fækka dómurum í undirrjetti. Mjer finst engu síður ástæða til þess að vanda til undirdómaranna og banna þeim að vasast í stjórnmálum og bindast sterkum flokksböndum. Og þeir, sem tala um öryggi hæstarjettar, ættu að veita því athygli, hvað af því geti leitt, þegar dómarar demba sjer út í illvígar flokkadeilur og greiða atkvæði á þingum eins og brúður, eftir því sem flokkurinn skipar fyrir. Slíkt miðar ekki til þess að auka traust á rjettarörygginu. Jeg vil benda háttv. 1. landsk. (SE) á það, að það eru þessir dómarar, sem flestir borgarar verða yfirleitt að sætta sig við, vegna þess að þeir hafa ekki ráð á því að nota hæstarjett. Mörg dæmi eru til, sem sýna, hvað þetta getur verið átakanlegt. Jeg skal nefna það, að á Eskifirði kom það fyrir, að hjeraðslæknirinn ætlaði að deyfa tönn í stúlku, en braut nál inni í tanngarðinum og náði henni ekki aftur. Stúlkan varð fárveik, varð tvisvar að fara til Reykjavíkur að leita sjer lækningar við ígerð út frá nálarbrotinu. Móðir stúlkunnar vildi, að læknirinn bætti fyrir vangá sína að einhverju leyti. Hann tímdi því ekki. Hún fór í mál, tapaði því fyrir undirrjetti og hefir ekki efni á að leita til hæstarjettar. Finst mönnum ekki hart, að menn, sem hafa svo rjettmætar kröfur, skuli vegna fá-

tæktar verða að sætta sig við dóma, sem almenningsálitið ekki styður.

Það þarf að gera sjer ljóst, að undirdómur er í flestum tilfellum hæstirjettur allrar alþýðu. Jeg furða mig því á því, ef hv. 1. landsk. (SE) lætur sjer nægja að tryggja hæstarjett einan, en tekur ekki undirdómstólana með. Hann verður þó að viðurkenna það, að undirrjettur er hjer yfirleitt miklu ver trygður heldur en í öðrum löndum, þar sem hjer eru ekki kviðdómarar og dómurunum leyfist að blanda sjer inn í allskonar flokkadrátt, sem ekki gerir rjettlætistilfinninguna sem næmasta.

Jeg get ekki sagt, að svar hæstv. forsrh. (JM) væri fullnægjandi, og jeg vildi óska, að hann athugaði betur eina hlið á svari sínu. Jeg bjóst við því, að hann vildi lítið tala um veitingu forstjórastöðu brunabótafjelagsins, sem er alment fordæmd meðal landsfólksins. En sú skýring, sem hæstv. forsrh. kom með, er auk þess alveg röng, því þetta starf er miklu betur launað en hæstarjettarritarastaðan og því betra að skifta, auk þess sem það er viðbúið, að sú staða verði lögð niður. Það var því mjög einfalt fyrir hæstv. forsrh. að skjóta því að hæstv. atvrh. (MG) að veita þessum manni forstjórastöðuna, svo auðvelt væri að leggja ritaraembættið niður. Því mjer dettur ekki í hug að halda, að maðurinn hafi ætlað að gegna báðum þessum embættum fremur en hæstv. forsrh. mundi detta í hug að vera dómari í Reykjavík jafnframt því, sem hann er ráðherra. Þetta sýnir, að hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki borið gæfu til þess að spara fje landsins, er hann ljet þannig ganga úr greipum sjer tækifæri til þess að fella þetta embætti niður, sem hvort sem er átti að leggja niður samkvæmt vilja þingsins. Því fremur var þetta tækifæri sjálfsagt og hentugt, sem mjer hefir sagt maður, sem er meiri lögfræðingur en hæstv. forsrh. (JM), að eftir lögunum frá 1924 væri ekki hægt að leggja embættið niður. Jeg verð nú að kenna hæstv. forsrh. (JM) um það, að þessi gloppa er á lögunum. En ef það er nú rjett, að þessi gloppa sje nú á þessu sparnaðarfyrirtæki hæstv. forsrh., þá gafst honum nú tækifæri að setja rögg á sig og bæta úr því.

Viðvíkjandi hinu, að ekki er búið að framkvæma breytinguna á hæstarjetti ennþá, verð jeg að segja, að það sje alveg óafsakanlegt. Því þótt brtt. fjelli á þingi 1924, um að lögin skyldu koma til framkvæmda 1925, þá er vitanlega jafn-óafsakanlegt að draga að framkvæma þau, ekki síst er þetta tækifæri gafst, sem jeg hefi nú minst á. Þetta er því alls ekki eins einfalt eins og hæstv. forsrh. vill vera láta. Þá má líka minnast þess, að í lögunum er hæstarjettardómurum heimilað að sleppa embætti, er þeir hafi náð vissum aldri. Þetta ber að skoða sem kurteislega bendingu frá þinginu um það, að það ætlist ekki til þess, að mennirnir gegni embætti lengur. Hæstv. forsrh. (JM) veit líka, að það er víða í löndum, að bæði dómarar og prófessorar verða að fara frá embætti, jafnvel sextugir. Nú bætti hæstv. forsrh. einni leiðinlegri kórvillu í röksemdir sínar, er hann sagði, að þó að maður hefði náð aldurstakmarki, þá gerði það ekkert til, ef hann vildi gegna lengur. Þetta er ekki rjett, því sú breyting, sem verður á mönnum við ellina, er einmitt oft þann-

ig, að þeim förlast andlegir kraftar, án þess þeir finni það sjálfir. Og ef t. d. tveir menn, sem komnir eru yfir þetta aldurstakmark, dæma dóma, þá er eðlilegt, að þeir verði í samræmi við ástand þeirra sjálfra. Það er því fjarstæða að segja, að þetta megi svo vera hvað snertir yfirrjettinn. Því það ætti yfirleitt að banna mönnum, sem gegna vandasömum embættum, að halda áfram, er þeir hafa náð ákveðnu aldurstakmarki. Það er því alveg rangt af hæstv. stjórn, að gera ekki þær ráðstafanir, sem andi laganna heimtar, til þess, að aldrei sitji eldri menn í hæstarjetti en sextugir.

Hv. 1. landsk. (SE) þarf jeg litlu að svara, því að hann kom ekki með neitt nýtt eða sjerstakt tilefni í ræðu sinni. Það er ekki hægt að sjá, að hann áliti neitt annað að rjettarfarinu í landinu heldur en það, að 3 dómendur sjeu í hæstarjetti í stað 5. Jeg held nú, að ef það er virkilega nauðsyn að fjölga þessum dómurum, þá ættu þeir að vera fleiri en 5. Ef slík óáran kæmi í mannfólkið, að það í raun og veru væri talan, sem hjer riði á, þá ættu dómararnir að vera fleiri en 5, en á það get jeg ekki fallist fyr en jeg rek mig á það, að ástandið heimti fjölgunina. Aftur virðist hv. þm. (SE) ekki hafa auga fyrir ástandi undirdómstólanna, hvort ekki geti verið álitamál að nota eigi kviðdóma, nje heldur, hvort ekki muni rjett að banna dómurum að vefjast í stjórnmáladeilum. Það kom heldur ekki fram hjá honum, hver hætta geti af því stafað, að dómararnir sjeu hlaðnir allskonar umboðsstörfum svo sem uppboðum, innheimtu og öðru þesshátta viðskiftabraski. Það, sem jeg finn einkum að málsflutningi hv. 1. landsk. (SE), er það, að hann tekur málið fyrir á alt of þröngum grundvelli. Ef það er athugað, hvernig ástatt er um þessi mál hjá nágrannaþjóðunum, þá mun hverjum manni sýnast ástæða til þess að taka fyrir alt dómsmálaskipulagið, og ekki síður lægri dómstigin heldur en þau hærri. Því hefir nú verið hreyft hjer, og má vera, að þeir, sem vilja fjölga dómurum í hæstarjetti, fáist til þess að vera með öðrum rjettaröryggisráðstöfunum, sem aðrar þjóðir hafa skapað sjer. En þó gegnir furðu, er þeir þykjast ekki vita um neitt, sem farið hefir aflaga, eins og t. d. þegar Chr. Berg var dæmdur í fangelsi fyrir sakir, sem engum manni mundi nú detta í hug að dæma menn seka fyrir. Það kemur stundum fyrir, þegar einhver spilling hefir náð að þróast um hríð, þá gengur stormur yfir landið, svo þjóðin segir: hingað, og ekki lengra. Þegar sá stormur vaknar hjer, vegna dómstólaástandsins, þá mun hv. 1. landsk. (SE) fá byr í seglin viðvíkjandi umbótum í hæstarjetti, en þá mun máske þykja engu minni ástæða til að bæta hin lægri dómstig líka.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 3. landsk. (JJ) vildi láta veita hæstarjettarritara aðra stöðu í sparnaðarskyni, en við það hefði ekkert sparast, svo þetta er tómur misskilningur. Það hefði þá orðið að fá annan mann í hans stað. En hvað hitt snertir, að embættið verði ekki lagt niður eftir lögunum frá 1924, eins og hann var að hafa eftir einhverjum lögfræðingi, þá verð jeg að segja, að sá muni ekki aðeins vera minni lögfræðingur en jeg, eins og hv. þm. (JJ) tók fram, heldur jafnvel minni lögfræð-

ingur en hv. þm. (JJ) sjálfur, og er þá æði langt til jafnað.

Sigurður Eggerz: Hvað snertir frv. mitt um fækkun sýslumanna á þingi 1923, þá er það misskilningur, að það hafi miðað að því að veikja rjettaröryggi undirdóms. Spurningin var aðeins þessi, hvort sýslumenn gætu annað því að dæma fleiri dóma en þeir yfirleitt gera. Það er því fjarstæða, að hjer hafi verið stefnt til þess að veikja rjettartrygginguna sjálfa. Hvað hitt snertir, að tryggja þessa dómstóla, þá liggur ekkert slíkt fyrir í augnablikinu. En það, að jeg flyt hjer þetta frv., kemur af þeim „praktisku" ástæðum, að hæstirjettur er enn sá sami og þegar hann var stofnaður 1919, og því um að gera að koma breytingu fram nú, til þess að sú óhæfa þurfi aldrei að koma fyrir, að þessi hálfgildings hreppsnefnd, sem stofnað var til 1924, verði æðsti dómstóll þessa lands. Það er til þess að firra því óhappi, að þetta frv. er fram komið. Og jeg vona, að hv. deild taki það til alvarlegrar íhugunar og það komist gegnum þingið, þótt hæstv. stjórn sje því mótfallin. Þess hefði þó sannarlega mátt vænta, að sjálf stjórnin ætti annan hlut að þessu máli en að bregða fæti fyrir það, að búið sje nægilega vel um rjettaröryggi þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, að lokinni dagskrá, mælti

Sigurður Eggerz: Jeg vil mega skjóta því í mestu vinsemd til hæstv. forseta og hv. allshn., að það er enn eitt stórmál hjer í nefnd, sem jeg vil fyrir mitt leyti leggja hina mestu áherslu á; það er frv. um hæstarjett. En þar sem jeg heyri, að þingtíminn er mjög farinn að styttast, vildi jeg leyfa mjer að koma með þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann vildi beita áhrifum sínum í þá átt, að þetta stórmál kæmi úr nefnd, svo hægt yrði að taka það á dagskrá sem fyrst. Jeg veit, að margir leggja mjög mikla áherslu á, að þetta mál nái fram að ganga.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal leyfa mjer fyrir hönd allsherjarnefndar að geta þess, að hún hefir enn stórmál með höndum, sem komu til hennar miklu fyr en það mál, sem hv. 1. landsk. (SE) nefndi, og hefir hún álitið sjer skylt að láta þau ganga fyrir. Til dæmis má nefna frv. um útsvör, frv. um kosningar til sveita- og bæjarstjórna, sem komu frá Nd., og fleiri mál, eins og nál. frá allsherjarnefnd bera með sjer.

Jeg get því ekki fyrir nefndarinnar hönd lofað neinu um það, hvenær þetta mál kemur. En jeg skal geta þess, að málið var svo seint borið fram, að það var að mínu áliti þá þegar fyrirsjáanlegt, að það gæti ekki komist gegnum þingið í ár.

Sigurður Eggerz: Jeg lít svo á, að það sje nógur tími enn til þess að koma málinu í gegnum báðar deildir. Jeg er ekki að fara með neina ásökun á hendur nefndinni. Aðeins er jeg að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi mælast til, að nefndarálit yrði afgreitt bráðlega, þar sem þetta er eitt af þeim

stóru málum, og hefir þýðingu fyrir alt rjettaröryggið í landinu. Mjer finst ekki til of mikils mælst um þetta, sjerstaklega þegar ekki er farið fram á neitt annað í frv. en að núverandi skipulag megi halda sjer.

Forseti (HSteins): Allar nefndir í þessari hv. deild hafa að minni hyggju starfað svo vel og samviskusamlega, að jeg hefi hingað til á þessu þingi ekki sjeð ástæðu til að minna þær á mál, sem þær hafa til meðferðar.

Jeg þykist þess fullviss, að hv. allshn. vilji í þessu máli eins og öðrum sýna svo fljóta afgreiðslu sem henni er unt.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins mega leggja enn áherslu á, að hjer er um verulega stórt mál að ræða og þýðingarmikið fyrir alþjóð. Mjer finst eðlilegt og sjálfsagt, að nefndir geri upp á milli mála, þegar um önnur eins mál er að ræða. Rjettaröryggið í landinu fer eftir afgreiðslu þessa máls. Og virðing þjóðarinnar inn á við og út á við er misboðið, ef hún ekki reynir að tryggja öryggi hæstarjettar, dómstólsins með úrslitaorði í ágreiningsmálum borgaranna innbyrðis, og ágreiningsmálum borgaranna og erlendra borgara, og í málum, sem snerta æru og líf borgaranna.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil taka það fram, að hv. þm. hefði átt að athuga það í tíma, að koma með þetta mál nógu snemma á þingtímanum. Álít jeg því, að öll ábyrgðin hvíli á honum, en ekki allshn., á því, hvort málið nær framgangi á þessu þingi eða ekki.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Landsbanki Íslands.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um Landsbanka Íslands (stjrfrv., A. 171).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (Jþ): Þetta frv., sem hjer kemur fram, fjallar um framtíðarúrlausn á seðlaútgáfumálinu. Það er einskonar málamiðlun milli þeirra höfuðtillagna, sem hingað til hafa komið fram í því máli. Það er farið fram á að gera Landsbankann — að fráskildri sparisjóðsdeild hans — að seðlabanka. Frv. er að talsverðu leyti sniðið eftir frv. meiri hl. milliþinganefndar í bankamálum, sem skilað hefir áliti sínu og útbýtt hefir verið í þinginu. Sú nefnd hefir kynt sjer allitarlega skoðanir þjóðbankastjóra á Norðurlöndum á þessum málum og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að fela Landsbankanum, sem er ríkiseign, seðlaútgáfuna framvegis. En nefndin hefir þó tekið nokkurt tillit til þeirrar aðalmótbáru, er fram hefir komið gegn þessu, að Landsbankinn hefði með höndum svo mikla sparisjóðsstarfsemi, að ófært væri að gera hann að seðlabanka. Hún gerir ráð fyrir, að sparisjóðsdeildin sje höfð aðgreind, að hún hafi sjerstaka bókfærslu og að innlán hennar og útlán sjeu greind frá öðrum

lánum. Meiri hl. bankanefndarinnar gerði þó ráð fyrir sameiginlegum fjárhag sparisjóðsdeildar og bankadeildar, þannig að sameiginleg töp þessara deilda greiðist af sameiginlegu sjálfseignarfje beggja deilda. Í þessu frv. er sporið stigið til fulls og algerlega aðgreindur fjárhagur sparisjóðsdeildarinnar og bankadeildarinnar, sem nefndin kallar svo, en hjer er nefnd seðlabanki. Síðan er gert ráð fyrir, að sparisjóðsdeildin verði rekin framvegis aðallega eftir þeirri sömu löggjöf, sem gildir um aðra sparisjóði í landinu. Hún annast sinn varasjóð sjálf eins og aðrir sparisjóðir gera, og stendur þeim algerlega hliðstæð, en hefir ekkert stofnfje frá ríkinu eða frá eigendum sínum á að byggja, fremur en aðrir sparisjóðir landsins. Hinsvegar er gert ráð fyrir fyrst um sinn, eða þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið, að þessi sparisjóður standi undir sömu stjórn eins og seðlabankinn. Það er hægt að leiða næg rök að því, sem jeg þó skal ekki fara frekar út í við þessa 1. umræðu, að það er æskilegra, til þess að breytingin verði öllum sem minst tilfinnanleg, að sparisjóðurinn fái að standa undir sömu stjórn og seðlabankinn, þangað til að svo má segja, að breytingin sje komin í fult og fast form og starfsemi seðlabankans sjálfs komin svo vel á laggirnar, að þeir, sem hans málum stjórna, þurfa ekki lengur að hafa umráð yfir fjármagni sparisjóðsins til þess að hafa þau tök á viðskiftalífinu í landinu og peningamálunum, sem seðlabanki þarf að hafa.

Það liggur í sjálfu sjer ekki fyrir við 1. umr. þessa máls, að tala um aðra uppástungu, sem hjer liggur fyrir seinna á dagskránni, en jeg vil þó geta þess, að fyrir utan þá höfuðmótbáru, að það megi ekki eiga sjer stað of mikið samband á milli sparisjóðsstarfsemi og seðlabankastarfsemi, þá hefir líka bólað á annari mótbáru gegn því, að gera Landsbankann að seðlabanka. Hún er sú, að seðlabankinn muni leggja á hann kvaðir, sem geri það að verkum, að hann geti ekki eins vel og eins mikið sint útlánastarfsemi til atvinnuveganna eftir breytinguna og áður. Jeg fyrir mitt leyti hefi aldrei gert mikið úr þessari mótbáru, af því að fjármagnið, sem fyrir hendi er til útlána, hvorki vex nje minkar við breytinguna. En það er að vísu rjett, að sá banki, sem með seðlaútgáfuna fer, verður að beita meiri varúð en ella. En það þýðir í reyndinni ekki annað en að þau fyrirtæki verða að sitja fyrir lánum, ef ekki er hægt að fullnægja öllum, sem bjóða bestar tryggingar. En þetta er í sjálfu sjer ekkert annað en heilbrigð grundvallarregla fyrir allri útlánastarfsemi. En samt verður að viðurkenna það, að eftir þann mikla vöxt, sem hefir orðið á öðrum atvinnuvegi landsins, sjávarútveginum, og eftir þau áföll, sem bankarnir hafa fengið af fjárhagsljettúðinni, sem þeir eins og aðrir lentu í á árunum 1919—20, þá má segja, að þessir bankar, sem við höfum, sjeu illa færir um nú sem stendur að fullnægja rjettlátri þörf atvinnuveganna til lánsfjár. Og það er þessvegna ástæða til að reyna að bæta hjer úr, jafnvel þótt menn ekki geri mikið úr þessari sjerstöku mótbáru gegn því að gera Landsbankann að seðlabanka. En ef það tækist, að bæta á annan hátt úr lánsþörf atvinnuveganna, þá er að minsta kosti þar með burt numin sú ástæða gegn því að gera Landsbankann að seðla-

banka, að það muni draga úr styrktarstarfsemi hans við atvinnuvegina, hafi hún annars haft við nokkur rök að styðjast. Og með þetta fyrir augum er það, að stjórnin hefir jafnframt þessu frv. um Landsbanka Íslands, viljað leggja fram annað frv., sem hjer kemur síðar til umræðu, og fer fram á, að löggjafarvaldið veiti skilyrði til þess, að hjer geti orðið stofnaður nýr einkabanki, svo framarlega sem fjármagn til hans reynist fáanlegt. Og þetta hefir stjórnin þeim mun betur getað farið fram á, sem bæði meiri hl. og minni hl. milliþinganefndarinnar í bankamálum hefir látið í ljós, að þeir teldu æskilegt, að nýr einkabanki gæti komist á stofn hjer sem fyrst, þótt nefndin hafi ekki sjálf borið fram neina till. um það.

Jeg held þá, að eftir því sem þetta mál er nú fram lagt af stjórnarinnar hendi, þá sje sneitt fyrir þær tvær höfuð-mótbárur, sem hingað til hafa komið fram móti því að gera Landsbankann að seðlabanka. Það er þá um leið stigið fyrsta og stærsta sporið í þá átt, að koma bankamálunum hjer á landi í sama horf eða sem líkast því, sem er í öllum ríkjum Norðurálfu, ef til vill að Rússlandi einu undanskildu. Þetta horf er það, að það á sjer ekki stað í einu einasta landi, að ríkið hafi í sinni eigu og reki einkabankastarfsemi, þ. e. a. s. hafi útlánsstofnun, sem dregur að sjer innlánsfje og veitir útlán til atvinnuvega, hvorttveggja í beinni samkepni við einkabanka í landinu. Þar sem ríkisbankar eru til í þessum löndum, er það alstaðar einn banki, sem er ríkisbanki, og það er seðlabankinn.

Hjer er nú með þessu frv. farið fram á, að þingið lögleiði þá sömu tilhögun í bankamálum hjer, eins og í öllum þeim af þessum ríkjum, þar sem annars er til nokkur ríkisbanki.

Jeg finn í raun og veru ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með fleiri orðum að svo stöddu. Það eru ýms einstök ákvæði í frv., sem vel geta þurft nákvæmari athugunar við. Sjerstaklega verð jeg að geta þess, að stjórnin hafði mjög nauman tíma til að undirbúa málið frá sinni hálfu, þar sem álit beggja hluta milliþinganefndarinnar voru ekki fram komin fyr en alllangt var komið fram á þingtímann. En hinsvegar voru þetta ekki svo smávægilegar breytingar, sem stjórnin vildi gera á frv. meiri hl. Og það getur vel verið, að ennþá sje eftir að gera breytingar á einstökum ákvæðum, sem beinlínis leiða af þeim höfuð-breytingum, sem stjórnin hefir gert, eða að minsta kosti væru betur í samræmi við önnur ákvæði stjórnarfrv.

Jeg geri það að till. minni, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að 1. umr. lokinni, og ætla þá að treysta því, að með meðferð nefndarinnar á málinu verði tækifæri til að athuga og lagfæra það, sem ábótavant kunni að verða, af þeim ástæðum, sem jeg nefndi.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú skýrt frv. það, sem hann ber fram, frá sínu sjónarmiði, og hefir gert glögga grein fyrir því, hver skilsmunur sje á því og frv., sem meiri hl. bankanefndarinnar hefir lagt fram. Hann kvað þetta frv. sitt vera einskonar málamiðlun milli þeirra aðilja, sem hann sagði, að stæði andstæðir í þessu máli.

Hæstv. fjrh. (JÞ) drap á það, að höfuð-mótbáran gegn því, að Landsbankinn væri gerður að seðlabanka, væri sú,

að sparisjóðsstarfsemi hans væri svo mikil. Benti hann einnig á það, að úr þessum annmarka vildi meiri hl. reyna að bæta, með því að hafa aðskilda bókfærslu, þótt sameiginleg væri stjórn og sameiginlegir hagsmunir beggja deildanna. En þetta þótti hæstv. fjrh. ekki nóg, og sagði, að nú væri gerð fullkomin fjárskifti milli þessara deilda, og að í staðinn fyrir það, að meiri hl. bankanefndarinnar kallaði seðlabankann seðladeild, þá hefir hann kallað hann seðlabanka, en sparisjóðinn sparisjóðsdeild, að því er mjer skildist. Með þessu er sjáanlega lögð frá hans sjónarmiði meiri áhersla á seðlaútgáfuna en sparisjóðsviðskifti. En í raun og veru finst mjer, þrátt fyrir það, þótt hæstv. fjrh. (JÞ) vilji með þessu uppfylla að nokkru leyti þær kröfur, sem alment eru gerðar utanlands, og jeg held fram í nál mínu — þá sje þetta í raun og veru ekki svo veigamikið, að það geti ráðið úrslitum hjá þeim, sem telja á annað borð óheppilegt, að seðlabanki hafi sparisjóðsfje til útlána. Því að þegar þessar tvær deildir bankastarfseminnar, seðlaútgáfan og sparisjóðurinn, eru þó undir sömu mönnum, og þrátt fyrir sjerstaka bókfærslu, og jafnvel þótt hagað sje þannig til, að gerður sje upp fjárhagurinn á tvennan hátt, þá er það í raun og veru ekkert annað en „fyrirkomulagsatriði" innan bankans. Valdið er í sömu manna höndum, hvort sem önnur deildin heitir seðlabanki og hin sparisjóðsdeild eða seðladeild og sparisjóður. Þetta kemur í raun og veru í einn stað niður; og jeg get ekki heldur hugsað mjer, að hægt væri hvort sem er að hræra í einn graut á pappírnum starfsemi þessara deilda bankans, hvert nafn sem þeim væri gefið.

En hjer er eigi verið að deila um bókfærslu í bankanum, hversu hún er sundurgreind á sem hentugastan hátt, heldur er hitt ágreiningsefni, hvort við það sje hlítandi, að almennur viðskiftabanki, sem fer með mikið sparisjóðsfje og er samkepnisbanki, skuli fara með seðlaútgáfurjettinn.

Mönnum mun kunnugt um skrif próf. Axels Nielsens um þetta efni. Hann segir, að ríkisbankar, sem eru seðlabankar, reki aldrei sparisjóðsstarfsemi, taki ekki fje á vöxtu. Hann segir þetta vera allsherjarreglu. Og þegar menn vilja fara fram á að breyta þessari allsherjarreglu, sem sprottin er af reynslu landanna, — því að það tekur prófessorinn fram berum orðum, — en ekki orðin til fyrir fræðikenningar, þá verð jeg að halda því fram, að oss sje rjettara að styðjast við reynslu annara þjóða, en ekki óstaðfestar fræðikenningar. Fræðikenningar geta að vísu oftlega verið tryggar og áreiðanlegar, en í slíkum málum sem viðskiftum, hygg jeg tryggast að byggja á reynslunni, enda eru víst flest „viðskiftalögmál" á henni bygð. Þessvegna hljóta að vera mjög sterkar sjerástæður fyrir hendi, ef breyta skal frá þeirri reglu, sem orðin er föst og viðurkend víða í löndum og best þykir hafa gefist.

Fyrir sakir þess, hversu Íslendingar eru fátæk og fámenn þjóð, hafa sumir menn álitið, að komast mætti af með ófullkomnara fyrirkomulag í þessum efnum hjer en á sjer stað í öðrum löndum. Og eins og fylgiskjal nál. meiri hl. ber með sjer, þá hefir einn af bankastjórum Norðurlanda, yfirbankastjóri við ríkisbankann norska, haldið því fram, að þar sem Ísland væri svo mjög á eftir tímanum í ýmsum grein-

um, þá mætti komast af hjer með það, sem gilti í Noregi fyrir einum eða tveimur mannsöldrum.

En jeg hygg, að þetta sje röng stefna. Vjer Íslendingar verðum að hagnýta oss eftir mætti reynslu annara þjóða, og ættum þá ekki að taka það upp, sem úrelt er fyrir löngu og illa hefir gefist. — Og þrátt fyrir það, þótt nokkrir merkir bankamenn erlendis hafi ekki með öllu þvertekið, að sú skipun seðla-útgáfunnar, sem meiri hlutinn aðhyllist, kynni að mega svo vera, þá er þó auðfundið hljóðið í þeim öllum, að þetta sje mjög annmörkum bundið og varhugavert. Þeir segja — og það er reyndar rjett — að ef menn hafi fullkomna menn til að gegna bankastjórn, þá sje ekkert að óttast. En ætli það sje ekki vafasamt, hvort Íslendingar hafi svo fullkomnar mannvjelar. að ekki sje þó skylt að gera bankafyrirkomulagið svo fullkomið og örugt sem unt er með lögum. Það er að minsta kosti hæpið að byggja á slíkum fullkomleika til langframa, þótt það kynni að hittast vel á í bili.

Jeg held fast við það, að Ísland verði að haga sjer eftir því, sem reynsla annara þjóða hefir kent þeim um skipulag seðla-útgáfu og aðra bankastarfsemi, því að um seðla-útgáfu gilda hjer alveg sömu „lögmál" sem annarsstaðar, engu að síður þó land vort sje fáment.

Eins og jeg benti á í nál., þá eru skoðanir þeirra lærðu manna, sem leitað var álits til, allmjög sundurleitar um þessi efni. Þeir taka sumir beint fram, að jafnframt því, að Landsbankinn tæki seðlaútgáfurjettinn, ætti hann að sleppa með öllu sparisjóðnum, og marga aðra agnúa nefna þeir, sem á því sje, að Landsbankinn fari með seðla-útgáfuna, svo sem brjef þeirra bera með sjer. En þær bendingar eru lítt eða ekki teknar til greina í frv. meiri hl. nje frv. hæstv. fjrh. Þó hafa ýmsir — og jafnvel þeir sömu menn, sem fela vilja Landsbankanum seðlaútgáfuna, viljað gera greininguna meiri milli sparisjóðsins og annarar starfsemi bankans en gert er í frv. meirl hl. milliþinganefndar, og haldið því fram, að stefna skuli að því. Sjest ljóslega af þessu, að þeir fallast á, að minn málstaður sje rjettur og betra að stefna að því takmarki. En þá tel jeg best að ná þessu takmarki strax, heldur en að vera að burðast með „óþarfa milliliði", sem aðrar þjóðir eru búnar að yfirstíga fyrir löngu og engin nauðsyn virðist að hafa hjer.

Hæstv. fjrh. (JÞ) fór ekki langt út í það, sem hann heldur fram, að það væri nauðsynlegt, að seðlabankinn hefði að minsta kosti nokkur almenn bankaviðskifti og útlánsviðskifti við fleiri aðilja en banka. Rökin fyrir því voru þau, að annars hefði seðlabankinn ekki næg tök á að stjórna fjármálum landsins eins og honum sem höfuð-banka ber að gera. Og þetta komi meðal annars af því, að hann hafi ekki tækifæri til að kynnast fjárhag einstaklinganna og þjóðarinnar, af því að hann taki ekki sjálfur beinan þátt í viðskiftalífinu.

Eins og jeg tók fram í nál., hefi jeg þá bjargföstu skoðun í þessu efni, og jeg held þeir geti fallist á, sem þekkja nokkuð til viðskiftalífsins hjer á landi, að það hlýtur að vera mjög auðvelt fyrir menn, sem stjórna banka, að kynna sjer fjárhag landsins og atvinnuveganna og allra hinna helstu manna og stofnana, sem við bankann skifta. Því að starfið við seðlaútgáfuna er tiltölulega lítið að öðru leyti en einmitt því, að afla sjer þessarar þekkingar. Í því felst

að afla sjer yfirlits yfir fjárhag landsins og kynna sjer undirstöðu hans, þar á meðal hag einstakra manna. Mjer er litt skiljanlegt, að bankastjórn sjerstaks seðlabanka sje óhæfari til þessa en bankastjórn Landsbankans, sem ætlast er til að hafi á hendi sparisjóðsútlán og alla almenna bankastarfsemi. Þótt bankinn eigi viðskifti við Pjetur og Pál með víxla af ýmsum stærðum, sífelt þref um framlengingar og ótal smávægileg erindi, þá er ekki nema tímatöf að þeim viðskiftum, en truflar aðeins starfsemi þá að fá heildaryfirlit yfir viðskifti þau, sem máli skifta. En þar sem ætlast er til, að þessi seðlabanki kaupi (þ. e. taki að handveði) víxla af hinum bönkunum, þá hefir hann þar með tækifæri og tilefni til að kynna sjer hag og starfsemi þeirra, sem að þeim standa, svo langt sem nauðsyn krefur, bæði hjá heildinni og einstaklingum.

Jeg held, að þeir útlendingar, sem hafa bent á það sem skilyrði fyrir nægilegri þekking seðlabankastjórnar á viðskiftalífinu, að hún ræki einhverja almenna viðskiftastarfsemi, hafi miðað við ástandið meðal fjölmennari þjóða, þar sem viðskiftalífið er langtum margháttaðra og sundurgreindara en á Íslandi. Því að vissulega er þetta mjög einfalt hjer á landi í samanburði við önnur lönd. Hygg jeg því, að þessi mótbára, sem komið gæti til greina hjá fjölmennum þjóðum, að seðlabankinn eigi ekki gott með að fylgjast með, nema hann starfi eitthvað sjálfur að lánum til annara fyrirtækja en banka, komi alls ekki til greina hjer. Jeg þekki ýmsa fjesýslumenn hjer í Reykjavík, sem hafa átt viðskifti við kaupmenn og útgerarmenn og bændur, og þeir vita mjög glögt um hag manna og stofnana, að minsta kosti um alt Suður- og Vesturland, þar sem þeirra viðskifti hafa aðallega verið. Þetta hefir verið mjer nokkur bending um það, að ekki væri svo ákaflega mikið kraftaverk að afla sjer góðrar þekkingar í þessa átt.

Sem sagt, bankastjórn, sem hefir aðeins seðlabanka, hefir alveg eins gott tækifæri til þess að þekkja hag og þarfir þjóðarinnar eins og þeir, sem stjórna sjerstökum útlánsbanka.

Auk þessa mætti nú fyrst og fremst giska á það, að einhverjir bankastjórar úr hinum eldri bönkum tæki við þessari starfsemi seðlabankans. Síðan væri eitt þeirra höfuðstarf að fylgjast með í öllu, sem máli skiftir, eftir því sem nauðsyn krefur, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Þá mintist hæstv. fjrh. (JÞ) á aðra mótbáru, sem hann sagði, að bólað hefði á, að seðlabankinn, — það er að segja Landsbanki Íslands í þessu falli — gæti ekki sint almennri bankastarfsemi eins og áður. Hann kannaðist að vísu við það, að bankinn yrði að beita meiri varúð en hingað til. Það er alveg rjett. Hæstv. fjrh. sagði líka, að vitanlegt væri, að bankinn ætti hvorki meira nje minna fje til þess að lána út, hvort sem hann væri seðlabanki eða ekki. Þetta er að vísu satt. En landsbankinn verður að haga störfum sínum öðru vísi, eins og hæstv. ráðh. tók fram; þar á meðal verður hann að binda töluvert meira í verðbrjefum en áður. Og þetta dregst út úr þeim daglegu viðskiftum. En nú viðurkennir hann og flestir aðrir, að fje til almennra viðskifta og til atvinnuveganna sje of lítið, og heppilegri aðferð muni sú, að afla fjár með því að selja verðbrjef erlend-

is, heldur en að fá peninga þar sem bráðabirgðalán, sem altaf þarf að sarga inn á hverju einasta ári. Það er frá þessu sjónarmiði, að jeg tel varhugavert, ef nokkrar miljónir eru dregnar út úr daglegum viðskiftum. Jeg skal fullkomlega játa, að það er ærin þörf á því, að menn geti fengið lán út á eignir sínar, og að sett sje upp miklu öflugri fasteignalánsstofnun en hefir verið. Hæstv. stjórn vill bæta úr þessu með frv. um veðdeildina, sem er bráðabirgðaráðstöfun. Jeg benti á það í minu nál., að það myndi vera hentugra að vekja af dái ríkisveðbankann og gera hann að deild, sem væri undir sömu stjórn og seðlabankinn. Þetta geri jeg beint að tillögu minni, og er hún tekin upp í frv. það, er jeg ber fram um Ríkisbanka Íslands.

Jeg hefi að vísu heyrt einstaka menn segja, að ríkisveðbanki og seðlabanki ættu ekki fremur samleið undir sömu stjórn en hver önnur bankastarfsemi, en þar er ólíku saman að jafna, hvort seðlabanki hefir almenna útlánsstarfsemi með höndum eða veðlánsstarfsemi, því að hún er bygð á alt öðrum og tryggara grundvelli, og fara þau lán eftir föstum reglum. Er ekki hætt við, að seðlabanki hleypi sjer í ógöngur með því að lána seðla til fasteignar-veðslána. Þar er ekki um neina samkepni eða varasöm fyrirtæki að ræða, en hitt getur rekið sig harkalega á,að sami bankinn sje bæði seðlabanki og reki jafnframt alla aðra almenna bankastarfsemi, með sparisjóðsfje, o. s. frv., eins og margoft hefir hefir verið fram tekið.

Hæstv. ráðh. (JÞ) kannaðist við, að töluvert fje mundi dragast úr veltunni við það að festa fjeð í veðbrjefum, og þessvegna flytti nú stjórnin frv. um nýjan einkabanka. Jeg skal vera hlyntur því, að slíkur einkabanki verði settur á stofn. Jeg veit, að hjer vantar fje, og ef nýr „prívatbanki“ kæmist á fót, mundi frelsi manna vaxa og aukast máttur til framkvæmda, og er hvorttveggja nauðsyn, því að enginn einokunarklafi má hjer eiga sjer stað. Þetta er skárra en ekkert, og jeg kann hæstv. stjórn þakkir fyrir þetta frv., en það er ekki víst, að það komist fram á þinginu, og í annan stað óvíst, hvort líkur eru til þess, að fje fáist nægilegt til stofnunar. Þetta mun hæstv. fjrh. (JÞ) geta upplýst. Þegar stofna átti „norska bankann“ um árið, vildu athafnamenn í Noregi vera í samvinnu við Íslendinga um stofnun hans, en svo versnaði hagur Norðmanna, og alt brást. Veit jeg ekki, hvort nú er auðgert að fá fje til þessa banka.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði í lok sinnar ræðu, að með því fyrirkomulagi, sem frv. hans gerir ráð fyrir, væri leitast við að koma bankanum í sem líkast horf og í öðrum löndum, því að í öðrum þjóðlöndum væri hvergi nema einn ríkisbanki og væri það seðlabankinn. Í þessum orðum getur jafnvel legið það, að ríkisbanki sje ekki annað en seðlabanki, enda veit jeg, að hæstv. fjrh. (JÞ) álítur b e s t, að ríkisbanki væri aðeins seðlabanki og aðeins einn.

Því takmarki, að hann sje aðeins einn, nær hæstv. fjrh. (JÞ) með frv. sínu, en ekki hinu, að ríkisbanki sje aðeins seðlabanki.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagðist álíta það ótækt, að ríkin hjeldu uppi banka, er kepti við „prívatbanka“. Það álít jeg líka, það er að segja, ef hann jafnframt hefir seðlaútgáfurjett í höndum sjer, því að þá hefir hann það vopn í hönd-

um, að hann hefir bæði tögl og hagldir í samkepninni við aðra banka. Hjer er því hæstv. ráðh. (JÞ) að setja upp það bankakerfi, er hann telur sjálfur „ótækt". — En sjerstakur seðlabanki er enginn keppinautur hinna bankanna og hefir enga hvöt til samkepni nje sín girni á þeirra kostnað. En á hinn bóginn þyrfti Landsbankinn ekki að óttast neina ósanngirni í sinn garð frá seðlabankanum og hlutur hans því fyllilega trygður með því skipulagi. En samkepnisbankar hans vissulega öruggari að eiga viðskifti sín að sækja til hlutlauss seðlabanka. Seðlabanki, sem jafnframt er almennur samkepnisbanki, er í raun og veru tveir bankar, sem ekki geta lotið sömu stjórn. Hagsmunirnir rekast á, og það hefir óhjákvæmilega sín áhrif á stjórn bankans.

Ef menn athuga vel þessi atriði, má sjá, að í frv. hæstv. ráðh. (JÞ) er sú undiralda, að hann vill þoka þessum málum í sem fullkomnasta átt, en hann gerir það ekki.

Það er alkunna, að síðan menn fóru að ræða þetta mál alvarlega, hafa skoðanirnar breytst. Menn höfðu ekki rakið til rótar, hversu seðlaútgáfu væri best fyrir komið hjer í landi. Það er fyrst 1924, sem það efni var tekið til nokkuð rækilegrar athugunar í efri deild, og þá kom fram tillaga frá hv. 2. þm. G.-K. (BK) um sjerstaka seðlastofnun. Þessari hugmynd hefir aukist því meira fylgi sem hún hefir verið betur rædd og rannsökuð.

Mjer þótti það mjög leitt að geta ekki átt samleið með öðrum nefndarmönnum öndverðan vetur, en mjer var ekki unt að aðhyllast skoðanir þeirra, og því síður, er jeg hafði fyrir mjer álit bankastjóranna á Norðurlöndum og annara merkra manna erlendra, er ritað hafa um seðlaútgáfu. — Jeg hefi ekki orðið þess var, að málið væri flokksmál, en hinu er eigi að leyna, að mikill fjöldi manna hefir snúist á sömu sveif sem jeg, síðan ágreiningurinn varð hljóðbær. Til dæmis um það skal jeg geta þess, að í gær var hjer í bæ haldinn fjölmennur fundur meðal kaupsýslumanna um þetta mál. Þar var málið rætt af beggja hálfu, og meðal annara töluðu tveir menn úr nefndinni, báðir úr meiri hlutanum, en eftir langar umræður var samþykt tillaga, sem alveg fór í bága við tillögur meiri hlutans, og hún var samþykt í einu hljóði.

Mjer finst einsætt, að máli þessu sje vísað til fjhn., en tel þýðingarlaust að deila meira um það að svo stöddu. Það er satt, að málið kemur seint fram, og þó vona jeg, að Alþingi sýni því alúð og reyni að afgreiða það nú. Löggjöf um seðlaútgáfuna þarf að ganga sem fyrst fram, eins og hæstv. stjórn tók fram í fyrra. En hafi borið nauðsyn til þess í fyrra, að málið kæmist þá fram, má nærri geta, að svo er ekki síður nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er dálítið erfitt fyrir mig að eiga orðastað við hv. þm. N.-Þ. (BSv), af því að hann ræddi það frv., sem kemur seinna á dagskránni. Vildi jeg helst geyma athugasemdir mínar þangað til það mál kemur til umræðu.

Aðalástæðan til þess, að jeg er fastur á að veita Landsbankanum seðlaútgáfurjett, er sú, að enn er ekki komin fram nein tillaga um mögulega úrlausn málsins á annan hátt. Uppástunga hv. þm. N.-Þ. (BSv) er ekki möguleg úrlausn málsins. Þar sem hann vildi hnekkja þeirri mótbáru, að banka-

stjórnir við seðlabanka fengju ekki nægan kunnugleika til þess að haga stjórninni eins og þyrfti, er það engin höfuðástæða í mínum augum. Kunnugleikann geta þeir útvegað sjer, en stjórnir hinna bankanna geta hvenær sem er tekið af þeim ráðin, en þó svo sje, er ekki víst, að til þess komi, því að hinir geta líka verið skynsamir menn, sem sjá, hvað má og ekki má. En þetta er ekkert höfuðatriði.

Jeg læt það svo bíða síns tíma, að segja álit mitt um uppástungur hv. þm. N.-Þ. (BSv). Jeg get sagt honum, að jeg hefi ekki orðið var við neinn ágreining á milli mín og hans um hið æskilegasta framtíðartakmark á þessu sviði. Hann segir, að jeg nái ekki markinu með minni tillögu, öllu í einu. Jeg kannast við, að svo sje, en því síður næst það með hans tillögu.

Út af því, sem nú hefir verið sagt um frv., vil jeg einkum minnast á það atriði, sem hv. þm. nefndi, að nokkuð af fjármagni bankans mundi dragast úr höndum hans vegna ákvæðisins um skyldu hans til verðbrjefakaupa. Um þetta vil jeg segja í fyrsta lagi það, að það hefir verið gert of mikið úr því, hvað ákvæði frv. feli í sjer. Jeg hefi heyrt sagt, að því hafi verið slegið fram á fundi úti í bæ, að þetta þýddi það, að taka 10 miljónir króna og festa í verðbrjefum. Þetta er hreinn misskilningur. Sparisjóðurinn var 21 miljón. ⅓ þar af eru 7 miljónir og bankinn átti 3 miljónir í verðbrjefum, svo að upphæðin er 4 miljónir. En þetta ákvæði var einmitt eitt af því, sem jeg var í vafa um, hvort jeg ætti að taka upp óbreytt, því að enginn efi er á því, að þetta ákvæði í frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar var sett sem varúðarráðstöfun gegn hættunni, að blandað verði saman sparisjóðsstarfsemi og seðlabankastarfsemi. En þá er efasamt, hvaða rjett það á lengur á sjer, þegar búið er að skilja sparisjóðinn alveg frá seðlabankanum, eins og stjfrv. gerir.

Það er svo um sparisjóðslöggjöfina, að hún gerir minni kröfur um skyldu sparisjóða til verðbrjefakaupa en annara landa löggjöf. Það er aðeins lítið brot af varasjóðnum, sem á að vera til í auðseljanlegum verðbrjefum. Sú almenna sparisjóðslöggjöf fer of skamt í þessu efni. En þegar búið er að skilja sparisjóðsstarfsemina frá seðlabankastarfseminni, og það má þegar vill setja hana undir aðrar stjórnir, eins og nú á sjer stað með veðdeildina, þá er jeg í efa um, hvort ástæða sje til þess að gera meiri kröfur til sparisjóðs Landsbankans en yfirleitt til sparisjóða í landinu í þessu efni.

Við hv. þm. N.-Þ. (BSv) erum báðir mótfallnir peningaeinokun. En okkur skilur á um það, hvað það sje, sem er fjármagnið í landinu og á hverju þungamiðja útlánsstarfseminnar byggist. Hann lítur einungis á seðlana, en þeir eru í miklum minni hluta. Nei, það er innlánsfje, sparisjóðsfje og innstæðufje á hlaupareikningi, sem um er að ræða, og þarf ekki annað en að líta á yfirlit bankanna til þess að sjá, að þetta er rjett. Innlánsfje landsmanna er miklu meira en seðlarnir, sem eru í umferð. Einokun getur komist á á einn veg, sem sje þann, að svo sje gengið frá bankalöggjöfinni, að til sje ríkisbanki, sem innstæðumenn álíti tryggara að ávaxta í fje sitt en annarsstaðar. Þetta er höfuðmótbáran á móti því, að seðlabanki reki sparisjóðsstarfsemi. Ef svo er frá gengið, að til er ríkisbanki,

sem tekur við þessu fje með sömu kjörum og aðrir bankar, jafnvel sækist eftir innlánsfjenu, þá verður það til þess að draga merginn frá öllum einkapeningastofnunum í landinu, því að hvenær sem að kreppir og menn verða hræddir, þá streymir innlánsfjeð úr þeim og undir verndarvæng ríkisins. Þetta er einokun, og það er það, sem verið er að fara fram á, með því að láta ríkið taka að sjer sjerstakan seðlabanka, en halda Landsbankanum áfram sem ríkisbanka. Með þessu er smíðuð líkkista Íslandsbanka, af því að hann fær ekki innlánsfje, eða það streymir frá honum aftur. Þetta finst mjer þeir, sem halda fram, að vegna Íslandsbanka þurfi að stofna nýjan banka, eigi að athuga. Ef þessir menn vilja um leið koma fram með tillögu um að gera Landsbankann að einkastofnun, geta þeir staðið við, að þeir sjeu að skapa grundvöllinn fyrir því, að Íslandsbanki geti lifað í landinu, en slíka tillögu hefir enginn orðað ennþá, og meðan þeir gera það ekki, segi jeg, að þeir sjái ekki sjálfir afleiðingarnar af því, sem þeir eru að fara fram á. Jeg vil minna á, hvernig fór árið 1920, af því að Landsbankinn var ríkiseign, og menn litu svo á, að þeir hefðu tryggingu ríkisins á bak við sínar innstæður. Jeg álít, að sú skoðun sje röng, en þessu trúðu nú menn. Þá streymdi innlánsfjeð úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann, og það er hætt við, að eftir uppástungu minni hlutans endurtaki þetta sig í sífellu, þangað til einkapeningastofnanirnar eru dauðar.

Að stjfrv. feli í sjer tvo ríkisbanka, skil jeg ekki, hvað meint er með. Það felur það í sjer, að Landsbankinn, sem nú er að talsverðu leyti seðlabanki — hann hefir að minsta kosti skyldurnar, þó að rjettindin sjeu ekki að sama skapi — verði það áfram, þ. e. a. s. helmingur hans. Sparisjóðurinn er greindur frá, en eftir verður banki, sem byrjar með svo mikið fjármagn, að honum er mögulegt að inna af hendi seðlabankaskyldurnar. Helmingur fjármagnsins, um 25 miljónir króna, færist yfir í sparisjóðsdeild, og hinum helmingnum heldur seðlabankinn. Minna en þetta hygg jeg að fjármagnið megi ekki vera, til þess að seðlabankinn geti annað því höfuðverkefni, sem nú liggur á herðum hans, en það er að taka inn í sinn reikning skuld og inneign erlendra banka, sem leiðir af rekstri gjaldeyrisverslunarinnar. Og jeg vil minna á það, að sveiflur á þessu sviði geta á skömmum tíma numið 20 miljónum króna. Síðast liðið haust mun Landsbankinn hafa átt inni erlendis um 12—14 miljónir kr., en þegar kemur fram á sumarið, er ekki ósennilegt, að hann hafi komist í skuld erlendis, sem nemi um 6—8 miljónum króna. Svona sveiflur getur engin stofnun borið, nema hún hafi úr miklu fje að spila. Jeg þarf ekki að lýsa afleiðingunum, eða hvernig muni fara, ef enginn banki er í landinu, sem hefir skyldu og bolmagn til þess að taka á móti slíkum sveiflum. Við höfum nýlega fengið að kenna á slíkum sveiflum, og hófst það ástand 1921, þegar Íslandsbanka brást bolmagn til þess að standast þær sveiflur, sem þá urðu í viðskiftalífi okkar. Þeir, sem ímynda sjer, að stofnun, sem ekki hefir annað en seðla, geti staðist miklar sveiflur, þeir hafa ekki litið á, eða gert sjer ljóst, hve mikið er hjer í húfi.

Jeg vil þó taka það fram, til þess að forðast allan misskilning, að jeg teldi

það ógætilega farið, ef þegar ætti að skilja sparisjóðinn frá Landsbankanum, og svifta bankann þannig helmingi þess fjármagns, sem hann hefir umráð yfir og getur beitt til þess að standast yfirvofandi sveiflur. Því yrði að slíku horfið, býst jeg ekki við, að Landsbankinn væri fær um að taka við stórum sveiflum. Þessvegna held jeg, að rjett sje, að sparisjóðurinn sje fyrst um sinn undir sömu stjórn og seðlabankinn, til þess að tryggja getu bankans til að annast gjaldeyrisverslunina meðan gengisóvissan stendur yfir.

Jeg tek undir það, að þetta mál er ekki flokksmál, enda er það ekki svo vaxið, að það geti talist hentugt til þess að skifta flokkum, og allra síst virðist það þó til þess fallið, að stofna um það nýjan flokk, því hans dagar hljóta að verða allir, þegar málið er komið í höfn, og eftir því, sem allir eru sammála um það, að nauðsyn beri til að ráða seðlaútgáfunni sem fyrst til lykta, þá er vonandi, að takast megi áður en langt um líður að binda farsælan enda á það mál.

Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði um nýja bankann, þá vil jeg leiðrjetta það, að allir hefðu skelt skolleyrunum við því máli. Jeg vil þó minna á það, að einmitt það frv., sem fram var borið í því efni, varð að lögum og öðlaðist konungsstaðfestingu. Að lögin hafa enn ekki komið að tilætluðum notum, er sumpart því að kenna, sem hv. þm. nefndi, og þó ekki síður hinu, að eftir á hefir það komið í ljós, að málið muni ekki hafa í upphafi verið nægilega vel undirbúið.

Jeg vil svo einungis bæta einni ástæðu við, sem mjer gleymdist að nefna áður, er jeg taldi rökin fyrir því að fela Landsbankanum að fara með seðlaútgáfuna, en hún er í mínum augum höfuðástæða og eðlileg afleiðing af því, sem á undan er gengið um þróun bankamálanna í landinu. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, lá við borð að leggja Landsbankann niður, sem hafði þá mjög takmarkaða seðlaútgáfu. Þó var komið í veg fyrir það. Landsbankinn fjekk að lifa áfram, sem sjerstakur banki við hliðina á hinum, gagnstætt því, sem tíðkast annarsstaðar, því að hjer var það ekki ríkisbankinn, heldur einkabankinn, sem fór með seðlaútgáfuna. Nú hefir Landsbankinn þroskast og eflst á þessum árum. Velta hans hefir margfaldast, þó hann hafi orðið fyrir töpum, eins og aðrar lánsstofnanir á þessum erfiðu árum, sem á undan hafa gengið.

En úr því að nú virðist vera samkomulag um það, að taka seðlaútgáfuna af Íslandsbanka, sem haft hefir hana öll þessi ár, þá er það ekki nema eðlileg og sjálfsögð framþróun af því, sem á undan er gengið í þessum málum, að Landsbankinn fái seðlaútgáfuna og taki þá jafnhliða á sig þá skyldu, að halda uppi gjaldeyrisverslun landsins.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að hafa mikið ónæði af umræðunum um þetta mál að þessu sinni, því þó að frv. sje komið frá okkur meiri hl. mönnunum í bankanefndinni, þá er það nú borið fram af hæstv. stjórn og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir mælt fyrir því. Hinsvegar mun eiga betur við að ræða um breytingar þær, sem hæstv. stjórn hefir gert við frv., þegar það kemur til 2. umr., og hygg jeg þó, að þær sjeu ekki það efnismiklar, að ástæða sje til neinna átaka út af því.

Á þessu stigi málsins vildi jeg drepa

á nokkur atriði, sem komu fram í ræðu hv. þm. N.-Þ. (BSv). Hann sagði, að sitt frv. væri bygt á erlendum staðreyndum, eða eins og hann orðaði það „á raunvísindum". Það er mjög fávíslegt að halda því fram, að bankamál sjeu raunvísindi, og sama eðlis og t. d. stjörnufræði, eðlisfræði, efnafræði eða önnur þau vísindi, sem nefnd eru „empirisk". Þeirri mælsku er því illa varið, sem fer til þess að koma því inn hjá Íslendingum, að bankamál sjeu raunvísindi og að um þau gildi „náttúru"-lögmál. Þau eru ekki raunvísindi, heldur er bankavísindum líkt farið og t. d. þjóðhagsfræði, að þar getur verið um ýmsar leiðir að ræða, sem velja má milli, og ber þá auðvitað að kosta kapps um að velja þær, sem bestar eru. Jeg skal fúslega viðurkenna, að það getur verið um fleiri en eina færa leið að ræða í þessum efnum fyrir oss Íslendinga. Um það er nú deilt, hver leið sje heppilegust og hver sje í samræmi við þróun vorra bankamála. Á þeim grundvelli vil jeg ekki deila um þetta mál, að minni hlutinn byggi á raunvísindum, en meiri hlutinn haldi fram einhverju Eskimóafyrirkomulagi. Og frá þeirri röksemdaleiðslu ætti minni hlutinn að hverfa hið bráðasta og viðhafa sæmilega sanngirni í deilu þessari, en ekki drembilæti og hroka.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) fór nokkrum orðum um umsagnir hinna erlendu bankamanna, sem nefndin leitaði til, og virtist mjer sem skilja mætti af orðum hans, að við, sem tal áttum við þá, höfum ráðið öllu um það, hvernig svarið yrði. Nú vil jeg benda honum á, að þeir bankastjórar, sem nefndin leitaði til, eru engin lítilmenni, sem láta segja sjer fyrir um, hvaða ráð þeir skuli gefa. Það er lítilar þakkir til þessara manna, að gera þeim upp getsakir og fullyrða, að þeir hafi hugsað annað en þeir ljetu uppi. Jeg segi, að það sjeu lítilar þakkir til slíkra manna, ef þeim eru gerðar upp hugsanir eitthvað á þessa leið: „Hvað hafa þessir menn, þarna norður á hala veraldar, að gera með þau ráð, er við kunnum best í þessu efni. Við látum okkur nægja að kasta í þessa skrælingja miðaldafyrirkomulagi, sem þeim er samboðið, þó ekki sje það boðlegt siðuðum mönnum". Ef gera á hinum erlendu bankastjórum upp slíkan hugsunarhátt, þá verð jeg að harma það, að við skyldum nokkru sinni leita til þeirra. Eins og þingtíðindin bera með sjer, þá var því haldið fram á síðasta þingi, af forvígismönnum „seðlastofnunarinnar", að það, sem næst lægi fyrir að gera, væri einmitt að leita álits þessara seðlabankastjóra á Norðurlöndum. Nú hefir það verið gert, svo að því leyti virðist þingviljanum vera fullnægt, og hæfilegum undirbúningi undir afgreiðslu seðlaútgáfumálsins lokið. Jeg veit, að það þarf ekki að skýra það fyrir hv. þdm., að það er ekki hægt að senda menn á fund þessara erlendu bankastjóra til að segja þeim fyrir um það, hverju þeir skuli svara. Enda vill nú svo til, að við, þessir tveir úr nefndinni, sem fórum á fund þeirra, höfðum enga hugmynd um svar þeirra sumra fyr en löngu eftir heimkomu okkar. Brjef þeirra bárust okkur ekki fyr en við vorum komnir til baka úr förinni. Það er ekki hægt að komast fram hjá ummælum erlendu bankastjóranna með því að telja sjer trú um, að þeir hafi vitað betur en þeir ljetu uppi í umsögn-

um sínum. Jeg er sannfærður um, að þeir hafi ráðið okkur heilt og svo vel sem þeir gátu.

Það kemur að vísu fram í einu þessara brjefa, að þróun bankastarfseminnar fari í þá átt, að hjer muni seðlaútgáfan að lokum skilin frá annari starfsemi Landsbankans, eins og nú á sjer stað annarsstaðar. En er þó rjett að benda á, að enganveginn er það víst, að svo fari. Nú er það álit ýmsra bankafróðra manna á Norðurlöndum, að þróunin gangi í aðra átt. Fjöldi bankafróðra manna hefir nú eftir ófriðinn mikla komist á þá skoðun, að stækka beri starfssvið seðlabankanna, og þá einkum taka upp bein útlán til almennings og jafnvel víðtæka innlánsstarfsemi.

Í bankamálum eins og öðrum þessháttar málum er þróunin engum „náttúru"-lögmálum háð. Hún getur gengið í eina áttina í hálfa öld, en snúist svo í hina áttina næsta aldarhelming. Það geta hvenær sem er komið fram þeir agnúar, sem sníða verður stefnuna eftir, og bendir nú alt til, að seðlabankarnir muni á næstu áratugum stækka verksvið sitt og taka upp ýmsa starfsemi, sem um skeið var feld niður. Vildi jeg sjerstaklega vekja athygli á þessu vegna þess, að svo virðist sem hæstv. fjrh. (JÞ), sem annars er samherji minn í þessu máli, sje þó minni hlutanum sammála um framtíðarskipulag seðlaútgáfunnar hjer á landi, þó að hann telji ekki heppilegt að setja nú þegar á stofn hreinan seðlabanka. Er hans afstaða þó skynsamlegri, þar eð hann kýs heldur þróun en stökkbreytingu. Skiftingin í deildir, sem hæstv. stjórn leggur nokkuð meiri áherslu á en gert var í frv. milliþinganefndarinnar, gerir hægt um að aðskilja stofnanirnar, ef svo sýnist. Mun það í framtíðinni mest fara eftir skoðunum bankaráðsins og framkvæmdarstjóranna, hvað gert verður í því efni, og ættu allir að geta orðið sáttir á að fela hin endanlegu úrslit deiluefnisins í framtíðinni þessum bankafróðu mönnum, sem auðvitað munu auðveldlega geta komið fram tillögum sínum. Jeg fyrir mitt leyti er óhræddur við það, þó spá mín sje sú, að ekki verði dregið úr almennri bankastarfsemi Landsbankans, þó hann taki nú við seðlaútgáfunni.

Hv. þm. (BSv) talaði um nauðsyn á nýjum banka, og munu þar allir sammála, ef það dregur nýtt fjármagn inn í landið, og rekin er rjett gengispólitík, svo atvinnurekstur geti hjer borið sig. Ástæða er og til að ætla, að frelsi í fjármálum mundi aukast við stofnun nýs banka, sem hefði yfir nýju fjármagni að ráða. En þó að bankastarfsemi ríkisins verði skift í tvent eftir till. minni hl. fremur en að hafa hana í einu lagi eins og meiri hl. leggur til, þá er þar fyrir hvorki meira frjálsræði nje fjármagn í landinu eftir en áður. Það er barnaskapur að kalla tviskiftinguna frjálsræði, en till. meiri hl. einokun. Jeg skal ekki láta mikð yfir frjálsræðinu, sem menn nú hafa. Sæmilegt frjálsræði kemur auðvitað ekki fyr en hver maður, sem hefir góða tryggingu eða ætlar að byrja skynsamlegan atvinnurekstur, getur fengið það fje, sem hann þarf með. Því er nú ekki að fagna. Og úr þessu bætir hvorki till. meiri nje minni hl. Enda verður ekki úr þessu bætt í sambandi við ráðstöfun seðlaútgáfunnar. En það er undarlegt að heyra þá menn hrópa um einokun, nú þegar stendur til að fá Landsbankan-

um þann rjett, sem Íslandsbanki hefir haft um langt skeið, til seðlaútgáfu, — sem þögðu meðan Íslandsbanki hafði „einokunina". Því annað er það ekki, sem er að gerast, en það, að Landsbankinn kemst nú í þau spor, sem Íslandsbanki stóð áður í.

Þá hjelt hv. þm. (BSv) því fram, að ekki væri æskilegt, að seðlabanki kepti við einkabankana. En þessu til hnekkis má geta þess, að Finnlandsbanki keppir í útlánum við einkabankana, og hefir á stundum nálægt helming seðla sinna í útlánum til einstakra manna og stofnana. Aðalbankastjóri Noregsbanka segir og, að útlánsviðskifti til einstakra manna og stofnana, sem hv. minni hl. mundi telja hættuleg, sje kjarninn í starfsemi Noregsbanka. Það má auðvitað vel segja, að þetta sje kepni, en þegar sú kepni er til þess eins, að gera fjeð ódýrara, fæ jeg ekki sjeð, að annað en gott eitt sje við henni að segja. Það er einmitt mikil nauðsyn á því, að hafa öflugan ríkisbanka við hlið einkabankanna, og að hann hafi rjett á að reka bein viðskifti, ef þjóðin vill hafa rjett og vald til að dreifa fjenu á atvinnuvegina og tryggja, að ómakslaun peningastofnananna verði ekki óhæfilega mikil. — Jeg hefi nú drepið á nokkur helstu atriðin í þessu máli og skal því aðeins bæta fáu við.

Jeg hafði búist við því, að hv. þm. N.-Þ. (BSv) myndi, þar sem hann leggur svo mikla áherslu á að feta í fótspor annara þjóða og elta útlendinga í öllu, leggja til, að hjer yrði stofnaður algerður seðlabanki, með rjett til útlána, þótt jeg byggist eigi við, að honum yrði ætlaður rjettur til að taka við innlánum. Þá hefði jeg búist við, að hann kæmi einnig með till. um, að Landsbankinn yrði þegar í stað gerður að hlutabanka. — Ef þetta hefði alt verið gert, gat það auðvitað gengið, og hefði verið í samræmi við rekstur seðlabanka á Norðurlöndum, en eins og nú er um þetta búið, er alls ekki farið eftir þeim útlendu fyrirmyndum, sem mest er gumað af. Útlönd hafa oft verið nefnd í þessu máli. Hv. þm. N.-Þ. (BSv) minnist oft bæði á útlönd og útlend raunvísindi og segir, að meiri hluti bankanefndarinnar byggi mikið á „autoritetstrú". En sá er munurinn á okkar „autoritetum" og hans, að hann vitnar aðeins óákveðið í útlönd, en við höfum ákveðna bankastjóra, við seðlabanka á Norðurlöndum, sem hafa gefið ákveðin ráð um seðlaútgáfuna. — Vil jeg heldur hafa slíka bakhjarla en hið óákveðna tal um útlönd og raunvísindi, sem hvorttveggja er aðeins ryk í augu þeirra manna, sem hvorki vita upp nje niður í þessum málum og halda, að þar komi engin innlend skynsemi nje íslensk þróun nálægt.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) fann mjer það til foráttu, að jeg hefði talað um önnur mál en þau, er til umræðu væri. Átti hann þar við nokkur atriði seðlamálsins, er ekki koma beint fram í frv. hans. En þessi mál eru svo skyld hvert öðru, að óhjákvæmilegt er að koma að hvorutveggja þeirra, er um eitt er rætt. Auðvitað talaði hæstv. ráðh. (JÞ) einnig um þessi önnur mál, er hann gat um mótbárur gegn sínu frv., og var því nauðsyn, að jeg gerði það sama. Hæstv. ráðh. gat að vísu höglega um þetta, en þó til hnekkis mínu máli. Jeg tel það algerlega rangt, og er þar sammála hæstv. ráðh.,

að blanda saman óskyldum málum. En hjer er ekki því að gegna; hjer er eigi um að ræða einstök frv., hvert öðru óskyld, heldur um þau grundvallaratriði, sem frv. eru bygð á, og verður því að ræða seðlabankann jafnframt þessu frv.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gerði lítið úr því valdi, sem seðlabankinn gæti haft, ef hann hefði eigi annað fjármagn en seðla, og hjelt því fram, að aðrir bankar gætu tekið af honum ráðin, er þeim byði svo við að horfa. Væri því mikið undir því komið, að hann hefði jafnframt annað fje. En þar sem hjer er skortur á starfsfje, þá hafa bankarnir mikla þörf á því, að fá víxla „redisconteraða", og verður vald seðlabankans þá þeim mun meira, sem hinir hafa minna fje, annað en seðla.

Hæstv. ráðh. sagði, að innlánsfje Landsbankans væri margfalt meira en seðlar hans. En síðar greindi hann milli sparifjár og annara innlána. En jeg fæ ekki betur sjeð en að bankinn verði jafnt að sjá borgið því fje, sem hann fær gegn innlánsskírteinum sem hinu, er lagt er í sparisjóð. Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að bankaeinokun yrði hjer í landi, ef mínum tillögum væri fram fylgt, en eigi eftir frv. hans, því að Landsbankinn fengi brátt alt sparisjóðsfje, ef mitt frv. gengi fram, og gæti það orðið hengingaról á alla aðra sparisjóði, og þá fyrst og fremst Íslandsbanka. Þessi sparifjárstraumur til Landsbankans á að koma af því, að það sje a l m e n n s k o ð u n, að trygging ríkisins standi að baki því fje, sem þar er lagt inn, „hvort sem sú skoðun sje bygð á rjettu eða röngu", bætti hann við. Og á þingi í fyrra hjelt hann því fram, að sú skoðun væri eigi á rökum bygð. Jeg vil nú spyrja, hvernig það geti staðist til lengdar, að menn álíti, að landið tryggi sparisjóð bankans, þegar hæstv. fjrh. segir sjálfur, að það sje eigi rjett skoðun? Annars fæ jeg ekki annað sjeð en að það sje alveg óverjandi gagnvart landsmönnum, að eigi sje um þetta skýr lagasetning. En hvað sem því líður, er það all-djart af hæstv. ráðh. að hampa því sem rökum í þessu máli, sem hann álítur sjálfur einskisvert.

Þá hjelt hæstv. fjrh. (JÞ) því fram, að hægt væri að nema burt sparisjóðinn frá Landsbankanum alveg þrautalaust, og þó hefði bankinn eftir 25 miljónir króna. — Þetta er nú nokkuð „flott" reiknað, ef svo mætti segja. Hvaða fje eru þessar 25 miljónir? Er það ekki nær eintómt lánsfje? Seðlalán, enska lánið, innskotsfje landssjóðs, hlaupareikningsinnlög o. fl. Ætli þá sje mikið orðið eftir annað en varasjóðurinn? Annars hefir ekkert mat farið fram á eignum Landsbankans, og vita því fáir, hve hag hans er nú komið. En það vita menn, að á þessum varasömu tímum, sem nú hafa verið, hefir hann hlotið skaða, sem án efa nemur allmiklu, svo sem eðlilegt er.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að Landsbankinn gæti tekið að sjer að afstýra gengissveiflum gagnvart útlöndum, þótt hann misti sparifjárins. En nú er mestalt starfsfje bankans lánsfje og oftast nærri alt fast í lánum. Þessvegna getur hann eigi tekið að sjer þetta hlutverk nema með nýjum lánum og ábyrgð ríkissjóðs. En getur ríkissjóður þá ekki eins gengið í ábyrgð fyrir seðlabankann, svo sem jeg hugsa mjer hann?

Hvorugur bankinn getur tekið að sjer að afstýra gengissveiflum annan veg en með ábyrgð ríkissjóðs.

Þá var það að heyra á hæstv. ráðh. (JÞ), að hinn nýi banki ætti ekkert fje að hafa annað en seðla. Auðvitað verður bankinn að fá stofnfje, og býst jeg við, að það verði svipuð upphæð og áætlað er, að fari til Landsbankans, honum til eflingar, ef hann fær seðlaútgáfuna.

Hæstv. ráðh. talar um það, að þetta mál hafi verið flutt mjög einhliða hjer í Reykjavík, og sje því ekki mark takandi á því gífurlega fylgi, sem það hefir hlotið hjer í bæ, og fer dagvaxandi. — Jeg vil þegar geta þess, að jeg hefi ekki talað um þetta mál á einum einasta fundi, og getur þessi „ásökun“ því eigi náð til mín. En fyrir hví hafa hinir háttv. herrar, sem vilja fá Landsbankanum seðlaútgáfuna, ekki látið til sín heyra og eigi skýrt sinn málstað fyrir kjósendum bæjarins? — Tveir nefndarmanna töluðu þó á fundi fjesýslumanna og annara atvinnurekenda fyrir skemstu, en ekki auðnaðist þeim að ná samþykki nokkurs einasta fundarmanns.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um, að samkvæmt þeirri þróun, sem komin væri í bankamál hjer í landi, væri best, að seðlaútgáfan færi til Landsbankans. En það er nú einmitt þetta, sem um er deilt. Jeg þykist hafa sýnt fram á ýmsa annmarka á því, að svo megi fara. Auk þess er það heldur ljettvæg ástæða, að segjast aðeins vilja fylgja því skriði, sem komið hafi verið á þessi mál hjer í landi. Og hvernig er þessi margumtalaða „stefna“ eða „þróun“? Fyrst hefir Landsbankinn seðlaútgáfuna, meðan hann er eini bankinn, þó aðeins fastákveðna, lága fjárhæð óinnleysanlegra seðla, og henni hjelt hann óbreyttri. Síðan tekur Íslandsbanki við henni að öðru leyti en þeirri litlu fjárhæð, sem Landsbankinn fjekk að halda. Og loks, er hún er tekin af Íslandsbanka, er fyrst talað um að fá hana Landsbankanum, en verður þó ekki úr, heldur fær ríkissjóður hana til bráðabirgða, og þar við situr. Mjer virðist þetta óneitanlega líkjast meir krabbagangi en þróun.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafði ýmislegt við mína ræðu að athuga, og kom mjer það eigi mjög á óvart. Virtist hann hneykslast einna mest á því, að jeg sagði, að bankamál væru bygð á reynslu og raunvísindum. En jeg fæ ekki betur sjeð en að í þeim málum, sem öðrum, sje þess full þörf að safna reynslu fyrir framtíðina, sem hún megi byggja á. En til þess, að geta haft not af þessari reynslu, þurfa menn auðvitað að geta hugsað rjett. — Hv. þm. sagðist engu vilja spá um það, hverja stefnu þessi mál tækju á næstu árum og áratugum. En hvað verður markað af því, sem nú hefir gerst í þessum málum í umheiminum? Er það ekki ótvírætt, að þróunin hefir þar miðað að því fyrirkomulagi, sem jeg ræð til að fylgt verði hjer í landi? Getur ekki reynslan fastskorðað þá vissu, að eitthvert fyrirkomulag sje gott og gilt í öllum aðalatriðum hvar sem er í heiminum, þótt önnur smærri atriði hljóti að fara eftir staðháttum í hverju landi?

Eitt dæmi um þessháttar sjerstaka þróun hjer á landi í smærri atriðum bankamálanna er það, hve mikið bankar hjer lána í víxlum. Mjög mikið af þeim lánum, sem annarsstaðar eru sjálfskuldar-ábyrgðarlán, eru hjer tekin sem víxlalán; þótt víxlarnir sjeu ekki

gefnir út til langs tíma í senn, eru þeir framlengdir aftur og aftur, svo að notin af þeim verða þrásinnis hin sömu, sem af lánum gegn sjálfskuldarábyrgð. — Þetta er dæmi þess, að þróunin getur orðið með mismunandi hætti í ýmsum löndum um hin minni atriði, þótt bankaskipulagið sje í aðalatriðum eins.

Þá var þessi sami hv. þm. (ÁÁ) að bera mjer það á brýn, að jeg talaði eigi með nægri lotningu um hina erlendu bankastjóra, sem sent hafa milliþinganefndinni brjef um þessi mál. — En þetta er fullkominn misskilningur hv. þm. og fer algerlega fyrir ofan garð eða neðan. Jeg man ekki betur en að jeg taki það einmitt fram, að þeir geti gefið margar ágætar upplýsingar, og að jeg álíti þá bæði vitra og fjöllærða menn. Þetta hefir komið fram bæði í nál. mínu í bankanefndinni og eins nú í fyrri ræðu minni. En þegar þessum heiðruðu herrum ber hvergi nærri saman um ýms höfuðatriði seðlamálsins, hvernig er þá hægt að bera fult traust til þessa fyrirkomulags, sem þeir ætla, að komi ef til vill ekki að sök hjer í landi. Einn þeirra segir t. d., að það sje nauðsynlegt að taka sparisjóðinn þegar í stað frá Landsbankanum, ef hann eigi að fá seðlaútgáfuna. Annar — sá, sem er hvað meðmæltastur því fyrirkomulagi, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, — segir, að bankinn eigi að hafa sparisjóðinn rjett í bili, en telur rjett, að hann losi sig síðar við þessa starfsemi, „sem kringumstæðurnar rjeðu, að sameinuð var honum".

Hjer er því alls eigi um að ræða neinar ásakanir frá minni hálfu gegn þessum mönnum. Enda taka þeir það sjálfir fram, að þá bresti nægan kunnugleik á staðháttum öllum hjer í landi, til þess að dæma fullkomlega um þessi mál. — Sumir þessara bankastjóra leggja áherslu á það, að bankastjórar seðlabankans geti ekki kynt sjer nægilega hag einstakra viðskiftamanna bankanna, en svo sem skýrt er frá í nál. mínu, hafa engir b e t r i aðstöðu til þess hjer í landi heldur en einmitt þeir.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um það, að menn færu ýmsar leiðir í þessum málum, eftir því, sem reynslan kendi, að best væri, og virðast þau orð áreiðanlega falla mjer til stuðnings meir en honum.

Það virtist vaka fyrir hv. þm., að hægt væri að skilja sparisjóðinn frá bankanum hvenær sem væri. En hversvegna á þá ekki að gera það strax, þegar allir viðurkenna, að óhagræði sje að því, að reka þessa starfsemi með seðlaútgáfunni?

Þá talaði hv. þm. um áhættuna við sjávarútveg, og hve mikið hefði verið úr henni gert. Jeg get nú raunar eigi viðurkent, að jeg hafi gert meira úr þeirri hættu en hver annar. En það er víst flestum ljóst, sem eitthvað fást við landsmál, að sá atvinnuvegur er áhættusamari en margur annar. Hitt er annað mál, að vjer megum eigi án hans vera, því að eins og nú er komið, ber hann að miklu leyti uppi landssjóðinn, en þaðan er aftur ausið peningunum í alt hítt, stjórn og löggæslu, skóla og samgöngur, heilbrigðismál og annað, sem ríkið kostar.

Hv. þm. lagði mikla áherslu á það, og ljet eins og hann væri að andmæla mjer, að sparisjóðurinn kæmist á tryggari brautir, ef skylt væri að hafa nokkrar miljónir í verðbrjefum. Jeg er alveg á sömu skoðun og hv. þm., f r á s p a r i s j ó ð s i n s s j ó n a r m i ð i.

En hinu er ómótmælt, að þetta fje kemst út úr veltu, og að slíkt getur eigi haft heppileg áhrif fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar.

Þá talaði hv. þm. um það, að margir töluðu nú um bankaeinokun, og var að heyra, að enginn hefði minst á hana áður. Það hjet nú ekki, meðan Landsbankinn var einn, að aldrei væri nefnd einokun! Þá voru sumir svo hamrammir móti „einokun" Landsbankans, að þeir vildu bókstaflega leggja hann niður, og þótt ekki yrði af því, varð þó kurr manna gegn einræði Landsbankans til þess, að Íslandsbanki fjekk seðlaútgáfurjettinn. (**ÁÁ**: Jeg sagði, að enginn hefði nefnt einokun, meðan Íslandsbanki hafði seðlaútgáfurjettinn). Það var alt öðru máli að gegna, því að þar var annarsvegar einkabanki, en hinsvegar þjóðarstofnun, svo að bankarnir stóðu þá jafnara að vígi; en að öðru leyti hefi jeg fáa heyrt hæla því, nú á síðari árum að minsta kosti, að sá banki fjekk seðlaútgáfurjettinn. — Jeg hefi nú drepið á helstu andmælin gegn minni skoðun og læt því staðar numið.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var fram haldið 1. u m r. um frv. (A. 171).

Tryggvi Þórhallsson: Þeir aðiljar, sem síðast hafa verið riðnir við undirbúning þessa máls, hafa nú talað og leitt saman hesta sína. Mjer, sem hefi verið utan við þetta, hefir þótt rjett að bíða þar til þeir hefðu lokið sjer af. Það eru tvö stór og merkileg atriði, sem deilt hefir verið um, annarsvegar hvernig skipa eigi seðlaútgáfunni og hinsvegar stjórn og fyrirkomulag bankamála landsins. Þetta eru vissulega merkileg atriði, sem vel þarf að athuga, en þó vil jeg ekki blanda mjer inn í þá deilu á þessu stigi málsins. Jeg hygg, að milliþinganefndin hafi í þessu efni unnið mikið og gott starf, þó hún hafi ekki orðið sammála, þá hefir hún skýrt málið og gert það ljósara.

En það er eitt atriði, sem nefndin hefir gengið fram hjá, það, sem jeg álít langstærsta atriðið, þegar litið er á afleiðingarnar. En það er spurningin um það, hvort löggjafinn eigi ekki, um leið og hann kveður á um seðlaútgáfuna, að segja fyrir um það, hvernig þeim peningum, sem bankarnir hafa til útlána, skuli skift meðal atvinnuvega þjóðarinnar. Jeg vil leggja mikla áherslu á, að fyrirsögn komi um þetta, því að reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, hve alvarlegar afleiðingar það hefir haft fyrir hag þjóðarinnar, að löggjafinn hefir ekkert sagt fyrir um þetta. Jeg hefi enga trú á því, að úr þessu muni verða bætt, þótt ný yfirstjórn komi yfir bankana, sem mundi verða skipuð mönnum úr kaupstöðunum. Af hálfu löggjafans hefir ekki verið sagt neitt fyrir um þetta, og það haft þær afleiðingar, að landbúnaðurinn hefir orðið hornreka. Það hefir verið rætt um það á hverju þingi og viðurkent hvert þingið eftir annað, að landbúnaðurinn hafi orðið útundan. Hann hefir haft altof lítið fje í veltunni. Fram að síðasta þingi hefir ekki verið til skipulag á lánum, er landbúnaðurinn gæti unað við. En með úrlausn síðasta þings hefir þetta mál ekki verið leyst. Lánskjör ræktunarsjóðsins eru mjög óaðgengileg og óhagstæð og hjálpa því ekki alhliða viðreisn landbúnaðarins. Af-

leiðingarnar af því, að landbúnaðurinn hefir orðið undir í samkepninni, hafa jafnframt orðið þær, að það hefir hlaupið óheilbrigður vöxtur í sjávarútveginn og bæina. Sjávarútvegurinn hefir sogað fjármagn bankanna og bæirnir sogað fólkið úr sveitunum. Jeg fullyrði það, að þetta er stærsta atriðið, ef hægt er að finna ráð til þess að snúa við straumnum og veita nægu fjármagni með viðunandi kjörum til bænda. Jeg held því fram, að landbúnaðurinn sje öflugasta stoðin undir velferð þjóðarinnar og hlýt því að gera þá kröfu fyrir hans hönd, að honum sje sjeð fyrir sæmilegum lánskjörum. En jeg fullyrði, að engin von er til þess, að þetta snúist til betra vegar, þótt breytt verði um yfirstjórn bankanna. Það breytist ekki til batnaðar með öðru en því, að Alþingi setji lög um þetta efni. Jeg skal ekki nú fara út í það, hvernig þessu yrði komið fyrir í einstökum atriðum, en jeg efa ekki, að hvorir sem ofan á yrðu, þeirra, er nú deila, þá mætti finna aðferð til þess að fá nóg fje til landbúnaðarins. Í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að Landsbankinn hafi sem svarar ⅓ af sparisjóðsfje sínu í tryggum, auðseldum verðbrjefum. Það mætti eins skylda Landsbankann til þess að hafa ⅓ í jarðræktarbrjefum og að Landsbankinn fengi ekki nema örlítið brot fram yfir sparisjóðsvexti í vexti af þessum brjefum. Með hinu fyrirkomulaginu, að stofna fasteignabanka og fela honum seðlaútgáfuna, efast jeg ekki um, að líka mætti finna aðferðir. Jeg leyfi mjer að skora á hv. fjhn. að taka þetta til rækilegrar athugunar, hvernig hægt sje að verða við kröfum landbúnaðarins í þessu máli. Og ennfremur vil jeg skora á fulltrúa landbúnaðarins hjer í deildinni að nota nú tækifærið til þess leysa greiðlega úr þessu allra þýðingarmesta máli fyrir framtíð landsins. Jeg vænti þess, að allir geti orðið mjer samdóma um þetta.

Úr því að jeg stóð upp, þá get jeg ekki látið hjá líða að beina nokkrum orðum til hæstv. stjórnar, út af því, hvernig hún hefir breytt einu atriði í frv. meiri hl. bankanefndarinnar. Á jeg þar við 63. gr. frv. þessa, þar sem það er nákvæmlega sundurliðað, hvernig fara skuli, ef núverandi bankastjórar Landsbankans yrðu ekki skipaðir í hinar nýju stöður. Það er nú í þriðja sinn, sem svona lagað frv. er borið fram. Á þinginu 1924 bar fyrv. stjórn það fram, núverandi stjórn á þinginu 1925 og svo meiri hluti bankanefndarinnar. Í engu þessara frv. hefir verið ákvæði um þetta. Úr því að það kemur svona núna, fæ jeg ekki skilið annað en þetta sje bein tilraun til þess að kasta steini í andlit núverandi Landsbankastjórnar. Svo alvarlegt sem útlitið er nú um horfur og stjórn fjármála okkar, þá álít jeg það mjög óvarlegt og illa viðeigandi að kasta að ástæðulausu steini í þá átt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal svara hv. þm. Str. (TrÞ) nokkrum orðum, þótt athugasemdir hans ættu frekar heima við 2. umr. þessa máls. Í tilsvarandi grein í frv. meiri hl. bankanefndarinnar er gert ráð fyrir því, að sú skipun á stjórn Landsbankans, sem meiri hl. fór fram á, gæti komið til framkvæmda á næstunni. Þær bankastjórastöður, sem nú eru við Landsbankann, hljóta að falla niður og ný skipun að fara fram af þeirri einföldu ástæðu, að frv. gerir ráð fyrir því, að hjer komi einn yfirbankastjóri og tveir undir-

bankastjórar. Hjer er því eðlilegt framhald af því, sem meiri hl. milliþinganefndarinnar í bankamálum hefir stungið upp á. Það eru aðeins settar reglur um, hvernig fara skuli að, ef nýir menn verða skipaðir af hinu nýja veitingarvaldi, bankaráðinu, í hinar nýju stöður.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara inn á það, sem sami háttv. þm. sagði alment um lánveitingar til atvinnuveganna. Það snertir ekki frv. það, sem hjer um ræðir. Þó má minnast á það, sem raunar allir hv. þm. vita, að það er ekki alt fengið með því, að útvega atvinnurekendum lán. Það verða fyrst og fremst að vera fyrir hendi grundvallarskilyrðin fyrir því, að geta notað lánið til arðberandi atvinnureksturs. Það er reynsla til fyrir því hjer, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að veita bankafje inn í eitt hjerað hjer, og það hefir haft hinar hörmulegustu afleiðingar. Jeg á hjer við Selfoss. Umhverfið þar er nú svo sokkið í skuldir, að það á erfitt með að reisa sig við atfur. Útlánsfjeð hefir ekki borið árangur til viðreisnar atvinnuvegunum, vegna þess að skilyrðin til þess vantaði.

Jeg fer ekki meira út í þetta nú, en það kynni að vera ástæða til þess að minnast á það í sambandi við annað mál, sem hjer er á dagskrá í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti (BSv): Frá 9 háttv. þdm. hefir mjer borist svolátandi krafa:

„Með skírskotun til 43. gr. þingskapanna krefjast undirritaðir þingmenn þess, að frv. til laga um Landsbanka Íslands verði tekið á dagskrá neðri deildar á næsta fundi, eftir að atkv. hafa verið greidd um þessa kröfu vora."

Ásgeir Ásgeirsson, Þorleifur Jónsson, Sveinn Ólafsson, Klemens Jónsson, Tryggvi Þórhallsson, Halldór Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Pjetur Þórðarson, Ingólfur Bjarnarson.

Á 66. fundi í Nd., næsta dag, áður en gengið var til dagskrár, fór fram atkvgr. um kröfu þá um dagskrárbreytingu, sem fram kom í lok síðasta fundar. —

Deildin samþ. með 15 : 1 atkv., að krafan skyldi tekin til greina. —

Forseti lýsti yfir því, og mælti því enginn í gegn, að hann tæki frv. síðast mála á dagskránni. En umræður um málin á undan urðu lengri en svo, að tími ynnist til að taka Landsbankafrv. til merðferðar, og var það því tekið af dagskrá aftur.

Á 67. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 2. umr. (A. 171, n. 358, 386).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg geri ráð fyrir, vegna þess, hversu eðli málsins er sjerstakt, að ekki rísi neinn ágreiningur út af einstökum greinum frv., því að það eru grundvallaratriði frv. sjálfs, sem menn greinir á um, og því geri jeg ráð fyrir, að þessi 2. umr. verði á breiðari grundvelli en venja er um 2. umr. um frv.

Fyrstu seðlar, sem gefnir voru út hjer á landi, voru gefnir út af landssjóði og lánaðir Landsbankanum. Þeir

voru jafnan kallaðir Landsbankaseðlar og í raun og veru með rjettu, þótt formið væri annað. Þessir seðlar voru samkvæmt lögum frá 1885 ½ miljón kr., en voru auknir 1899 upp í ¾ úr miljón. Þegar svo seðlaútgáfu var ráðstafað hér á landi rétt eftir aldamótin, var það eingöngu skortur á peningum, sem gerði, að hlutafjelagi var seldur sá rjettur í hendur um ákveðið árabil. Þó var einnig þá sterk alda í hina áttina, að efla Landsbankann svo, að hann gæti annað þessu starfi. Og að þessi tilfinning lifði, þótt hún bærði lítt á sjer, þar sem seðlaútgáfunni var nú ráðið til 30 ára, sjest af því, að hvenær sem eitthvert hop er á því, að Íslandsbanki muni halda óbifenlega í einkarjett sinn, þá er Landsbankinn nefndur. 1917 er skorað á stjórn að leita samninga við Íslandsbanka um, að hann sleppi seðlaútgáfu rjettinum, eða að minsta kosti hindrunarrjettinum á seðlaútgáfu fram yfir 2½ milj. kr. Náðist samkomulag um það síðartalda, og komu fram frumvörp um það á þingi 1919, þótt ekki næðu þau fram að ganga. Ekki var annað orðað en að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfurjettinum.

Það er þó fyrst eftir kreppuna miklu 1920, að þetta kemur í ljós með lögum, nr. 6, 31. maí 1921, um seðla Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., er Íslandsbanki skyldaður til þess að draga seðla sína inn, eina miljón á ári frá 31. okt. 1922 (þá 8 miljónir), þar til hún er komin í 2½ miljón (væntanlega haustið 1928), en úr því jafna upphæð árlega til 1933, er leyfistími hans er á enda, eða um ½ miljón á ári. Þetta sýnir, að viljinn var sá, að láta nú einkabankann missa seðlaútgáfurjettinn, og neyð hans notuð til þess að ná honum fyr en annars. Árið eftir er svo ákveðið, að Landsbankinn skuli setja í umferð þá seðla, sem vanta kunni vegna inndráttar Íslandsbankaseðlanna (l. nr. 7, 4. maí 1922), og var þetta sett inn á þinginu, því að í stjfrv. um þetta var óákveðið, hver skyldi fara með þessa seðlaútgáfu.

Endanlegri ákvörðun var þó slegið á frest frá ári til árs, en það sýnist hafa vakað fyrir mönnum, að Landsbankinn mundi taka við seðlaútgáfunni, þegar þar að kæmi. Hann hafði eflst og aukist jafnt og þjett.

Jafnaðarreikningur hans er:

1905	4956000	kr.
1910	7147000	—
1915	12076000	—
1920	33005000	—
1921	39230000	—
1922	42190000	—
1923	46020000	—
1924	50527000	—

Aftur á móti nær Íslandsbanki hámarki 1919. Reikningarnir líta þannig út:

1919	54522000	kr.
1920	52344000	—
1921	51295000	—
1922	47099000	—

og er þá enn ekki byrjaður inndráttur seðlanna. En úr því hefst hann, og því ekki rjett að halda dæminu lengra áfram.

Á þingi 1924 kemur fyrst fram rödd um það, að Landsbankinn megi ekki fá seðlaútgáfuna, heldur beri nú að setja upp nýjan banka eða stofnun, sem hafa eigi á hendi seðlaútgáfu í ríkinu. Síðan hefir deilan staðið um þetta. Annars vegar er sú skoðun, sem hefir öll sögulegu rökin sín megin, sú, sem byggist

á allri þróun okkar eigin bankamála. Hinsvegar er ný uppfundin eða innflutt skoðun, rótlaus í meðvitund manna og óreynd í því „praktiska“ lífi hjer á landi.

Jeg fullyrði ekki, að þetta sje neitt úrslitaatriði í málinu, en vissulega þarf sterk rök til þess að fara svo að á tímum eins og þeim, sem nú eru. Hvað er það nú, sem þessum straumhvörfum veldur?

Ástæður með og móti eru nú orðnar svo kunnar, að menn geta talið þær á fingrum sjer. Jeg ætla mjer því ekki að svo komnu að fara að reikna þær upp. Ýmsar af þeim eru nefndar í nál. meiri hl. fjhn. Jeg vil hjer aðeins drepa á þær helstu.

Það, sem menn hafa sett fingurinn á, fyrst og fremst, og það sem mun hafa komið öllu af stað, er sú staðreynd, að Landsbankinn hefir ávaxtað mjög mikið af sparifje landsmanna, en í öðrum löndum viðgengst það ekki, að seðlabankarnir borgi vexti af innstæðum. En það getur ekki verið nóg ástæða, að þetta er svo. Það verður og að sýna ástæðurnar. Og þá játa fræðimenn, að af hreinum bankafræðilegum ástæðum sje ekkert á móti sameiningu seðlaútgáfu og sparisjóðsstarfsemi. Að stefnt hefir í þessa átt, er af vissum, ákveðnum ástæðum. T. d. hefir verið litið svo á, að banki, sem hefði seðlaútgáfurjett, hefði með honum ódýrari peninga en innlánsfje. Hann væri því ekki að draga sig eftir því. Þá er og auðlegðin víða svo mikil, að illa gengur að torga peningunum, og menn meta það meira en alt annað að fá þá tryggilega geymda. Nefnd, sem athugaði á öldinni sem leið Frakklandsbanka, þorði ekki að leggja til, að hann gæfi vexti af innlánsfje, þó að það væri að sumu leyti æskilegt, vegna þess, að þá mundi hrúgast í bankann svo gífurlegt fje, að engin leið væri fyrir hann að koma því í útlán.

Það út af fyrir sig, að seðlabanki hafi innlán, er alviðurkent, og allir seðlabankar hafa meira eða minna af því. Það ætti þá að vera sá mikli munur, að borga vexti eða ekki. Það er að vísu satt, að vextir af innlánsfje geri bankanum nauðsynlegt að ávaxta fjeð, en þá er galdurinn sá einn, að sníða v a x t a u p p h æ ð i n a rjett, miða hana við það, sem bankinn getur ávaxtað tryggilega, og miða hana við það, að bankinn geti legið inni með hæfilega stóran part af fjenu. Auk þess er það talsverður hluti þess fjár, sem bankinn getur með heilbrigðu móti ávaxtað á tryggan hátt í góðum verðbrjefum.

Ástæðurnar gegn sparisjóðsstarfsemi seðlabankans minka og rýrna að sama skapi, sem landið er fátækara að starfsfje í hlutfalli við fjárþörf, því að sama skapi er hægt fyrir bankann að velja úr tryggingum. Það eru fyrirtækin, sem leita fjárins, en í auðugu löndunum verður fjeð að leita fyrirtækjanna. Lítilfjörleg innlánsvaxtalækkun ver seðlabankann fyrir allri hættu af ofvexti sparifjárins, ef ekki er neitt óeðlilegt gert til þess að draga að honum slíkt fje. Yfirleitt liggur nærri, að það sje broslegt hjer á landi að tala um það, sem er aðalástæðan gegn vöxtum sparifjár annarsstaðar, sem sje of mikið fjársafn að bankanum. Á hinn bóginn má segja, að sparisjóðsstarfsemi og seðlaútgáfa styðji hvað annað á margvíslegan hátt, ef vel er með farið. Má taka til dæmis, ef ótti kemur að innstæðueigendum í

svip, svo að sparifje er rifið út. Þetta getur sett aðra banka í bobba, en seðlabankanum er þá alveg óhætt að gefa út seðla í bráð og stöðva óttann með jöfnum útborgunum, því að slíkt fje er ekki tekið út til eyðslu, heldur lagt í handraðann og hverfur inn í bankann þegar í stað, þegar óttinn er liðinn hjá. Dæmi Englandsbanka eru „klassisk" í þessu efni, 1847 og 1857, þó að þau sjeu ekki alveg hliðstæð, þá sýnir það vel, hvernig aukin seðlaútgáfa í svip getur stilt óttann og dregið peningana út úr fylgsnunum á krepputímum. Á hitt verður þó að leggja miklu meiri áherslu, að sparisjóðsstarfsemi styður seðlaútgáfuna með því að koma bankanum í bein viðskifti við atvinnuvegina, og með því bæði gefa bankastjórninni fullkomna og nákvæma þekkingu á öllum högum þeirra, ekki af sögusögn, heldur eigin reynd, og með því að gera bankanum mögulegt að grípa sjálfur inn, áður en orðið er um seinan. Þetta geta seðlabankar annara ríkja nokkuð vegna þess, að þeir starfa með miklu innskotsfje, þótt engir vextir sjeu af því greiddir, í stað þess, að hjer mundi seðlabankinn ekkert stofnfje hafa annað en seðlana, og hann yrði því að vera hlutlaus áhorfandi, þar til hinum bönkunum þóknaðist, nema að því leyti, sem þeir þurfa endursölu víxla.

Ef nú seðlabankastjórnin fer að óttast ofvöxt í atvinnuvegunum og vill láta fara að rifa seglin, en hinir bankarnir líta öðruvísi á, þá er augljóst, að þeir koma ekki til seðlabankans fyr en í fulla hnefana með aðra víxla en þá, sem erfiðast er að veita, en styðja hitt með eigin fje sínu.

Það hefir verið haft á móti þessu, að áhrif seðlabankans, þótt sparifje hefði, geti aldrei verið nema neikvæð. Hann geti ekki annað en dregið saman seglin sjálfur, lánað minna o. s. frv. En er það ekki munur, hvort sá banki, sem það gerir, stýrir aðeins 9—10 miljónum í seðlum, eða hvort hann stýrir um helmingi alls starfsfjár bankanna í landinu? Ef privatbankarnir taka upp hættulega útlánsstarfsemi og halda henni áfram þrátt fyrir aðvaranir seðlabankans, er þá ekki munur, hvort þeir bankar hafa helminginn af starfsfjenu eða starfsfjeð nálega alt?

Þetta á ekki aðeins við sjálfa útlánsstarfsemina, hina beinu framkomu bankans, meiri eða minni fúsleik að að lána, heldur og við hina óbeinu stefnu, sem birtist í forvaxtastefnu. Bankinn hlýtur að vera því máttugri þess að ráða, og hafa fram sína stefnu í þeim efnum, sem hann er fjesterkari.

Mætti þá enn vitna í erlenda reynslu og segja, að ekki ráði seðlabankarnir þar yfir helmingi alls starffjárins, og er það að vísu satt. En þá þarf á fleira að líta, og skal það nú athugað nokkru nánar.

Til þess að geta komið fram forvaxtastefnu sinni, þarf seðlabankinn að hafa talsverðan hlutfallslegan styrk á við hvern einstakan af hinum bönkunum, því að að öðrum kosti er hætt við, að sá banki, sem er seðlabankanum fullkomlega ofjarl að starfsfje, geti að minsta kosti um talsvert bil þverskallast við að fylgja honum, ef hagsmunir hans ganga í aðra stefnu. Þetta hefir þau áhrif, að hjer, þar sem privat-bankinn er aðeins einn, (eða tveir, ef Landsbankinn ætti að starfa áfram eins og privatbanki, án seðla), verður seðla-

bankinn að vera miklu sterkari en annarsstaðar í hlutfalli við starfsfje bankanna í heild.

Seðlarnir einir eru á Norðurlöndum nokkurnveginn svipaður hluti af allri passiv-starfsemi bankanna í landinu:

Í Danmörku 31. des. 1923 eru seðlar kr. 470343585, en önnur passiva allra banka um 4483173000, eða tæplega $^1/_{10}$.

Í Noregi 31. des. 1922 eru seðlar kr. 395861299, en önnur passiva allra banka um 4820756278, eða tæpl. $^1/_{11}$.

Í Svíþjóð 31. des. 1923 eru seðlar kr. 537292684, en önnur passiva allra banka um 5996894189, eða um $^1/_{11}$.

Á Íslandi 31. des. 1924 eru seðlar kr. 8988000, en önnur passiva beggja banka um 91095704, eða nokkuð yfir $^1/_{10}$ (tæplega $^1/_{11}$).

Í Englandi er hlutfallið talsvert annað.

Af þessum samanburði sjest, að seðlamagnið er í mjög líku hlutfalli við öll passiva bankanna hjer eins og í nágrannalöndunum, sem við getum best borið okkur saman við. Ætti því banki, sem starfar með seðlum einum, að vera álíka sterkur. En þá kemur það til, að í hinum löndunum er fjármagnið dreift milli fjölda banka. Sama dag, sem áður er nefndur, var það þannig:

1. Danmörk: Bankar voru 189 að tölu fyrir utan Þjóðbankann. Alls rjeðu 9 bankar yfir $^3/_4$ fjármagns bankanna. Stærsti bankinn hefir jafnaðrreikning 635475000.

2. Noregur: Þar eru bankar 170 að tölu. Þar rjeðu 28 bankar yfir talsvert meiru en $^3/_4$ alls starfsfjárins (utan ríkisbankans). Stærsti bankinn hafði jafnaðarreikning 602737000 og næst stærsti 505721381.

3. Svíþjóð: Þar eru alls 32 bankar. 18 stórbankar ráða þar yfir nálega öllu fjenu og 8 þeir stærstu hjer um bil $^2/_3$. Stærsti bankinn hefir jafnaðarreikning kr. 1096853129, næst stærsti 1017321877. Stærsti af „solidarisku" bönkunum (enskilda b.) kr. 465485200.

Af þessu sjest, að allra stærstu bankarnir hafa ekki helmingi hærri jafnaðarreikning en seðlarnir eru einir hjá seðlabönkunum, nema í Danmörk kemst Landmandsbanken 1923 fram úr því. Flestir stórbankarnir ná ekki líkt því seðlaupphæðinni. En hjer hefir Íslandsbanki jafnaðarreikning, sem er um fimmfölduð seðlaupphæðin alls, og ræður einn upp undir helmingi alls starfsfjárins.

En nú starfa seðlabankarnir alstaðar með nokkru fje öðru en seðlum, og sýna eftirfarandi töflur það í aðaldráttum, miðað við sama dag (31. des. 1923 í Danm. og Svíþjóð og 31. des. 1922 í Noregi).

1. Danskir bankar.

Activa

	National-bank 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr.
Sjóður	228.048[1])	111.818
Innl. bankar og sparisj.	365	156.525
Innl. veðbrjef og hlutabrjef	11.779	602 394
Innl. víxlar	260.856	585.577
Lán gegn veði eða ábyrgð	59.063	477.081
Reikningslán	—»—	1.053.183
Hlaupareikn.	99.403	590.321
Ýmsir skuldun.	55 491	126 060
Activa alls	741.508	4.112 019

1) Gullforðinn.

Landsbanki Íslands.

Passiva

	National-bank 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr.
Hlutafje	27 000	384.964
Varasjóður	39.322	140.628
Hlaupareikn. og folio	84.028	910.585
Sparisj. og innl.	—»—	2.000.067
Innl bankar og sparisj.	177	372.183
Accept	470.538[1])	12.497
Ymsir skuldh m.	119.619	105 260
Passiva alls	741.508	4.112.019

1) Hjer af seðlar kr. 470.343.585.

2. Norskir bankar.

Activa

	Noregs-banki 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr.
Víxar og víxiloblig.	323.497	809.468
Reikningslán	55.847	2.311.405
Sjóður	147 285[1])	141 882
Activa alls	685 029	4.531.589

1) Gullforðinn.

Passiva

	Noregs-banki 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr
Hlutafje	35.000	465.475
Varasjóður	15.127	230.083
Innlán	115.934	2.696.706
Seðlar	395 861[1])	—»—
Passiva alls	685.029	4 531.589

1) Nákvæmar 395.861 299.

3. Sænskir bankar.

Activa

	Sver. Riksbank 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr.
Gullforði	271.839	869
Annar sjóður	4 174	94.596
Ríkissk.brjef og önnur br.	54.290	225 238
Hlutabrjef	—»—	117.045
Innl. víxlar	454.760	861.437
Lán	45.820	2.621.550
Reikningslán og hl.reikn.	2 221	833.064
Activa alls	938.239	5.595.948

Passiva

	Sver. Riksbank 1000 kr.	Aðrir bankar 1000 kr.
Seðlar	537 293[1])	—»—
Giro	303.741	423.279
Innl. sparisj. og hl.reikn.	—«—	3252.210[2])
Varasjóður	12.500	278.881
Stofnfje (Hlutafje)	50 000	556.316
Passiva alls	938.239	5595.948

1) Nánar tiltekið 537.292.684.

2) Af þessu: Sparisj. 787.182. Hlaupar. 448.692. Innl. 2.016.336.

Af þessu yfirliti sjest, að yfirleitt eru seðlabankarnir stærstu og sterkustu bankarnir að fjármagni, þó að þeir leggi sig ekki eftir innlánsfje. Til samanburðar mætti setja hjer áætlun um ríkisbankann tilvonandi. Þarf ekki að gera ráð fyrir svo sem neinum innlánum, ef vextir eru ekki greiddir af þeim. Stofnfje er gert 3 miljónir, og varasjóður er enginn í upphafi. Jafnaðarreikningur hans mundi verða á þessa leið:

Íslenskur seðlabanki
(miðaður við reikninga bankanna 1924)

Activa

	Ríkis-bankinn	Hinir 2 bankar
Gullforði	3.500.000	—»—
Önnur activa	8.500.000	86.191.704[1])
Activa alls	12.000 000	86.091.704

1) Activa bankans nú að seðlum frádregnum (nema krónuseðlum).

Passiva

	Ríkis-bankinn	Hinir 2 bankar
Seðlar	9.000.000	—»—
Stofnsj. (hlutafje)	3 000 000	5.600 000
Önnur passiva	—»—	80.491.704
Passiva alls	12.000.000	86.091.704

Ef slíkur seðlabanki væri hjer, mættu stærstu bankar hafa jafnaðarupphæðir sem hjer segir: Móts við

Danmörku, stærsti banki um 17000000.
Noreg — — — 8000000.
Svíþjóð — — — 14000000.

En raunverulega mundu þeir hafa hvor nálægt 43 milj.

Af þessu sjest, að hjer á landi er alveg sjerstakt ástand í þessu efni, og með öllu ósambærilegt við hin Norðurlöndin, og að vegna þessa er brýn þörf á því, að seðlabankinn sje sterkari en annars gerist, en það getur hann varla orðið hjer með öðru en því, að styðjast við innlánsfje, sem vextir eru greiddir af. Sjest af þessu sem öðru, hve hættulegt það er, að vitna einhliða í erlenda reynslu, ef ekki er alls gætt.

Jeg hefi nú farið nokkuð út í þetta höfuðágreiningsefni, samband sparisjóðsstarfsemi og seðlaútgáfurjettar og ýmsar afleiðingar þess, hvort það verður látið viðgangast hjer eða ekki.

Þar sem jeg er nú enginn bankafræðingur, sem geti látið menn hlýða á orð mín sem eitthvert goðsvar (og svo mun nú reyndar vera með flesta hjer), þá er gott að geta úr flokki talað um þetta mál. Þegar þetta mál kom fyrst fram, á þingi 1924, var því frá vísað vegna þess, að það þyrfti að láta erlenda bankafræðinga segja álit sitt á málinu. Þetta var gert. Einhver besti fræðimaður í þessari grein var að spurður. En þá er það ófullnægjandi, og átti þá að spyrja hina „praktisku“ bankamenn, þá, sem sjálfir hefðu reynsluna. Nú hafa allar þjóðbankastofnanir á Norðurlöndum sagt álit sitt. Og öllum ber saman. En það dugar ekki samt.

Þó vonast menn víst varla eftir, að hægt sje að spyrja erlenda menn frekar um málið, því að nú er farið að toga ummæli þessara erlendu bankastjóra þannig, að þeir sjeu í raun og veru á móti því, sem þeir leggja til. En á móti öllu slíku verð jeg að láta nægja að vitna í orð þeirra, eins og þau liggja fyrir, og verður að sætta sig við það, þó að andstæðingarnir vitni sínu máli til sönnunar í það, sem lesa megi milli línanna. Jeg legg meira upp úr því, sem skrifað stendur í línunum. Jeg tek ekki upp einstök ummæli, því að það er langtum sterkara að taka álitsskjölin sem heild, og efast þá enginn um, hvað í þeim er lagt til um þetta mál. Hina aðferðina hafa aftur á móti venjulega þeir, sem eru að fá annað út úr orðunum en þau eigi að merkja, að rífa einstakar setningar úr samhengi.

En þessi samróma álit allra þeirra, sem leitað hefir verið umsagnar frá, bæði fræðimanna og bankamanna, eru feikilega mikill styrkur fyrir þjóð, sem sjálf er ung og lítið reynd. — Og það kemur hjer heim gömul reynsla, að það eru þeir ungu og óreyndu, sem hanga fastast í fræðisetningunum, en hinir reyndu hafa fræðisetningarnar svo að segja í blóðinu, og eru svo óhræddir að heimfæra alt eftir því, sem á stendur.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem mjög er gengið fram hjá. Það er oft talað svo, sem henda eigi seðlaútgáfurjettinum í Landsbankann án allra breytinga á honum. Það lá við, að það væri svo 1924, og þó ekki alveg. En svo er sama, hvernig breytt er í þessu efni, það stoðar ekkert. Skal jeg nú víkja að því helsta, sem breyta á í fyrirkomulagi bankans.

Það hefir verið leitast við að gefa

honum tryggari stjórn, bæði með því að kippa honum undan snöggum breytingum stjórnmálanna, og um leið að tryggja honum bankaráð, sem verði starfandi bankaráð, en ekki eins og áður hefir verið, til málamynda mestmegnis. Er til þess ætlast, að formaður bankaráðsins sje bankastjórninni jafnan innan handar og fylgist með í störfum hennar, og að bankráð og bankastjórn komi saman á hálfs mánaðar fresti, til þess að bankaráðið geti ráðið fram úr ýmsu um daglega starfsemi bankans.

Svo er það skifting bankans í sparisjóðsdeild og sjerstakan seðlabanka, sem er alveg aðskilinn hinni bankastarfseminni. Þessar tvær bankadeildir eiga ekki neitt annað sameiginlegt en að þær eiga að vera í „personal union“ um eina og sömu stjórn.

1. brtt. meiri hl. er aðeins til þess að leiðrjetta pennavillu í frv. stjórnarinnar, þar sem talað er um gullmynt, að nýr stafl. komi undir 9. gr. frv.

Þá er brtt. við 61. gr., um úttekt bankans, að í stað „bankráðs“ komi „ráðherra“. Sýnist það eðlilegra, því að bankráðið má skoða sem viðtakanda.

Þá er brtt. við 63. gr., og þar hefir meiri hl. nefndarinnar fært ákvæði stjfrv. í sama form og var hjá meiri hl. bankanefndar í frv. hennar. Í stjórnarfrv. er litið svo á, að bankastjórastöðurnar, sem hjer um ræðir, verði lagðar niður með hinum nýju bankastjórastöðum, og verði því öll bankastjóraembættin laus í upphafi. En meiri hl. vill fylgja milliþinganefnd í tillögum um þetta atriði, en þar er svo ákveðð, að þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni, þá skuli ráða aðalbankastjóra. Þessi ákvæði finnast meiri hl. fjhn. aðgengilegri heldur en ákvæði stjfrv.

Í 68. gr. frv. stendur „venjulegir forvextir“. Það er óviðkunnanlegt orðatiltæki, en mun vera átt við meðalvexti. Hefði verið betra að segja almennir forvextir. En meiri hl. fjhn. leggur til, að þar standi aðeins forvextir.

Að svo mæltu vil jeg mæla hið besta með frv. og vil brýna fyrir hv. þdm. að athuga, hve mikils virði það er, að binda nú enda á þetta mál, og að það er hart, ef þingið bæri ekki gæfu til þess.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi í sjálfu sjer ástæðu til þess að vera ánægður með það, hve litlar breytingar hv. meiri hl. fjhn. vill gera á frv. Það er enn ekkert nál. komið frá hv. minni hl. fjhn. og mjer skilst svo, að hann muni eigi koma fram með neitt álit, heldur aðeins leggja á móti frv. eins og við 1. umr.

Það liggur nú hjer fyrir, við 2. umr. málsins, að athuga einstakar greinar frv. og brtt. við það. Verð jeg þá fyrst að taka til athugunar brtt. hv. meiri hl. fjhn. og skal lýsa afstöðu minni til þeirra á þessa lund:

1. brtt. er ekkert athugaverð. Það er engin efnisbreyting, en mjer finst þó, að frvgr. hefði getað staðið óbreytt.

Brtt. við 61. gr. er um það, að í stað „bankaráðs“ komi „ráðherra“. Jeg felst á, að það sje eðlilegra, að ráðherra, sem ekki er við bankann riðinn, sjái um úttektina, heldur en bankaráðið sjálft. En jeg vil leiða athygli hv. fjhn. að því, að svo sýnist, sem seinni hluti greinarinnar geti ekki staðist óbreyttur, ef þessi breyting yrði gerð á fyrri hluta hennar.

Það kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum, að segja í seinustu málsgrein, að greiða megi bankaráðsmönnum sjerstaka þóknun fyrir úttekt bankans, þegar ráðherra á að framkvæma hana.

Í 63. gr. hefir háttv. meiri hl. fjhn. fært ákvæðin um þá bankastjórn, sem nú er, í sama horf og gert var í frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar í bankamálinu. Ástæðan til þess, að jeg breytti þeirri gr., var fyrst og fremst sú, sem í aths. við frv. segir, og jeg tel æskilegra að leggja þegar frá upphafi ábyrgðina á framkvæmdastjórn bankans á herðar einstökum manni heldur en þriggja manna jafnrjetthárra. Sýnist þetta því fremur nauðsynlegt, sem eftir frv. meiri hl. bankanefndar kemur fram að öðru leyti fult svo mikil dreifing ábyrgðar á rekstri bankans sem verið hefir, þar sem bankaráðinu var ætlað vald til þess að blanda sjer í svo að segja hvaða ráðstöfun bankastjórnarinnar sem er.

Hinsvegar er það um brtt. að segja, að jeg veit ekki, hvernig á að skilja hana. Jeg skal lýsa því, hvernig jeg skil hana, og getur þá hv. meiri hl. fjhn. leiðrjett þann skilning minn, ef hann er ekki rjettur. Það segir svo í brtt.:

„Uppsagnarákvæði 38. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni.“ Nú hefir 38. gr. ýms ákvæði að geyma. Eftir henni eru bankastjórar ráðnir með gagnkvæmum 6 mánaða uppsagnarfresti. Jeg býst við, að það sje þetta ákvæði, sem átt er við í brtt. En í 38. gr. eru líka ákvæði um frávikningarvald gagnvart bankastjórum. Nú hefir landstjórnin frávikningarvald gagnvart bankastjórunum, samkv. gildandi lögum. Þetta ákvæði lætur frv. haldast, en bætir því við, að bankaráðið geti einnig vikið bankastjóra frá. Jeg skil brtt. eigi svo, að frávikningarvaldið eigi að falla niður gagnvart núverandi bankastjórum. Brtt. gerir það líklega heldur torveldara að koma framtíðarskipulaginu á stjórn bankans þegar í upphafi. Þó geri jeg ekki svo mikið úr þessu ákvæði, því að ef nauðsyn þykir að losa mann úr bankastjórninni, til að hægt sje að koma á framtíðarskipulagi, þá geri jeg ráð fyrir, að það megi takast á friðsamlegan hátt. — Þá er aðeins eftir 5. brtt. hv. fjhn. Hefi jeg ekkert að athuga við hana.

Jeg verð að segja, að jeg varð í raun og veru hissa, að hv. meiri hl. fjhn. skyldi ekki hafa meira við stjfrv. að athuga, því að stjórnin hafði nauman tíma til að ganga frá því. Að vísu eru langir kaflar teknir óbreyttir upp úr frv. meiri hl. bankanefndarinnar, en öðrum er mikið breytt. Er því líklegt, að einhversstaðar hafi slæðst inn ósamræmi. Vil jeg leggja áherslu á, að hv. meiri hl. telji ekki störfum sínum lokið, heldur athugi frv. vel til 3. umr. — Jeg vil taka það fram, að hefði nægur tími verið til undirbúnings, hefði jeg hugsað mikið um það, hvort eigi hefði að skaðlausu mátt fella burt Landsbankanefndina, og leggja hin litlu störf hennar undir Alþingi og fulltrúaráðið. Jeg hefi í raun og veru ekki getað sannfærst fullkomlega um þörfina á þessum millilið milli þings og fulltrúaráðs. En það mundi kosta mikla umsteypingu á orðalagi á löngum köflum, ef farið væri að hrófla við þessu. — Annað atriði, sem jeg vil biðja hv. nefnd að athuga, er það, hvort bankaráðinu sje ekki ætlað fullmikið vald í frv., svo að það gæti tafið fyrir framkvæmdum

bankans. Því að eins og frv. nú er orðað, getur bankráðið tekið fram fyrir hendurnar á bankastjórninni í hverju máli, sem það kærir sig um. Er jeg ekki viss um, að það sje hagkvæmt. Öll orðun á valdsviði bankaráðsins er í þessu frv. komin inn á annað svið en í frv. 1924 og 1925. Get jeg fallist á, að í fyrra frv. hafi bankaráðinu verið falið heldur lítið vald, af þeim eðlilegu ástæðum, að það var samið af stjórn bankans, og var því líklegt, að þar væri reynt að styrkja framkvæmdarvaldið. En jeg er hræddur um, að hjer sje e. t. v. komið of langt í hina áttina. — Jeg vildi vekja athygli hv. meiri hl. á þessu, og biðja hann að athuga, hvort ekki má milda þetta ögn. Jeg skal raunar fúslega játa, að í framkvæmdinni mun mestu ráða um þetta, hverjar venjur myndast. — Að sinni hefi jeg þá eigi meira að segja um þetta frv., í einstökum atriðum.

Jeg mun eigi, að svo komnu, fara að ræða málið alment, nje aðrar uppástungur um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. Vil jeg aðeins taka tvent fram. — Jeg er ekki samdóma hv. frsm. meiri hl. (MJ) um samstarf sparisjóðs og seðlaútgáfu. Jeg hefi lítið öðruvísi á það mál, og er þetta því meira aðskilið í frv. því, er jeg bar fram, en fólst í ummælum hans. — Hitt, sem jeg vildi taka fram, er það, að jeg tel það höfuðröksemd til að samþykkja þetta frv., að ekkert annað fyrirkomulag hefir verið bent á, sem unt sje að sætta sig við. Hinsvegar skal jeg játa, að slíkir möguleikar geta verið til.

Sje jeg ekki ástæður til að segja meira að svo komnu.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Minni hl. fjhn. hefir ekki haft tækifæri á að koma fram með nál., því að hv. deild þóknaðist að skella málinu á dagskrá, áður en minni hl. hafði lokið starfi sínu. Jeg verð að telja honum það til afsökunar gagnvart meiri hl., að þar sátu tveir menn úr milliþinganefndinni um bankamál, og liggur því í augum uppi, að minni hl. átti að inna af hendi miklu meira verk og erfiðara, nú á þinginu. Hinsvegar get jeg lýst yfir því, fyrir hönd minni hl., að hann felst alveg á skoðun minni hl. milliþinganefndarinnar og getur því vísað til álits hans. Að vísu er það frv., sem hjer liggur fyrir, ögn breytt frá frv. meiri hl. milliþinganefndar, en þær breytingar skifta ekki máli. Þau eru eins í aðalatriðinu, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, en á því klofnaði nefndin. — Í frv. því, sem meiri hl. bankanefndarinnar skilaði af sjer, var gert ráð fyrir, að hver deild Landsbankans hefði sjerstakan reikning, en í stjfrv. er gert ráð fyrir, að fjárhagurinn verði alveg aðskilinn. Þetta álítur minni hl. fjhn. gersamlega þýðingarlaust, því að bankastjórn, sem hefir stjórn slíkra fyrirtækja, sem grípa nokkuð hvert inn í annars starfsvið, hlýtur ætíð að verða svo háð sínum eigin framkvæmdum í einni „deildinni“, að það hafi áhrif á stjórn hinna. — Minni hl. gerir yfirleitt lítið úr þessari skiftingu í deildir, því að frá upphafi hefir það verið vitanlegt, að sjerstakur reikningur yrði haldinn yfir seðlaútgáfuna, þótt svo væri eigi ákveðið í lögum.

Að vísu mun ætlast til þess, að við 2. umr. snúist umræðurnar um einstök atriði frv.; en þegar ágreiningur er um höfuðatriðið, svo sem hjer er, hlýtur það að koma strax fram, enda þótt fresta mætti umr. um það til 3. umr. Vil jeg

því samkv. venju gera nokkra grein fyrir skoðun minni hl. fjhn., í sambandi við ummæli hv. frsm. meiri hl. (MJ).

Það er al-viðurkent, að þróun bankamála í heiminum hefir leitt til þess, að seðlabankarnir hafa orðið bankar bankanna. En það er eins og einhver ágreiningur sje um það, af hverju þetta stafar. Út af þessu er rjett að líta á sögu bankanna, og hana er hægt að rekja í fáum setningum. Í fyrstu er bankastarfsemi mjög takmörkuð, fólgin í því að vera einskonar milliliður milli þeirra, sem vilja leigja út fje, og hinna, sem vilja fá það. Síðan fara bankarnir að gefa út seðla, og eru í upphafi engar hömlur á þeirri útgáfu. En þetta reyndist stórhættulegt, og löndin lenda í hættu og kröggum út af hinni ótakmörkuðu seðlaútgáfu. Síðan er seðlunum komið í sjerstaka banka, oftast ekki nema einn í hverju landi. Þessir bankar verða síðan viðskiftamenn annara banka á eðlilegan hátt, og leiðir þróunin síðan til þess, að þeir fást eingöngu við slík viðskifti, verða bankar bankanna. Því virðist nú hafa verið haldið fram, að þetta væri eintóm tilviljun, en það sýnist einkennilegt, og það því fremur, sem þetta hefir farið eins í meginatriðum í öllum löndum, sem þroskuð fjármál hafa. Nei, þetta er engin tilviljun, heldur stafar það af því, að þetta fyrirkomulag hefir verið álitið best og tryggast. Allar aðrar skýringar eru gersamlega óskiljanlegar. — Nú er vert að aðgæta, hvort nokkuð í þróuninni hjer á landi gerir það sanngjarnt, að breytt sje frá meginreglum annara þjóða. Getum við bent á nokkra slíka þróun í íslenskum bankamálum? Jeg get ekki fallist á það, sem haldið hefir verið fram, að seðlaútgáfan hafi verið hjá Landsbankanum, áður en Íslandsbanki fjekk hana í hendur. Þessir „seðlar", sem bankinn gaf út, voru honum fengnir sem höfuðstóll, en það voru engir vanalegir seðlar, og giltu eigi um þá þær reglur, sem gilda um almenna bankaseðla. Þegar því meiri hl. talar um þetta sem söguleg rök, þá er það ærið ljett á metunum. Þegar hjer er farið að gefa út seðla, er það falið þeim banka, sem jafnframt átti að vera aðalviðskiftabanki landsmanna. Þróunin hefir orðið sú, að flestir, ef ekki allir, eru sammála um, að þar megi seðlaútgáfan ekki lengur vera. Af hverju? Er það af því, að hann er einkabanki? Nei, ríkið hefir haft full tök á að hafa öll umráð yfir bankanum. — Er það þá af því, að svo hentugt sje að breyta til? Ekki getur það verið. Því að það sjer hver maður, að hagkvæmara er fyrir allan atvinnurekstur, að hafa seðlaútgáfuna alt af á sama stað, nema eitthvað vinnist við breytinguna. Það hlýtur alt af að skapa óvissu í fjármálunum að flytja seðlaútgáfuna úr einum banka í annan. Má í því efni vísa til sögulegrar reynslu annara þjóða. — Ástæðan er sú, og getur ekki verið önnur en sú, að það hefir ekki gefist svo vel sem menn væntu, að hafa seðlaútgáfuna þar, sem áhættuviðskifti og almenn bankastarfsemi kom henni út á hálan ís. Þetta er fyrsta ástæðan til þess, að koma varð seðlunum annarsstaðar fyrir. — Ef þetta er rjett ályktað, leiðir af því, að engin bót er að taka seðlaútgáfuna frá einni áhættustofnun og fá hana annari. Nú sýndi frsm. meiri hl. (MJ) með tölum, að Landsbankinn eykst með ári hverju og er að komast fram úr Íslandsbanka

í viðskiftum. Frá því að vera miklu minni, er velta hans nú orðin fult svo mikil sem Íslandsbanka. En hvað sýnir þetta? Það eitt, að hann er að komast meira og meira inn í viðskiftin og verða ófærari til að taka að sjer seðlaútgáfuna.

Mjer virtist hv. meiri hl. hneykslast á því, að vitnað er í sögulega þróun annarsstaðar. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) talaði um „gang málanna", að hann hefði orðið til þess, að svona fór erlendis. En jeg og minni hl. milliþinganefndarinnar höfum sýnt fram á, að „gangur málanna" er einmitt fram kominn fyrir reynslu manna. Jafnframt höfum við sýnt það og sannað, að það, sem best á við erlendis, er einnig hagkvæmast hjer. — Hv. meiri hl. vitnar í ummæli erlendra sjerfræðinga, því til sönnunar, að „gangur málanna" geti orðið annar hjer en í öllum löndum öðrum. — Það er rjett, að í orði kveðnu gera þessi ummæli ráð fyrir, að hægt sje að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna. En það fylgir nokkur böggull skammrifi. Þessir erlendu sjerfræðingar gera kröfur til bankans, sem hvorugur hv. meiri hl. sýnir nokkurn lit á að fylgja. — Hv. frsm. meiri hl. sagði t. d., að ekki væri annað en að lækka innlánsvexti, ef svo mikið fje bærist að bankanum, að illa gengi að ávaxta það. En í frv. er ekki svo mikið sem drepið á þetta. Þvert á móti er bygt á því, að best sje að hafa sem mest innlánsfje. — Jeg skal í þessu sambandi benda á ummæli aðalbankastjóra sænska ríkisbankans. Hann segir, að óhætt sje að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, að því tilskildu, að að sjálfsögðu fái hann öðrum sparisjóðinn í hendur. Hv. meiri hl. er algerlega óheimilt að taka slík ummæli sem þessi sjer til inntektar, en strika alveg yfir skilyrðin. — Ef jeg geri samning við einhvern mann um að fá einhver fríðindi, gegn því að taka á mig skyldur í staðinn, get jeg þá varpað af mjer öllum þeim skyldum, sem á mjer hvíldu, en haft það eitt, er mjer gott þykir? — En þessi merki sænski bankastjóri setur svo ákveðin skilyrði fyrir umsögn sinni, að með því fyrirkomulagi, sem hv. meiri hl. stingur upp á, er hann greinilega á móti því að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna. — En afstaða þessa bankastjóra er einna skýrust. Ummæli hinna eru loðnari, en allir slá þeir meiri og minni varnagla. — Þetta geta allir háttv. þm. sannfært sig um, ef þeir lesa álit minni hl. milliþinganefndarinnar, — eða brjefin sjálf með áliti meiri hl. — Meiri hl. nefndar þeirrar, er skipuð var í Svíþjóð fyrir nokkrum árum, til að athuga þessa hluti og gera tillögu um, hve haganlegast yrði fyrir komið bankastarfseminni þar í landi, leggur eindregið á móti því, að ríksbankinn fái víðtækan rjett til að taka við innlánum. — Þar á meðal er hinn þektasti fjármálafræðingur á Norðurlöndum, prófessor Cassel. Hann segir, eins og tekið er fram í áliti minni hl. milliþinganefndarinnar, — með leyfi hæstvirts forseta:

„Jeg er ekki aðeins á móti tillögunni um sjerstakan ríkis-viðskiftabanka eða sjerstaka viðskiftadeild innan ríkisbankans, heldur og jafnmikið á móti því, að ríkisbankanum sje leyft að taka á móti innlánsfje gegn vöxtum."

Það er dálítið einkennilegur „gangur málanna", að meiri hl. bankanefndarinnar hjer tekur upp langa kafla úr áliti minni hl. bankanefndarinnar sænsku, en slær alveg striki yfir ummæli þessa fræga manns og alls meiri hlutans.

Eins og jeg sagði áðan, hefir því hvergi verið mótmælt, — aðeins gert lítið úr hinni sögulegu þróun, — að seðlabankarnir hafi orðið bankar bankanna, og dregið sig meir og meir út úr hinum almennu viðskiftum. Vil jeg því fyrir hönd minni hl. fjhn. slá því föstu, að eins eigi hjer að vera.

Þá koma til álita þeir örðugleikar, sem á því kynnu að vera, að koma hjer upp sjerstökum seðlabanka. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að seðlabankar gætu ekki int af hendi þær skyldur, sem á þeim hvíldu, nema þeir væru sterkir. Þetta er auðvitað alveg rjett. En bankar geta verið sterkir á ýmsan veg. Þeir geta verið sterkir vegna mikilla viðskifta, vegna mikils eignarfjár og vegna þess, hvernig viðskifti þeir hafa. — Hjer eru nú tveir bankar. Annar á nokkurt hlutafje, en hinn auk varasjóðsins litla upphæð, sem er innskotsfje frá landssjóði. Báðir hafa bankarnir tapað miklu fje, svo að óvíst er, hve eigið fje þeirra er mikið. En það vita menn, að það er mjög lítið. Nú er farið fram á, með því frv. sem hjer liggur fyrir, að leggja Landsbankanum til 3 miljónir króna, og mætti auðvitað eins fá þær sjerstökum seðlabanka. — Ef hann fengi nú þessar 3 miljónir, þá verður styrkleikasamanburðurinn á milli hans og hinna bankanna, að því er eigið fjeð snertir, þessi: Seðlabankinn 3 milj., Landsbankinn 1—2 milj. (innskotsfje landsjóðs) og Íslandsbanki 4¼ milj. hlutafje, ef gert er ráð fyrir, að það sje óskert; svo að munurinn verður ekki svo mikill hvað þetta snertir. Hitt er rjett, að hinir bankarnir hafa ýmislegt annað fje. En mest af því eru lán, sem hvíla þungt á þeim og verða æ meiri baggi, vegna hinna háu vaxta. Báðir bankarnir hafa slík stórlán og þurfa að borga af þeim háa vexti. Er það kunnugt, að Íslandsbanki hefir því eigi getað lækkað vexti sína. — Það er ekki allur styrkur bankanna fólginn í því að hafa mikið fje til umráða, heldur er undir því komið, með hvaða kjörum það fje er fengið. En þótt við göngum inn á það, að hinir bankarnir hafi meira fje og sjeu styrkari að því leyti, þá er eftir að gæta styrkleikans á öðrum sviðum. — Aðalstyrkur seðlabankans verður í seðlaútgáfunni. Hv. meiri hl. fjhn. vill ekki gera mikið úr krafti þeim, sem seðlaútgáfunni fylgir. Skal játað, að skiftar skoðanir eru um það. Vil jeg þá aftur vísa til álits meiri hluta sænsku bankanefndarinnar. Cassel heldur, að með seðlaútgáfunni geti bankinn ráðið bókastaflega öllu í fjármálunum. — Það er rjett, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) tók fram, að við erum engir bankafræðingar, en við getum vitnað til bankafræðinga. Sjálfur vitnaði hann þannig með mikilli andakt í þá sjerfræðinga, sem hann hjelt að styddu hans mál. En það vill nú svo til, að við í minni hl. getum einnig vísað til fræðimanna, fyrst og fremst meiri hl. þessarar sjerfróðu sænsku nefndar, og einnig til þess, sem mest ber á í áliti fræðimanna þeirra, er skrifað hafa bankanefndinni hjer: að taka beri tillit til staðhátta. Og það eru einmitt sjerstakir staðhættir hjer, sem gera það að verkum, að valdið, sem fylgir seðlaútgáfu hjer á landi, er meira en nokkursstaðar annarsstaðar. Kemur það einkum af tvennu: Það mun varla vera í nokkuru landi, að unnið sje tiltölulega eins mikið með lánsfje eins og hjer. Bankarnir vinna að mjög miklu leyti með lánsfje, og eins er um

flesta starfsemi í landinu. — Hitt atriðið er það, að hvergi eru eins miklar sveiflur í seðlaþörfinni eins og hjer. Hefir munurinn orðið alt að 100% á einu ári, ef miðað er við lágmark seðlaútgáfunnar. Það er auðsjeð, að þetta gerir það að verkum, að vald seðlabankans er ákaflega mikið, svo að hann getur með þessu haldið hinum bönkunum svo að segja í greip sinni. Það er því alveg út í bláinn, þegar talað er um, að þessir „voldugu ofjarlar", viðskiftabankarnir, geti keyrt seðlabankann alveg í kútinn.

Það þarf raunar ekki að líta svo langt, til að sjá, hve voldugir þessir „ofjarlar" eru, þegar þeir þurfa að sækja til annara um seðla. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sje þetta í minni, og mun því ei fara frekar út í það. — Ef seðlabankanum væri nú fenginn 3 miljóna króna höfuðstóll, sem frv. fer fram á að veittur sje Landsbankanum, yrði hann fyllilega sambærilegur öðrum bönkum hjer að fjármagni, auk þess sem hann gæti haft alt vald á hinum bönkunum með seðlaútgáfunni. Þarf jeg ekki að þylja upp allar ástæður til þess, en læt nægja að vísa til álits meiri hluta sænsku bankanefndarinnar, og þar með Cassels. Segir hann, að með seðlaútgáfunni geti bankarnir ráðið vöxtum, hve mikið er lánað út og gengisráðstöfunum.

Af því að hv. meiri hl. hefir lagt sjerstaka áherslu á, að sjerstakur seðlabanki verði máttlaus til að forða frá gengissveiflum, skal um það farið nokkrum orðum. Jeg vil halda því fram, að Landsbankinn verði alveg magnlaus engu síður, ef hann nýtur þar ekki styrks ríkisins. Hvor þeirra, sem á að taka þetta hlutverk að sjer, verður að hafa til þess styrk ríkissjóðs og stjórnar. Hinsvegar getur seðlabankinn gegnum seðlaútgáfu sína haft áhrif á það, hve hinir bankarnir verja fje sínu, innlendis og erlendis, þannig að þeir kæmu í veg fyrir gengissveiflur, enda þótt Landsbankinn hafi meira fje, sem hann getur látið standa í bönkum erlendis. Má um þetta vísa í dæmi úr nýjustu reynslu vorri, að með valdi seðlaútgáfunnar hefir verið hægt að láta annan bankann ráðstafa lánsfje, sem hann gat fengið erlendis, eftir því sem henta þótti vegna gengisins. En ef verulega kreppu bæri að höndum, er nokkurnveginn sama, hvort hafður er sjerstakur seðlabanki, eða seðlaútgáfan er falin Landsbankanum. Þá er ekkert hægt að gera án stuðnings ríkisstjórnarinnar.

Þá er eitt atriðið, sem menn hafa haft á móti því, að fela sjerstakri stofnun að fara með seðlaútgáfuna, að hana myndi skorta kunnugleik um efnahag manna, ef hún hefði ekki bein viðskifti við almenning. Það má vera, að þetta geti verið ástæða annarsstaðar, þar sem atvinnuvegirnir eru miklu margbreyttari og fólksfjöldi meiri. En þó hafa menn ekki látið það hrella sig. En það er ljóst, að þeir örðugleikar eru margfalt minni hjer en í nokkru öðru landi. Þetta er helber hugarburður hjá háttv. nefnd. Því að þar sem viðskiftalíf og atvinnuvegir eru ekki margbrotnari en hjer, getur hver bankastjóri fylgst með, ekki aðeins því, sem gerist á næstu grösum, heldur út á ystu annes. Þetta er hvergi hægara en hjer. — Á hinn bóginn má benda á, að sje seðlaútgáfan í höndum banka, sem rækir almenn viðskifti, þá hefir hann þarna örðugri aðstöðu, ef keppinautar hans, af misskilningi eða öðrum orsökum, dylja

hann um fjárhag manna, sem við þá skifta.

Þá er loks síðasta ástæðan, sem hv. meiri hl. fjhn. færir gegn sjerstökum seðlabanka. Það er, ef Landsbankinn heldur áfram að starfa sem hingað til, yrði hjer tveir ríkisbankar, og væri þá hætt við, að einkabönkum þætti verða allþröngt fyrir dyrum. Mjer er nú satt að segja alveg óskiljanlegt, hvernig hv. meiri hl. hugsar. Í mínum augum er ekki vafamál, hvort aðgengilegra sje fyrir einkabankana, að valdið sje „concentrerað" á einum stað, eða skift niður í tvo. Enda er það í flestra augum eitt helsta atriðið á móti því að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, að með því verði alt valdið í einni stofnun. Verð jeg þannig að lýsa þeirri niðurstöðu, að viðbárur hv. meiri hl. eru ákaflega ljettvægar.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. (MJ) um það, að söguleg þróun hjer á landi stefndi öll í þá átt, að seðlarnir skyldu fara í Landsbankann. Þetta eru einhver þau undarlegustu ummæli, sem jeg hefi heyrt. Mjer er ómögulegt að skilja, hvernig þetta slagorð er fundið upp. Hver var eiginlega þessi sögulega þróun? Jú, fyrst svonefndir seðlar hjer á landi voru gefnir út af Landsbankanum! En þetta voru engir seðlar í vanalegri merkingu, heldur voru aðeins kallaðir því nafni. Auk þess voru þeir í raun og veru gefnir út af ríkissjóði, en ekki af bankanum. Síðan fær Íslandsbanki þá fyrstu raunverulegu seðlaútgáfu hjer á landi. En eftir árið 1917 er farið að ræða um, að hann láti hana af hendi til Landsbankans. En eftir 1920 fara að rísa upp mótmæli gegn því, að fá seðlaútgáfuna annari áhættustofnun. Þá eru tekin að opnast augu manna fyrir því, hve hættulegt var að blanda henni saman við þess háttar starfsemi. — Jeg get ekki gert mjer grein fyrir, hvað þeir meina með þessari „þróun". Jeg kemst einna næst því, að þeim finnist seðlarnir vera á leiðinni úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann, og nú einna helst svífandi í lausu lofti miðja vegu.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) lagði einlægt sterka áherslu á það, að það væri um að gera og mjög mikilsvert fyrir seðlabanka að hafa innlánsstarfsemi jafnhliða seðlaútgáfunni. Þarna er hv. frsm. (MJ) í berri mótsögn við alla sjerfræðinga, og er ákaflega hægur vandi að sýna það í fylgiskjölunum með áliti meiri hl. milliþinganefndarinnar í bankamálinu. Og þessi „krókur á móti bragði", sem hann segir, að seðlabankinn gæti gert, ef hræðsla gæti gripið menn við það að eiga innlánsfje sitt hjá honum, að gefa þá út seðla til þess að fullnægja fyrirspurninni, hygg jeg, að fleirum en mjer finnist varhugaverður. Og háttv. frsm. meiri hl. (MJ) gáði ekki að því, að það eru takmörk fyrir, hve mikið má gefa út af seðlum, svo að það verður þá væntanlega ekki hægt að gera það með öðru móti en því að fá undanþágu frá þeim settu reglum um tryggingar. Eitt er það, sem er afareinkennilegt við röksemdafærslu hv. meiri hl., auk þess, sem jeg hefi talað um, það er sambandið við það, hver áhrif það hefir fyrir viðskiftalífið í landinu, ef Landsbankinn er gerður að seðlabanka og þá breytt, eins og verður að gera kröfu um þessvegna. Þá er og slegið á þann streng, að það eigi að breyta bankanum þannig, að svo og svo mikið af starfsfje hans sje sett í verðbrjef, og að það geti unnið sitt hlut-

verk þar. Það er mikið rjett og gott og blessað út af fyrir sig, ef við það væri þá staðið. En svo þegar talað er um það, hvað þetta geti komið viðskiftamönnunum illa, það geti valdið reglulegu fjárþroti hjá atvinnuvegunum, þá er strax farið að draga úr þessu. Þegar bent er á hættuna af því, að hafa innlánsstarfsemi í sambandi við seðlaútgáfu, þá er vísað í ákvæðið um, að ⅓ af innlánsfjenu sje í verðbrjefum, en ef þá er bent á, að það muni leiða til veltufjárskorts fyrir atvinnuvegina, þá er kúvent og talið óþarft að hafa þetta ákvæði. — En með ákvæðinu er einmitt viðurkent í frv. sjálfu, að hjer sje um einhverja hættulega braut að ræða. Jeg hefi heldur ekki skift skoðun um það, enda sje jeg ekki, að hæstv. stjórn og hv. meiri hl. ætli að gera breytingu á þessu ákv. frv., sem fer fram á það, að ⅓ hluti af innlánsfje Landsbankans sje festur í verðbrjefum, og eftir því, sem mig minnir, mun þetta nú nema um 9 miljónum, sem þannig ætti að draga út úr venjulegri viðskiftaveltu bankans, og er þó líklega helsti lágt áætlað. Jeg er hræddur um, að viðskiftalífið fyndi dálitið til þess, að 9 miljónum væri kipt þannig út, jafnvel þótt það væri þannig sett í fasteignabrjef, enda er öðrum þræði talað um að bæta það upp með því að stofna nýjan banka, og jeg skil það svo, að þegar hæstv. stjórn kom með þetta nýja frv., þá hafi það fyrst og fremst verið borið fram til þess að setja undir þann leka, og má í því sambandi vísa til þess, að þá var einmitt rætt um, að með þessari breytingu á Landsbankanum yrði of mjög þrengt að viðskiftalífinu; en við eigum eftir að sjá, hvort það tekst að stofna nýjan banka hjer. Jeg skal fúslega játa það, að ef það væri nokkurnveginn vissa fyrir því, að tök væri á að stofna hjer annan banka, álíka fjesterkan og Íslandsbanka, mundi málið horfa töluvert öðruvísi við, ekki aðeins vegna þess, að þá væri bætt úr veltufjárskerðingu þeirri, sem Landsbankinn yrði fyrir, heldur myndi þá líka verða tök á því að koma honum út úr þeim áhættuviðskiftum, sem hann nú er bundinn við, en á meðan ekki er nein vissa, jafnvel ekki nokkur von um, að slíkur banki komi, þá sje jeg ekki, að það geti talist forsvaranlegt að ætla Landsbankanum að draga mjög mikið fje út úr sinni venjulegu viðskiftaveltu, vegna þess að það er óhjákvæmilegt, eins og nú standa sakir, að Íslandsbanki verði að draga saman seglin hjá sjer, enda er það vitanlegt, að hann er þegar farinn til þess, eins og líka háttv. frsm. meiri hl. (MJ) rjettilega benti á, að hann mundi gera, en talaði jafnframt um tilsvarandi aukningu hjá Landsbankanum. Þetta sýnir sá samdráttur, sem orðinn er hjá Íslandsbanka. Hitt skilja víst fæstir, ef Landsbankinn verður að fara eins að, að þá geti verið um nokkra þróun í atvinnulífinu að ræða, því að það gæti ekki leitt til annars en reglulegrar kyrkingar á atvinnulífinu. Þetta tvent getur ekki farið saman, að Íslandsbanki minki veltufje sitt með því að láta af hendi seðlaútgáfuna, og Landsbankinn sömuleiðis takmarki útlán sín, af því að hann tekur við henni. Jeg held þessvegna, að það væri varlegra að fresta þessu máli að minsta kosti þangað til, að sjeð væri, hvort nokkur von væri um það, að hjer fengist stofnaður nýr banki.

Jeg sje ekki ástæðu til að vera að fara út í þann samanburð á fjárstyrkleika bankanna hjer og annarsstaðar á Norðurlöndum, sem hv. frsm. meiri hl.

(MJ) las upp, því að jeg geri ráð fyrir, að það hafi farið nokkuð fyrir ofan garð eða neðan hjá fleiri hv. þm. en mjer, og slíkur tölulestur hefir lítil áhrif á afstöðu manna til málsins, sjerstaklega vegna þess, að það hefir verið lögð áhersla á það af sumum hv. þm., og ekki síst af hv. frsm. meiri hl. (MJ), að hjer væri svo ólíku saman að jafna að mörgu leyti. Og þó að hægt hafi verið að sýna fram á einhvern veikleika hjá sjerstökum seðlabanka, þá er líka hægt að sýna fram á stórkostlegan styrkleik í öðru, sem vegur fullkomlega upp á móti því, þó að hann standi að einhverju leyti ver að vígi heldur en seðlabankar annarsstaðar. Vil jeg þar sjerstaklega minna aftur á hinn stórkostlega mun á hámarks og lágmarks seðlaútgáfu þeirri, sem hjer er, og að bankanum er með því gefinn kostur á að taka fyrir kverkar hinna bankanna og stöðva útlán þeirra, ef honum sýnist, og áhrif hans verða því meiri sem líður á árið og atvinnurekstrinn fer að lifna við, þá verður afstaða hans svo miklu sterkari en seðlabanka annara landa, þar sem sveiflurnar eru svo tiltölulega litlar og því verra að beita áhrifum af þeim. En þrátt fyrir þetta segja þeir menn, sem voru í bankanefndinni sænsku, að með seðlaútgáfunni geti bankinn fullkomlega ráðið framkomu einkabankanna.

Halldór Stefánsson: Við höfum borið hjer fram, hv, þm. Str. (TrÞ) og jeg, brtt. á þskj. 386, við 30. gr. frv. Það er svo ákveðið í þessari frvgr., að ⅓ hluti þess innlánsfjár með sparisjóðskjörum, sem bankinn hefir með höndum, sje haft í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum, og í 29. gr. er talað um skuldabrjef bæjar- og sveitarfjelaga, sem trygg og auðseld brjef, svo að það má ætla, að þau sjeu einnig meðal þeirra verðbrjefa, sem 30 gr. telur meðal tryggra og auðseldra verðbrjefa. Það má nú teljast eðlilegt og rjett, að miklum hluta sparisjóðsfjár landsmanna sje ráðstafað einmitt á þennan hátt, sem hjer er gert ráð fyrir; það miðar að því að koma sparisjóðsfjenu sem tryggilegast fyrir, og ákveður að nokkru leyti verksvið þess. Kostum þessa fyrirkomulags hefir hv. frsm. meiri hl. (MJ) nokkuð lýst, og get jeg látið nægja að vísa til þess, en þá er spurningin aðeins um það, hve mikill hluti af sparisjóðsfjenu verði þannig bundinn og í hverjum tegundum lána. A-liður till. okkar miðar að því, að ákveða, að stærri hluti af sparisjóðsfjenu en ákveðið er í frv. verði bundinn í verðbrjefum, sem sje helmingur sparisjóðsfjár Landsbankans í stað ⅓. Munurinn er eins og menn skilja ⅙ hluti þess sparisjóðsfjár, sem bankinn hefir. Við álítum, að því stærri hluta, sem bankinn hefir ráðstafað þannig, því eðlilegar og tryggar sje um sparifjeð búið, og því veikari sjeu þær ástæður, sem hægt er að færa á móti því, að hafa sameiginlegan seðlabanka og sparisjóðsstarfsemi.

Það hefir nú jafnan verið svo á undanförnum tímum, að landbúnaðurinn hefir orðið nokkuð útundan með lánsfje og hætt við, að svo mundi verða framvegis, nema einhverjar ráðstafanir sjeu sjerstaklega til þess gerðar að varna því. Þetta stafar vitanlega af eðlismun atvinnuveganna, landbúnaðurinn er seinn að velta fje, og ágóðinn af honum er hægari og minni heldur en af öðrum atvinnuvegum, en fyrir því er

ekki næg ástæða til að svelta þann atvinnuveg um lánsfje um skör fram. Að því miðar b-liður till. okkar, að tryggja landbúnaðinum ¼ hluta þess sparifjár, sem bankanum berst í hendur, og jafnframt er þá mismunur vaxta takmarkaður við ¼% hækkun frá innlánsvöxtum, til þess að stuðla að því, að landbúnaðurinn geti þá fengið lánsfje með þeim kjörum, sem honum eru fær eftir eðli sínu að bera.

Jeg hefi þá reynt að gera grein fyrir því, sem fyrir okkur vakir með þessari brtt., og vænti að mjer hafi tekist að gera hv. þm. það skiljanlegt, enda er þetta ekki flókið mál.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er brtt. á þskj. 386, sem jeg vildi minnast á. Jeg verð að segja það, að jeg geri í rauninni ráð fyrir, að hv. þd. megi vera það ljóst þegar af ummælum háttv. frsm. minni hl. (JakM), að því er snertir binding sparisjóðsfjárbankans í verðbrjefum, að það er ákaflega langt frá því, að það sje forsvaranlegt, eins og nú stendur á, að skylda þennan sparisjóð til þess að binda helming af sínu innlánsfje í verðbrjefum. Jeg gat þess þegar við 1. umr. málsins, að jeg væri í mjög miklum vafa um það, hvort hjer ætti að taka upp það ákvæði, sem stendur í frv. milliþinganefndar, um það að skylda bankann til þess að binda ⅓ hluta sparifjárins í verðbrjefum, og jeg gat þess jafnframt, að mjer sýndist að minsta kosti önnur höfuðástæðan fyrir því fallin í burtu, um leið og gerð var alger aðgreining milli seðlabankastarfsemi hans og sparisjóðsstarfsemi, því að þá er ekki lengur þörf á þessu til að tryggja seðlabankastarfsemi hans. Það verður þá að byggjast á því, að mönnum þyki eðlilegt, að sparisjóðsfjenu sje ráðstafað þannig. En frá því sjónarmiði er í rauninni rangt að hafa ákvæðin um verðbrjef mjög mismunandi fyrir þennan sparisjóð, við það, sem er fyrir aðra sparisjóði landsins. Jeg skal um leið, út af því, sem háttv. frsm. minni hl. (JakM) sagði um þetta atriði, geta þess, að jeg lít svo á, að það bindi um stund 4 miljónir króna, frádregnar þeim fasteignaveðlánum, sem hann gæti breytt í verðbrjefalán. Hv. frsm. minni hl. (JakM) telur fje á innlánsskírteinum með sparisjóðsfjenu, en jeg tel það ekki; jeg tel það alveg óafgert mál, hvort það mundi frekar lenda í sparisjóðsdeild, eftir því sem stjfrv. er úr garði gert. En ef það nú virkilega þýddi það, að 4 miljónir króna skyldu teknar úr víxillánum og settar í verðbrjefalán, þá er það náttúrlega tilfærsla, sem getur verið mjög erfið og jafnvel hættuleg, ef á að framkvæma hana mjög snögglega, en því erfiðara, ef á að taka helming af sparisjóðsfjenu og breyta því í verðbrjef. Það væri hjer um bil sama sem að tvöfalda þá upphæð, sem bankinn þyrfti að draga úr víxlaveltu og breyta í verðbrjefaeign, það mundi hækka upphæðina um 3½ miljón, ef reiknað er eftir minni tölu, og um 4 miljónir, ef reiknað er eftir tölu hv. frsm. minni hl. (JakM). Og jeg verð að segja, að ekki geti komið til mála að gera þetta, viðskiftalíf landsins getur ekki þolað það, að þetta sje gert nokkuð nálægt því í einni svipan eða svo. Að öðru leyti er tillagan líka, að því er snertir ákvörðun um vexti, náttúrlega mjög óaðgengileg og óframkvæmanleg og felur í sjer hreina gjöf til landbúnaðarins frá eigendum sparifjár í Landsbankanum, en hinsvegar ekki þörf á

henni vegna Ræktunarsjóðsins, að minsta kosti ekki fyrst um sinn, því að það hefir hingað til ekki komið fyrir, að hann gæti ekki útvegað sjer fje til þess að fullnægja öllum fyrirliggjandi, rjettmætum beiðnum um útlán. Þetta hefir meðal annars komið fram á þann hátt, að stjórn sjóðsins hefir ekki haft ástæðu til að gera neitt af því, sem ætlast er til að stjórn Ræktunarsjóðsins geri til þess að koma út Ræktunarsjóðsbrjefum, það hefir verið nægilega selt undan hendinni og ekki þurft að grípa neitt til þess. Og jeg er ekki í neinum efa um, að hún getur selt mikið, hvenær sem hún gerir ráðstafanir til þess. Jeg mun taka það til athugunar undir 3. umr., hvort ekki sje rjett að koma með brtt. viðvíkjandi þessari verðbrjefaeign sparisjóðsdeildarinnar, til þess að ákvæðin um hana verði meira í samræmi við það, sem rjett þykir að láta gilda um sparisjóði alment, því að eins og stjfrv. er bygt upp, er í rauninni eðlilegast, að um sparisjóðsdeildina gildi að sem mestu leyti hin almenna löggjöf um sparisjóði í landinu og að henni sje stjórnað þar eftir. Að öðru leyti ætla jeg mjer ekki að fara að svara hv. frsm. minni hl. (JakM), því að jeg ætla, að hans ræða beindist aðallega að hv. meiri hl. og hans frsm., og jeg ætla á engan hátt að hlaupa neitt fram fyrir hv. frsm. meiri hl. (MJ), heldur bíða með mínar athugasemdir, þar til hann hefir svarað fyrir sig.

Jón Auðunn Jónsson: Það er ekki undarlegt, þó að nú sjeu hafðar langar umræður um mál sem þetta, við 2. umr., þar sem það var látið fara umræðulaust gegnum deildina við 1. umr. Annars hefði jeg óskað, að meðhaldsmenn frv. hefðu tekið til máls, svo að jeg þyrfti ekki að endurtaka það, sem hv. frsm. minni hl. (JakM) sagði áðan, en það hefir enginn staðið upp til að andmæla ræðu hans, og því erfitt að tala um málið, án þess að endurtaka eitthvað af því, sem hann hefir sagt.

Jeg skal þá byrja á því, að hv. meiri hl. byggir talsvert á því í nál. sínu, að það hafi verið skoðun landsmanna um nokkuð langt árabil, eða öllu heldur síðan Íslandsbanka var fyrirlagt að sleppa útgáfurjettinum, að þá ætti útgáfurjetturinn að falla til Landsbankans. Mjer er óhætt að segja, að þessi skoðun byggist á því, að haldið hefir verið mjög eindregið fram, einkum í ársargreinum á Íslandsbanka, að seðlaútgáfan væri svo mikils virði, að óhæfilegt væri að láta hana í hendurnar á einkabanka. En jeg fullyrði, að hingað til sjeu engin rök færð fyrir því, að seðlaútgáfan hjer á landi, eins og til hagar, sje nein gullnáma, nema því að eins að hún sje notuð öðruvísi en heppilegt er og nauðsynlegt fjármálalífinu hjer.

Þetta, að seðlaútgáfurjetturinn sje mikils virði fjárhagslega sjeð, fyrir sambandið, sem hann hefir, er villukenning, og fólkið trúir þessu, af því að því hefir ekki verið andmælt. Hjer hefir almenningur bygt á skakkri skoðun, og þess vegna hefir verið talið sjálfsagt af öllum þorra landsmanna, að Landsbankinn fengi seðlaútgáfuna.

Við sjáum nú það, að þann tíma, sem Íslandsbanki hafði seðlaútgáfurjettinn, — ýmist til þess að græða fje eða koma sjer úr klípu, — þá var seðlaútgáfan peningavirði, en ef seðlaútgáfan er rekin skynsamlega, þá er hún ekki fjár-

munalegur stuðningur þeim banka, sem hefir hana. Þess vegna er öllum óhætt að ályktа sjálfstætt um seðlaútgáfuna, menn þurfa þar ekki að taka tillit til Landsbankans, því að seðlaútgáfan verður honum hvorki gullnáma nje hjálparhella.

Önnur ástæða, er meiri hluti nefndarinnar færir fram fyrir sínu máli, og sú veigamesta, er sú, að sjerstök stofnun, er aðeins hefði seðlaútgáfu með höndum, eða þá lítið annað, muni ekki vera nógu sterk til þess að hafa viðunandi tök á peningamálum þjóðarinnar. Meiri hluti nefndarinnar heldur því fram, að banki með t. d. 3 milj. kr. seðlaveltu muni vera svo máttlaus, að hann hafi engin tök á viðskiftalífinu. En þetta hefir hv. frsm. meiri hl. (MJ) ósannað með skírskotunum sínum til starfsemi seðlabanka á Norðurlöndum. Hann gat þess, að viðskiftavelta seðlabanka á Norðurlöndum væri ekki nema $^1/_{10}$—$^1/_{11}$ af viðskiftaveltu allra bankanna þar. Hann taldi veltufje Íslandsbanka og Landsbankans 85 miljónir króna. Ef seðlabankinn hefði 8 milj. kr. í veltu, er það viðlíka að hundraðstölu og seðlabankar á Norðurlöndum hafa, í hlutfalli við viðskiftaveltu og veltufje þar. Á Norðurlöndum er vanalega 58—60% af veltufje seðlabankanna seðlar, en hitt annað starfsfje. Jeg hygg, að ekki liði á löngu, þangað til seðlabanki hafi viðlíka veltu í samanburði við aðra banka hjer, sem aðrir seðlabankar á Norðurlöndum hafa í hlutfalli við aðra banka þar. Það er því síður en svo, — þegar litið er á skýrslu hv. frsm. meiri hl. (MJ), — að seðlabanki hjer yrði máttarminni í viðskiftalífi Íslendinga heldur en aðrir samskonar bankar erlendir.

Menn verða að minnast þess, að flestir seðlabankar starfa með fje, sem að einhverju leyti er tekið með ábyrgð ríkisvaldsins í hinum einstöku löndum. Og hvað er eðlilegra, ef lán er tekið, til hjálpar atvinnuvegunum, en að seðlabanki taki það, en ríkissjóður ábyrgist? Ríkissjóður er nú þegar í stórum ábyrgðum fyrir báða bankana hjer, líklega um eða yfir 12 milj. kr.

Það er ekki venja erlendis, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir einkabanka, þó getur það komið fyrir um tiltekinn tíma, ef bankar eru að þrotum komnir, eins og t. d. átti sjer stað í Danmörku. En út af því er nú risin misklíð, þar sem talið er, að ríkisábyrgðin fyrir þennan banka (Landmandsbanken) sje til skaða fyrir heilbrigt fjármálalíf í landinu. Og þá er það víst, eins og minni hl. nefndarinnar heldur fram, að seðlabankinn yrði ekki máttarminni en seðlabankar í öðrum löndum, heldur tiltölulega sterkari.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir sagt, og það er öllum kunnugt, að bankarnir hjer eiga lítið fje og hafa ekki úr miklu að moða. Þetta er eðlilegt. Landsbankinn er stofnaður, ef svo má segja, með tæplega 2 milj. kr. tillagi úr ríkissjóði. Íslandsbanki hefir talsvert meira fje, þar sem hlutafje hans er 4½ miljón. Þessir bankar eru því engan veginn sterkir fjárhagslega, því varla munu þeir hafa aðrar eignir, svo sem varasjóði, efasamt, hvort ekki er tapað meiru eða minna af öðru eignafje þeirra.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) komst að þeirri niðurstöðu við umr. um einkabankann, að sá banki stæði eins vel að vígi og hinir bankarnir, þótt hann fengi engin sjerrjettindi og væri skattskyldur. Þó er vitanlegt, að sá banki hafði eigi nema

hlutafje sitt í byrjun; hlutafje, er af mörgum er áætlað eigi meira en 2 milj. króna í byrjun. Af þessu er ljóst, að þessi hv. þm. (ÁÁ) álítur, að Íslandsbanki og Landsbankinn sjeu ekki sterkir.

Ef bankarnir væru svo sterkir, að þeir þyrftu ekki á „rediskonteringu“ að halda, og heldur ekki lánum, sem fengin eru með tilstyrk ríkissjóðs og á hans ábyrgð, þá væri engin ástæða til þess fyrir seðlabanka að taka í taumana. En jafnskjótt og hinir bankarnir þurfa á „rediskonteringu“ að halda, tekur hann í taumana, og það getur hann ekki síður, ef hann er laus við beina útlánsstarfsemi.

Því hefir verið haldið fram, að bankastjóra þeirra banka, er ekki lána fje beint, muni skorta kunnugleik á atvinnufyrirtækjunum og fjárhagslegri aðstöðu þeirra manna, er við atvinnurekstur fást.

Þetta er eðlilegt í stórum löndum, að bankastjórar geti ekki fylgst með öllum stærri viðskiftum. En er þetta heimtað af þeim annarsstaðar? Nei, síður en svo. Og bankar hjer geta vel fylgst með öllu því, er gerist í atvinnulífi þjóðarinnar, enda þótt þeir reki ekki útlánsstarfsemi beint við atvinnurekendur. Það þarf enginn maður að segja þeim, er eitthvað hafa fengist við bankastörf, enda þótt í smærri stíl sje, að ekki sje hægt að fá vitneskju um öll meiri háttar fyrirtæki í landinu og afkomu þeirra. Það er ljettara hjer að fá upplýsingar um ástæður manna um land alt, heldur en í einni meðalstórri borg erlendis. Af þeirri ástæðu er því engin þörf á að tengja seðlaútgáfu við sparisjóðsstarfsemi og beina útlánsstarfsemi.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) benti á það, að óhætt væri að auka seðlaútgáfuna, þó eitthvað bæri út af, og nefndi í því sambandi Bank of England, sem jók seðlaútgáfu sína 1847 og 1866 langt umfram það, sem lög heimiluðu. En þetta sannar ekkert um hans mál. Bank of England gerði þetta ekki til þess að bjarga sjálfum sjer. Árið 1847 jók hann seðlaútgáfuna til þess að bjarga 5 bönkum, er „spekúlerað“ höfðu of mikið í járnbrautum og uppskeru í öðrum heimsálfum. Árið 1866 gerði hann það til þess að bjarga þá hinu stóra bankafirma, er ráðist hafði í „spekúlation“ í Ameríku og Afríku. En vegna þess, að Bank of England var ekki almennur viðskiftabanki, og enginn maður trúði því, að hann gæti tapað, var á þennan hátt stöðvuð fjárhags-„panik“. En það má benda á annað dæmi um það, hve hættulegt getur orðið að ætla sjer að stöðva „panik“ gegn seðlabanka. Það er dæmið um John Law og fjármálapólitík hans í Frakklandi, á árunum 1716—1720. Þegar komið var í óefni, ljet Law gefa út nýja og nýja seðla, þangað til þeir voru ekki nema 1% virði af nafnverði sínu, — enda hrundi þá spilaborgin.

Fleiri dæmi mætti nefna um það, hve hættulegt er fyrir seðlabanka að gefa út seðla til þess að hjálpa sjálfum sjer. En dæmið um Bank of England sýnir aðeins það, að það er hættulítið að gefa út seðla fram yfir það, sem lög leyfa, ef fult traust er á því, að seðlabankinn sjálfur geti ekki bilað, og það er best trygt með því, að hann ekki taki beinan þátt í útlánum.

Þá er það enn eitt, sem meiri hluti nefndarinnar heldur fram, að eins og minni hlutinn hefir hugsað sjer fyrir-

komulag bankans, þá geti hann eigi haft hemil á genginu, eins og nauðsynlegt sje. Mjer þætti vænt um, ef hv. meiri hluti gæti bent mjer á einn einasta seðlabanka, sem hefir getað það. Mjer er ekki kunnugt um, að seðlabankar hafi lagt fram neitt verulegt fje til þess að halda uppi gengi. Jeg hygg, að það einasta, sem slíkir bankar geri til að reyna að halda uppi gengi, sje það að haga útlánsstarfsemi og vaxtapólitík með hliðsjón af ástandinu, og í því getur seðlabanki, þótt eigi hafi hann annað veltufje en seðla, fengið þau tök á hinum bönkunum, að hann geti látið þá beygja sig.

Það verður hver að játa, að seðlabankar eru máttlitlir gegn gengissveiflum. Erlendis hafa þeir í sumum tilfellum fengið ábyrgð ríkisvaldsins fyrir tugum og jafnvel hundruðum miljóna kr., til þess að hjálpa við genginu. Sumt af þessu fje hefir eyðst, án þess að tilganginum væri náð. Þetta vita allir.

Hv. meiri hl. leggur mikið upp úr umsögn erlendu bankastjóranna. Það neitar því enginn, að þeir beri skyn á peningamál, en hvernig ættu þeir að vera kunnir staðháttum hjer? Jeg efast um, að þeir hafi fengið nógar upplýsingar um okkar aðstöðu hjer, til þess að geta dæmt um málið. Og það er ekki undarlegt, að þeir skuli viðhafa hálfkveðin orð, — t. d. að það megi reyna þetta fyrirkomulag á Íslandi, fyrirkomulag, sem ekki hefir verið reynt hjá þeim.

Aðalbankastjóri Finnlandsbanka segir svo:

„Spurningu yðar um mitt álit mundi jeg svara svo, að það mundi vera eiginlegra og meira í samræmi við reglurnar um eðli seðlabanka, að þeir reki ekki innlánsstarfsemi. Finnlandsbanka hefir t. d. verið sett þessi regla, en hann er eini seðlabankinn í voru landi. Finnlandsbanki greiðir enga vexti af innstæðum. Samt sem áður getum við ekki fullyrt, að það þurfi að gera seðlabanka nokkurn skaða, þótt hann starfi jafnframt með innlánum ....“

Eru þetta meðmæli, má jeg spyrja? Bankastjórinn segir ennfremur:

„Þar sem lítið er umleikis og nauðsynlegt er að forðast með öllu móti ónauðsynlegan kostnað, þar sýnist einkum gerlegt, með hliðsjón af því, sem áður er athugað, að fela seðlabanka að reka jafnframt innlánsstarfsemi. Þannig hefir þessu verið fyrir komið í mörgum hinum yngri ríkjum Norðurálfunnar; hefir t. d. ríkisbanki Svía einnig rjett til að taka við innlánum gegn vöxtum. Reyndar hygg jeg þó, að hann noti ekki þennan rjett.“

Þetta er nú eitt af þeim glæsilegu meðmælum, sem hjer er talað svo mikið um, og öll okkar afstaða til málsins á að byggjast á. Svarið er mjög tvírætt. Maðurinn vill ekki ráðleggja þetta fyrirkomulag; hann heldur, að það sje hættulegt. Það er eins og hver varfær maður mundi segja við annan, sem ætlar að ráðast í stórfyrirtæki: „Þetta er óreynt fyrirkomulag. Það er ekki víst, að þú tapir, en ekki líst mjer á það.“

Hæstv. fjrh. (JÞ) var ekki — og það þótti mjer vænt um, — sammála meiri hluta bankanefndarinnar, um sparisjóðsstarfsemina. En þar vildi hann þó ekki óskorað telja innlánsfje með sparisjóðsfje, og er það þó gert í frv. Þar er sagt svo: Sparisjóðsdeildin tekur við fje sem innláni með sparisjóðsvöxtum. **(Fjrh. JÞ:** Og seðlabankadeildin líka). Ef hæstv. fjrh. (JÞ) álítur það í alla staði

forsvaranlegt og áhættulaust, að taka við innlánsfje í þá deild bankans, sem hefir almenn sparisjóðsviðskifti og útlánastarfsemi, hversu miklu meiri hætta væri þá ekki að taka við slíku fje í seðladeildina. Jeg er ekki viss um, nema leyfa megi, án áhættu, að seðlabanki veiti hluta af hlaupareikningsfje bankanna móttöku gegn lágum vöxtum. Það myndi ljetta fyrir þeim að eiga erlenda „Valutu“ í bönkum erlendis. En þar fram yfir vil jeg ekki, að seðlabanki starfi með innlánsfje.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að hann væri ekki samdóma mjer um það, sem jeg hafði sagt um sambandið milli seðlaútgáfu og sparisjóðsstarfsemi, og var háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hróðugur yfir því. Jeg met auðvitað mikils álit hæstv. fjrh. (JÞ), ef jeg veit hvert það er. En hann fór ekkert út í það, í hverju skoðanamunurinn væri, og læt jeg það þá eiga sig, og sömuleiðis ætti háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) að bíða þangað til hann veit, hvað mikið skilur. Það getur vitanlega verið margt í fyrri ræðu minni, sem skoðanamunur er um, en útkoman verður sú sama; við erum líkrar skoðunar, þegar öllu er á botninn hvolft. Út af þessum skoðanamun vil jeg aðeins benda á, að jeg var einn af þeim, er voru í meiri hl. bankanefndarinnar, sem samdi frv. það, er fjrh. (JÞ) lagði fyrir þingið lítið breytt. Einnig var jeg í fjhn. sem hafði frv. þetta til athugunar, og einnig þar í meiri hl., sem ekki kærði sig um að gera neinar verulegar breytingar á frv. stjórnarinnar. Það getur því ekki verið neitt ýkjamikið, sem á milli ber.

Þá var hæstv. fjrh. (JÞ) ekki eins þakklátur meiri hl. nefndarinnar fyrir afgreiðslu málsins og jeg bjóst við. Jeg veit þó satt að segja ekki, hvort hægt er að veita frv. betri afgreiðslu en það, að gera á því afar-litlar breytingar og leggja til, að það verði samþykt. Enda virtist mjer það helst skyggja á ánægju hæstv. ráðherra (JÞ), að við hefðum gert of litlar breytingar á frv., og undraðist hann það, þar sem stjórnin hefði þó haft mjög nauman tíma til að athuga málið. En á það má minna, að þó að hæstv. stjórn hafi ekki mikið getað unnið að málinu, þá var það mjög mikið og vandlega undirbúið af milliþinganefnd, og sennilegt, að breytingarnar hefðu nú og orðið meiri en ekki minni, ef stjórnin hefði meira átt við frumvarp milliþinganefndarinnar. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg ætli út af fyrir sig að segja, að milliþinganefndin hefði haft betri skilyrði til þess að semja frumvarp en stjórnin. Jeg ætla engan dóm á það að leggja. En þar sem í fjárhagsnefnd eiga nú sæti 2 menn úr meiri hluta milliþinganefndarinnar, þá getur engan furðað, þó að minsta kosti þeir geri ekki fjarska margar breytingar á því frv., sem þeir hafa verið með í að semja og er ávöxtur afar mikillar vinnu af þeirra hálfu.

Annars fylgdi hæstv. fjrh. (JÞ) þeirri reglu, að halda sjer sem næst við einstakar greinir frv., eins og rjettast er við 2. umr. En menn verða að afsaka, þó að jeg hafi brugðið út af þessu, þar sem mjer fanst það aðalstarf mitt, að gera grein fyrir því, hversvegna meiri hlutinn hvarf að því ráði, að leggja með frv. stjórnarinnar. Hitt verður alt af aukaatriði í þessu máli, hversu fer um smábreytingu á einstökum greinum.

Jeg skal fallast á það, að í frv. er

nokkuð mikil dreifing á valdi bankastjórnarinnar. Var þetta atriði mikið rætt í milliþinganefndinni. Virtist ekki hægt að komast fram hjá því skeri, ef gera átti bankaráðið að v i r k i l e g u b a n k a r á ð i, sem fylgdist með í störfum bankastjórnar, hefði áhuga á þeim og fyndi til ábyrgðar, en ekki málamyndar yfirstjórn, afskiftalaus og sofandi, eins og oft vill verða. En til þess að mæta þessari dreifingu á stjórnarvaldinu, lögðum við svo til, að mjög mikið vald um dagleg störf bankans, og óbeinlínis einnig um alla stjórn hans, væri lagt í hendur einum manni. Hann ræður mjög miklu, ekki síst með atfylgi formanns bankaráðsins, en á hinn bóginn getur bankaráðið gripið fram í eftir ákvæðum 44. gr., sjerstaklega í i-lið, þar sem bankaráðinu er gefið vald til þess að skifta starfsfje bankans milli aðalatvinnuveganna. Og eftir a-lið sömu greinar á bankaráðið einnig að koma fram fyrir hönd bankans. Hve mikla áherslu nefndin lagði á að safna sem mestu valdi á hendur eins manns, kemur greinilega fram í ákvæðum 45. gr., þar sem formaður bankaráðsins getur gefið atkvæði aðalbankastjóra meira afl en atkvæðum beggja hinna bankastjóranna. Þetta er auðvitað mikið vald, en það er áreiðanlega holt fyrir bankann, ef valið tekst sæmilega á manni í þessa stöðu. Á hinn bóginn gefur þetta formanni bankaráðsins ennþá aukna hvöt til þess að fylgjast sem nákvæmast með öllu, er bankann varðar.

Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), og er jeg honum þakklátur fyrir bendinguna, að í 61. gr. verður að breytast niðurlagið, og kemur það af brtt. nefndarinnar, en hefir óvart orðið eftir. Er þetta yfirsjón, sem skrifast á eingöngu á minn reikning, en ekki nefndarinnar, því að þessi brtt. var gerð eftir að nefndin hafði farið yfir frv. En auðvitað má laga þetta til 3. umr.

Þá er það út af 38. gr., í sambandi við brtt. nefndarinnar. Jeg lít svo á, að skilningur hæstvirts ráðherra (JÞ) sje rjettur, og ákvæðið nái aðeins til uppsagnarinnar. Því að annars yrðu núverandi bankastjórar með öllu óafsegjanlegir, þegar eldri lög eru horfin úr gildi og þessi komin í staðinn. En slíka sjerstöðu var ekki meiningin að skapa þeim, heldur aðeins láta þá halda þeim rjetti, sem þeir nú hafa.

Þá vildi hæstv. ráðherra (JÞ) láta taka betur til athugunar þetta bákn, landsbankanefndina. Þetta er nú í sjálfu sjer ekki mikilvægt atriði. En landsbankanefndin er ekki eins mikið bákn og menn gætu haldið við að lesa frv. Ákvæðin um hana eru löng, en sjálft er þetta fyrirkomulag mjög einfalt og fyrirhafnarlaust. Þingið á að kjósa nefndina, og vafalítið er, að meiri hl. nefndarmanna yrði úr hópi þingmanna. Ef ársfundur væri haldinn um þingtímann, mundi ferðakostnaður svo sem enginn verða, en hann er eini kostnaðurinn við nefndina. Tilgangurinn með nefnd þessari er að komast hjá þeim snöggu sveiflum í þinginu, sem orðið geta út af pólitískum málum, og hæglega getur komið fram í vali bankaráðsmanna. En landsbankanefndin sæti eftir sem áður, því að enda þótt nefndarmenn væru kosnir af pólitískum flokkum, þá eiga þeir alls ekki að skoða sig þar sem pólitíska menn. En mjer er óhætt að segja það fyrir hönd milliþinganefndarinnar, að hún lagði ekkert sjerstak-

lega mikið upp úr þessu; það var í hennar augum ekkert sáluhjálparatriði fyrir bankann.

Jeg er ekkert hræddur við, að bankaráðið fái nokkurt vald. Því að ef á að hafa það, verður að fela því störf, sem neyði það til þess að fylgjast með í þessum málum, en verði ekki dula, áhugalaust og gagnslaust.

Þá kem jeg að frsm. minni hl. (JakM). Jeg hefi nú skrifað ýmislegt upp hjá mjer af því, sem hann sagði, en veit þó ekki, hve langt jeg á að fara út í það að svara honum. Honum fanst ræða mín ekki nógu frumleg, að því er mjer skildist, og hjelt hann sig þó talsvert fyrir sitt leyti að nál. minni hl. bankanefndarinnar. Það verður ætíð svo, að ræður manna hljóta að verða að nokkuð miklu leyti endurtekningar á því, sem áður hefir verið um málið sagt, t. d. endurtekningar á áliti milliþinganefndar. Jeg las það líka í einu blaði, að nál. meiri hl. fjhn. væri aðeins endurtekning af nál. bankanefndarinnar, og virtist blaðið alveg hissa á því. Það hefir kannske ekki aðgætt, að höf. nál. fjhn. er einn úr bankanefndinni, og var því eðlilegt, að hann liti svipað á málið í báðum stöðum.

Háttv. frsm. (JakM) sagði, að skiftingin í stjfrv. í deildir væri þýðingarlaus, úr því að bankastjórnin sje hin sama, af því að hún væri alt af háð aðgerðum sínum við hinar deildirnar. En þetta má eins vel nefna s t y r k bankans eins og veikleika. Að sumu leyti getur það verið veikleiki, en að öðru leyti aftur styrkur. Seðlabankastjórnin situr þá inni með þann aukna kraft og öruggari þekkingu, sem leiðir af stjórn viðskiftabanka, og getur lagað starfsemina eftir því, sem seðlabankanum hentar best. En náttúrlega koma hjer til greina skoðanir á sambandi seðlaútgáfu og sparisjóðsstarfs.

Það virðist vera viðurkent af öllum, að seðlabankinn þurfi að hafa þann styrk, að hann geti sveigt aðra banka eftir vilja sínum, þegar svo ber undir, og að það sje holt, að þeir hlýði ráðum seðlabankans. En auðveldast er þó fyrir seðlabankastjórnina að beygja þann banka, er hún sjálf ræður yfir. Og þekking sú og gætni, sem hún hefir eða á að hafa, kemur vitanlega best að notum við þann banka, sem hún sjálf stjórnar.

Þá sagði hann, að það væri ágreiningur um, hvort þróun seðlabankanna í það, að verða banki bankanna, væri eðlileg. En það er ekki sá ágreiningur, sem hjer hefir verið dreginn fram, heldur um hitt, hvort við erum komnir á það stig í þróuninni, að hafa slíkan seðlabanka. Þetta kemur einmitt skýrt fram í nál. Og Rygg, bankastjóri Noregsbanka, hefir sýnt greinilega fram á þetta sama, hvernig bankinn byrjar eðlilega sem beinn viðskiftabanki, en þegar fleiri bankar rísa upp, færist hann smátt og smátt í það horf, að verða banki bankanna, Og það kemur og heim við þessa skoðun mína, að Noregsbanki er mest banki bankanna í Osló, þar sem þróuninni er lengst komið, en úti um landið er hann áfram viðskiftabanki. Og meira að segja: Rygg er alls ekki sjerlega hrifinn af þessari þróun í þá átt, að gera seðlabankana að bankanna bönkum eingöngu. Það sjest af mörgum ummælum hans, og ekki síst því, að hann segist skoða beinu útlánin sem kjarnann í starfsemi bankans. Það er engin skömm að játa, að við sjeum ekki eins langt komnir í þróuninni og aðrar

þjóðir. England er líklega langlengst komið í þessum efnum. Þar er ekki seðlabankinn einn banki bankanna, heldur eru í raun rjettri stóru bankarnir líka bankar bankanna, sem hinir minni bankar og víxlarar skifta við, en privatmenn komast ekki í samband við þá alment. Svona er þróunin komin langt í Englandi. Á Norðurlöndum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku, er hún ekki komin líkt því á þetta stig, og stytst er hún komin hjer hjá okkur. Við erum svipaðir eins og útbúin frá Noregsbanka. Hjer eru aðeins tveir bankar, og er því nokkuð hjákátlegt að tala um banka bankanna, sem aðeins skiftir við eina tvo banka! — Þessi þróun í bankamálunum er nokkuð gömul, en það er alls ekki víst, að hún sje sú eðlilegasta eða sú endanlega þróun bankamálanna. Margir hinir færustu menn í þessum efnum efast um, að heppilegt sje að hafa seðlabanka, sem ekki standi í neinu sambandi við sjálfa atvinnurekendurna. Stríðið hefir kent þetta, eins og margt annað. Og enginn af þjóðbankastjórunum taldi þetta styðjast við nein knýjandi „teóretisk“ rök.

En hvað sem öllu þessu líður, þá er það beinhörð staðreynd, að við höfum ekki notið þessarar þróunar, sem annarsstaðar hefir gert seðlabankana að banka bankanna. Þetta verða allir að játa. Hjer yrði að búa þennan bankanna banka til, skapa hann svo að segja af engu. (**JakM:** En því þá ekki að gera Íslandsbanka að seðlabanka?). Fyrir því eru svo margar ástæður, að óþarft er að ræða það sjer á parti. En á það nægir að minna, að Íslandsbanki, sem hefir verið seðlabanki, hefir nú árum saman hagað starfi sínu með það fyrir augum, að hann eigi að sleppa þessari starfsemi (þarf ekki annað en minna á afskifti hans af gjaldeyrisverslun undanfarandi) og mundi því vera illa til þess fallinn. Auk þess fylgja seðlaútgáfurjettinum svo margar og víðtækar skyldur, sem hafa stórkostlega þjóðfjelagslega þýðingu, að ríkjunum er alveg nauðsynlegt að hafa full yfirráð yfir seðlabönkunum, og er þá einsætt, að þar sem ríkið á annað borð á banka og rekur hann, þá láti það hann annast seðlaútgáfuna.

Háttv. þm. (JakM) sagði, að seðlaútgáfa landsbankans hefði verið svo lítil, að þetta væri í rauninni engin seðlaútgáfa. En hún var ekki svo lítil, miðuð við viðskiftin. Íslandsbanka gekk ekki fljótar að koma sínum seðlum í umferð, því að í lok ársins 1909 voru ekki nema 1 milj. kr. frá honum í umferð. — Að menn hafi viljað ná seðlaútgáfurjettinum af Íslandsbanka, af því að hann væri almennur viðskiftabanki, hefi jeg ekki heyrt fyr en í sambandi við kröfuna um sjerstakan seðlabanka. En ástæðan var ekki þessi, heldur öllu fremur löngun manna til þess að láta landsins eigin banka fara með seðlaútgáfurjettinn, því að margir litu svo á, að rjettur þessi væri svo mikil fjeþúfa, að þeir, hreint og beint, sáu eftir honum til Íslandsbanka. Þetta er auðvitað mjög völt skoðun, því að skyldurnar eru oft fjárfrekari en svo, að rjetturinn borgi. En því verður ekki neitað, að á umbrotalitlum tímum veitir seðlaútgáfurjetturinn ódýrasta starfsfjeð, sem kostur er á. Og Íslandsbanki sýnist einnig hafa litið að mestu á seðlaútgáfurjettinn sem fjárhagsleg fríðindi. En jeg vil ekki sækjast eftir seðlaútgáfurjettinum fyrir Landsbankann sem fjeþúfu. Langt frá því. Það verður dýrt

spaug, að hafa hann, eins og nú er hag vorum háttað. Og jeg veit, að ekki hefir annað vakað fyrir þeim mönnum, er sæti áttu í þessum 2 nefndum. Öllum var það ljóst, að seðlaútgáfurjetturinn er ekki gróðafyrirtæki, að minsta kosti ekki á meðan landið er í gengisörðugleikum, því að honum fylgja svo margar og miklar skyldur.

Frsm. minni hl. (JakM) gat um hið mikla sparisjóðsfje bankans. En það er ákaflega langt frá því, að verið sje að ákveða, að bankinn skuli safna sem mestu til ávöxtunar, þó það sje leyft, og að minsta kosti ekki fram yfir það, sem sparisjóðsfje Landsbankans er nú. Hjer eru tvær öfgar, og milli þeirra er oft það rjetta. Sparisjóðsfje Landsbankans er víst það mesta nú, sem það mætti vera, og þó held jeg það hafi ekki vaxið upp á síðkastið. Jeg er fullkomlega á þeirri skoðun, að of mikið sparisjóðsfje sje ekki gott fyrir bankann. Einmitt þetta, að skifta bankanum og hafa sundurgreindar bókfærslur, er gert til að hægra sje að ráðstafa fje bankans, meðan sömu menn fara með stjórn alls, og svo til þess, að auðvelt verði að kljúfa sparisjóðsdeildina alveg frá seðlunum, ef þróun bankamála vorra skyldi stefna að því marki, að það væri heppilegast.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) vitnaði í nál. meiri hl. sænsku bankamálanefndarinnar. Jeg neita því auðvitað ekki, að það er viðurkent út um heim, að seðlabankar eigi ekki að taka fje á vöxtu, þó að það þurfi ekki að koma að sök, að þeir geri dálítið að því. Hitt þarf ekki að nefna, að það er alment álitið erlendis, þar sem bankamálum er lengra komið en hjer, að seðlabankar eigi ekki að fást við sparisjóðsstörf. Þetta vita allir, og því óþarft að draga það hjer fram.

Háttv. þm. (JakM) talaði um, að bankarnir gætu verið sterkir eða veikir á svo margvíslegan hátt, t. d. eftir því, hvort þeir ættu mikið fje sjálfir, eða færu mestmegnis með annara fje. Þetta tel jeg ekki svo mikils um vert. Það verður ekki sjeð, að það hafi mikil áhrif á starfsemi bankans, hvort hann starfar meir með sínu eigin, eða lánsfje. Eigið fje, t. d. hlutafje, er oft einmitt dýrasta fjeð, sem bankinn starfar með, svo að í sjálfum rekstrinum er það ekkert sjerlega notalegt. En auðvitað er það þó, að bankar þola betur skakkaföll, ef þeir eiga miklar eignir sjálfir og hafa minna þurft að tefla með lánsfje, og almenningur mundi trúa þeim banka betur fyrir sparifje sínu, sem hefði miklu eiginfje úr að spila, og gæti því talist áhættuminna að trúa fyrir sparifje. Aðalþýðing eigin fjár bankans, fram yfir annað starfsfje, er það, að það kemur eins og öryggiskoddi milli innlánsfjár manna og tapanna, sem bankinn getur orðið fyrir. En bankinn getur látið mikið til sín taka í viðskiftum þjóðarinnar, þrátt fyrir það, þó að hann hafi engu úr að spila nema lánsfje. Landsbankinn hafði t. d. fram að 1913 engu öðru fje til að dreifa en lánsfje. — Það er þessvegna ekkert því til fyrirstöðu, að bankinn geti orðið áhrifamikill í þjóðfjelaginu, þó að hann hafi ekki úr öðru fje en lánsfje að spila.

Jeg neita því síður en svo, að seðlaútgáfan er gott og biturt vopn í höndum bankans, en jeg tel þó eigi víst, að bankinn muni beita því eins og sagt hefir verið, að hann muni gera. Þó hann gæti t. d. lagalega sett hinum bankanum eða bönkunum, ef fleiri verða, stólinn fyrir dyrnar, og neytt þá til að hætta að halda áfram að lána

rekstrarfje til togarafjelga o. s. frv., sem þeir hafa komið af stað meðan góðæríð var, en nú kreppir að, er jeg ekki viss um, að bankinn geti þetta af ýmsum öðrum ástæðum. — Jeg er ekki viss um, að þetta sje gerlegt frá siðferðislegu sjónarmiði sjeð, — að taka fyrir kverkar hinna bankanna. (**JakM:** Er ekki eins líklegt, að hann tæki fyrir kverkar á sjálfum sjer?). Það er óþarfi að togast meira á um þetta atriði; það sjá allir, að sjerstakur seðlabanki getur verið allsterkur í sumum efnum. En hann getur ekki gert það, sem fyrst og fremst þarf að heimta af honum, og það er að tryggja gjaldeyrinn.

Háttv. frsm. minni hl. (JakM) sagði, að seðlaútgáfurjettur gæfi meira vald hjer en annarsstaðar, vegna þess, hve hin árlega seðlasveifla væri hjer mikil. Jeg skal ekki segja um það, hvort þetta er rjett eða ekki. Sveiflan stafar sem sje alls ekki af neinum auknum lánum á þessum tíma, heldur af því, að að haustinu fara fram geysimörg þau viðskifti, sem seðlar eru notaðar í, og því er meira af þeim utan bankans þá í svip. En hitt veit jeg, að reynslan hefir ekki staðfest það, að seðlaútgáfurjetturinn gefi þeim, sem hann hefir, ýkjamikið vald yfir öðrum lánsstofnunum. Allan þann tíma, sem Íslandsbanki hafði seðlaútgáfuna, mun hann aldrei hafa haft nein minstu tök á hinum bankanum. Mun það heldur hafa verið á hinn bóginn stundum, að Landsbankinn hefði undirtökin í viðskiftum sínum við Íslandsbanka. Landsbankinn hafði svo stóran sjóð, og hafði svo mikið af seðlum Íslandsbanka í höndum, að hann gat krept að Íslandsbanka.

Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir sagt, að enginn banki í heimi gæti ráðið við gengissveiflur, og er það alveg satt, ef átt er við truflanir á viðskiftalífinu, sem eru nógu stórkostlegar, eins og t. d. út af heimsstríðinu. Seðlabanki getur ekki ráðið við þær að öllu leyti. En að draga af því þá ályktun, að seðlabanki geti ekkert ráðið við gengissveiflur, er sama sem að segja, að við eigum að leggja árar í bát og láta reka stjórnlaust. Það er þvert á móti alstaðar viðurkent, að sterkir bankar geti gert mjög mikið til þess að halda gjaldeyri landsins í lagi. Og þetta er yfirlýst með því, að í öllum þeim seðlabankalögum, sem jeg hefi sjeð, er þess krafist af þeim, að þeir haldi upp „valuta“ síns lands. Þetta mundi vart vera sett í lög, ef ókleift væri að gera það. En hvað þarf sá banki hjer að vera sterkur til þess, að forsvaranlegt megi heita? Því er sjálfsagt erfitt að svara með vissu. En það má þó segja, að eins og nú stendur á hjer, þarf bankinn að hafa kraft til þess að taka á móti alt að 10—20 miljónum króna í erlendum gjaldeyri, því hætti hann að kaupa, fer gjaldeyrisverslunin þegar úr höndum hans og þar með alt vald á því, sem honum ber að stjórna, sem sje gjaldeyrinum.

Jeg hefi þegar áður skýrt frá því, hvernig jeg lít á afstöðu bankanna til þessa máls. Seðlabanki hefir ekki annað í höndum en útgáfurjettinn. Þegar hann hefir notað hann til fulls, hefir hann ekki í annað hús að venda en að fá lán. En þá kemur það í ljós, að hann hefir enga aðstöðu til þess að taka slíkt lán, sem bersýnilega hlýtur að verða honum til fjárhagstjóns, vegna þess, að arðurinn af seðlaútgáfunni fer í stjórnarkostnað og slíkt. Aftur á móti mætti heimta af Landsbankanum, að hann ljeti arðinn af seðlaútgáfunni ganga til

þess að hafa vald á gjaldeyrinum. Hann hefir til þess aðstöðu, því að bankarekstrinn hvílir þar ekki á seðlaútgáfunni.*)

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg mun ekki leitast við að rekja hjer allar þær ástæður, sem færðar hafa verið gegn áliti meiri hl. bankanefndarinnar. Hinsvegar verð jeg að leiðrjetta nokkur atriði, sem hv. frsm. (MJ) hefir gengið fram hjá.

Hv. sessunautur minn (JAJ) sagði, að jeg hefði komist að þeirri niðurstöðu um hinn nýja banka, að ef hann byrjaði með hreint borð, mundi hann standa jafnt að vígi eins og báðir gömlu bankarnir, þó að hann hefði engin sjerrjettindi og væri auk þess skattskyldur samkvæmt núverandi útsvars- og tekjuskattslöggjöf. Þetta er að tvennu leyti rangt. Jeg bar nýja bankann aldrei saman við Landsbankann, enda var ekki um að ræða að veita honum sömu rjettindi og Landsbankanum. Jeg bar aðeins saman við Íslandsbanka og nefndi þó aldrei núverandi útsvars- og tekjuskattslöggjöf, heldur gekk jeg út frá því, að nýi bankinn byrjaði með hreint borð og starfaði undir almennri bankalöggjöf, en í almennri bankalöggjöf mundi öllum bönkum gefin betri kjör hvað snerti útsvar og tekjuskatt, en öðrum stofnunum í landinu. Þetta er því rangt haft eftir mjer hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), en mjer virtist hann fallast á ummæli mín eins og hann skildi þau, engu að síður. Þetta kom samt nokkuð seint fram og hefði háttv. þm. (JAJ) átt að vera mjer samtaka um að láta hinn nýja banka starfa undir almennri bankalöggjöf, meðan sá málarekstur stóð yfir.

Hv. þm. (JAJ) vildi gera lítið úr því valdi, sem seðlabankar hefðu yfir genginu, og sagði, að það væri af öllum viðurkent, að seðlabanki væri máttlaus gagnvart gengissveiflum. Jeg tel nú samt, að það eigi að gera okkar banka svo sterkan, að hann verði ekki máttlaus gagnvart genginu. Frv. minni hl. fullnægir því ágætlega, að bankinn verði gersamlega máttlaus gagnvart gengissveiflum, en frv. meiri hl. er bygt á því, að bankinn verði sterkur. Jeg skal benda á dæmi, sem sýnir ljóst, að seðlabankar eru í þessu tilliti ekki máttlausir, og eiga ekki að vera það, heldur sterkir og þjóðhollir.

Þegar „inflationin" varð í Englandi, vildi bankastjórnin ekki framkvæma „*inflation*", en ljet í ljósi, að ef þing og stjórn vildu og teldu það nauðsynlegt til að sigra í ófriðnum, gætu þau sjálf framkvæmt hana, og það varð úr. En það kostaði ekki mjög langan tíma að komast í „parí" aftur fyrir bankann. Og var það auðvitað fastri stefnu bankastjórnarinnar að þakka, sem stefndi að því marki og náði því. Slíkt kemur aldrei fyrir af sjálfu sjer. „Inflationin" getur komið af fávisku, getuleysi og ógætni, en „deflationin" á ávalt rót sína að rekja til fastráðinnar fjármálastefnu. Sama er að segja um sænska og finska bankann, og má það merkilegt heita, að sá banki (sá finski) skyldi fá fult vald yfir gjaldeyrinum eftir alt, sem á undan var gengið. Þannig stóð á, að þegar „hinir rauðu" tóku Finnlandsbanka, komust þeir ekki inn í peningaskápana, fyr en dyravörður einn hleypti þeim inn. Þessi dyravörður var svo gerður að aðalbankastjóra! Honum tókst innan skamms að eyðileggja peningamál Finnlands, og má það teljast krafta-

* Niðurlag ræðunnar óleiðréttanlegt frá hendi skrifarans. M. J.

verk, hvílíku valdi hin ágæta bankastjórn hefir síðan náð yfir peningamálunum. Henni hefir tekist að ná föstum tökum á genginu og festa gjaldeyrinn.

Þann banka, sem hjer á að hafa með höndum seðlaútgáfuna, þarf að gera voldugan yfir genginu, svo að hann geti með útlánsstarfsemi sinni stjórnað því, hvort gjaldeyririnn skuli stöðvaður, þegar hann leitar upp eða niður. Það er einmitt til að gefa bankanum þetta vald, að við viljum láta hann hafa meira fje en seðlana eina.

Þá gerði þessi sami hv. þm. (JAJ) tilraun til þess að sýna, að þeir seðlabankastjórar, sem sendu nefndinni umsögn sína, hafi ekki meint það, sem þeir sögðu, og lagði hann ummæli aðalbankastjóra Finnlandsbanka út á þessa leið: „Þetta er kannske hægt, en mjer líst ekki á það.“ Hann getur ekki fullyrt, að það þurfi að koma að skaða, þó að seðlabanki hafi líka innlánsstarfsemi. Þetta svar við þeirri spurningu, hvort hætta sje á, að það geri skaða, er sama og að sagt sje, að það sje e k k e r t h æ t t u l e g t. Minni hluta mennirnir lesa einkennilega brjefin frá erlendu bankastjórunum. Þeir lesa með öllum vilja aftur á bak, eins og höfðingi sjálfrar óvildarinnar.

Þegar Finnlandsbankastjóri skrifaði nefndinni, var það ekki í þeim tilgangi gert, að villa henni sýn. Ef hann hefði talið þetta fyrirkomulag hættulegt, hefði hann varað við því.

Minni hl. leggur áherslu á, að ummæli þessara manna sjeu hikandi. En þau eru ekki hikandi, heldur gætileg, vegna þess, eins og hv. þm. (JAJ) sjálfur segir, að um leið og lýst er áliti á því, hversu hagkvæmt eitthvert fyrirkomulag sje, þarf að líta á staðhætti þess lands, sem um er að ræða. Það, sem gott er í einu landi, getur verið ilt í öðru. Vegna þessa tala þeir gætilega og eins vegna hins, að slíkum mönnum, sem djúpsetta þekkingu hafa á bankamálum, er tregt um að koma með fastar fullyrðingar um, að eitt skipulag sje alstaðar rjett, annað alstaðar ómögulegt. Það gera minni hl. mennirnir einir. Þeir menn, sem standa frjálsir gagnvart „teoríunum“ og þekkja veruleikann til hlítar, eru ekki eins bundnir á klafa eins banka-fyrirkomulags og hv. minni hl. Jeg talaði við einn útlendan bankamann, sem þóttist þess fullviss, að þetta, sem hjer er um að ræða, væri alveg stórhættulegt. En þegar jeg talaði við menn, sem með völdin fara í peningamálunum og þora að hugsa frjálst, var tónninn annar. Það er sami munur á þessum mönnum og á lögreglustjórn og löggjafa, á þeim, sem lætur setja reglurnar. Það er einmitt eftirtektarvert, að allir þessir fróðustu menn gefa oss fyllilega í skyn, að oss sje hentast að hafa það fyrirkomulag, sem þeir ekki hafa í sínu landi. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) taldi það grunsamlegt, að þeir gefa okkur reglur, sem þeir starfa ekki eftir sjálfir. Jeg skal játa, að það er full ástæða til að ætla, að bankastjórarnir fari gætilega í því, að gefa okkur slíkar reglur. Það, að þeir gefa okkur önnur ráð, en þeir sjálfir búa við, er því skýr vottur þess, að þeir telja þau fullkomlega örugg, áhættulaus og við okkar hæfi eftir því, sem þeir best geta sjeð. Við megum vita, að þeir segja einungis það, sem þeir halda, að sje okkur fyrir bestu. Það er leiðinlegt að hlusta á útúrsnúninga á brjefum þessara

manna, sem hafa ljeð okkur lið sitt í bestu meiningu.

Hv. sessunautur minn (JAJ) benti á það atriði, að sænski ríkisbankinn hefði rjett til að taka við innlánsfje gegn vöxtum. Síðan spyr hann af sinni miklu speki: En notar hann þennan rjett? Það er satt, hann notar hann ekki, en af hverju stafar það? Þekkingin virðist ekki ná svo langt, að hann vissi, af hverju þeir nota ekki rjettinn. Ástæðan er sú, að sá rjettur, sem aðalbankastjóri sænska ríkisbankans fór fram á, var ekki sá, sem fjekst, heldur annar og miklu meiri. Þótt þessi takmarkaði rjettur fengist, hefir hann því eigi viljað nota hann, heldur heimtar ótakmarkaðan innlánsrjett. Innlánsrjettur, sem bundinn er við stuttan tíma, getur valdið óþægindum. En takmarkaður innlánsrjettur skapar festu, og hefði án efa verið notaður í ríkum mæli.

Háttv. frsm. minni hl. (JakM) talaði einnig mikið um sænsk bankamál, og nál. meiri hl. bankanefndarinnar sænsku. Þar sem því hefir nú þegar verið allrækilega svarað af hv. frsm. meiri hl. (MJ), get jeg verið fáorður um það. Hv. frsm. (JakM) las upp ummæli, sem Cassel hafði haft, og sagði, að þarna væri einn úr meiri hl. sænsku nefndarinnar. Já, það er rétt, að þarna er e i n n úr meiri hl. hennar. Því að þegar Cassel segir þessi orð, er hann aleinn og talar hvorki fyrir meiri nje minni hluta. Þau voru tekin úr stuttri sjergrein frá honum einum, sem sænska nál. fylgir. En það eru þessi ummæli, sem hafa verið mest vatn á myllu minni hlutanna hjer. En aðeins einn einasti maður í sænsku bankanefndinni hafði þetta álit (**JakM:** En það var Cassel!). Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir haldið því fram, að ekki væri mikið að marka Cassel, þegar út í hið „praktiska" líf kæmi. (**JakM:** Hvað segir hv. þm. V.-Ísf. um það?) Jeg hefi gott traust á honum, en trúi þó ekki á hann sem óskeikulan páfa. Jeg skal og bæta því við, að þarna er Cassel ekki aðeins á móti því, að bankinn fengi að taka á móti fje gegn vöxtum, heldur einnig jafnmikið á móti hinu, að ríkið ræki almenn bankaviðskifti, svo sem Landsbankinn gerir hjer. Og auk þess mótfallinn takmörkuðum innlánsrjetti ríkisbankans. Og klofnaði ekki einmitt meiri hl. sænsku nefndarinnar um þetta? Og gekk ekki það, sem Cassel var á móti, gegnum báðar deildir sænska ríkisþingsins? Er það nú ekki orðið lög? (**JakM:** Eru þau lög ekki dauður bókstafur?) sem má blása lífi í, hvenær sem er og verður gert strax og innlánsrjetturinn verður rýmkaður svo, að bankinn geti starfað til langframa með því fje, er hann fær þannig til umráða. Minni hl. sænsku bankanefndarinnar vildi rýmka hann og blása lífi í hann. Hann vildi, að sænski ríkisbankinn tæki upp sömu starfsaðferð og fyrir 1897. Jeg vil biðja menn að athuga, að ekki er lengra síðan hann lagði niður að ávaxta innlánsfje. Meiri hl. sænsku nefndarinnar (og hann er lítið minni en meiri hl.) áleit, að óheppilegt hafi verið að hverfa frá því, að taka við fje gegn vöxtum. Mönnum verður að skiljast, að hjer er ekki um neitt alheimslögmál að ræða, sem ríkt hafi í geimnum um ómunatíð, og ekki verður frá vikið. Það er fyrst um aldamótin, sem ríkisbankinn sænski byrjar að draga úr ávöxtun innlánsfjár, og nú þegar er risin hin sterka alda, sem hamlar, að sú starfsemi verði aftur upp tekin.

Jeg skal því fúslega játa, að í þessu

efni megi fara ólíkar leiðir, og sú skoðun, sem hv. minni hl. byggir till. sínar á, er það, sem Jesúítar nefndu „probabel“. Krefst jeg þess, að hv. minni hl. sýni sömu sanngirni og játi, að við höfum merka menn með okkur, eins og t. d. forseta stjórnar sænska ríkisbankans. Hann var formaður sænsku bankanefndarinnar og lagði allra manna mesta áherslu á, að upp yrði komið almennri viðskiftadeild við sænska ríkisbankann. Á þessum manni hafa Svíar svo mikið traust, að hann hefir ár frá ári verið skipaður forseti ríkisbankastjórnarinnar, hvaða flokkur sem setið hefir að völdum. Þótt hann hjeldi því hinu sama fram og felst í frv. um Landsbanka Íslands, hefir hann eigi fallið í áliti, nje verið troðinn niður í skítinn, þó hjer sje þeirri aðferð beitt við okkur. (JAJ: Hvar hefir því verið haldið fram?). Það er tónninn, að ekkert sje ráð í þessum efnum, sem flutt hefir verið af okkur, „fávísum heimalningum.“

Þá vil jeg benda mönnum á, að meiri hlutinn sænski berst á móti því, að tekin sje upp innlánstarfsemi, en við erum á móti því, að lagður sje niður elsti viðskiftabanki landsins. Ef baráttan hefði staðið um það í Svíþjóð, hvort leggja skyldi niður viðskiftadeild, sem hann hefði haft, getur verið að meiri hl. þar hefði litið nokkuð öðruvísi á málið. (JAJ: Hver vill leggja niður Landsbankann?). Ef hv. minni hl. vill vera sjálfum sjer samkvæmur, þá hlýtur hann að leggja það til. Vilji hann nota sjer álit sænsku bankanefndarinnar, miða öll rökin að því, að Landsbankinn skuli lagður niður. (JAJ: Það er einkennilegt!). Já, það er nú svona einkennilegt. Það er hin eina rökrjetta afleiðing af stefnu meiri hl., að ríkið komi ekki aðeins upp sjerstökum seðlabanka, heldur hætti allri annari bankastarfsemi. Þetta viðurkenna þessir hv. þm. vonandi einhverntíma, þótt þeir vilji ekki gera það í þingsalnum að sinni. — Það er ekki til neins að standa með sinn fótinn hvoru megin á jaka, sem er að klofna, ef menn vilja ekki klofna sjálfir.

Jeg þarf nú fáu við að bæta það, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) hefir sagt. Jeg vona, að hv. frsm. minni hl. (JakM) sje farið að skiljast, hvað meiri hl. á við, þegar hann talar um þróun í bankamálum hjer á landi. Það, sem við eigum við, er að ríkið hafi með ágætum árangri rekið hjer almenna bankastarfsemi, og þegar það bætir nýjum lið við hana, seðlaútgáfunni, sje sjálfsagt, að hin sama stofnun fari með hana. Okkar Landsbanki hefir verið alveg einstæður meðal banka á Norðurlöndum og jafnvel í Norðurálfunni. Hefir hann ekki að neinu leyti beðið meira tjón en þótt hann hefði verið einkabanki. Jeg geri ráð fyrir því, að hægt væri að fá vottorð frá útlendum einkabankastjórum um, að þetta væri algerlega óhæft skipulag, sem hvergi gæti þrifist, að ríkið ræki almenna bankastarfsemi. Nú er ekki um nema tvent að gera, að láta seðlaútgáfuna fara í Landsbankann, eða að hlaupa yfir á hinn jakann, þar sem þeir menn standa, sem halda fram óhollustu allra annarar bankastarfsemi en seðlaútgáfu einnar saman, og leggja þá Landsbankann alveg niður.

Jeg hefi veitt því eftirtekt hjá sumum, sem skrifað hafa eða talað um þetta mál, að þeir vilja leggja Landsbankann niður, en með nokkuð öðrum hætti. Þeir vilja, að hann hætti brátt

allri innlánsstarfsemi, eftir að hann hefir tekið við seðlaútgáfunni, og skal jeg viðurkenna, að þessi leið er í fullu samræmi við þróun okkar bankamála, að því leyti, sem þá er bygt á núverandi ástandi og fyrirkomulagmu breytt smátt og smátt, en ekki alt í einu. Gagnvart þessu vil jeg láta þess getið um mig, að jeg tel, að innlánsstarfsemi bankans sje svo nauðsynleg fyrir höfuðverkefni seðlabanka, að engar líkur sjeu til, að hún eigi að fara minkandi. Þróunin sýnist nú fara í þá átt í hinum minni ríkjum, að seðlabönkunum sje fengin aftur innlánsstarfsemin til að veita þeim nægilegt vald yfir peningapólitík landanna. En þetta skal jeg fúslega leggja á vald framtíðarinnar og þeirra, sem fara með stjórn bankamálanna hjer í landi, en það er bankaráð og framkvæmdarstjórn Landsbankans. Held jeg, að best muni og affarasælast að láta þetta deilumál um mikla eða litla innlánsstarfsemi seðlabankans liggja milli hluta hjer í þinginu að þessu sinni, en fá það til úrskurðar bankaráðum og bankastjórnum þeim, sem framvegis stjórna Landsbankanum, ef okkar frv. nær fram að ganga. Svo mikla trú verður að hafa á framtíðinni og þeim mönnum, sem þjóðin fær framkvæmdarvaldið á þessu sviði.

Halldór Stefánsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) mintist á brtt. okkar hv. þm. Str. (TrÞ) og tók heldur óliklega í þær. Þykir honum ekki aðeins of mikið, að binda helming sparifjárins í verðbrjefum, heldur sagði hann, að nær lægi að lækka þá tölu, ⅓, sem nú stendur í frv., og vill að það sje tekið til athugunar til 3. umr. En það held jeg að geti ekki komið til mála, það væri öfugspor. Hæstv. ráðh. (JÞ) hjelt því fram, að valda myndi miklum örðugleikum að færa 4 miljónir, að hann taldi, úr víxillánum yfir í verðbrjef. Loks sagði hann, að þetta væri því aðeins rjettmætt, að það væri eðlileg tilhögun á meðferð fjárins. Já, það, sem við byggjum á, er einmitt það, að þetta sje eðlileg tilhögun á meðferð sparifjárins, þjóðholl stefna og hin tryggasta geymsla fjárins. Við álítum, að þetta geti stuðlað að því, að vöxtur þjóðlífsins verði með eðlilegum hætti, sem jafnastur og traustastur til frambúðar. Það hafa verið mistökin, jafnt hjá okkur sem víða annarsstaðar, að vexti þjóðlífsins hefir með misbeitingu starfsfjárins verið beint á óeðlilegar brautir. Af því hefir meðal annars stafað misvöxtur atvinnuveganna, misvöxturinn milli borga- og sveitalífs, — hjá okkur misvöxturinn milli sjávarútvegs og landbúnaðar — á síðari tímum. Þetta almenna fyrirbrigði þjóðlífsins í flestum löndum hefir valdið miklum örðugleikum víða um lönd. Í þessu hefir misbeiting fjármagnsins átt sinn drjúga þátt. Bankarnir hafa lagt meiri áherslu á að lána fje sitt til fyrirtækja, sem gefið hafa meiri gróðavonir, sem þó oft hafa brugðist, — eins og háttv. þm. N.-Ísf. hefir minst á, að átt hafi sjer stað um suma enska banka — heldur en að lána til þeirra fyrirtækja, sem tryggari eru og þjóðhagslega hollari. Till. okkar hv. þm. (TrÞ) miðar einmitt að því, að ráða nokkra bót á þessu.

Það má vera, að það geti valdið nokkrum örðugleikum að snúa litilsháttar við á þessari braut. En ef okkar skoðun, sem jeg nú hefi lýst, er á rökum bygð, þá verður að taka því. Get jeg þó ímyndað mjer, að örðugleikarnir sje minni en látið er í veðri vaka.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að hjer væri um beina gjöf að ræða frá eigendum sparifjárins til landbúnaðarins. Það fæ jeg ekki skilið, þar sem vextir verðbrjefanna eigi að vera ¼% hærri en sparisjóðsvextir. Þessvegna er ekkert tekið frá sparifjáreigendum. Ef frá nokkrum er tekið, þá er það tekið af gróðavon bankans. Annars gæti hann ef til vill lánað það við hærri vöxtum, — og meiri gróðavon er jafnframt meiri áhætta.

Þá hjelt hæstv. fjrh. (JÞ) því fram, að þessa gerðist ekki þörf, því að Ræktunarsjóður hefði nóg fje, eins og nú stæði. Mundi hann einnig geta selt nóg jarðræktarbrjef. — Það má vera, að þessa gerist ekki þörf í bili. En það er lítil framsýni, að líta aðeins á málið svo sem nú er á statt. Því að þetta getur brugðist, þegar fram líða stundir. — En till. okkar á einnig að vinna annað. Hún á að stuðla að því, að landbúnaðurinn fái fje við hæfilegum vöxtum, og þar með að tryggja, að hann þurfi ei að fara á mis við nauðsynlegt lánsfje vegna of hárra vaxta.

Í skoðanamun okkar og hæstv. fjrh. (JÞ) rekast á tvær stefnur í þjóðmálum. Hann heldur fram þeirri stefnu, sem verið hefir, að beina fjármagninu sem mest þangað, sem gróðavonin er mest þá og þá, þótt það valdi misvægi og óhollustu í þjóðlífinu. Hann vill stuðla að vexti bæja og atvinnugreina, sem safna að sjer fjölda af verkafólki, sem á við stopula atvinnu að búa, er í annara þjónustu, og auðvelt er að vekja hjá óánægju með lífskjör sín. Þaðan stafar sú alkunna sundurþykkja, sem uppi er í öllum löndum á milli verkamanna og vinnuveitenda, og hún er aftur efniviðurinn í hina andstæðu pólitisku flokka.

Till. okkar miða að því, að gera það mögulegt, að allar atvinnugreinar þróist jafnt og eðlilega, og geti skapað fólksfjölguninni að sem mestu leyti sjálfstætt verkefni, í beinum viðskiftum við náttúruna, sjer til framfæris.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Hv. þingdeildarmenn vita, hvernig fer, þegar lamið er í ullarbing. Það kemur dæld, þar sem barið er, en svo bólgnar bingurinn upp á öðrum stað. Líkt þessu er að eiga orðastað við formælendur þessa máls. Eins og allir vita, sem lesið hafa nál. og fylgst með í umræðunum, hefir það einkum verið haft á móti sjerstökum seðlabanka, að hann yrði of veikur, hinir bankarnir yrðu honum ofjarlar. Svo þegar jeg fer að vefengja þetta, þá verður bankinn alt í einu of sterkur. Nei, það, sem gerir varhugarvert að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, er það, að hann tekur sjálfan sig aldrei kverkataki. Ef seðlabankinn ekki neytir máttar síns til að láta banka með almennum viðskiftum fara eftir reglum, sem hann telur nauðsynlegar, þá kemur ekki til mála, að bankarnir geri það.

Jeg held því fram, að seðlabankinn geti verið nægilega sterkur til þessara hluta, og þar styðst jeg við meiri hl. sænsku bankanefndarinnar, sem staðhæfir, að seðlaútgáfan sjálf geti verið fullnægjandi í þessu efni. Háttv. þm. N.-Ísf. (ÁÁ) var óánægður yfir því, hvernig jeg notaði Cassel. Jeg varð ekki var við, að hv. þm. leiðrjetti neitt hjá mjer. En hann fór ekki rjett með, því hann sagði, að Cassel væri einn með þessa afstöðu. En hjer stendur í áliti

minni hl. bankanefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti skiftist meiri hl. nefndarinnar í tvent um það, hvort leyfa ætti ríkisbankanum að taka á móti fje frá almenningi gegn vaxtagreiðslu. Þrír af nefndarmönnunum vildu ekki gefa samþykki sitt til þess o. s. frv.“

Hjer er þá ekki um Cassel einan að ræða, heldur eru tveir aðrir í nefndinni sömu skoðunar. En þó að þessi ágæti maður hefði nú verið einn um þessa skoðun, situr illa á hv. þm. (ÁÁ) að gera lítið úr skoðun hans, þar sem hann vitnar í hann sjer til stuðnings í sambandi við annað mál. Jeg veit ekki betur en hv. þm. (ÁÁ) ætli að færa sínum málstað til inntekta skoðun Cassels í máli, sem hann hefir staðið algerlega einn uppi með, af ráðandi mönnum í sínu landi.

Þessi ummæli Cassels eru skýr. Þar er ekki að ræða um neina umsögn, sem gefin er og stíluð til að „passa“. Þetta er úrskurður almenns efnis. Það var svo sem auðvitað, að meiri hl. fjhn. mundi leitast við að færa þessi ummæli á betri veg fyrir sinn málstað, en það er ekki hægt. Jeg mótmæli því, að hjá mjer sje nokkur illvilji í sambandi við þetta. Jeg fæ bara ekki annað út úr þessum ummælum en jeg hefi sagt.

Hv. þm. (ÁÁ) hafði ummæli eftir Finnlandsbankastjóra. Jeg efast um, að nokkur maður í deildinni nema hv. þm. og kannske einhverjir samnefndarmenn hans hafi getað fengið þann skilning, sem hann vildi vera láta, út úr þessum ummælum. Bankastjórnin segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samt sem áður getum vjer ekki fullyrt, að það þurfi að gera seðlabanka nokkurn skaða, þótt hann starfi jafnframt að innlánum.“

Jeg þori að fullyrða, að enginn í deildinni getur fengið annað út úr þessum ummælum en að það sjeu a. m. k. miklar líkur til þess, að þetta geri bankanum skaða. Ef maðurinn meinar annað, þá segir hann það ekki. Jeg get fullkomlega fallist á það með hv. þm. (ÁÁ), að þessi maður hafi sagt það, sem hann meinar, og ekki annað. En það liggur greinilega í ummælunum, að hann t e l u r þetta hættulegt, þó hann á hinn bóginn vilji ekki f u l l y r ð a, að það geri skaða. Auðvitað gerir hann ráð fyrir, að hann gefi umsögn sína mönnum með fullu viti. Hv. þm. (ÁÁ) vill fá út, að bankastjórinn telji þetta e k k i hættulegt. Til samanburðar má benda á það, sem bankastjórinn er rjett áður búinn að segja, að það mundi vera eiginlegra og meira í samræmi við reglurnar um eðli seðlabanka, að þeir reki ekki innlánsstarfsemi.“

Þetta er í fullu samræmi við hitt. Eins er um forseta sænsku ríkisbankastjórnarinnar. Hann gengur út frá, að Íslandsbanka sjeu eftirlátin sparisjóðsviðskiftin. Þvert ofan í þetta vill meiri hl. nefndarinnar halda fast við það, að Landsbankinn haldi allri sparisjóðsstarfseminni. En fyrst þeir vilja efla hann með sparisjóðsstarfsemi, því þá ekki að efla hann sem mest? Hjer er ullarbingurinn kominn aftur, alveg sama tilhneigingin til að slá úr og í.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) talaði um, að það gæti verið styrkur fyrir stjórn seðlabankans að vera háð aðgerðum í sparisjóðsstarfsemi. Það er rjett. Að því getur verið styrkur. En spurningin er sú, hvort hættan sje ekki meiri. Því

neitar enginn, að sparisjóðsstarfsemi gefi bankanum meiri mátt. En það verður líka að líta á hættuna.

Svo er það þróunin, þessi þokukendu ummæli um þróunina í íslenskum bankamálum. Jeg er enn engu nær um það, hvað meint er með þessu þróunartali. Mjer skildist helst á hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að þróunin væri í því fólgin, að af því hjer hefðu verið svo lítil bankaviðskifti áður, yrði að sameina seðlaútgáfuna þeirri stofnun, sem fyrir væri. Þetta væri líkt því, ef ríkið tæki einokun á síld, og svo væri krafist, að það tæki líka einokun á kjöti og setti hvorttveggja undir sama hatt. Það er ekki víst, að það væri praktiskt. Það gæti þurft mismunandi sjerþekkingu til hvors um sig. Svo sagði hv. frsm. meiri hl. (MJ), að hann efaði ekki, að þróunin stefndi í þá átt, að seðlabankinn yrði banki bankanna, en hjá okkur væri ekki þróunin komin á það stig ennþá. En ef reynslan er búin að sýna annarstaðar, þar sem viðskiftin eru öruggari en hjer, að þróunin leiði til þess, að seðlabankarnir dragi sig út úr almennum bankaviðskiftum, því má þá ekki fara eins að hjer? Ef það er játað, að hjer sje um eðlilega þróun ræða, þá er ekki hægt að neita því, að þetta á að vera eins hjá okkur. Þróunin hefir sýnt hjá okkur, að við höfum neyðst til að draga seðlana út úr áhættu. Hv. frsm. (MJ) sagðist ekki hafa heyrt getið um neina hættu í þessu sambandi. Jeg get ekki gert að því, þó hann hafi ekki heyrt það, en jeg hefi heyrt það. Það hafa verið höfð svo stór orð um misnotkun seðlaútgáfunnar hjer á landi, að mjer þykir ólíklegt, að hv. frsm. (MJ) hafi ekki orðið þess var. Ef enginn árekstur hefði orðið, mátti seðlaútgáfan vera kyr hjá þeirri stofnun, sem hefir haft hana, aðeins að hún kæmist meira undir yfirráð ríkisstjórnarinnar. Hjer kemur þetta stökk af því, að árekstur hefir orðið, sem sýnir, að breyta verður til. En það er ekki eðlilegt að taka seðlaútgáfuna af þeirri stofnun, sem fengið hefir árekstrinn, og setja hann í aðra stofnun svipaða. Þó þeirri stofnun sje betur treyst í bili heldur en þeirri bankastjórn, sem fór með völd, þegar mistökin urðu í hinum bankanum, þá verður að gæta þess, að hjer er verið að stofna til frambúðar skipulags, og enginn veit, hverjir fara framvegis með völd við þá stofnun, sem nú á að afhenda seðlaútgáfuna. Þar geta vel orðið sömu mistökin. Það er ekki hægt að sjá annað, en að hið sama gildi með báðar þessar stofnanir. Það, sem annari hefir einhverntíma orðið á, getur hinni orðið á líka.

Hv. frsm. (MJ) sagði, að best sæist á því, hver munur væri á þessum málum hjer og annarsstaðar, að þar yrðu seðlabankarnir á eðlilegan hátt og smátt og smátt bankar bankanna, en hjer væri talað um að setja upp nýjan seðlabanka. En það er af því, að ekki þykir fært að láta þá bankastofnun, sem haft hefir seðlaútgáfuna, gerast banka bankanna. Það þykir þurfa að taka seðlana burtu þaðan. Ef ástæða hefði þótt til að taka seðlana úr Norska bankanum eða ríkisbankanum sænska, þá hefði vafalaust komið til mála að setja upp nýjan seðlabanka, a. m. k. miklu fremur en að setja seðlana í annan banka, sem líkt var ástatt um. Hjá okkur er um samskonar þróun að ræða og hjá öðrum, þó að hún hafi gerst á skemmri tíma. En þó að við hefðum ekki rekið okkur neitt á, og ekki getað bent á neina þróun, þá var vissulega skylda okkar að athuga

reynslu annara þjóða og haga okkur eftir henni. Þó að hægt væri að draga í efa, hvað þróun okkar væri komið langt, þá væri ekkert vit í því, að við settum okkur áratugi til baka og segðumst gera það af því, að viðskiftalíf okkar væri ekki komið lengra áleiðis nú en hefði verið hjá þessum eða hinum þá eða þá. Við yrðum því að gera nú eins og þeir hefðu gert þá. Það væri rjett eins og ef við hjeldum því fram, að við ættum að hafa seglskip til flutninga, af því að aðrar þjóðir hefðu notað þau á okkar þróunarstigi. Við værum ekki komnir svo langt, að okkur hæfðu gufuskip. Nei, hvað sem þróuninni líður, þá eigum við að nota þau tæki, sem fullkomnust eru og best. Við eigum að fara eftir þeim fyrirmyndum, sem bestar finnast. Það er alveg sjálfsagður hlutur.

Það var hv. frsm. meiri hl. (MJ), sem þó vildi efast um það, að máttur seðlaútgáfunnar væri eins mikill og jeg hefði fullyrt, sjerstaklega vildi hann ekki gera mikið úr því, að það hefði neina verulega þýðingu, hve mikill munur væri á lágmarki og hámarki. Jeg hafði haldið því fram, að það, að þessi mismunur er mikill á seðlaútgáfunni, gæfi honum mikið vald. Þetta vildi hv. þm. (MJ) efast um, af því að aukning seðlaútgáfunnar á sumrin og fram á haustin kæmi af öðrum ástæðum en nýjum lánveitingum. Það er mikið rjett, að ef seðlabankinn fengist við allskonar viðskifti, þá hefði þetta ekki svo mikið að segja, því að þá væri hægt að taka seðlana út úr viðskiftareikning hjá honum og nota þá til hvers sem vera vildi. En einmitt af því að honum er ekki ætlað að gera annað en „rediskontera", þá er ekki hægt að fá seðlana öðruvísi en að menn-irnir, sem þurfa á þeim að halda, þó að þeir kannske þurfi ekki að taka nýtt lán, verða að taka þá út úr reikningi sínum í hinum bönkunum, en þá eru þeir þó úr seðlabankanum, og ef viðskiftabankarnir ekki hafa þá, þurfa þeir að sækja þá til hans. Það má því einu gilda, hvað „fluktuationinni" veldur, hún gefur seðlabankanum sömu sjerstaklega sterku tökin á hinum bönkunum.

Svo vildi hv. frsm. meiri hl. (MJ) gera lítið úr því, að seðlabankinn hefði aðstöðu til þess að forða frá gengissveiflum; það höfum við báðir talað um áður, hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og jeg, að mundi nú verða misjafnlega auðvelt fyrir bankana, hvort sem væri sjerstakur seðlabanki eða ekki, að ráða við stórar gengissveiflur. En jeg fullyrði það enn, að Landsbankanum mundi líka verða það ofvaxið, ef hann nyti ekki styrks ríkissjóðs. Og hvað það snertir, að eiga stórar fúlgur á vöxtum erlendis, þá sje jeg ekki, að til þess þyrfti svo mjög mikið að koma, vegna þess að gjaldeyrisbirgðirnar geta verið svo og svo mikið í höndum hinna bankanna, og seðlabankinn haft áhrif á það, hvernig með þær er farið, það er fullkomlega það sama, þó að þessar gjaldeyrisbirgðir standi ekki á hans nafni hjá erlendu bönkunum, því að hann getur samt að svo og svo miklu leyti haft undir sínum yfirráðum gjaldeyrinn, en hitt getur einnig dugað honum. En þegar mest á reynir að halda gjaldeyrinum uppi og forða sveiflum, þá er ástandið gjarnan ekki þannig, að það sje svo mikið af erlendum gjaldeyri, sem þurfi að eiga á lágum vöxtum, heldur er það miklu fremur þannig, að það þurfi að fá lán, og þá er það ekki kraftur bankans sjálfs sem banka, heldur bakhjarlsins, sem er

það sama í báðum tilfellum, það er ríkissjóður. Um það, hvort bankinn verði annars illa staddur, og mjer skildist, að hv. frsm. meiri hl. (MJ) vildi gefa í skyn, að allar hans tekjur mundu fara í starfrækslukostnað, vil jeg segja, að þetta er mjög hæpin fullyrðing, því að með því að vera, eins og stungið er upp á af minni hl. milliþinganefndarinnar, í starfrækslu með Ríkisveðbankanum, verður starfrækslukostnaður hans ekki svo tilfinnanlegur. Þar að auki gæti komið til mála að veita bankanum fleiri tækifæri til þess að afla sjer tekna, hygg jeg, að vikið sje að því í nál. minni hl., t. d. með því að fela honum útgáfu skiftimyntar, sem er töluverður tekjuliður, og svo gæti verið um ýmislegt fleira að tala, sem komið gæti til greina.

Þá var hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) að hlaupa í skörðin fyrir hv. frsm. meiri hl. (MJ), út af því, að hann hafði sagt, að það væri hægðarleikur fyrir seðlabanka að mæta því, þegar heimtaðar væru innstæður af honum; það væri ekkert annað en að gefa út seðla og fleygja þeim í þá, sem vildu fá peninga, og vitnaði til Englandsbanka, hvorki meira nje minna en til Englandsbanka. En jeg er gróflega hræddur um, að það sje nokkuð öðru máli að gegna, hvort þessi „taktik" er tekin upp hjer eða í Englandi. Gerum ráð fyrir, að mönnum þyki ekki mikið í annað hús að venda, að koma peningum sínum fyrir, þegar þeir hafa fengið seðla frá Englandsbanka, en það kynni að verða öðruvísi hjer, og hvað er svo upp úr þessum seðlum að hafa? Það yrði svo líklega reynt að fá ávísanir til útlanda, og þá er jeg gróflega hræddur um, að svikamyllan sje gangandi. Nei, jeg er hræddur um, að það sje dálítið athugavert við þetta, að gott sje að hafa sparisjóðsstarfsemi með, því að það sje svo þægilegt að gefa altaf út seðla. Jeg vil ráða hv. meiri hl. til að finna sjer aðrar varnir en þetta, því að jeg held, að þær verði hvergi taldar góðar.

Það má nú vel vera, að mjer hafi láðst að svara einhverju af því, sem hv. þm. hafa beint til mín. En þeir eru þá vísir til að minna mig á það, og get jeg þá kannske enn þá fengið tækifæri til þess að bæta úr því.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hjelt það vera rangt hjá mjer, að till. hans á þskj. 386 færi fram á gjöf frá innstæðueigendum í sparisjóði Landsbankans til landbúnaðarins, og sagði, að það væri þá, ef um gjöf væri að ræða, að minsta kosti ekki frá sparisjóðsfjáreigendum, heldur frá Landsbankanum. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (HStef) heyrir mál mitt, enda skiftir það minstu. **(Nokkrir þm.:** Jú, þm. er nærstaddur). En þessi ummæli hv. þm. (HStef) hljóta að byggjast á því, að hann hefir ekki athugað, hvernig frv. það er, sem hjer liggur fyrir. Hjer er sparisjóðurinn algerlega aðskilinn frá annari starfsemi bankans, hann á að bera kostnað af sínum rekstri að tiltölu, sjálfur að safna sjer varasjóði, og fær engin tillög annarsstaðar að. Sá ¼%, sem sparisjóðnum er ætlað að fá í vaxtamismun, eftir tillögunni, nægir ekki fyrir reksturskostnaði hans, og því síður, að nokkuð geti orðið afgangs til þess að leggja í varasjóð sparisjóðsins fyrir vanhöldum. Þetta er því beinlínis gjöf frá sparisjóðnum, sem gengur út yfir varasjóð hans, og þá um leið út yfir sparifjáreigendur beinlínis, hvenær sem þannig kreppir að, að varasjóður-

inn ekki reynist nógur, aðrar greinir Landsbankans komast alls ekki að til þess að greiða neinn halla af þessu fyrir sparisjóðs-innieigendur. Þá sagði hv. þm. (HStef), að afstaða mín gagnvart till. bæri vott um aðra stefnu og aðrar óskir um vöxt þjóðlífsins. Þetta er allra mesta fjarstæða, jeg hefi, satt að segja, ekki mikið aðrar óskir um vöxt þjóðlífsins heldur en hv. þm. (HStef) sjálfur. En jeg álít, að það beri að fara rjetta leið til að koma fram óskum sínum í þeim efnum, og að það sje ekki sú leið að meiða eða skemma eina tiltekna peningastofnun, sem meðal annars á að bera uppi þann rjetta vöxt. Jeg vildi óska, að hv. flm. vildu leita álits einhverra bankamanna, sem þeir bera traust til, t. d. núverandi stjórnar Landsbankans, sem jeg hygg, að þeir báðir beri fult traust til, um það, hvort brtt. þeirra sje forsvaranleg frá sjónarmiði bankans.

Jeg held, að jeg geti ekki alveg leitt hjá mjer þær almennu umræður, sem fram hafa farið milli hv. nefndarmanna í fjhn. Jeg heyrði hv. frsm. minni hl. (JakM) segja það, að sú aðgreining Landsbankans í algerlega sjálfstæðar deildir, svo sem farið er fram á í stjfrv., sje minna en alveg þýðingarlaus. Jeg verð að segja það, þegar jeg heyri svona ummæli, að þá er ekki lengur verið að ræða málið með rökum, heldur er verið að sækja það með kappi, því að með þessu er þó sneitt hjá þeirri höfuð-mótbáru, sem altaf var borin fram gegn honum, að blanda saman sparisjóðsstarfsemi og seðlabankastarfsemi. Það er alveg sneitt hjá henni í frv. stjórnarinnar. Það er aðeins svo, að þær eru báðar fyrst um sinn undir sömu stjórn, því að eins og frv. er, er ekkert frekar því til fyrirstöðu, að skilja sparisjóðinn frá seðlabankanum, þegar þykir ástæða til, heldur en að skilja veðdeildina frá honum, sem þegar hefir verið ákveðið með lögum að gera, og ef þetta er gert, hvað er þá eftir? Það verður eftir seðlabanki, en ekki þó eins lítilfjörlegur og hv. minni hl. hefir stungið upp á, heldur í því formi, sem hann verður að stinga upp á, svo framarlega sem hann meinar það alvarlega að vilja koma hjer upp sjerstökum seðlabanka, því að það er ekki til neins að halda því fram, að það sje mögulegt hjer á landi að gera seðlabanka úr þeirri stofnun, sem ekki má taka við neinu innlánsfje fyrir neina vexti. Hjer verður ekki á næstu árum til innlánsfje í neinn banka, sem eigendur vilja láta liggja þar vaxtalaust, svo að það þýðir ekki neitt að vísa í það, þó að erlendir bankar geti þannig fengið nægilega viðbót við sitt fje, því að hjer fæst ekkert á þann hátt. Það hefir nú við þessar umr. ekki verið sagt neinum ofsögum af því, hve máttlaus sú seðlastofnun yrði, sem hv. minni hl. milliþinganefndar hefir stungið upp á, en þær tillögur liggja ekki hjer fyrir til umræðu, og þessvegna vil jeg leiða hjá mjer að tala um þær, því að þær geta vel komið endurbættar frá hv. minni hl. nefndarinnar til þessarar deildar, og því kannske ekki rjett að veitast að þeim í því formi, sem þær eru nú, en máttleysi þeirrar stofnunar liggur í því, að hún er á engan hátt útbúin til þess að geta varist gengissveiflum. Hv. frsm. minni hl. (JakM) segir, að þótt Landsbankinn verði gerður að seðlabanka, geti hann ekki varist gengissveiflum, og bætir við, að enginn banki geti það. Jeg verð að biðja hv. frsm. (JakM) að athuga það, hvaða

skyldur það eru, sem verið er að leggja á herðar seðlabanka, bæði í þessu frv. og frv. hv. minni hl. milliþinganefndar. Það er í fáum orðum eitthvað á þá leið, að koma tryggri skipun á seðlaútgáfuna, og svo nokkur fleiri ummæli, sem samandregin í eina setningu þýða það, að halda genginu föstu, að halda föstu því gildi á peningum landsins, sem er miðað við gull, halda því í gullverði, þegar seðlarnir eru innleysanlegir, og það er að reka þá gengispólitík, sem þjóðin óskar eftir, á þeim tímum, þegar svo illa vill til, að gjaldeyririnn hefir fallið í verði og seðlar eru óinnleysanlegir. Sá vettvangur, þar sem gildi gjaldeyris hvers lands á hverjum tíma verður ákveðið, er altaf einn og sá sami. Sá vettvangur er gjaldeyrisverslunin. Það hefir aldrei verið öðruvísi en svo, að þegar gjaldeyrir einhvers lands hefir fallið úr því gildi, sem hann hefir átt að hafa, þá hefir það komið fram á sviði gjaldeyrisverslunar, þá hækkar gullgildur gjaldeyrir annara landa í verði. Gjaldeyrisverslunin er sá orustuvöllur, sem hver einasti seðlabanki verður að mæta á og berjast, til að halda sínu verkefni fram til sigurs. Það er ekki nóg að lána út seðla innanlands gegn fullri tryggingu, og koma ekki nærri málinu, sem hjer er útkljáð. Þeir, sem halda, að það sje nóg að hafa góða tryggingu fyrir seðlalánum, þeir standa á þeim grundvelli. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) var að vísa til þess, sem gerðist á þeim tíma, sem John Law var uppi, en það er auðskilið mál, að þótt hann fengi góða tryggingu fyrir öllum sínum seðlalánum, þá gat hann aldrei trygt sjer annað en það, að fá fulla krónutölu inn aftur, því að ef seðlarnir falla í verði, tekst ekki að halda uppi sigursælli baráttu á sviði gengisverslunar, þá eru þær krónur, sem settar eru að tryggingu fyrir seðlunum, fallnar jafnmikið í verði og seðlarnir sjálfir. Bankinn fær sínar krónur, en hann fær fallnar krónur, og sama er að segja, ef farið er að tryggja seðla með fasteign. Það er hægt að fá fulla krónutölu greidda, en trygging fyrir því, að hver króna sje fullgild, fæst ekki með öðru en því, að halda uppi fullu gullgildi á gjaldeyrinum út á við. Nú hefi jeg staðhæft það í 1. umr. um frv. hv. minni hl. milliþinganefndar, að sú stofnun getur ekki haldið uppi gjaldeyrisverslun, og þetta er viðurkent í seinustu ræðu hv. frsm. minni hl. (JakM), þar sem hann segir, að það geti gert alveg sama gagn, að einkabankarnir liggi með gjaldeyrinn, þegar svo ber undir. Jeg vil þá biðja hv. þm. (JakM) að hugsa sjer ástandið, eins og það var september síðastliðinn, og hugsa sjer það snið á bankanum, að hann sje þannig útbúinn, að hann geti ekki haldið uppi gjaldeyrisverslun. Hver segir það, að hinir bankarnir kaupi? Það fór nú svo hjer í september, að annar bankinn hætti að kaupa. (**Trþ**: Og hversvegna?) Af því að honum sýndist það hyggilegt fyrir sinn hag. (**Trþ**: Nei, það var af því, að stjórnin neitaði honum um styrk). Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Str. (Trþ). Það er hægt að sýna honum, að Íslandsbanki notaði ekki þann rjett til seðlaláns frá Landsbankanum, sem hann hafði, vildi ekki nota hann, af því að hann vildi ekki kaupa gjaldeyri. Seðlaskuld hans við Landsbankann fór þá niður í hálfa miljón króna, þegar mest var seðlaveltan í landinu, en á ýmsum öðrum tímum, og þar á meðal nú, hefir hann hærri upphæð að láni á þessum viðskiftareikningi sínum við

Landsbankann en sem nemur allri þeirri seðlafúlgu, sem Landsbankinn hefir í umferð, og lánið minkaði ekki af því, að það væri neitað um það, heldur af því, að bankinn vildi ekki halda áfram að taka það. En segjum, að báðir bankarnir hefðu tekið það ráð upp að vilja ekki kaupa erlenda gjaldeyrinn, sem bauðst. Þá hefði krónan okkar rokið upp í gullverð, og máttlaus seðlabanki, sem engan gjaldeyri gat keypt, hefði alls ekki getað afstýrt því. (**TrÞ:** Seðlabankinn neitaði því í haust að gefa út seðla). Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Str. (TrÞ), en kemur málinu auk þess ekkert við. En hvernig var nú ástandið þá? Það var ætlast til þess, að það væri úti hjá seðlabönkunum sú seðlafúlga, sem viðskiftaþörfin krefði, segjum, að það hafi verið 8 miljónir, svo streymir að gjaldeyrir, sem þarf að kaupa, og þá fór seðlafúlgan upp í 12—13 miljónir. Það er það sjálfsagðasta atriði um skipun á hverjum seðlabanka, að honum sje þannig fyrir komið, að hann sje fyrst og fremst sú bankastofnun, sem haldi uppi gjaldeyrisverslun.

Jeg veit nú, að í hvaða form, sem seðlabanki yrði settur, hlýtur honum að verða ætlað að hafa gjaldeyrisverslun með höndum. En til þess að vera fær um það, verður hann að geta tekið á móti innstæðufje á hverjum tíma sem það býðst fyrir lága vexti.

En seðlabanka hv. minni hl. er ætlað að hafa gullforða, sem svarar ⅗ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Svo er honum ætlað að hafa seðla, sem hann lánar einkabönkunum, en ekki einstaklingum. Hann stendur þá með bundinn gullforða og kröfur á einkabankana. Jeg get ekki sjeð, að þegar fer að berast að erlendur gjaldeyrir, þá hafi hann neitt handbært fje til þess að kaupa fyrir, því hann á engar íslenskar krónur nema í lánum hjá einkabönkunum. Hann verður þá að leita til einkabankanna og biðja um lán. (**JakM:** Hann getur gefið út nýja seðla). Það er óforsvaranleg pólitík, að láta seðlaveltuna sveiflast eins mikið og viðskiftaþörfin innan lands krefst, að viðbættum sveiflum á skuldum og innieign erlendis. Það eru ekki leyfilegar meiri sveiflur á seðlaútgáfunni en viðskiftaveltan innanlands þarfnast. Þetta er algild regla um seðlaútgáfu í þeim löndum, sem jeg þekki til. Annars er það undarlegt, að seðlabankinn má ekki taka við innlánsfje fyrir lága vexti, en má þó taka lán hjá einkabönkunum, því jeg get ekki sjeð, að annað geti hann gert, ef hann á að annast gjaldeyrisverslun landsins. Þetta verður hann að gera. (**JakM:** Nei!) Jeg vildi gjarnan fá að heyra hv. frsm. minni hl. (JakM) gera grein fyrir því, þegar seðlabankinn kemur til umr., hvernig hann hugsar sjer, að sjerstakur seðlabanki ræki sitt aðalverkefni á þeim grundvelli, sem frv. er bygt á. — En það sjá allir, að þetta má ekki ætla seðlabanka að gera, að taka lán hjá einkabönkunum, því að vald hans fer þá út um þúfur, er hann verður skuldunautur hinna bankanna vegna gjaldeyrisverslunar.

Hv. frsm. minni hl. (JakM) hefir gert of mikið úr, hver ráð slík seðlastofnun hefði um hagnýtingu hinna bankanna á útlendu og innlendu fje, en því er svarað af hv. frsm. meiri hl. (MJ), svo jeg þarf ekki að fara frekar út í það, aðeins vil jeg benda á, þessu til stuðnings, að síðast liðið haust kom það fyrir og aftur núna nýlega, að sá bankinn, sem með seðlaútgáfuna fór, gat ekki

ráðið við, að einkabanki ráðstafaði fje sínu á þann hátt, er hann vildi vera láta. (Trþ: Sá, sem fór með seðlaútgáfuna, hindraði það.). Hv. þm. Str. (Trþ) má gjarnan taka til máls og gera frekari grein fyrir þessu, sem hann skaut fram, en jeg mun þá koma með leiðrjettingu. Annars skýtur það dálitið skökku við, er hv. frsm. minni hl. (JakM) segir, að Landsbankinn sem seðlabanki sje máttlaus til þess að halda uppi gjaldeyrisverslun, en í hinu orðinu heldur hann því þó fram, að alt peningamagn sje þar saman safnað á einum stað. Þetta er alger mótsögn, auk þess að hvorttveggja er í raun og veru öfgar, því sannleikurinn liggur einhversstaðar mitt á milli. Sveiflur í atvinnulífi okkar koma fyrst og fremst fram í innieignum og skuldum erlendis, og þær sveiflur verður seðlabankinn að geta borið, en það getur hann því aðeins, að hann hafi yfir að ráða meira fjármagni hlutfallslega en til er ætlast eftir frv., því að enginn einkabanki tekur upp á sig neinar skyldur framar en honum sjálfum gott þykir, og hagsmunir hans ráða. Jeg held, að það sje ófrávíkjanlegt, að slíkur seðlabanki verði að taka á móti innstæðufje, og þá fyrst og fremst á hlaupareikning, sem hlýtur ávalt að vera fylgifiskur gjaldeyrisverslunar. Þar með er ekki sagt, að jeg þurfi að vera öllu sammála, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafa haldið fram um sparisjóðsstarfsemi seðlabankans. En hitt þykist jeg vita, að á erfiðum tímum mundi það reynast of hættulegur holskurður fjármálalífi þjóðarinnar, ef taka ætti sparisjóðsdeild Landsbankans og skilja hana alt í einu frá honum. Það er svo mikil breyting og mikil truflun á þeirri starfsemi, sem í gangi er, að hana má ekki gera á hættulegum tímum. Sparisjóður Landsbankans verður fyrst um sinn að vera undir sömu stjórn og seðlaútgáfan, en svo álít jeg, að menn verði að setja sjer það framtíðarmark að stefna að, að koma bankamálum vorum í það horf, sem best þykir gefast erlendis. En það er að reka einn ríkisbanka, sem um leið sje seðlabanki, og losa hann með tímanum við sparisjóðsstarfsemi Og þannig stefnir stjfrv., að skapa í framtíðinni sömu tilhögun í pengingamálum og tíðkast í hinum löndunum. Allar aðrar tillögur vilja annað skipulag: að ríkið reki sjerstaka seðlastofnun, jafnhliða öflugri einkabankastarfsemi.

Annars gladdi það mig, sem kom fram hjá hv. frsm. minni hl. (JakM), „að ef nýr banki kemur, þá horfir málið alt öðru vísi við“, mjer skildist, að hann mundi meina, að um seðlaútgáfu Landsbankans horfði þá alt öðruvísi við.

En efast nokkur maður um, að að því muni reka, að hjer verði stofnaðir fleiri einkabankar? Mjer dettur ekki í hug að efast um það, að þeir komi, en í mínum augum er það ekki mikið mál, hvort það verður í ár, næsta ár, eða seinna. Nú er það seðlaútgáfan, sem um er að ræða, og hana verður að byggja svo upp, að úr verði hagkvæmt framtíðarskipulag. Alt annað er fásinna, eins og peningamálum vorum er komið. Og jeg hygg, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje eina og rjetta lausnin á þessu vandamáli.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. mai, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 171, n. 358, 386, 469).

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að ekki væri lítil breyting gerð af hæstv. stjórn á frv. þessu, frá því sem milliþinganefndin hafði lagt til, með því að aðskilja nánar sparisjóðsstarfsemi frá seðlastarfsemi. Þetta er nú samt að mestu pappírsgagn, því að þegar bankinn fer að starfa, og er búinn að starfa um hríð að því, sem honum er ætlað, sem sje útlánsstarfsemi, hygg jeg, að verða muni næsta erfitt að láta hann hætta því og skilja á milli sparsjóðsstarfsemi og seðlastarfsemi. Jeg er viss um, að bankastjórnin hlýtur að „disponera" í öllum höfuðatriðum með það fyrir augum, að bankinn hafi með höndum hvorutveggja þessa starfsemi. Það er svo, að það er mjög lítið af þeim lánum hjer á landi, sem gætu talist trygg fyrir seðlabanka, því að seðlabanki má ekki binda svo sitt fje, að hann geti ekki losað það með hæfilegum fyrirvara, og má ekki lána til áhættusamra hluta. Eina útlánsstarfsemi hans á að vera verslunarvíxlar, sem borgaðir eru á skömmum tíma og tryggðir annaðhvort með útflutningseða innflutningsvöru. Þetta er að minsta kosti álit eins þeirra manna, sem leitað hefir verið álits hjá, og flm. frv. leggja jafnvel mest upp úr, sem sje forseta bankaráðs ríkisbankans sænska. Hann segir, að Íslandsbanki ætti að sleppa sinni seðlaútgáfu og Landsbankinn að taka við henni; Íslandsbanki ætti að fá hjá Landsbankanum sparisjóðsviðskiftin og væntanlega líka veðdeildina, en Landsbankinn að taka við verslunarvíxlaviðskiftum og útibúum. Nú er auðsjeð, að þenna mæta mann brestur þekkingu á fyrirkomulaginu hjer og heldur, að í útibúum sjeu mest rekin verslunarvíxlaviðskifti, en minna af föstum lánum. Það mun vera svo í útlöndum, eða að minsta kosti er það svo í Danmörku, að þar hafa útibú, t. d. Landmandsbankans að mestu leyti verslunarvíxlaviðskifti, en aðeins örlítinn part af öðrum lánum.

Það er mjög svo mikið lagt upp úr því, hver styrkur bankanum sje að því að vera almennur viðskiftabanki, til þess að geta haldið jafnvægi á genginu. Vera má, að bankinn hafi við það hægri aðstöðu, en aftur meira af áhættusömum útlánum. En er þá ekki hætt við, að hann líti dálítið á sinn eigin hag í þeirri áhættusömu útlánsstarfsemi og hljóti því að haga genginu eftir því? Hæstv. fjrh. (JÞ) benti á, að ef Landsbankinn hefði ekki tekið í taumana síðastliðið haust, þá hefði gengið rokið upp í gullgildi. Það má vel vera, að svo hefði farið, ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar og menn getað „spekulerað" í genginu, en öðruvísi ekki. En jeg hygg, að seðlabanki hefði getað og gert alt það, sem Landsbankinn gerði. Hjer eru vanalega úti til innanlandsviðskifta 3—4 miljónir kr. En á haustin, þegar erlendur gjaldeyrir berst að, er seðlaútgáfan aukin upp í alt að 12—14 miljónum og aldrei undir 8 miljónum. Megnið af þessari auknu útgáfu fer til þess, að kaupa erlendan gjaldeyri. Nú held jeg, að sá banki, sem fær seðlaútgáfuna, muni ekki lána öðrum bönkum seðla nema með ákveðnum skilyrðum, svo sem þeim, að þeir höguðu gjaldeyrisverslun sinni eftir því, sem hann tilskildi. Það má ekki gera ráð fyrir því, að seðlabankinn verði algerlega forsjárlaust verkfæri í höndum hinna bankanna, þótt hann hafi ekki útlánsstarfsemi með höndum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að fullvíst

væri, að fleiri einkabankar risu upp áður langt um liði. Það vona jeg að verði, en jeg er þess fullviss, að verði seðlaútgáfunni hagað eftir till. hv. meiri hl., tefur það til muna fyrir því, að einkabankar verði hjer stofnsettir. Það er áreiðanlegt, að þeir menn, sem hafa hug á því að koma hjer upp einkabanka, líta svo á, að það sje ekki nærri eins aðgengilegt, ef þeir þurfa að sækja seðlalán til samkepnisbanka. — Menn hafa talað mikið um það, hve seðlabankinn verði máttlaus, ef hann verður eins og gert er ráð fyrir í nál. minni hl., móts við aðra seðlabanka. Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði meðal annars í því sambandi, að Englandsbanki hefði föst tök á genginu og eins væri um Finnlandsbanka. Um Finnlandsbanka er það að segja, að hann fekk þessi föstu tök ekki fyr en búið var að stýfa finska markið í 13%. Jeg geri ráð fyrir, að seðlabankinn hjer gæti haft eins góð tök á genginu, ef menn vildu stýfa krónuna í t. d. 25 aurum eða jafnvel þótt það væri í 50 aurum. Annars dettur líklega engum í hug, að Landsbankinn verði álíka sterkur og Englandsbanki, þótt það frv. verði samþ., sem hjer liggur fyrir.

Hv. meðhaldsmenn frv. eru altaf að vitna í erlenda bankafræðinga, og er það þeirra aðalstyrkur. Jeg er nú enganveginn viss um, að þessir menn viti, hve fjármálum er háttað hjer á landi. Jeg er meira að segja sannfærður um, að þeir vita ekki það sanna, svo sem jeg sýndi fram á áðan, í sambandi við ummæli forseta sænska ríkisbankans. Hann heldur, að Landsbankinn geti tekið við verslunarvíxlaviðskiftum og afhent sparisjóðsviðskifti sín til sparisjóðanna á hverjum stað. En jeg er viss um, að þetta verður ekki framkvæmt á næstu 10 árum, varla á 20. Og verði þetta frv. samþ., á bankinn mjög erfitt með að afhenda sparisjóðinn. — En hví skyldi þessi maður vera að ráða okkur til að blanda ekki saman sparisjóðsstarfsemi og seðlaútgáfu? Ætli það sje ekki af því, að hann álítur hættulegt, að seðlabankinn hafi meira en helming af innlánsfje landsmanna. Það getur verið afsakanlegt, þótt sumir bankafróðir menn vilji leyfa seðlabankanum að hafa lítilsháttar innlánsviðskifti, en að láta hann hafa meira en helming alls sparifjár landsmanna, er áreiðanlega of langt gengið og fjarri því að vera verjandi. Skora jeg á hv. flytjendur þessa frv. að koma með ummæli e i n s e i n a s t a bankafróðs manns í heiminum, um að þetta sje forsvaranlegt. Það er náttúrlega hægt að segja eins og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að við verðum að kasta öllum okkar áhyggjum upp á bankaráð og bankastjóra þá, sem hjer verða framvegis. En við eigum ekki þar fyrir að stofna til fyrirkomulags, sem gerir það ómögulegt, að bankinn ræki þær skyldur, sem hann hefir sem seðlabanki. Því að hjer er farið fram á að hnýta seðlastofnuninni aftan í aðra aðalstofnun, sem hefir það með höndum að taka við innlánsfje og ávaxta það.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi halda því fram, að álit Risto Ryti bankastjóra væri, að hættulaust væri að reka innlánsstarfsemi með seðlaútgáfu. Jeg held raunar að orð þau, sem hv. þm. tilfærði, sanni, að hann álítur það e k k i hættulaust. Hann segir, — með leyfi hæstv. forseta: „Samt sem áður getum vjer ekki fullyrt, að það þurfi að gera seðlabanka nokkurn skaða, þótt hann starfi jafnframt að innlánum.“ Segjum, að einhver maður kæmi til mín og bæði mig

að skrifa upp á víxil fyrir sig. Svo spyr jeg kunningja minn, hvort mjer muni ekki óhætt að gera manninum þennan greiða. Kunningi minn svarar: „Jeg get ekki fullyrt, að þú þurfir að skaðast á því.“ Hvað liggur á bak við þetta svar? Er það ekki þetta: Jeg vil ekki ráðleggja þjer að gera þetta, en það getur slampast af?

Það var ýmislegt fleira, sem jeg þurfti að svara, en jeg mun hlaupa yfir mest af því, enda hefir hv. frsm. minni hl. (JakM) svarað flestu all-rækilega.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði meðal annars, að Landsbankinn gæti staðið straum af mjög mikilli inneign erlendis. Það er auðvitað, að þeir bankar, sem hafa mikið innlánsfje gegn lágum vöxtum, geta það oft. En þeir geta það því aðeins, að þeir tapi ekki svo miklu, að enginn ágóði verði á árinu. Það hefir komið fyrir og hlýtur að koma fyrir oftar, að bankarnir tapi meiru á einu ári en þeir græða. Og þá stendur þessi banki ekki betur að vígi en seðlabankinn.

Það er leiðinlegt að heyra hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sífelt hampa því, að við viljum eyðileggja Landsbankann eða leggja hann niður. Við höldum einmitt, að Landsbankinn hætti að vera til sem hjálparhella atvinnuveganna, ef stjfrv. verður samþykt, nema því aðeins að hann ræki seðlaútgáfuna öðruvísi en vera ber.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að Landsbankinn hafi verið nær búinn að steypa Íslandsbanka, þótt sá síðarnefndi hefði seðlaútgáfuna. En af hverju? Af því að Íslandsbanki stóð höllum fæti í útlána-viðskiftum sínum. Öll saga Íslandsbanka sýnir, hve hættulegt er að hafa saman almenna bankastarfsemi og seðlaútgáfu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi ekki tekið þátt í umræðunum um þetta mál ennþá, heldur beðið átekta og viljað heyra, hvað fremstu menn beggja flokka segðu. Hefi jeg látið mjer hægt, meðan þeir hafa deilt um aðalatriði þessa máls. Um það vil jeg aðeins láta þess getið, að fyrsti forgöngumaður þess, að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna, hefir gert sitt til að kasta mönnum í fang hinna. Svo ljeleg var röksemdafærsla hans og svo miklar fjarstæður það, sem hann sagði um þá atburði, sem hjer gerðust síðasta haust. En þar fyrir er þó eigi víst, að jeg hverfi alveg frá hans málstað, því að þótt eitthvert mál sje rangt túlkað, þarf það eigi að vera rangt mál fyrir það.

Það er annað aðalatriði þessa máls, sem jeg ætla að víkja að, hið sama og jeg talaði um við 1. umr. þessa máls. Við hv. 1. þm. N.-M. (HStef) höfum borið fram brtt., svo sem menn vita, um að hækka þann hlut sparifjárins, sem bankinn á að eiga í verðbrjefum, og skylda hann til að lána Ræktunarsjóði allmikið af því fje. Á þessa till., sem miðar að því að tryggja landbúnaðinn, hefir hæstv. fjrh. (JÞ) ráðist með miklum þunga. Jeg hefi nú að vísu engu við að bæta það, sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, en þykir þó rjett að fram komi fleiri mótmæli gegn skoðun hæstv. ráðh., þar sem þetta er stórt mál.

Ætla jeg fyrst að gamni mínu að víkja að öðru atriði til að kasta ljósi yfir afstöðu hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli og öðru, sem altaf blandast saman við það, gengismálinu. Um bæði þessi stóru

mál hafa menn mjög reynt að afla sjer upplýsinga um, hvað merkustu og fróðustu menn erlendis segðu. Hafa menn vitnað í ýmsa, en öllum ber saman um, að Cassel sje þeirra langmerkastur. Enginn hefir þó hælt honum svo mikið sem hæstv. fjrh. (JÞ). Í formála bókar þeirrar, er „Lággengi" nefnist, lýsir hann sig lærisvein Cassels og gefur honum hina mestu traustsyfirlýsingu. — Í þennan mann er nú óspart vitnað, bæði í bankamálinu og gengismálinu. Og það tel jeg eitt hið besta, sem hv. meiri hl. hefir fram að færa, að hann hefir þenna mann með sjer. — Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir Cassel með sjer í gengismálinu, en móti í bankamálinu. Um hv. frsm. minni hl. (JakM) er það þveröfugt. En hæstv. fjrh. (JÞ), sem hefir lýst sig lærisvein þessa manns, hefir hann á móti sjer í báðum málunum.

Jeg kom nú með þetta innskot að gamni mínu, til að styðja það, sem jeg nú kem að, að mótmæli hæstv. ráðh. (JÞ) gegn brtt. okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef) koma engan veginn úr merkilegri átt. Það var bent á við 1. umr. þessa máls, að aðalatriðið væri ekki það eitt, hvernig seðlaútgáfunni væri komið fyrir, heldur væri það einnig stórt atriði, hvernig veltufje skiftist milli atvinnuveganna. Leiddi jeg þá rök að því, að landbúnaðurinn hefði orðið illa úti með lánsfje á undanförnum árum. Tilraun síðasta þings um Ræktunarsjóð hefir mishepnast að mestu leyti, sakir þess, hve ógurleg vaxtakjörin eru. Vil jeg því gera það að aðalatriði þessa máls frá minni hálfu, að landbúnaðinum verði trygt fje með sæmilegum kjörum. Vil jeg beina því til beggja hluta fjhn., hversu þeir vilja snúast við þessu máli. Vil jeg spyrja þá, hve þeir geti samrýmt það sínu fyrirkomulagi, hvor um sig, að afla landbúnaðinum lánsfjár, með sanngjörnum vaxtakjörum. Vona jeg, að þeir lýsi afstöðu sinni við þessa eða næstu umr. þessa máls, og eftir því mun afstaða mín verða til málsins.

Jeg geri það ekki að neinu aðalatriði að till. verði samþ. óbreytt. Jeg gæti fallist á hana í annari mynd. T. d. mætti hækka þessa verðbrjefaeign um ⅓, og væri þá meiri hluti hennar í jarðræktarbrjefum, sem Ræktunarsjóður Íslands fengi.

Gegn þessari till. hefir hæstv. fjrh. (JÞ) barist þunglega. Það, sem hann hefir talað um, er mest þetta, en lítið um málið í heild sinni. Hann hefir varið tveimur ræðum til þess að ráðast á þessa till. Mjer kom það í raun og veru ekki á óvart. En þó myndi hann einn allra í þessari deid hafa kjark til þess að ráðast í móti þessari till. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir meir en nokkur annar maður gengið fram fyrir skjöldu um að spyrna á móti þörfum landbúnaðarins. Það hefir enginn sýnt eins lítinn skilning og hann á þeim. Þetta hefi jeg ótal sinnum lesið yfir honum.

Jeg ætla svo að fara gegnum ástæður þær, sem hæstv. fjrh. bar fram gegn þessari brtt. Hann sagði, að ekki væri forsvaranlegt að binda helming sparifjárins með brjefum. Nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) komið fram með það í frv. að binda ⅓ þess, svo að það er ekki nema ⅙ minna, sem hann vill binda, svo að munurinn er ekki mikill. Annars geri jeg þetta ekki að aðalatriði, ef þá þessi þriðjungur fæst á annað borð. Hæstv. fjrh. sagði, að þetta gæti ekki komið til mála, viðskiftalífið þyldi það ekki. Nú eru hæstv. fjrh. (JÞ) og háttv. 3. þm.

Reykv. (JakM) sammála um, að nauðsynlegt sje að fá hingað erlent fje, og að það væri leið, að bankinn tæki lán, ef samkomulag næðist um það og fje vantaði. Og ef tekin eru lán, hvort þau eru meiri eða minni, skiftir litlu. En það er hugsunarhátturinn, sem kemur fram í þessu, sem jeg vil vekja athygli á. Hæstv. fjrh. segir það ekki geta komið til mála, að landbúnaðurinn fái aðeins ¼ af sparifje bankans, af því að viðskiftalífið þoli það ekki. Svona er sjávarútvegurinn og verslunarbraskið mikilsvirði í augum hæstv. fjrh. (JÞ), að ekki getur komið til mála, að landbúnaðurinn fái aðeins ¼ af starfsfje atvinnuveganna. Þetta er mat hæstv. fjrh. á gildi atvinnuveganna, að það er fjarstæða, að landbúnaðurinn fái þennan fjórðung. Jeg hefi sem endurskoðunarmaður Landsbankans athugað, hve mikið stendur í bankanum af landbúnaðarlánum. Það er lítið, innan við 25%, og þó tekið með ýmislegt, sem vafi leikur á um, eins og t. d. sum lánin á Selfossi. Í öðrum lánstofnunum, svo sem Íslandsbanka, er enn minna af þeim.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að þetta væri óframkvæmanlegt. Ef það er óframkvæmanlegt um helming sparifjárins, þá er það eins um ⅓ af því. Að það sje ómögulegt að láta vexti sparifjárins, sem Ræktunarsjóður borgar, færast til, get jeg ekki skilið. Mjer virðist það ofureinfalt. Ef viljinn til þess er góður, er það vel framkvæmanlegt. Þetta er alveg út í hött hjá hæstv. fjrh. Jeg skora á hann að gera nánari grein fyrir þessu.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að þetta væri hrein gjöf frá sparifjáreigendum í Landsbankanum, ef farið væri fram á að fá lægri vexti handa Ræktunarsjóði. Nei, vextirnir eiga að vera þeir sömu. Vextirnir, sem Ræktunarsjóður borgar, eiga að miðast við almenna sparisjóðsvexti. Þetta hefir engin áhrif á þá vexti, sem sparisjóðseigendur eiga að fá. Og ef ¼ sparifjárins fer yfir til landbúnaðarins, bætist það við, að eigi þarf að óttast, að þau lán, sem af þessu fje eru veitt, muni tapast.

Í 5. lagi sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að brtt. væri óþörf. Ræktunarsjóður hefði nóg fje, og hann hefði getað gert meira að því að selja brjef en raun varð á. Jeg er nú þakklátur stjórn sjóðsins fyrir að hafa ekki selt brjefin, því að það hefði orðið til bölvunar að gefa út mikið af skuldabrjefum, sem eiga að borgast með 6%. Hjer er um tvær ólíkar lífsskoðanir að ræða hjá mjer og hæstv. fjrh. Það er ekki nóg að hafa fje, það verður að lána það með þeim kjörum, sem landbúnaðurinn þolir. Það, að vextir eru svo háir hjá bönkunum, stafar af þeim töpum, sem orðið hafa hjá atvinnuvegunum, og þau töp hafa ekki orðið hjá landbúnaðinum. Og höfuðástæðan til brtt. minnar er einmitt það, hve mikið hefir orðið af töpum, landbúnaðinum óviðkomandi. Og þegar hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að Ræktunarsjóður hafi nóg fje, þá er það bara önnur hlið málsins. Hann hefir ekki nóg fje, og ekki nógu góða aðstöðu til þess að lána það með hæfilegum kjörum. Það þarf að afla sjóðnum meira fjár og lána það með 5% vöxtum eða lægra.

Þetta voru höfuðástæður hæstv. fjrh. (JÞ) í fyrri ræðu hans. Svo bætti hann við í síðari ræðu sinni, að þau ¼%, sem Ræktunarsjóðurinn ætti að borga, nægði ekki fyrir öllum reksturskostnaði sparisjóðsins. En hann á ekki að borga reksturskostnað nema að sínum hluta. Hvað mikill kostnaður væri að

því að flytja þetta fje, er alveg óvíst um. Hann getur orðið alls enginn. Hitt kemur engum í hug, að þessi hluti sparifjárins eigi að taka þátt í töpum. Hæstv. fjrh. bætti því við, að þetta nægði ekki upp í töpin. En ef þessi ¼ fer í Ræktunarsjóðinn, verða engin töp á því fje. Þetta er rjettlætisgrundvöllurinn, að á landbúnaðarlánum tapast ekki.

Hv. meðflm. minn, hv. 1. þm. N.-M. (HStef) gat þess, að það, hvernig hæstv. fjrh. snerist við þessu máli, bæri vott um aðra lífsstefnu hjá honum en okkur, og jeg tek fyllilega undir það. Það ber vott um, að hann telji framtíð landsins ekki svo bundna við landbúnaðinn, að þar fyrir sje svo þýðingarmikið að hlynna að honum. Það ber vott um, að hæstv. ráðh. álítur, að sjávarútvegurinn og ofvöxtur bæjanna sje sú þróun, sem eigi megi halda aftur af eða taka fje frá.

Hæstv. fjrh. sagði, að við flm. skyldum tala um þetta atr. við stjórn Landsbankans. Þótt jeg beri nú fult traust til hennar, þá vil jeg þó ekki segja það, að hún eigi að ráða því, hvaða tillögur sjeu gerðar um fyrirkomulag þingmálanna. Hún spyrnir altaf á móti því að láta þá af viðskiftamönnum sínum, sem við berum fyrir brjósti, fá góð kjör. Fyrir tveim árum síðan samþykti Alþingi lög um búnaðarlánadeildina. Þá sýndi stjórn Íslandsbanka alls ekki fullan skilning eða vilja á því að framkvæma þau lög, og stóð þá fullnærri hæstv. fjrh. (JÞ), sem sýndi því máli allan þann fjandskap, sem hann frekast gat. Jeg vil eindregið mæla með því, að brtt. okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef) á þskj. 386 verði samþ. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir með þunga miklum lagst á móti henni. Og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir víst að til ummæla hans. Jeg vil skora á þá aðilja, sem hjer heyja stríð í móti okkur, að athuga, í hvaða mynd þeir geti komið á móti kröfum okkar flm., að um leið og bankamálinu er endanlega skipað í fast horf, þá beini þingið hæfilega miklu fje til landbúnaðarins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir ekki rjett að draga það, að svara hv. þm. Str. (TrÞ), því hann beindi máli sínu til mín. Hann hjelt ræðu um mig og Cassel. Hann hefir nú haldið þessa ræðu tvisvar áður, og jeg svarað jafnóðum, og býst því við, að hv. þm. fari að læra svar mitt. Jeg hefi aðeins sagt, að lærisveinsafstaða mín til Cassels væri sú sama og afstaða landsmanna hans til hans. Þeir hafa lært af honum að skýra eðli og orsakir lággengisins og notað kenningar hans til þess að koma gjaldeyri sínum í gullverð. Jeg þarf ekki að blygðast mín neitt fyrir þá afstöðu, sem Svíar, bæði þing og þjóð, hafa tekið, og svo þegar frá fall er hjá fleiri lærisveinum, því eins og hv. þm. Str. (TrÞ) hefir lýst yfir, þá eru hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hálf-frá fallnir Cassel. Og öfunda jeg hv. þm. Str. (TrÞ) ekkert af því, að fylgja honum í einu og öllu og leyfa sjer enga sjerskoðun. Jeg tel þetta eiginlega sem spaugsyrði hjá hv. þm. Str. (TrÞ), og má líka líta á þessi orð mín til hans frá sama sjónarmiði.

Svo kom hv. þm. Str. (TrÞ) að brtt. sínum og hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Virtist honum mikið niðri fyrir. Var að halda kjósendaræðu og kom fram með ófagrar lýsingar á hugsunarhætti mínum gagnvart landbúnaðinum og

þeim kjarki, sem jeg sýndi í því að þora að vera á móti kröfum hans. Jeg vil nú segja hv. þm. Str. (TrÞ) það, að jeg stend nær landbúnaðinum bæði að uppruna og starfi heldur en hann. Og jeg get fullvissað hann um það, að ekki verður það hans dómur, sem tekinn verður gildur, þegar þetta mál verður úrskurðað fyrir dómi sögunnar. Og það fer vel á því, að hann lýsi sjálfur sínum hug til landbúnaðarins, hins sameiginlega áhugamáls okkar, en ljeti mig svo um að lýsa mínum hug til hans.

Aðalmergurinn úr öllu, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, var það, hve lánskjör Ræktunarsjóðsins væru óhagstæð. og óviðunandi. Sagði, að þessi kjör hans bæru vott um kjark minn til þess að traðka rjetti landbúnaðarins og standa móti kröfum hans. Var hv. þm. heldur gleiður yfir þessu. Ef nú verða veitt lán úr Ræktunarsjóði affallalaust með 6% vöxtum til alt að 25 ára, þá þori jeg að fullyrða, að slíkra lána er hvergi kostur annarsstaðar. (TrÞ: Í söfnunarsjóði). Það kann að vera. En hvað hefir hv. þm. Str. sjálfur lagt til þessara mála? Það vildi svo til, að hv. þm. bar fram í fyrra frv. um Ræktunarsjóð hinn nýja, og sýndi þar með sinn hug til landbúnaðarins. Þar vildi hann láta taka í lög, að vextir sjóðsins af lánum væru 6½%. Það var tillaga hv. þm. fyrir einu ári síðan. Hann gat hreinsað sig af því, að vera að traðka rjetti landbúnaðarins þá. Hann tók þetta ákvæði eftir nefnd, sem Búnaðarfjelag Íslands hafði skipað, og skoðuð var sem skipuð fulltrúum landbúnaðarins. En min sök í þessu máli er sú, að jeg fjekk vald til þess að lækka þessa vexti, svo að landbúnaðurinn hefir nú ½% lægri vaxtakjör en hv. þm. Str. (TrÞ) vildi láta hann hafa, hefði tillaga hans náð fram að ganga. Ef ætti að hnotbítast um, hvor okkar væri meiri vinur landbúnaðarins, þá gætu menn með eins góðum rökum og hv. þm. Str. (TrÞ) skipað mjer í þann æðri sess, en honum í hinn lægri; en jeg hefi bara enga tilhneigingu til þess. Jeg veit vel, hvað hv. þm. Str. (TrÞ) skilur ekki, að vaxtakjörin er ekki á valdi þings og stjórnar að ákveða. Þau eru ákveðin af öðrum. Í framhaldi af þessu sagði hv. þm. Str. (TrÞ) svo, að það bæri vott um hugsunarhátt minn, að ekki kæmi til mála, að landbúnaðurinn fengi ¼ af sparifje bankans. Jeg sagði aðeins, að ekki mætti skylda bankann til þess að kaupa brjef, sem hafa ¼% hærri vexti en almennir innlánsvextir eru á hverjum tíma. Jeg hefi áður bent hv. flm. á, að eins og till. þeirra er, að jeg búist við því, að hún verki nokkuð öðruvísi en þeir ætlast til. Jeg hefi sýnt þeim þá góðvild að leggja inn í hana það, sem er víst meiningin hjá þeim, þó ekki sjáist, að sparisjóðsdeildin kaupi þessi brjef ákvæðisverði. En þegar stjórn sjóðsins segir þetta óframkvæmanlegt, þá er það af því, að brjefin eru ekki seljanleg. Ef bankinn má kaupa brjefin fyrir markaðsverð með afföllum, þá er allur hagur fyrir Ræktunarsjóðinn farinn af þeim. Það er óframkvæmanlegt að gera þessi brjef auðseld, úr því að þau brjef, sem brtt. stingur upp á, eiga að haldast í nafnverði. Og ber hv. þm. (TrÞ) samt brigður á, að það komi innstæðueigendum við.

Það þarf ekki að endurtaka það, að ¼% nægir ekki til þess að bera kostnaðinn og til þess að safna í varasjóð,

En tapi sjóðurinn, gengur það jafnt út yfir alla innstæðueigendur. Það er ekki hægt að greina þá, sem hafa lagt innstæðufje til þessara brjefakaupa, frá öðrum innstæðueigendum. En hinsvegar þarf að hafa varasjóð til þess að innstæðurnar geti haldist óskertar. Það kemur engin önnur lífsskoðun fram í þessu en sú, sem kemur fram í sambandi við seðlabankann. Þá er ekki fyrst og fremst hugsað um sjerstakar þarfir, heldur um hitt, að stofnunin verði forsvaranlega úr garði gerð og fái viðunandi löggjöf.

Út af því, sem þessi háttv. þm. sagði almennt um skifting veltufjárins milli atvinnuveganna, vil jeg benda á það, að þetta frv. gerir ráð fyrir því, að bankaráðið ákveði, ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma. Landsbankanefndin er kosin af Alþingi. Bankaráðið er kosið að ⅘ af bankanefndinni, en bankaráðið skipar bankastjórnina. Svo þetta vald er í raun og veru fram gengið af hinum almenna kosningarrjetti. Þingið er grundvöllurinn, sem bygt er á. Það virðist því vel mega una þessu ákvæði. Þegar samkvæmt lögum er búið að gera samning við Landsbankann um að kaupa jarðræktarbrjef fyrir 100 þúsund krónur á ári í nokkur ár, þá fer ekki vel á því, að segja eftir eitt ár, að þessu skuli hagað alt öðruvísi. Út af þessari brtt. hefi jeg beðið stjórn Landsbankans að láta uppi álit sitt, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta, lesa svar hennar, sem jeg fjekk í dag. Það hljóðar svona:

„Út af brtt. á þskj. 386, við frv. til laga um Landsbanka Íslands, leyfum vjer oss að vekja athygli yðar, hæstvirti fjármálaráðherra, á því, að nái brtt. þessi fram að ganga, eru lagðar þær hömlur á innlánsstarfsemina, sem óhjákvæmilega hafa í för með sjer algerða lömun á innlánsstarfsemi bankans og geta á engan hátt samrýmst tilgangi laganna um að innlánsfjeð verði tæki í höndum bankans til þess að rækja seðlabankastarfsemina.“

Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um þessa till. Hv. þm. Str. (TrÞ) má hrópa út á kjósendafundum svo mikið sem honum þykir henta, vegna kosninga þeirra, sem nú fara í hönd, hver sje minn hugsunarháttur í þessu máli. Honum er það ekki of gott, ef hann finnur ekkert betra til stuðnings þeirri atvinnugrein, sem hann þykist bera fyrir brjósti, en rægja og ófrægja þá menn, sem með mestu ánægju vildu vera samverkamenn hans í hverju nýtu starfi á þessu sviði.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. En jeg get ekki komist hjá því, að fara nokkrum orðum um brtt. þá, sem jeg ber fram á þskj. 469, ásamt hv. þm. Str. (TrÞ). Þessi brtt. fer fram á það, að gerð verði á þessu frv. breyting í samræmi við núgildandi bankalög. Á þinginu 1919 var samskonar ákvæði sem þetta sett inn í bankalögin, og síðan hefir þessi rjettur haldist. Jeg get ekki sjeð, að þótt bankinn fái seðlaútgáfurjettinn, þá þurfi að svifta hann þeim rjetti, sem honum var veittur 1919. Sumum kann að virðast, að ef honum er veittur þessi rjettur, þá sje nokkuð gert til þess að auka innlánsstarfsemi hans, en jeg sje ekkert á móti því, að það sje gert. Jeg býst við því, að styrkur bankans sje í því fólginn, að hann hafi mikið fje og geti ráðið

peningamálum landsins. Því þarf að hlynna sem best að honum, á þann hátt að hann fái það fje, sem honum er vinningur í að fá. Annars skal jeg ekki fara frekar inn á þetta mál. Jeg býst ekki við því, að menn græði mikið á lengri umræðum. En jeg vænti þess, að háttv. deild sjái sjer skylt að hlynna að þjóðarstofnuninni og samþykki þessa brtt. okkar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg hefi líklega sýnt andmælendum mínum of mikla sanngirni í síðustu ræðu minni. Eða að minsta kosti skildist mjer það á háttv. frsm. minni hl. (JakM), að hann tæki sjer mjög til inntektar, er jeg sagði, að banki, eins og hann hugsar sjer, yrði ekki með öllu kraftlaus. Það er nú kanske síður sumra að vilja ekki sjá neitt nýtilegt hjá andstæðingunum, en það er ekki minn vandi. Það, sem greinir á í þessu máli, er, hvort banki með seðlaútgáfurjetti eingöngu sje nægilega sterkur eða ekki. Við höfum fallist á, að hann sje ekki nægilega sterkur. Þetta kemur líka greinilega fram í áliti norska ríkisbankastjórans. Hann lýsir þannig löguðum banka sem „passivum" áhorfanda. Stjórn seðlabanka standi illa að vígi, þegar stjórnir hinna bankanna mæla með þeim fyrirtækjum, sem þær vilja styðja.

Jeg veit ekki, hvort maður á að fara að elta ólar við, hvernig öfug merking hefir verið lögð í ummæli hinna erlendu bankastjóra af hv. andmælendum. Sjerstaklega á það við um það, hvernig hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) fór með orð Finnlandsbankastjóra. Hann las upp klausu úr ummælum hans og spurði svo: Því skyldi hann ekki hafa sagt annað, ef hann meinti annað? En jeg spyr: því lagði hann ekki beint á móti því, að Landsbankinn fengi seðlaútgáfurjettinn, ef hann meinti það. Það er ómögulegt að komast hjá því, að Finnlandsbankastjóri segir, að bankinn sje alveg eins fær um að vera seðlabanki, þó hann reki sparisjóðsstarfsemi. Annars er það eftirtektarvert, að sá bankastjóri, sem minst þekkir til hjer, leggur vægast með því fyrirkomulagi, sem við höldum fram. En því meiri kunnáttu sem þeir hafa af högum vorum, því eindregnari eru meðmælin. Jeg býst við því, að það sje mestrar þekkingar að vænta hjá sambandsþjóð vorri, Dönum, enda eru tillögur Axel Nielsen allra eindregnastar í þá átt að rífa niður fyrirkomulag minni hl. Einnig er aðalbankastjóri Noregsbanka eindregið á sama máli. Þegar vitnað er í ummæli forseta sænsku ríkisbankastjórnarinnar, þá er þess að gæta, að hún setur fyrst fram framtíðarhugmyndir sínar um það, hvernig bankamálunum verði best fyrir komið, þar sem alt sje með hymnalagi. En þegar hann talar um, hvað gera skuli nú, þá kveður við alt annan tón. Þá segir hann:

„— — af þeim beinum uppástungum, sem fyrir liggja: Að fela Landsbanka Íslands seðlaútgáfuna, eða fela hana sjerstakri, þar til gerðri stofnun — — þá er það mitt álit, bygt á ýmsum ástæðum, sem jeg ekki vildi þurfa að koma nánar inn á, að fyrnefndu uppástungurnar beri skilmálalaust að velja. Mótbárurnar, sem færa mætti gegn því, að seðlabanki reki sparisjóð og veðdeild, virðast mjer vera ljettvægar eins og hjer stendur á. — — Menn líta sem sje

þannig á, og það geri jeg einnig, og ekki að ástæðulausu, að seðlabankinn verði með þessu móti (þ. e. að vera einn) of einangraður, að hann fari þannig á mis við hið æskilega samband við atvinnuvegi landsins o. s. frv." — Því næst telur hann verkaskiftinguna ekki hafa „neina verulega kosti að bjóða."

Þetta mundu nú vera talin fávísleg orð eftir mig og mína líka, en þetta er mikilsvirtur maður á sínu sviði og töluvert frægur fjármálamaður utan síns föðurlands. En þessi forseti sænska ríkisbankans þaullas öll plöggin og taldi sig fullkomlega geta dæmt um þetta mál, eftir gögnum þeim, sem hann hafði í höndum. Háttv. frsm. minni hl. taldi áður allan kraft fólginn í seðlaútgáfunni einni saman, því var það virðingarvert af honum að játa það í seinni ræðu sinni, að bankinn yrði töluvert sterkari, ef hann hefði sparisjóðsfjeð. Enda hygg jeg, að mótstaðan gegn þessu frv. sje kanske mikið sprottin af ótta við það, hvað bankinn verði sterkur. Um þróun bankamálanna hjer sagði hann, að ekki væri hægt að tala, það væru bara orð innantóm og gaspur. En það er auðvelt að sýna, hvert þróun bankamálanna hjer á landi hefir stefnt. Hún hefir ekki stefnt að því, að sá banki, sem með seðlaútgáfuna fór, yrði banki bankanna. En það er gott að búa sig undir það, að gera seðlabankann færan til þess, eins og gert er með þessu frv. Jeg efast ekki um, að það sje rjetta leiðin. Hvað hefir sá stóri skóli, stríðið og afleiðingar þess, kent mönnum í þessum málum? Það er sagt, að það hafi kent mönnum svo mikið, að hver meðalmaður sje nú orðinn eins lærður og lærðir menn voru fyrir stríð. En þessi stóri skóli hefir fært mönnum heim sanninn um það, að bankar, sem eingöngu eru seðlabankar, og bankar bankanna að mestu, eru langt frá því að vera nógu sterkir, þegar verulega reynir á. Slíkir bankar hafa átt erfitt uppdráttar, einkum í Noregi og Svíþjóð, og líkt hefir komið fram víðar. Þá gat hann um það, sem leið út úr ógöngunum, að láta seðlaútgáfurjettinn vera kyrran hjá Íslandsbanka. Jeg fæ nú ekki sjeð, að hverju leyti það er eðlilegra, eins og nú er komið. Það er ekki neitt stökk í því, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, því að síðan 1924 hefir Landsbankinn haft hana að nokkru, vegna innlausnar Íslandsbanka. Hjer er því ekki um neitt stökk að ræða, heldur hæga, jafna þróun. Þá tók hann upp líkingu minni hl. bankanefndarinnar, að það, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, væri að taka upp gamalt fyrirkomulag, og væri líkt því, ef við þyrftum að kaupa okkur skip til fiskiveiða, þá keyptum við okkur seglskip, í stað þess að kaupa gufuskip. En þessi líking haltrar allmikið. Hjer er aðeins að ræða um að sníða sjer stakk eftir vexti. Eftir samskonar líkingu og hugsunarreglu ættum við, ef við keyptum okkur millilandaskip, að fá okkur 20—30 þúsund tonna línuskip með öllum upphugsanlegum nútímaþægindum, af því að það reynist best með stórþjóðunum. En slíkt hvorki gerum við nje getum. Við getum notast við minni skip og tökum þau. Eins er það í bankamálum. Það er ekki að tala um að taka upp úrelt fyrirkomulag. Við tökum það fyrirkomulag, sem er við okkar hæfi, þótt ekki sje víst, að þær þjóðir, sem lengst eru á veg komnar á þessu sviði, vildu taka það upp hjá

sjer. Við verðum altaf að vita, hverjir við erum, og taka það, sem okkur hentar best.

Loks vil jeg með fáum orðum svara fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) til beggja nefndarhlutanna um það, hvað þeir vildu gera fyrir landbúnaðinn í sambandi við það, að seðlaútgáfunni er ráðið til lykta. Þetta virðist mjer æði einkennileg spurning, því jeg sje ekki, að það, að ráðstafa seðlaútgáfurjettinum standi nokkuð í sambandi við fríðindi til handa landbúnaðinum. Jeg held, að þetta sje ekki rjettur vettvangur til að ræða um slíkt. Annars held jeg, að hvað þetta snertir, þá sje tekið eins mikið tillit til þess eins og yfirleitt er hægt að gera með því að skylda Landsbankann til þess að hafa ætíð nokkurn hluta af fje sínu í verðbrjefum. Þannig hefir verið reynt í sambandi við hið nýja fyrirkomulag Landsbankans að gera landbúnaðinum sem allra greiðast fyrir um lánsfje. Að vísu má segja, að þetta komi ekki búnaðinum einum að haldi, af því að bankanum er ekki gert að skyldu að kaupa öll brjefin af honum. En það álít jeg ekki heldur vera sanngjarnt, að þessi helmingur þjóðarinnar, sem í sveitum býr, njóti þessa fjár eingöngu, en hinn helmingurinn, sem í kauptúnunum býr, fái þar einskis af að njóta. Því að það er ekki landbúnaðurinn einn, sem þarf á löngum og hagkvæmum lánum að halda. Hitt er satt, að það er hægt að fara út í þá stjettapólitik, að veita sjerstakri stjett manna sjerstök fríðindi. En það er bara ekki rjett.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) ber hjer fram till. á þingskj. 469, um að taka upp í frv. ákvæði úr Landsbankalögunum frá 1919, um að allir opinberir sjóðir og fjáreign opinberra stofnana verði ávaxtað í Landsbankanum. Það er ekkert undarlegt, þó hann flytji þessa till., því hann átti frumkvæðið að henni á þingi 1919 og barðist þá fyrir henni af miklu kappi. Þá urðu um till. langar umr. Jeg hefi nú altaf álitið þetta gott og sjálfsagt. En jeg sannfærðist um, að það er algerlega óþarft, er jeg las umræðurnar, sem þá urðu um þetta hjer í deildinni; þessu fylgja ýmsir annmarkar. Það er í fyrsta lagi dálítið varasamt að fá bankanum þannig einkarjett til að geyma þetta fje, þar sem hann getur hagað vöxtunum eins og honum sýnist. En þar að auki er mjög hart að verða að taka þetta fje víðsvegar að af landinu og ávaxta það hjer í Landsbankanum, í stað þess að ávaxta það á sínum stað, í sparisjóðum eða hjá öðrum stofnunum á staðnum. Þetta hefir líka reynst erfitt, eins og sjá má t. d. á aths. við Landsreikningana. Ríkisfjehirðir hefir orðið að geyma nokkurt fje í Íslandsbanka, og þegar svo að spurt var, hvernig á því stæði, þá var svarið það, að viðskiftin við Landsbankann væru stirð. Landsbankinn hefði átt fje inni í Íslandsbanka og vísað ríkisfjehirði á það, en Íslandsbanki neitað að greiða, og þannig hefði staðið í stappi fyrir ríkinu að fá fje sitt greitt hjá bankanum. — Nú, þar að auki er þetta mikil smámunasemi, sjerstaklega þegar búið er að gera þær takmarkanir, sem hjer hafa verið gerðar í frv.

Jeg mun svo ekki tala frekar um málið að sinni, enda æskilegt, að atkvæðagreiðsla gæti farið bráðlega fram, þar sem mörg stórmál bíða á dagskránni.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Það mun vera rjettast, að jeg svari hv. þm. Str. (TrÞ) þegar í stað, viðvíkjandi

þeirri spurningu, sem hann beindi til nefndarhlutanna um lánsfje til landbúnaðarins. Þetta atriði er svo sjerstakt, að jeg efast um, að rjett sje að blanda því hjer inn í umr. Að öðru leyti liggur það í hlutarins eðli, að slíkur banki, sem minni hl. fjhn. leggur til, að verði stofnaður, á ekki hægt um vik að hlaupa undir bagga með landbúnaðinum með almennum lánsviðskiftum, þar sem svo er til ætlast, að hann skifti eingöngu við aðra banka. Og jeg hefi enga heimild frá nefndinni til þess að heita neinum stuðning frá hálfu seðlabankans. En jeg hefi áður fyrir mína hönd skýrt því fram hjer á þingi, að það gæti hugsast það fyrirkomulag á seðlatryggingu bankans, að það samrýmdist starfsemi hans að öðru leyti, en greiddi hinsvegar fyrir landbúnaðinum. Hugmyndin er sú, að hægt verði að tryggja einhvern hluta af seðlunum með fasteignaveði. Bankinn gæti þá haft sjerstaka fasteignalánadeild í sambandi við seðlalánin. Og ef ekki væri önnur trygging fyrir seðlunum en fasteign, þá gætu vextir af þessum lánum verið tiltölulega vægir.

Jeg skal benda á það, í sambandi við fyrirkomulagið á seðlatryggingunni, að slíkt er talsvert mismunandi, en þó aðallega með tvennu móti: að tryggja alla seðlana jafnt, en undir sjerstökum kringumstæðum sje þó leyft að hafa seinustu seðlana, sem út eru gefnir, ótrygða — eða hafa fyrstu seðlana algerlega ótrygða, sem svarar venjulegri viðskiftaþörf landsmanna, en tryggja með gulli það, sem þar fer framyfir, og heimta þá fyllri tryggingu og tryggja sumt að fullu. Jeg álít, að að komi vel til mála, að hafa í sambandi við bankann sjerstaka veðlánadeild, sem þá kæmi jarðeignunum einkum til góða.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek til mín nokkurum orðum í fyrradag, og skildist mjer, að hann vildi leggja svo út fyrir minni hlutanum, að hann sækti þetta mál meir af kappi en með rökum, ef hann hjeldi því fram í fullri alvöru, að þýðingarlaus væri sú aðgreining á fjárhag deilda Landsbankans, sem ákveðin er í stjfrv. Okkar mótstaða er bygð á því, að skiftingin eftir stjfrv. sje þýðingarlaus til þess að bæta úr þeirri áhættu, sem bankinn tekur á sig með almennri lánastarfsemi. Jeg mótmæli því, að þetta sje framborið af nokkru kappi af hálfu minni hlutans. Og jeg mótmæli því fyrir mitt leyti, sjerstaklega í þeim skilningi, sem hæstv. fjrh. (JÞ) notaði þetta orð. Þetta er algerlega laust við það, að vera kappsmál fyrir mig. Það snertir mig ekki öðru vísi en það, að mjer sem þm. ber skylda til að leggja það til þessa máls, eins og allra annara mála, sem jeg veit rjettast vera; og það verð jeg að kalla rjettmætt kapp, sem bygt er á rökum. En jeg hefi ekki orðið var við, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi tekist að hrekja þau rök, sem jeg hefi fært hjer fram. Hann sagði, að þegar bankanum væri skift í deildir, eins og stjfrv. ætlast til, þá sje auðvelt að skilja bankann sundur þannig, að það persónusamband, sem til var ætlast í fyrstu, hætti. En þetta breytir engu. Það verður að teljast hættulegt að reka seðlabanka með áhættulánastarfsemi. Þegar það svo kæmi í ljós, að of langt hefði verið gengið í þessari starfsemi, þá yrði að hætta og gera nýjar ráðstafanir um seðlaútgáfuna, en það væri þó um seinan, ef þegar væri búið að tefla fjárhag landsins í voða, eins og hjer hefir áður komið fyrir. En hins-

þegar er ekki nokkur ástæða til, að það fari neitt betur, þó að fjárhagslegur aðskilnaður verði gerður milli deilda bankans, því að hin sameiginlega stjórn gerir þá aðgreiningu að engu. En það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Og sje það rjett, að hættulegt sje að hafa þessa starfsemi samhliða, þá er sjálfsagt að taka heldur það fyrirkomulag, sem er laust við þessa hættu, sem hv. meiri hl. neitar ekki, að frv. beri með sjer.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi neita því, að banki, sem ekki tæki innlánsfje, gæti verið seðlabanki, en játaði, að erlendir seðlabankar tæki alls ekki innlánsfje. Þessa neitun bygði hann á því, að seðlabankar erlendis taka vaxtalaust innlánsfje til geymslu. Og þó að þeir hafi oft mikið gagn af þessu fje, þá er þeim eftir sem áður bannað að taka fje gegn vöxtum, sökum þess, að taki þeir innlánsfje, kannske með hæstu vöxtum, þá eru þeir neyddir til að lána það út, og ef til vill setja það í hættu. Slík starfsemi er hjer sem annarsstaðar ósamrímanleg seðlabankastarfseminni.

Þá er á það að líta, hversu bankinn er staddur, ef hann fær ekki innlánsfje. Hvort það sje rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að hann geti ekki starfað sem seðlabanki, ef hann fær ekki innlánsfje. Jeg hefi nú haldið því fram, og leyft mjer að vitna til sænsku bankanefndarinnar frá 1917, að slíkur banki geti innlánsfjárlaust framkvæmt alt, sem af honum verður á annað borð krafist sem seðlabanka. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) verður að koma með rök gegn þessari skoðun sænsku bankanefndarinnar, þar sem áttu sæti formaður sænska ríkisbankans, ásamt þessum margnefnda Cassel.

Hæstv. fjrh. (JÞ) reyndi að sanna, að seðlabanki yrði máttlaus, ef hann hefði ekki annað fje með höndum en seðlana, og gerði sem ætið er rjett, að vísa til reynslunnar, og reynslan væri sú, að með því móti yrði hann ekki fær um að firra gengissveiflum. Slíkt væri margreynt og hefði reynst mjög örðugt og ókleift. En jeg veit ekki betur en hæstv. fjrh. hafi haldið því fram, að ókleift hafi orðið að varna þeirri gengissveiflu, sem hjer varð í fyrrahaust, og það væri algengt í sögu annara þjóða, að sveiflur yrðu á gengi. Hv. meiri hl. vitnar einnig óspart í forstjóra Noregsbanka, og hafa þó ekki orðið hvað minstar gengissveiflurnar hjá Norðmönnum. Þrátt fyrir alla hans útlánastarfsemi um gjörvalt landið, hefir Noregsbanka ekki tekist að forða gengissveiflum. Mjer virðist því, að hv. fjrh. (JÞ) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vilji heimta af þessari máttlausu stofnun, er þeir svo kalla, það sem hvergi er annarsstaðar heimtað, — enda ekki hægt að heimta af seðlabanka yfirleitt. Það er auðvitað, að seðlabanki verður að forðast sem mest sveiflur á verðgildi peninganna. Að mörgu leyti stendur hann betur að vígi, vegna þess, að banki, sem fæst við almenn lánsviðskifti, hleypir sjer oft og einatt út í ýmislegt, eins og samnefndarmaður minn, hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tók fram, sem ekki miðar til þess að hækka eða viðhalda genginu. Hann getur átt svo mikið undir því, hvernig gengissveiflurnar eru, að hann freistast kannske til þess, síns eigin hags vegna, að láta þá sveiflu fara fram, sem annars þyrfti ekki að verða. Það var eins og hæstv. fjrh. (JÞ) hjeldi, að svona banki hefði ekkert annað að vinna með heldur en víxlakaup, en þetta er mis-

skilningur. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að ekki væri hægt að forða frá gengissveiflum með víxlakaupum, og það er rjett; hann getur keypt víxla og fengið þá borgaða með verðminni krónum en hann hefir látið úti. En hann getur líka **neitað að kaupa** víxlana, og það er þar, sem hans **kraftur liggur, því að** þar með á hann vald á því, hvað hinir **bankarnir** gera. En það er ekki eingöngu víxlakaup, sem hann á að fást við, hann á líka að fást við gjaldeyrisverslun. Og þegar hinir bankarnir koma og vilja selja víxla, og ef hann álítur hættu á gjaldeyrisfalli, þá neitar hann að kaupa, en býður þeim að kaupa af þeim gjaldeyri, ef þeir hafa hann, og þannig getur hann fengið þá til að fá sjer erlend lán, sem hann svo selur þeim seðla fyrir.

Hæstv. ráðh. (JÞ) vísaði svo til þess, hvernig fór í síðastliðnum september, og spurði, fyrir hvað þessi máttlausi banki ætti að kaupa, þegar mikið bærist að af gjaldeyri. Fyrir hvað átti að kaupa erlendan gjaldeyri í september síðastliðnum? Fyrir íslenskar krónur, svo lengi sem þeir áttu þær til, en svo, þegar þær hrukku ekki til lengur, varð að kaupa fyrir seðla. Hversvegna fór seðlaútgáfan upp í 11 miljónir króna? Það var aðallega fyrir aukin gjaldeyriskaup. Sjóður Landsbankans gat ekki hrokkið til fyrir öllum þeim gjaldeyriskaupum, sem til þurfti. Jeg veit ekki betur en að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi sagt, að Íslandsbanki hefði getað haldið áfram að kaupa gjaldeyri, en fyrir hvað átti hann að kaupa? Því er yfirlýst, að hann gat ekki keypt, nema með því að fá útgefna seðla. Hæstv. fjrh. (JÞ) segir það óforsvaranlegt, að gefa út seðla til þess að kaupa gjaldeyri fyrir, en jeg veit þá ekki, hvenær forsvaranlegt er að gefa út seðla, ef það er ekki til þess að kaupa gjaldeyri fyrir. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) lagði hjer orð í belg, til þess að hjálpa hæstv. ráðh. (JÞ), og kom með það dæmi, að maður kæmi með 10 miljónir króna í erlendum gjaldeyri, sem hann vildi selja í einni svipan, og sagði, að það væri hastarlegt að gefa út 10 miljónir króna í seðlum. Já, jeg get trúað því, að það þætti hastarlegt. En ef hann kæmi nú með þessar 10 miljónir í einu, þá held jeg, að mörgum þætti ástæða til að fara að hækka krónuna, eða heldur ekki hv. frsm. (MJ), að það væri þá forsvaranlegt, að lyfta krónunni ofurlítið? Það gæti kannske verið, að hann hjeldi, að þetta væri „spekulation"? (**TrÞ**: Er þetta gengispólitik hv. minni hl. fjhn.?) Jeg er hjer að ræða við hv. frsm. meiri hl. (MJ), og hann er ekki frsm. minni hl. nefndarinnar í gengismálinu. — Ef slíkt tilfelli ætti sjer stað, gæfi það tilefni til sjerstakrar athugunar, og jeg held, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi sagt, að þá væri ekkert annað ráð en að hækka gengið. Jeg veit, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir ekki haft nein önnur svör við því, þegar hann hefir verið áfeldur fyrir það, að hafa ekki spornað við hækkun íslensku krónunnar síðastliðið haust, en að það hafi ekki verið hægt annað, vegna framboðs á erlendum gjaldeyri. (**MJ**: Jeg sagði, ef boðið væri fram á stuttum tíma). Hvað er það, sem hv. frsm. (MJ) kallar „á stuttum tíma?" Og hversvegna selja menn erlendan gjaldeyri? Af því að þeir þurfa að nota hann í landinu sjálfu, þurfa að fá krónur. En ef það er gert til þess að láta andvirðið liggja í bankanum, þá er það „spekulation", sem verður að gera sjerstakar ráðstafanir á móti, og þá er, að dómi hæstv. fjrh. (JÞ), ekkert

annað að gera en að hækka gengið. En öllu eðlilegu framboði á erlendum gjaldeyri getur seðlabankinn mætt með því að afhenda seðla, og það er af því, að fyrir hvern seðil, sem hann lætur af hendi, fær hann fulla „valutu", og því er ekkert óforsvaranlegt í þessu, það er bara helber misskilningur hjá hv. frsm. (MJ) og hæstv. ráðh. (**Fjrh. JÞ:** Tölum gætilega). Það er hægt að tala gætilega, ef hægt er að innleysa hvern seðil, sem gefinn er út, fullu verði, hvenær sem krafist er, því að þá er alt víst. Ef hjer er um það að ræða að stofna banka, sem jafnóðum setti sinn erlenda gjaldeyri út í viðskiftalífið, eins og almennur viðskiftabanki ef til vill freistast til að gera, þá væri kannske nokkuð öðru máli að gegna, en ef seðlabanki, sem ekkert er viðriðinn almenn viðskifti í landinu, gefur út seðlana, þá er það fullforsvaranlegt, því að hann á ekki að ábyrgjast neitt, nema sína eigin seðla. (**MJ:** Hvert fara menn með seðlana?). Þeir fara kannske með þá í aðra banka, en hvort sem það er eða ekki, getur hann altaf innleyst þá, ef hann hefir fengið í hendur fulla „valutu" fyrir þá. Bollaleggingar hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að seðlabankinn þyrfti að knjekrjúpa öðrum banka, til þess að fá lán til að kaupa fyrir útlendan gjaldeyri, eru algerlega í lausu lofti og engin ástæða til að halda, að slíkt geti komið fyrir. Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um öfgar; það voru tvennskonar öfgar, sem hann bar okkur minni hl. mönnum á brýn, sem hann sagði, að væri svo mjög í mótsögn hvor við aðra, sagði, að það væri mótsögn, þegar menn óttuðust þá hættu, að of mikið vald sameinaðist á einn stað í peningamálunum, og að þetta væri hinsvegar mótsögn við það, þegar því væri haldið fram, að Landsbankinn, ef hann fengi seðlaútgáfuna, geti ekki afstýrt öllum sveiflum. Þetta kann að virðast vera mótsögn í sjálfu sjer, en **það er það samt ekki.** Bankinn getur fengið afarmikið vald yfir hag viðskiftanna í landinu, ef hann nær mikið til einveldi yfir allri bankastarfsemi landsins, eins og hann hlyti að gera, ef honum væri fengin seðlaútgáfan. En hann getur eftir sem áður verið máttlaus gegn umheiminum, og þegar gengissveiflur koma, þá er það aðallega utanaðkomandi kraftur, sem þar kemur til greina. Þetta er því fullkomlega rjett. Jeg hefi ekki talað svo mikið um þetta mikla vald, sem bankinn fengi, en hitt er mjer ljóst, að þetta vald getur verið afskaplega mikið, og er máske ástæða til að leggja meiri áherslu á það en gert hefir verið.

Hingað til hafa verið tveir bankar í landinu, annar bankinn hefir aðallega verið viðskiftabanki og haft seðlaútgáfuna, hinn er Landsbankinn. Það er alveg rjett tekið fram hjá hv. frsm. meiri hl. (MJ), að Landsbankinn hefir haft einkennilega aðstöðu í viðskiftalífinu. Hann hefir, sem sagt, aldrei notað seðla, aldrei verið upp á Íslandsbanka kominn; Íslandsbanki hefir altaf verið miklu meira upp á hann kominn. Var það af því að Íslandsbanki hafði ekki ætlað sjer af, vegna sinna almennu viðskifta, og sannar það, hve hættulegt er að hafa seðlaútgáfu saman við almenna bankastarfsemi, og það er rjett hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að það var af því, að Landsbankinn hafði náð tökum á Íslandsbanka, einmitt vegna seðlaútgáfu hans. En hvernig verður það nú, ef Landsbankinn fær seðlaútgáfuna? Það verður þá svo, að hann hefir tökin á

öllu, og getur hvenær sem er tekið fyrir kverkar Íslandsbanka, og stefnir það til þess, að Landsbankinn fær algert einveldi í peningamálum landsins. Það er alveg augljóst, að í innanlandspeningamálum er Landsbankanum fengið fullkomið einveldi með seðlaútgáfunni, en hann getur auðvitað verið algerlega máttlaus út á við fyrir því, en það fer alt eftir því, hvernig hann „disponerar" út á við. Ef hann „disponerar" illa, þá hefir hann ekkert vald á gengissveiflunum. Menn hafa verið að tala um, að það væri einokunarstefnan, þessi gamla og nýja einokunarstefna, sem væri að reka upp höfuðið hjer í þessu máli. Jeg hefi nú eiginlega aldrei gert mjer þá hugmynd um tildrög þessa máls, að það hafi verið ástæðan fyrir því, að það var borið fram, að átt hafi að einoka peningana, en hitt dylst mjer ekki, og mjer finst rjett og óhjákvæmilegt að benda sterklega á það, að það leiðir óumflýjanlega til fullkomins einveldis í peningamálum, ef Landsbankanum verður fengin í hendur seðlaútgáfan.

Jeg heyrði því miður ekki upphafið á ræðu hv. frsm. meiri hl. (MJ). Hann var að tala um ráðleggingar hinna erlendu sjerfræðinga, þegar jeg kom að. Hv. frsm. (MJ) benti á, að það væri eftirtektarvert, að einmitt sá erlendi bankastjórinn, sem þekti minst til hjá okkur, þ. e. a. s. bankastjóri Finnlandsbanka, hann væri einna mest hikandi í því að ráðleggja að sameina sparisjóðsstarfsemina og seðlaútgáfuna, já, sagði, að sá, sem þekti hjer minst til, væri mest hikandi. En jeg held, satt að segja, að þeir þekki nokkurnveginn jafnlitið til, allir saman, bankastjóri Noregsbanka, forseti Ríkisbankans sænska og bankastjóri Finnlandsbanka; hvort þjóðbankastjórnin danska þekkir til hinna almennu bankaviðskifta hjer, skal jeg ekkert um segja, en það er þó ekki ólíklegt, að hún sje einna kunnugust þeim hnútum. En jeg vil minna hv. frsm. meiri hl. (MJ) á það, að hún taldi okkur fullkomlega örugt og við okkar hæfi, að hafa seðlaútgáfuna í Íslandsbanka, en menn hafa ekki leyfi til að segja, að þetta sje forsvaranlegra heldur en hitt, og álítur þá hv. frsm. (MJ), að það sje forsvaranlegt eða heppilegt að setja seðlaútgáfuna í banka, sem á að reka almenna, áhættusama viðskiftastarfsemi, og hvað segir þá reynslan? Reynslan segir, að bankinn keyrði sig fastan. Það er ekkert leyndarmál, því að það er alkunna, að svo hefir farið. Mjer skildist hv. frsm. (MJ) segja, að jeg hefði bent á það úrræði, að hafa seðlaútgáfuna í Íslandsbanka áfram, en það er rangt; jeg benti aldrei á þá leið, og mjer fanst hann líka telja það fjarstæðu, en þjóðbankastjórnin danska áleit, að það væri forsvaranlegt. (**MJ:** Hún áleit, að það væri ekki um annað að gera). Já, það er einmitt það, sem jeg ætlaði að komast að, hún áleit, að það væri ekki um annað að gera. Og hvernig fór nú, þegar málið var á ný lagt fyrir sjerfræðingana? Var það ekki einmitt þetta sama, að þeir álitu, að ekki væri um annað að gera en að láta Landsbankann taka við. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) las upp nokkur orð. Jeg held, að það hafi verið úr áliti forseta Ríkisbankans sænska. Þau voru eitthvað á þá leið, að óálitlegt væri að fela seðlaútgáfuna stofnun, sem einkum hefði seðlaafhendinguna á hendi. Hvernig stendur á því, að forseti bankastjórnarinnar sænsku er hjer annarsvegar að tala um þann mögu-

leika, að Landsbankinn fari með seðlana, en hinsvegar stofnun, sem ekki hafi annað á hendi en að „afhenda“ seðlana. (MJ: Hann lítur svo á seðlabankann). Nei, alls ekki. Þetta kemur til af því, að það var ákveðið frv., sem lagt var fyrir þennan bankastjóra, sem fór ekki fram á annað en að stofnunin ætti að hafa á hendi afhendingu seðlanna, — og þegar um það er að ræða, stofnun, sem ekki á að hafa annað á hendi en afhendingu seðlanna, og svo Landsbankann, þá er eðlilegt, að hann segi: Nei, þá skuluð þið heldur reyna hitt, því að þessi stofnun getur aldrei haft hemil á fjármálum ykkar. En þarna kemur það einmitt; málið er lagt þannig fyrir þessa útlendu sjerfræðinga, að annarsvegar sje um það að ræða að afhenda Landsbankanum seðlaútgáfuna, en hinsvegar að hafa seðlaútgáfuna í lausu lofti, hjá stofnun, sem ekkert sje annað en kassi, sem bankarnir geti gengið í og tekið seðlana út úr. En minni hl. milliþingan. og minni hl. fjárhagsnefndarinnar eru ekki að leggja til, að slík stofnun sje sett upp, heldur að það sje settur á stofn seðlabanki, sem hafi alla þá aðstöðu, sem þessi forseti Ríkisbankans sænska segir, að seðlabanki þurfi að hafa, til þess að geta int hlutverk sitt af hendi, sbr. álit meiri hl. bankanefndarinnar sænsku.

Þegar það er athugað, hvernig þetta mál var lagt fyrir hina útlendu sjerfræðinga, sem verið er að vitna í, þá fer að verða skiljanlegt, af hverju svör þeirra eru stíluð eins og þau eru stíluð. Málið var nefnilega lagt þannig fyrir þá, að við hefðum ekki efni á að hafa sjerstakan seðlabanka. Það voru því ekki þeir sjálfir, sem fundu það upp, enda höfðu þeir ekki kunnugleik til þess.

Undirstaðan undir áliti þeirra er því sú, að við höfum ekki efni á að kosta sjerstakan seðlabanka. Og það er fullkomin ástæða til að skilja ummæli þeirra svo, að þeir telji, að stofnun þessi muni verða máttlaus, af því að undirstöðuatriðið er, að vextir seðlastofnunarinnar eigi að fara eftir vöxtum bankanna. Það er því fyrirskipað, að viðskiftabankarnir eigi að ráða vöxtum seðlabankans. En það er sá stóri munur frá því, að hann ákveði sjálfur vextina. Með þessu fyrirkomulagi er því seðlabankinn gerður máttlaus. Og þó sjerfræðingarnir felli þennan dóm, þá er hann engin sönnun. Hann á aðeins við þessa máttlausu stofnun.

Annars verð jeg að segja, að mjer þykir merkilegt, að málið skyldi vera lagt svona fyrir sjerfræðingana. Það gerir það að verkum, að það er ekki hálft gagn að umsögn þeirra.

Það var stungið upp á því áður, bæði af mjer og fleirum, að fela sjerstakri stofnun, Ríkisveðbankanum, seðlaútgáfuna. Um þetta veit jeg ekki til að hafi verið getið við hina útlendu sjerfræðinga. Jeg get því ekki fyrir mitt leyti á nokkurn hátt afsakað það, að slegið skyldi vera striki yfir þennan mögulegleika. Jeg er þó ekki að halda því fram, að nefndin hafi gert þetta af ásettu ráði, til þess að fá þessi ákveðnu svör. En henni hefir orðið stórkostlega á að þessu leyti.

Þegar maður nú skoðar umsagnir hinna erlendu bankastjóra í þessu ljósi, að við höfum ekki efni á, að hafa sjerstakan seðlabanka, þá eru orð þeirra vel skiljanleg. Allar umsagnir þeirra ganga út á að afsaka. Þeir benda á þessar og þessar hættur, en segja þó, að þetta ætti að vera tiltölulega hættu-

lítið hjá okkur, vegna fábreyttra viðskifta.

Í þessu sambandi má líka bera saman, hve miklu Landsbankinn er sterkari en sjerstakur seðlabanki, ef litið er eingöngu á seðladeildina fráskilda, eins og hæstv. stjórn og meiri hl. fjhn. vill.

Hugsi maður sjer þessar tværi deildir óháðar hverja annari, er styrkleikamunurinn á sjerstökum seðlabanka og seðladeild Landsbankans ekki mikill.

Landsbankinn hefir ekki annað fje en það, sem ríkissjóður leggur honum til. Hæstv. fjrh. benti á þann möguleika, að leggja innlánsfjeð að nokkru leyti, þ. e. föstu innlánin, til hans. En jeg sje engin rök fyrir því, að skilja á milli innlánsfjár og sparisjóðsfjár. Þar að auki hefir hann að vísu enska lánið, sem hann verður að borga af 6% vexti. Af því fær hann nokkurt peningalegt vald í landinu, en ekki styrkleika til þess að standast töp, sem stafa af því að hafa hemil á genginu. Svo eru hlaupareikningar. Um það getur verið álitamál, hvort ekki eigi að leyfa seðlabanka að hafa þá að einhverju leyti. Og höfum við í minni hl. fjhn. fallist á, að það gæti komið til mála, t. d. í sambandi við kaup á erlendum gjaldeyri, en vextirnir yrðu að miðast við það, sem bankinn fengi af hinum erlenda gjaldeyri, sem hann keypti.

Nei, jeg sje, að styrkleikamunur sjerstaks seðlabanka og seðladeildar Landsbankans liggur ekki í öðru en því, að Landsbankinn getur haft sparisjóðsdeildina eða fje hennar, til þess að blanda saman við seðlabankastarfsemina. En það er einmitt það, sem hæstv. stjórn er að reyna að forðast með fjárhagsaðskilnaðinum. Eða til hvers ætti hann annars að vera?

Háttv. frsm. meiri hl. (MJ) talaði enn um þróun bankamálanna hjer á landi, og misskildi mig að nokkru leyti þar. Jeg hjelt því fram, að þróunin hjer hefði stefnt í sömu átt og erlendis. Að reynslan hefði kent okkur, að það væri hættulegt að hafa seðlaútgáfu í sambandi við aðra bankastarfsemi, og að hún hefði leitt til takmörkunar á því sviði.

Ef það væri ekki hættulegt, þá mætti eins halda áfram að láta Íslandsbanka hafa seðlaútgáfuna. En jeg sagði, að það væri vitleysa. Og það væri líka vitleysa, að flytja hana yfir í annan banka, sem hefði sömu starfsemi.

Þetta kemur líka heim við álit hinna erlendu sjerfræðinga; þeir telja, að þróun bankamálanna hafi leitt til þess, að hafa sjerstaka seðlabanka. Og má í því sambandi vísa til álits sænsku bankamálanefndarinnar. Hún tekur ekki það ráð, að láta ríkisbankann taka upp almenna útlána- og innlánastarfsemi, af því að það stríddi á móti þeirri reynslu, sem var fengin.

Þá hafði háttv. frsm. (MJ) það eftir bankastjóra Noregsbanka, að hann teldi seðlabankana einangraða, af því að þeir hefðu ekki tök á fjármálum landanna eða gengi peninga þeirra. — Hjer rekur maður sig aftur á álit sænsku bankanefndarinnar frá 1917. Hún segir, að seðlabankarnir geti haft tök á þessu öllu saman með seðlaútgáfunni einni, og nægir þar að benda til reynslunnar, því jeg veit ekki betur en ríkisbankinn sænski hafi náð fullum tökum á viðskiftalífinu þar. Og sömuleiðis þjóðbankinn danski, þegar hann bara vildi

það. (**Trþ**: Það er ekki sjeð fyrir endann á því). Jú, reynslan sýnir þetta, og við höfum ekki annað að byggja á. Þá sagði háttv. frsm. meiri hl. (MJ), að það væri ekki tilgangurinn, að taka upp gamalt fyrirkomulag á seðlaútgáfunni. Það er rjett. En það er verið að halda því gamla fyrirkomulagi, sem er, og það er orðið úrelt. Og þegar litið er til annara landa, þá er það gamalt.

Minni hl. er ekkert að tala um að stofna hjer seðlabanka með t. d. 30 milj. kr. Það hefir engum dottið í hug að fara í kapphlaup um það við aðrar þjóðir. En eins og við höfum komið okkur upp gufuskipum til flutninga, að dæmi annara þjóða, en haft stærð þeirra við okkar hæfi og ekki látið okkur detta í hug, að af því að við tókum gufuskip, þá sje sjálfsagt að hafa þau eins stór og þau gerast stærst, eins eigum við að fara að dæmi annara þjóða í bankamálunum, og hafa sjerstakan seðlabanka við okkar hæfi. Seðlabanki okkar með 3 milj. kr. stofnfje yrði fullkomlega samsvarandi seðlabönkum ýmsra annara þjóða, miðað við stærð almennu viðskiftabankanna. — Eftir kenningu hv. 4. þm. Reykv. (MJ) ættum við að nota seglskip til flutninga, af því að við höfum ekkert að gera með stór gufuskip og engin efni á að eignast þau.

Jeg hygg þá, að jeg hafi tekið til athugunar nokkurn veginn höfuðatriðin í ræðum hv. andmælenda minna, er talað hafa síðan jeg flutti síðustu ræðu mína.

Ræðu mína get jeg svo endað á því, að benda hv. meiri hl. nefndarinnar og hæstv. stjórn á það, að þetta mál er alls ekki athugað nje rannsakað til hlítar. Till. eru að vísu bygðar á umsögn erlendra sjerfræðinga, en þeim hefir að vissu leyti verið vilt sýn um okkar hag. Þess vegna eru tillögur þeirra ekki eins mikils virði og þær hefðu átt að vera. Mjer finst, að sje það einlægur vilji stjórnar og þings, að ganga örugglega frá málinu, þá lægi næst að fá einhvern erlendan sjerfræðing hingað og láta hann setja sig inn í bankamálin og viðskiftaástandið, og gera síðan tillögur á þeim grundvelli. Og jeg er sannfærður um, að við þá athugun mundi hver sjerfróður maður komast að þeirri niðurstöðu, að við verðum að skipa bankamálum okkar á sama hátt og dýrkeypt reynsla hefir kent öðrum þjóðum í nálægum löndum að skipa sínum bankamálum.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sýndi mjer nú sem oftar þann sóma, að spretta upp úr sæti sínu og beina til mín nokkrum orðum. Jeg hafði satt að segja búist við meiru, en jeg ætla mjer ekki að fara út í neina snerru, þó að mikið beri á milli, því að það eru mjög ólíkar leiðir, sem við hæstv. fjrh. (JÞ) viljum fara í þessu máli. Það er öllum ljóst, hvað á milli ber, og jeg get því sætt mig við að láta atkv. skera úr um till. mína og hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Og falli till. nú, mun okkur gefast kostur á því við 3. umr. að koma henni aftur á framfæri í einhverri mynd.

Út af ræðu minni komst hæstv. fjrh. (JÞ) inn á ýmislegt, svo sem vaxtakjör og Ræktunarsjóðinn, og sagði, að jeg hefði viljað með frv. í fyrra, að bændur greiddu 6½% vexti. Jeg bar það frv. þá fram fyrir aðra, er vildu afla Ræktunarsjóðnum mikils fjár, enda þótt jeg væri sjálfur ekki sammála öllu því, er í frv. stóð. Hæstv. fjrh. (JÞ) vill nú láta líta

svo út, sem það sje sjer að þakka, að vextirnir í Ræktunarsjóðnum eru 6%. Sannleikurinn er sá, að það hefir tekist að koma vöxtunum þannig niður, þrátt fyrir mótspyrnu hæstv. fjrh. (JÞ). Aðalástæðan til þess, að vextirnir gátu orðið þetta lágir, var sú, að sjóðnum var útvegað fjármagn, þrátt fyrir mótstöðu hæstv. fjrh. (JÞ). Og jeg varð að berjast við hæstv. ráðh. (JÞ) til þess að fá þetta fjármagn.

Þá er það, hvernig hann túlkaði brtt. okkar. Ef orðalag hennar er eigi nógu skýrt, má laga það til 3. umr. Hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt því fram, að þessi ¼%, er við viljum að vaxtamunur sje, muni eigi nægja til þess að mynda varasjóð. En þess hefir hann ekki gætt, að rekstursskostnaður verður sama sem enginn, og þessi ¼% nægir til þess að standast þau töp, sem engin verða.

Hæstv. ráðh. (JÞ) benti á, að það sje ráð fyrir því gert í frv., hvernig fjenu skuli skift. Jeg hefi fyrir mitt leyti enga trú á þeim mönnum, er peningastofnununum ráða, að frá þeim komi neinn skilningur á lánsþörf landbúnaðarins. Þar treysti jeg Alþingi betur. Í hittifyrra bar jeg fram frv. um búnaðarlánadeild. Móti því barðist hæstv. fjrh. (JÞ) með hnúum og hnefum. En þá var það þingið, sem skildi afstöðu bænda, og þrátt fyrir andmæli hæstv. ráðh. (JÞ) fengust þá betri lánakjör fyrir landbúnaðinn. Og í framtíðinni verðum við að beina meira fjármagni til landbúnaðarins, enda þótt það þrengi eitthvað að kaupstaðabúum.

Hv. frsm. meiri og minni hl. töluðu báðir um það, er jeg vjek að þeim um þetta efni, og það verð jeg að segja, að undirtektir þeirra voru ólíkar. Þó skildist mjer svo, sem hvorugur hefði þar umboð til þess að tala fyrir nefndarinnar hönd, heldur hafi þeir talað frá eigin brjósti.

Mjer fanst hv. frsm. meiri hl. (MJ) taka þessu mjög fjarri, og get jeg þar með sett hann á bekk með hæstv. fjrh. (JÞ). Hann sagði, að þessu tvennu, seðlaútgáfu og landbúnaðarlánum, mætti ekki blanda saman, en varð þó að viðurkenna, að svo væri gert í frv. sjálfu. Jeg vil blanda þessu tvennu saman, því að landbúnaðurinn fær ekki það veltufje, er hann þarf á að halda nú. Og jeg mun grípa hvert tækifæri, sem gefst, til þess að bæta úr því, og fái jeg það tækifæri við afgreiðslu þessa máls, þá vil jeg ekki sleppa því, enda er að sjálfsögðu eðlilegast, að Landsbankinn bjargi lanbúnaðinum.

Hv. frsm. minni hl. (JakM) tók mun betur undir þetta. Hann sagði, að nefndin hefði ekki gert sjer glöggva grein fyrir þessu, en mjer skildist á honum, að hann gæti hugsað sjer, að þessu mætti koma við í sambandi við seðlatryggingar. En það kom ekki ljóst fram, hvernig hann hefir hugsað sjer þetta, og þess vegna óska jeg þess, að hann „formuleri“ þetta nánar. Það er stór munur á því fyrir mig, hvort jeg heyri aðeins þessi orð, eða jeg fæ að sjá það svart á hvítu í till. formi, hvernig hann hefir hugsað sjer þetta.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) talaði um brtt. okkar á þskj. 469, þar sem við viljum halda því skipulagi, sem nú er, að opinberir sjóðir skuli geymdir í Landsbankanum. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa hjer upp brtt. Hún er svo:

„Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjer-

stakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði."

Jeg var satt að segja meira en lítið hissa á því, að hv. fjhn. skyldi eigi geta fallist á þetta skipulag og fella það niður úr gildandi lögum, og enn meir forviða var jeg þó, er hv. frsm. meiri hl. hennar (MJ) lagðist sjerstaklega á móti þessu. Fyrir mitt leyti get jeg ekki viðurkent nein af rökum hans. Hann gaf í skyn, að ríkissjóður hefði átt í harki með að ná fje út úr Landsbankanum. Jeg er hissa á því, að hæstv. fjrh. (JÞ) skyldi ekki ávíta hv. þm. (MJ) fyrir þessi ummæli. (**Fjrh. JÞ:** Jeg man ekki til þess, að jeg hafi tekið til máls, síðan þetta var sagt). Þá skyldi það gleðja mig, ef hann skoraði á hv. þm. (MJ) að endurtaka þessi orð utan deildarinnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það lýsir óleyfilegum ókunnugleika hjá hv. þm. Str. (TrÞ), sem er endurskoðandi Ræktunarsjóðsins, er hann segir, að vextir sjóðsins sjeu þetta lágir „þrátt fyrir mótspyrnu" mína. Jeg átti frumkvæðið að þeirri lagasetning, sem gerði það mögulegt, að vextir gátu orðið svo lágir, í fyrsta lagi með því að flytja í fyrra frv. um Ræktunarsjóðinn, og síðan með því að ákveða í reglugerð, að vextirnir skyldi vera 5½%. Það er í lögum ákveðið, að mismunur milli verðbrjefavaxta og útlánsvaxta skuli vera ½%, en þetta veit hv. þm. (TrÞ) einu sinni ekki.

Jeg var ekki að snúa út úr brtt. hv. þm. (TrÞ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), heldur skýrði jeg góðgjarnlega það, sem ekki er tekið fram í henni, að Landsbankinn keypti brjef með nafnverði, því að það mun tilætlunin.

Annað það, er hv. þm. (TrÞ) sagði, var ekki annað en endurtekning úr fyrri ræðu hans, og því er áður svarað. Og allra síst ætla jeg mjer að gera að umræðu ófæddar brtt. við frv.

Þá er brtt. á þskj. 469, frá hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Árn. (JörB), um það að taka upp í frv. grein, sem nú er í lögum, um það, hvernig ávaxta skuli opinbera sjóði. Hv. frsm. meiri hl. (MJ) hefir þegar gert grein fyrir því, að þetta ákvæði getur ekki staðist. Það er að vísu eðlilegast, að fje ríkissjóðs væri ávaxtað í þjóðbankanum, og það mun víða tíðkast erlendis, en sú ávöxtun á að geta orðið með frjálsum samningi. En það er engin ástæða til að gefa seðlabankanum þennan rjett með lögum, hann þarf þess ekki, og það er ekki rjett gagnvart ríkinu, því það er varnarlaust gegn því, hvaða vexti bankinn greiðir af innstæðufje. Rjettast væri því og eðlilegast, að slík viðskifti væru samningsmál milli stjórna ríkis og banka. Þess vegna álít jeg, að það sje ekki rjett, að þetta ákvæði standi í lögum áfram. Og svo ber líka þess að gæta, að þessu ákvæði hefir eigi verið fylgt bókstaflega enn þann dag í dag. Ríkissjóður hefir ekki átt mikið fje til að ávaxta síðari árin, heldur hafa viðskifti hans verið meiri á hinn bóginn. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1924 bentu á, að meðal vaxtatekna væri tekjur af innstæðufje í Landsbankan-

um og Íslandsbanka, og þeir segjast halda, að ekki sje farið eftir þeirri lagagrein, að ávaxta fje ríkisins í Landsbankanum. Jeg hefi svarað þeim svo, að þetta hafi við gengist síðan snemma í tíð fyrverandi stjórnar, að ríkissjóður hafi fje á innstæðu í báðum bönkunum, og að jeg teldi ekki ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi, nema stjórn Landsbankans kvartaði. Þessu var skotið til Alþingis, en enginn hefir hreyft málinu hjer. Og þar sem þessi lagagrein er látin sofa með aðstoð landstjórnar, Alþingis og bankastjórnar, þá er óþarft að lengja líf hennar.

Jeg get bætt því við, fyrir þá háttv. þdm., sem gera sjer í hugarlund, að það sje mikill starfsmunur seðlabanka og einkabanka, að það er fremur óaðgengilegt að fyrirbyggja, að sá bankinn, er sinnir þörf atvinnuveganna að miklu leyti, fái ekki að njóta fjár opinberra sjóða. Að vilja láta alt slíkt fje ávaxtast í seðlabanka eru öfgar, eins og hitt, að vilja eigi leyfa seðlabanka að taka á móti fje með vöxtum.

Jeg veit ekki, hvort rjett er að lengja umr. með því að svara almennum athugasemdum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. frsm. minni hl. (JakM). Það, sem þarf til andsvara, á betur við við 3. umr. Jeg ætla þó að tína úr einstök atriði, er snerta einstakar greinar frv.

Hv. frsm. minni hl. (JakM) talaði mikið um innlánsstarfsemi þá, sem hjer er ætluð seðlabankanum. Jeg get að miklu leyti sparað mótbárur, því að í niðurlagi ræðu sinnar gerði háttv. þm. (JakM) ráð fyrir því, að þeir mundu bera fram brtt. við frv. minni hl. milliþinganefndarinnar í bankamálum, einmitt á þá leið, að seðlabanki þeirra mætti taka við fje á hlaupareikning. Og þá er nú orðið stutt á milli.

Í 13. gr. stendur, að seðlabankinn megi taka við á dálk eða hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans. Mjer skilst eftir ummælum hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hliðstætt ákvæði hefði verið tekið upp í hitt frv., og er það spor í rjetta átt.

Svo á að mega taka við fje til geymslu í Landsbankanum. Það er misskilningur hjá hv. þm., að ef seðlabanki borgi innlánsvexti, verði það að vera samkepnisfærir vextir, það verði að vera hinir hæstu sparisjóðsvextir. Seðlabankanum er ekki ætlað að taka við innlánum nema á hlaupareikning eða á dálk, og á þeim standa alls ekki hinir hæstu vextir. Enda er eðlilegt, að seðlabankinn ýti frá sjer innlánsfje, er svo ber undir, með því að hafa lægri innlánsvexti. Og höfuðástæðan til þess, að seðlabankar í öðrum löndum greiða ekki innlánsvexti, er sú, að þeir telja það ekki hlutverk sitt að keppa við einkabankana um innlánsfje.

Í sambandi við hlaupareikninginn verð jeg að leiðrjetta það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði um gjaldeyrisverslunina. Hann hjelt því fram, viðvíkjandi gjaldeyrisverslun í seðlabanka minni hl., að hann gæti rækt gjaldeyrisverslun á þeim grundvelli að borga allan gjaldeyrinn í seðlum. Þetta er undarleg meinloka. Það er ekki leyfilegt að gefa út seðla, nema það, sem nauðsynlega útheimtist fyrir gjaldmiðilsþörf innanlands. En gjaldeyrisverslunin fer svo fram, að andvirði gjaldeyrisins er fært inn á hlaupareikning. Og mikið af

gjaldeyrisversluninni gengur fyrir sig án þess, að til seðlaútgáfu þurfi að taka. Því að erlendis er lagt inn á hlaupareikninga og fylgja þeim jafnan hliðstæðar inneignir, og ráðstafar bankinn þeim til þeirra viðskifta innanlands, sem brúka krónur, með tjekkávísun eða millifærslu, og koma seðlar því mjög sjaldan í beint samband við gjaldeyrisverslunina, nema að því leyti, sem aukin verslun skapar aukna gjaldmiðilsþörf.

Það er alveg auðsjeð, að á eðlilegan hátt getur þessi stofnun ekki rekið þessi viðskifti nema með því að hafa hlaupareiknings-viðskifti. En þetta kemur meira við hinu frv., og ætla jeg því ekki að fara lengra út í þetta.

Þá sagði háttv. 3. þm. Reykv., að seðlabanki stjfrv. hefði ekki annað teljandi fjármagn en seðla, og yrði líkur hinum bankanum. Þá sje jeg nú ekki, að háttv. þm. hafi ástæðu til þess að vera á móti honum. En raunar er sá munur á þeim, að í öðrum er pláss fyrir 6 bankastjóra, en í hinum fyrir 3½. (**JakM:** Eða 30—40!). Jeg tel 3½. En sannleikurinn er sá, að á þeim er talsverður munur. Jafnaðarreikningur Landsbankans sýnir, að reikningsjöfnuður bankans var kr. 50526816.33 í árslok 1924. Þar af fara 25 milj. kr. í sparisjóðsdeildina, ef tekið væri bæði innstæðufje í sparisjóði og gegn viðtökuskírteinum. Hitt væri eftir í bankanum. (**JakM:** Hvað miklir seðlar?). Alls rúmlega 3½ miljón kr. í seðlum, af 25 miljónum, sem bankinn hafði í byrjun. Þetta er mikill munur á styrkleika, og er ákaflega mikill munur á því fyrir gamla, lifandi bankastofnun, að taka að sjer gjaldeyrisverslunina, eða fyrir hina nýju stofnun, sem hefir ekkert verðmæti laust.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ef sparisjóðsdeildin keypti erlendan gjaldeyri, þá væri blandað saman heimild þeirri, sem hann hefði til þess að reka seðlabankastarfsemi, við sparisjóðsstarfsemina. Þetta er misskilningur. Í frv. er gert ráð fyrir því, að sparisjóðsdeildinni sje þetta heimilt, og þetta er ekki annað en það, sem hverri peningastofnun, sem ræki sparisjóðsstarfsemi, myndi heimilað, að kaupa og selja víxla og ávísanir til greiðslu erlendis. Og þótt sparisjóðurinn geri þetta eins og hver annar einkabanki, þá er engu blandað saman, því hann gerir það fyrir eigin reikning og áhættu. En að hafa þetta alt undir einni bankastjórn gerir bankann sterkari með gjaldeyrisverslunina, af því að hann hefir sparisjóðsfjármagn yfir að ráða.

Þegar jeg tala um styrkleika Landsbankans, þá tala jeg um getu hans til þess að halda uppi gjaldeyrisverslun og til þess að taka á sig gengissveiflur þær, sem hún hefir í för með sjer. Og þótt það sje rjett, að seðlabankinn hafi ekki getað varist gengissveiflum eftir að krónan var fallin úr gullgildi og innlausnarskyldan upphafin, þá má ekki gleyma því, að hjer er samt um að ræða lagasetningu fyrir langa framtíð, og þótt erfiðlega gangi að venjast gengissveiflum með pappírsgjaldeyri, þá er samt skylda að búa bankann svo út, að hann geti varist gengissveiflum, sem fara út fyrir gullpunktinn, og þegar gullinnlausnarskyldan verður tekin upp aftur, verður að gera það með gjaldeyrisverslun, eftir því, sem hjer hagar til. Jeg vil vekja eftirtekt á því, að þegar

seðlar Íslandsbanka byrjuðu að falla í verði, þá var það ekki fyrir töp bankans; hann hafði engu tapað, þegar seðlar hans fjellu í verði í janúar 1919. Þeir fjellu af því, að í gjaldeyrisversluninni elti íslenska krónan þá dönsku, þegar hún fór að falla úr gullgildi. Það er því villandi að segja, þegar vitnað er í reynsluna með útlán og töp, að gengi gjaldeyrisins hafi fallið vegna tapanna, það fjell áður af öðrum ástæðum. Það var á sviði gjaldeyrisverslunarinnar, sem þann mikla ósigur bar að höndum, gullgengisfall íslenkrar krónu. Út af því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, vil jeg segja það, að mjer dettur ekki í hug að halda, að Landsbankinn muni alt í einu hætta almennri útlánsstarfsemi sinni. Hann sagði, að það yrði erfitt fyrir hann að hafa þessa starfsemi á hendi. Jeg held einmitt, að svo þurfi alls ekki að verða, og legg engan trúnað á orð þeirra manna, sem slíku halda fram. Það er nú svo, að við verðum að byggja alla okkar útlánsstarfsemi á þeim atvinnuvegum, sem reknir eru í landinu, og verður því útlánsstarfsemin altaf í áhættu vegna atvinnuveganna. Það þýðir ekkert að halda, að búið sje að sneiða hjer hjá allri áhættu með því að láta einn banka lána hinum öðrum bönkum og þá banka atvinnuvegunum. Ef fje tapast, kemur það í ljós í framtíðinni, eins og verið hefir hingað til, og stórfeld töp geta aldrei orðið seðlabankanum óviðkomandi.

Þá ætla jeg síðast að minnast á þá staðhæfingu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að hjer komist síður á fót einkabankar, ef Landsbankinn verður gerður að seðlabanka, verði hann þá samkepnisbanki við þá. Þetta stríðir algerlega á móti hugsunarhætti erlendra bankafræðinga. Það, sem einkabankarnir telja sjer langhættulegast, er það, ef ríkið tekur að öllu leyti á sig ábyrgð á starfi eins banka. Jeg held, að það hafi hvergi komið fyrir, að ríkið hafi tekið að sjer alveg einn banka, en hitt hefir komið fyrir, að ríkið hafi gengið í ábyrgðir fyrir einkabanka. Svo var t. d. þegar danska ríkið tók á sig ábyrgð á rekstri Landmandsbanken, og hið sama kom fyrir með ýmsa banka í Noregi. Jeg hefi sjeð mikið um þetta skrifað í erlendum blöðum og ritum, og eru allir á einu máli um það, að krefjast þess, að úr þessu atriði, að ríkið ábyrgist bankana, verði bætt, af því að það sje hættulegt fyrir einkabankana, þar sem fjármagnið streymi frá þeim og til þeirra banka, sem ríkið ábyrgist. Það er því ekki hægt að setja meiri hindrun fyrir einkabankana en að halda uppi ríkisbanka, sem ekki er seðlabanki, heldur samkepnisbanki. Mín skoðun er því sú, að það, sem stungið er upp á í stjfrv. sje hið eina, sem geri mögulegt fyrir einkabanka að starfa hjer á landi.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg var ekki viðstaddur, þegar háttv. frsm. meiri hl. (MJ) gerði brtt. okkar háttv. þm. Str. (TrÞ) að umtalsefni. Jeg get því ekki svarað honum, en jeg býst við því, að hann hafi komið fram með svipuð rök og hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg get því fyrst skírskotað til ummæla hæstv. fjrh. (JÞ), að bankinn, jafnframt því, sem hann fær seðlana, geti haft sparisjóðsstarfsemi. Og þótt nokkur munur kunni að vera á opinberu fje, sem einstakir menn leggja inn, þá er eðlismunur þess ekki svo mikill, að bankinn geti ekki haft af því mikinn styrk. Og ef sparisjóðsfje getur á annað borð verið

bankanum til styrktar, þá getur honum líka orðið handbært fje opinberra sjóða til styrktar.

Eins og bankinn þarf altaf aðgæslu í útlánum sínum, og haga þeim eftir sparisjóðsfje sínu, eins þarf hann að haga útlánunum með tilliti til þess, hve mikið fje frá opinberum sjóðum er sett til ávöxtunar í honum.

Háttv. frsm. ætlaðist ekki til þess, að bankinn drægi úr útlánsstarfsemi sinni. En sannleikurinn er sá, að það, sem mestu ræður um það, hvernig bankanum vegnar, er það, hvernig innlánstarfseminni verður hagað, og tekur það bæði til sparisjóða og annara fjármuna, sem bankinn fær til meðferðar. Jeg býst við því, að bankinn verði að hafa þetta handbært til þess að geta greitt það, þegar kallað er eftir því. En það má líka reikna það með, þegar þetta fje er kallað út til starfseminnar.

Hæstv. fjrh. færði allsterk rök fyrir því, að sparisjóðsfje væri bankanum til eflingar. Þá held jeg, að sömu rök liggi til þess, að honum gæti orðið það til styrktar að ávaxta fje ríkissjóðs og annara opinberra sjóða. Og þótt settar verði einhverjar frekari skorður við því, að lána út fje ríkissjóðs, heldur en gert er með gildandi lögum, þá fæ jeg ekki sjeð, að það þurfi að valda neinni röskun á starfsemi bankans, þótt fje ríkissjóðs verði nokkuð sjerstakt í þessu tilliti. Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að þetta kæmi í bága við það, ef ríkið þyrfti að leita lána annarsstaðar en hjá Landsbankanum. Gætu þá þeir bankar, sem ríkið leitaði til, sett skorður við því, að lána ríkinu fje, ef það mætti hvergi ávaxta fje sitt annarsstaðar en í Landsbankanum. En þetta þarf ekki að koma í bága við till. okkar, því að ef sjerstakar ástæður banna, er heimilt að ávaxta annarsstaðar en í Landsbankanum. Till. gerir ráð fyrir, að þetta kunni að henda. En að þessi breyting var gerð á bankalögunum á þingi 1919 og við hv. þm. Str. (TrÞ) flytjum hana nú, stafar af þeirri reynslu, sem við höfum fengið með það, að opinbert fje er nú orðið ávaxtað að talsverðu leyti annarsstaðar en í Landsbankanum, og að hann fer því á mis við það.

Hæstv. fjrh. (JÞ) drap á vaxtakjör bankans. Jeg get nú ekki neitað því, að hann hafi þar nokkuð til síns máls. En jeg óttast samt ekki, að bankinn misnoti þennan rjett, því að alla þá stund, sem hann hefir haft hann, hefir vaxtamunurinn verið svo lítill, að hann hefir hvorki gert til nje frá. En hitt er meira virði að styrkja bankann með því, að veita honum þennan rjett.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að með þessari till. væri ríkisstjórnin ekki frjáls að því, hvar hún ávaxtar fje ríkissjóðs. Jeg held, að þar fyrir sje engin ástæða til þess að vera á móti henni. Mjer finst ekki reynslan hafa bent á, að þetta ófrelsi hafi valdið miklum erfiðleikum. Hæstv. fjrh. benti á, að lögunum hefði ekki verið fylgt. Jeg hygg þó, að þeim hafi verið fylgt, nema e. t. v. nú allra síðast, af því að það mátti til. Og jeg get lýst því yfir, sem endurskoðandi landsreikninganna, að jeg sá enga átyllu til þess, að það fje, sem um var að ræða, hefði verið sett fremur í Landsbankann en Íslandsbanka. Þessvegna hefi jeg gert athugasemd um þetta atriði. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að bankastjórarnir hefðu enga kvörtun sent um þetta, en jeg tel ekki bankastjórninni skylt að sjá um, að opinbert fje sje ávaxtað í bankanum, heldur á stjórnin að gera það. Og

einmitt það átti sjer stað með það fje, sem ávaxtað var annarsstaðar 1924.

Nú get jeg sagt það, að mjer þótti mjög miður, að hv. fjhn. skyldi ganga fram hjá þessu atriði.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að þessi lög myndu látin sofa, og landstjórn, bankastjórn og Alþingi ekkert í þeim gera. Játa jeg, að stjórn og löggjafarvald muni kannske humma þetta fram af sjer, af því að í hlut á ekki sú stofnun, sem að minsta kosti má segja, að hæstv. fjrh. láti sjer ant um, heldur sú stofnun, sem þingi og þjóð á að vera kærust og þau reiðubúin til að efla sem mest og best. — Mjer þykir skjóta nokkuð skökku við, ef háttv. deild ætlar nú ekki að samþ. till., út frá þeim rökum, er fram hafa komið gegn henni. Vil jeg þessvegna beina því til hæstv. forseta, að hann hafi nafnakall um hana.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg skal vera stuttorður, en úr því að hæstv. forseti gat fallist á að lofa mjer að gera örstutta athugasemd, nenti jeg ekki að láta það bíða til 3. umr. að svara hæstv. fjrh. (JÞ). Enda er það nú ekki lengi gert.

Hann sagði, að jeg hefði gert ráð fyrir, að seðlabankinn tæki við innlánsfje á hlaupareikning. En fjrh. hefði átt að taka út í æsar, það sem jeg sagði í sambandi við gjaldeyrisverslunina, því að minni hl. gerði ekki ráð fyrir öðru en því, að bankinn tæki í gjaldeyrisviðskiftum fje á hlaupareikning. Þá sagði fjrh., að það væri misskilningur hjá mjer, að bankinn væri samkepnisbanki um innlánsfje. Hann hefir þó sjálfur ráðgert, að innlánin yrðu lögð til seðlabankans. En jeg hefi ekki haldið fram, að bankinn borgaði annað en hæstu sparisjóðsvexti, og sje jeg ekki betur en að það sje rjett. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að það væri meinloka hjá mjer að leyfa bankanum að gefa út seðla til þess að kaupa gjaldeyri. En meinlokan er nú hjá fjrh. (JÞ) sjálfum. Því að þessi staðhæfing, að allur greiðslujöfnuður eða reikningsjöfnuður mundi falla niður við þetta, er fullkomin meinloka. Sá jöfnuður mun eiga sjer stað alveg á sama hátt og áður. Það stendur í greinargerð frv. og kom einnig fram á síðasta þingi, að Landsbankinn hafi einmitt gefið út seðla til þess að halda í hemilinn á hækkun krónunnar. Það, sem þarf umfram greiðslujöfnuðinn, verður í seðlum fyrst í stað. Þá var hæstv. fjrh. (JÞ) að tala um seðlastofnun og seðlabanka. En hann sjer ekki muninn. Seðlastofnunin á að haga vöxtum sínum eftir viðskiftabönkunum, en seðlabankinn á að ákveða bæði sína vexti og vexti hinnna bankanna. Hjer er því geysilegur munur á, styrkleikamunur.

Þá las hæstv. fjrh. upp úr reikningum bankans, hvað mundi koma í hlut seðladeildarinnar af veltufje Landsbankans, og fjekk út um 25 miljónir. En þar skýtur nokkuð skökku við. Það er ekki nóg að draga frá sparisjóðsfjeð. Það verður líka að draga frá seðla í umferð og bankaskuldabrjef, innstæðu, veðdeild og varasjóði. Það, sem eftir verður í seðladeildinni, er aðeins ensku lánin og hlaupareikningsfjeð, samtals um 15 miljónir, samkv. síðasta ársreikning. Eins og jeg hefi áður bent á, þarf bankinn að greiða af breska láninu 7%. Það er því ekki mikið upp á að hlaupa og ekki hægt að tala um mikinn styrk í þessu sambandi. Hæstv. fjrh. (JÞ) gerði mun á þessum gengisbraskstimum, sem nú standa yfir, og venjulegum

tímum. En þegar fjármálalífið er komið í fastar skorður, verður það ekki þung byrði á bankanum að halda jafnvægi.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að það væri rangt hjá mjer að setja gengisfallið 1919 í samband við töp Íslandsbanka. Þetta er auðvitað bókstaflega rjett, en þó er það í raunveruleikanum rangt. Í raun og veru var ekki um neitt gengisfall ísl. kr. að ræða fyrr en 1920—21. Áður fjell ísl. króna vegna dönsku krónunnar. En það, að Íslandsbanki gerði seðla sína óinnleysanlega gagnvart Danmörku, olli sjerstöku gengisfalli ísl. kr. 1920—21 og kom til af þrengingum, sem bankinn komst í vegna almennra viðskiftastarfsemi sinnar í sambandi við seðlaútgáfuna.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal nú reyna að hlífa deildinni við frekari umr. Viðvíkjandi því, sem jeg sagði um möguleika til gjaldeyrisverslunar, hefi jeg engu við að bæta. Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) viðurkendi það, sem jeg hafði sagt, enda var ekki annað unt. En seðlabanki, sem hefir gjaldeyrisverslun, verður að hafa hlaupareikning, því að annars kemst engin gjaldeyrisverslun að.

Jeg geri ekki greinarmun á seðlabanka og seðlastofnun að því er snertir vextina. Og jeg verð að segja það, að jeg geri lítið úr því valdi. Landsbankinn verður aldrei tilneyddur að fylgja ákvörðunum seðlastofnunar um vextina, enda hafa þeir lítið að segja, er til þess kemur að halda uppi gildi peninganna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 : 4 atkv.
2. gr. samþ. með 18 : 3 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 19 : 3 atkv.
Brtt. 358, 1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 358, 2 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 : 3 atkv.
10.—20. gr. samþ. með 19 : 2 atkv.
21.—27. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 19 : 3 atkv.
Brtt. 386, a. feld með 14 : 9 atkv.
— 386, b. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BST, HStef, IngB, JörB, KlJ, BSv.

nei: ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, MJ.

Einn þm. (JakM) greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

30.—32. gr. samþ. með 18 : 2 atkv.
33. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
34.—50. gr. samþ. með 17 : 3 atkv.
51. gr. samþ. með 18 : 3 atkv.
Brtt. 469 samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, JakM, JBald, JörB, BSv.

nei: KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, JAJ, JK, JS, JÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

52.—60. gr. samþ. með 18 : 3 atkv.
Brtt. 358, 3. samþ. með 15 shlj. atkv.
61. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 358, 4. samþ. með 15 : 1 atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
64.—67. gr. samþ. með 17 : 3 atkv.
Brtt. 358, 5. samþ. með 16 shlj. atkv.

68. gr., svo breytt, samþ. með 19 : 3 atkv.

69. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh.

nei: ÁJ, BL, JakM, JAJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 480 (sbr. 171), 485, 490).

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Þar sem svo er ástatt, að minni hl. fjhn. hefir ekki gefist kostur á að skila nál. um þetta mál, en hefir hins vegar ekki athugað það nánar í einstökum atriðum, vegna þess að hann lagði til við 2. umr., að það gengi ekki fram, verð jeg, sem frsm. minni hl. fjhn. að krefjast þess, að málið verði tekið af dagskrá, svo að jeg geti komið með brtt. við það, þar sem þetta er 3. og síðasta umr. málsins.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi aðeins taka undir orð hv. frsm. minni hl. (JakM) um, að málið verði tekið út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg var hræddur um þetta, að einhver bæði um, að síðasta málið yrði tekið af dagskrá líka, en það er óforsvaranleg meðferð á tíma þingsins, og þar sem stjórnin á enga sök á, að næstsíðasta málið var tekið út af dagskrá, vil jeg, ef hæstv. forseti leyfir, gera grein fyrir brtt við þetta frv.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Mjer finst, að ekki sje minni ástæða til að taka þetta mál af dagskrá en 5. mál og hin málin, þar sem hægt er að færa full rök fyrir, að jeg hefi ekki átt kost á að gera brtt. Þetta er ekki gert til þess að tefja fyrir málinu, heldur aðeins til þess að gefa okkur í minni hl. fjhn. kost á að athuga það sem vandlegast.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Mjer þykir einkennilegt, að hv. frsm. minni hl. (JakM) skuli bera þetta saman við 5. mál. Þar úrskurða andstæðingar að fá mál á dagskrá aðeins til slátrunar, en hjer óska fylgismenn eftir máli, til þess að von sje um, að það nái afgreiðslu þingsins. Það er bersýnilegt, að þeir, sem vilja fá þetta mál út af dagskrá, gera það eingöngu af því, að málinu er stefnt í tvísýnu með hverjum degi, sem líður. Jeg vil sem frsm. meiri hl. í þessu máli óska eftir, að það verði tekið fyrir nú, einkum af því, að 6. mál var tekið út, en það tekur sjálfsagt allan morgundaginn, svo að þetta kæmist ekki að.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi hugsað mjer að bera fram brtt. við þetta frv. og þætti mjer því æskilegt, að umr. yrði ekki lokið í kvöld. Það, sem menn vilja segja alment um málið, mætti taka fyrir nú og fresta svo umr. Eins er um hin málin. Það hefði mátt ljúka af því, sem menn höfðu að segja alment um þau og tala um þær tillögur, sem fram eru komnar og fresta svo. Á þessum grundvelli vildi jeg, að þetta mál kæmi til umr. nú.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Ástæða hv. frsm. meiri hl. (MJ) til að

fresta ekki málinu er lítilvæg, því að það nær engri átt, að málinu sje teflt í tvísýnu með því, því ef hæstv. stjórn vill fá það fram, skiftir engu, hvort það er tekið fyrir einum degi fyr eða síðar. Þessar ástæður hv. þm. (MJ) eru því út í bláinn, og jeg verð enn að undirstrika, að jeg hefi ætlað mjer að koma fram með brtt. og þykist jeg eiga rjett á að krefjast að fá tækifæri til þess.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil taka það fram, að hv. þm. hafa haft allan þann tíma, sem þeim er ætlaður samkvæmt þingsköpum til þess að athuga þetta mál. Dráttur á því verður óhjákvæmilega til þess að lengja þingtímann, ef málið á á annað borð að ganga fram á þessu þingi, en það er undir undirtektum hv. Ed. komið.

Ólafur Thors: Ef hæstv. forseti úrskurðar, að málið verði tekið af dagskrá, vil jeg æskja þess, að boðaður verði nýr fundur í kvöld og tekið verði á dagskrá:

Frv. til l. um sölu á síld og frv. til l. um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Eftir því, sem hv. frsm. meiri hl. (JAJ) hefir skýrt frá, er von á nál. meiri hl. innan tveggja stunda, svo að ekkert ætti að vera þessu til fyrirstöðu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil taka undir ósk h. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að því viðbættu, að frv. um lærða skólann verði líka tekið á dagskrá, í sömu röð gagnvart gengismálinu og það var á dagskrá þessa fundar.

Forseti (BSv): Mjer þykir hv. þdm. og hæstv. stjórn gera mjer allmikinn vanda, þegar jeg á að úrskurða hjer öllum til hæfis. Jeg hygg, að lærða skólanum sje ekki búin banaráð, þó að hann hafi verið tekinn af dagskrá nú, og sama mælikvarða verð jeg að leggja á hin frv. Jeg ætla því að taka málið af dagskrá.

Viðvíkjandi ósk hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), ætla jeg að verða við því, að haldinn verði fundur í kvöld, til þess að ekki sje spilt þingtímanum. Þetta verður eiginlega aukafundur, svo að dagskránni fyrir morgundaginn lýsi jeg í lok þess fundar.

Á 71. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti (BSv): Frá sex hv. þdm. hefir mjer borist svolátandi krafa:

„Undirritaðir þingmenn neðri deildar Alþingis krefjast þess samkvæmt 43. gr. þingskapanna, að frv. til laga um Landsbanka Íslands verði tekið sem fyrsta mál á dagskrá á fundi deildarinnar á morgun."

Magnús Jónsson. Halldór Stefánsson.
Ásgeir Ásgeirsson. Jón Sigurðsson.
Klemens Jónsson. Þórarinn Jónsson.

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, áður en gengið var til dagskrár, voru atkv. greidd um kröfu þá, er fram kom í lok síðasta fundar um dagskrárbreytingu. Deildin neitaði að taka frv. til laga um Landsbanka Íslands sem fyrsta mál á dagskrá með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JS, MG, MJ, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ.

nei: IngB, JakM, JBald, KlJ, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.

Fimm þm. (JAJ, JK, JÞ, JörB, MT) greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, BJ, BL) fjarstaddir.

Á 73. fundi í Nd., föstudaginn 7. maí, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 480 (sbr. 171), 485, 490, 506, 538).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á hjer fjórar brtt. á þskj. 485, sem jeg verð að minnast á.

1. brtt. er við 9. gr. frv. og er ekki annað en lítilsháttar leiðrjetting, sem er bein afleiðing af fyrri hluta gr., er samþ. var við 2. umr.

Þá er 2. brtt. um skyldur sparisjóðsdeildarinnar til þess að koma innlánsfje í trygg verðbrjef. Það hefir nú verið vikið að því oftar en einu sinni í umr., að varhugavert sje að binda svo fast sparisjóðsdeildina sem gert er með því, að hún skuli jafnan hafa ⅓ af innlánsfje sínu í verðbrjefum. Þetta mundi þýða það, að verja þyrfti 4 miljónum króna af því fje, sem Landsbankinn hefir nú til umráða, til þess að kaupa verðbrjef, svo að ákvæðunum yrði fullnægt. Það gæti haft mjög varhugaverðar afleiðingar eins og stendur að gera þessar breytingar á ráðstöfunum sparisjóðsdeildarinnar.

Jeg hefi í þessu efni borið mig saman við stjórn Landsbankans, og hefir hún látið í ljós, að annaðhvort verði að breyta hlutfallinu, færa það niður, eða þá að orða greinina þannig, að bankastjórnin verði ekki bundin við ákvæði hennar fyr en kringumstæður leyfa. Og í samráði við bankastjórnina hefi jeg valið hina seinni leið, og að þessu leyti er brtt. eigi annað en leiðbeining um það, að hverju skuli stefna.

Þá kemur 3. brtt., sem er við 52. gr., er sett var inn í frv. við 2. umr. Jeg er því í sjálfu sjer mótfallinn, að sú grein sje í frv., en úr því að hún er nú einu sinni komin þangað, þá vil jeg gera greinina þannig úr garði, að hún bindi ekki svo, að lögin verði brotin eins og nú er. Brtt. fer fram á það, að í stað þess, sem nú er, komi: „nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám". Mjer virðist, að um þetta efni eigi ekki hið sama við í öllum tilfellum. Um opinbera sjóði sýnist að vísu eðlilegast, að þeir sjeu geymdir í Landsbankanum, en öðru máli er að gegna um þá sjóði, er bundnir eru með skipulagsskrá, eða fje, sem gengið er frá á annan hátt, t. d. gjafabrjef. Það má búast við því, að gefandi vilji ávaxta slíkt fje í þeim sjóði, er hann ber sjerstaka trygð til. En þótt tillaga mín sje í 2 liðum, bið jeg hæstv. forseta að skoða hana sem eina tillögu. Þær eru báðar ein brtt, af því að hvorttveggja kemur að efni til í staðinn fyrir grein, sem burt á að falla. Jeg vona, að þeir hv. þm., sem greiddu atkv. með því, að setja þessa gr. í frv., geti til samkomulags gengið inn á, að henni sje breytt þannig, svo að hún geti staðið í frv., þótt hún sje andstæð þeim kenningum, sem mest er haldið á lofti, að vara við því að veita innlánsfje að þessari bankastofnun.

4. brtt., við 62. gr., er líka rjetting á seinni hluta greinar, sem er afleiðing af breytingu, sem samþ. var inn í gr. við 2. umr.

Jeg skal að vísu játa, að þessa rjettingu mætti gera með öðru móti. En eins og till. er borin fram verða öll ákvæði gr. með öðrum hætti og ekkert ósamræmi í þessu. Að öðru leyti þarf till. engrar skýringar við. Um aðrar brtt. ætla jeg ekkert að tala fyr en hv. flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim og nefndin tekið afstöðu til þeirra.

Sigurjón Jónsson: Það er hjer lítil

brtt., sem jeg hefi flutt á þskj. 490 við 68. gr. frv. Er í þeirri gr. ákveðið, að seðladeild Landsbankans endurkaupi af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sje 1% lægri en venjulegir forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans, fyrir alt að ⅝ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 milj. kr. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína, minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum um ½ milj. kr. á ári hverju, uns hún hverfur alveg.

Þessi upphæð, sem þannig er gert ráð fyrir, að Landsbankinn kaupi, má nema ⅝ af seðlamagni því, sem Íslandsbanki hefir haft mest úti. Ef sú upphæð er 8 milj., verður það 5 milj., sem bankinn kaupir. Seinast er gert ráð fyrir því, að frá þeim tíma, sem inndrætti seðlanna er lokið, minki þessi upphæð um hálfa milj. kr. árlega, uns þessi hlunnindi viðskiftavíxlannna hverfa alveg.

En brtt. mín fer fram á, að þessi upphæð minki aðeins um ¼ milj. árlega, þannig, að það taki 20 ár að endurkaupa víxlana í staðinn fyrir 10 ár, eins og gert er ráð fyrir í frvgr. Ástæðurnar til þess, að jeg hefi komið fram með þessa brtt. eru aðallega tvær: Í fyrsta lagi þykir mjer eðlilegt, að seðlabankinn láni peningastofnunum, við endurkaup á víxlum þeirra, þá upphæð með lægri vöxtum en hann lánar einstaklingum til rekstrar. Það hlýtur að verða litið svo á, að þeir víxlar, sem keyptir eru af peningastofnunum, sjeu tryggari en víxlar frá einstökum mönnum og geti þessvegna orðið ódýrari.

Að öðru leyti verður að taka tillit til Íslandsbanka, vegna þess, að sá banki hefir verið seðlabanki, hefir dregið inn mikið af seðlum sínum og það valdið honum allmiklum erfiðleikum, þar sem hann hefir verið annar aðalbankinn, sem stutt hefir atvinnuvegina.

Ein af ástæðunum, sem oft hefir komið fram í umr. um þetta mál, fyrir mótstöðunni gegn því, að Landsbankinn fari með seðlaútgáfuna, er sú, að menn hafa álitið, að Íslandsbanka yrði of þröngur stakkur skorinn með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á. En jeg geng að því sem vísu, að hv. þm. yfirleitt vilji ekki þröngva kosti hans svo, að hann geti ekki sint þeim störfum, sem hann þarf að inna af hendi enn um nokkurt árabil.

Jeg skal þegar taka það fram, að jeg hefi átt kost á að sjá brtt., sem bráðum kemur fram viðvíkjandi þessari grein. Og ef þessi brtt. verður samþ., tek jeg brtt. mína aftur. Sú brtt. gengur lengra til rýmkunar á hag Íslandsbanka til endursölu viðskiftavíxlanna heldur en mín brtt.

Ætla jeg svo ekki að orðlengja meira um þessa brtt. Jeg vona, að hv. deildarmenn skilji, hvað fyrir mjer vakir, að jeg vil rýmka hag Íslandsbanka meir en frv. gerir ráð fyrir, svo að hann verði hjer eftir sem hingað til fær um að gegna því hlutverki að styrkja framleiðslu landsmanna.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að tala meira um þetta mál, jeg hefi verið á móti þessu frv. og mun sýna afstöðu mína til þess við atkvgr.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð út af 3. brtt. hæstv. fjrh. (JÞ), við 52. gr., á þskj. 485. Hann tal-

aði gegn þeirri brtt., sem við hv. þm. Str. (TrÞ) fluttum við 2. umr. og samþ. var, vill nú gera nokkra breytingu við það, sem þá var samþ., eða sem sje 52. gr. Þar sem okkur virðist þetta geta skift miklu máli, þá getum við ekki annað en talað gegn þessari brtt. hæstv. fjrh., báðum liðum hennar, a og b. Jeg held, að greinin, sem samþ. var við 2. umr., sje svo rúm, að hægt sje að ávaxta annarsstaðar það fje, sem nauðsyn heimtar og sýnilegt er, að ávaxta verður annarsstaðar. En jeg vil samt ekki gera þetta rýmra en nauðsynlegt er.

Þetta ákvæði var sett af því, að mönnum þótti ofmikið fje ávaxtað annarsstaðar en í Landsbankanum. Fer jeg ekki lengra út í það nú, þar eð jeg tók flest þessu viðvíkjandi fram við 2. umr.

Það þarf ekki að standa í veginum fyrir gjafafje, þótt greinin verði svo sem hún er orðin. Jeg býst við, að flestir, sem gefa fje til sjóðsstofnana eða til einhverra framkvæmda, finni ekki að því, þótt fjeð sje ávaxtað í Landsbankanum. Og eftir því, sem lög sparisjóða mæla fyrir, eiga þeir að halda öllum rjettindum þrátt fyrir það, þótt þessi bankalög verði sett, og þessi gr. brýtur því alls ekki í bága við þau rjettindi, sem þeir fengu með sparisjóðslögunum frá 1915.

Jeg get því ekki með mínum besta vilja sjeð, að þessa brtt. hæstv. fjrh. þurfi að samþ., nema hún eigi að vera til þess að skerða þau hlunnindi, sem Landsbankanum að rjettu lagi bera.

Hvað b-lið brtt. snertir, þá get jeg sagt hið sama um hann, að standi sjerstaklega á, að stjórnin þurfi vegna lántaka að ávaxta annarsstaðar en í Landsbankanum, þá er opin leið til þess, því að ákvæði um það er að finna í frvgr., svo að þetta þarf ekki að rekast á. En mjer virðist svo, að verði þessi brtt. samþ., verði það til skemda á frv. Hæstv. ráðh. sagði, að þessi gr. hefði verið brotin með samþykki allra. Jeg skal ekki fjölyrða um það, en jeg efast um, að það hafi verið með samþykki allra, og eiginlega hefir það verið fyrir aðgæsluleysi, að fjhn. tók ekki til greina bendingar okkar yfirskoðunarmanna, sennilega meira en af viljaleysi, um að ávaxta skyldi þetta fje í Landsbankanum, því að ekkert var því til fyrirstöðu.

Viðvíkjandi því, að þetta væri á móti þeim kenningum, sem vara við því að auka innlánsfje bankans, þar sem hann hefir seðlaútgáfuna, vil jeg taka það fram, að það er rjett að því leyti, að þetta er á móti kenningum þeirra manna, sem eru á móti því, að Landsbankinn fái seðlaútgáfurjettinn. En þetta er ekki andstætt skoðunum hæstv. fjrh. og mínum. Og samkvæmt skoðun hæstv. ráðh., er þetta til styrktar bankanum, sem önnur innlánsstarfsemi og miklu fremur. Og þó bankinn verði oft að greiða þetta fje út sem hvert annað sparifje með stuttum fyrirvara, þá hefir hann það á vitund sinni, þegar hann lánar það út, og getur altaf gert samning um það atriði áður en til útborgunar kemur. Jeg get ekki annað sjeð en að þetta atriði geti orðið til styrktar bankanum og vil halda því óbreyttu og vænti þess, að sá hluti hv. deildarmanna, sem samþ. það við 2. umr., greiði nú atkv. gegn þessari brtt. hæstv. fjrh.

Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta eða brtt. annara hv. þm. eða um málið í heild. Jeg hygg, að flest af því, sem þarf að koma fram, sje þegar tekið fram og þurfi því ekki að ræða málið frekar.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla aðeins að minnast á brtt. okkar hv. þm. Str. (TrÞ). Það eru tvær till., sem standa í sambandi hvor við aðra. Jeg vil þá fyrst minnast á fyrri till.

Við 2. umr. bárum við fram brtt., sem fóru í líka átt og þessi, að sá hluti innlánsfjár, sem á að vera í verðbrjefum, hækki úr ⅓ í helming og áskilja Ræktunarsjóði helming verðbrjefanna, eða ¼ alls sparifjár, með vaxtamun, sem næmi ¼%. Þá var það haft á móti þessari till., að þá yrði of mikill hluti sparifjárins bundið í verðbrjefum. Í öðru lagi það, að við ætluðum of lítinn vaxtamun á sparisjóðsfjenu og jarðræktarbrjefunum, og að ekki væri eðlilegt, að ákveða þetta fyrirfram.

Við hjeldum fram á móti, að telja mætti bæði trygga og eðlilega tilhögun að binda þannig hluta af sparifjenu, er varið skyldi til þess að efla bygging og ræktun landsins. Við teljum það hina fyrstu skyldu vora við landið og þjóðina, að efla ræktun landsins og byggingu, og að bæta lífsskilyrði í því á allan hátt. Og við fullyrðum, að sparisjóðsfjenu verði á engan hátt betur varið nje tryggar en þannig.

Það mætti nú sýnast, að þannig vöxnum ástæðum, að það væri óþarft að binda þetta svona fyrir fram. En það er vegna reynslunnar, að við þykjumst tilneyddir. Og reynslan er sú, að landbúnaðurinn hefir altaf orðið mjög útundan með allskonar starfsfje. Bankarnir hafa ekki skilið eða viljað skilja þarfir hans, þeir hafa talið það hlutverki sínu nær, að græða sem mest fje. en að taka óhlutdrægt tillit til alþjóðar þarfa. Við óttumst, að eins geti farið í framtíðinni, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að binda þetta að einhverju leyti.

Það er því haldið fram, að ræktunarsjóðurinn sje ekki fjevana. En á það hefir verið bent, að þótt svo sje ekki nú, gæti þó brátt að því rekið. Og ný verðbrjef geta komið á markaðinn, sem jarðræktarbrjefin standa ekki vel í samkepni við. Og þótt hægt hafi verið að fá markað fyrir þau, meðan engin samkepni var, þá er alls ekki víst, að svo verði eftirleiðis.

Þá hefir verið bent á það, að á milli Ræktunarsjóðsins og Landsbankans væri samningur um kaup á jarðræktarbrjefum. En þess er að gæta, að hann er bundinn við ákveðinn tíma og takmarkaður við vissa upphæð. Og á meðan sá samningur er í gildi, mætti draga þá upphæð frá þessari skyldu.

Þá voru og við 2. umr. færð fram andmæli gegn þessum brtt. okkar frá bankastjórum Landsbankans, þar sem því var haldið fram, að ef þær væru samþ., þá leiddi það til lömunar á innlánsstarfsemi bankans, og til þess að hann fengi ekki þann styrk af innlánsfjenu, sem ætlað væri. Þetta var borið fram órökstutt, og er því ekki auðvelt að festa hendur á þeim andmælum, enda er ekki auðvelt að sjá, að þótt till. okkar færi fram á að binda aðeins lítinn hluta meira í verðbrjefum, en ákveðið var í frv. að það gæti valdið svo stórum hlutum fyrir bankann. Og hafi verið lítil ástæða til að mótmæla þá, er hún þó enn minni nú, því að nú förum við ekki fram á neina hækkun á verðbrjefahlutanum, og í öðru lagi vegna þess, sem samþ. var við 2. umr. eftir till. frá hv. 2. þm. Árn. (JörB) og hv. þm. Str. (TrÞ), þar sem bankanum er trygt sparisjóðsfje fram yfir það, sem ætlað var upphaflega. Jeg vona, að hv. þm. skilji nú, að þessi till., sem við berum

fram nú, er miðlunartill., og er þess því að vænta, að hv. þm. geti fallist á hana. Og jafnvel þótt nokkur ástæða hafi verið til þess að telja fyrri till. ganga fulllangt, þá er ekki svo um þessa.

Um síðari brtt. get jeg verið stuttorður. Hún hnígur að því sama og hin, og er aðeins varatill. Verði fyrri till. samþykt, tökum við þessa till. aftur. En það má vera, að hún sje öllu aðgengilegri, hvað formið snertir, fyrir þá, sem eru á móti hinni till. af formlegum ástæðum, auk þess sem í fyrri till. er gert ráð fyrir ríkari skyldu en í hinni síðari, sem mælir svo um, að Ræktunarsjóður eigi aðeins tilkall til þessa fjár eftir því sem þörf krefur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa till., vænti, að hv. þm. geti tekið þeim vingjarnlega. Það hafa ekki verið færð fram nein ný rök gegn þeim, og þau andmæli, sem fram hafa komið, eru nú orðin vægari en áður, sem og eðlilegt er, vegna þess að þessar till., sem hjer liggja fyrir, ganga ekki eins langt og hinar, eru miðlunartillögur.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Nefndin hefir ekki haft tíma til þess að athuga frv. milli umr., en meiri hl. hefir þó litið á till. þær, er nú liggja fyrir. En jeg hefi fáu frá honum að skila. Hann er samþykkur og mælir með fyrstu og síðustu till. hæstv. fjrh. (JÞ) á þskj. 485, en um hinar tvær hefir ekki náðst samkomulag, og eru því atkv. manna óbundin um þær.

Jeg held, að jeg eigi ekki að skila neinu frekar frá meiri hl. nefndarinnar, nema að mæla með frv., að það fái að ganga áfram, enda hafði það nú svo mikið fylgi við 2. umr., að því ætti að vera óhætt úr þessu. — Jeg vildi þó aðeins minnast lítillega á brtt. frá mínu sjónarmiði.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 485, frá hæstv. fjrh. (JÞ). Mjer finst þær eðlilegar og legg þeim liðsinni mitt. Er ekki þörf að mæla frekar fyrir þeim en hann hefir gert, enda hafa þær ekki mætt neinum andmælum. En það er á það að líta, að þegar milliþinganefndin lagði til að binda ⅓ af innstæðufje sparisjóðsins í auðseldum verðbrjefum þá hafði hún fyrir augum banka, sem ekki var skift í deildir, nema hvað bókfærslu snertir, og miðaði því verðbrjefaeignina ekki eingöngu við tryggingu sparsjóðsins, heldur átti þetta einnig að vera styrkur fyrir bankann í heild sinni, einnig seðladeildina. En nú er sparisjóðsdeildin orðin óháð og undir sömu kjörum og aðrir sparisjóðir. Er því nú ósamræmi í kvöðinni, þar sem henni er gert að skyldu að hafa tifalda verðbrjefaeign á móts við aðra sparisjóði. Annars er sparisjóðum skylt að hafa 3% í innstæðu í Landsbankanum eða í auðseldum verðbrjefum, en þó þarf ekki að fara upp yfir 5% af innstæðufjenu. Hjer er því mikið ósamræmi. Það er auðvitað rjett, að skuldbinda stærsta sparisjóð landsins til þess að hafa meira en aðrir sparisjóðir, en fyr má nú rota en dauðrota. Af þessum ástæðum vil jeg mæla með till. hæstv. fjrh., enda er hún studd af stjórn Landsbankans.

Jeg þarf varla að geta þess, að jeg er samþykkur 3. brtt. Hún mildar það ákvæði, sem sett var inn í frv. við 2. umr., og jeg var algerlega andvígur, sem sje því, að gera það að skyldu að geyma alt opinbert fje eða sjóði í Landsbankanum. Það mun nú vera svo, að sparisjóðir megi geyma fje sjóða, samkvæmt

lögum frá 1915. En þetta er ófrelsi samt, og leggur hömlur á það, að t. d. gefendur geti ráðstafað fje eftir vild. Það er sjálfsagt að halda fjenu að Landsbankanum eftir því, sem eðlilegt er, enda mun stjórnin altaf gera það, án þess að lög segi svo fyrir um. En það er varhugavert að vera að setja þetta í lög, þar sem ár eftir ár er farið í kringum svona einfalt ákvæði. Þetta verður miklu sterkara móti því en nokkur fræðileg rök.

Um brtt. á þskj. 506 verð jeg að segja það frá sjálfum mjer, að jeg get að sumu leyti enn síður aðhylst þær nú en eins og þær voru við 2. umr. Það er satt, að það er dregið úr þeim á yfirborðinu. Nú er ekki farið fram á það, að verðbrjefaeignin verði hærri en í frv., en aftur á móti er tekið upp, að verðbrjefin skuli keypt með nafnverði. Till. hefir versnað við þetta, og er fjarstæða að taka þetta upp. Með þessu móti verða brjefin óseljanleg nema með tapi, en eftir fyrri till. var þó sú leið opin fyrir bankann, að kaupa þau með sömu afföllum og hann gat búist við að verða að selja þau. Eins og nú er, er því ákvæðið ómögulegt, nema ætlast sje til þess, að bankinn beinlínis leggi fje í þetta, og auk þess hlýtur það að lenda á innstæðueigendum, því að öll slík gjöld ganga út yfir varasjóðinn, en hann er ætlaður innstæðueigendum til tryggingar.

Seinni till. er ekki afleiðing af hinni fyrri, heldur alveg hliðstæð henni, og er því ekki hægt að samþ. nema aðra þeirra. Satt er það, að sú till. er miklu sveigjanlegri og ekki eins á yfirborðinu og hin fyrri. En það vantar að færa ástæður fyrir nauðsyn hennar. Því að jeg lít svo á, að ákvæðið um, að bankaráðið skuli hafa eftirlit með skifting starfsfjárins milli aðalatvinnuveganna, sje svo sterkt, að lengra sje ekki hægt að fara. Og þegar þingkjörið bankaráð hefir þetta eftirlit, er það alveg nóg; lengra verður ekki farið, nema með rangindum. Auðvitað viðurkenna allir, að landbúnaðurinn þurfi á fje að halda, en það gera aðrir atvinnuvegir líka. Það er rjett hjá háttv. fyrra flm. (HStef), að hlutfallslega meira fje hefir runnið til annara atvinnuvega, en ákvæði 44. gr. togar þar æríð á móti og hjálpar til að halda jafnvægi. En að ákveða vissan hluta fjárins til ákveðinnar notkunar er óheppilegt. Annars veit jeg ekki, hvernig þetta má verða með öðru móti en því, að bankinn kaupi brjef Ræktunarsjóðsins.

Það hefir ekki verið talað neitt fyrir brtt. II á þskj. 506, en jeg ætla þó að minnast lítillega á hana. Hún er um það, hvernig skipa eigi aðalbankastjóra. Eftir stjfrv. á að skipa hann þegar í stað. Það er gert ráð fyrir, að fyrsta verk bankaráðsins sje að velja bankastjórnina. Eftir frv. milliþinganefndar á að velja aðalbankastjórann, þegar eitt sæti losnar, og þá till. hefir meiri hl. fjárhagsnefndar tekið upp. En nú er farið fram á, að hann verði ekki skipaður fyr en allir núverandi bankastjórar eru farnir frá. Það hlýtur að vera ljóst, að ef á annað borð þetta fyrirkomulag, að hafa einn aðalbankastjóra, er heppilegt, þá á að skipa hann sem fyrst. En með þessari till. er augljóst, að því verður frestað um óákveðinn tíma, nema sjerstök ráðstöfun verði gerð til þess að losa bankastjórastöðurnar. En það er ósamræmi í þessu, að skipa annaðhvort aðalbankastjórann strax eða þá ekki fyr en öll bankastjóraembættin eru laus. —

Þegar ráða skal aðalbankastjóra, þá á að taka þann manninn, sem að öllu samantöldu er álitinn hæfastur. Og það er mikill möguleiki til þess að fá slíkan mann, þar sem ekkert er ákveðið um launin. Bankaráðið hefir því frjálsar hendur og getur tekið mann úr hvaða stöðu sem er, þar sem hún getur boðið svo há laun. Það eru því góð skilyrði fyrir því, að hægt sje að fá sem hæfastan mann, er á að bera aðalábyrgðina. En meðan bankastjórarnir sitja í stöðum sínum, þá er þó valið altaf bundið. En undir eins og sæti losnar, er svigrúmið frítt. Það, sem vakti fyrir milliþinganefndinni, var að vali aðalbankastjórans yrði ekki frestað lengur en nauðsynlegt væri til þess, að bankaráðið hefði óbundnar hendur.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 490 frá háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Þessi grein á sína einkennilegu sögu. Upphaflega var svo ætlast til í frv. því, er lagt var fyrir þingið 1924 og Landsbankastjórnin samdi, að seðlaútgáfurjetturinn gengi þegar yfir til Landsbankans og hann keypti allan gullforða Íslandsbanka. En þetta hefði orðið áfall mikið fyrir Íslandsbanka, að missa þannig seðlaútgáfurjettinn alt í einu, og varð að gera sjerstakar ráðstafanir til þess að afla honum starfsfjár, er samsvaraði seðlaútgáfunni. Í frv. eins og það er nú er ekki ætlast til, að seðlaútgáfurjetturinn verði tekinn í einu lagi, en samt má búast við, að aðstaða Íslandsbanka verði erfið meðan á inndrætti seðlanna stendur. Þetta hafa menn altaf fundið, eins og sjá má af ummælum Íslandsbankastjórnar, þegar fjhn. Ed. spurði að því í fyrra. Svo segir í gerðabók nefndarinnar: „Loks voru bankastjórarnir spurðir um, með hvaða kjörum þeir hugsuðu sjer að „rediskontera“ víxla Íslandsbanka, eða annara banka, sem stofnast kynnu. Bæði M. S. og G. Ó. tóku það fram, að „rediskonteringar“ ættu yfirleitt að fara fram með raunverulegri „diskonto“ seðlabanka. Hvort hægt er að hafa hana t. d. ½% undir „diskonto“ almennra viðskifta, er undir ástandinu komið. Hitt tóku þeir líka fram, að öðru máli væri að gegna með „rediskonteringar“ fyrir Íslandsbanka á þeim seðlum, sem hann yrði að draga inn samkvæmt lögum frá 1921.“ — Þessu hefir nú fram að þessu verið hagað svo, að Íslandsbanki hefir haft fast lán í Landsbankanum, sem yfirdrátt, með sæmilegum kjörum. Í frv. milliþinganefndarinnar er svo leitast við að bæta úr þessum seðlainndráttar-örðugleikum Íslandsbanka með því að tryggja honum endursölu á víxlum með nokkurnveginn kjörum. En auðvitað kemur það lagaákvæði ekki í bága við það, að Íslandsbanki nái einhverjum enn betri samningum um endurgreiðslu á víxlum, ef hann getur náð þeim, en lagaákvæðið tryggir honum þetta sem lágmark. — Þetta hefir svo verið að smáaukast. Í stjfrv. er það komið upp í ⅗, svo að 1933 hefir Íslandsbanki rjett til að „rediskontera“ 5 milj. í stað 4 milj. eftir milliþinganefndarfrv. — En samkvæmt þessari till. á þskj. 490 á inndrátturinn ekki að þurfa að ljúkast fyrr en á 20 árum eða helmingi hægar. Þetta er auðvitað ekkert aðalatriði fyrir bankann og er kannske óþarft, þar sem hann gæti jafnvel komist að eins góðum kjörum án þessa ákvæðis. Jeg verð að halda því fram, að tillaga milliþinganefndarinnar hafi verið eðlilegust. Eftir lögunum frá 1921 á Íslandsbanki að draga inn 1 miljón kr. í seðlum á ári, þar til útgáfan er

2½ miljón, en úr því h. u. b. ½ miljón kr. á ári. Með tillögu nefndarinnar er þessu í raun rjettri frestað um helming og því haldið svo fram, þar til bæði seðlaútgáfa og víxlasala með sjerstökum kjörum er úr sögunni. En þó að þetta ruglist nokkuð eftir hinum tillögunum, má vel við þær una.

Klemens Jónsson: Við aðra umr. kom hjer fram till. um, að allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrá þeirra. Þessi tillaga var því miður samþykt þá, er nú ný grein, 52. gr. Jeg ætlaði þá að tala um þessa tillögu, en það fórst fyrir, af því jeg gat ekki verið viðstaddur alla umræðuna. En nú hefir aftur verið minst á þetta sjerstaklega atriði, og því vil jeg fara nokkrum orðum að því.

Ástæðurnar til þess, að svo mikið opinbert fje safnaðist saman í Íslandsbanka, að ýmsir þjóðræknir menn fóru að líta óhýru auga til þess, voru alveg sjerstakar, og þar sem jeg sennilega er einn af mjög fáum mönnum, sem er því máli kunnugur, þá þykir mjer hlýða, að skýra það mál með nokkrum orðum. Þegar Landsbankinn var kominn á stofn, setti landshöfðingi það opinbert fje, sem hann hafði ekki þörf á til útgjalda í bráðina, í Landsbankann, gegn mjög lágum vöxtum, þeir munu hafa verið 1%. Með þessu var Landsbankinn líka styrktur, og undi vel við þetta fyrirkomulag, og hjelst þetta fram yfir aldamót, og jafnvel nokkru eftir að Íslandsbanki var kominn á fót. En þá jukust mjög peningaviðskifti bæði innanlands og einkum við útlönd, svo að þar af leiddi, að póstávísanafjeð jókst að miklum mun, og fór að veita erfitt að fá póstávísanafjeð yfirfært gegnum bankana. Jeg, sem þá var landritari, átti þá fyrst tal um það við stjórn Landsbankans, og spurði, hvort hann vildi geyma ávísanafjeð og yfirfæra það eftir þörfum, en því var eindregið neitað, og það jafnvel þó bankinn þyrfti ekki að svara neinum vöxtum. Þá fór jeg til Íslandsbanka og gerði við hann samning um þetta. Bankinn geymdi fjeð gegn sæmilegri rentu og yfirfærði, þegar krafist var. Altaf fór póstávísanafjeð vaxandi, og varð þetta því með árunum þung kvöð á bankanum, svo hann iðraðist eftir að hafa gert samninginn. En hann stóð áfram og alt til ársbyrjunar 1917, er jeg ljet af embætti. Öll þessi viðskifti fóru vel, en jeg get ekkert munað með vissu, hvort Íslandsbanki líka áskildi þá, að fá peninga annara opinberra sjóða, en það er eðlilegt, að stjórnin gerði það, þar sem bankinn hafði reynst henni svo vel í yfirfærslu póstávísanafjár. — Hvernig sambandið milli stjórnarinnar og bankanna hefir verið síðan 1917, veit jeg ekki. Þau tvö árin, sem jeg þekki til síðan, árin 1922—24, hafði landsstjórnin enga handbæra peninga aflögu til að leggja í bankann.

Þetta eru ástæðurnar til, að Íslandsbanki hafði til geymslu og ávöxtunar mikið opinbert fje og þetta hefir vaxið þeim í augum, sem ekki þektu til, og því var svo ákveðið á Alþingi 1919, að alt opinbert fje skuli eftirleiðis geymast í Landsbankanum, en því ákvæði mun aldrei hafa verið fylgt út í æsar.

Ætti nú að hlýða þessum fyrirmælum, yrði að taka stórfje nú þegar út úr Íslandsbanka, upp að miljón, er mjer sagt. Þetta væri mjög hart aðgöngu fyr-

ir Íslandsbanka. Það á með þessu að straffa bankann fyrir það, að hann brást vel við tilmælum stjórnarinnar og tók á sig þunga kvöð, sem Landsbankinn ekki treysti sjer til. Og sennilega er talsvert mikið af þessu lánsfje frá þessum tímum, er samningur gilti.

Jón Baldvinsson: Í fyrra tók Alþingi bankamálin úr höndum stjórnarinnar og skipaði sjerstaka nefnd, sem skyldi rannsaka þau. Átti hún að ljúka störfum sínum fyrir þetta þing. Nefndin lauk störfum sínum og undirbjó frv. til laga um Landsbanka Íslands, sem nú er hjer til umræðu. Frv., sem stjórnin lagði fram í fyrra um þetta efni, var svo meingallað, að ekki gat komið til mála að gera það að lögum. Það var að því leyti gott, að þingið tók málið úr höndum stjórnarinnar og fól það þessari nefnd, sem nú er deilt um, hvort lokið hafði störfum sínum til fulls eða eigi. Jeg fylgi yfirleitt frv. nefndarinnar, því, sem hjer liggur fyrir. Það munu flestir hafa talið sjálfsagt, að þegar seðlaútgáfa fjell aftur til ríkisins, þá yrði hún fengin Landsbankanum í hendur. Margir töldu það misráðið, þegar Íslandsbanka voru veitt þessi mikilsverðu rjettindi eftir aldamótin. Landsbankinn var þá og hefir jafnan verið hálfgert olbogabarn þings og þjóðar, og þó hefir hann dafnað betur en Íslandsbanki. (**KlJ:** Jeg neita því eindregið). Álít jeg, að þetta liggi í fyrirkomulagi hans og mun koma að því síðar.

Hjer hefir mikið verið rætt um þróun í bankamálum, og hefir það verið deiluefni milli meiri og minni hl. nefndarinnar. Frsm. minni hl. hefir hvað eftir annað lýst því yfir, að meðferð Íslandsbanka á seðlaútgáfunni hefir reynst illa og að Íslandsbanki hafi keyrt sig fastan eins og hann orðaði það. Það er rjett, að fyrirkomulag bankans getur verið þess eðlis, að hættulegt sje að fela honum jafnmikilsverð störf sem seðlaútgáfuna. En jeg sje ekki, að fyrir því sje nein hætta að samþykkja þetta frv. og láta Landsbankann hafa seðlaútgáfuna. Það eru engin rök gegn því, þó Íslandsbanki hafi farið illa með þessi rjettindi sín, að Landsbankanum muni líka farnast illa með seðlaútgáfuna. Jeg lít svo á, og margir fleiri eru sömu skoðunar, að það liggi að miklu leyti í fyrirkomulagi bankans, að svo hefir farið. Þetta kemur ekki svo mjög fram fyr en ruglingur fer að komast á atvinnulífið vegna stríðsins. Fram undir stríð var ekki svo mikið athugavert við meðferð hans á seðlaútgáfunni. Þetta fer fyrst að breytast og gallar að koma í ljós, þegar sveiflur stríðsins og gróðalöngun manna fer að magnast. Það er einmitt þróun bankamálanna hjer, sem sýnir, að Landsbankanum er betur trúandi til að taka við seðlaútgáfunni.

Þegar menn upprunalega lögðu fje í Íslandsbanka, var það yfirleitt ekki gert í því skyni að „spekulera“ með það, heldur til að ávaxta það. Meiri hluti fjárins mun hafa verið lagður fram í því skyni. Alt gengur vel, þar til gróðalöngunin grípur menn á stríðsárunum. Þá fer alt í vitleysu. Þá komust menn upp á að láta hlutabrjefin margfaldast í verði. Alt var undir því komið, að gefnir væru sem hæstir vextir af hlutabrjefunum. Þetta varð þess valdandi, að Íslandsbanki „keyrði sig fastan“.

Íslandsbanki hefir aldrei þurft annað en rjetta út litla fingurinn til þess að fá allar sínar óskir uppfyltar hjá stjórn og þingi. Til sönnunar því eru þau um-

mæli hæstv. fjrh. (JÞ), sem hann nýlega hefir haft, að Íslandsbanki hafi aldrei komið með neina ósk til stjórnarinnar, sem hún hafi ekki uppfylt. Þessi banki hefir nú starfað hjer síðan um aldamót. Báðir bankarnir hafa orðið fyrir töpum, en þó hlutabankinn hafi oft riðað, hefir hinn ávalt notið fulls trausts. Sá bankinn, sem hafði á hendi seðlaútgáfuna, gat ekki int hlutverk sitt af hendi. Það hefir verið sagt, að Íslandsbanka hafi ekki verið beinlínis verið gert að skyldu að sjá um gjaldeyri landsins, en sú skylda felst í því, að hann hefir fengið einkarjett til þess að gefa út seðla, vera seðlabanki íslenska ríkisins. Minni hl. hefir það á móti því að láta Landsbankann fá seðlaútgáfuna, að hann verði þar með einvaldur í peningamálunum og geti orðið of sterkur. Jeg sje ekki betur en það, sem hv. minni hl. stingur upp á, sje samskonar einveldi. Hann ber hjer fram frv. um stofnun ríkisveðbanka Íslands. Hann stingur upp á því að afhenda seðlaútgáfuna í hendur ríkisstofnun, og mjer dettur ekki í hug, að hann hafi nema eina stofnun í huga. Þar yrði því ekki síður einveldi. Jeg held, að engum hafi dottið í hug að hafa seðlaútgáfuna nema í einum stað. Jeg hefi ekki heyrt stungið upp á, að löggilda svo og svo margar peningabúðir, sem gæfu út seðla í „frjálsri samkepni". Aðalástæðan hjá hv. minni hl. er víst sú, að Landsbankinn gæti komist í klípu eins og Íslandsbanki og neyðst til að gefa út ofmikið af seðlum, er hann láni í áhættufyrirtæki. Jeg geri nú ráð fyrir, að eftirlit verði með því haft, hve mikið bankinn gefur út af seðlum. Hann er líka þeim mun betur settur, að hann hefir ekki á eftir sjer gráðugan hóp af „aktionerum", sem heimta meiri og hærri vexti af hlutabrjefum sínum. Það dregur líka úr hættunni, að bankastjórarnir hafa ekki ágóðaþóknun, heldur fast kaup. Svo er það, að þjóðin sjálf á þennan banka og hann hefir staðið sig vel öll hin erfiðu ár. Í þessu sambandi dettur engum í hug að tala um þá menn, sem undanfarið hafa staðið fyrir Landsbankanum og Íslandsbanka. Það má búast við, að jafnan verði valdir menn af skárri endanum fyrir Landsbankann, og í fyrirkomulaginu sjálfu get jeg ekki sjeð að liggi meiri hætta. Það gæti alt að einu komið fyrir sjerstaka seðlastofnun, að hún leiddist til að láta úti of mikið af seðlum. Báðir hv. nefndarhlutar hafa mjög brugðið fyrir sig erlendum fræðikenningum og vitna ýmislega í nál. sínum í erlenda fræðimenn. Í nál. háttv. meiri hl. er vitnað mjög í ýmsa bankastjóra á Norðurlöndum, norska, sænska og finska, sem mál þetta hefir verið borið undir, og telur hv. meir hl. fjhn. sjer til inntekta það, sem þeir hafa sagt; en svo bregður því undarlega við, er hv. minni hl. vitnar líka til þessara sömu manna og notar orð þeirra sínu máli til sönnunar, og þetta stafar eflaust af því, að svör þessara erlendu bankamanna hafa verið meira eða minna loðin. Jeg efast t. d. ekki um, ef hv. þm. N.-Þ. (BSv), hæstv. forseti, hefði farið utan líka, til Finnlands, eða annara Norðurlanda og fundið þessa hv. bankafræðinga að máli, að þá hefði hann líka getað fengið hjá þeim einhver álíka loðin ummæli til að taka upp í sitt nál. Þeir hafa sem sje hvorki sagt já nje nei, þessir herrar, enda er það ofur eðlilegt; þeir þekkja ekkert til hjer og vilja því ekki segja neitt ákveðið, sem þeir þurfa að standa við síðar. Jeg

byggi því ekkert á þessum undirtektum í þetta mál erlendis og sje ekkert á móti því, að Landsbankinn taki við seðlaútgáfunni, eins og ávalt hefir verið alment óskað eftir, er mönnum skildist það, að Íslandsbanki yrði að láta seðlaútgáfurjettinn af hendi.

Báðir hv. nefndar hl. nota Cassel sínu máli til stuðnings; hann er þvældur og teygður eins og hrátt skinn og með hann farið svo, að heita má, að hann sje eins og einn þm. komst að orði, til allra hluta nauðsynlegur. Það er eins og sagt hefir verið: Cassel hér og Cassel þar og Cassel alstaðar.

Þá vil jeg víkja að einu atriði í frv., sem jeg tel sjerstaklega athugunarvert, en það er stofnfje bankans, sem jeg tel að sje raunverulega áætlað olt of lágt, 3 milj. króna. Jeg hefði helst kosið, að það hefði ekki átt að vera minna en 5 milj. og hefði gjarnan mátt vera meira. Eins var þess ekki þörf, að alt það fje kæmi til á einu ári, það hefði vel mátt auka það smátt og smátt. Nú er sá uppi hjer, að hjer vanti tilfinnanlega fjármagn inn í landið, og var þá gripið til þess að veita sjerrjettindi til stofnunar nýs einkabanka. Þessa taldi jeg ekki þörf, en ef þörf er á fje, væri eðlilegra að efla okkar eigin banka, Landsbankann. Það var hrein vitleysa að efla ekki Landsbankann í stað þess að leyfa stofnun Íslandsbanka eftir aldamótin. Mjer er sagt, að sú bankastjórn, er þá stýrði Landsbankanum, hafi staðið á móti því, að auka fjármagn hans. En Alþingi hefði þá átt að taka fram fyrir hendurnar á bankastjórninni og krefjast þess, að aukning veltufjár í landinu ætti að koma í gegnum Landsbankann, en í þess stað var erlendum banka veitt mikilsverð rjettindi, undanþeginn sköttum og skyldum, eins og venja er til, að erlendar stofnanir krefjist sjer til handa hjer á landi, og þeim venjulega komið upp á það.

Jeg hefði haldið, að auðvelt hefði verið að ná þessum tilgangi, aukning veltufjár í landinu, með því að efla Landsbankann í stað þess að stofna Íslandsbanka, enda hefir Íslandsbanki orðið ríkinu hinn mesti þyngsla baggi hin síðari ár. Jeg tel því langbest að efla nú Landsbankann svo um munar, í stað þess að stofna nýjan banka. Það þarf ekki svo mikið nýtt fje til þess, því bæði er innskotsfje ríkissjóðs komið í bankann, og svo hefi jeg heyrt, að Landsbankinn eigi að fá eitthvað af enska láninu sem stofnfje. Þessvegna vil jeg ekki láta stiga slíkt víxlspor aftur og stigið var, er Íslandsbanki var stofnaður, og því vil jeg láta efla Landsbankann. Síst af öllu tel jeg tiltækilegt að veita nýjum erlendum banka viðtæk sjerrjettindi, því þar gætum við vænst þess sama eftirleiðis og við höfum orðið fyrir af Íslandsbanka.

Frv. það, sem stjórnin nú ber fram, er nokkuð breytt frá frv. því, sem hjer var á ferðinni á þinginu í fyrra, og eru þær breytingar til hins betra, sem að mestu leyti er milliþinganefndinni í bankamálum að þakka. En leitt er það, hversu hæstv. stjórn leggur litla rækt við annað eins stórmál og þetta.

Það gengur eitthvað erfiðlega hjá hæstv. stjórn að leiða þingið til að afgreiða nauðsynleg mál, sem ekki mega dragast. Jeg lít svo á, að Landsbankafrv. sje eitt af þeim. En jeg sje ekkert mót á því, að hægt sje að afgreiða það á þessu þingi. Það hlýtur að verða að ræða mikið um fyrirkomulag bankans, það skil jeg vel. En mjer finst hæstv.

stjórn hafa sýnt svo mikið tómlæti í því, hvernig hún hefir starfað að framgangi þessara stórmála á þingi yfirleitt. (**Atvrh. MG:** Hvaða mála?). Svo að jeg víki að einu stóru máli, þá er það járnbrautarmálið, sem jeg veit, að hæstv. stjórn stendur að. Jeg álít, að hæstv. stjórn hefði átt að leggja meira kapp á að koma því fram, fyrst það er hálft í hvoru stjórnarfrv. Mjer hefir skilist á hæstv. forseta, að afgreiðsla fjárlaganna í dag þýði það, að ráðherrar ætlist til, að þinginu verði lokið innan fárra daga. Sama hefi jeg skilið, að hv. þm. ætlist til. En með því,hvað þetta mál, bankamálið, er stutt á veg komið, er sýnilegt, að það getur ekki gengið fram. Það bráðabirgðafyrirkomulag, sem nú er á svo mikilvægu máli og seðlaútgáfunni, er algerlega óverjandi, og má alls ekki dragast eitt ár enn að koma því í fast horf og til frambúðar. Það hefði verið auðgert fyrir hæstv. stjórn að láta fjhn. flytja málið í Nd. fyrir sig, til þess að hraða því í gegn. En með því að hæstv. stjórn flutti það sjálf, þá tafðist það að minsta kosti um hálfan mánuð, við það að sigla og leggjast fyrir konung. Og það er sá tími, sem gerir það að verkum, að málið getur ekki gengið fram. Jeg verð því að láta í ljósi mína megnustu óánægju, hvað hæstv. stjórn virðist vera óstyrk að koma fram málum, jafnvel þótt hún hafi í orði kveðnu sterkan flokk til stuðnings í þinginu. Hún virðist hafa góðan helming þingmanna í sínum flokk, en samt ekki hafa þrótt til að koma svona óhjákvæmilegum málum fram. Ef stjórnir ætla sjer að koma einhverjum málum fram, þá verða þær ef til vill að leggja eitthvað í sölurnar. Og þær verða að segja við sína flokksmenn: þessu nauðsynjamáli verðum við að koma áleiðis, og þið verðið að styðja okkur. Við erum ekki til þess að láta málin flækjast fyrir þinginu. En hvað skyldi þessi hæstv. stjórn hafa gert í þessa átt? Hún hefir látið þetta mál dragast svo lengi, að það er algerlega óforsvaranlegt.

Þetta vildi jeg láta verða mín síðustu orð í þetta skifti, að beina því til hæstv. stjórnar, að það er hennar skuld, að þetta mál getur ekki gengið fram á þessu þingi. En jeg álít það geti haft svo margvísleg og ill áhrif, ef ekki verður skipað þessum málum, og það á þann hátt, er frv. fer fram á.

Benedikt Sveinsson: Jeg var nokkuð viðriðinn þetta mál við 1. umr., en hefi ekki síðan tekið til máls, og þykir mjer hlýða að leggja nokkuð til málanna, áður en frv. er afgreitt hjeðan úr hv. deild. Jeg verð að telja það í raun og veru mál málanna, sem liggja nú fyrir Alþingi, — að koma bankastarfseminni fyrir á sem bestan og hagkvæmastan hátt fyrir þjóðina; því að það er grundvöllurinn undir velgengni þjóðarinnar, að peningamálum hennar sje skipað þann veg, sem best gegnir. Þar er undirstaða alls atvinnurekstrar og hagsældar í landinu. Það er því ekki hægt að taka þetta mál eins og ýms önnur, — með afbrigðum og næturumræðum, og afgreiða það svo í flýti og flaustri. Jeg vonast til, að hv. þm. ætlist ekki til þess.

Þetta mál hefir legið fyrir hverju þinginu á fætur öðru; nefndir hafa fjallað um málið, og þó virðast skoðanir manna vera mjög skiftar enn. Þrátt fyrir það, þótt fengist hefði ærið gildur meiri hl. í milliþinganefndinni, sem sett

var í málið í fyrra, þá var svo komið um það bil, sem 1. umr. fór fram hjer í deildinni, að nálega hver einasti maður utan þings, sem eitthvað hafði kynt sjer nál. nefndarhlutanna, fylgdi minni hl., en ekki meiri hl. Hefi jeg alls ekki orðið var við, að slíkt hafi breytst síðan. Einn mann þekki jeg reyndar, sem er svo mikill íhaldsmaður, að hann fylgir þessu máli algerlega á sama hátt og hv. meiri hl. Skoðun sama manns í gengismálinu var og nokkuð einhliða; hann sá, að það var að vísu ágætt fyrir sjálfan hann að fá 80 aura og helst krónu fyrir þá 50 aura, sem hann hafði lagt í sparisjóðsbókina sína, og þá var einsætt að fylgja gengishækkun. — Að öðru leyti hefi jeg ekki orðið var við, að þessar meiri hl. till. um seðlamálið hefðu fylgi utan þings.

Annars er eftirtektarvert þetta ofurkapp hv. meiri hl., að berja þetta mál í gegn, áður en þjóðin getur lagt sinn dóm á það. Auðvitað veit jeg, að þessum góðu mönnum, sem á þingi sitja, dettur ekki í hug að fylgja slíkum málstað í svo stórmiklu máli á móti betri vitund. En þeir bíta sig svo fasta í sínar skoðanir, að þeir geta með engu móti af þeim látið. Það er ekki af neinum illvilja gert, þó að reynslan hinsvegar sýni, að þeir eru ekki „komnir á þing til að láta sannfærast“ í þessu máli.

Jeg hefi ekki samið nein skrifleg gögn til þess að flytja hjer fram, hefi hjer aðeins fyrir mjer álit meiri hl. nefndar þeirrar, er fjallaði um málið hjer í deildinni. Það er á þskj. 358. Þar er í raun og veru alt það að finna, sem þeir munu hafa til brunns að bera, sem stjórnarfrumvarpinu eru fylgjandi. Það er þeirra trúarjátning, vel fram sett, sem von er af mikilhæfum og þaulvönum mönnum; býst jeg við, að ekki verði miklum röksemdum bætt þið það, sem þeir hafa upp látið um sína skoðun á þessu máli.

Meiri hl. nefndarinnar eru 4 menn, en minni hl. eru 3; svo það gat eiginlega ekki verið minni mismunur á þeim „hlutum“, sem nefndin skiftist í.

Meiri hl. tekur fyrst til athugunar, hvað ber á milli í frv., sem meiri hl. milliþinganefndar, hjelt fram og þess frv,. sem hæstv. stjórn bar fram og nú er hjer til umræðu. Eru þar fyrst talin til ákvæðin í 13. gr., að milliþinganefndin gerði ráð fyrir 3 deildum, sparisjóðsdeild, veðdeild og seðladeild. Var gert allmikið úr þeirri sundurgreining. En nú er látið svo, sem í stjfrv. sje gengið feti framar í þessu efni, því að fjárhagur deildanna sje aðskilinn með öllu og sjerstakur fyrir hverja deild; á þetta hefir meiri hl. fallist. Jeg þóttist sýna fram á það við 1. umr., að þessar deildir væru aðgreindar eingöngu á pappírnum, en ekki svo mjög í framkvæmdinni, að neinu máli skifti. Allar deildirnar lúta sömu stjórn eftir sem áður. Mjer finst, að hjer sje um nokkurskonar sjónhverfing að ræða, þegar mönnum er sagt, að bankanum sje skift þannig í deildir og það sje nær því það sama, sem seðlaútgáfan sje sjerstakur banki, með þessum hætti. En það er einber fjarstæða. Þetta er ekkert annað en verkaskifting milli starfsmanna bankans. Það sýnist varla hægt að komast hjá því, að veðdeildin hafi aðra bankafærslu og aðrar bækur heldur en útlánadeild bankans. Og þá mun væntanlega engum hafa dottið í hug, að seðladeildinni væri hrært saman við það, sem veðdeildinni við kæmi. En þegar alt stendur undir sömu yfirstjórn, þá verð-

ur þetta alt saman ekki annað en það, sem leiðir af því greiningar-skipulagi, sem hlýtur að eiga sjer stað hjá hverri stofnun, sem hefir margvísleg störf á hendi. Þessa greining vil jeg kalla „þróun í bókfærslu“ og annað ekki. — Í gamla daga skrifuðu góðir búmenn búreikninga sína — ýmislegt, viðvíkjandi hjúahaldi og fjármálum og skepnuhöldum, með krít, alt á sama bitann í baðstofunni. Nú eru þeir hættir því, og skrifa í bækur í staðinn fyrir bita, og það fleiri en eina. Í bankanum hefir einnig orðið framþróun í bókfærslu. En þessi framþróun á ekkert skylt við það að greina sundur seðlaútgáfuna frá þeirri stofnun, sem fer með sparisjóðsútlánin.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir í frv. milliþinganefndarinnar að hafa gulltrygginguna ekki myntaða, heldur í stöngum. Þetta var talinn allmikill kostur við 1. umr., að gullið væri óaðgengilegt fyrir þá, sem vildu fá innleysta seðla sína. Hæstv. fjrh. (JÞ) kom þar vitinu fyrir meiri hl., að það mundi heppilegra og almenningur mundi trúa betur á innlausnina, ef gullið væri myntað og búið til innlausnar, ef heimtað væri. Er sú breyting til bóta. Þetta snjallræði um gullið hafa menn fengið úr einhverjum fræðiritum. En þá er fyrir það girt í framkvæmdinni, að menn geti fengið seðlunum skift fyrir gull. Hafi bankinn hinsvegar talsvert af smáu gulli, þá væri auðvitað gott að hafa þetta stóra gull í bakhönd að auki.

Þá talar nál. á þskj. 358 um 3. atriðið í frv. milliþinganefndarinnar, sem er ákvæðið í 5. gr., um að stofnfje bankans sje 3 milj., sem er sama sem að ríkissjóður ábyrgist hann algerlega. Þetta varð ekki ágreiningslaust innan meiri hl. milliþinganefndarinnar. Hefir nefndin fallist á till. stjórnarinnar um að fella niður þessa ábyrgð ríkissjóðs.

Þá er þess getið í athugasemdum við stjfrv., að viss ákvæði um stofnfje og varasjóð þurfi líklega nánari athugunar. Það er svo um þetta atriði, að gott er að athuga það sem best. Og jeg veit, að í því frv., sem jeg ber fram, muni einnig þurfa nánari athugunar um þetta. Þó að jeg telji mitt frv. traustari grundvöll og miklu heppilegra en hitt, er ekki þar með sagt, að ekki sje til bóta, að glöggir menn athugi það.

Mjer þykir dálítið kynleg athugasemdin, sem þessu fylgir frá þessum fjögurra manna meiri hl. Þar segir: „Út af því vill meiri hl. taka það fram, og hefir fyrir sjer einnig ummæli tveggja manna úr milliþinganefndinni, að ætlast er til, að bankinn hafi þetta stofnfje í raun og veru óskert í upphafi.“

Jeg spurði mig fyrir um, hverjir þessir tveir menn væru, sem þeir fjórir hafa sjerstaklega leitað trausts hjá, og mjer er sagt, að þessir tveir menn úr milliþinganefndinni sjeu þeir sömu, sem sitja síðar í fjhn. og hafa undirskrifað nál. Það eru hæg heimtökin, og gott, þegar þeir geta vitnað í sjálfa sig sem „autoritet“ til þess að styðja sinn eigin málstað. Það sýnir sig þá, þegar þessir 2 menn, sem hafa bundna skoðun áður en þeir koma í nefndina, að þeir hafa orðið í minni hl. meðal annara nefndarmanna, því að þeir hafa ekki fengið með sjer nema tvo menn. Hinir eru þó þrír, svo að í raun og veru er það sá sanni og rjetti minni hl. — sem kallar sig nefndina — þegar búið er að draga frá þessi tvö „autoritet“, sem hjer er vitnað til. — Annars minnir þetta mig

á dálitla sögu. Það var einu sinni Englendingur hjá Indiána nokkrum í Ameríku. Indiáninn ljet hann hafa kjöt á hverjum degi ýmislega tilreitt. Englendingurinn spyr þá, hversvegna hann geti altaf borið á borð nýtt kjöt á degi hverjum, hvort hann skjóti dýr í skóginum daglega. Þá svarar Indiáninn: O nei! Þetta er alt af sama hundinum!

Eins og 5. töluliður í nál. þessa svo kallaða meiri hl. ber með sjer, hefir hann sannfærst um, að ekki væri ástæðulaust að ætla, að ef svo og svo mikið fje væri dregið út úr veltu Landsbankans, gæti það valdið truflun á viðskiftalífinu; hefir hann því fallist á það — skilst mjer — að það væri hægt að afstýra því betur en milliþinganefndin hefir gert ráð fyrir í sínu frv., með þeim ráðstöfunum, sem stjórnin flytur fram.

Svo fer nefndin að tala um söguleg rök og þróun bankamálanna hjer á landi, og að sjálfsagt eðli málsins hnigi mjög eindregið að því, að Landsbankinn hefði þetta hlutverk. Fyrstu rökin eru það, að hann er elsti bankinn hjer á landi, sem ríkið hefir jafnan átt og rekið, og um 20 ár hefir hann haft einn seðlaútgáfuna hjer á landi og jafnan haldið þeim seðlaútgáfurjetti. Það er rjett, að þau ár, sem hann var e i n i bankinn hjer á landi, hafði hann einn seðlaútgáfurjettinn. En mjer er það torskilið, hvernig þetta gat verið öðruvísi en að sú e i n a peningastofnun, sem til var, hefði seðlaútgáfurjettinn. Þessi röksemd er því veigalaus með öllu. (**Einhver:** Þurfti hann endilega að hafa seðlaútgáfuna?). Enginn a n n a r banki g a t haft hana meðan Landsbankinn var einn. Seðlaútgáfan var ekki meiri í fyrstu en ½ miljón, en jókst svo upp í 750 þús. Til þess að gefa þetta smáræði út, þurfti vitanlega enga sjerstaka seðlastofnun við hlið Landsbankans. Þessi seðlaútgáfa var algerlega takmörkuð við þá ákveðnu fjárhæð, sem landssjóður veitti bankanum. Er því ómögulegt að kalla, að Landsbankinn hafi þá haft neinn seðlaútgáfurjett í raun og veru, þar sem hjer var einskorðuð upphæð, sem landssjóður stóð á bak við. Enda stóðu bankamálin þá alveg í föstum skorðum, þangað til nauðsyn krafðist, að eitthvað yrði gert til þess, að þjóðinni yrði ekki alt of þröngur stakkur skorinn.

Það má vera rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að alveg eins gott hefði verið að láta Landsbanka Íslands eflast og aukast, án þess að fara að stofna neinn nýjan hlutabanka. En eins og jeg tók fram, mun hvorki landsstjórnin nje bankastjórnin hafa fundið ástæðu til þess sjálfar, að efla Landsbankann á þeim tímum, eins og þurfti. En jeg skal kalla það þróun í bankamálum, þegar gerð er gangskör að því að fá annaðhvort stærri banka eða nýjan banka. Þegar Landsbankinn fór að reynast of getulítill til að veita lán, þegar átti að fara að efla meiri háttar framtak í landinu, þá var Íslandsbanki stofnaður. Mjer er nokkuð kunnugt um stofnun hans. Það var ungur, framtakssamur maður af Vestfjörðum, sem vildi hefjast handa til þess að kaupa botnvörpuskip. Fór hann á fund bankastjórnar Landsbankans hjer í Reykjavík. Hann hafði ágæt fasteignaveð, en fjekk samt þvert nei. En af því að maðurinn var kjarkmenni og atkvæðamaður í fjárhagsmálum, var hann ekki alveg af baki dottinn við þessa hindrun. Hann fór til útlanda og kom sínu máli fram um síðir. Hann var frumhvata-

maður að því með dugnaði sínum og áhuga, að Íslandsbanki var stofnaður. Þessi maður var Páll Torfason af Flateyri. En þótt hann væri upphafsmaður þessa máls og legði föðurleifð sína að miklu leyti til þessarar stofnunar, þá fóru þannig leikar að vísu, að honum var bolað út síðar meir og hlaut aldrei verðug laun verka sinna og dugnaðar. Það má geta þess — þó það komi ekki bankamálum við — að þetta starf hans er ekki einsdæmi um framtak hans fyrir þjóð sína, því að hann hefir unnið margt fyrir Ísland fleira, sem ekki var launað sem verðugt var. Til dæmis var hann aðalmaðurinn í að fá hið svokallaða enska lán fyrir stjórnina, og jeg er ekki viss um, að það hafi verið goldið honum svo vel sem skyldi eða samningar stóðu til. Þó ekki liggi fyrir að ræða þetta nú, þá fanst mjer þó ekki úr vegi að minnast þessa manns í sambandi við bankamálin, sem hefir átt svo mikilvægan þátt í peningamálum landsins.

Þá er það næsti þáttur um „þróun" seðlaútgáfunnar, að Íslandsbanki fjekk hana í hendur, þegar hann var stofnaður. Landsbankinn hjelt sinni föstu seðlafúlgu áfram. — Nú vita allir, hvernig farið hefir um seðlaútgáfu Íslandsbanka. Hefir hún ekki orðið bankanum nokkurskonar „Andvaranautur", einmitt af því, að hann rak jafnframt alla almenna bankastarfsemi, fór með mikið innlánsfje o. s. frv.? Þetta er deginum ljósara og staðfestir fullkomlega erlendu reynsluna.

Landsbankinn hefir aftur enga seðlaútgáfu haft, nema sína lágu fúlgu, sem ekki kemur þessu máli við, og hefir þó á sama tíma, sem Íslandsbanki hafði sinn ótakmarkaða seðlaútgáfurjett, „vaxið og dafnað ár frá ári og er nú orðin sterkasta peningastofnunin í landinu," — svo að jeg hafi nefndarinnar eigin orð. — Hvortveggju þessi dæmi ættu að sýna, hvert keppikefli almennum viðskiftabönkum er að hafa seðlaútgáfuna.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að seðlaútgáfan veitir þeim samkepnisbankanum, sem með hana fer, að sumu leyti miklu betri aðstöðu í viðskiftunum þeirra á milli, þótt vandfarið sje með. Og þessi rjettindi Íslandsbanka ollu því í upphafi og lengi síðan, að mörgum þjóðlegum mönnum þótti hlutur Landsbankans mjög fyrir borð borinn. Meðal þeirra manna, er þessa skoðun höfðu, og voru vinir Landsbankans, var talið sjálfsagt, að hann tæki við seðlaútgáfunni, þegar rjettur Íslandsbanka væri útrunninn. — En þess verða menn vel að gæta, að engir höfðu þá athugað agnúa þá, sem verið gætu á seðlaútgáfunni fyrir slíka banka, sem þá tvo, sem hjer er um að ræða. Málið var metnaðarmál, en skilyrði fyrir heppilegustu framkvæmd seðlaútgáfu voru aldrei rækilega rædd nje rannsökuð, enda lá það ekki við borð fyr en 1921, að fyrir lægi breyting á henni fyrst um sinn. Hjer var eigi um neina rökstudda rannsókn nje niðurstöðu að ræða um skipun seðlaútgáfunnar. Staðhæfingar nefndarinnar um það eru alveg rangar.

Þetta kom einnig mjög berlega í ljós, þegar losnaði um seðlaútgáfuna með samningum við Íslandsbanka 1921. — Þá fyrst kom það í ljós, að seðlamálið var eigi svo ljett í vöfum, sem alment var ætlað. Landsbankinn var þá ekki búinn þess, að taka við seðlaútgáfunni, og þótt Alþingi hafi fjallað um málið á hverju ári síðan, þá er því eigi enn til

lykta ráðið og hefir orðið að setja lög til bráðabirgða þing af þingi, ár frá ári, til þess að skipa seðlaútgáfunni í bili.

Þessi óhrekjandi saga málsins sýnir best, hversu örðugt hefir orðið að framkvæma það, er fyrir mönnum hefir „vakað" áður. Þessi síðustu ár hefir mönnum orðið það ljósara, hve vandasamt það var og viðsjárvert, að landssjóður tæki seðlaútgáfuna. Þaðan stafar dráttur málsins.

Málið hefir mest verið rætt í Ed. og verið og athugað miklu vandlegar en áður. Menn hafa tekið að kynna sjer helstu vísindarit erlendra þjóða um þetta efni, og við þá rannsókn koma ný sannindi fram um reynslu og kenningar annara þjóða. — Það er því einungis fyrir nýjar rannsóknir, knúðar fram af nauðsyn, að fyrst á þinginu 1924 kemur fram ný tillaga um seðlamálið, skipun sjerstakrar seðlastofnunar. Fyrr hafði málið ekki verið brotið rækilega til mergjar.

Hjer kemur einmitt fram ný „þróun", en ekkert skoðanahringl, því að þessi nýja tillaga fer ekki í bága við það, að „stofnun landsins" fari með seðlaútgáfuna, heldur er hjer einmitt reist sjerstök „stofnun landsins", alveg eins þjóðleg og hver önnur og í samræmi við þesskonar stofnanir í öðrum mentuðum löndum, rekin samkvæmt nútímakröfum um seðlabanka. Það er sjónhverfing ein, að þessi stofnun sje nokkuð óþjóðlegri en Landsbankinn. Hún er alþjóðleg, íslensk stofnun, sniðin eftir nútíðarhag þjóðarinnar.

Það þýðir ekkert að tala um þjóðlega stefnu í bankamálum hjer á landi að undanförnu, þar sem alt hefir jafnan gengið á trjefótum í þeim efnum. Þó að Íslendingar sjeu fræðimenn allmiklir og vel að sjer gerir um margt, hafa þeir aldrei verið sjerfræðingar í bankamálum.

Já á fer nefndin að telja fram rök þau, er talin hafi verið gegn því, að Landsbankinn fari með seðlaútgáfu. Telur hún þar fyrst til, að erlend reynsla sýni, að seðlabanki eigi aðallega eða eingöngu að vera „banki bankanna". Telur hún það satt, að „söguleg þróun" hafi valdið þessu erlendis.

„En hjer á landi er ekki þeirri sögulegu þróun til að dreifa" — segir meiri hl. — Það er örðugt að skilja, við hvað hann á með þessu. Satt er það, að seðlaútgáfan er ekki komin í jafn-fullkomið lag sem erlendis. Það er þessi „þróun", sem hjer vantar í framkvæmd, en minni hl. vill sem allra fyrst koma fram. Gamla, úrelta, fyrirkomulagið hefir ekki reynst hjer betur en annarsstaðar. Þessvegna er engin einka-ástæða fundin fyrir Ísland til þess að halda í eða elta úrelt skipulag í seðlamálinu.

Nefndin segir sjerstakan seðlabanka hjer „nýja stofnun og óreynda, hreina tilraun." Jú, jú. Ný hlýtur stofnunin að vera í upphafi; og er þar víst ekkert frábrugðin öðrum stofnunum, sem komið er á fót. Það er ekki hægt að reisa að upphafi „gamla stofnun". Þetta er rjett. En fyrirkomulagið er ekki „óreynt" í öðrum löndum, heldur einmitt fram komið þar, er mönnum hafði reynst það fyrirkomulag óhæft, sem meiri hl. heldur nú fastast við. „Hrein tilraun" er það ekki, að fara að hagkvæmri reynslu annara; hitt óþarfa tilraun og undarleg, að fara því enn fram, er hvarvetna hefir illa gefist, á Íslandi sem annarsstaðar.

Þá víkur nefndin að því, að hjer vanti seðlabankann „efnivið", jafnvel

þótt hann væri sniðinn eftir erlendum siðum. Þar sjeu seðlabankarnir meðal öflugustu bankanna. Hjer sjeu ólík skilyrði fyrir hendi o. s. frv. — En hjer ber enn að sama brunni um röksemdirnar. Aðstaða seðlabankans mundi verða áþekk gagnvart hinum bönkunum, því sem gerist erlendis, hlutfallslega. Seðlabankinn mundi ekki verða kúgaður af hinum bönkunum, því að þeir eiga einmitt undir högg að sækja til hans, og þótt íslenskur seðlabanki jafnist vitanlega ekki að auð og afli við slíka banka í ríkari löndum, þá er alveg hið sama að segja um aðra ríka banka þar móts við „dvergbankana“ hjer á landi. Hlutfallið mundi verða nokkuð áþekt.

Það er lafhægt að gera lítið úr seðlabankanum meðan hann er ekki stofnaður, segja, að hann vanti fje og áhrif o. s. frv., en þetta er þó alt órökstutt. Ef bankinn fær álíka mikið stofnfje, sem Landsbankanum er ætlað til seðlaútgáfunnar, þá eru þessar mótbárur falinar um koll. — En auðvitað er hitt, að nýr banki er fátækari fyrst í stað en gamall banki, ef hann hefir þá lifað á einhverju öðru en því, að vera „altaf að tapa“.

Nefndin telur það öfgar, að hjer á landi sjeu atvinnugreinar svo stopular, að grundvöll vanti fyrir bein viðskifti seðlabanka við atvinnurekendur, og ef svo væri, mætti leggja árar í bát og gefast upp. — En fyr má rota en dauðrota. Því að þótt varla sje hjer teljandi svo öruggar stofnanir, sem seðlabankar eiga bein skifti við erlendis, þá er ekki þar með sagt, að allir atvinnuvegir sjeu óhæfir yfir höfuð. — Er ekki megnið af erlendum atvinnurekstri á þá leið, að seðlabankar láni alls ekki fje sitt beint til þeirra? Og þó eru þeir reknir og studdir af öðrum bönkum engu að síður. Kemur þó engum í hug að halda því fram, að seðlabankar sjeu slíkum atvinnurekstri gagnslausir, þar sem þeir styðja einmitt almennu bankana.

Þá mintist nefndin á ótta manna við einveldi og ofríki í fjármálum, ef almenn viðskiftastofnun fari einnig með seðlaútgáfurjettinn. Satt er það, að margir óttast þetta og er það alls eigi af ótta við sjerstaka menn eða sjerstaka stjórn, heldur við það s k i p u l a g, sem hlýtur að hafa einræði í för með sjer.

Veit jeg það að vísu, að ýmsir telja þetta einmitt höfuðkost, að fá einveldi og einræði í fjármálum. Vil jeg þar fyrst til nefna „stjórnlyndu“ mennina, og er þessi skoðun alveg eðlileg frá þeirra sjónarmiði. Mig undrar því síst, heldur tel það allskostar eðlilegt, er hv. 2. þm. Reykv. (JBald) gerist andvígur minni hl. og fylgir frv. stjórnarinnar. Það er alveg í samræmi við stefnu hans, að fjármálin lúti öll einum vilja. Hann er því rjettmætur fylgismaður stjfrv. En torskildara er hitt, hve þetta „stjórnlyndi“ hefir gripið um sig meðal ýmissa annara manna innan þingsins.

Nefndin vill þó ekki telja einveldið kost og reynir að draga fjöður yfir hættu, er af því standi. Segir hún, að hægt sje að losna við „hlutdræga bankastjóra“ o. s. frv. En það er einmitt löggjöfin, sem býr bankastjórninni svo í hendur, að torstýrt er hjá skerjum einveldis og hlutdrægni, hver sem við stýrið situr.

Það er mikill munur á, hvort sjerstakur seðlabanki á hlut að máli, sem sjálfur stendur utan við dagleg viðskifti og er óháður atvinnurekendum og stofnunum, er skifta við bankana, og

hefir enga sjerstaka hagsmuni að misjafna með þeim, heldur halda atvinnumálum landsins yfir höfuð á rjettum kili — eða einum samkepnisbankanum, sem rígbundinn er af fortíð sinni við ýmsar stofnanir, sem hann verður, meðfram sín vegna, að halda lífinu í. Hann hlýtur þá, sjálfrátt og ósjálfrátt, að draga taum þeirra stofnana, sem hann á fje undir, stundum á þann hátt, sem þjóðinni, eða einstökum stofnunum og atvinnuvegum getur verið óhollara, einungis af þeirri ríku hvöt, sem hann hefir til þess að sjá sínum viðskiftavinum og þar með sínum eigin hagsmunum sem best borgið. Til þess beitir hann þá þeim vopnum, sem hann hefir, og verður því seðlaútgáfan mjög öflugt vopn í höndum hans. Slíkur banki getur sagt við annan banka, er leita þarf til hans seðlaláns gegn trygging í víxlum, að þessa og þessa víxla taki hann alls ekki sem tryggingu og jafnvel neitað um seðla, nema hinn hafni framvegis viðskiftum við þessa menn og stofnanir, eða að minsta kosti dragi saman seglin við þá. Og þetta getur eingöngu stafað af fyrnefndum hagsmuna ástæðum.

Fyrir alt þetta er girt með sjerstökum seðlabanka, og er þetta atriði mjög þungt á metunum. Mun það hafa valdið einna mestu um það, hve allur almenningur hjer um slóðir hefir gersamlega snúið baki við till. meiri hl.

Bankastjórn, sem á annan veg er bundin í báða skó af fyrri viðskiftum sínum og árlegum stuðningi við sjerstakar stofnanir og menn — en á hinn bóginn á að hnitmiða vogarskálir rjettlætisins og skifta rjett milli sín og keppinautarins, er sett í þann vanda, sem fáir mundu leysa. Mundi þar koma fram hið fornkveðna, að ilt er tveimur herrum að þjóna. Banki, sem hefir stórfje í veltunni fyrir almenning og sjálfan sig, verður fyrst og fremst að sjá sínum hag og þeirra borgið. Athygli hans hlýtur mest að verða bundin við hin daglegu viðskifti og störf, sem honum sjálfum koma beint við. Seðlaútgáfan hlýtur að verða aukastarfsemi. Sjerstök stofnun hefir alt aðra aðstöðu til þess að ná rjettu yfirliti um hag einstaklinga og stofnana, við hvern banka sem þeir skifta og haga seðlastarfseminni með langtum meiri víðsýni, sanngirni og rjettlæti.

Það eru lagafyrirmælin í stjfrv., sem ójöfnuðinum koma af stað, ef þau ná fram að ganga. — Jeg benti áðan á, hversu viðsjárvert þetta væri fyrir keppinauta, sem skifta sinn við hvern banka og skal bæta því við, að slíkum keppinautum, hvort sem eru kaupmenn, kaupfjelög, verksmiðjur eða önnur fyrirtæki, mundi eigi ávalt vera geðfelt, að víxlum þeirra væri „flaggað“ sem endurtryggingarvíxlum frammi fyrir stofnun, sem styddi og styrkti keppinauta þeirra.

Nefndin drepur aftur á það, að seðlabankinn eigi að vera sterkur, og telur það kosti, sem Landsbankinn hafi. Jú, það er alveg rjett, að seðlabanki á að vera sterkur, en hann á ekki að keppa við aðra banka og koma þeim í hel. Hann verður og nógu sterkur, þótt hann sje eingöngu seðlabanki. Þetta ber og með sjer þroskun bankanna í útlöndum.

Þá kemur 4. atriðið, og er þar talað um, að veltufje mundi skifta um starfsvið, en ekki í sjálfu sjer minka, þótt bankinn festi allmikið fje sitt í verðbrjefum. Árlegt veltufje hlýtur þó að minka við þessa breyting. Og bankarn-

ir hafa nú þegar of lítið veltufje, en allir telja æskilegast, að þeir hefðu það nóg, svo að úr þessum bresti er síst bætt með þessu fyrirkomulagi.

Það á nú að friða menn með því, að hjer á þinginu sje frv. um nýjan einkabanka, sem bæti nokkuð úr fjeskortinum. Saki því minna, þótt Landsbankinn dragi eitthvert fje úr veltu. — Milliþinganefndin taldist fylgjandi stofnun nýrra einkabanka, og var jeg þar sömu skoðunar. — En jeg tel þetta frv. um nýjan banka eigi svo mikils virði, að það bætti úr þeim vandræðum, sem nú eru og til er stefnt með minkandi veltufje Landsbankans, enda óvíst, að nýi bankinn komi fyrst um sinn, því að sjálf hæstv. stjórn telur jafnvel á því tormerki.

Þá snýr nefndin sjer enn að því, að telja fram þau rök, er beint mæli með því, að Landsbankinn fái seðlaútgáfurjettinn. Fyrst er talað um þessa „eðlilegu þróun“ og „sögulegu rök“ og þarf ekki frekari skýringa, hver heilaspuni það er.

Þvínæst er talin sú aðalástæða, að bankinn þurfi að vera sterkur. Jú, um það eru allir sammála. En eigi hann að verða sterkur, þarf ríkissjóður að hlaupa undir bagga, og gildir þá einu, að því leyti, hvor leiðin er farin, því að það kemur í sama stað niður.

Það er talað um, að ef alvarlega kreppu bæri að höndum, yrði svo erfið aðstaða seðlabanka, að fyrirtæki mundu hrynja unnvörpum. Þetta er ekkert annað en slagorð út í loftið. Stórkostleg hrun hafa allra helst komið fyrir í útlöndum, þar sem fylgt hefir verið hinu gamla og úrelta fyrirkomulagi. — Hlutverk seðlabankans er einatt að vera banki bankanna, og getur hann ávalt „stýrt og stjórnað“ í samvinnu við aðra banka landsins á miklu hagkvæmari og tryggari hátt, heldur en samkepnisbanki með seðlaútgáfurjetti, því að slíkur banki verður fyrst og fremst að hugsa um „sig og sína“ á krepputímum og sinnir síður almennigshag.

Undir staflið b. er svo sagt: „Þá má og búast við, að seðlabanka mundi ganga erfitt að neyða svo mikla ofjarla, sem hjer væri um að ræða, til þess að taka upp forvaxtabreytingar þær, sem hann teldi nauðsynlegar.“

Jeg hefi áður minst lauslega á þessa „ofjarla“ og finst nærri því, að með þessu sje gert gys að þessum góðu peningastofnunum vorum. Þeir geta ef til vill orðið ofjarlar einstökum mönnum, en aldrei yfirbankanum.

Jeg efast um það, að Landsbankinn geti fyrst um sinn fært niður vexti, því að hann hafi orðið að kenna á tapi því, sem orðið hefir í atvinnugreinum vorum á síðustu árum. En sú stofnun, sem hefir óbundnar hendur og enga fortíð, getur orkað miklu meira.

Þá er sagt undir staflið c.: „En augljósastur verður vanmáttur seðlastofnunarinnar, þegar um það er að ræða, að hafa erlendis þær miklu inneignir, sem nauðsynlegar eru til þess að vernda gengi gjaldeyrisins.“

Það má nú segja þetta og því líkt, en hvernig ferst nú þessum stóru bönkum, þessum „ofjörlum“ og jötnum í augum meiri hl. fjhn., að halda uppi genginu? Reynslan sýnir, að það er engin minsta trygging fyrir því, að þeim farist það betur en seðlabanka. Og svo er því haldið fram, að þessir stóru jötnar geti ekki neitt stutt að viðhaldi gengisins, nema

því aðeins, að annar þeirra, Landsbankinn, fari með seðlaútgáfuna. Geta þeir eigi verið í samvinnu við seðlabankann um það efni? Nei, Nei. Það er einungis þessi eini, sanni, ósvikni Brama-Lífs-Elixir, sem nefndin hefir fundið upp, sem á að vera allra meina bót í fjármálum.

Þá er 3. liður. Þar segir svo: „Mjög er hætt við því, að bankastjórn seðlabankans, sem engin bein viðskifti á að hafa við atvinnurekendur, mundi fara á mis við þann kunnugleik, sem nauðsynlegur er.“

Jeg hefi aldrei heyrt meiri fjarstæðu. Það er dálítill mismunur á Íslandi og öðrum löndum, að því, er hjer til kemur. Hjer eru aðeins 100 þús. manna og atvinnuvegir svo fábreytir, að menn eiga hægt með að sjá í stórum dráttum, hvernig ástatt er. Og eins og jeg tók fram við 1. umr., þá er hægra fyrir stjórn seðlabanka hjer að fylgjast með högum manna yfirleitt, heldur en fyrir bankastjóra í öðrum bönkum, því að allskonar smáviðskifti við allan almenning taka mestan tíma þeirra.

Í 4. lið er talað um hinn „afarmikla kostnað“, er leiddi af því að hafa sjerstakan seðlabanka, og að einkennilegt sje „að láta tugi þúsunda til þess eins, sem annar banki ríkisins hefir betri aðstöðu til að rækja“.

Þetta eru ekki annað en órökstuddar fullyrðingar. Hefir margsinnis verið sýnt fram á það, að Landsbankinn hefir ekki hóti betri aðstöðu til þess að rækja þetta starf, að því er til kostnaðarins kemur, heldur en seðlabankinn, svo sem ráð er fyrir gert um stjórn hans.

Menn verða vel að taka eftir því, að enn eru óskipaðir þrír menn til þess að stjórna Ríkisveðbankanum, sem skipað er fyrir með lögum. Þessir sömu þrír menn, sem þegar er lögboðið að skipa, eiga jafnframt að stýra seðlabankanum. Það þýðir því ekki að fleygja þessari kostnaðargrýlu framan í kjósendur, nema því aðeins, að alt eigi að verða tómur skollaleikur, sem gert var hjer á þingi, þegar Ríkisveðbankalögin voru sett. Þau voru þó næsta vel undirbúin. Fyrst var ágætur maður sendur út í lönd til þess að kynna sjer málið, og undirbjó hann það og rannsakaði mjög vel og rækilega. Málið hafði ágætan byr á Alþingi, lög um ríkisveðbanka sett á þingi og staðfest af konungi, — en svo er látið þar við sitja og bankinn ekki stofnaður. Er þetta vísitandi blekkingaleikur?

Hjer horfir því málinu svo, að óskipaðir eru 3 bankastjórar, sem lög mæla fyrir, til þess að stýra hinum margþráða ríkisveðbanka, og í annan stað þarf að koma seðlaútgáfunni í sama horf sem aðrar þjóðir hafa gert. Þetta hvorttveggja er samrækilegt, svo að ekki er um neina nýja bankastjórn að ræða fyrir seðlabankann. Kostnaðargrýlan er því einber fjarstæða og öfugmæli.

En þá er á hitt að líta, hvort enginn nýr kostnaður stendur af því, að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna. Lítum á. Fyrst eiga þingflokkarnir að skipa 15 manna bankanefnd. Þessi „ytri hringur“ á víst ekki að kosta neitt, en hann á að velja 5 manna bankaráð, sem á að fylgjast með öllum daglegum störfum bankastjórnar. Eiga þessir 5 menn að fá þrjú þúsund kr. hver á ári. Jeg skal eigi segja neitt um það, hve lengi er hægt að fá valda úrvals fjármálamenn til þess að vinna daglega í bankanum og fylgjast með öllum störfum bankastjórnar fyrir

slíka þóknun, en ekki kæmi mjer á óvart, þótt hún reyndist oflág áður langt um liði

Jeg hygg, að allur þessi her sje til litilla bóta, og mun sú raun á orðin, að slíkar nefndir og ráð komi sjaldan að haldi. Er jeg eigi mjög ginkeptur fyrir þessu umstangi öllu saman, jafnvel þótt kjósa eigi þennan 15 manna flokk á Alþingi, og veit ekki, hvort það hefir nokkur góð áhrif á stjórn bankans. En kostnaðarauki verður mikill að þessu.

Þá kemur 5. liður, sem er nýtt atriði. Þar er sagt, að ef stofnaður sje sjerstakur seðlabanki, þá sje hætt við „að privatbönkunum þætti þröngt fyrir dyrum, ef ríkið ætti hjer að reka tvo banka, fyrst seðlabanka og síðan venjulegan banka, með þeim hlunnindum, er jafnan fylgja þeim stofnunum. Alt öðru máli er að gegna með Landsbankann einan sem seðlabanka, því að seðlaútgáfan „hlýtur að kippa honum út úr beinni samkepni". — Þarna slær alveg í bakseglin fyrir þeim. Fyrst er það, að seðlabanki, sameinaður Landsbankanum undir einni stjórn, hlýtur að vera hættulegri keppinautur „privatbanka" heldur en Landsbankinn væri án þessa valds, sem seðlaútgáfunni fylgir. Sjerstakur seðlabanki hefir alt aðra aðstöðu gagnvart „privatbönkum" heldur en keppinautur þeirra. Í annan stað eru forsendur meiri hl. mjög ósammála um ýms höfuðatriði, er hjer að lúta. Jeg heyrði á hæstv. fjrh. (JÞ), að hann vildi draga úr sparisjóðsstarfsemi bankans, en hv. þm. (ÁÁ) vildi auka hana. Svona eru nú skoðanirnar skiftar. Nú telja sumir, að Landsbankinn yrði svo afskaplega sterkur, ef hann fengi ekki seðlaútgáfurjettinn, en í hinu orðinu segja þeir, að það sje sama sem að drepa Landsbankann, fái hann ekki seðlaútgáfurjettinn. Ennfremur segja þeir ýmist, að seðlabankinn sjerstakur fái engu orkað, eða þá að hann verði sá ofdólgur, sem privatbönkum hljóti að standa hin mesta ógn af. Ja, hverju á nú að trúa? Þegar menn eru svona ósammála, en fylgjast þó fast að því að koma málinu fram, þá er eins og þeir viti ekki sitt rjúkandi ráð, og gái einskis fyrir einberum þráa og ofurkappi.

Jeg vil ennfremur biðja menn að athuga þessi orð í nál., að Landsbankanum verði kipt út úr beinni samkepni, ef honum er fenginn seðlaútgáfurjetturinn, — en þó á það að vera lífsskilyrði seðlabanka að reka beina útlánsstarfsemi. — Það er gott að koma þessu saman!

Þessu næst telur hv. meiri hl. sjer til stuðnings „þau afareindregnu ummæli allra þeirra sjerfræðinga erlendra, sem leitað hefir verið til í þessu máli, og skal ekki frekar um það talað, því [að] þau eru prentuð með nefndaráliti meiri hluta milliþinganefndarinnar. — Þegar þess er gætt, að hjer eru umsagnir bankastjóra allra seðlabanka Norðurlanda, og auk þess frá einhverjum fremsta fræðimanni utan bankastjórnanna, þá verður einróma álit þeirra mjög þungt á metunum".

Jeg veit, að þessu er mótmælt áður, enda veitir sist af, þegar hv. meiri hl. talar um „einróma álit" og „afareindregin ummæli" þessara manna. En þó að tveir guðfræðingar sjeu í hv. meiri hl., verður vart annað sagt en að þeir hafi lesið brjef þessara manna eins og einn gamall höfðingi las bibliuna forðum (**MJ:** Nú finst mjer hv. minni hl. höggva nærri sjálfum sjer!) — Í fyrsta lagi er mikið undir því komið, hvern-

ig málið er lagt fyrir hina erlendu fræðimenn, eins og bent var á í umræðunum í hv. Ed. í fyrra. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir nú sýnt fram á, hvernig það var lagt fyrir þá góðu menn, — að það var gert þannig, að varla mátti vænta nema eins svars. Enda eru svörin eftir því. — En í annan stað er það síður en svo, að ummæli þessara manna sjeu meðmæli með stjfrv., þó að sumt hjá þeim bendi í þá átt, að þeir geti ekki fullyrt, að það þurfi að verða til skaða að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) athugaði þetta atriði nokkuð við 2. umr., en þó langar mig til að sýna enn frekar fram á, hve lítill stuðningur hv. meiri hl. er að ummælum þessara manna. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr brjefum þeirra. Má enginn skilja orð mín svo, að jeg telji mig nokkurn jafnoka þessara lærðu manna, en þó þykist jeg mega sýna, hve varfærnir þeir eru í ummælum sínum, og hve svör þeirra eru óákveðin. Enda er hjer spurt um hluti, sem þá skorti næga þekkingu á staðháttum til að dæma um — svo sem þeir sjálfir játa, og þannig spurt, að varla mátti vænta nema eins svars. —

Það er þá fyrst Risto Ryti, aðalbankastjóri Finnlandsbanka. Hann svarar spurningu þeirri, sem honum hafði verið flutt munnlega, um það hvort skaðlegt væri, að seðlabanki ræki innlánsstarfsemi, á þessa leið: „Spurningu yðar um mitt álit mundi jeg svara svo, að það mundi vera eiginlegra og meira í samræmi við reglurnar um seðlabanka, að þeir reki ekki innlánsstarfsemi. Finnlandsbanka hefir t. d. verið sett þessi regla, en hann er eini seðlabankinn í voru landi. — Samt sem áður getum vjer ekki fullyrt, að það þurfi að gera seðlabanka nokkurn skaða, þótt hann starfi jafnframt að innlánum.....“ Þetta eru ekki „afareindregin“ ummæli, heldur varnaðarorð hins vitra manns, svo sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) benti á í hinni skarplegu ræðu sinni. — Setjum svo, að einhver maður byði að selja mjer bát, en mjer litist allskriflislega á hann. Simaði jeg þá til bátasmiðs og bæði hann að segja mjer, hvort ekki mundi óhætt að fara á sjó á bátnum. Hann svaraði: „Jeg get ekki f u l l y r t, að þú þ u r f i r að drepa þig, þótt þú róir á bátnum..“ Þetta væru víst „afareindregin“ meðmæli með því, að jeg keypti bátinn! — Jeg veit, að hinir vitru, góðu og tungumjúku sendiboðar hafa talað vel máli sínu og með því stuðlað til þess, að ummæli bankastjóranna urðu sum nokkuð loðin. En ætli það hefði ekki verið hægt að haga spurningunum svo, að svörin hefðu orðið „öðruvísi loðin“, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, ef einhverjir aðrir hefðu talað við þá? — Þetta, sem jeg las upp, er nóg til að sýna andann í ummælum R. Ryti. Hann er bersýnilega hræddur við að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna.

Bankastjóri danska þjóðbankans segir, að það muni „varla geta talist hættulegt“, að Landsbankinn fái seðlaútgáfuna, og haldi áfram innlánsstarfsemi. Það eru „afareindregin“ ummæli“!

Forseti sænska ríkisbankans, Adolf af Jochnick, vill, að Landsbankinn fái seðlaútgáfurjettinn smám saman og taki jafnframt við útlendum viðskiftum Íslandsbanka og verslunarvixlaviðskiftum hans. „Í staðinn lætur Landsbankinn Íslandsbanka eftir sparisjóðsviðskifti sín og fær hann (Íslb.) væntanlega einnig að reka veðdeild.“ — Jeg

hefi nú ekki orðið var við það í frv. hv. meiri hl. eða hæstv. stjórnar, að Landsbankinn eigi að láta af hendi sparisjóðinn, og hvergi hefir heyrst um nokkra veðdeild handa Íslandsbanka. Síðan heldur bankastjórinn áfram: „Landsbankinn stofnar útibú í öllum hinum stærri kauptúnum — en sparisjóðs og lánsviðskifti útibúanna skulu eftirlátin sparisjóðum á hverjum stað.“ — Jeg fæ nú ekki sjeð, að þetta komi alveg heim við það, sem hv. meiri hl. nú vill vera láta. Hvar kemur fram, að skilyrði bankastjórans sjeu tekin til greina í frv.? — Bankastjórinn talar raunar um, að Landsbankinn ætti að geta veitt hlaupareikningslán og tekið við samskonar innlánum, sennilega vaxtalaust. En síðar segir hann: „Annars ættu aðallánsviðskiftin að vera í höndum sparibankanna, e. t. v. með nokkuð frjálsara formi en nú er. En til þess að seðlabankinn hafi stöðugt yfirlit yfir ástand sparibankans, þá ætti eftirlitsmaður sparisjóða að vera sjálfkjörinn í stjórn Landsbankans.“ — Jeg hefi hvergi orðið þess var í nál. eða frv. hv. meiri hl., að gert sje ráð fyrir nokkru af þessu. En öll þessi skilyrði setur hinn spakvitri maður fyrir því, að fá megi Landsbankanum seðlaútgáfuna.

Þá kemur sá fjórði, N. Rygg, aðalbankastjóri Noregsbanka. Er hann einna ihaldssamastur, einkum fyrir Ísland, og heldur hann, að Íslendingar megi vel við una það skipulag, sem Norðmenn hafa lagt niður. Talar hann um það, að vikið hafi verið frá „almennum reglum, á meðan alt var einfaldara og skemmra á veg komið“. Þó viðurkennir hann, að „rás tímanna“ hafi „leitt í áttina að reglum þeim, sem nú eru taldar gildandi“. Síðan segir hann: „Það skal tekið fram, að Noregsbanki veitir enn þá lán beina leið til almennings“, og er það mest úti um land. — En bæði jeg og aðrir hafa tekið það fram, að ekkert væri á móti því, þótt seðlabankinn lánaði a l-ö r u g g u m fyrirtækjum, svo sem þeim, er Noregsbanki lánar. En gallinn er sá, að slík fyrirtæki finnast, að heita má, ekki hjer á landi. — Þá segir bankastjórinn, að Noregsbanki hafi „eftir því sem tímar liðu, færst meira í það horf að verða banki bankanna ....“ Auðvitað er æskilegt að hagnýta eftir megni viðurkendar meginreglur annara landa“; en þessar „meginreglur“ eru einmitt þær, að seðlabankar eigi að vera bankar bankanna. Mjer er því alveg óskiljanlegt, hvernig hv. meiri hl. og Morgunblaðið geta talið ummæli þessa manns „afareindregin“; því að það er algerlega tilhæfulaust og gagnstætt því sanna. — Þá segir Rygg bankastjóri ennfremur: „Gjarna skal það játað, að ýmsir ókostir fylgja því að sameina svo ólíkar stofnanir (sem seðlaútgáfu og almenna lánsstofnun), en með viðeigandi varúðarreglum má draga úr þeim.“ Hann viðurkennir þannig, að miklir ókostir sjeu á því að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna, þótt hægt sje að d r a g a ú r þ e i m. En hvað er gert til þess að draga úr hættunum, þegar ekki sjest, að neinar varúðarreglur þessara erlendu bankastjóra sjeu teknar til greina? Væri ekki best að útrýma þessum ókostum alveg, með því að stofna sjerstakan seðlabanka þegar í stað? — Það er næsta auðsjeð, að þessi bankastjóri heldur, að Ísland sje mjög skamt á veg komið. Er það eðlilegt, þar sem hjer eru aðeins 100 þús. íbúar, og er þá við að búast, að ókunnugir hugsi, að vjer megum bjarg-

ast við alt ófullkomnara, en aðrar þjóðir. En það virðist sjálfsagt að taka það form, sem fullkomnara er, þegar lítill eða enginn kostnaðarauki er að því. — Þessi sami bankastjóri telur, að æskilegt sje „að takmarka aðstreymi sparifjár að því leyti, sem auðvelt er að koma því fyrir í öðrum bönkum — og haga öllu svo til, að hægt verði á sama tíma að losa bankann alveg við þá starfsgrein, sem kringumstæðurnar rjeðu, að sameinuð var seðlaútgáfunni." — Þessar „kringumstæður" geta ekki verið aðrar en þær, að hjer sje alt svo skamt á veg komið fyrir fátæktar sakir, að því verðum vjer að una við hið úrelta og afrækta. En nú vitum vjer sjálfir, að oss er eigi ofvaxið að hafa það fyrirkomulag, er best hentar. Fellur því þessi ástæða alveg niður. Hitt játar bankastjórinn, að það brjóti viðurkendar meginreglur, að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna. — Hann tekur það einnig fram, að eigi bankinn að taka við innstæðum almennings, leggi það bankastjórninni auknar varúðarskyldur á herðar, „því að ef innstæðum er óvarlega ráðstafað, lendir öll starfsemin í hættu."

Þá kemur Axel prófessor Nielsen hinn danski. Sje jeg ekki ástæðu til að fara um hann eða brjef hans mörgum orðum. Er það þó enganveginn fyrir þá sök, að hann sje ekki vafalaust merkur maður, heldur fyrir hitt, að hv. 1. þm. G.-K. (BK) og fleiri sýndu berlega, þegar á þingi í fyrra, fram á, hve lítið er á röksemdum hans að byggja í þessu efni. Hann játar þó, að menn hafi í „ýmsum löndum verið nokkurnveginn sammála um það, að seðlabankarnir eigi ekki að taka við fje til ávöxtunar. Nefna má sem dæmi, að Deutsche Reichsbank hefir með lögum frá 1875 fengið leyfi til þess að veita viðtöku innlánsfje gegn vöxtum, en þó ekki takmarkalaust, en þetta hefir hann ekki fært sjer í nyt í mörg ár, og það hefir verið almenn skoðun, að ávaxtabær innlán í seðlabanka muni freista hans til að taka tillit til hagnaðarins, og gæti auðveldlega orðið til þess, að bankinn geigaði frá þeirri meginstefnu sinni, að halda uppi gengi gjaldeyris landsins, en það markmið er ekki allajafna samrýmanlegt hagnaðarmarkmiðinu."

Þetta tel jeg hárrjett. Því hefir bönkunum hjer gengið illa að halda uppi gjaldeyrisversluninni, að þeir eru hagsmunabankar, og má því eigi gera sjer bjartar vonir um, að það breytist, þótt Landsbankinn fái seðlaútgáfuna.

Skal jeg nú ekki þreyta hv. deild með því að vitna meira í skrif þessara manna. En það tel jeg viturlega ráðið af hv. meiri hluta fjhn., að prenta ekki upp ummæli þeirra, heldur láta sjer nægja að tala um, að þetta sje þeirra bjargföst skoðun, og vísa að öðru leyti í nál. meiri hl. bankanefndarinnar — í þeirri von, að menn skygnist ekki of djúpt í það. En ef brjefin, sem nál. fylgja, eru lesin ofan í kjölinn, sjest, að þar er hver höndin upp á móti annari. Og þótt bankafræðingarnir sjeu ekki allir sammála um öll atriði, þá koma fram ástæður hjá þeim öllum í heild, svo að einhver þeirra er á móti nær hverju atriði í frv. hv. meiri hl. milliþinganefndarinnar og hæstv. stjórnar. — Hefi jeg þá lokið að tala m „þau afareindregnu ummæli allra þeirra sjerfræðinga erlendra, sem leitað hefir verið til," og hið „einróma álit"(!) þeirra.

Þá er talað um það í nál. meiri hl. fjhn., „að fela þeim banka, sem ríkið á

nú, seðlaútgáfuna.“ En jeg vil í allri vinsemd benda hv. meiri hl. á, að einnig er ætlast til þess, að ríkið eigi seðlabankann, svo að í því tilliti er ekki mikill munur á tillögum vorum.

Þá er talað um að gera bankann „svo vel úr garði, að hann verði sem hæfastur til að leysa hlutverk sitt af hendi.“ — Það á að gera með ýmsu móti: „1. Bankinn er gerður sæmilega fjesterkur með því að leggja honum til ríflegt stofnfje, sem hann þarf ekki að ávaxta frekar en ástæður allar leyfa honum það, og gefa honum mjög góða aðstöðu til að safna að sjer varasjóði.“ — En hvaða banki verður ekki „sæmilega fjesterkur“, ef honum er fengið „ríflegt stofnfje“ og að öðru leyti „mjög góð aðstaða?“ — Það hefir farið fyrir hv. meiri hl. í þessu eins og greinir í hinu forna máltæki: Sá, sem sannar of mikið, sannar ekkert. — Það er vitanlega rjett, að með þessu móti má gera Landsbankann „sæmilega sterkan,“ — en á það ekki eins við um sjerstakan seðlabanka?

Þá heldur nál. áfram: „2. Bankastarfsemin er takmörkuð, bæði með því að festa talsvert af fje hans í verðbrjefum, sem hann getur gripið til, þegar snögga fjárþörf ber að höndum, og með því að skylda hann til þess að hafa fje sitt í eins stuttum víxlum og hægt er að heimta hjer á landi.“ — Þarna á að fara að takmarka starfsemi bankans, en stundum er látið í veðri vaka, að hún verði aukin með breytingunni. Enda virðist svo, sem þarna og víðar togist þeir á hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem vili láta Landsbankann gleypa alt, og hæstv. fjrh. (JÞ), sem takmarka vill starfsemi hans.— Það er vitanlega rjett, að með því að festa fje bankans í verðbrjefum fæst tryggari geymsla á fjenu. En er þetta fje ekki þar með tekið frá hinni daglegu viðskiftaþörf, og hvað á að gera við alla þá skuldunauta, sem þannig verður vísað út á gaddinn? — Það má einnig vera, að þægilegt sje fyrir bankann að lána fje sitt í sem allra stystum víxlum. En ætli viðskiftamönnum bankans þyki mikil bót að því? Það er viðskiftavenja hjer í landi, að menn fái víxillán framlengd árum saman, í stað þess að fá ábyrgðarlán og önnur föst lán, eins og tíðkast víðast erlendis. Væri sennilega til lítillar þurftar að bregða þeirri venju. Þessu hafa menn tekið eftir, og hefir það ásamt öðru orðið til þess, að allir kaupsýslumenn eru á móti stjfrv. — Það mun því óhætt að fullyrða, að þetta með stuttu víxlana verði afskaplega skaðlegt fyrir viðskiftin hjer á landi.

Þá heldur nefndarálitið áfram: „3. Leitast er við að gefa bankanum öfluga og trygga stjórn, bæði með því að leggja aðalþungann á herðar eins manns, sem hægt er að velja án tillits til launakrafna, með bankaráði, sem verður að vera starfandi og fylgjast með í öllu starfi bankans, og með því að kippa bankanum sem mest undan áhrifum af stjórnmáladeilum og dægurþrasi.“ Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að verið sje að skirrast við, að einn verði yfirbankastjóri með frv., því að ekki má gera upp á milli þeirra, sem nú eru þar. Er því fullsnemt að byggja mikið á þessum eina aðalbankastjóra, meðan þar eru þrír bankastjórar, sem allir eru innan við fimtugt. En nú vill svo vel til, að reynslan sýnir, að bankastjórar Landsbankans verða manna langlífastir. Síðan bankinn var stofnaður hefir aðeins einn bankastjóri fallið frá.

kominn á níræðisaldur. Hinir lifa enn, og eru sumir orðnir allgamlir, en þó ernir og hraustir. Nú vona eflaust allir, að þeir ungu bankastjórar, sem nú sitja, verði eigi skammlífari. En þá má búast við því, að þeir verði allir við bankann í svo sem fjóra tugi ára ennþá. Á meðan væri lítið gagn að hafa lög um yfirbankastjóra. — Þá á að koma 5 manna bankaráð, sem fylgist með í öllu starfi bankans daglega. Það er þá líklega betra, að þeir, er þetta bankaráð skipa, hafi ekki ákaflega mörgu öðru að sinna. En hvað eiga þeir svo að hafa í laun? Mjer er til efs, að nokkur fáist í það, nema þá kannske einhverjir gamlir uppgjafa dannebrogsmenn.

Og með 15 manna bankanefnd, sem kosin er af pólitiskum þingflokkum, ætla þeir svo „að kippa bankanum sem mest undan áhrifum af stjórnmáladeilum og dægurþrasi." Þarna hafa þeir víst sannarlega þótst „hitta naglann á höfuðið!"

En hvort dægurþrasið verði minna meðal þessa grúa af pólitiskum flokka fulltrúum, sem hrúga á utan um bankann, heldur en hjá þeim friðsömu bankastjórum, sem nú eru við völd, það er eftir að vita.

Enn fremur er mælt með því, að bankanum sje skift í deildir, til þess að bankastj. „fái skýrt yfirlit um einstakar starfsgreinir hans og geti því ráðstafað fje hans nákvæmlega". Eftir þessum ummælum ætti þá fje bankans nú að vera ráðstafað ónákvæmlega og bankastjórnina að skorta yfirlit yfir starfsgreinir hans? Þetta eru þungar ákærur, ef nokkurt mark væri á þeim takandi. Svo er bætt við: „að bankinn verði hæfur til fullrar framþróunar í þá átt, sem annarsstaðar hefir stefnt". Hjer er kannast við, að það sje full framþróun að fá sjerstakan seðlabanka, sem annarsstaðar hafi verið stefnt að og náð. Jeg get ekki annað sagt en jeg sje ánægður með þessa niðurstöðu meiri hl., en finst þeir fara óþarfa krókaleið að takmarkinu. Samkvæmt þessu skora jeg á hv. meiri hl. að taka aftur sitt frv., en taka upp í staðinn mitt frv., laga á því misfellur, sem á kunna að vera, og koma því gegnum þingið áður en því lýkur.

Þeir segja „án örðugleika", af því að banki í 3 deildum verður það aðeins að forminu til. Ofríki verður eins mikið og ef tvær eru ríkisstofnanir, sem önnur hefir seðlaútgáfurjettinn, en hin annast sparisjóðsviðskifti og almenn viðskifti.

Það vakir fyrir mjer að koma íslenskum bankamálum í lag, koma nútíma skipulagi á útgáfu seðla og reisa úr rústum ríkisveðbankann, sem er þjóðinni bráðnauðsynlegur. Með því væri hrundið í framkvæmd hinu öflugasta fyrirtæki til viðreisnar landbúnaði vorum, og framtíð hans langtum betur trygð en með því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir lagt til, að ákveða honum vissan hluta af fje Landsbankans, enda veit jeg, að háttv. þm. muni einnig líta svo á málið.

Öflugt og fast skipulag á fasteignalánum, með fyrirkomulagi ríkisveðbanka, mundu allir verða ánægðir með. Enginn aukakostnaður þyrfti af því að leiða, að seðlabankinn lyti sömu stjórn, annar en nauðsynlegur stofnkostnaður. En sá er munurinn, að seðlaútgáfurjetturinn væri þá í höndum banka, sem ekki er samkepnisbanki og stendur alveg utan við innanlandsdeilur.

Seðlabanki sem þjóðbanki mundi samkvæmt tilgangi sínum og skyldu halda verndarhendi yfir bankastarfsemi

í landinu. Hann mundi gera peningastofnunum jafnhátt undir höfði, og er síst ástæða til að óttast, að hann kynni að halla á Landsbankann.

Skal jeg nú ekki ræða mál þetta meira. Þykir mjer sem háttv. nefndarmenn hafi sótt með ofurkappi sinn málstað. En þó er svo mikið víst, að fylgi við tilögur þeirra þverr óðum innan hv. deildar. Utan þings hefir það aldrei verið svo mikið, að það hafi þar nokkuð að missa.

Umr. frestað.

Á 74 fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 480 (sbr. 171), 485, 490, 506, 538, 555).

Frsm minni hl. (Jakob Möller): Það skal ekki verða langt mál, sem jeg tala að þessu sinni. Það er af því að jeg gerði ráð fyrir því við 2. umr., að jeg kæmi fram með brtt. En síðan hafa umr. staðið fram á kvöld á hverjum degi, og hefir mjer ekki unnist tími til að athuga frv. þannig í einstökum atriðum, að jeg sæi mjer fært að bera fram brtt. við það. Jeg skal því aðeins víkja að einstaka atriði, sem mjer virðist vert að athuga, og er þá fyrst fyrirkomulagið á gulltryggingunni. Jeg geri þó ekki ráð fyrir því, að breytingar á því fengi neinn byr hjer.

Jeg held, að núverandi gulltrygging sje gagnslítil, og ef til þarf að taka, er hún gagnslaus. Jeg held, að betra sje að hafa gulltryggingu aðeins á síðari hluta seðlanna, en hafa fyrri hluta þeirra tryggingarlausan. Það kemur aldrei til innlausnar á fyrsta hlutanum, því að það er ekki hægt að skila honum úr umferð. En ef á bjátar, þarf að skila andvirði þeirra seðla, sem eru umfram meðalumferð, en það er ekki hægt, því að gullforðinn verður undir eins of lítill, ef farið er að innleysa nokkuð að ráði, og verða þá ekki önnur úrræði en að leysa bankann frá innlausnarskyldunni, svo að þetta er aðeins trygging að nafninu til. Þá eru það tvö atriði, sem jeg kann illa við, og það er fyrirkomulagið á viðskiftum Landsbankans og Íslandsbanka, þar sem vaxtaívilnun er miðuð við Íslandsbankavexti. Þar með er slegið úr hendi seðlabankans valdið til þess að ráða vöxtum í landinu. Og þótt lítið hafi verið gert úr mætti hins sjerstaka seðlabanka til þess að ráða vöxtum, þá er hjer þó ólíku saman að jafna, hvað hann hefði meiri kraft en Landsbankinn með þessu fyrirkomulagi. En þetta hefir verið gert vegna þess, að mönnum hafa verið ljósir þeir örðugleikar, sem Íslandsbanki hefir átt við að stríða, þegar hann hefir þurft að skila seðlum sínum. En þá er líka sjálfsagt, að hann fái ívilnun, þegar hann „rediskonterar" víxla sína. **(ÁÁ:** Þá þarf hann sömu kjör hjá sjerstökum seðlabanka). Já, hann þarf það. En það þarf ekki þess vegna að taka valdið af seðlabankanum til að ráða útlánsvöxtum í landinu. **(MJ:** Ekki ef Íslandsbanki er undir). Það er ekkert aðalatriði, og það skiftir miklu meira, að vextir Íslandsbanka sjeu ekki langt fyrir ofan það, sem þeir þurfa að vera. Hann getur þá einn ráðið vöxtunum. Og jeg hygg líka, að mönnum þyki meira um vert að fá vaxtahækkun en vaxtalækkun, enda má gera ráð fyrir því, að svo vilji frekar verða, að vextir Íslandsbanka verði hærri. Jeg vil í þessu

sambandi minna á nýtt dæmi, að stjórnin fór þess á leit við bankann í fyrra haust, að þeir lækkuðu vextina. Og kringumstæðurnar voru hjer þá þannig, að þær heimiluðu lækkun þá, sem hjer kom til greina. Og það var vitanlega alveg rjett hjá stjórninni undir þeim kringumstæðum, sem voru í fyrra haust, að lækka vextina. En sú varð niðurstaðan, að Landsbankinn lækkaði um 1% en Íslandsbanki aðeins um ½%. Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir borið fram brtt. á þskj. 538. Virðist mjer hún tvímælalaust til mikilla bóta fyrir Íslandsbanka og til þess að gera viðskiftin milli bankanna greiðari og frjálslegri.

Um aðrar brtt., sem komið hafa fram, hefi jeg lítið að segja. Mjer skilst, að brtt hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) á þskj. 490 skifti ekki miklu máli. Hún er til þess að ljetta Íslandsbanka þá breytingu, sem á verður með samþ. þessa frv. En jeg hygg, að þetta gangi sinn gang samkvæmt frv.

Jeg greiddi atkv. við 2. umr. með brtt. á þskj. 469, við 51. gr., sem fór fram á að bæta við nýrri grein í frv., og taka upp það ákvæði, að allir opinberir sjóðir og opinberar stofnanir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama sje um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Jeg gat þess, að jeg ætlaði að geyma mjer til 3. umr. að gera grein fyrir því, hversvegna jeg greiddi atkv. með þessari brtt. Ástæðan til þess var sú, að þegar komin er upp ríkisstofnun sem þessi, sem hvort eð er á að starfa með innlánsfje, þá áleit jeg, að eðlilegt og sjálfsagt væri að leggja inn í hann opinbert fje til styrktar henni. Það hefir verið haft á móti þessari till., að ákvæði væri til um það, hve mikið fje ríkið geti fengið að láni hjá seðlabankanum. Og geti komið til þess, að ríkissjóður þyrfti að leita lána hjá öðrum bönkum, þá geti hann ekki vænst þeirra, hafi hann engin viðskifti haft þar. Mjer finst nú, að þetta ákvæði, sem hamlar ríkissjóði að fá lán hjá Landsbankanum, hafi verið sett inn af hræðslu við það, að þessi heimild ríkissjóðs til að fá lán, verði beinlínis misnotuð, ef stjórn og þing kemst í kröggur með ríkissjóðinn. En fari svo, getur þingið altaf breytt þessu ákvæði, svo að það er í sjálfu sjer þýðingarlaust.

En hinsvegar, úr því að bankinn á að vinna með innlánsfje, virðist opinbert fje vera það tryggasta, sem hægt er að fá. Enn er það, að ef ríkissjóður á í kröggum með að fá fje, þá geri jeg ráð fyrir því, að einkabankarnir yrðu eins tregir til þess að láta fje sitt og þótt þeir hefðu fengið á veltiárunum fje, sem ríkissjóður hefði lagt þar inn.

Um aðra brtt. hæstv. fjrh. (JÞ), sem dregur úr skyldu Landsbankans að koma sparisjóðsfje sínu í trygg og auðseld verðbrjef, verð jeg að segja það, að hún er tvíeggjuð. Annarsvegar hefir því verið haldið fram, og hæstv. fjrh. hjelt því fram við 2. umr. að þessi skylda bankans, að koma sparisjóðsfje sínu í verðbrjef, væri til þess að tryggja hann og gera hann aðgengilegri sem seðlabanka, en um leið dregur þetta skipulag úr lausu veltufje hans; en að draga úr ákvæðinu gerir hann ótryggari sem seðlabanka, en gerir hann hinsvegar frjálsari til umráða með fje sitt. En jeg held, að hjer verði fyrst og fremst að líta á það, með hverju móti bankinn

verður tryggastur sem seðlabanki. En við, sem höfum haldið því fram, að seðlabankinn ætti að vera sjerstök stofnun, af því að afleiðingin af því, að Landsbankinn væri seðlabanki, yrði allmikil takmörkun á veltufje hans, höfum hinsvegar lagt aðaláhersluna á það, að seðlabankinn eigi ekki að reka þessa almennu viðskiftastarfsemi, af því að það gerði hann ótryggari sem seðlabanka. Við leggjum aðaláhersluna á trygginguna, svo að jeg greiði óhikað atkvæði á móti þessari brtt. hæstv. fjrh.

Þá ætla jeg lauslega að minnast á brtt. þeirra hv. 1. þm. N.-M. (HStef) og hv. þm. Str. (TrÞ). Mjer virðist að minsta kosti önnur þeirra vera ekki óaðgengileg, þar sem ekki er farið fram á annað en að Ræktunarsjóður Íslands eigi jafnan tilkall til hluta sparisjóðsfjárins. En það verður væntanlega altaf með samkomulagi milli stjórna Ræktunarsjóðsins og Landsbankans, hve mikið þetta fje verður notað. En talsverð vandkvæði eru á því að ákveða vextina eins og hv. flm. ætlast til. En það má væntanlega laga í hendi sjer.

Um aðrar brtt., sem eru fáar og sem jeg hefi ekki minst á, ætla jeg ekki að ræða nú. Alment um málið hefi jeg ekki mikið að segja, enda hafa litlar umr. orðið um málið frá almennu sjónarmiði, nema hvað samherjar mínir og flokksmenn hafa talað um málið frá því sjónarmiði, en andstæðingarnir litið lagt til málanna af því tæi.

Hv. 3. þm. Reykv. (JBald) vjek að því, sem jeg sagði um þróun bankamálanna hjer, og hvað af henni mætti læra. Það, sem jeg hjelt fram, stafaði af því óheppilega fyrirkomulagi, að seðlabanki ræki almenn bankastörf, áleit hann, að stafaði af því, að bankinn hefði verið hlutabanki. Jeg held, að þetta sje mjög hæpið hjá hv. þm. og verði ekki staðfest með erlendri reynslu, þar sem seðlabankarnir eru einmitt tíðast hlutabankar. Það er nú vitanlegt um Íslandsbanka, að hann er kominn svo undir áhrif ríkisstjórnarinnar, að varla verður að því leyti gerður munur á honum og Landsbankanum. Jeg held, að því verði ekki mótmælt, sem jeg hefi haldið fram ásamt hv. þm. N.-Þ. (BSv), að þróun bankamálanna, sem vitanlega er bygð á reynslu, sýni ljóslega, að þessu tvennu, seðlaútgáfu og almennri bankastarfsemi á ekki að blanda saman. Í þessu efni hlýtur að gilda það sama fyrir okkur og aðrar þjóðir. Það er langt frá því, að jeg geti fallist á þá skoðun meiri hl. bankanefndarinnar, að af því að við sjeum svo skamt komnir í fjármálalífinu, þá henti okkur annað betur en það, sem reynsla annara sýni, að best sje. Jeg held algerlega fram því gagnstæða. Viðskiftalíf okkar er svo áhættusamt, eins og jeg hefi vikið að áður, að aðalviðskiftin hjer mundu varla teljast seðlabankahæf erlendis, að svo miklu leyti sem til mála kæmi, að seðlabanki hefði almenn viðskifti. Mjer er óhætt að fullyrða, að enginn seðlabanki á Norðurlöndum mundi taka að sjer viðskifti eins og þau, sem bankarnir hjer hafa við sjávarútveginn. Jeg held, að ef þessir sjerfræðingar, sem leitað hefir verið umsagnar hjá, hefðu þekt ástæðurnar hjer, þá hefðu ráðleggingar þeirra orðið aðrar, svo fyrirvaraðar sem þær þó eru.

Ásgeir Ásgeirsson: Þær ræður, sem haldnar hafa verið móti frv. upp á síð-

kastið, benda ekki í þá átt, að mikið gagn mundi vera að öllu lengri umræðum, því þær hafa að miklu leyti verið endurtekningar þess, sem áður var búið að segja, og svörin yrðu þá að sjálfsögðu einnig endurtekningar, ef reynt væri að svara orði til orðs. Jeg get þó ekki látið undir höfuð leggjast að segja nokkur orð vegna síðustu ummæla hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um vanþekkingu þeirra sjerfræðinga, sem til var leitað, á staðháttum hjer á landi, og vegna ummæla háttv. þm. N.-þ. (BSv) um það, hvernig málið hefði verið búið í hendur þessara sjerfræðinga. Jeg verð að geta þess, sem að vísu er þó kunnugt, að nefndin klofnaði ekki fyr en búið var að leita álits þessara sjerfræðinga. Minni hl. bankanefndarinnar átti því sinn hlut í því að búa málið í hendur þeirra. Þegar ályktað var að leita álits þessara manna, spurningar samdar og gögnin dregin saman til upplýsinga, starfaði nefndin í sameiningu. Ef eitthvað hefir verið athugavert í þessu efni, eiga báðir hlutar nefndarinnar sök á því.

Um brtt. mína á þskj. 538 skal jeg láta þess getið, að hún er að mestu leyti formsbreyting, og þó svo, að bankaráði og framkvæmdastjórn Landsbankans er gefið meira svigrúm í viðskiftum við Íslandsbanka. Um þetta er svo óheppilega að orði kveðið í frv., að vildarkjör þau, sem um er að ræða, geta orðið ókjör. Einnig lít jeg svo á, að ef bankaráðið hefir nokkurt svigrúm í þessu efni, sje hægt að hafa sterkari tök á útlánskjörum Íslandsbanka. Jeg tel rjett, að það komi fram í frv., að Alþingi geri ráð fyrir, að Landsbankinn sem seðlabanki hafi tvennskonar vexti, aðra til peningastofnana og hina í beinum viðskiftum við almenning. Þetta liggur í hlutarins eðli, þar sem peningastofnanir sem „rediskontera“ taka á sig nokkra áhættu, og þarf því ekki að taka hjá þeim jafnháa vexti og þegar skift er beint við almenning. En þó að rjett sje að ganga út frá því, að vaxtamunur verði, má ekki í lögunum setja ákvæði um, hve mikill hann skuli vera. Bankastjórnin verður að ráða því sjálf, hve stórt bil þykir rjett að hafa á milli vaxta til banka og einstaklinga. Hún verður að hafa vald til þess að stækka og minka það bil, og jafnvel láta það hverfa með öllu um stund. Í brtt. kemur skýrt fram, að þeirri meginreglu skuli fylgt, að hafa tvennskonar vexti. Brtt. hefir ekki verið andmælt, og býst jeg því við, að hún sje talin til bóta. Læt jeg því ekki fylgja henni fleiri orð.

Jeg skal svo ekki lengja þessar umr. meir. Ef takast á að afgreiða þetta mál, verða þingmenn að leggjast á eitt um að flýta fyrir því. Jeg lít svo á, að þingið geti ekki óátalið skilið við þetta mál óafgreitt, þar sem undirbúningi þess er komið svo langt, að öll þjóðin býst við, að það verði til lykta leitt á þessu þingi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla að segja fáein orð um þær brtt., sem nú liggja fyrir og jeg hefi ekki áður minst á. Fyrri brtt. á þskj. 506 er í raun og veru endurtekning á brtt., sem fjell við 2. umr., um það að blanda Ræktunarsjóðnum inn í þetta frv. Till. er í beinu ósamræmi við þau ákvæði, sem síðasta þing gerði um Ræktunarsjóðinn. Þar var ákveðið, að gerðir skyldu sjerstakir samningar við Landsbankann um ákveðna fúlgu til jarðræktar. Landbn. neðri deildar ákvað þá aðalskilmála, sem setja skyldi, og náðist samkomulag um þessa skilmála við stjórn Lands-

bankans. Höfuðatriðið var það, að þegar vextir þessara jarðræktarbrjefa voru 1% hærri en sparisjóðsvextir, skyldi bankinn kaupa þau nafnverði. Hjer er gert ráð fyrir ½%, og er það ósamrýmanlegt hinu. Þetta er að setja inn ákvæði, sem ekki geta staðist. Auk þess er till. svo orðuð, að hún er óframkvæmanleg og getur alls ekki átt heima í slíkum lögum sem þessum. Síðari liður till. er vægari, en þó er ekki viðeigandi að binda sparisjóðsfje á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir. Það er lýti og blettur á lögum, ef í þau eru sett ákvæði, sem ekki eiga þar heima. Það eina rjetta í þessu efni er það, sem samþykt var hjer í fyrra, að það, sem fram á að ganga um viðskifti Ræktunarsjóðsins, á að gerast með samningi milli þessara stofnana. Það á ekki að setja ákvæði inn í lög annarar stofnunarinnar, sem geta orðið hinni til þvingunar.

Um síðari brtt. á sama þskj. hefir lítið verið rætt. Hvorki í þessari till. nje 63. gr. frv. eins og það er nú, eru nein ákvæði um, hvernig fara skuli um stjórn innan bankans, þar til þetta ákvæði kemst til framkvæmda. En þessi brtt. hefir það í för með sjer, að endanleg skipun á stjórn bankans kemur ekki til framkvæmda fyr en eftir mannsaldur, eða þegar allir núverandi bankastjórar eru farnir frá.

Um brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) skal jeg ekki orðlengja. Mjer stendur á sama, hvort þær eru samþyktar eða ekki. Jeg held, að hvorug þeirra verði frv. til spillis.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) mælti á móti 2. brtt. minni. Mjer er sagt, að það ákvæði, sem till. vill breyta, sje hans barn. Hann hafi átt þátt í að koma því inn í Landsbankalögin á sínum tíma, þau, sem nú eru í gildi. Trygð hans við þetta ákvæði er því skiljanleg, ef það er svo undir komið. Hv. þm. talaði um till. mína eins og hún færi í þá átt að skerða hag Landsbankans. Þetta er að hafa hausavíxl á hlutunum. Jeg orða þetta svo, að unt sje að rækja hagsmuni ríkissjóðsins og opinberra sjóða. Jeg vil benda hv. þm. á, að þegar hann er kosinn á þing, er það helgasta skylda hans að koma fram sem góður gætir ríkissjóðsins, en þá skyldu rækir hann ekki með því að vera móti þessari till. minni. Það getur oft staðið svo á, að Landsbankinn kæri sig ekkert um innlánsfje, og því er meiningarlaust að meina ríkisstjórninni að koma fjenu fyrir þar, sem af því fást vextir. Landsbankinn greiðir enga vexti, ef hann þarf ekki fjeð. Till. fer fram á, að ríkið geti fengið vexti af fjenu með því að setja það á tryggan stað. Þegar ríkissjóði er meinað að hafa hlaupareikningsviðskifti nema innan þröngra takmarka, verður hann að geta haft hlaupareikning við aðrar peningastofnanir. — Jeg vil minna háttv. þm. (JörB) á það, að hann hefir skyldum að gegna að því er snertir hagsmuni ríkissjóðs. Hann gerir miklar kröfur til hans til handa kjördæmi sínu. Hann vill fá handa því stórar fjárhæðir, sem greiða verður vexti af. En það fer ekki vel á því, að hann sje samtímis að pota inn í löggjöfina ákvæðum, sem gera ríkissjóði ekki mögulegt að njóta vaxta af handbæru fje sínu og innstæðum.

Þá skal jeg víkja að aðfinslum hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann fann að því, að bönnuð væri laus lán til ríkissjóðs. En það er ekki rjett hjá hv. þm., að slíkt bann sje þýðingarlaust, af því hægt sje að breyta þeim ákvæðum. Þetta er sett til þess, að stjórnin geti

ekki án heimildar þingsins notað vald sitt til þess að heimta bráðabirgðalán handa ríkissjóði. Það má auðvitað deila um, hvort rjett sje að setja svona ákvæði í lög. Það er ekki rjett hjá háttv. þm. (JakM), að brtt. mín geri bankann ótryggari sem seðlabanka.

Háttv. þm. (JakM) gat ekki um það, að þarna liggur nokkuð mikið á milli, sem sje, að sparisjóðsdeildin er algerlega aðskilin frá seðlabankanum. Eins og jeg tók fram við 1. umr. er ekki hægt að leita þar að þörfinni fyrir sjerstakan seðlabanka.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi beðið með að tala fyrir þeim brtt., sem jeg er viðriðinn í þessu máli. En nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) vikið að þeim. Sú till., sem jeg flyt einn, er undir staflið II. á þskj. 506. Í hinu upphaflega frv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir, að hið nýja skipulag um aðalbankastjóra komist á þegar eftir að þessi lög ganga í gildi. Eins og það er orðið nú, á það að koma til framkvæmda, þegar eitt sæti losnar. Mjer finst, að annaðhvort ætti þetta að geta komið strax til framkvæmda, eins og hæstv. stjórn ætlaðist til, eða ekki fyr en núverandi bankastjórar hafa lagt niður störf.

Jeg lít svo á, að þar sem þessir menn hafa staðið hver við annars hlið sem jafnrjettháir, — og sú samvinna hefir farið vel fram, eftir því sem mjer er kunnugt, — þá sje það óeðlilegt og ef til vill líklegt til að koma einhverri óeiningu á milli, að fara að rifta þessu. Annars dreg jeg það yfirleitt í efa, hvort þetta skipulag. að hafa einn aðalbankastjóra, en hina undirbankastjóra, sje rjett. Það hefir verið reynt áður og þótti þá ekki gefast sem best. Þetta skipulag var það í raun og veru, þegar bankastjórinn var einn, en tveir gæslustjórar. Jeg ætla ekki að fara út í þetta frekar nú, aðeins geta þess, að Alþingi breytti því skipulagi, af því það áleit það ekki heppilegt.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) og hæstv. fjrh. (JÞ) hafa vikið að þeim till., sem við hv. 1. þm. N.-M. (HStef) höfum borið fram á þessu sama þskj. og gengur í sömu átt og till., sem við bárum fram við 2. umr. Jeg hefi enga tilhneigingu til að lengja umr. um það mikið nú. Vitanlega eru það allar sömu ástæðurnar, sem mæla með nú og við 2. umr. frá okkar sjónarmiði. En við fórum ekki eins langt nú. Vil jeg sjerstaklega benda á það, að í síðari till. okkar er svo hógværlega farið í sakirnar, að jeg á bágt með að skilja, að hæstv. fjrh. (JÞ) geti ekki aðhylst hana. En hæstv. ráðherra bætti þeirri ástæðu við, að þetta væri óframkvæmanlegt, því að brjefavextirnir gætu ekki breytst. Jeg efa ekki, að svo mætti fara, að á brjefunum sjálfum stæði, að vextirnir sjeu ½% hærri en sparisjóðsvextir Landsbankans. Vitanlega er hægt að útborga það svo.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að við ættum eftir að færa ástæður fyrir þessari till. okkar. Þessu vil jeg mótmæla. Við höfum fært ástæður fyrir því, — og þær þungar og sterkar — hvað landbúnaðurinn yrði hart úti á þessu sviði og hve nauðsynlegt væri að rjetta hluta hans. Og við efumst fullkomlega um, að það verði gert, ef Alþingi sjálft ekki gerir það.

Hæstv. ráðh. (JÞ) kom að því, að rjettast væri að halda því, sem varð að samkomulagi í fyrra í þessu efni. En það voru ýmsir óánægðir með fyrir-

komulag Ræktunarsjóðsins. Og jeg vil ekkert tækifæri láta ónotað til að koma fram því máli, sem, þegar á alt er litið, er eitt það nauðsynlegasta fyrir framtíð okkar lands.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð út af þeim athugasemdum, sem komið hafa fram gegn ummælum mínum um 3. brtt. hæstv. frjh. (JÞ). Hv. frsm. meiri hl. (MJ) hefir andmælt ummælum mínum, og mjer er sagt, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hafi tekið í sama strenginn og nú loks hæstv. fjrh. Jeg heyrði nú ekki hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og get því ekki með vissu vitað, hvað hann sagði. En mjer er skýrt frá nokkrum atriðum. Býst jeg við, að svar mitt til hæstv. fjrh. geti átt við ummæli hans. Hæstv. fjrh. taldi, að jeg hefði skert með þessari till. hlunnindi þau, sem Landsbankanum væru ætluð. Jeg setti þessa skoðun fram og þóttist rökstyðja hana nokkuð, meðal annars með skírskotun til undanfarinnar reynslu; og jeg fell ekki frá því. Það hefir sýnt sig, að sjóðir, sem áttu eftir sínu eðli að ávaxtast í Landsbankanum, hafa verið ávaxtaðir alt annars staðar. Þetta hefir numið allmiklum fjárhæðum.

Hæstv. ráðherra drap á, að það bæri að líta á fleira en aðeins hagsmuni bankans; það þyrfti jafnframt að líta á hag ríkissjóðsins og hag þessara einstöku sjóða. Það þykist jeg einmitt hafa ekki síst viljað gera með þessari brtt., sem samþ. var hjer við 2. umr.

Það mun nú vilja brenna víðar við en hjá okkur, að menn vilja gjarnast ávaxta þar fje sitt, sem hæstir eru greiddir vextir, án tillits til, hvort staðurinn er öruggur eða ekki. En nú veit jeg ekki til, að neinn munur hafi verið á þeim vöxtum, sem Landsbankinn greiddi og aðrir, eða mjög smávægilegur. (**Fjrh. JÞ:** Hvað upplýsti hv. þm. Rang. (KlJ)?). Jeg heyrði það ekki. En jeg hygg, að það hafi aldrei átt sjer stað í seinni tíð. Og jeg býst við, að það sje það tímabil, sem um er að ræða.

Þó að það sje mikils um það vert, að ávaxta fje sitt vel, þá er miklu meira um það vert, að fjeð sje geymt á tryggum stað. Nú vil jeg alls ekki segja, að þeir fjármunir, sem ávaxtaðir voru í Íslandsbanka, hafi ekki verið tryggir. Reyndar voru skiftar skoðanir um það um eitt skeið. En það er áreiðanlegt, að þjóðbankinn á að vera sú tryggasta peningastofnun í hverju landi og langt um öruggari en „privatstofnanir". Og því er ekki nema sjálfsagt, að löggjöfin sje þannig sett, að opinberir sjóðir sjeu ávaxtaðir þar, sem þeim er best borgið. Jeg hygg það hafi átt sjer stað fyrir nokkru, að fje úr opinberum sjóði hafi glatast, af því að það var geymt á ótryggum stað. Jeg get að vísu ekki nefnt upphæðina, en mjer er sagt, að hún hafi verið allveruleg. (**KlJ:** Þetta skeði fyrir hundrað árum)! Sá sjóður væri nú orðinn stór og mikill, hefði hann engu tapað. Þó að nokkurt árabil sje síðan, þá getur þetta komið fyrir aftur.

Jeg get því sagt viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að jeg hugsa líka — og fremur en hann — um hag þessara opinberu sjóða með því að vilja láta geyma þá í Landsbankanum, en ekki annarsstaðar. Geta má þess, — sem jeg hefi þó áður tekið fram á þingi — að skipulagi þessara sjóða er þannig háttað, að höfuðstólinn á ekki að skerða; og venjulega er það svo, að leggja á nokkuð mikinn hluta af ávöxtunum við. Þetta er það besta innláns-

fje, sem nokkur peningastofnun getur fengið, því að hún þarf ekki að gera ráð fyrir að þurfa að láta það fljótlega af hendi.

Hæstv. ráðherra (JÞ) mintist á, að stjórnin þyrfti að hafa óbundnar hendur, svo að hún gæti ávaxtað þar, sem hæstir vextir fengjust. (**Fjrh. JÞ:** Ekki sagði jeg það, heldur tryggastir). Jeg hygg það þurfi ekki að standa í vegi, þó að þetta ákvæði sje óbreytt. Mjer finst hæstv. ráðh. gera of mikið úr þessu atriði. En því fremur ætti að vera sjálfsagt að ávaxta þessa opinberu sjóði í Landsbankanum.

Það má líka hugsa sjer það eins og hæstv. fjrh. (JÞ) leggur til, að eitthvað væri fyrir því unnið, að sett yrðu ákvæði í skipulagsskrá sjóðanna, að þeir yrðu ávaxtaðir annarsstaðar. En þá er jeg ekki viss um, að það yrði undir öllum kringumstæðum hættulaust. Og þó menn geri mikið úr frelsi og rjettindum manna til svona ákvarðana, þá finst mjer mega ganga of langt í því efni.

„Búkkaðu fyrir biskupnum, Snjólfur minn." Mjer dettur í hug, að svona lögð ákvæði sjeu fremur til að bæta hagsmuni þjóðbankans en hinna einstöku sjóða.

Jón Baldvinsson: Jeg hefði nú ekki kvatt mjer hljóðs aftur um þetta mál, ef jeg hefði ekki við nánari athugun fundið ákvæði í frv., sem mjer virðist varhugavert og vildi því skjóta til hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. meiri hl. fjhn., hvort ekki mundi rjett að breyta því. Þetta ákvæði, sem jeg hnaut við, er í 1. málsgrein 12. gr. frv. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar alveg sjerstaklega stendur á, svo sem vegna ófriðarástands eða afleiðinga þess, eða ef óvenjuleg peningakreppa skellur á, er heimilt með konunglegri tilskipun að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 7. gr., um innlausn seðla, þó aldrei um lengri tíma en eitt ár í senn."

Þessi gr. í bankalöggjöf, sem menn hugsa sjer til frambúðar, álít jeg að þurfi ekki að standa. Það er yfirleitt bygt á því í frv., að gullgengi verði á seðlunum, og því ástæðulaust eftir anda frv. að hafa slíkt ákvæði í almennri bankalöggjöf, enda virðist mjer það að ýmsu leyti óheppilegt, einkum þó vegna þess, að greinin er þannig orðuð, að þetta gæti orðið misnotað í framkvæmdinni. Mjer finst, að slíkt ákvæði sem þetta ætti að falla undir bráðabirgðaákvæði, og falla svo niður eða vera úr gildi numið, þegar það ástand er læknað, sem það átti við.

Þessari athugasemd minni vildi jeg leyfa mjer að skjóta til hv. meiri hl. fjhn. eða hæstv. fjrh. (JÞ), og vænti þá, að mjer verði svarað, hvort fært þyki, að setja bráðabirgðalög um þetta efni, eða að þetta ákvæði 12. gr. verði algerlega strikað út úr frv. — nú, eða þá í þriðja lagi, að sett verði sjerstök lög, sem heimila ríkisstjórninni undanþágu um innlausn seðlanna, þegar svo stendur á, eins og þarna mælir fyrir um.

Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að í sjerleyfislöggjöf Íslandsbanka er ekki þetta ákvæði um innlausn seðlanna, sem þó eru gulltrygðir. Heldur hafa bráðabirgðalög um undanþágu í þessu efni verið gefin út á hverju ári, eða í hvert sinn, sem nauðsyn hefir þótt. En ef þetta á að ílendast í bankalöggjöfinni, gæti svo farið, að ákvæði þetta, sem er svo teygjanlegt, yrði notað, þó til þess lægju ekki þær ástæður, sem ætl-

ast er til, því vitanlega er það bankinn og stjórnin, sem eiga að dæma um, hvenær sjerstaklega stendur á.

Vilji hv. frsm. (MJ) eða hæstv. fjrh. (JÞ) ekki fallast á að taka upp þessar breytingar, þá mun jeg bera fram brtt. um, að þetta verði flutt aftur í 7. kafla, sem hljóðar um ýms bráðabirgðaákvæði.

Að vísu er það tekið fram í þeim kafla (í 64. gr.), að ákvæði 7. gr. eigi að ganga í gildi, þegar Alþingi ákveður. Og get jeg betur fallist á það, en finst varhugavert að láta upphaf 12. gr. standa eins og það er nú.

Þetta voru þá athugasemdir þær, er jeg vildi gera, og vænti, að þær verði teknar til greina.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að blanda mjer inn í þær deilur, sem orðið hafa um þetta mál, enda hefir litlu verið beint að mjer, nema það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) var að tala um þróun bankanna og ástæður þær, sem orðið hafa því valdandi, hvernig farið hefir fyrir Íslandsbanka. Jeg sje ekki ástæðu til að karpa frekar um það efni, og álít, að jeg hafi fært eins sterk rök fyrir mínu máli eins og hann. Það hefir litið svo út, að privatbankinn hafi verið sterkari en þjóðbankinn. Hann hefir fengið öll þau hlunnindi og friðindi, sem hann hefir farið fram á, en alt hlaut það að verða til þess að veikja hinn bankann, að minsta kosti óbeinlínis. Nú er Íslandsbanki líka að nokkru leyti kominn undan yfirráðum ríkisins, eins og kom í ljós í umr. um fjárlögin nú í vetur, þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti því yfir, að hann eða stjórnin hefðu engin ráð á bankanum, þó að skipaðir væru þar 2 bankastjórar að tilhlutun stjórnarinnar.

Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði í gær um athugasemdir mínar, og játaði, að ekki væri nema stigmunur milli mín og hans, úr því jeg væri með því að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna, þá vil jeg bæta því við, að mjer virðist meira ofríki felast í hans till. en mínum og sama „einokunin“ verða á seðlunum, en ekki „frjáls verslun“, verði það úr, að sjerstök seðlastofnun hafi útgáfuna með höndum. Það sem hann finnur aðallega að því, að Landsbankinn sje gerður að seðlabanka, er það, að bankinn sje þá samkepnisbanki eða hafi jafnframt með höndum áhættustarfsemi, þar sem hann láni fje til reksturs atvinnuvegunum.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði það óþægilegt, að Landsbankinn, sem þá væri seðlabanki, keypti víxla af hinum bankanum og fengi með því að vita um hag viðskiftamannanna, en jeg sje ekkert athugavert við það. Því að jeg geri ekki ráð fyrir, að aðrir víxlar gangi milli bankanna en þeir, sem teljast verða nægilega tryggir; hinsvegar get jeg tæplega búist við, að víxlar, sem aðeins nöfn manna standa á, án nokkurrar baktryggingar, verði teknir gildir í viðskiftum milli seðlastofnunarinnar, hvort sem hún er sjerstök eða í sambandi við Landsbankann og bankana.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þetta að sinni, en vík því til hv. frsm. meiri hl. (MJ), hvort hann mundi ekki sjá sjer fært að taka til athugunar að breyta 12. gr. á þá leið, sem jeg hefi talað um.

Klemens Jónsson: Jeg skýrði stuttlega frá því í gær, að mjer þætti betra og tryggara, að opinberir sjóðir væru geymdir í sama banka, enda hefði sú tíðin verið, að Landsbankinn hefði á-

vaxtað slíkt fje. En jeg skýrði líka frá því í gær, að svo hefði farið, að Landsbankinn hefði ekki sjeð sjer fært að halda slíku áfram, og þá hefðu margir þessir sjóðir verið fluttir í Íslandsbanka, og ekki komið á daginn, að hlotist hefði tjón af því.

Þessu mótmælti háttv. 2. þm. Árn. (JörB) og benti á einn sjóð — Thorkillisjóðinn — sem hefði tapað einhverju fje. Jeg spurði þá þegar, hvenær það hefði átt sjer stað, en fjekk ekkert svar. En af því að mjer er að líkindum kunnugra um þennan sjóð heldur en flestum öðrum hv. þdm., þar sem jeg hefi verið í stjórn sjóðsins um 13 ára bil, þá vil jeg skýra hjer nokkru ger frá, einkum þó vegna þess, að mjer virtist orð hv. þm. (JörB) geta skilist á þann veg, að þetta tap sjóðsins hefði komið nýlega fyrir, eða að minsta kosti ekki fyrir löngu, en eftir því sem jeg veit best, hefir sjóður þessi engu tapað eftir að hann fluttist allur til landsins. Sjóður þessi, sem kominn er frá Jóni Þorkelssyni Skálholtsrektor, var áður í tvennu lagi, og var annar hluti hans geymdur í Danmörku í vörslum Sjálandsbiskups, og þar mun hafa tapast þó nokkur upphæð, eftir því sem reikningar sjóðsins bera með sjer. En síðan eru nú liðin að minsta kosti full 100 ár, að þetta tap átti sjer stað, og það var sá hluti sjóðsins, sem geymdur var í Danmörku, sem fyrir því varð, en hjer heima hefir ekkert tapast, að því er jeg best veit. Árið 1849 var sjóðurinn sendur hingað upp, og fram yfir aldamót stjórnað af stiftsyfirvöldunum, en þegar stjórnin færðist inn í landið 1904, hvarf sjóðurinn undir eftirlit stjórnarráðsins, og var jeg þá í stjórn hans þau ár, sem jeg var landritari, en eftir að landritaraembættið lagðist niður, hefir það verið stjórnin, sem haft hefir allan veg og vanda af sjóðnum. Og eins og jeg er margbúinn að taka fram, er mjer ekki kunnugt um, að sjóðurinn hafi neinu tapað, og alls ekki á síðustu árum. Síðari árin hefir hann aukist dálítið, en þó ekki nema um lítinn part af sjóðsupphæðinni.

Háttv. sami þm. gat þess, að komið hefði fyrir, að Íslandsbanki hefði ekki getað staðið í skilum. Það er satt; hann gat ekki staðið í skilum um póstávísanafje. En eins og jeg sagði í gær, þá var fjeð geymt þar eftir samningi við Íslandsbanka, er Landsbankinn fjekst eigi til. Íslandsbanki tók þannig á sig áhættuna af því að taka alt fje, er landssjóður hafði með höndum, og yfirfæra það, er krafist yrði. Með því inti hann af hendi það, sem í raun og veru hefði verið skylda þjóðbankans. En nú á að láta hann gjalda þess, með því að taka þaðan opinbert fje, sem hefir verið ávaxtað þar samkvæmt samningi við stjórnina. Jeg verð að segja, að það er harla hart. Mjer finst, þegar tveir bankar eru, ætti að skifta milli þeirra þessu fje, eða að minsta kosti láta afskiftalaust, hvar hver stjórn leggur fjeð inn. Fengi hún að ráða, mundi hún að líkindum skifta nokkuð jafnt.

Jeg tel því eigi ráð að samþykkja till., og komist málið til Ed., teldi jeg æskilegt, að hún lagfærði þetta ákvæði.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get ekki skrifað undir það með hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að gera beri alt til þess, að auka innlánsfje Landsbankans. Jeg tel það mundi verða til skaða og því verra því meira; stafar honum af því slík áhætta, að hún gæti orðið honum að falli sem

seðlabanka. Jeg er hræddur um, ef kreppa kemur — og hún kemur fyr eða síðar — verði sparifje og útlánsstarfsemi til meins fyrir bankann og hættu fyrir landið. Af þeirri ástæðu get jeg ekki greitt atkvæði með því, að skylda bankann til að taka við innstæðufje.

Háttv. frsm. minni hl. (JakM) hefir lýst, hversu óformleg og óviðeigandi ákvæði 68. greinar eru. Þau eru einsdæmi, og slík ákvæði finnast ekki í neinum þeim lögum um seðlabanka, er menn hjer þekkja.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) heldur það sje bankanum mikils virði, að vera skyldaður til að taka við fje opinberra sjóða. Það er vitanlega meiningarlaust að skylda starfsmenn og stjórn að leggja alt handbært fje inn í Landsbankann, ef hann er ekki skyldugur til að taka við því.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir skýrt áður, að lögin frá 1919 væru pappírslög. Og þau geta aldrei orðið annað en pappírslög, og þeir, sem mæltu með þeim þá, hafa ekki staðið við þau, ekki fylgt lagabókstafnum. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) vill skylda alla sjóði og stofnanir að ávaxta fje sitt í Landsbankanum og bankann þar með að taka við. En í skipulagsskrám sumra sjóða, er menn gefa til eflingar sveitarfjelagi, er svo fyrir mælt, að fje sjóðsins skuli ávaxtað með útlánum gegn tryggum jarðaveðum í því bygðarlagi. Þykir mjer æði hart aðgöngu, að menn, sem gefa fje á þennan hátt, sjeu ekki frjálsir að því að lofa þeirri sveit, er sjóðinn hlýtur, að njóta þæginda af lánum úr sjóðnum.

Frelsi — sagði háttv. þm. — væri oft til bölvunar. Getur verið í einstaka tilfellum. En frelsi í þessa átt, að leyfa mönnum að hafa frjálsar hendur um innstæðufje sitt, getur aldrei leitt til ills. (**JörB:** Thorkillisjóðurinn tapaði 5/8). Var það af því, að Ríkisbankinn ekki ávaxtaði? Það var vegna þess, að danska ríkið varð gjaldþrota. Eins mundi fara um fje í Landsbankanum, ef íslenska ríkið yrði gjaldþrota.

Nei, háttv. þm. má ekki halda, að það sje eins með peningastofnanir og menn, sem vilja fá lán. Getur vel komið fyrir, að bankinn vilji ekki og geti ekki tekið við innlánum. Helst skildist mjer á hv. þm., að hann vildi ráðstafa öllum innstæðum manna, og skal jeg ekki neita því, að þá væri ófrelsið fullkomið. (**JörB:** Misskilningur!).

Jörundur Brynjólfsson: Það er til lítils að karpa um þetta. Mjer virðist af tveim síðustu ræðum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að hann harmi það mjög, að ákveðið verði um opinbera sjóði, að þeir skuli ávaxtast í Landsbankanum. Það var einu sinni uppi sú hreyfing, er taldi, að ekki væri þörf á starfsemi Landsbankans og vænlegast væri að hafa aðeins hlutafjárbanka. Sú tíð er nú liðin. En út af breytingum á frv. við síðustu umr., þá sje jeg ekki, að með því sje svo á rjett annara peningastofnana gengið, að orð sje á gerandi. Er óþarfi af háttv. þm. (JAJ) að gera manni upp meiningar, sem maður hefir aldrei sagt nje dottið í hug, og gera þar með ástæður ríkari til andmæla. Þannig gaf háttv. þm. í skyn, að mjer mundi næst skapi, að menn hefðu ekki heimild til að ávaxta fje sitt annarsstaðar en í Landsbankanum. Aðrar penigastofnanir halda sínum rjettindum, og jeg hefi getið þess áður, að það var ekki meiningin að ganga á þau. Till. hefir heldur ekki

verið andmælt á öðrum grundvelli en þeim, að alt mætti vera frjálst, og Íslandsbanki eins og Landsbankinn ætti að hafa ávöxtun sjóða. Jeg hefi ekki gefið tilefni til að draga Íslandsbanka inn í umr., og jeg skal játa það, að hann hefir gert of mikið gagn og á yfir of miklu fje landsmanna að ráða, sem bundið er í atvinnuvegum landsmanna, til þess, að okkur megi á sama standa, hvernig honum farnast. En hinu held jeg hiklaust fram, að næst stendur okkur að hugsa um hagsmuni þjóðbankans.

Skil ekki, er menn eru að gera ráð fyrir því, að Landsbankinn muni gefa lága vexti. Það er óþarft að óttast slíkt, því að stjórn bankans er samkvæmt frv. vel komið fyrir, svo að hagsmunir þessara sjóða ættu að vera vel trygðir.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) drap á sjerstakar ástæður til þess, að Thorkillisjóðurinn tapaði fje sínu; danska ríkið varð að færa niður inneignir manna sökum alveg óvejulegs hruns, og er ekki hægt við því að gera, er slíkt ber að höndum. En nærri má geta, að þegar hag landsins er svo komið, að hið opinbera getur ekki staðið við skuldbindingar sínar, þá muni peningastofnunum einstakra manna vera með öllu ókleift að standa skil á þeim fjármunum, er þær hafa fengið til ávöxtunar.

Privatbankar í nágrannalöndunum hafa líka undanfarin ár átt erfitt uppdráttar, og hjá þeim hafa menn tapað stórfje, en þjóðbankar hafa staðist þessar eldraunir betur, sem eðlilegt er.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrði þetta meir, en vona, að hv. deild lofi þessu að standa óbreyttu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. (JBald), um fyrri hl. 12. gr., vil jeg aðeins taka það fram, að ákvæði hennar eru aðeins að forminu til breyting frá því, sem vera mundi, ef ekkert stæði um það. Þar segir svo, að veita megi undanþágu (frá 7. gr.) með konunglegri tilskipun, en í stjórnarskránni, § 23., að konungur geti gefið út bráðabirgðalög, er brýn nauðsyn ber til.

12. gr. frv. áskilur, að tilskipunin falli úr gildi, hafi næsta Alþingi ekki samþ. hana 4 vikum eftir þingsetning, og er því strangari en stjórnarskráin, sem segir, að bráðabirgðalög falli úr gildi, ef næsta þing ekki samþykki þau. Finst mjer því engin ástæða til þess að gera neinar grýlur úr ákvæði 12. gr.

Halldór Stefánsson: Till. okkar á þskj. 506 hafa sætt andmælum úr sömu átt og við 2. umr.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) taldi óaðgengilegt að miða við nafnverð. Tekið er fram nú, að miðað sje við nafnverð. Við meintum aldrei annað en nafnverð, en rjettara að taka það fram til að fyrirbyggja efa eða misskilning.

Háttv. þm. (MJ) sagði, að till. væri þannig, að bankinn eða sparifjeð fengi ekki aðeins ónógan gróða, heldur hlyti það að verða til stórskaða fyrir sparisjóð. Fjarstæða er það ekki út af fyrir sig, því að vaxtamunur á sparisjóði og brjefum yrði ½%. En það er gamla sagan, að meir beri að meta gróða banka en alhliða hagsmuni atvinnuveganna.

Það er ekki vert að lengja umr. með því að fara út í þá sálma.

Getur verið, að jarðræktarbrjefin verði ekki eins útgengileg og önnur brjef, en þó er það ekki víst, að menn vildu ekki líta við þeim. Því verður ekki neitað, að þau sjeu þó einna tryggust af

bankavaxtabrjefum. Búast má við, að bankinn liggi altaf með einhvern hluta af fjenu. En benda má á, að fje þannig bundið þyrfti ekki að vera með öllu ónýtt sem rekstursfje fyrir bankann, þótt ekki reyndust brjefin auðseljanleg. Væru þau vel til þess fallin, að vera sem trygging fyrir sparisjóðsfje og jafnvel útlendu fje, ef á lægi. Er bent á þetta í nál. okkar minni hl. manna.

Jeg hefi þá sýnt fram á, að þetta ákvæði um nafnverð ætti ekki að verða till. okkar til hnekkis. Síðari till., sem er varatill., hyggur hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sje aðgengilegri, og hefir ekki verið að henni fundið, en þó talað um, að hún sje ósamrýmanleg samningi milli Ræktunarsjóðs og Landsbankans á grundvelli Ræktunarsjóðslaganna. En það er bygt á misskilningi, blandað saman tveim óskildum atriðum, vöxtum og brjefamagni. Samningurinn gildir um þann hluta verðbrjefanna, sem hann nær til. Þessi andmæli eru því heldur eigi til fyrirstöðu, að till. verði samþykt.

Þar sem varatill. okkar er miðlunartill., samanborið við það, sem áður var, og hafði þó allmikið fylgi við 2. umr., þá vænti jeg þess, að annaðhvort aðaltill. eða varatill. verði nú samþykt við þessa umr. hjer í deildinni.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það mætti búast við, af öllu því, sem sagt hefir verið, að jeg hjeldi hjer ekki stutta ræðu, enda er það mála sannast, að svo mundi vera, ef jeg ætlaði að svara öllu til hlítar. En jeg ætla að sleppa því. Aðeins svara fyrirspurnum og sliku, og fara fáum orðum um það, er hv. þm. N.-Þ. (BSv) beindi til nefndarinnar.

Háttv. minni hl. milliþinganefndar (BSv) hefir gert meiri hl. þann óvenjulega heiður, að semja „commentar“ eða skýringar við nál. hans, lengri og greinilegri en jeg hefi sjeð saminn við nokkurt annað þingskjal, og líkist mest að lengd skýringum á ritum bibliunnar. Og það var rjett með naumindum, að hv. þm. (BSv) tókst að breiða yfir það með mælsku sinni, að málið væri flutt meir af orðvísi en rökum. Og ef ekki ætti í hlut sjálfur hæstv. forseti deildarinnar, sem óhugsandi er að gangi á undan þingmönnum deildarinnar með svo vondu eftirdæmi, þá hefði einhverjum getað dottið í hug, að ræða hans væri eitthvað í ætt við málþóf.

En vegna þess, hve geysilöngum tíma þyrfti að verja til þess að svara hverju atriði ræðunnar, býst jeg við að flýta fyrir málinu með því að sleppa þeim alveg.

En jeg vil svara hv. síðasta ræðumanni (HStef) fáum orðum. Hann var að mæla fram með till. sinni og hv. þm. Str. (TrÞ). Hann taldi það gott fyrir bankann að kaupa þessi brjef með nafnverði, og að því þyrfti ekki að verða neinn skaði. Það getur verið, að bankinn komist af með 1% vaxtamun. En skaðinn er vís, ef hann verður að selja brjefin, því þau falla í verði, sem svarar muninum á rentunni af þeim og öðrum sæmilegum verðbrjefum. Og það er ekki til neins að segja mönnum, að þeir sjeu fullsæmdir af t. d. 4½% vöxtum af vel tryggum brjefum, ef til boða standa annarsstaðar verðbrjef, sem gefa t. d. 5½—6%. Brjef þessi verða óseljanleg með nafnverði. Hv. þm. fann þetta sjálfur og vildi bjarga þessu við með því að halda því fram, að bank-

inn þyrfti að eiga brjef sem trygging fyrir sparisjóðsfje því, sem hann hefir í sínum vörslum. En hvaða trygging er fólgin í slíku? Ef það ætti að vera trygging í slíkum brjefum, þá yrðu þau að vera þannig, að hægt væri að selja þau hvenær sem til þyrfti að taka. Í því er tryggingin fólgin, ef „run" kæmi á bankann, en ekki í því einu, að „eiga þau". Jeg verð því að álíta, að þessi brjef sjeu einmitt mjög óþægileg fyrir bankann. Það er vitaskuld, að brjefin verður að selja með afföllum. Það er ekki hægt að útvega peninga til neins fyrir lægri vexti en fáanlegir eru á peningamarkaðinum. Ef vextirnir eru lægri, þá verður líka einhver að borga brúsann. Hjer er því verið að reyna að gera það, sem er í sjálfu sjer ómögulegt, og er engin von, að það takist. Kostnaðurinn lendir hjer í þessu tilfelli á bankanum og innstæðueigendum.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) talaði um ákvæði 68. gr., sem hann taldi mjög óviðeigandi, enda ekki í neinum seðlabankalögum. Jeg hefi ekki við höndina lög ríkisbankans sænska, sem eru frá því fyrir aldamót. En þar eru alveg hliðstæð ákvæði. Þetta er miðað við sjerstakt ástand, og því eðlilegt, að það sje sett í þessa grein ásamt fleiri sjerstökum ákvæðum. Hitt er miklu minna vert um, smábrtt. þeirra hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Jeg legg ekkert upp úr því, þó þær gangi fram. Hv. samþm. minn, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), fann það að, að ákvæði þessi gerðu seðlabankann kraftlausan gagnvart Íslandsbanka, þar sem hann yrði að vera bundinn við ákveðnar ívilnanir til þess banka. Það er rjett, að þetta eru höft. En að það geri hann kraftlausan gagnvart Íslandsbanka, það er ekki rjett. Þetta er miðað við sjerstakt ástand, meðan sá banki er að draga inn seðla sína. En seðlabankinn hefir eftir sem áður sömu tök á hinum bankanum vegna „rediscontóarinnar", því hann þarf eins og áður á „rediscontó" að halda, auk þessarar sjerstöku, sem stafar af seðlainndrættinum. En það skil jeg ekki, að þetta geti lagt hömlur á það, að Landsbankinn geti fengið Íslandsbanka til þess að lækka vexti, ef hann gerir það sjálfur. Annars sje jeg ekki, að þetta sje neitt stórt atriði. Seðlabankinn þarf miklu meira á hinu að halda, að knýja hina bankana til þess að *hækka vexti*, þegar honum þykir nauðsynlegt. Það er aðal-spennitakið, sem hann hefir til þess að varna sveiflum, þegar kreppa fer í hönd. Þá gengur seðlabankanum oft illa að fá forvextina hækkaða nógu fljótt. Og í því er Landsbankinn ekki hindraður af þessum ákvæðum, og til þess var þetta sett inn: „Þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans."

Þá hjelt hv. 3. þm. Reykv. (JakM) því fram, að seðlatryggingunni væri ekki vel fyrir komið í frv. Þetta er stórt „principatriði", sem hjer bryddir á. Það eru einkum tvær meginstefnur, sem fylgt er um seðlatrygginguna yfirleitt. Englandsbanki hefir tekið upp þá stefnu, að það má gefa út ákveðna fúlgu umfram það, sem gulltrygt er, en svo verður það, sem fer þar fram yfir, að vera innleysanlegt með gulli. Þessi regla, sem nefnd er „*contingent system*", er að mörgu leyti góð, en þó hefir víða verið frá henni horfið á síðari tímum sökum þess, að í hana vantar þá teygju, sem er nauðsynleg, þegar krepputímarnir skella yfir. Enda hefir orðið að afnema „*The Bank Act*" á Englandi

í bili, meðan kreppur liðu hjá. — Hin reglan er sú, að miða tryggingu seðlanna við eitthvert ákveðið hlutfall. Þetta hefir verið notað t. d. í Danmörku. Margir bankar hafa notað sambland af báðum þessum meginreglum. Þessi tryggingaraðferð hefir þann ókost, að fyrir hverjar 10 gullkr., sem út eru teknar, verður að draga inn um 20 kr. í seðlum, ef tryggingarhlutfallið er ⅓, þessvegna verður bankinn að vera á verði um að fá sjer gull, ef á þarf að halda, og það mjög fljótt. Auðvitað er þetta aldrei svo strangt, að ekki geti komist ruglingur á part úr mánuði eða svo, og hreinasta fjarstæða er að segja, að þetta sje í raun rjettri sama sem að hafa enga innlausnarskyldu. Þetta hefir verið svona í mörgum löndum um langt skeið, og jeg skil ekki, að menn vilji hverfa frá „principi", sem reynst hefir hjer vel.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg svara stuttlega út af því, er hann sagði, að ákvæði 12. gr., um að leysa bankann af innlausnarskyldunni, ætti heima í bráðabirgðarákvæðunum. Jeg er hissa á þessu. Því ef hjer í frv. er nokkuð, sem horfir langt fram í tímann, þá er það þetta ákvæði. Í 69. grein eru aftur ákvæði, sem eiga við það sjerstaka ástand, sem nú er. Hitt á við væntanlega kreppu af ófriði eða slíku. Því það er einsætt, að ef þetta ákvæði er felt burtu, þá er ekkert í frv., sem um slíkt hljóðar, því bráðabirgðarákvæðin eru á alt öðrum stað. En úr því vjer, sem lifum á þessum háskasemda tímum, höfum komið auga á það, að þessa ákvæðis geti verið þörf, þá er rjett að við setjum það heldur en láta þá, sem ekkert slíkt hafa reynt, setja ákvæði um þetta í blindni og flaustri, þegar þar að kæmi. Og 12. gr. sýnir, hvernig vjer álítum, að frá þessu eigi að ganga. Það er ólíkt skemtilegra að setja ákvæði þessi nú þegar, heldur en að fara þurfi eins og 1914, þegar gullinnlausnin var afnumin, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Þetta verður því að teljast hyggileg ráðstöfun.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekkert sjerstakt að athuga við orðalag 12. gr. í sjálfu sjer, ef þetta ákvæði þyrfti þar að vera. En jeg álít, að þetta ákvæði í síðari hluta 12. gr. eigi ekki að vera í lögunum, og eigi því að falla burtu, en hliðstætt ákvæði að koma í bráðabirgðarákvæðin.

Háttv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að þetta væri sett vegna væntanlegrar stórkreppu. En þá er því meiri ástæða til þess að hafa það ekki. Það er meira öryggi í því falið, ef stjórnin þarf að gera slíkar ráðstafanir á eigin ábyrgð, heldur en ef hún getur gefið út konunglega tilskipun eftir gildandi lögum. Það er meiri trygging fyrir því, að til slíks verði ekki gripið nema í virkilegri nauðsyn, því stjórnin hefir þá ástæðu til þess að líta vel í kringum sig, áður en hún tekur á sig slíka ábyrgð. Jeg er því enn ákveðnari í því en áður, að þetta eigi ekki að standa í lögunum, heldur eigi það að falla alveg niður. Í því er ekki öryggi — og meira öryggi að hafa það ekki, en láta stjórnina á hverjum tíma taka á sig þá ábyrgð, að meta, hvort ljetta skuli innlausnarskyldu bankans eða ekki. 1. málsgrein 12. gr. getur staðið eins fyrir því, að því athuguðu, að orðið „þá" falli líka niður.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Hv. 2. þm. Árn. (JörB) minti mig á það,

þegar hann var að tala um það, hvað stjórn bankans væri snildarlega fyrirkomið, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) varpaði því fram við 2. umr., að hann sæi ekki annan kost á sjerstökum seðlabanka en þann, að hjer væri plass fyrir 6 menn í stjórn, í stað 3 áður. En hvað margir menn eiga að verða í stjórn Landsbankans? Þeir eiga ekki að verða aðeins 6, heldur nálega fjórfalt fleiri, eða svona 23. Það er höfuðkostur frv. frá þeirra sjónarmiði að geta komið að mörgum mönnum við Landsbankann. Þeim er að vísu ekki ætluð laun öllum að svo stöddu. En hvað lengi helst það? Það getur breyst áður en langt er um liðið. A. m. k. þarf sú mikla bankastjórn að fá einhver laun fyrir starfa sinn, ferðakostnað hingað til bæjarins og dagpeninga meðan þeir eru hjer á fundum. Og þegar um marga menn er að ræða, þá dregur það sig saman. Í raun og veru er fyrirkomulagið þannig, að bankastjórarnir eru fjórir, þar sem formaður bankaráðsins á að vera sístarfandi í stjórn bankans eftir því, sem þetta fyrirkomulag er hugsað, og það er enginn vafi á því, að með þessu fyrirkomulagi verður stjórn bankans dýrari en með því fyrirkomulagi, sem minni hl. stakk upp á, enda þótt bankarnir væru tveir. Jeg held, að þetta stjórnarbákn sje til engra bóta. Jeg held, að reynslan úti um lönd hafi sýnt það, að bankaráðin hafi ekki „spilað mikla rullu“ í stjórn bankanna, og um reynsluna hjer er óþarft að tala. Þetta var nú aðeins lauslegt innskot út af saklausum ummælum hv. 2. þm. Árn. (JörB).

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vjek því til mín út af því, sem jeg sagði við 2. umr. og háttv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir bent á, að þetta mál hefir ekki verið sem best lagt fyrir hina erlendu sjerfræðinga. Út af þessu beindi hv. þm. því til okkar, að áður en þetta mál hefði verið lagt fyrir þá, hefði nefndin verið öll í einu lagi, en hefði klofnað fyrst eftir það. Vildi hann því halda því fram, að sökin hvíldi á allri nefndinni. Það má e. t. v. til sanns vegar færa. En munurinn er sá, að minni hl. hefir dregið ályktanir af svörum sjerfræðinganna í samræmi við það, hvernig það var fyrir þá lagt, en meiri hl. eins og ekkert væri um það að athuga. Ber því meiri hl. sjerstaka ábyrgð á því, hvernig málið var borið fram, hvernig hann byggir á árangri málaleitunarinnar til hinna útlendu sjerfræðinga og á afleiðingunum af henni. Er þetta því engin afsökun fyrir meiri hl. Hinsvegar hefir hvorki frsm. meiri hl. (MJ) eða hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) mótmælt því, að jeg hefði lýst rjett, hvernig málið var lagt fyrir hina erlendu sjerfræðinga, sama sem sagt, að við hefðum ekki efni á að koma upp sjerstökum seðlabanka. Jeg verð að segja, að mjer finst vörn meiri hl. ljeleg, því að þessi ásökun í garð meiri hl., um, að hann hafi borið málið og lagt fyrir hina erlendu bankafræðinga mjög hlutdrægt, er mjög þung í sjálfu sjer, en meiri hl. ekki borið við að svara þessu (**MJ**: Jú, við 2. umr., og svo var skýrt frá þeim í nál.). Það var víst afskaplega ljelegt svar. Jeg minnist þess ekki, að nokkur úr meiri hl. hafi skýrt frá því, hversvegna ekki var lagt fyrir hina útlendu bankafræðinga sú tillaga að hafa seðlabanka í sambandi við veðlánsbanka.

Hæstv. fjrh. (JÞ) mælti með brtt. sinni á þskj. 485, um að breyta ákvæði, sem sett var inn í frv. við 2. umr. og jeg hafði greitt atkv. með, um ávöxtun op-

inbers fjár í bankanum. Hann sagði, að óheppilegt væri fyrir ríkisstjórnina að mega ekki hafa innlán í öðrum banka, og bætti því við, að bankinn hefði oft bandað við slíku fje. Jeg verð að segja, að nokkuð öðru máli gegnir um Landsbankann fyrir Landsbankann eins og hann nú á að verða, þegar hann sem seðlabanki á að fara að starfa með innlánsfje. En mjer skilst, að eigi hann að fara að starfa með innlánsfje, þá sje það mikill kostur að hafa einmitt það innlánsfje, sem hann getur best treyst á. En um annað innlánsfje veit bankinn ekki hvenær rifið verður út, en opinbert fje er aldrei rifið út. Gæti það alveg komið bankanum á kaldan klaka að hafa innlánsfje, sem þá og þegar væri rifið út. Þessvegna verð jeg að halda mjer við það, að eigi að halda þessu fyrirkomulagi, að til mikilla bóta sje fyrir bankann að hafa einnig opinbert fje. Þar að auki er meiri hluti þess að sjálfsögðu hlaupareikningsfje, sem sjerstöku máli gegnir um.

Hæstv. fjrh. sagði, að ekki þýddi að fást um ákvæði, sem er á tveim stöðum í frv. um það, að Landsbankinn megi ekki lána ríkissjóði nema ákveðna upphæð. Það mætti deila um, hve heppilegt þetta ákvæði er. Og þótt það standi í frv., má enn breyta því. Þótt það sje ekki hægt hjer í þessari deild, þá er hugsanlegt, að hv. Ed. tæki það til athugunar, og er nægur tími til þess að fá því breytt þar. Hæstv. fjrh. (JÞ) andmælti því, sem jeg hjelt fram, að með því að draga úr verðbrjefaeign væri bankinn gerður ótryggari. Hann sagði, að af því að síðan þetta ákvæði hefði verið sett inn til þess að gera bankann tryggari, þá væri nú gert ráð fyrir aðskilnaði milli sparisjóðsdeildar og seðladeildar. Jeg hefi áður lýst því, að jeg geri ekki svo mikið úr þessu atriði. Mjer finst, að það hafi í þessu sambandi litla þýðingu. Þessu fje er sjálfráðstafað í sparisjóðsdeildina. En það gæti haft áhrif á ráðstafanir þess fjár, sem fara ætti í seðladeildina, og er því sama nauðsynin að setja jafntryggar ráðstafanir um það og áður. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), samnefndarm. minn og samherji í þessu máli, er ekki sammála mjer um ávöxtun opinbers fjár í bankanum. Það þýðir ekki að deila um það, við höfum ólíkar skoðanir á þessu. Og þótt við sjeum sammála um höfuðatriðið, að þessa starfsemi beri að aðskilja, þá held jeg þó fast við það, að gera eigi það, sem skárst er, og það er að tryggja bankanum sem best innlánsfje og hentugast að hægt er.

Þar sem talað er um, að ýmsir sjóðir sje stofnaðir með þeim fyrirmælum, að þeir skuli ávaxtast á sjerstakan hátt, þá má ekki setja það fyrir sig. Það liggur í hlutarins eðli, að það verður að gera, þegar gjafafjeð er beinlínis bundið skilyrði um, hvernig það skuli ávaxtast. Enda nær þetta ákvæði ekki til annars fjár en þess, sem óbundið er að þessu leyti.

Jeg hefi skrifað niður hjá mjer aths. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um upphaf 12. gr. Jeg felst á röksemdir hans fyrir því, að rjettara sje að hafa ekki þetta ákvæði um undanþágu frá innlausnarskyldu í frv., svo að hver og ein stjórn yrði að gera það á eigin ábyrgð, ef hún álítur þess þörf, án þess að henni væri gefið undir fótinn með það með slíku ákvæði. Og ef eitthvað bjátaði á, gæti þetta ákvæði leitt til þess, að gripið yrði

til ráðstafana undir ástæðum, sem ekki væru forsvaranlegar.

Hæstv. fjrh. sagði, að þetta væri formleg breyting, en þessi breyting er þýðingarmikil, því að hún miðar að því, að koma ábyrgðinni á rjettan aðilja.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) beindi til mín nokkrum orðum, sem að vísu er ekki mikil ástæða til að fjölyrða um. Hann gerði lítið úr ummælum mínum um vaxtahlutföll bankanna, þar sem jeg hjelt því fram, að samkv. frv. yrði seðlabankinn að haga vöxtum sínum eftir einkabankanum. En eftir því, sem greinin hljóðar, er það nú svo. Þó taldi hann bót í máli, að bankinn hefði tök á því að fá einkabankann til þess að hækka vexti. Við lítum nú misjafnt á þetta. En jeg er þess ókvíðinn, að til þess komi, að Landsbankinn þurfi að beita hörku við Íslandsbanka til hækkunar. Jeg held, að eftir því, sem efnahagur hans er, að ekki þurfi að gera því skóna í náinni framtíð.

Annarsvegar sagði hv. frsm. (MJ), að það væri auðvitað, að seðlabankinn gæti „diskonterað" fyrir hinn bankann með vægari kjörum, ef hann vildi haga sjer eftir honum í vaxtapólitíkinni. En eftir því, sem ákveðið er í frvgr., verð jeg að efast um það, því að í henni er þessi ívilnun fastákveðin, og þessvegna skilst mjer, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafi komið fram með sína góðu brtt. Um gulltryggingarfyrirkomulagið var óþarft af hv. þm. (MJ) að halda nokkurn fyrirlestur, því að það er enginn ágreiningur milli okkar um það, enda engin breytingartillaga um það. Jeg játaði, að uppástunga mín mundi ekki fá byr, þar sem menn vildu helst sem mest fylgja sem fornustum kenningum og fara eftir því, sem annarsstaðar tíðkaðist aðeins í því, sem verst gefst og síst nær tilgangi sínum. Hinsvegar játaði hv. frsm., að það væri rjett, að mín trygging væri „effektivari", þegar þyrfti að innleysa, og virðist það nú raunar aðalatriði málsins. Ýmislegt fleira hefði átt að athuga um fyrirkomulagið á gulltryggingunni, t. d., að hve miklu leyti ætti að hafa gulltryggingu fyrir þeim seðlum, sem aðeins eru í umferð stuttan tíma; gæti verið gott að hafa inneign í erlendum bönkum sem tryggingu fyrir þeim í stað gulls. En þetta hefir lítið verið athugað af nefndinni og aðeins tekið upp það, sem hendi lá næst. En jeg held fast við það, að þessi trygging, sem frv. ákveður, sje sama sem engin trygging, því að hvenær sem til hennar á að taka, eru seðlarnir orðnir ótryggir, og verður þá að leysa bankann undan innlausnarskyldunni Jeg get hugsað mjer, að þetta hafi einhvernveginn birtst fyrir hugskoti nefndarinnar, og því hafi þetta ákvæði um greiðan veg til að veita undanþágu frá innlausnarskyldunni verið sett inn í 12. gr., því að hún hafi hugsað sjer, að það gæti einatt að höndum borið, að grípa þyrfti til þess að losa bankann við innlausnarskyldurnar.

Hv. frsm. (MJ) sagði, að þegar talað væri um gulltryggingu, þá væri þetta „ópraktiskt" atriði, því að það hefði ekki komið til fyr en í ófriðnum mikla, að horfið var frá henni og bankanum gefin undanþága. En einmitt það atriði, sem hv. frsm. (MJ) líka benti á, hve þetta land er langt frá öðrum löndum, gefur sjerstakar ástæður til þess að athuga og yfirvega, hvort ekki sje rjettara að hafa hina tryggingaraðferðina en að hlaupa til og útvega gulltryggingu, þegar í harðbakkann slær eins og

hjer er farið fram á. Fleira hefi jeg svo ekki ástæðu til að athuga af því, sem sagt hefir verið í þessu máli

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætlaði ekki að tala oftar í þessu máli. En þar sem hv. frsm. minni hl. (JakM) bar sakir á milliþinganefndina, þá vil jeg vekja athygli á því, að sakargiftir hans hitta jafnt meiri og minni hl. bankanefndarinnar. Hann segir, að málið hafi verið lagt vilhalt fyrir hina erlendu bankafræðinga. En hafi svo verið gert, þá er það með ráði beggja nefndarhlutanna. Ef þetta er rangt, bið jeg minni hl. (BSv) að leiðrjetta það. Jeg veit ekki til þess, að hann hafi fundið að því, hvernig málið var lagt fyrir hina erlendu bankastjóra. En ef það á að byggja á orðum hv. frsm. minni hl. (JakM), að minni hl. bankanefndarinnar hafi ætlast til þess, að málið væri lagt þannig fyrir hina erlendu menn, að ekki skyldi vera hægt að byggja á svörum þeirra, þá eru það svæsnari getsakir en skoðanabróðir á skilið. Sannleikurinn er sá, að báðir nefndarhlutar bjuggu málið undirhyggjulaust í hendur hinna erlendu bankastjóra, og voru um alt á eitt sáttir. En þá er hitt, hvort við, sem við bankastjórana töluðum, höfum sýnt hlutdrægni. Hv. frsm. (JakM) fullyrðir það. Þetta er þung ásökun, eins og hann kemst að orði. En hún er meira. Hún er líka ósvífni. Hin eina átylla, sem hv. þm. nefndi, var, að við hefðum sagt, að íslenska þjóðin væri of fátæk og fámenn til þess að hafa sjerstakan seðlabanka. Hvaðan hann hefir það, veit jeg ekki; en ef við hefðum skýrt rangt frá ástæðum hjer heima, hefðu bankastjórarnir átt að geta sjeð rangfærslurnar og hlutdrægnina af skjölum þeim, sem við lögðum fyrir þá. Þeir fengu ýmsar skýrslur um banka og landshagi, sem telja verður fullnægjandi, svo að við hefðum ekkert getað sagt þeim um fátækt eða fámenni umfram það, sem tölurnar segja, þótt við hefðum viljað. Það má geta þess í þessu sambandi, að einn af bankastjórum þeim, sem við áttum tal við, undraðist, hve stjórnir okkar litlu banka væru dýrar. Við sögðum sem var, að bankastjórn verður hjer í fámenninu tiltölulega dýrari en annarsstaðar af ýmsum ástæðum. Ekki hefir sá bankastjóri haft hærri hugmyndir en við um fjölmenni vort og ríkidæmi, og aldrei hefði hann lagt til að hafa 6 bankastjóra yfir hinni tiltölulega smávöxnu bankastarfsemi ríkisins, eins og minni hl. vílar ekki fyrir sjer. Það hefði gjarnan mátt tala meira um þetta atriði en raun hefir verið á, því það er eitt af þeim atriðum, sem líta ber á í sambandi við fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, að stjórnarkostnaðurinn verði ekki óhæfilega mikill, þótt sumum þyki aldrei of miklu til kostað, þegar um það er að ræða að stýra peningastofnunum. Er þetta enn eitt, sem gerir frv. minni hl. óaðgengilegt.

Að lokum skal jeg bæta því við, að minni hl. hefir síst ástæðu til, þess að vera óánægður yfir meðferð þessa máls, því að eitt af því, sem lagt var fyrir hina erlendu bankafræðinga, var ritgerð um bankamálið eftir hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem fylgdi áliti fjhn. Ed. í fyrra. Hafi því verið beitt hlutdrægni af nefndinni, þá er það minni hl. sem hefir beitt henni. Hinsvegar skal jeg ekki tala um það, hvaða augum á þessa ritgerð hv. 1. þm. G.-K. (BK) var litið erlendis. Það er augljóst, að í þessum efnum hefir engri hlutdrægni verið beitt, því að báðir

nefndarhlutarnir bera fullkomna ábyrgð á því, hvernig mál þetta var lagt fyrir hina erlendu bankastjóra.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal ekki þreyta hv. þingdeild með langri ræðu að þessu sinni, enda sje jeg, að mjög dregur nú að lokum þessa máls hjer í deildinni. Jeg þarf heldur ekki að deila mikið við háttv. andstæðinga mína að þessu sinni, en vil aðeins gera fáeinar athugasemdir við ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann gat þess út af orðum hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að nefndin hafi verið óklofin, þegar mál þetta var lagt fyrir hina erlendu sjerfræðinga, og mun það vera rjett, að engin misklið varð um það í nefndinni, hver skjöl skyldi leggja fram fyrir þessa menn, en að öðru leyti átti jeg ekki kost á að bera þetta mál munnlega undir sjerfræðinga, svo að mín afskifti ná ekki lengra en til þess, er gerðist hjer heima á Íslandi, en þessir þrír menn úr nefndinni fóru utan, lögðu málið fyrir og töluðu um það við sjerfræðingana. Hann drap á það, að skjöl þau, er afhent hefðu verið þessum útlendu sjerfræðingum, hefðu eindregnara flutt fram þann málstað, er jeg hefði aðhylst, og samkvæmt þeim plöggum hefði málstaður meiri hl. verið ofurliði borinn. Mun hann þar eiga við nefndarálit frá Ed. frá meðferð málsins þar. — Jeg held, að hv. þm. sje að segja þetta að gamni sínu, því að þótt ágætar röksemdir sjeu í þeim plöggum, sem hann á við, þá hefir mjer altaf skilist, sem hann hafi talið þær firrur einar, sem varla væru „teknar alvarlega“ hjer heima, og hefir sjálfsagt verið auðvelt að láta slíkar „skýringar“ fylgja munnlega, þegar skjölin voru lögð fram, enda á honum að heyra nú, sem líkt hefði verið á þau litið þar úti. Það gægðist og út hjá háttv. þm. (ÁÁ), að hann vildi sem fæst um það tala, hvernig orð hefðu fallið milli þeirra nefndarmanna og sjerfræðinganna, og þar sem mjer er það ókunnugt, skal ekki út í það farið frekara. Og hvernig málið hefði viðhorft, eða hvort öðruvísi hefði orðið niðurstaðan, ef jeg hefði farið utan og talað við sjerfræðingana, eins og háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, skal jeg ekki segja neitt um. Það, sem um er deilt, er það, hvernig skilja beri það, sem eftir þessum sjerfræðingum er haft.

Hv. þm. (ÁÁ) fór enn að tala um kostnaðinn við sérstakan seðlabanka og þótti hann helst til mikill, en játaði þó, að sjer ægði ekki, ef fyrirkomulagið yrði með þeim hætti betra. En kostnaðarsamanburður hans var ekki rjettur. — Hann og aðrir verða að minnast þess, að ríkisveðbankalögin verða að komast í framkvæmd á næstu árum, hvort sem er, svo að gífurlegur verður ekki aukakostnaðurinn við seðlaútgáfuna. Auk þess verður kostnaðurinn við Landsbankafyrirkomulagið langtum meiri en af er látið, þar sem við bætist nýtt bankaráð. Jeg verð og að benda á, að því eru ætluð mjög umsvifamikil störf, og býst við, að enginn ætlist til, að það starfi kauplaust. Þetta hefir því mikinn aukinn kostnað í för með sjer. Þetta stjórnarbákn er vitanlega gott og blessað í augum þeirra, sem að því standa, en það getur orðið fulldýrkeypt.

Þá var eitt atriði í nál. háttv. meiri hl., sem jeg þarf að gera aths. við og jeg drap á í gær, og vert er að gefa góða athygli. Þar er sagt, að ekki hafi komið fram neinar till. um seðlaútgáfuna, sem deilum hafi valdið, fyr en árið 1924.

Þetta er að ýmsu leyti rjett. Það var ekki fyr en eftir kosningar 1923, sem mál þetta kom til athugunar frá nýju sjónarmiði. Það var í Ed. 1924, að ný og rökstudd tillaga kom fram, og var henni í fyrstu fremur lítill gaumur gefinn, en því meira, sem lengra liðu tímar fram, og þarf jeg ekki annað en að vitna til Alþt. um þetta, og til skipunar milliþinganefndarinnar og allrar þeirrar deilu, er síðan hefir risið um þetta. Nú er bankamálið orðið mál málanna, og er því mjög áríðandi, að þeim sje komið í sem tryggilegast form. Mun það draga eftir sjer langan slóða og illan, ef því er ekki ráðið til lykta og úr því leyst sem allra best, þar sem nú er eigi um að ræða að „tjalda til einnar nætur" heldur á sú skipan að gilda um langan tíma ókominn, er tekin verður. Þess vegna tel jeg ótilhlýðilegt, að þessu stórmáli sje ráðið til lykta án þess að bera það áður undir kjósendur og dóm allrar þjóðarinnar. Því leyfi jeg mjer að bera hjer með fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að stjórnin rjúfi Alþingi nú þegar og stofni til nýrra kosninga, er fram fari á komanda hausti, til þess að kjósöndum gefist kostur á að láta vilja sinn í ljós um helstu deiluatriði í stórmáli því, er hjer liggur fyrir og komið er upp eftir að síðustu kosningar fóru fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessa dagskrá leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi ekki tekið neinn sjerlegan þátt í þessum umr. að þessu, en nú er komið fram nýtt atriði í þessu máli, sem jeg hafði ekki búist við, og jeg hygg, að komið hafi allmörgum mjög á óvart, það er dagskrártill. hv. þm. N.-Þ. (BSv), hæstv. forseta þessarar deildar, að stofna nú þegar til nýrra kosninga um þetta mál. Þetta kemur allmjög að óvöru, og þó jeg sjálfur t. d. sje á engan hátt mótfallinn nýjum kosningum, ef um það eitt er að ræða, tel jeg það þó talsvert vafaatriði, hvort stofna skuli til þingrofa og nýrra kosninga út af þessu máli, bankamálinu einu saman. Þessvegna mælist jeg til, bæði fyrir sjálfs míns hönd og alls Framsóknarflokksins, sem jeg er formaður fyrir, að hæstv. forseti veiti ca. 10 mínútna fundarhlje til þess að menn geti athugað þessi atriði og ráðið ráðum sínum þeim viðvíkjandi. Þar sem jeg óska, að stórmál þetta gæti orðið afgreitt hjeðan frá deildinni á þessum fundi, vænti jeg, vegna þess, að nýtt atriði er komið fram í málinu, að hæstv. forseti (BSv) veiti oss Framsóknarflokksmönnum þennan umbeðna 10 mínútna frest, til þess að athuga þessa dagskrártillögu.

Jón Baldvinsson: Jeg vil mælast til þess, áður en til atkvæða verður gengið, að fá að heyra eitthvað um það frá hæstv. stjórn, hvernig hún lítur á þessa dagskrártillögu, sem hjer er fram komin, en að því búnu skora jeg á hæstv. forseta að veita klukkustundar fundarhlje til þess að athuga málið. Þar sem svo er ástatt, að flokkur sá, sem jeg tilheyri, á sjer eigi formælendur hjer á þingi aðra en mig, verð jeg að fá tækifæri til að bera saman ráð mín við flokksbræður mína utan þings, sem til næst hjer í bænum, og við flokkstjóra Alþýðuflokksins, þegar um annað eins stór-

mál er að ræða og þingrof og nýjar kosningar. Þó að jeg eða flokkur minn sjaldnast hafi á móti því að leggja út í nýjar kosningar, treysti jeg mjer ekki til að taka ákvörðun um þetta á mitt eindæmi, og minna en klukkustundarfrest get jeg ekki komist af með, er flokksmenn mínir eru dreifðir út um allan bæ. Jeg álít þessa tillögu fullkomið alvörumál, og því mælist jeg ákveðið til, að hæstv. forseti veiti mjer umbeðinn frest.

Fjármálaráðherra (JÞ): Stjórnin í heild sinni hefir auðvitað ekki ennþá haft tækifæri til að taka þessa dagskrártillögu til athugunar, en jeg vil aðeins geta þess, að hjer er um stjórnarfrv. að ræða, sem búið er að samþykkja við tvær umræður í deildinni, og var síðast afgreitt, að mig minnir frá 2. til 3. umr. með 22 : 5 atkv., og tel jeg fyrir mitt leyti, að stjórnin hafi alls ekki ástæðu til að vera neitt óánægð yfir meðferð þingsins á þessu máli, og sje jeg því ekki ennþá ástæðu til að rjúfa þing þessvegna.

Jón Baldvinsson: Þessi dagskrártillaga felur í sjer annað og meira en úrlausn þessa eina máls, bankamálsins, hún felur í sjer þingrof, sem vitanlegt er, að hafa muni mjög víðtækar afleiðingar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að mín skoðun í þessu máli breytist í nokkru, þó að nýjar kosningar fari fram, því jeg mun fylgja þessu máli fram, eins eftir sem áður. Hitt er annað mál, hvort menn vilja sýna það frjálslyndi af sjer, að leyfa kjósendum að kveða upp sinn dóm í stórmáli þessu. Þetta þarf engin áhrif að hafa á skoðun mína til þessa máls, jeg mun halda því jafnt fram í kosningabaráttunni og jeg hefi stutt það með atkv. mínu hjer á þingi. Þó segi jeg ekki með þessu strax, hvernig jeg ætla mjer að snúast við þessari dagskrártillögu, jeg er jafnvel ekki viss um, að jeg geti sagt það strax, þó að þessi frestur verði veittur, sem jeg hefi beðið um, og jeg álít því best, að þessu máli yrði frestað til næsta dags.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg tek fastlega undir tilmæli háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), formanns Framsóknarflokksins, því jeg tel það liggja í augum uppi, er slík dagskrá og þessi er komin fram, að flokkurinn sem heild þurfi að bera saman ráð sín um hana, og tel jeg því sjálfsagt, að hið umbeðna fundarhlje verði veitt.

Magnús Torfason: Eins og menn vita, er jeg eindreginn fylgismaður þessa máls, og þykir mjer því verra, að þessi dagskrá er fram komin. Þó tel jeg sjálfsagt, að hún verði vel athuguð, og jeg tel sjerstaklega ástæðu til, að hæstv. stjórn athugi þetta vel, þar sem talin eru nokkur tvímæli á því, að stjórnin hafi afl til að koma þessu máli í gegnum þingið. Því vil jeg mælast til, að stjórnin athugi það í fundarhljeinu, hvort hún hafi það afl atkvæða í Ed., sem duga muni til að fleyta þessu máli gegnum þá háttv. deild. Vænti jeg svo, að hæstv. stjórn skýri frá þeirri niðurstöðu, sem hún kemst að í þessu, er fundurinn hefst aftur; en um það, hvernig jeg muni greiða atkvæði, tel jeg ekki viðeigandi að skýra frá þegar á þessari stundu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Um það, hversu fús eða ófús stjórnin er á það

að rjúfa þing, hefi jeg alls ekkert sagt, jeg hefi aðeins sagt hitt, að meðferð þingsins á þessu máli hefir ekki gefið neina sjerstaka ástæðu til þingrofs.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að stjórnin teldi ekki ástæðu til að rjúfa þing út af meðferðinni á þessu máli, en við það er það að athuga, að nýtt atriði er komið fram í þessu, sem þó að vísu þarf ekki að hafa áhrif á fylgismenn þessa máls, og það er, að ákveðin ósk er komin fram um þingrof. Þess vegna vænti jeg þess, að hæstv. forseti gefi góðan frest til þess að mönnum gefist kostur á að athuga það, hverjum með sjer, hvaða afstöðu þeir eiga að taka til framkominnar tillögu.

Forseti (BSv): Hjer hafa komið fram ákveðin tilmæli og áskoranir frá ýmsum háttv. þm. og frá flokkunum í heild sinni, þess efnis, að jeg gæfi frest nokkurn til athugunar þessari dagskrártillögu, og þar sem jeg vil eigi meina deildarmönnum að íhuga hana áður til atkvæða sé gengið, tel jeg rjett að gera fundarhlje. (**Ýmsir þm.:** Aðeins 5 mínútur).

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal ekki skifta mjer af deilunni um það, hve langt fundarhlje sje hæfilegt að gefa, en jeg vil láta þess getið, að þar sem jeg og fleiri eru hæstv. stjórn sammála um frv., munum við ekki óska eftir þingrofi út af því frv., sem við viljum koma fram. Jeg gæti því gjarnan greitt atkvæði strax um dagskrána, en hinsvegar þætti mjer sanngjarnt að veita nokkurn frest, fyrst óskin er fram komin.

Jón Baldvinsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að það stendur svo á um stjórn míns flokks, að hún er ekki hjer innan þingveggjanna. Jeg þarf því að ná sambandi við menn úti í bæ, og það tekur talsverðan tíma, og þykist jeg ekki geta komist af með minna en klukkutíma hlje.

Forseti (BSv): Þá skal jeg veita klukkutíma hlje. (**Margir í einu:** Nei, nei, alls ekki meira en korter).

Jörundur Brynjólfsson: 5 mínútur er nóg.

Jón Baldvinsson: Jeg krefst að minsta kosti klukkutíma hljes.

Árni Jónsson: Hv. þm. (JBald) þarf að ráðgast við samvisku sína.

Forseti (BSv): Jeg gef klukkutíma hlje.

Að hljeinu loknu var umr. fram haldið.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal leyfa mjer, fyrir hönd Framsóknarflokksins, að taka það fram, út af hinni framkomnu dagskrá frá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), að þó að flokkurinn telji þingrof æskilegt, vegna annara mála, þá getur hann ekki aðhylst þessa dagskrá, þar eð hún eyðir, ef samþ. yrði, þýðingarmiklu máli, sem flokkurinn er samþykkur, og telur engan vafa leika á, að meiri hluti þjóðarinnar óski, að leyst

verði nú þegar á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir. Munum við því út frá því greiða atkv. móti dagskránni.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Mjer þykir merkilegt, að undirtektirnar undir dagskrá hv. þm. N.-Þ. (BSv) skuli vera eins og nú er raun á orðin. Það er enginn vafi, að hjer er um stórmál að ræða, sem þjóðin hefir ekki haft tækifæri til að taka ákveðna afstöðu til. En það er fjarri sanni, að málinu sje eytt, þótt því væri vísað frá núna. Ef það er rjett, sem Framsóknarflokkurinn segir, að málið hafi óskorað fylgi þjóðarinnar, þá er ekki að efa, að það muni ganga fram þegar á næsta þingi. Það er því ekki rjett að taka þannig til orða, að málinu sje eytt.

Þeir, sem greiða atkv. gegn dagskránni, telja málið ekki þess vert, að leggja það undir dóm þjóðarinnar eða vilja ekki eiga það á hættu, að hún fái að leggja þar orð í belg.

Það hefir ekki enn heyrst, hvernig Íhaldsflokkurinn eða stjórnin taki í þetta mál. Jeg gat ekki fengið neitt út úr orðum hæstv. fjrh. (JÞ), enda þótt hann segði nú, að ekki væri ástæða til þess að rjúfa þingið. En jeg tel þó engan vafa á því, að stjórnin muni fara að vilja þingsins, ef það lýsti yfir því, að það vildi láta fram fara nýjar kosningar áður en málinu væri ráðið til lykta.

Það er auðvitað, að fylgismenn frv. hafa nóg atkvæðamagn, eins og sýndi sig við 2. umr., til þess að koma málinu fram. En það er ekki þetta, sem jeg vil vekja athygli á, heldur hitt, hvort málið er talið svo mikils varðandi, að þjóðin eigi að segja álit sitt um það. En atkvgr. sker nú úr þessu, og þýðir því ekki að ræða meira um það, enda mun hjer engu verða um þokað.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þessa dagskrá, en snúa mjer stuttlega að málinu sjálfu. Ætla jeg þá að vikja að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann kvartaði yfir því, að jeg hefði komið með ósvífnar aðdróttanir í garð milliþinganefndarinnar, þar sem jeg sagði, að nefndin hefði lagt málið hlutdrægt fyrir hina útlendu sjerfræðinga. Forseti, hv. þm. N.-Þ. (BSv), svaraði þessu fyrir sitt leyti. En jeg vakti athygli á því, að það væri munur á aðstöðu hans og meiri hl. Hann hefði tekið tillit til þess, hvernig málið var lagt fyrir sjerfræðingana, en meiri hl. ekki.

Þá sagði háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að það hefði ekki aðeins verið send skjöl til þeirra manna, sem leitað var til í þessu efni, heldur hefðu einnig 3 nefndarmenn farið utan og talað við þá um málið, og það hefði líka sína þýðingu í þessu sambandi. Þá sagði háttv. þm. (ÁÁ), að maður skyldi ekki ætla, að hægt væri að villa þaulvönum bankamönnum sýn, enda þótt málið væri lagt hlutdrægt fyrir þá. En það hefir þó sína þýðingu, ef lögð er áhersla á, að hjer sje alment álitið ekki fært að ráðast í að stofna sjerstakan seðlabanka. Það er ekki annað að sjá af umsögn þeirra, en að þeir hafi verið þess fullvissa, að hjer kæmi ekki annað til mála en annaðhvort að gefa Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn eða setja upp einskonar útbýtingarstofnun fyrir seðla. En þó að flokkur manna hjer vilji setja seðlaútgáfuna í samband við veðlánastofnunina, þá hefir það ekki einu sinni verið nefnt á nafn í þessu sambandi. Benti líka háttv. þm. N.-Þ. (BSv) á þetta, og þarf ekki að undirstrika það.

Þá sagði háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að minni hl. bygði ekki álit sitt á íslenskum staðháttum, heldur á þróuninni, eins og hún hefir orðið í öðrum löndum. En þm. á að geta skilið það, að þótt við byggjum á reynslu annara, þá getum við eins fyrir það tekið tillit til ástands viðskiftalífsins hjer heima. Og einmitt það hvetur oss til að hafa seðlaútgáfuna í sjerstökum banka, en ekki í sambandi við viðskiftabanka. — Skilst mjer því, að framsláttur þessi hjá hv. þm. (ÁÁ) sje ekkert annað en útúrsnúningar. Jeg veit ekki, hvort hann hefur verið að gjalda fyrir það, sem jeg sagði um kenningu meiri hl. um þróunina í bankamálunum hjer hjá okkur. Jeg skal líka játa, að mjer finst hún afar spaugileg, og jeg get skilið, að þeir verða snortnir, þegar sýnt er fram á, hve barnalegt slíkt er.

Jeg hefi ekki tilefni til að segja meira um málið nú, og skal skora á þm. að hirða minna um flokkssamtök en það, sem þeir álíta rjettast og best, og greiða dagskránni atkv., svo að þjóðin fái að láta skoðun sína í ljós um málið.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi lýst því áður, að ekkert stórmál, sem nú liggur fyrir þinginu, sje stærra en þetta. Það er lang-veigamesta málið, sem komið hefir upp eftir síðustu Alþingiskosningar. Þjóðin hefir því ekki haft tækifæri til að láta vilja sinn í ljós um það. En málið hefir þó vakið æ meiri og meiri athygli og snortið hugi manna um alt land. Jeg vil taka t. d. Ísafjarðarkaupstað. Mönnum þar verður síst talið það til einkennis, hve sammála þeir sjeu í þjóðmálum. Hefir jafnvel verið brosað að því, að þeir gætu gert sjer alt að deiluefni. Þetta sýnir þó aðeins, hve heitir hugir manna eru þar, og hve vakandi þeir eru í landsmálum. En svo kom þetta stórmál til sögunnar, og var boðað til þigmálafundar í Ísafjarðarkaupstað nú í vetur um þetta mál. — Menn hjer í Reykjavík töldu, að gaman yrði nú að frjetta af þeim fundi; þar mundi alt fara í bál og brand og víst gerast stórtíðindi.

Nú, sannarlega varð það og, að þar gerðust stórtíðindi, því að daginn eftir fundinn frjettist, að þar hefðu menn verið algerlega sammála. Og af hverju? Af því að þetta stórmál sameinaði alla einstaklinga beggja flokka, fátæka og ríka, til þess að reisa rönd við hinum óheillavænlegu tillögum stjórnarinnar og meiri hlutans og mótmæla þeim í einu hljóði. Satt að segja þykir mjer nú kynlega við bregða, er jafnfrjálslyndur maður og þjóðlegur sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem flest vill bera undir þjóðina, skuli verða sá fyrsti, sem reisir rönd gegn því, að þjóðin megi greiða atkvæði sitt um svo mikilvægt mál sem þetta, mál, sem aldrei hefir áður undir hennar atkvæði komið og nú á að ráða til lykta að henni fornspurðri.

En „ekki er sopið kálið, þótt í ausuna sje komið". Málið á eftir að fara í gegn um Ed., og verður ef til vill hægt að opna augu manna þar. Og þó að formanni Framsóknarflokksins (ÞorlJ) og hæstvirtri stjórn takist nú að herja málið í gegn, án þess að þjóðin fái að segja álit sitt um það, þá mun nú margur dansa nauðugur, sem von er.

Jón Baldvinsson: Jeg tel þann einn frest forsvaranlegan í þessu máli, að nægði til þess að bera það undir þjóð-

ina. Jeg mun því greiða atkv. með dagskránni. En jeg lýsi jafnframt yfir því, að ef þing verður rofið, þá mun jeg berjast fyrir því, að þetta mál verði afgreitt á þeim grundvelli, sem það hvílir nú á. Og jeg er ekkert hræddur við þann bardaga, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir boðað út af því, ef þessari stefnu væri fram haldið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi að sönnu engu að bæta við það, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir nú sagt. En minna vil jeg á það, út af ummælum þeirra hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. N.-Þ. (BSv), að þeir hafa kynt sjer illa þær þingmálafundargerðir, sem legið hafa hjer á lestrarsal þingsins nú um þingtímann. En þar má sjá frá meiri hluta kjördæma landsins skýrar samþyktir um það, að Landsbankinn skuli verða seðlabanki landsins og fara með seðlaútgáfuna, svo það er í sjálfu sjer alls ekki næg undirstaða til að reisa kröfu um nýjar kosningar, að þetta mál sje ekki nægilega kunnugt og rætt meðal landsmanna.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu rjett hjá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), að jeg jeg hafði orð á því á síðasta þingi, að mál eitt, sem þá lá fyrir — það var frv. um ríkislögreglu — mætti ekki afgreiðast nema það væri borið fyrst undir þjóðina. En hinu hefi jeg aldrei haldið fram, að það ætti sem oftast að rjúfa þing og bera hvert mál undir kjósendur. Varalögreglan kom inn í þingið fyrirvaralaust og óundirbúið, órætt og óathugað af þjóðinni. En þetta mál hefir verið rætt oft og margsinnis. Og það er þó fyrst í kvöld, að fram kemur krafa um það, að rjúfa þing þess vegna.

Jeg veit ekki betur en að þjóðin bíði þess með óþreyju, að þetta mál verði afgreitt nú á þessu þingi. Jeg býst einnig við því, að dómur þjóðarinnar um það, hvort þetta þing er starfhæft, sje mjög undir því kominn, hver verða afdrif þessa máls.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Þ. (BSv) feld með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

Einn þm. (MT) greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (BJ, BL, KlJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 485, 1 samþ. án atkvgr.

— 555, 1—2 feld með 13 : 8 atkv.

— 485, 2 — — 13 : 10 —

— 506, I. 1 — — 12 : 9 —

— 506, I. 2 — — 15 : 10 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JakM, BSv.

nei: MG, MJ, MT, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB.

Þrír þm. (BJ, BL, HK) fjarstaddir.

Brtt. 485, 3a samþ. með 14 : 7 atkv.

— 485, 3b feld með 13 : 10 atkv.

— 485, 4 feld með 15 shlj. atkv.

— 506, II feld með 12 : 6 atkv.

— 538 samþ. með 16 : 1 atkv.

— 490 samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÁJ, JakM, JAJ, BSv.

Landsbanki Íslands.

nei: MJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald.

Fimm þm. (MG, ÓTh, BJ, BL, HK) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB.

nei: JAJ, SigurjJ, ÁJ, JakM, BSv.

Fimm þm. (MG, ÓTh, BJ, BL, HK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 556).

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. mai, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti (HSteins): Jeg vil geta þess viðvíkjandi 7. málinu, að eins og hv. þdm. vita, hefir hæstv. stjórn lýst því yfir í dag, að þingi muni verða slitið á laugardaginn kemur. Það er því ekki meira eftir af þingtímanum en tveir virkir dagar, og allir sjá, að á svo stuttum tíma er óhugsandi að ráða slíku stórmáli til lykta, eins og bankamálið er. Það getur ekki talist vansalaust, að taka neinum flausturstökum á slíku máli. Jeg legg því til, að málið verði tekið af dagskrá, en vil þó gefa mönnum rjett til að skera úr því með atkv. sínu.

Jónas Jónsson: Áður en greidd verða atkvæði um þetta, vil jeg taka það fram, að þar sem þetta er stjfrv., mætti gera ráð fyrir, að hæstv. stjórn reyndi að flýta því í gegnum þingið, en það hefir hún ekki gert. Það er ástæða til að halda, að allir mínir samherjar hjer í hv. deild vilji láta málið ganga fram, en ástæðan til þess, að stærsta málið, sem nú liggur fyrir þinginu, er látið daga uppi, er vanmáttur stjórnarinnar, til þess að hafa hemil á sínum mönnum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að geta þess, að þetta mál var til undirbúnings hjá milliþinganefnd, og var ætlast til, að hún skilaði áliti sínu svo löngum tíma fyrir þing, að stjórnin gæti fengið nægan tíma til að athuga það, en úr því varð ekki. Álitið kom fyrst, þegar talsvert var liðið á þingtímann, og þá gat stjórnin hvorugt frv. tekið óbreytt. Það tók dálitinn tíma að gera breytingar og leggja síðan frv. fyrir konung. Stjfrv. kom því ekki fram, fyr en langt var liðið á þingtímann, og frá upphafi var naumast von um, að frv. gæti gengið í gegn.

Sigurður Eggerz: Jeg gleðst yfir þeim orðum hæstv. forseta, að hann vilji taka þetta mál af dagskrá, því að mjer finst það ekki geta komið til nokkurra mála að ráða þessu stærsta máli þjóðarinnar til lykta á þeim stutta tíma, sem eftir er af þingtímanum.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla þeim orðum hæstv. fjrh. (JÞ), að aðalorsök þess, hve þetta frv. kom seint fram, sje sú, að milliþingan. hafi ekki skilað áliti sínu fyr en langt var liðið á þingtímann. Milliþingan. skilaði áliti sínu í þingbyrjun, en svo fóru 14 dagar í að gera það að stjfrv., og hæstv. stjórn hefir ekkert gert til að flýta því í gegnum Nd. Jeg segi þetta til þess að

það standi ljóst, að hæstv. stjórn sýnist ekki hafa haft áhuga á að koma þessu frv. í gegn.

ATKVGR.

Samþ. að taka málið af dagskrá með 9 : 2 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Ríkisbanki Íslands.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um ríkisbanka Íslands (þmfrv., A. 164).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Þar sem þetta mál, sem jeg ber hjer fram, er mjög skylt frv. því, sem hjer var á dagskrá næst á undan, get jeg sparað mjer þá fyrirhöfn að fylgja því úr hlaði með langri ræðu, því að höfuðatriðið, sem á milli hefir borið við það frv., sem hjer var fyr til umr., hefir þegar verið nokkuð ítarlega rætt. Það er ekki af því, að hjer sje verið að blanda óskyldum málum saman, heldur af því að það hlaut svo að verða; var alls ekki hægt að ræða fyrra málið án þess að rök, sem bæði málin snerta, væru rædd í einu.

Jeg ber þetta frv. fram, eins og jeg hefi áður getið um, af því að jeg gat ekki orðið samferða hv. nefndarmönnum mínum um útgáfu seðlannna, eins og henni er fyrir komið í frv. því, sem hv. meiri hl. nefndarinnar hefir borið fram, og jafnvel þótt hæstv. stjórn hafi komið fram með annað frv., sem er nokkuru nær því frv., sem jeg ber fram, þá eru þó breytingar hennar ekki nándar nærri nógu miklar, til þess að jeg geti gert mig ánægðan með frv. Á hinn bóginn var það ætlun mín, þegar jeg samdi þetta frv., að taka upp í það þau ákvæði úr stjfrv., sem ekki höfðu valdið ágreiningi, en verið allmikið rædd, og væru samræmanleg við þær breytingar, sem jeg gerði um seðlaútgáfurjettinn; getur verið, að jeg hafi farið fulllangt í því að taka upp þær greinar, og yfir höfuð í því að gera málið sem einfaldast, en slíkt eru aukaatriði, sem laga má í meðferð þingsins, og þá fyrst og fremst í meðferð þeirrar nefndar, sem vona má, að taki við þessu máli. Jeg tel óþarft að fara nú að telja fram þau sömu rök, sem jeg taldi fram í gær fyrir því, að það væri óhagkvæmt að fá Landsbankanum seðlaútgáfuna í hendur, og að betra væri að skapa sjerstaka stofnun, sem færi með seðlaútgáfurjettinn. Benti jeg í því sambandi á banka, sem hefði mikla sparisjóðsstarfsemi og væri rígbundinn við allskonar fyrirtæki og fjármálastarfsemi í landinu, sem gerði hann mjög háðan, og því vandstýrt fyrir þá stjórn, sem hefði það starf alt á hendi. Taldi jeg einnig tryggara að fara hjer að dæmum annara þjóða, sem reynslu hafa í þessum efnum og flestir játa, að beri að stefna að hjer á landi: að hafa sjerskilda stofnun, sem fari með seðlaútgáfurjettinn. Í annan stað taldi

jeg það þó samrýmanlegt að láta stjórn seðlabanka hafa aðra starfsemi með höndum, til þess að spara kostnað fyrir þjóðina í framtíðinni, því að þó að vitanlegt sje, að meðferð seðlaútgáfurjettarins sje mjög vandasöm, þá eru ekki samfara henni svo mikil dagleg störf, að bankastjórnin gæti ekki haft aðra starfsemi jafnframt, og því áleit jeg, að sameina mætti stjórn þessa banka við stjórn ríkisveðbankans, sem samþyktur var fyrir nokkrum árum, en ekki hefir komist í framkvæmd enn. Það er kunnugt, að sú stofnun, sem nefnd er ríkisveðbanki Íslands, var vel undirbúin. Mál þetta var ágætlega búið undir og sætti mjög góðum undirtektum hjer á þinginu, en það hefir samt staðið við það sama og ekki komist í neina framkvæmd. Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði við umr. stjfrv., að hann legði aðaláhersluna á það að tryggja bændum landsins betri lánsskilyrði og að sjeð yrði fyrir því, að gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi bankastofnananna, er veitti þeim tryggingu fyrir því að fá nægilegt fje til þess að rækta landið. En það var einmitt hlutverk ríkisveðbankans. Nú skilst mjer, að þessi stofnun, sem samþ. var í þeirri von, að hún mundi verða bændunum að mestu gagni, komi svo best að notum, að hún taki sem allra fyrst til starfa, og að fyrir hana yrði sett einhver stjórn, sem aðallega gæti beitt sjer fyrir því, að hún gæti náð takmarki sínu. En því miður hefir ekkert af þessum góðu fyrirætlunum orðið nema sá litli vísir, sem spratt upp af störfum þingsins í fyrra, Ræktunarsjóðurinn, sem er gersamlega ónógur og ætti að ganga í samband við ríkisveðbankann. En það, hversu lítil rækt veðdeildarlánastarfsemi landsins hefir verið sýnd undanfarið, kemur alt af því, að engir sjerstakir menn hafa verið settir til að standa fyrir þessu máli. Því hefir eingöngu verið kastað í bankastjórnir, sem hafa haft nóg að gera áður, án þess að geta lagt sig í líma til þess að afla sjer góðs markaðs fyrir veðdeildarbrjefin. Það fæst tæplega dugleg stjórn á þeim málum, fyr en sjerstök stjórn er sett til þess að fara með þau, og má þá slá tvær flugur í sama högginu, sem jeg tel að öllu heppilegast, með því að láta ríkisveðbankann vera háðan sömu stjórn og seðlaútgáfan, heldur en að dengja öllu saman yfir á stjórn Landsbankans, sem hefir alt aðra starfsemi með höndum, sem er miklu síður samrækileg við stjórn seðlaútgáfunnar.

Það kom í raun og veru ekkert nýtt fram í síðustu ræðu, sem hnekti því, sem jeg sagði í gær, og gæti því það, er jeg mælti þá, verið nokkurskonar framsaga í þessu máli. En viðvíkjandi kostnaðinum við stofnun þessa banka, þá býst jeg ekki við, að hann verði meiri heldur en að fá stjórn Landsbankans seðlaútgáfuna í hendur, því að stjórnin gerir ráð fyrir að fá Landsbankanum 3 miljónir króna, þegar hann tekur við henni. Og það er ekki hægt að sjá annað en að seðlabanki, hvort sem hann yrði í sambandi við einn eða annan banka, mundi komast af með það sama. Þetta mundi ríkið í eitt skifti fyrir öll láta þessa stofnun hafa, og tekjur hennar yrðu í fyrstu af þessu fje. Nú hefir að vísu Íslandsbanki seðlaútgáfuskyldu, en hún minkar um eina miljón króna á ári, og að sama skapi vex þá þörfin fyrir aðra seðlaútgáfu, og ef gert er ráð fyrir mjög svo hóflegri seðlaútgáfu, segjum sjö miljónum króna á næstu árum, sem mun vera það allra minsta til

jafnaðar yfir árið, þá mundi þó þessi stofnun á næsta ári hafa þrjár miljónir króna í seðlum, í viðbót við þær fjórar, sem Íslandsbanki hefir, og segjum enn fremur, að hún fengi 5 af hundraði fyrir þá seðla, sem hún lánaði hinum bankanum, þá yrði það 150,000 krónur, hún þyrfti því ekki að verða á hjarni stödd, eða valda ríkissjóði meiri kostnaði en verða mundi, ef Landsbankinn tæki við seðlaútgáfurjettinum. Að vísu þarf eitthvað aukið mannahald, þegar þessi stofnun tekur þannig við stjórn ríkisveðbankans, en það mannahald verður þó tiltölulega lítið fram yfir það, sem ríkisveðbankin þarf hvort sem er, því að jeg vona, að menn hafi ekki verið að samþykkja þessi lög að gamni sínu, til þess eins að veifa þeim framan í kjósendur, heldur til þess að verða þeim sem fyrst til gagns, eða til þess að geta sem fyrst unnið bæjum og sveitum gagn með þeim. Nú liggja mörg fleiri mál fyrir þessum fundi, og það var ekki tilgangur minn að spreyta mig á langri ræðu, svo að jeg skal aðeins óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og sömu nefndar og næsta mál á undan.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í umr. um frv. stjórnarinnar til laga um Landsbanka Íslands hefir nú þegar komið fram ýmislegt af því, sem rjetttmætt væri að segja um þetta frv. hjer við 1. umr. þess. Jeg ætla þó að setja fram í stuttu yfirliti þær höfuðástæður, sem fyrir mjer eru til þess, að mjer sýnist ekki, að þetta frv. eitt út af fyrir sig og í aðalatriðunum eins og það er, geti orðið viðunandi eða fullnægjandi löggjöf á þessu sviði. Fyrsta höfuðástæðan er sú, að þessum seðlabanka, sem hjer á að stofna, er, að því er mjer virðist, ekki ætlað að hafa á hendi gjaldeyrisverslun, en að minsta kosti meðan búið er við pappírspeninga, og í rauninni líka á öðrum tímum, þá er verslun með erlendan gjaldeyri eitt af höfuðverkefnum seðlabanka, og á meðan pappírsgengi er, þá er það stærsta og veigamesta viðfangsefnið. Þessum banka er ætlað að fá sjálfseignarfje frá ríkinu, sem samsvari þeim gullforða, sem hann þarf að hafa, er svo myndi fljótlega fara vaxandi, nálægt þeirri upphæð, sem hv. flm. (BSv) nefndi, þrjár miljónir kr., en þessi upphæð á altaf að vera bundin í gulli. Þar fyrir utan á hann að ráða yfir seðlunum, og lögin ætlast beinlínis til þess, að hann láni öðrum bönkum í landinu seðla, með því að kaupa af þeim víxla og láta þá fá reikningslán, og eftir frv. er honum því ekki heimilt að ráðstafa seðlum sínum á annan hátt. Það er að vísu sagt, að hann eigi að kaupa og selja erlenda mynt, en mjer skilst, að það eigi aðallega að vera víxlarastarfsemi, en ekki það, sem við köllum gjaldeyrisverslun. Seðlar þeir, sem hann ræður yfir, eiga að vera í útlánum hjá bönkum, og hann má ekki taka við neinu innlánsfje til að ávaxta og fær því ekkert innlánsfje, því að engum íslenskum manni dettur í hug að leggja fje sitt inn á banka, ef hann ekki fær vöxtu af því. Jeg verð að líta svo á, sem það sje tilætlun hv. flm. (BSv), að þessi banki hafi ekki gjaldeyrisverslunina á hendi, en þá verður líka að ætlast til þess, að einhverjir aðrir hafi hana, en eins og löggjöf landsins þá er orðin, þegar þetta frv. er orðið að lögum, og bankalöggjöfin að öðru leyti óbreytt, þá er ekki til nein stofnun í landinu, sem hefir skyldu til þess að hafa gjaldeyrisverslun á hendi, enda á hún hvergi

að vera nema hjá seðlabankanum, og viðurkennig á því kemur í raun og veru fram í 1. gr. frv., þeim köflum hennar, sem teknir eru óbreyttir úr frv. stjórnarinnar frá 1925, úr frv. til laga um Landsbanka Íslands. Þar er meðal annars gert ráð fyrir því, að þessi banki hafi á hendi kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, og í því frv. er sjeð fyrir því, að sá banki geti haft þá verslun á hendi, en hjer er ákvæðið tekið upp í 1. gr. frv., án þess að bankanum að öðru leyti sje gefinn möguleiki til að framkvæma þann hluta af verkefni sínu. Jeg ætla að bíða með að færa frekari rök fyrir þessu, þangað til hv. flm. (BSv) hefir mótmælt því, því að ef það er meining hans, að þessi banki eigi að hafa gjaldeyrisverslun á hendi að því leyti, sem einkabanki ekki kæri sig um það, þá vænti jeg þess, að hv. flm. (BSv) geri grein fyrir því. Það er svo í öðrum löndum, að „víxlarar" og einkabankar reka aðeins slíka verslun eftir því, sem þeirra hagnaði hentar. En ef ekki er banki, sem hefir þá skyldu, þá getur hvert augnablik komið það ástand, að erlendur gjaldeyrir verði ófáanlegur, og þá getur líka komið fyrir, að erlendur gjaldeyrir sje óseljanlegur í landinu á einhverju tímabili. En þannig má ekki ganga frá löggjafarstarfinu á þessum tíma, því að það þýðir það, að þá verður enginn hemill hafður á gengissveiflunum, ef stundum eru engir kaupendur og stundum engir seljendur erlends gjaldeyris. Og ef gjaldeyrisverslunin fer þannig út um þúfur, þá er það orðið þýðingarlaust, sem annars hefir mikla þýðingu, að seðlastofnun hafi góða tryggingu fyrir sínum seðlalánum, því að það er ekki nægilegt til að halda uppi verði gjaldmiðilsins, ef ekki er hugsað fyrir nógu öflugri framkvæmd á hinu sviðinu, þar sem verð gjaldeyrisins verður í raun og veru ákveðið, og það er einmitt í gjaldeyrisversluninni. Jeg mintist á það í umr. um það frv., sem var hjer næst á undan, hversu mikið það fjármagn er, sem má búast við að þurfi að standa í þessari gjaldeyrisverslun, eftir okkar reynslu, þar sem við höfum á síðastliðnu ári komist upp í það að þurfa að geyma erlendan gjaldeyri fyrir 12—14 miljónir króna, og við getum búist við á einhverju tímabili að þurfa að skulda alt að því ámóta upphæð, svo að búast má við, að sveiflan geti orðið um 20 miljónir króna. Nú má að vísu búast við, að bankar, sem enga lagaskyldu hafa á hendi í því efni, sjái sjer hag í því að taka eitthvað af þessu á sínar herðar, en löggjafarvaldið verður að sjá fyrir því, að til sje stofnun, sem bæði hefir bolmagn og skyldu til að bera megnið af þessum sveiflum.

Þá er annað atriði, sem jeg tel næsta athugavert, og það er það, að með því að byggja upp seðlabanka á þessum grundvelli, þá tel jeg það alveg sjálfgefið, að þó að honum sje sniðinn svo þröngur stakkur, eins og gert er í frv. því, sem hjer er fram borið, að hann muni tæpast eiga sjer lífsvon í þeim stakki, þá verður bráðlega að rýmka stakkinn, svo að stofnunin geti lifað og int af hendi nauðsynlegustu verk seðlabanka. En með því að halda svo Landsbankanum, eins og hann er, á að koma þeirri tilhögun á afstöðu ríkisins gagnvart bankamálum, sem er einsdæmi í allri álfunni, vestan Rússlands, þannig, að ríkið sje eigandi seðlabankans, og jafnframt eigandi annars banka, sem er einhver stærsti banki í landinu,

starfar öldungis á sama sviði og aðrir einkabankar, og hlýtur að keppa við þá um það innlánsfje, sem bankarnir eiga að lifa af. Það er ákaflega hætt við, að það drepi niður öllum möguleikum fyrir því, að einkafyrirtæki geti þrifist á þessu sviði, dragi blóð og merg úr þeirri einkabankastarfsemi, sem til er í landinu og girði fyrir það, að þeir bankar og sparisjóðir, sem ekki hafa ríkið á bak við sig, geti náð þeim þroska og vexti, sem þeir þurfa að hafa. Jeg gerði grein fyrir því áður, á hverju jeg bygði það, að þegar mönnum þykja sjerstakar ástæður til að fara varlega, er altaf hætt við því, að innlánsfje streymi frá þeim fyrirtækjum, sem ekki hafa ríkið á bak við sig, og til ríkisbanka, sem álitið er, að hafi fjármagn ríkisins að bakhjarli, hvort sem svo er ákveðið í lögum eða ekki.

Ef menn vilja ráða fram úr seðlaútgáfunni á þann hátt, að stofna nýjan seðlabanka, þá væri rökrjett afleiðing þess sú, að gera Landsbankann jafnframt að einkafyrirtæki, t. d. að hlutafjelagsbanka.

Þá kem jeg að þriðju ástæðunni, og hún er sú, að það er miklu meiri erfiðleikum bundið fyrir ríkissjóð að leggja fram fje handa nýjum banka heldur en þeim, sem fyrir eru. Ríkissjóður hefir þegar lagt bönkum þessum fje og getur ekki kipt að sjer hendinni og tekið það aftur. Þetta er að miklu leyti lánsfje, og það eru engir sjerstakir erfiðleikar á því, að breyta því í framlög eða stofnfje. Ríkissjóður á nú 6 miljónir króna hjá Íslandsbanka, og var það fje veitt þannig í upphafi, að þá var óráðið, hvort heldur það væri sem hlutafje á nafn ríkissjóðs, eða þá sem lánsfje. Um Landsbankann er það að segja, að honum eru með lögum veittar 2 miljónir króna af ríkisfje sem framlag eða stofnfje, og eru greiddir ⅔ hlutar þess, og auk þess hefir honum verið veitt um 2 milj. kr. lán af enska láninu frá 1921. Það væri auðvelt að breyta þessu í stofnfje, og þá þarf ríkissjóður ekki að taka nýtt lán, eins og fara mundi, ef hann þyrfti að leggja í nýjan banka. Þá yrði að taka nýtt ríkislán. Og jeg efast um, að það muni auka trú manna erlendis á því, að hjer sjeu trygg bankamál, ef ríkissjóður fer að veita hverjum bankanum á fætur öðrum tiltölulega hátt fjármagn. Jeg segi þó ekki, að þessi leið sje ófær, en erfiðleikarnir eru miklu meiri heldur en ef t. d. væri tekið það lán, sem Landsbankanum hefir verið veitt, og lagt í þann banka sem stofnfje eða hlutafje.

Þótt jeg telji það ekki ókost á frv., að ráð er fyrir gert, að hann sje settur undir sömu stjórn og ríkisveðbanki Íslands, þá er það nú samt svo, hvernig sem maður veltir málinu fyrir sjer, að Ríkisveðbankinn kemst ekki til framkvæmda, nema rjett á pappírnum, meðan vjer búum við óinnleysanlega pappírspeninga. Og það er sannað af áliti meiri hl. bankanefndarinnar, að af þessum ástæðum verðum við að bíða með það, að koma Ríkisveðbankanum í framkvæmd. En úrlausn seðlabankamálsins má ekki bíða eftir því, nje eftir því, að krónan komist í gullgildi.

Jeg hefi svo ekki meira að segja að svo stöddu. Jeg hefi gert grein fyrir því, af hvaða ástæðum mjer finst frv. vera ófullnægjandi úrlausn þessa máls. Jeg hygg, að mig greini ekki á um fleira við hv. flm. (BSv), um aðalkjarna þessa máls. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að fylgismenn frv. þessa ætli sjer með

því að koma á ríkiseinokun á peningamálum landsins. Það mun vaka fyrir þeim, að hjer sje einn seðlabanki, er sje ríkiseign. En vilji þeir draga öll peningamál undir ríkisrekstur, með því að láta ríkið bæði reka seðlabanka og halda Landsbankanum sem samkepnisfyrirtæki við allar aðrar peningastofnanir í landinu, og hafa þannig socialistiska tilhögun á þeim, þá er jeg þeim algerlega ósammála. En eins og jeg drap á áðan, þá geri jeg ekki ráð fyrir því, að það sje þeirra hugsun.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt því fram, að frv. mitt væri ekki fullnægjandi lagasetning, og færði þar sínu máli til sönnunar, að í frv. væri ekki gert ráð fyrir því, að ríkisbankinn hefði gjaldeyrisverslun með höndum.

Þetta kom mjer mjög á óvart, þar sem skýrt stendur í 1. gr. frv., að bankinn eigi:

„að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera almennur gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans að afstýra, eftir því, sem unt er, með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer."

Það er þannig tekið glögglega fram í 2. lið 1. gr. frv. þetta, sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að vanti í frv.

Ríkisbankinn á svo mikil ítök í öflugustu peningastofnun landsins, sem hæstv. fjrh. (JÞ) kallar svo, að hann getur krafist þess, að sjer sje rjett hjálparhönd til þessa. En jeg fæ ekki betur sjeð en að örðugleikar geti orðið á því að afstýra gengissveiflum, enda þótt seðlaútgáfan sje trygð með sparisjóðsfje og jafnvel þótt seðlabankinn sje í tengslum við aðra banka. Mundi eigi jafnt eftir sem áður þurfa ábyrgð ríkissjóðs, ef tekið væri gengislán erlendis?

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að seðlabankanum væri sniðinn of þröngur stakkur með frv. mínu. Sje svo, þá er hægurinn hjá að breyta síðar, er svo reynist.

Þá kom og hæstv. ráðh. (JÞ) enn að því sama og í gær, að svo framarlega sem ríkið ætti og starfrækti báða bankana, seðlabankann og Landsbankann, þá væri með því stofnað þetta drepandi vald, er kúga mundi alla aðra bankastarfsemi og sparisjóðsstarfsemi í landinu. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje rökrjett, þar sem Landsbankinn er nú þegar aðalkeppinautur annars elsta bankans í landinu. Það nær ekki neinni átt, að hann hætti að verða samkepnisbanki fyrir það eitt, að honum yrði skift í deildir og höfð sjerstök seðl deild með sjerstöku bókhaldi. Mjer er sama, hvort hann heitir Ríkisbanki eða Landsbanki, en ef hann fær seðlaútgáfurjettinn í ofanálag á aðra almenna bankastarfsemi, þá fær hann aukið vald um leið til þess að kúga aðra, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) sagði áðan.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að kæmi nýr seðlabanki, þá mundi sparisjóðsfje streyma til Landsbankans, vegna þess, að honum væri treyst betur en öðrum, eða þá vegna þess, að menn hjeldu, að ríkið bæri ábyrgð á sparisjóðsfjenu. En

verður eigi alveg hið sama uppi á teningnum, þótt hann hafi seðlaútgáfuna? Það má gera almenningi ljóst, og það er skylda stjórnarinnar að gera það, hvort landssjóður á að bera ábyrgð á 25 miljónum króna í Landsbankanum, eða eigendur sjálfir, ef illa færi. Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi ráða bót á þessu með því móti, að afhenda Landsbankann úr ríkis hendi. Það er að vísu ekki loku fyrir skotið, að það verði gert, ef það sýnist ráðlegt.

Þá var hin þriðja ástæða hæstv. fjrh. (JÞ), að það væru miklu meiri örðugleikar á því, að leggja nýjum banka stofnfje heldur en þeim, sem fyrir eru. Í sambandi við það gat hann þess, að ríkissjóður ætti 6 milj. kr. hjá Íslandsbanka og 2 milj. kr. hjá Landsbankanum, auk 2 milj. kr., sem greiddar hafa verið að ⅔ hlutum. Hjelt hann því fram, að það væri hægurinn hjá fyrir landið að styðja Landsbankann með þessu fje til þess að verða seðlabanki. En er þá fje þetta á lausum kili, eða þessar 2—4 milj. í Landsbankanum? Jeg hefi ekki um það talað, að seðlabankinn ætti þegar í stað að taka alla seðlaútgáfuna í sínar hendur, en jafnframt því, sem Íslandsbanki dregur inn seðla sína og þarf eigi á gulli að halda til þess að tryggja þá, má láta hann greiða ríkisbankanum í gulli þá inneign, sem ríkissjóður á þar.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að það mundi vekja óhug erlendis, ef ríkið yrði að styðja með fje alla banka landsins, og mundi verða spurt að því, hvernig hag þessa lands væri farið. En jeg hefi nú ekki sjeð, að menn sjeu yfirleitt deigir við það að taka lán til framkvæmda. T. d. liggur nú hjer fyrir þinginu frv. um miljónaframlag í nýtt fyrirtæki, og á að taka til þess lán erlendis. Og hefi jeg ekki heyrt, að hæstv. fjrh. (JÞ) væri neitt ákaflega deigur við það.

Enn sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að hann væri ekki á móti því, að ríkisveðbankinn tæki sem fyrst til starfa, en seðlabankinn mætti ekki bíða eftir þeirri stofnun. Þetta er hið sama og jeg hefi haldið fram. Og menn hljóta að sjá það, að það, sem jeg legg mesta áherslu á, er að koma sem fullkomnustu skipulagi á peningamálin.

Jeg fæ nú ekki sjeð, að málið upplýsist meira í dag en orðið er og eigi fyr en það hefir farið til nefndar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Já, jeg þarf ekki mörgu að svara. Háttv. þm. N.-Þ. (BSv) staðfesti það, sem jeg þóttist hafa sjeð á frv., að bankinn fái ekki með því þá möguleika í hendur, sem honum sjeu ætlaðir með 1. gr. frv. Hann getur ekki haft gjaldeyrisverslun á hendi, af því að hann má eigi taka við innskotsfje á vöxtu. Bið jeg þá háttv. nefnd, sem málið fær í sínar hendur, að athuga þetta vandlega. Gjaldeyrisverslun er áhættusamt fyrirtæki, eins og sjest af reynslunni í öllum þeim löndum, þar sem jeg þekki til. Allir þjóðbankar hafa orðið þar að taka á sig stórtöp, til þess að bæta gjaldeyrisverslunina og koma gjaldeyrinum á fastan grundvöll. Veit jeg, að hv. fjhn. hlýtur að sjá og kannast við þetta, er hún athugar málið.

Það, sem þessir þjóðbankar hafa í aðra hönd, er seðlaútgáfurjetturinn og arðurinn af honum. Þessvegna má ekki aðskilja þetta tvent. Áhættan verður að vera á sama stað, eða hjá þeim banka, sem fær arðinn af seðlaútgáfunni. Annað mál er, hvað gert hefir verið í ein-

stökum tilfellum fyr og síðar, að ríkissjóðir hafa tekið á sig einhvern hluta áhættunnar. Sjálfsagt er þá, að aðalábyrgðin lendi á sama stað og arðurinn af seðlaútgáfurjettinum. Bankinn er líka ekki svo útbúinn, eftir frv., að hann geti notað ríkisábyrgð. Hann getur ekki heldur tekið lán til þess að kaupa og selja erlendan gjaldeyri.

Það er því ekki annar kostur, ef keyptur yrði einhver gjaldeyrir hjá þessari stofnun, en að hún verður að leggja andvirðið inn annarsstaðar, meðan það er í hennar eign.

En þetta er nú, ef til vill, ekki alveg ljóst hjá mjer. Það, sem jeg meina, er, að þar sem þeir menn, sem vilja fá erlendan gjaldeyri, geta ekki skift við þessa stofnun, verða þeir að hafa reikningsviðskifti í íslenskum krónum annarsstaðar, sökum þess að hún greiðir enga vexti af innlánsfje. Og yfir höfuð geta ekki sveiflurnar, annarsvegar í eign á erlendum gjaldeyri og hinsvegar í eign á ísl. kr. farið fram hjá slíkri stofnun. En ef til vill mætti laga þetta í frv.

Hvað því viðvíkur, að Landsbankinn eigi að vera samkepnisbanki, þá álít jeg, að sem seðlaútgáfubanki eigi hann ekki að vera það. Hann á ekki að keppa um innlánsfje, en hann getur auðvitað kept um útlán og yfir því er ekki að kvarta. Allir þjóðbankarnir á Norðurlöndum verja fje til útlána, en keppa ekki um innlánsfje.

Háttv. flm. (BSv) spurði, hvort skuld Landsbankans við ríkissjóð væri í gullverði. Það er nú álitamál og fer eftir því, hvort reiknað er í íslenskum kr. eða sterlingspundum. Jeg hefi nú reiknað það í íslenskum kr., með því gengi, er jeg áður nefndi. Reiknað í sterlingspundum á kr. 18.16, yrði það auðvitað lægra að krónutali. Hitt, sem hv. flm. (BSv) gat um, að gjörð yrði gangskör að því að rannsaka rjett innstæðueigenda í Landsbankanum, það liggur nú ekki fyrir. Þar er heldur engin hætta.

Hv. flm. (BSv) sagði, að fjárhagslegt traust landsins færi ekki eftir því, í hvaða banka ríkisfje væri lagt, heldur eftir því, hvernig skipulagi yrði komið á þessi mál. Og get jeg tekið undir þetta með honum. En þeir, sem helst mundu um þetta spurðir, hafa eindregið látið þá skoðun í ljósi, að þeir teldu einmitt þá leið heppilegasta, sem stjórnin hefir valið og felst í frv. hennar. Sama má segja um meiri hl. bankanefndarinnar. Getur hv. flm. því ekki tekið álit þeirra sínu máli til stuðnings.

Óska jeg svo, að nefndin taki bæði frv. til athugunar og samanburðar. En jeg vil undirstrika það, að jeg veit hvorki til, að einokun vaki fyrir stjórninni eða flm. Og meðan ekki er ágreiningur þar, er ekki vonlaust um, að til samkomulags kunni að draga. Því að það, sem á milli ber, er aðeins fyrirkomulagsatriði, en ekki stefnuatriði.

Jakob Möller: Þetta mál fer nú til þeirrar nefndar, er jeg á sæti í, og ætla jeg því ekki að segja mikið að þessu sinni.

Jeg tók eftir því, að hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að ef Landsbankinn færi með seðlaútgáfuna, ætti hann ekki að vera samkepnisbanki með tilliti til sparisjóðsfjár. En hvar eru ákvæði í frv., sem fyrirbyggja þetta. Jeg fyrir mitt leyti sje engin ákvæði um þetta í frv. En ef þetta er tilgangur þings og stjórnar, þá má auðvitað setja ákvæði inn í Landsbankalögin, er fái trygt þetta, ef

það þykir óheppilegt, að hann reki slíka starfsemi sem seðlabanki. Það er auðsætt, að seðlabanki, sem jafnframt er þá líka ríkisbanki, muni draga mjög til sín sparisjóðsfje, ef honum er heimilt að taka við því. Og það verður ekki hindrað með öðru móti en því, að láta hann greiða lægri vexti af innlánsfje en aðrir bankar gera.

Hitt, sem kom mjer til þess að standa upp, var sú staðhæfing hæstv. fjrh., að meiri hætta væri á einokun, þar sem sjerstakur banki færi með seðlaútgáfuna. En þetta er einmitt þveröfugt. Það er auðvitað, að því fleiri verksvið, sem stjórnað er af sömu mönnum, því meiri völd safnast á eina hönd. En eftir stjfrv. á bankinn að vera bæði sparifjár-, fasteigna- og viðskiftabanki, og jafnframt fara með seðlaútgáfu. Jeg lít svo á, að hjer sje miklu meiri hætta á einokun heldur en að veðlána- og seðlaútgáfubankinn væri alveg sjerstakur. Er langt frá því, að jeg vilji með þessu sýna núverandi bankastjórum Landsbankans nokkurt vantraust, heldur met jeg þá alla mikils og ber hið fyllsta traust til þeirra í þessum efnum. En jeg álít hættulegt fyrir seðlabanka, að vera beint viðriðinn atvinnureksturinn, þar sem um svo litlar tryggingar er að ræða, og þessvegna getur hann hæglega komist í kreppu. Og einu gildir, hvort hann heitir heldur Landsbanki eða Íslandsbanki; hið sama, sem hefir komið fyrir áður, getur enn komið fyrir aftur. Og þó að núverandi stjórn bankans sje varkár, þá getur orðið breyting á því og ekki að vita, nema hann geti lent í sömu ógöngum og Íslandsbanki hjer á árunum.

Hæstv. fjrh. segir, að ekki sje gengið svo frá frv. hv. þm. N.-Þ. (BSv), að með því fáist nothæfur seðlabanki. Skal jeg ekki um það segja. Hann reyndi að fara svo nálægt frv. stjórnarinnar frá því í fyrra, sem hægt var, með þeirri breytingu, að bankinn yrði sjerstök stofnun. En það stendur til bóta í nefndinni og munu athugasemdir hæstv. ráðh. teknar þar til athugunar.

Samkvæmt 1. gr. frv. er bankanum skylt að kaupa og selja erlendan gjaldeyri. En að hve miklu leyti hann geti náð gjaldeyrisversluninni í sínar hendur, fer auðvitað eftir fjármagni hans. Það er vitanlegt, að erlendir þjóðbankar hafa aðal-gjaldeyrisverslunina í sínum höndum, en aðrir bankar annast viðskiftastarfsemina. Það er viðurkend meginregla, að seðlabankinn megi ekki hafa mikið fje útistandandi með litlum tryggingum og verði þannig þrælbundinn atvinnuvegunum og áhættum þeirra. Jeg efast um, að seðlabanki nokkurs annars lands ljeti bein lán til slíkra fyrirtækja, sem hjer eru rekin, þar sem þau eru meira og minna áhættusöm. Og þar sem svo er ástatt hjá okkur, að atvinnuvegir okkar eru miklu áhættumeiri en annara landa, þá er auðsætt, að okkur er því nauðsynlegra að hafa tryggan og óháðan seðlabanka.

Fjármálaráðherra (JÞ): Okkur háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) skilur á um merkingu þessa gamla orðs, einokun. Getur vel verið, að jeg noti ekki hið rjetta orð, en skal þó skýra þetta nánar. Ef þetta frv. yrði að lögum, þá væri hjer um víðtækari ríkisrekstur að ræða heldur en í nokkru öðru landi vestan Rússlands.

Til þess að lifa, þarf bankinn að keppa við aðra banka um innstæðufje landsmanna. Hann verður því einskonar

landsverslun í frjálsri samkepni, en eins og aðrar landsverslanir nýtur hann skattfrelsis, sem hinir gera ekki, og hefir því miklu betri aðstöðu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) telur, að engin hætta sje á víðtækum ríkisrekstri, ef starfssviðunum sje skift á milli nógu margra. En þetta er aðeins aukaatriði í mínum augum.

Rjett er að geta þess, með hvað bankinn byrjaði, ef hann tæki til starfa strax nú í dag. Hann hefði 1½ milj. í seðlum og víxla og verðbrjef í öðrum bönkum um 2 milj. kr. (**JakM:** Hvað hefir Landsbankinn?). En hvaðan á hann svo að fá peninga til gjaldeyriskaupa? Þannig er nú byrjunin, og hræddur er jeg um, að áframhaldið yrði svipað.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Málið fer nú að verða útrætt á þessu stigi þess, og skal jeg því ekki lengja umr., enda hefir hv. 3. þm. Reykv. (JakM) svarað fjrh. (JÞ) að mestu. Það kom fram hjá hæstv. fjrh., bæði í byrjun og lok ræðu hans, að bankinn gæti með engu móti int af hendi skyldur sínar, þar sem hann væri fjelaus og tæki ekki við innlánsfje. Það er þó upplýst, að þjóðbankarnir ytra gera það ekki heldur og hafa samt fje. (**Fjrh. JÞ:** En það kemur bara ekki hingað). Hæstv. fjrh. sagði, að þeir hefðu ekkert innlánsfje, og það kemur auðvitað ekki hingað, af því að það er ekki til.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, eins og raunar er rjett, að í öðrum löndum væri arði af seðlaútgáfu varið til þess að afstýra gengissveiflum. Ríkin hafa þó stundum orðið að hlaupa undir bagga. Danir a. m. k. urðu að leggja fram stórfje til þess að halda genginu uppi. Mjer þykir hæstv. fjrh. nokkuð kröfuharður til þessa banka, sem enn er ekki stofnaður, að ætlast til þess, að hann verði fær um að standast gengissveiflur strax eftir fæðinguna. Varla má þó búast við honum jafn-bráðþroska og Magna, syni Þórs, sem kastaði fæti Hrungnis af föðurs sínum á Grjótúnagörðum og var þá þrínættur. Hæstv. fjrh. krefst þess víst ekki, að bankinn vaxi með slíkum ósköpum.

Um samkepnina er margrætt og ekki ástæða til að bæta þar miklu við.

Jeg skýt því til þeirrar hv. nefndar, sem um þetta mál fjallar, að hún láti ekki neina „autoritetstrú“ blinda sig í þessu máli, heldur neyti hún vitsmuna sinna og lesi vel niður í kjölinn gögn öll, sem málið snerta, einkum brjef hinna erlendu bankastjóra. Að öllu athuguðu mun mitt skipulag reynast best.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætlast ekki til, að þessi nýstofnaði banki greiddi gengistap, af viðskiftum umliðins tíma, en jeg benti á, að ekki mætti til frambúðar aðskilja arðinn af seðlaútgáfunni og tap vegna gengisbreytinga. Málinu verður að stýra í þá höfn, að þetta tvent lendi hjá sömu stofnun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 17. apríl, var útbýtt nefndaráliti meiri hl. (A. 369). — Nefndarálit minni hl. kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

LEIÐRJETTING.

Frá 759. dálki hefur misprentast dálkatal á 9 næstu dálkum; á að vera 760—768.